ALÞINGISTÍÐINDI

1970

NÍTUGASTA OG FYRSTA LÖGGJAFARÞING

C

UMRÆÐUR

UM

FALLIN FRUMVÖRP OG ÓÚTRÆDD

REYKJAVÍK
ALÞÝÐUPRENTSMIÐJAN H·F
1978

Aðalefnisyfirlit fylgir B-deild.

Efnisskrá C-deildar.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins:
Frv. BrS ... 371
Stjfrv. um tekjur áhafnadeildar ... 194
Almannatryggingar:
Frv. EÁ ... 667
Frv. HV ... 428
Stjfrv. um barnsmeðlög ... 196
Atvinnumálastofnun ... 600
Áfengisvarnasjóður ... 440
Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán ... 659
Búnaðarbanki Íslands ... 655
Byggðajafnvægisstofnun ríkisins ... 414
Dýralæknar ... 637
Eftirlaun aldraða félaga í stéttarfélögum:
Frv. BJ og JÞ ... 15
Frv. EðS og MK ... 342
Eftirlit með skipum ... 594
Eyðing refa og minka (frv. GuðlG o. fl.) ... 417
Félagsheimili ... 575
Félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna ... 410
Fiskiðja ríkisins ... 5
Fiskiðnskóli ... 252
Fiskiðnskóli í Vestmannaeyjum ... 366
Fiskveiðasjóður Íslands:
Frv. BGuðbj og ÓlJ ... 642
Frv. BP ... 305
Fiskvinnslustofnun ríkisins ... 625
Fjórðungsdeildir Landsspítala Íslands ... 405
40 stunda vinnuvika ... 583
Fóstruskóli ... 653
Framleiðnisjóður landbúnaðarins
(frv. SV o. fl.) ... 359
Gjaldþrotaskipti ... 242
Grunnskóli ... 170
Hafnalög:
Frv. FÞ og ÁS ... 393
Frv. GuðlG ... 362
Hagstofnun launþegasamtakanna ... 85
Hefð ... 562
Hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja ... 34
Húsnæðismálastofnun ríkisins
(frv. EðS og LJós) ... 588
Höfundalög ... 198
Iðnfræðsla (frv. ÞÞ og IG) ... 329
Innflutnings- og gjaldeyrismál ... 170
Íþróttakennaraskóli Íslands ... 236
Jarðræktarlög ... 386
Kauptryggingarsjóður ... 593
Kjarabætur aldraðra ... 555
Leiklistarskóli ríkisins ... 639
Listamannalaun ... 234
Loðdýrarækt ... 520
Lækkun tolla á heimilisvélum ... 581
Lækningaferðir ... 593
Mannanöfn ... 247
Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra ... 72
Menntaskólar ... 345
Námskostnaðarsjóður ... 270
Námslán og námsstyrkir ... 53
Námulög ... 240
Náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár 442
Niðursuðuverksmiðja á Siglufirði ... 178
Orkulög:
Frv. JJ o. fl. ... 424
Frv. ÞÞ og ÁB ... 19
Frv. VH o. fl. um endurgreiðslu vaxta ... 366
Frv. VH o. fl. um rafvæðingaráætlun ... 66
Orlof húsmæðra:
Frv. JónasÁ og GeirG ... 574
Frv. ÞÞ og ÁÞ ... 572
Ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála 26
Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu
(frv. GeirG og JónasÁ) ... 542
Ráðstefnustofnun ríkisins ... 645
Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ... 214
Sala Áss í Nesjahreppi ... 648
Sala Holts í Dyrhólahreppi ... 1
Sala Karlsstaða í Helgustaðahreppi ... 649
Sala Sandfells í Hofshreppi ... 665
Sala Útskála í Gerðahreppi ... 594
Sauðfjárbaðanir (frv. ÞÞ) ... 619
Sementsverksmiðja ríkisins ... 238
Siglingalög:
Frv. FÞ o. fl. ... 585
Frv. SvJ og MB ... 340
Sjúkrahús í sameign ríkis og bæjar á Akureyri 549
Skólakerfi ... 123
Skólakostnaður ... 673
Stjórnarskipunarlög ... 380
Stofnlánadeild landbúnaðarins
(frv. SV o. fl.) ... 395
Stofnun og slit hjúskapar ... 247
Stýrimannaskólinn í Reykjavík ... 206
Söluskattur ... 303

Tekjuskattur og eignarskattur:
Frv. HB og EÁ ... 650
Frv. HS o. fl. ... 363
Frv. JSk ... 499
Frv. SV og VH ... 558
Frv. ÞÞ o. fl. ... 330
Tekjustofnar sveitarfélaga ... 83
Togaraútgerð ríkisins ... 615
Tollskrá o. fl. (frv. HS o. fl.) ... 524
Uppeldisstyrkur búfjár vegna kals í túnum 501
Vegalög (frv. ÁB o. fl.) ... 596
Velferð aldraðra ... 372
Verðstöðvun ... 313
Verkfall stýrimanna, vélstjóra o. fl. ... 109
Verkfræðiráðunautar ríkisins ... 489
Verkfræðiskrifstofa Vestfjarðakjördæmis ... 411
Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf:
Frv. DÁ ... 577
Frv. JK o. fl. ... 515
Vestfjarðaskip ... 419
Vinnuvernd ... 484
Virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum ... 492
Vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins ... 629
Þingsköp Alþingis ... 389
Þjóðgarður á Vestfjörðum ... 526
Þjóðleikhús ... 244
Þurrkví í Reykjavík ... 431

Lagafrumvörp felld.

1. Sala Holts í Dyrhólahreppi.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi [181. mál] (þmfrv., A. 270).

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál þetta höfum við 6. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja enn í þessari hv. d. Dm. mun að sjálfsögðu vera mjög kunnugt um efni málsins, svo oft sem það hefur verið til umr., og í raun og veru á það að vera upplýst. Það sýnist því vera að bera í bakkafullan lækinn að orðlengja mjög um málið í d. Ég vil taka alveg sérstaklega fram, að þessi hv. d. hefur hvað eftir annað samþ. frv. og því verið vísað til Nd. Hefur þessi afgreiðsla d. verið mjög til sóma, og hefur meiri hl. dm. haft glöggt auga á því, að hér er á ferðinni réttlætismál, og þó að þetta mál sé ekki í flokki svokallaðra stórmála, þá er það að því leyti til stórmál. En í Nd. hefur svo málið strandað jafnoft og Ed. hefur samþ. það frá sér, hver svo sem þau dularöfl eru hér í hv. Alþ., sem mega sín svo mikils, að slíkt mál, svo auðvelt sem það er til skilnings og áreitnislaust með öllu og með ótal hliðstæður fyrr og síðar, skuli stranda svo á hv. Alþ.

Sölur opinberra jarða hafa svo oft átt sér stað með löggjöf frá Alþ., þannig að meðferðin á þessu máli hefur verið alveg einstök í sinni röð. Það hefur ekki fengizt upplýst enn, hvað það í raun og veru er, sem málið strandar á, en það hefur, eins og ég hef áður sagt, oft verið á ferðinni í hv. Alþ., og hefði þess vegna átt að vera hægt að upplýsa um það, en svo er ekki enn. Að minni hyggju og margra annarra hafa engin þau rök komið fram gegn þessu máli, sem nálgast það að réttlæta þessa meðferð. Þau einu rök, ef rök má kalla, sem fram hafa komið, eru þau, að það sé þjóðarnauðsyn eða ríkissjóði a. m. k. mikill hagur í því, að þessi jörð sé ekki seld. Önnur rök hef ég ekki heyrt um. Það getur í raun og veru hver okkar sem er virt það, hvort það sé að tefla hagsmunum ríkissjóðs í voða eða valda ríkissjóði einhverjum skakkaföllum eða óhagræði, ef af sölu yrði. Það getur hver sem er virt það mál, en það þykist ég vita, að flest okkar séu á því, að svo geti alls ekki verið. Það er þá eitthvað annað, sem er á ferðinni og býr á bak við þessa undarlegu meðferð málsins.

Við flm. frv. viljum enn freista þess að koma þessu máli til fullnaðarúrslita á Alþ. Við eigum von á því, að hv. þdm. hér muni sem fyrr samþykkja frv. fyrir sitt leyti og veita því greiðan gang gegnum deildina, eins og áður, og síðan mun reyna á Nd.-menn, hvort þeirra augu ljúkast upp fyrir því, hversu mikið réttlætismál það er, sem hér þarf að koma fram. Það væri að minni hyggju til vansæmdar, ef málið fengi ekki fullnaðarafgreiðslu, þegar það er flutt í fjórða eða fimmta skipti á Alþ. Ég vil geta þess, að þm. Sunnl. úr öllum flokkum hafa flutt þetta mál á hinni löngu leið, utan hæstv. landbrh. Hann hefur ekki verið með í flutningi þess, og ég held aldrei lagt orð í belg um málið við meðferð þess, og er þó málið að minni hyggju honum ekki óskyldast. En hann hefur sem sagt ekki enn lagt orð í belg og sagt sinn hug um það eða hverja meðferð það ætti að fá, og ég verð að segja, að mér finnst það fremur óeðlilegt, vegna þess að þetta snertir þó verulega fólk í hans kjördæmi og það fólk, sem er þess háttar, eða a. m. k. einn aðili þess, að full þörf er á að líta til með sanngirni og eðlilegum hætti. Það er einmitt ekkjan, Jóhanna gamla Sæmundsdóttir, sem sækir þetta mál og hefur sótt alla tíð. Það er hún, sem óskar eftir því að fá þessa gömlu jörð sína aftur í sína eign og sinna niðja. Gamla konan er nú víst komin hátt á níræðisaldur, og ég ætla, að það væri ekki illa til fallið, einmitt á þessu þingi, sem getur verið hið síðasta tækifæri til þess að líta til ekkjunnar og máls hennar, sem hún hefur svo lengi borið fyrir brjósti — að afgreiða það á myndarlegan hátt frá Alþ. Og ég hef ekki trú á öðru en Nd. hætti að henda þessu máli í ruslakörfu landbn. og reki af sér slyðruorðið og afgreiði málið. Ég ætla að vænta þess. En eggja þarf ekki meiri hl. þessarar hv. d., því að hann er þrautreyndur í því að koma þessu máli vel og fallega frá sér.

Eitt nýtt hefur komið fram í málinu, og ég ætla að geta þess að lokum í þessum orðum mínum. Það er, að hreppsnefnd Dyrhólahrepps, en það er sá hreppur, sem jörðin Holt er í, hef-

ur samhljóða samþykkt að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Og ég þykist vita, að í þeirri samþykkt sé fólgin nægileg vitneskja um, að hreppnum sé það til hags fremur en baga, að ekkjan fái jörðina keypta, og ég held, að það eigi að vera úrslitaorð í þessu máli, þegar þm. velta því fyrir sér, hvort þeir greiða með því atkv. eða ekki, einmitt þessi ályktun, samhljóða ályktun hreppsnefndarinnar, að hún óskar eftir því, að þetta ættfólk fái jörðina aftur til umráða. En eins og ég sagði í upphafi, þá er ástæðulaust, að ég tel, að rekja málið að öðru leyti. Það er fullkunnugt okkur öllum, og ég vænti þess, að málið fái eins og áður greiðan gang í gegnum þessa hv. d. Svo óska ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr., að lokinni þessari, og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 8. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 270, n. 325 og 340).

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv., sem hér liggur fyrir. Landbn. hefur fjallað um það áður og sjónarmið meiri hl. hennar, sem ég túlka hér, hefur verið skýrt áður fyrir hv. dm. Við lítum svo á, að enn hafi ekkert nýtt komið fram í málinu, sem sé þess valdandi, að það breyti afstöðu okkar til frv. Á það er að vísu bent í nál. minni hl. landbn., að hreppsnefnd Dyrhólahrepps leggi nú einróma fram meðmæli með þessu frv. Sú eina breyting, sem þarna hefur orðið, er sú, að það hefur verið skipt um hreppsnefndarmenn, en heima fyrir í sveitarfélaginu er það, eftir því sem ég veit bezt, óbreytt, að menn eru þar mjög skiptir í afstöðu til þessa máls. Meiri hl. landbn. hefur þá sannfæringu, að það muni síður en svo verða til þess að lægja þann þyt, sem verið hefur um þetta málefni í sveitarfélaginu, að hrófla við því nú frekar en áður. Ég fullyrði, eins og ég sagði áðan, að hér hefur engin breyting orðið á, og meiri hl. landbn. leggur því til eins og áður, að þetta frv. verði fellt.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta, en undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að meiri hl. landbn. leggur til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta mál er auðvitað ekkert nýtt fyrir hv. Ed.-menn. Það hefur oft verið hér á ferðinni áður og verið samþ. í þessari d. á undanförnum þingum. Það er flutt hér, og því er andmælt með sömu rökunum og að undanförnu. Það eitt hefur breytzt í þessu efni, sem hv. frsm. meiri hl. minntist hér á, að nú mælir hreppsnefnd Dyrhólahrepps óskipt með framgangi þessa máls. Ég geri líka ráð fyrir, að það sé rétt hjá honum, að ekki séu þar með úr sögunni allar mótbárur gegn þessu í þeirri sveit, en ég tel nú samt, að nokkuð sé upp úr þessu leggjandi, ekki sízt, þar sem það er vitað, að hreppsnefndarkosningarnar í þessari sveit snerust að verulegu leyti um þetta mál, og með þeim afleiðingum, að þar voru þeir einir kosnir í hreppsnefnd, sem voru því meðmæltir, að ríkið veitti heimild til þessarar sölu. Ég get því ekki verið sammála hv. frsm. meiri hl., að hér sé ekki um neitt það lóð á vog í þessu máli að ræða, sem vert sé að taka tillit til. Ef menn vilja taka tillit til álits almennings, þá hefur það komið fram í síðustu hreppsnefndarkosningum í Dyrhólahreppi, og það styður eindregið þá skoðun, sem áður hefur verið sýnt fram á hér í d., að hér sé um að ræða málefni, sem sé þess eðlis, að það er skoðað sem rangsleitni gagnvart viðkomandi ábúendum og afnotaréttarhöfum af jörðinni Holti þar í sveit, að ríkisvaldið skuli ekki láta þetta mál lúta svipuðum lögmálum og það lætur yfirleitt flest önnur jarðasölumál ríkisins lúta. En það gerir það ekki.

En svo er það hin hlið málsins, að þetta mál er að verða hneyksli í Alþ. Hér er þetta mál búið að vera lengur á ferðinni en nokkurt annað mál, sem nú eru hér flutt frv. um, og það hefur ekki komið fram annað í þinginu en málið eigi þingfylgi. En hvers vegna er það þá ekki afgreitt?

Þá komum við að því, sem er hneykslið í málinu. Hér spyrnir aðili gegn afgreiðslu málsins, — aðili, sem hefur tök á að hindra það, að Alþingi skili áliti og afgreiði mál af þessu tagi — þetta mál einmitt — og gerir það með þeim hætti, að orðið er af því hneyksli, því ber ekki að neita.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja málið í einstökum liðum. Það hefur verið gert hér svo oft og liggur fyrir á þskj. handa þeim, sem vildu lesa það þar. Þess vegna treysti ég því, að alþm. muni yfirleitt koma fram í þessu máli af sannfæringu sinni. Ég fer hins vegar fram á það við forseta d., að hann láti ganga um þetta mál atkv., þegar d. er fullskipuð eða því sem næst. Það er hún ekki núna, og þess vegna legg ég til, að málinu verði vísað til 3. umr., en atkvgr. um það verði frestað að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47., 48. og 53. fundi í Ed., 10., 11. og 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GilsG, KGuðj, ÓB, ÓlJ, PÞ, ÁB, BFB, BJ.

nei: JÁ, JÁH, JÞ, MJ, StG, SvG, AuA, AJ, StH, JR.

Einn þm. (EggÞ) fjarstaddur.

Frv. þar með fallið.

2. Fiskiðja ríkisins.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Fiskiðju ríkisins [133. mál] (þmfrv., A. 163).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli hæstv. forseta og hv. þm. á því, að það hefur orðið prentvilla í dagskrá þessarar hv. deildar í dag, 11. málið á dagskránni, þ. e. a. s. 133. mál í Nd. á þskj. 163 heitir ekki frv. til laga um Fiskiðjuver ríkisins, heldur frv. til laga um Fiskiðju ríkisins. Það má segja, að þeim, sem sáu um prentun dagskrárinnar sé nokkur vorkunn, að hafa ruglað titli þessa þingskjals saman við hliðstæða titla á öðrum þskj., og þetta leiðir hugann að þeirri miklu vinnugleði, sem ríkir hér á þessu þingi.

Hér í umr. áðan var aðeins á þetta drepið. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson fór hörðum orðum um það, að hv. 8. landsk. þm. Steingrímur Pálsson hefði tekið ófrjálsri hendi tiltekið frv. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., en ég skrifaði eftir hv. þm. Hannibal Valdimarssyni eina setningu. Hann var að ræða um það, að hann hefði tvisvar eða þrisvar flutt þetta mál áður. Síðan, að ég hygg, fyrir 2—3 árum, þá kemur honum það til hugar að flytja það enn, en ræðir svo málið við hv. þm. Steingrím Pálsson, og nú sagði hv. þm. Hannibal Valdimarsson, „þá fól ég honum að flytja þetta mál.“ Mér er ekki kunnugt um, að þær reglur ríki í þingflokki Alþb., að einn eða annar þm. geti falið einum eða öðrum þm. að gera hitt eða þetta. Það er ekki svo langt síðan hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði skilið við þingflokk Alþb., að hann ætti að muna þetta. Það gætu jafnvel komið upp grunsemdir um það, að skortur á slíku valdi hafi verið eitt af því, sem olli því, að hann fór úr flokknum. (Gripið fram í.) Ég er ekki að ræða um höfundarrétt, aðeins um þær reglur, sem gilda um samskipti þm. í þingflokki Alþb.

Við Alþb.-menn hér á þessu þingi höfum haft nokkuð svipaða sögu að segja og hv. þm. Hannibal Valdimarsson hér áðan á þessu þingi, þar sem vinnugleðin ríkir. Sú vinnugleði er nú reyndar svo mikil hjá sumum, að þeir verða endilega að flytja þau hin sömu mál, sem aðrir þm. hafa þegar flutt, sbr. til að mynda dagskrá þessarar hv. d. í dag. 1. liður hennar heitir: „Rannsókn aðdraganda verðstöðvunar.“ 2. liður heitir: „Rannsókn á verðhækkun.“ Hér er í aðalatriðum um nákvæmlega sama málið að ræða, þó að fyrirsögnin sé ekki nákvæmlega hin sama. En fyrirsögnin er oft á tíðum alveg hin sama, sbr. enn dagskrá þessarar hv. d. í dag. 5. liður heitir: „Eyðing refa og minka“. 6. liður heitir líka: „Eyðing refa og minka“.

En í þessu flóði till. og frv. sjáum við Alþb.-menn óneitanlega æði oft birtast mörg gömul baráttumál okkar, flutt af þm. annarra flokka. Þetta er okkur að sjálfsögðu mikið ánægjuefni, að slíkur áhugi skuli vera vaknaður hjá þm. fyrir málum okkar, því að þetta eru allt saman góð mál og þörf.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, um Fiskiðju ríkisins, felst gamalt baráttumál okkar Alþb.-manna. Frv. hefur þegar verið þrisvar flutt af okkar hálfu í þeirri mynd, sem það birtist hér. Flm. þess var Ragnar Arnalds, en það náði ekki fram að ganga. En nú á þessu atorkusama þingi, þá hefur málið einnig birzt í mjög svipuðu formi í frv., sem einn þm. stjórnarflokkanna, einn hv. þm. Alþfl., flytur í Ed. Það frv. heitir: „Frv. til laga um fiskvinnslustofnun ríkisins.“

Ég sagði hér áðan, að það væri engin furða, þó að þeir, sem eiga að ganga frá prentun dagskrár, ruglist á titlum hinna ýmsu mála, sérstaklega þegar þau eru svo skyld, og það skyldi þó ekki vera, að á leiðinni væri frv., sem héti, eins og segir í dagskrá í dag: „Frv. til laga um fiskiðjuver ríkisins.“ En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er eitt atriði, sem við Alþb.-menn höfum löngum lagt mikla áherzlu á. Það er nauðsyn á menntun, sérstaklega til verkstjórnar og annarra starfa í fiskiðnaði, — þetta atriði nýtur nú svo mikils skilnings hér á hinu háa Alþ., að krafan um fiskiðnskóla er fram borin æ ofan í æ af ágætum mönnum úr öllum flokkum. Guð láti nú allt þetta gott á vita.

Af ástæðum, sem ég hef þegar nefnt, það er vegna endurtekinnar kynningar á efni þessa frv. hér á hinu háa Alþ., ætti ekki að þurfa að hafa um það mörg orð að þessu sinni. Við Íslendingar stöndum, eins og allir vita, langt að baki nágrannaþjóðum okkar í fullvinnslu matvæla úr sjávarafurðum. Sú iðngrein má heita, að hafi staðið í stað áratugum saman, þó að afli hafi hins vegar stóraukizt. Ríkisvaldið hefur litið sem ekkert aðhafzt til þess að bæta úr þessu, en við svo búið má ekki lengur standa. Ríkisvaldinu ber skylda til að skipuleggja og skapa skilyrði til stóraukinnar fullvinnslu afurða úr sjó, og þetta frv. er flutt með það sjónarmið í huga. Í frv. er gert ráð fyrir því, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði verði fullbyggð og búin þeim tækjum, sem þar eiga að vera, svo að hún geti starfað eðlilega og gegnt því hlutverki, sem Alþ. ætlaði henni í upphafi. En frv. gerir einnig ráð fyrir því, að áfram verði haldið á sömu braut. Með 1. gr. er lagt til, að stofnað verði sérstakt ríkisfyrirtæki, sem beri nafnið „Fiskiðja ríkisins“, og starfi undir sérstakri stjórn, sem Alþ. kjósi. Þetta nýja fyrirtæki, sem mundi strax taka við niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði, taki síðan að sér það hlutverk að hafa forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðurlagningu, niðursuðu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Fiskiðjan mundi einnig miðla reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði, og yrði þá að því stefnt, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., að sett yrði á stofn sérstök rannsóknadeild, sem hefði með höndum vísindalegar rannsóknir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Í 2. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir, að Fiskiðja ríkisins hafi forustu um öflun markaða erlendis. Markaðsöflun hefur, eins og allir vita, verið í molum á þessu sviði. Úr því þarf að bæta,

og reynslan sýnir, að það verður naumast gert á annan hátt en þann, að ríkisvaldið hafi þar forustu. Til þess að auðvelda framgang þeirra mála er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Fiskiðjan beiti sér fyrir myndun sölusamtaka, sem annist sölu á fullunnum fisktegundum í ýmsum tegundum umbúða undir einu íslenzku vörumerki. Í þessari gr., þ. e. a. s. 2. gr., er einnig minnzt á fræðslumál fiskiðnaðarins, en það viðurkenna allir, að þau eru í hinum mesta ólestri. En ef á fót kemst sá fiskiðnaðarskóli, sem margir ágætir menn berjast nú fyrir hér á hinu háa Alþ., þá ætti að sjálfsögðu að vera sæmilega séð fyrir lausn þess vanda.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en með þessu frv. er í stuttu máli stefnt að því að niðursuðuiðnaður verði ekki lengur hornreka í íslenzku atvinnulífi, heldur verði hafizt handa um að gera hann á landsmælikvarða með víðtækri markaðsöflun og skipulagningu — gera þennan iðnað að því, sem allar aðstæður leyfa að hann verði, og krefjast raunar, að hann verði, þ. e. einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar. Ég legg svo til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 59., 60. og 61. fundi í Nd., 10., 11. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 163, n. 437 og 538).

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Leggja 6 nm. til, að frv. verði fellt, en einn nm., hv. 4. þm. Austf., leggur til, að frv. verði samþ.

Það má segja, að frv. þetta sé tvíþætt. Annars vegar miðar það að því, að hin svonefnda Fiskiðja ríkisins taki við niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði og reki hana, en hins vegar er gert ráð fyrir, að þetta ríkisfyrirtæki hafi forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum og byggi síðan fleiri niðurlagningarverksmiðjur.

Að því er fyrra atriðið varðar, þ. e. a. s. rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði, þá er þess að geta, að frá því hefur verið greint, að unnið sé nú að því að koma nýskipan á rekstur þess fyrirtækis. Er ætlunin að fá því sérstaka stjórn og skilja fjárhag þess frá fjárhag síldarverksmiðja ríkisins. Er frv. um þetta efni væntanlegt nú alveg á næstunni, eins og hæstv. forsrh. hefur greint frá hér í d. Frv. þetta er því óþarft að því er þessa hlið málsins varðar.

Rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði hefur að undanförnu ekki verið með þeim hætti, sem helzt yrði á kosið, og hefur þar margt valdið. Erfitt hefur verið að afla nægilega góðs hráefnis, markaðir fyrir framleiðsluvörurnar hafa verið takmarkaðir og fjárhagsvandræði síldarverksmiðja ríkisins hafa vafalaust valdið því, að ekki hefur verið eins traustur rekstur þessa fyrirtækis og skyldi og ýmiss konar vandræði vardandi aukna fjárfestingu. Ríkisstj. hefur nú aðstoðað við útvegun á allmiklu hráefni, þannig að rekstur verksmiðjunnar er tryggður þetta ár, og hófst starfræksla hennar nú fyrir skömmu eftir alllanga töf. Góðar horfur eru líka á því, að unnt verði nú að selja framleiðsluvörur þessa fyrirtækis við viðunandi verði, þannig að ekki ætti af þeim sökum að þurfa að koma til stöðvunar. Þegar endurskipulagningu þessa fyrirtækis er lokið, á það að hafa yfir að ráða sæmilegum fjárráðum og má búast við því, að fyrirtækið verði þá rekið af meiri þrótti en hingað til hefur orðið raunin.

Við niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði starfa nú 70—80 manns og sést af því, hve gífurlega þýðingu þetta fyrirtæki hefur fyrir atvinnulífið þar á staðnum, en eins og kunnugt er, hefur atvinnuástand á Siglufirði ekki verið eins gott og skyldi. Talið er, að með tiltölulega litlum kostnaði mætti auka framleiðslu verksmiðjunnar verulega, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi og öruggir markaðir, þannig að e. t. v. gætu starfað á annað hundrað manns við þetta fyrirtæki. Eðlilegasta lausn þessa máls er sú, sem iðnrn. hefur unnið að, og miklu heppilegri en frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Um það atriði málsins, að Fiskiðja ríkisins skuli hafa forustu um hvers kyns tilraunastarfsemi til vinnslu fiskafurða, er það að segja, að ekki verður á það fallizt, að með þeim hætti verði þeim málum betur fyrir komið en nú er. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins rekur, sem kunnugt er, tilraunaverksmiðju bæði í frystingu, niðursuðu og mjölvinnslu og hefur með öðrum hætti á hendi rannsóknastörf í þágu fiskiðnaðarins. Ólíklegt er, að það gæti orðið til bóta að fela nýrri stofnun að hafa forustu í þessum málum, jafnvel þótt hún kynni að hafa eitthvert samstarf við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Miklu eðlilegra er að efla þá stofnun, sem fyrir er, og vafalaust mætti stórauka starfsemi hennar. Raunar hafa verið uppi um það hugmyndir, að komið yrði upp nokkurs konar útibúum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. T. d. hefur verið rætt um, að slík útibú gætu risið í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Þá er mikið rætt um að koma á fót fiskiðnskóla, og eðlilegt væri, að nemendur þess skóla ynnu að einhverju leyti í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða þeim útibúum, sem hún kynni að koma á fót. Mín skoðun er sú, að eðlilegt væri, að samtök frystiiðnaðarins, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, tækju virkari þátt í rannsóknastarfsemi en verið hefur, og miklu væri það líklegra til árangurs en að einhver ríkisfiskiðja kæmi til skjalanna.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að stjórn þessa ríkisfyrirtækis yrði skipuð 7 mönnum og 7 til vara, sem allir væru kosnir af Alþ. Þannig er gert ráð fyrir hreinni pólitískri stjórn þessa ríkisfyrirtækis, og er það vafalaust í samræmi við skoðanir flm. þess, sem nú flytur frv., og eins þess, sem upphaflega flutti það, á því, hvernig haga eigi stjórn atvinnufyrirtækja — þ. e. a. s. að hagkvæmnissjónarmið eigi ekki að ráða, held-

ur pólitísk sjónarmið. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur hins vegar þriggja manna stjórn, þar sem einn er tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn er skipaður af ráðh. án tilnefningar, en hinn þriðji er tilnefndur af ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunarinnar, en í henni eiga sæti fulltrúar allra samtaka fiskiðnaðarins og Alþýðusambands Íslands. Það er vissulega ástæða til þess að ætla, að sú stofnun sé líklegri til að hafa forustu í þessum málum en ríkisfyrirtæki á borð við það, sem hér er flutt frv. um.

Að öllu þessu athuguðu er lagt til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál., sem ekki er búið að útbýta enn þá, en kemur hér eflaust á næstu mínútum, en í því nál. legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Aðalefni þessa frv. er það, að komið verði á fót sérstöku fyrirtæki á vegum ríkisins, sem reki verksmiðju til vinnslu úr ýmiss konar sjávarafla, og að þetta fyrirtæki skuli bera nafnið Fiskiðja ríkisins. Megintilgangur með stofnun slíks fyrirtækis er sá, að það hafi á hendi forustu í tilraunastarfsemi og um allar nýjungar í rekstri á sviði hvers konar fiskvinnslu, hvort heldur sem er í frystingu, niðursuðu, niðurlagningu eða annarri vinnslu úr sjávarafla. Jafnframt er svo gert ráð fyrir því, að þetta fyrirtæki, Fiskiðja ríkisins, sem gæti annazt rekstur á allmörgum verksmiðjum víðs vegar á landinu, taki við stjórn og rekstri niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Í frv. er svo gert ráð fyrir því, að þessi stofnun fái allverulega fjárhagsfyrirgreiðslu til að sinna sínum verkefnum, og m. a. því, að ríkissjóður leggi fram 8 millj. kr. á ári í næstu 5 ár, til þess að þessi stofnun geti haldið uppi sinni tilraunastarfsemi og annazt markaðsöflun fyrir framleiðslu af þessu tagi.

Það er auðvitað alger misskilningur, að þetta frv. sé fyrst og fremst flutt til þess að leysa úr þeim vanda, sem niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði er í. Það hefði auðvitað verið hægt að vera búið að leggja fram hér frv. um rekstur þeirrar verksmiðju fyrir löngu síðan, eins og lofað hafði verið, og leysa það mál eitt út af fyrir sig. En flm. þessa frv., sem hefur verið flutt hér nokkrum sinnum áður á vegum Alþb.-þm., telja, að hér sé um miklu stærra og meira verkefni að ræða en aðeins rekstur einnar verksmiðju, sem fyrir er í landinu nú. Hér er um það að ræða að veita nýgræðingi í okkar framleiðslu nokkurn stuðning — þeim nýgræðingi, sem hefur verið að reyna að ryðja brautina á sviði niðursuðu og niðurlagningar og meiri fullvinnslu fiskaflans í landinu.

Við vitum það allir, að Íslendingar standa langt að baki flestum öðrum fiskveiðiþjóðum í því að fullvinna sinn fiskafla. Enn er það svo, að við sjóðum aðeins örlítið niður af okkar fiskafla og leggjum tiltölulega mjög lítið niður í dósir. Ég hygg, að heildarútflutningurinn á þessum vörum hafi numið rétt rúmlega 140 millj. kr. á s. l. ári, en hefði auðveldlega getað numið 1—2 milljörðum og hefði átt að gera það, ef við hefðum verið hlutfallslega jafnstórir í þessari grein, miðað við okkar framleiðslu í heild, og t. d. frændur okkar Norðmenn eru á þessu sviði. Það liggja auðvitað ákveðnar ástæður til þess, að okkur hefur miðað svona seint í okkar fullvinnsluiðnaði. Eins og aðstæður eru hér, eru sáralitlar líkur til þess, að nokkuð rætist úr í þessum efnum, ef ekki kemur til veruleg forusta af hálfu ríkisins. Dreifðar og tiltölulega smáar framleiðslustöðvar hér og þar um landið ryðja ekki þá braut, sem þarna þarf að ryðja. Til þess eru engar líkur. Það gildir allt annað söluskipulag fyrir niðursuðuvörur og niðurlagningarvörur heldur en t. d. fyrir frystar eða saltaðar fiskafurðir. Niðursuðuvörur eru að jafnaði seldar í tiltölulega litlu magni í einu og dreifast alla jafna til mjög margra kaupenda, en hins vegar hefur sala á frystum fiskafurðum og söltuðum lengst af verið með þeim hætti hér hjá okkur, að við seljum þar heilu skipsfarmana í einu. Það er því enginn vafi á því, að hér þarf að byggja upp nýtt söluskipulag fyrir þessa framleiðslu, og það söluskipulag hlýtur að kosta nokkuð mikið. Það verður ekki komizt inn á nýja markaði með þessa vöru, sem auðvitað er óþekkt í byrjun, nema lagt verði í mikinn auglýsingakostnað til þess að vinna vörunni álit. Ég sé enga leið til þess að komast yfir þennan vanda aðra en þá, að ríkið komi til og aðstoði þá, sem þegar eru byrjaðir á minni háttar framleiðslu á þessu sviði, veiti þeim fjárhagslegan stuðning og alveg sérstaklega stuðning á framleiðslu eða kunnáttusviði í sambandi við þessa framleiðslu.

Þó að lög verði sett hér um niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði og sú verksmiðja að meira eða minna leyti leyst úr þeim mikla vanda, sem hún hefur verið í lengst af, þá er gefið mál, að heildarvandamálið, sem er að aðstoða niðursuðuiðnaðinn sem heild, stendur eftir óleyst. Og það er mjög hætt við því, að stuðningur ríkisins við eina verksmiðju út af fyrir sig, eins og niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði, verði ærið mikill, ef á að vinna að málinu á þann hátt.

Það er alger misskilningur, sem hér kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. sjútvn., að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins geti tekið að sér þau störf, sem rætt er um í þessu frv. Sú stofnun er þannig uppbyggð, að það er ekki gert ráð fyrir því, að hún hafi neinn rekstur með höndum. Þar er um vísindastofnun að ræða — stofnun að ræða, sem veitir hinum einstöku fyrirtækjum vissa þjónustu eftir því, sem hún kemst yfir, en starfslið hennar er mjög fámennt. Hún getur gert minni háttar tilraunir og hefur tæki til þess, en hún hefur engin tæki til þess að taka upp neitt, sem gæti heitið framleiðsla á nýjum vörutegundum, svo að hægt væri að reyna að vinna slíkum vörum markað á grundvelli þess, að þar sé raunverulega um framleiðslu að ræða. Það er enginn vafi á því, að við þurfum á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að halda, þó að hér komi til rekstur af því tagi, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., eða þó að hér kæmi upp allvíðtækur rekstur einstaklinga á sviði niðursuðu eða niðurlagningar eða annarrar fiskvinnslu. Við eigum ekki að blanda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins inn í sjálfan reksturinn, enda mundi hún um leið missa það gildi, sem hún hefur nú sem hrein

ríkis- og kontrolstofnun, sem gefur vottorð um framleiðslu hinna einstöku fyrirtækja, ef hún væri komin inn í reksturinn að meira eða minna leyti.

Ég hef oft minnzt á það áður, þegar þessi mál hafa verið rædd hér á Alþ., að það væri mín skoðun, að ekki yrði hægt að koma upp neinni teljandi niðursuðu og niðurlagningu hér í landinu án beinnar þátttöku ríkisins á einn eða annan hátt. Þetta þýðir þó ekki það, að ég geti ekki vel hugsað mér, að einstaklingsfyrirtæki taki þátt í þessari framleiðslu. Ég held, að það sé engin ástæða til þess að draga á neinn hátt úr því, að upp komi víðs vegar í landinu fyrirtæki á þessu sviði á svipaðan hátt og frystihús, sem ýmist eru rekin af samvinnufélögum, hlutafélögum eða beinlínis af einstaklingum, hafa risið upp. Ég tel sjálfsagt að hlúa að því, eins og hægt er, en það þarf ekki á neinn hátt að útiloka það, að ríkið hafi forgöngu í þessum efnum með því að styðja við bakið á slíkum rekstri, aðstoða hann í sambandi við markaðsöflun og leiðbeiningarstarfsemi. Það var einmitt það, sem gerðist á sínum tíma í sambandi við okkar frystiiðnað, þegar hann var að vaxa hér upp. Það höfðu þá að vísu nokkrir einstaklingar ráðizt í að koma upp frystihúsum og hefja þar nokkurn rekstur, en það var forganga ríkisins, sem réð úrslitum um það, að hér tók að vaxa að nokkru ráði hraðfrystiiðnaður í landinu og það tókst að byggja upp sölusamtök fyrir þennan iðnað. Ég gæti prýðilega fallizt á það, að þegar svo væri komið, að niðursuðu- og niðurlagningarframleiðslan væri komin verulega á legg og allmörg fyrirtæki væru starfandi í landinu, þá byggðu þau upp sölusamtök sín á milli, á svipaðan hátt og frystiiðnaðurinn hefur gert nú í dag, og tækju þá að einhverju leyti í sínar hendur það verkefni, sem ríkið hefði haft á fyrstu og erfiðustu árunum. Það var einmitt þetta, sem gerðist í sambandi við frystiiðnaðinn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna yfirtók á sínum tíma þann rekstur, sem rekinn var af fiskimálanefnd á vegum ríkisins, og sem ruddi brautina á sínum tíma í sambandi við frystiiðnaðinn. Ég held, að eins og högum háttar hjá okkur í þessum efnum, og ef hér á að koma upp nokkur teljandi fullvinnsluiðnaður úr sjávarafla, þá sé nauðsynlegt að taka á málunum á svipaðan hátt og gert var í sambandi við frystiiðnaðinn. Ég veit, að þeir fáu aðilar, sem þegar hafa komið sér upp verksmiðjum til niðursuðu og niðurlagningar, eru nú allir í miklum vanda staddir einmitt í sambandi við það að ráða við markaðsmálin og geta fengið þá fyrirgreiðslu í sambandi við leiðbeiningar á vinnslu, sem þeir þekkja ekki allt of mikið til, eins og skiljanlegt er á fyrstu árum þessa reksturs hér. Þeir eru allir í vanda staddir í þessum efnum, og þeir eru á þeirri skoðun, að það sé nauðsynlegt að fá aðstoð frá ríkinu í einu eða öðru formi til þess að ráða fram úr þeim vanda, sem þessi iðnaður stendur í nú.

Ég held, að þeir fordómar, sem vissir aðilar hafa ævinlega á öllum ríkisrekstri, séu með öllu ástæðulausir í þessum efnum. Þó að komið yrði upp ríkisfyrirtæki af þeirri gerð, sem lagt er til í þessu frv., þá lokast það ekki á nokkurn hátt fyrir einstaklingunum að taka þátt í þessum rekstri. Á sínum tíma höfðum við hér, og höfum reyndar enn, síldarverksmiðjur ríkisins. Þar var um mjög mikilvægan rekstrarþátt að ræða, en auðvitað varð það ekki til þess að loka á neinn hátt fyrir það, að einstaklingar gætu komið upp sínum síldarverksmiðjum og unnið í fullri og eðlilegri samkeppni við þetta ríkisfyrirtæki. En ég held líka, að það sé enginn vafi á því, að síldarverksmiðjur ríkisins hafi á sínum tíma unnið mjög þarft verk í því að ryðja brautina í þessari vinnslu og sá stuðningur, sem verksmiðjurnar nutu frá ríkinu, var auðvitað afgerandi í þessum efnum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Hér er greinilega um það að ræða, hvort menn aðhyllast það, að þörf sé á því, að stuðningur ríkisins komi hér til og það sé þörf á því að lyfta þessum iðnaði upp á hærra stig en nú er, eða hvort menn sætta sig við að búa við það ástand, sem við höfum búið við í þessum efnum að undanförnu, og láta sér nægja að lifa í voninni um það, að eitthvað verði gert fyrir eina litla verksmiðju, sem nú er rekin á einum stað á vegum ríkisins.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við það, sem ég sagði, þegar ég fylgdi frv. þessu úr hlaði við 1. umr., né heldur það, sem hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan. Ég stend upp til þess að þakka honum fyrir stuðning við frv., en eins og hann sagði, er þetta gamalt mál okkar Alþb.-manna. Og ég verð að segja það um afgreiðslu sjútvn., að hún er að því leyti röggsamlegri nú en áður, að í þau þrjú skipti, sem frv. var flutt áður, sofnaði það í n., en nú er þó tekið til hendinni og lagt til, að það verði fellt. Hv. frsm. meiri hl. hefur að líkindum ekki fjallað um þetta frv. fyrr, trúi ég, hér á þingi, og mér virðist, að tilkoma hans í hv. sjútvn. valdi því, að nú er svona röggsamlega til verks gengið, því að eins og kunnugt er, er hann einna einarðastur andstæðingur alls ríkisrekstrar og þá um leið talsmaður einkahagsmunanna í þessu landi.

Helzta ástæðan til þess, að hv. frsm. meiri hl. vill fella frv., skilst manni, að sé — eftir því sem hann talaði hér áðan — sú, að nú sé í undirbúningi löggjöf um niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, svo kallaða Siglóverksmiðju, þar sem verður sú breyting á stjórn hennar, að henni verður ekki lengur stjórnað af stjórn síldarverksmiðjanna, heldur fái hún sérstaka stjórn, sem vænta mætti þá af meiri driftar í þessum efnum. Ekki þar fyrir, að það sé við stjórn síldarverksmiðjanna að sakast, að rekstur þessarar verksmiðju hefur lengst af verið í hinum mesta ólestri, heldur er ástæðan að sjálfsögðu sú, að þetta verkefni hefur ekki komið heim við mörg önnur verkefni stjórnar síldarverksmiðjanna, og hún hefur varla annað þessu. En eins og kunnugt er, hefur það næstum frá byrjun verið krafa fólks norður á Siglufirði, að á þessu verði breyting og þessum málum verði þannig skipað, að einhvers megi vænta af þessari verksmiðju.

Sú breyting yrði þá helzt með því, að henni yrði sett ný og sérstök stjórn. Það eru nú gefin mörg fyrirheitin um frv., sem aldrei sjást hér á hinu háa Alþ., en sannarlega mundi maður fagna því, ef þessum málum yrði skipað að óskum og vilja fólks þar nyrðra. En það vil ég segja í þessu sambandi, að ég hygg, að sá árangur, sem þá fengist, yrði ekki hvað sízt því að þakka, að þessu máli hefur verið haldið hér vakandi af hálfu Alþb.-manna með þessu frv. m. a., og þá ekki hvað sízt af hálfu Ragnars Árnalds, sem flutti þetta frv. þrisvar áður.

Ég ætla ekki að bæta neinu frekar við það, sem ég hef áður sagt um þetta frv. og nauðsyn þess, eða það, sem hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan. En mér virðist ljóst, að það sé síður en svo vanþörf á því, heldur eigi þetta frv. fullan rétt á sér, ekki hvað sízt með tilliti til þess, hvað allur niðursuðuiðnaður hefur löngum verið vanræktur hér á Íslandi, og þar er þörf skipulagningar, sem yrði náttúrlega að vera í höndum einhverrar stofnunar slíkrar sem þeirrar, sem lagt er til, að komið verði á fót með þessu frv. Þá er ekki síður mikil þörfin á markaðsöflun, þannig að þessi iðnaður geti átt öruggan markað fyrir sína vöru og þá um leið að framleiðsla hans aukist að fjölbreytni og batni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 21:8 atkv.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum (frv. BJ og JÞ).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum [105. mál] (þmfrv., A. 112).

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. 3. landsk. þm. frv. til l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Eins og hv. dm. mun reka minni til, voru lög um þetta efni samþ. á síðasta Alþ. til staðfestingar á yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstjórn hafði gefið í sambandi við kjarasamninga vorið 1969. Það var ljóst, að þegar þessi yfirlýsing var gefin og það samkomulag gert, sem að baki þessum l. lá, þá væri verið að fara að ýmsu leyti út á nýja braut í tryggingamálum, og rétt er einnig að hafa það í huga, að yfirlýsingin um þetta samkomulag var gerð í önnum dagsins, á meðan erfiðir samningar stóðu yfir, og þess varla að vænta, að séðir yrðu fyrir allir þeir annmarkar, sem kynnu að koma fram við framkvæmd l. Einnig má segja, að menn hafi ekki getað gert sér fullkomna grein fyrir því, hve miklar þær bætur væru, sem ákveðnar voru samkvæmt þessum l. En tilgangur samkomulagsins og l. var sá að brúa það bil, sem skapaðist annars vegar milli þess fólks í verkalýðsfélögunum, sem var enn á góðum aldri og gat farið að vonast til, að hinir nýju lífeyrissjóðir, sem samkomulag var einnig um, mundu færa því bætur á eðlilegum tíma og hins vegar gamla fólksins, sem var þrotið að starfsorku og komið á þann aldur, að þess var ekki að vænta, að það gæti unnið sér neinn lífeyrisrétt í lífeyrissjóðum. Menn gerðu sér sem sagt ljóst, að við framkvæmd l. mundu geta komið fram ýmsir annmarkar, sem síðar þyrfti að laga, og þess vegna var það ákvæði sett inn, að eftir nokkra byrjunarreynslu yrðu l. endurskoðuð, eins og þar segir, og vissulega hefur sú orðið raunin á, að ýmislegt þarfnast bóta í þessum l.

Það er kannske fyrsta og stærsta atriðið, að bætur samkvæmt þessum l. hafa í reynd orðið miklu lægri en menn gerðu sér vonir um og reiknuðu með. Menn höfðu sýnilega ekki gert sér fulla grein fyrir því, að þegar það skilyrði er sett, að menn hefðu náð sjötugsaldri og verið í starfi til ársins 1967, þá leiðir það af sér, að menn hafa haft síðustu árin miklu lægri tekjur heldur en eðlilegt getur talizt, miklu lægri en meðaltekjur verkafólks eru. En þegar svo er ákveðið, að eftirlaunin skuli miðuð við meðaltal síðustu starfsáranna og ekkert annað, þá gefur það í raun og veru auga leið og hefur orðið augljóst í enn ríkara mæli en þá var, að þessar bætur verða mjög lágar. Auk þess kemur það svo til, að ekki var ákveðið í l., að neinar verðlagsbætur yrðu greiddar á þessar upphæðir, þannig að það er fyrirsjáanlegt, að í því verðbólguflóði, sem nú hefur orðið og enn geysist yfir, verða þessar upphæðir stöðugt óverulegri. Það hefur líka komið í ljós, að allar áætlanir, sem gerðar voru af tryggingafræðingum, þegar þetta samkomulag var gert og l. sett, um hvað heildarbæturnar yrðu miklar, hafa verið mjög langt frá því að standast. Þær hafa orðið mörgum sinnum minni en gert var ráð fyrir. Þó að bæturnar væru nú eitthvað hækkaðar, er síður en svo verið að gera ráð fyrir því, að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs í sambandi við bæturnar verði meiri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Og þó að bæturnar yrðu hækkaðar, eins og hér er gert ráð fyrir í 3. gr. frv., hygg ég, að þær mundu vera langt frá því að ná þeim upphæðum, sem tryggingafræðingar gerðu ráð fyrir, að þessar bætur mundu kosta, er samkomulagið var gert.

Til þess að menn fái ofurlitla hugmynd um það, hverjar þessar bætur eru, og hvað þær eru óverulegar, ætla ég að leyfa mér að nefna tölur um bæturnar í minu stéttarfélagi, verkalýðsfélaginu Einingu, en það er félag, sem telur nokkuð á þriðja þús. manns. Þar hafa fram til þessa verið ákveðnar bætur til tæplega 50 manna, og bótaupphæðin er lægst 148 kr. á mánuði. Allmargir eru með 2—3 hundruð kr. greiðslu á mánuði, en hæstu bæturnar, sem unnt er að fá samkvæmt ákvæðum l., hafa reynzt í þessu félagi 1986 kr. á mán. En langalgengustu upphæðirnar hjá þessu félagi, og ég hygg, að það sé ekkert sérstakt, eru þá 500—1000 kr. á mán. Ég

held, að af þessu sé það auðsætt, að það er svona nánast, að það sé verið að gera þetta að hégómamáli, og sæmi það þó sízt gagnvart því fólki, sem hefur unnið langan og strangan starfsdag og þrotið er að kröftum í ellinni. Ég held því, að það sé ekki sæmandi annað en gera hér verulega bragarbót á, og tel, að það sé farið vægilega í sakirnar með þeirri till., sem hér liggur frammi, að bæturnar verði hækkaðar í 2000 kr. og síðan komi verðlagsuppbót á þá upphæð miðað við 1. jan. 1970.

Þá eru tvær breyt. aðrar, sem ég og hv. 3. landsk. þm. leggjum til, að verði gerðar, og sem við teljum allveigamiklar. Það er í fyrsta lagi, að það sé ekki ófrávíkjanlegt skilyrði, eins og gert er ráð fyrir í l., að menn hafi verið í starfi í árslok 1967, heldur sé það látið nægja, að menn hafi 10 ára lágmarksstarfstíma á því tímabili, sem l. annars gera ráð fyrir, að sé grundvallandi fyrir bætur, þ. e. a. s. tímabilið frá 1955 til þess tíma, að maður geti notið bótaréttinda. Þetta þýðir það í reyndinni, að það skiptir ekki máli, hvenær á þessu tímabili menn hafi unnið sér þennan rétt, þannig að það gæti hugsazt, að maður, sem vinnur frá 1955 til ársloka 1964, mundi fá bætur, samkvæmt þessari breyt. En nú er það ekki svo. Hins vegar er það svo, samkv. l. nú, að maður, sem ekki hefur unnið neitt lengur, heldur aðeins unnið seinni hlutann af tímabilinu — hann mundi fá bætur. Þetta teljum við vera misræmi. Ef menn hafa á þessu ákveðna tímabili, sem tekið er til viðmiðunar, unnið jafnlangan tíma, þá ætti það ekki að skipta máli, hvenær á tímabilinu vinnan var framkvæmd, en á því er ekki vafi, að þetta mundi fjölga bótaþegum nokkuð. Að athuguðu máli verður að telja það fullkomið sanngirnismál, að þessi breyting verði gerð.

Þá er í öðru lagi lagt til, að sú breyting verði gerð á 1. málsgr. 4. gr. laganna, þar sem segir, að til réttindatíma félaga skuli einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingaskyld sbr. 7. lið 2. gr., svo og þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags, sbr. 1. gr. Þ. e. a. s. lögin gera ráð fyrir því, að menn geti aðeins notið bótaréttar þann tíma, sem viðkomandi hefur verið fullgildur félagi í stéttarfélagi. Það kann að vera, að þetta ákvæði sé almennt réttmætt, en það getur verið álitamál, vegna þess að hafi menn ekki verið í stéttarfélaginu, en átt þess þó kost, þá er það oft, að það er ekki einstaklingnum að kenna, það getur allt eins verið vanræksla af hálfu viðkomandi félags, að maðurinn er þar ekki félagsbundinn. En hér ber að líta á það, að í ýmsum tilvikum átti viðkomandi maður ekki kost á því að vera í neinu stéttarfélagi, og þetta kemur þannig út í reyndinni, að mjög mikill hluti af iðnaðarmönnum, sem hafa þó bæði aldur og starf að baki til að fullnægja ákvæðum laganna, kemur ekki til greina í sambandi við úthlutun þessa viðbótarellilífeyris, vegna þess að viðeigandi félög voru þá ekki starfandi, þar sem þeir áttu heima.

Varðandi iðnaðarmennina er það svo, að þeirra samtök hafa verið að byggjast upp utan höfuðborgarsvæðisins og allra stærstu bæjanna aðeins nú á allra síðustu árum, þannig að mikill hluti iðnaðarmannanna víða um land er útilokaður frá því að njóta þess réttar, sem þarna er um að ræða, vegna þess að ekkert verkalýðsfélag getur gefið þeim vottorð um, að þeir hafi verið þar félagar. Í sumum tilfellum er líka um það að ræða, að verkalýðsfélög hafa ekki verið starfandi, a. m. k. ekki nema að nafninu til, og ekkert eftirlit haft með því og engar skýrslur um það gefnar, hverjir hafa verið meðlimir þar á vissu tímabili, sem starf þeirra hefur legið að mestu niðri, þó það hafi kannske verið til að nafninu til, og ber hér allt að þeim brunni, að sú undantekning skuli gerð frá þessari almennu kröfu um, að menn hafi verið í verkalýðsfélagi, að viðkomandi hafi átt þess kost miðað við þá búsetu og aðstöðu, sem hann á hverjum tíma hafði. Vel má vera, að það ætti að ganga enn þá lengra í þessu efni og rýmka þetta enn frekar, og mundi ég sízt hafa á móti því, en við höfum þó ekki talið rétt að ganga lengra í þessu efni en hér er raunin á. Það eru sem sagt aðeins þessi þrjú atriði, sem vil leggjum til, að nú þegar verði breytt í lögunum.

Við lítum ekki svo á, að hér sé um neina heildarendurskoðun laganna að ræða, og vel komi til greina, að fleira þurfi nauðsynlega að laga nú þegar, og erum örugglega opnir fyrir breytingartillögum, sem kynnu að ganga í þá átt, en hér er um þau atriði að ræða, sem mestu misrétti hafa valdið við framkvæmd laganna, og vænti ég þess, að hv. þd. og hv. Alþ. taki á því þannig, að sæmd sé að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 112, n. 334).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti Eins og fram kom hér við 1. umr. um þetta frv., felast í því þrjú breytingaatriði á gildandi lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum. Það er í fyrsta lagi, að 1. gera nú ráð fyrir því ófrávíkjanlega skilyrði fyrir bótarétti, að verkafólk hafi verið í starfi í árslok 1967, en hins vegar ekki, að það hafi verið í starfi lengur en 10 ár frá árinu 1955, en nú verði bótaréttur miðaður við 10 ára lágmarksstörf, hvenær sem þau hafa verið unnin á framangreindu tímabili. Í öðru lagi er það ekki lengur alfarið gert að skyldu fyrir bótarétti, að viðkomandi hafi allan tímann verið fullgildur félagi í stéttarfélagi, þ. e. a. s. ekki í þeim tilvikum, sem svo stóð á, að viðkomandi maður hafði ekki tækifæri til þess, vegna þess að ekki var starfandi neitt stéttarfélag í hans atvinnugrein. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því, að lágmarksbætur verði hækkaðar í 2000 kr. að viðbættri vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta eru meginatriði frv. og þau atriði, að ég hygg, sem mestur styrr hefur staðið um

og mestir vankantar hafa komið fram á við framkvæmd þessara laga. Þetta reifaði ég við 1. umr. og tel í raun og veru ekki mikla ástæðu til þess að bæta þar miklu við.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og leitað um það umsagnar, m. a. Alþýðusambands Íslands. Niðurstaða n. varð sú, að athuguðum öllum málavöxtum, að hún er samþykk efnisatriðum frv. í reynd og einróma þeirrar skoðunar, að breyta beri l. í þá átt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En á hinn bóginn hafa þessi mál fyrir tilverknað Alþýðusambands Íslands þróazt þannig, frá því að þetta frv. var lagt fram, að lög þessi eru nú í athugun hjá n., sem skipuð hefur verið af ríkisstj. og með fulltrúum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. En eins og kunnugt er, var þetta mál samningamál við samningsgerð verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda 1969.

Enn fremur hefur það gerzt í málinu, að viðbrögð þess ráðh., sem með þessi mál fer, hafa verið mjög jákvæð, og á flokksþingi Alþfl., sem haldið var á s. l. hausti, var einróma samþykkt að vinna að því, að nauðsynlegar breytingar fengjust fram í þessari löggjöf. Loks kemur svo þetta álit, sem, ef samþykkt verður, sýnir, að hv. þd. er sama sinnis og flm. um nauðsyn þess, að þarna verði gerðar á gagngerar breytingar.

Með hliðsjón af þessu þótti n., að miklar líkur væru til þess og sterkar vonir, að endurskoðun á þessum l. í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, og e. t. v. á fleiri atriðum, sem kemur til greina, að væri til bóta að breyta, næði fram að ganga á þessu þingi. Varð því samkomulag um að bíða eftir því starfi þeirrar n., sem um þetta fjallar, og vísa málinu til ríkisstj. Að sjálfsögðu hefði ég sem flm. fremur óskað eftir því, að frv. hefði verið samþykkt, eins og það var lagt hér fram, en eftir öllum atvikum sýnist mér þessi afgreiðsla vera viðunanleg og gefa vonir um það, að málið nái í öllum aðalatriðum fram að ganga, og auðvitað er það aðalatriðið.

Það er sem sagt einróma till. heilbr.- og félmn., að málinu verði vísað til ríkisstj. með þeim rökstuðningi, sem í nál. segir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 334 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. Orkulög (frv. PÞ og ÁB).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 [65. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Ed., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. shlj. því, sem hér liggur fyrir til 1. umr., var flutt á síðasta þingi, en var fram borið svo seint á þinginu, að það varð ekki útrætt. Við flm. höfum því leyft okkur að leggja málið fram enn að nýju í þeirri von, að nú fái það endanlega afgreiðslu.

Rafmagn er eitt af þeim gæðum, sem menn telja sér ekki hægt að vera án, eins og nú er háttað bæði atvinnurekstri og þörfum á heimilum, hvar sem er á landinu. Þetta er almennt viðurkennt og löggjafinn hefur í ýmsum greinum miðað afgreiðslu lagasetningar við, að því marki verði náð, að öll heimili fái rafmagn. Það má segja, að stefnan í orkul. sé við þetta miðuð, og lagðar eru fram allmiklar fjárhæðir til þess að koma rafmagninu sem víðast út um land, þó að þær framkvæmdir gangi því miður hægar í mörgum héruðum en æskilegt væri. Flestir landsmenn fá rafmagnið frá samveitum, og það hefur að undanförnu verið miðað við ákveðin mörk um meðalfjarlægðir milli notenda á þeim svæðum, þar sem rafmagn frá samveitum er lagt. Samkv. 10 ára raforkuáætluninni, sem unnið var eftir fyrir nokkrum árum, var við það miðað, að lagt yrði rafmagn frá samveitum í byggðarlög, þar sem meðalfjarlægð milli notenda var 1 km eða minna. Nú um þessar mundir er unnið að því að leggja rafmagnslínur, þar sem meðalfjarlægð milli notenda er 1—1½ km, og það hefur komið fram í umr. hér á þingi, að stefnt er að því, að næsta skrefið í þessu efni verði að leggja línur um þau byggðarlög, þar sem meðalfjarlægð milli notenda er á bilinu 1½—2 km. Ég vil vona, að áður en mjög mörg ár líða, verði stigið enn stærra skref í þessa átt og línur frá samveitum verði teygðar lengra út um landsbyggðina heldur en á þau svæði, þar sem meðalfjarlægð er 2 km eða minna. En eins og þessi mál horfa nú, og jafnvel þó að gengið yrði eitthvað lengra í því að leggja línur frá samveitum heldur en menn hafa nú sett sér að marki, þá verða samt sem áður byggðarlög á ýmsum stöðum á landinu, sem ekki geta fengið rafmagn á þennan hátt.

Þetta litla frv., sem hér er til umr., miðar að því að bæta aðstöðu þeirra heimila eða byggðarlaga, sem svo eru í sveit sett að geta ekki fengið rafmagn frá samveitum. Þetta er því vissulega mjög lítill þáttur af sjálfu raforkumálinu, þegar litið er á það í heild, og þáttur, sem ekki kostar mikla fjármuni, en er þó þess eðlis að dómi okkar flm., að það er nauðsynlegt að gefa þessum þætti gaum jafnframt því, sem unnið er á öðrum sviðum í þessu efni. En þeir, sem svo eru í sveit settir eða geta ekki fengið eða átt von á því að fá rafmagn frá samveitum, verða að afla þessara gæða með því að koma upp litlum rafstöðvum til heimilisnota, og þá er um tvennt að ræða, annaðhvort mótorrafstöðvar eða þá litlar vatnsaflsstöðvar, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess að virkja vatnsafl í þessu skyni. Samkv. orkulögunum er orkusjóði heimilt að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa mótorrafstöðvar, lán, er nemi allt að ⅝ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Það er enn fremur ákveðið í orkul., að úr orkusjóði sé heimilt að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan við það svæði, sem héraðsrafmagns-

veitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Hér er gerður nokkuð mikill munur á, og okkur flm. þessa frv. virðist, að þessi munur sé óeðlilega mikill, eins og lagaákvæðin eru nú. Vatnsaflsstöðvar eru fullkomnari og endast að jafnaði lengur en mótorrafstöðvar, ef virkjunarskilyrði eru sæmileg, og víða þarf að leggja alllanga línu frá vatnsafli, sem virkjað er, heim að bæjarvegg, en mótorrafstöð er yfirleitt hægt að reisa heima við bæ. Það eru líka takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja lágspennt rafmagn langan veg frá virkjunarstað og heim að bæ, og ef sú vegalengd fer yfir ákveðið mark, þá reynist óhjákvæmilegt að koma upp spennistöð við heimilisrafstöðina til þess að lækka spennuna og koma henni á það stig að vera nothæf fyrir heimilistæki. En þar sem slíkt þarf að gera, hleypir það vitanlega mjög upp kostnaði við þessi mannvirki.

Eins og reglurnar eru nú, er það hámark, svo sem ég hef áður tekið fram, að út á vatnsaflsstöð sé lánað 67% stofnkostnaðar, en hinn hlutann verður sá, er mannvirkið reisir, að leggja fram úr eigin vasa. Að því er stefnt með þessu frv. að leiðrétta þetta misræmi, og lagt er til, að lán út á vatnsaflsstöð megi nema allt að 75% stofnkostnaðar og enn fremur, að heimilt verði að veita úr orkusjóði óafturkræft framlag til þeirra vatnsaflsstöðva til heimilisnota, sem reistar eru utan þess svæðis, er héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, þannig að lán og framlag megi nema samtals allt að 90% af stofnkostnaði rafstöðva og línu heim að bæjarvegg.

Orkul., sem nú eru í gildi, voru afgreidd hér á hv. Alþ. 18. apríl 1967. Þegar frv. til þessara l. var hér til umr. í þessari hv. d., komu fram við það allmargar brtt., og m. a. var þá flutt brtt., sem hneig í sömu átt og þetta frv., sem ég er nú að mæla fyrir. Þessu atriði málsins var þá í raun og veru mjög vel tekið, og sá ráðh., sem þá fór með orkumál, tók það fram í umr., að hann teldi vel koma til greina að lögfesta ákvæði svipuð eða á sama hátt og hér er lagt til. En það var þá talið sérstaklega standa í vegi að samþykkja þær brtt., sem fyrir lágu, að komið væri að þinglokum og tvísýnt yrði um framgang löggjafarinnar í heild, ef málið yrði hrakið milli deilda. Við flm. höfum nú viljað rifja þetta upp og freista þess að fá þetta skoðað að nýju, og við væntum þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, og hv. þd. líti á þetta með fullum skilningi.

Ég vil endurtaka, að hér er vissulega um lítinn þátt að ræða af hinu stóra raforkumáli, ef litið er á landið í heild, en þetta er þá jafnframt sá þáttur, sem kostar tiltölulega lítið, en er mikilsverður fyrir einstök heimili og einstök byggðarlög, sem geta ekki átt von á því að fá rafmagn frá samveitum. Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 349 og 350).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breytingu á orkulögum, 65. mál Ed., hefur verið tekið til athugunar hjá iðnn. Frv. gerir ráð fyrir hækkun lána og styrkja til einkavatnsaflsstöðva bændabýla. Iðnn. leitaði umsagna um frv. hjá Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Svar Rafmagnsveitna ríkisins er prentað sem fskj. með áliti meiri hl. iðnn. á þskj. 349, en þar gerir meiri hl. iðnn. að till. sinni, að málinu verði vísað til athugunar ríkisstj. Svar Rafmagnsveitna ríkisins gefur mjög ítarlegar vísbendingar um kostnað við vatnsaflsvirkjanir og mótorrafstöðvar til heimilisnotkunar.

Einmitt nú, þegar líður á þetta þinghald, þar sem rafvæðing landsins hefur verið mikið áhugamál hv. þm., er ekki óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. skoði í heild þessi mál, þær till., sem fram hafa komið um hugsanlegar framkvæmdir og stefnu í virkjunarmálum. Ekki þarf að efa áhuga hv. 1. flm. þessa lagafrv., sem í þessu lagafrv. kemur fram sem fulltrúi þess landshluta, sem eflaust er hvað erfiðast að tengja við samveitur á næstu árum. Það er ekki vafi á því, að þetta mál á að skoðast í ljósi þeirrar staðreyndar, þegar sú athugun fer fram, sem meiri hl. n. leggur til. En það er ekki víst, að það lagafrv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, sé sú bezta lausn, sem hægt er að finna, því að til þess þarf fagþekkingu á sviði rafvæðingar. Í bréfi frá Rafmagnsveitum ríkisins kemur greinilega fram, hversu óskaplegur baggi það er raunverulega fyrir vatnsaflsbændur fram yfir aðra að þurfa að byggja sínar eigin vatnsaflsstöðvar. Takmarkið verður því að vera samveitur, þar sem hægt er að koma því við. Dæmin úr nefndu fskj. sýna, að fyrir orku frá samveitum greiðir bóndinn 1.86 kr. fyrir hverja kw-stund, þegar mótororka kostar hann 3.90 kr. og eigin vatnsaflsorka allt upp í 4.50 pr. kw-stund. Lausn þessa mikla vanda er þjóðhagslega ekki hærri lán eða meiri styrkir, heldur skjót rafvæðing allrar Íslandsbyggðar. Ég vænti, að hv. flm. séu við nánari athugun sammála þessu sjónarmiði og geti fallizt á þessa málsmeðferð iðnn.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. hv. meiri hl. iðnn., þá var nokkur ágreiningur um afgreiðslu þessa máls. Við hv. þm. Gils Guðmundsson og Einar Ágústsson skipum minni hl. n. í þessu máli, sem ekki er stórt í sniðum, en hins vegar þykir okkur mikilsvert, að það nái fram að ganga.

Eins og kunnugt er, er mikill meiri hluti bænda, sem hafa rafmagn á annað borð, kominn inn á svokallað samveitusvæði. Því er ekki að leyna, að það hefur gengið misjafnlega í seinni tíð að koma fleiri býlum inn á samveitusvæði, og um mörg býli háttar þannig, að það verður langur tími þar til þau ná að komast inn á slíkt svæði. Þeim bændum, sem þannig stendur á um, hefur verið veittur styrkur og önnur fyrirgreiðsla, a. m. k. fyrirgreiðslulán til þess að þeir kæmu upp

hjá sér annaðhvort mótorrafstöðvum eða vatnsaflsstöðvum til raforkuvinnslu. Í lögum eru greinileg ákvæði um það, hverja aðstoð þessir bændur geta fengið. Þeir, sem reisa mótorstöðvar hjá sér, geta fengið lán úr orkusjóði allt að 80% af stofnkostnaði, en bændur, sem reisa vatnsaflsstöðvar, geta fengið lán allt að 67% af stofnkostnaði og ekki aðra fyrirgreiðslu. Það er einmitt hlutskipti þessara bænda, sem ætla sér og þurfa að reisa vatnsaflsstöðvar, sem með þessu frv. á að rétta að nokkru leyti og bæta. Frv. gerir ráð fyrir því, að þeir bændur fái allt að 75% lán í stað 67% og þar að auki framlag úr orkusjóði, þannig að samanlagt geti lán og framlög numið allt að 90% af kostnaði við stofn vatnsvirkjunar og línulagna að bæjarvegg. Þetta er efni frv. Það lá fyrir í fyrra, en kom það seint fram, að það náði ekki afgreiðslu. Ég hef ekki trú á öðru heldur en við í hv. d. getum verið þekktir fyrir að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir.

Það er alveg augljóst mál, að það getur orðið æðilangur tími, þar til margir þeirra bænda, sem þannig er ástatt um sem ég hef rætt, komast inn á samveitusvæðin, og kannske eru þó nokkuð mörg býli, sem alls ekki komast inn á samveitusvæðin fyrr en þá einhvern tíma langt inni í framtíðinni. Það er fyrir þetta fólk, sem frv. er ætlað að vinna. Ég sé ekki neitt í bréfi því, sem lá fyrir n., frá rafveitustjóra ríkisins, að hann mæli þar beinlínis gegn því, að frv. verði samþykkt. Hann segir aðeins á einum stað, að það bæti ekki svo mjög úr, og það er alveg rétt, að það er ekki stigið stórt spor í átt til hjálpar þessum hluta bænda, en þó er komið að nokkru til móts við hann. Á öðrum stað segir rafveitustjóri, og það eru lokaorð hans í bréfinu, ef ég fer rétt með, að það sé réttara að bíða heildarskipulags um raforkumálin. En eins og ég sagði áður, geri ég ráð fyrir því og við fleiri, að það geti orðið æði langt að bíða þess, að slíkt heildarskipulag verði gert og bændum almennt komið inn á samveitusvæði. Þess vegna væri það til hagsbóta fyrir bændur, sem vilja reisa vatnsaflsstöðvar á næstu árum, að þeir geri það, og því fremur þarf þessi hluti bænda að fá fyrirgreiðslu, og því fremur sem það er mun dýrara að koma slíkum stöðvum upp heldur en t. d. dieselstöðvunum. Oft er það, að þannig stendur á með vatnsaflsstöðvar, að það er hægt að reisa þær fyrir fleiri bændur í senn, og það er að sjálfsögðu mikils virði. Ég held, að orkusjóði verði ekki ofætlun að standa undir þessum auknu fyrirgreiðslum, og við í minni hl. væntum þess fastlega, að frv., eins og það liggur fyrir, geti orðið samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju yfir því, að hv. iðnn. hefur afgreitt þetta frv. Það má að vísu segja, að n. hafi með því einungis verið að inna af hendi skyldustarf, sem henni ber að gegna hér á hv. Alþ., en með tilliti til þeirrar skýrslu, sem gefin var hér fyrir nokkrum dögum í hv. d. um afköst þn. við afgreiðslu á málum, þá má telja það þakkarvert, að iðnn. hefur afgreitt þetta mál nú þegar og ekki látið það dragast lengur.

Það kemur í ljós, að n. hefur leitað umsagnar rafmagnsveitustjóra um þetta mál, og er álitsgerð hans birt sem fskj. með nál. meiri hl. Ég tel þetta einnig vel farið og tel það ávinning að hafa fengið þetta þskj. birt hér á hv. Alþ. Ég hélt því fram, þegar ég mælti fyrir þessu máli við 1. umr., að það væri misræmi á milli þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem þeir annars vegar ættu kost á, sem fengju rafmagn frá samveitum, og hins vegar þeir, sem yrðu að leysa sín raforkumál með öðrum hætti, og þetta frv. miðaði að því að stíga spor í þá átt að draga úr þessu misræmi. Umsögn frá Rafmagnsveitum ríkisins staðfestir svo vel sem verða má, að þessi skoðun er rétt. Þar er það sett fram tölulega og á svo skýran hátt sem kostur er, að mínum dómi, í hverju þetta misræmi er fólgið. Og niðurstaðan er sú, að miðað við, að heimili noti 21 þús. kw-stundir af raforku á ári, þá sé kostnaður bóndans við þessa orkunotkun frá samveitu 39.100 kr. á ári og það samsvari 1.86 kr. á hverja kw-stund. Hjá þeim, sem aflar sér raforku með eigin mótorstöð, sé samsvarandi kostnaður 82.000 kr. á ári eða um 3.90 kr. á hverja kw-stund. Og hjá þeim, sem aflar sér orku með eigin vatnsaflsstöð, þá geti þessi kostnaður verið allt frá 47.500 kr. til 95.000 kr. á ári, en það samsvari rafmagnsverði 2.25—4.50 kr. á kw-stund. Í áliti rafmagnsveitustjóra kemur það einnig fram, að að hans dómi komi það til álita að draga úr þessu misræmi á þann hátt, að samveitur verði lagðar víðar um land en fram að þessu hefur verið fyrirhugað, og þar segir, að Rafmagnsveitur ríkisins hafi gert frumáætlun um rafvæðingu sveitabýla frá samveitum, þar sem sé allt að 4 km vegalengd að meðaltali á milli býla, og er niðurstaðan sú, að það muni kosta um 300 millj. kr., og er þá miðað við verðlag vorið 1970 og það, sem eftir stendur af rafvæðingu í byrjun ársins 1971. Tala býla er hér um 860, og er því stofnkostnaður á býli nálægt 350 þús. kr. til jafnaðar. Að þeirri rafvæðingu lokinni standa eftir um 200 býli utan samveitu. Þetta fer mjög í sömu átt og það, sem ég lét í ljós við 1. umr. þessa máls, en þá komst ég m. a. þannig að orði:

„Nú um þessar mundir er unnið að því að leggja rafmagnslínur, þar sem meðalfjarlægð milli notenda er 1—1½ km, og það hefur komið fram í umr. hér á þingi, að stefnt er að því, að næsta skrefið í þessu efni verði að leggja línur um þau byggðarlög, þar sem meðalfjarlægð milli notenda er á bilinu 1½—2 km.

Ég vil vona, að áður en mjög mörg ár líða verði stigin enn stærri skref í þessa átt og línur frá samveitum verði teygðar lengra út um landsbyggðina heldur en á þau svæði, þar sem fjarlægð er 2 km eða minna. En eins og þessi mál horfa nú, og jafnvel þó að gengið yrði eitthvað lengra í því að leggja línur frá samveitum heldur en menn hafa nú sett sér að marki, þá verða samt sem áður byggðarlög á ýmsum stöðum á landinu, sem ekki geta fengið rafmagn á þennan hátt. Og þetta litla frv., sem hér er til umr., miðar að því að bæta aðstöðu þeirra heimila eða þeirra byggðarlaga, sem svo eru í sveit sett."

Ég fagna því, að það kemur nú ótvírætt fram hjá forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins, að hann

vill fyrir sitt leyti vinna að því, að samveitur verði lagðar víðar heldur en á þau svæði, þar sem meðalfjarlægð milli notenda er 2 km eða minni. Hann hefur verið að gera sér grein fyrir, eins og áður kom fram, að leggja skuli línur í allt að 4 km meðalfjarlægð milli notenda. Þetta er alveg nýtt og ég man ekki, að það hafi komið fram fyrr hér á hv. Alþ., að fyrirhugað væri að stíga skrefið svo stórt. Ef þetta yrði gert, þá fækkaði að vísu þeim, sem yrðu utan samveitusvæða, en samt sem áður yrði þar um 200 býli að ræða. Í þessu kemur að mínum dómi fram víðsýni hjá þeim embættismanni, sem hér á í hlut. En sá er ljóður á, að valdið til þess að ráða framkvæmd þessara mála er ekki í hans höndum. Og þess vegna er ekki óeðlilegt, að alþm. spyrji: Er hér einungis um óskhyggju að ræða, eða eru hér fyrirætlanir, sem skoða má raunhæfar?

Þá kemur það einnig fram í áliti rafmagnsveitustjórans, að um leið og nýtt mark er sett í þessum efnum, sé full ástæða til að kanna, með hvaða hætti hægt er að fjármagna samveitur, og jafnvel hvort hægt er að fjármagna á sama hátt rafvæðingu á tilteknum, einangruðum svæðum — einangraðar samveitur. Í þessum efnum kemur til greina, segir rafmagnsveitustjóri, samhjálp eða samstaða alls raforkuiðnaðarins, vinnsla, dreifing og sala, hliðstætt því, sem nú er hér á landi í málefnum síma, hljóðvarps og sjónvarps. Í mjög mörgum löndum Evrópu er komið á slíkri samstöðu í raforkuiðnaðinum, og í öðrum löndum stefnir þróunin í sömu átt. Ég tel þessi ummæli mjög athyglisverð og þetta sé holl ábending hv. þm. til handa, því að ég fæ ekki betur séð en sú stefna hafi verið uppi hér á hv. Alþ. af hálfu þess meiri hluta, sem úrslitum mála ræður, að torvelda það eða ganga framhjá því, að raforkuiðnaðurinn sé allur rekinn sem ein heild. Í stað þess að ríkið eigi hin stærstu raforkuver, sem að sjálfsögðu skila mestum hagnaði inn í raforkuiðnaðinn, þá er skipulagið að verða þannig hjá okkur á þessu sviði, að eignaraðildinni sé skipt á milli margra aðila og ríkið sitji kannske einungis uppi með þær rafmagnsveitur og þau svæði á landinu til orkudreifingar, þar sem minnst von er á hagnaði. Mér sýnist þess vegna, að miðað við þessa heildarstefnu, sem fram kemur í raforkumálum, sé kannske meiri ástæða en ella til þess að samþykkja þetta litla frv., sem hér liggur fyrir.

Að lokum vil ég benda sérstaklega á, að þó að þetta frv. verði samþ., þá kemur það ekki í bága við fyrirætlanir um, að samveitur nái víðar heldur en þegar hefur verið ákveðið, vegna þess að í lagagr., sem þetta frv. er stílað inn í, er það skýrt tekið fram, að lán til einkastöðva séu veitt á þeim svæðum, sem samveitum er ekki ætlað að ná til í náinni framtíð, og það er orkuráð og e. t. v. einnig ráðh., sem endanlega verður að samþykkja sérhverja lánveitingu af þessu tagi úr orkusjóði, en það eru sömu aðilar ríkisvaldsins og þeir, sem eru að gera áætlanir um, hvar samveitur eigi að leggja. Ég endurtek það, að ég sé ekki, að samþykkt á þessu frv. fari á nokkurn hátt í bága við þær fyrirætlanir, sem kunna að vera uppi um samveitur. Mér sýnist því, að afstaða minni hl. n. til þessa máls sé alveg rökrétt og eðlilegt sé að samþykkja þetta mál. Meiri hl. leggur hins vegar til, að þessu sé vísað til ríkisstj. til nánari athugunar. Nú er það svo, að hér er einungis um það að ræða að ákveða lánakjör sem hlutfall af stofnkostnaði. Þessar hlutfallstölur eru bundnar í lögum og ekki getur ríkisstj. breytt þeim á sitt eindæmi, þannig að hér er um hreint löggjafaratriði að ræða og svo einfalt, að það á að vera mjög auðvelt fyrir hv. þm. að taka afstöðu til þess, án þess að fyrir liggi nánari athugun á því af hálfu ríkisstj. Mér virðist því, að eins og málið er, sé það ekki alls kostar rökrétt að afgreiða frv. á þann hátt að vísa því til ríkisstj.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég læt í ljós ánægju yfir því, hvernig hv. iðnn. hefur unnið að þessu máli, og vil þakka henni fyrir það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 22. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 349 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 9:8 atkv.

3. Ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála [39. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. nr. 39 flyt ég ásamt hv. 2. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, og hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, frv. til l. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála. Frv. þetta fluttum við einnig á síðasta þingi, en það náði þá eigi fram að ganga. Við freistumst þess vegna til að leggja þetta frv. fram að nýju til þess að reyna að hafa áhrif á að koma fastari skipan á mál þessi en verið hefur til þessa.

Það má segja, að verkefni þessarar fyrirhuguðu stofnunar sé samkvæmt frv. fjórþætt: Í fyrsta lagi á stofnunin að annast fræðslu og leiðbeiningar varðandi náms- og starfsval nemenda. Starfsfræðsla mun eiga upptök sín í Bandaríkjum N.-Ameríku og ekki vera tiltakanlega gömul, en þaðan hefur hún borizt a. m. k. um alla Evrópu og er orðinn þar mikilvægur þáttur í fræðslustarfi flestra, og ég hygg nú raunar allra landa utan Íslands. Hér á að vera um að ræða

hlutlausa fræðslu um þau störf, sem til greina koma fyrir æskufólk að velja sér að ævistarfi, og hvaða námsleiðir standa til boða fyrir það í einstökum tilvikum. Starf þetta ætti að vera, og er þar sem því er bezt fyrir komið, í nánum tengslum við atvinnulífið, þannig að þrátt fyrir hlutleysi þeirra upplýsinga, sem leiðbeinendurnir veita, þá geta þeir þó vakið áhuga nemenda á þeim þáttum atvinnulífsins, þar sem það fer saman, að í boði eru lífvænleg kjör og þörf fyrir starfskraftana.

Ég hef fengið nokkrar upplýsingar um starfsfræðslu frá Norðurlöndum. Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með því að fara að lesa upp úr þeim skjölum, en starfsfræðslan er samkvæmt þessum upplýsingum veigamikill þáttur í skólastarfinu á öllum Norðurlöndum. Allir unglingaskólarnir hafa starfskynningarkennara, sem fræðir ungmennin um náms- og starfsleiðir og skipuleggur í samráði við vinnuveitendur starfsdvalir unglinga á vinnustöðum, þar sem þeir geta fengið að reyna sig í þeim störfum, sem þeir hafa áhuga á. Þessar starfsdvalir eru unglingunum að kostnaðarlausu. Þeir fá ekki laun fyrir það, sem þeir gera á vinnustöðunum, og vinnuveitendurnir fá enga þóknun fyrir þær leiðbeiningar, sem þeir láta í té.

Fyrir nokkrum árum voru hér talsverðir tilburðir í þá átt að halda uppi starfsfræðslu. Það var aðallega framkvæmt undir forystu Ólafs Gunnarssonar, sálfræðings, og íslenzkir vinnuveitendur sýndu starfsfræðslunni þá mikinn áhuga, og þeir lögðu margir fram verulega krafta í þágu æskufólksins með þessum hætti. Slíkt hygg ég, að íslenzkir atvinnurekendur vilji enn gera, ef þessari starfsemi yrði á fót komið að nýju. Sú reynsla, sem fékkst af starfsfræðslunni fyrr á árum, sannar, að ég hygg, svo að ekki verði um villzt, að þessarar fræðslu er mikil þörf hér á landi ekki síður en annars staðar, og almenningur kann vel að meta hana.

Annað meginverkefni frv. okkar þriggja eru rannsóknir og leiðbeiningar varðandi sálfræðiþjónustu, þar á meðal við afbrigðilega nemendur og þá, sem hafa skerta geðheilsu. Sálfræðiþjónusta í skólum uppeldisstigsins, þ. e. barna- og unglingaskólum, og kennslufræðilegar rannsóknir eru nú reknar í stórum stíl í flestum þróuðum þjóðfélögum, einkum mun það vera eftir síðari heimsstyrjöldina, sem meira hefur verið gert af þessu. Sálfræðiþjónustan hefur að margra dómi um of einangrazt við vandamál afbrigðilegra nemenda, en félagsleg ráðgjöf og námshandleiðsla er nú talin nauðsynleg hverjum nemanda, svo að hann fái notið sem bezt hæfni sinnar og geti fundið sem beztan lífsgrundvöll fyrir sig og þjóðfélagið. Þessu marki verður ekki náð, nema að í skólunum sjálfum eða fræðsluhéruðunum sé sérmenntað fólk til þessara starfa, er hafi sem bakhjarl stofnun, er veitt geti aðstoð við þau vandamál, er ekki verða leyst í skólunum sjálfum.

Þegar ég flutti framsögu fyrir þessu máli 27. október í fyrra, fyrir réttu ári síðan, þá rakti ég talsvert þá sálfræðiþjónustu, sem haldið hefur verið uppi hér á landi, það er þá fyrst og fremst í Reykjavík og á Reykjanesi og hér áður fyrr í Kópavogi sérstaklega, og ég skal ekki endurtaka þetta. Það hefur ekki mikið breytzt frá því, sem því var lýst í fyrra og þm. mun vafalaust í fersku minni, auk þess sem þeir þekkja þessi mál meira og minna af eigin athugun. En ég vil aðeins bæta því við það, sem ég sagði þá, að aðstoð við afbrigðilega nemendur er mjög mikill þáttur í skólastarfi og starfsfræðslu nágrannalanda okkar, og þá ekki sízt nágranna okkar á Norðurlöndum. Það er við mikinn vanda að etja, sem ekki verður leystur, nema að til komi veruleg sérþekkingu, mannúð og fjármunir. Það er vandasamt verk að gera treggreind börn og unglinga fullgilda verkmenn á tækniöld, en það er þó í mörgum tilfellum hægt með þolinmæði og þrautseigju, og það er vissulega verðugt markmið að forða þessum andlegu lítilmögnum frá þrautagöngu styrkþeganna. Þó verða menn að gera sér alveg ljóst, að slíku starfi lýkur ekki og getur ekki lokið með skólagöngunni í öllum tilfellum. Möguleikar til að nota takmarkaða hæfileika þessa fólks verða einnig að vera til á vinnumarkaði, og það getur í mörgum tilfellum verið erfitt að hafa þá möguleika fyrir hendi, og tækniþróun og vélvæðingu hefur í sumum löndum gert störf, sem þannig voru sérstaklega ætluð þessu fólki, óþörf og lagt þau niður, en þá ríður á að finna önnur, sem í staðinn geta komið.

Þriðja atriði þessa frv. fjallar um framhald á starfsemi, sem hér á landi hefur verið nefnd skólarannsóknir, þ. e. að framkvæma stöðugar rannsóknir á því, hvernig námsefni skólanna, kennsluaðferðir, próftilhögun, námsbækur, skólaskyldualdur nemenda, skólabyggingar o. fl. samrýmist aðkallandi þörfum þjóðlífsins. Ég benti á það hér í fyrra og rifjaði það upp, að nokkuð hefur verið að starfi þessu unnið undanfarin ár. Það var árið 1966, sem menntmrn. fól Andra Ísakssyni sálfræðingi að starfa að því verkefni, eins og segir í bréfinu: „að annast fræðilega rannsókn á íslenzka skólakerfinu, og verði hún undirstaða tillögugerðar um nauðsynlegar breytingar til að samræma skólakerfið breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum sjónarmiðum í skóla- og uppeldismálum.“ Það orkar vart tvímælis, að mesta nauðsyn er á starfi því, sem samkvæmt þessu bréfi er verkefni skólarannsóknard. menntmrn. Þetta starf þarf að auka og efla, skapa grundvöll þess og viðurkenningu með lagasetningu og reglugerðarákvæðum, eftir því sem við á. Það þarf ekki langan málflutning til að rökstyðja þetta. Vísir að þessari starfsemi er til, en að dómi okkar flm. þarf að setja honum fastari skorður og koma þessu fyrir með l. og reglugerðum en ekki fríhendis, ef svo mætti segja, eins og nú er gert, þar sem aðeins eitt bréf menntmrn. liggur til grundvallar allri þessari starfsemi.

Á landsfundi, sem Samband ísl. sveitarfélaga hélt hér í haust í Reykjavík, var af hálfu hæstv. menntmrh. og þeirra starfsmanna hans, sem að skólarannsóknum vinna, gerð grein fyrir því, í hverju þær hafi verið fólgnar að undanförnu, og hvaða verkefni séu næst á dagskrá. Þessar upplýsingar eða skýringar voru birtar í blöðum, og ég skal ekki endurtaka þær frásagnir, þær geta menn kynnt sér.

Fjórða atriði þessa frv. vil ég nefna, þar sem

segir í b-lið 2. gr., að verkefni stofnunarinnar skuli vera að rannsaka, á hvern hátt því verði við komið, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu. Um þetta atriði er það að segja, að síðan frv. var fyrst flutt fyrir réttu ári síðan hefur gerzt tvennt: Annars vegar það, að upp í fjárl. 1970 var tekin greiðsla í þessu skyni, 10 millj. kr., og á fjárlagafrv. fyrir næsta ár, 1971, er ráðgerð 12 millj. kr. greiðsla í þessu skyni. Þetta er annað, sem hefur gerzt, og auðvitað hið mikilvægara. Hitt hefur svo einnig gerzt, að flutt hefur verið frv. um námskostnaðarsjóð, sem til umr. var í hv. Nd. í gær, og gerir ráð fyrir því, að myndaður verði nýr tekjustofn til þess að standa undir kostnaði við þessa fyrirgreiðslu, og sem samkvæmt ályktun flm. þess frv. nemur um það bil 100 millj. kr. á ári.

Þetta mál er engan veginn komið í höfn, þó að segja megi, að nokkur, örlítill væri kannske réttara orð — skriður sé kominn á úrbætur í því efni, en hann er samt ekki meiri en það, að þeir, sem fengið hafa fjármunina til ráðstöfunar, treysta sér ekki til að skipta þeim upp, vegna þess hve þörfin er margföld á við fjármagnið, sem veitt er til hennar. Og þrautalending þessara manna hefur verið sú — eftir upplýsingum, sem mér hafa verið gefnar — að geyma úthlutun til næsta árs og safna saman framlögum tveggja ára, til þess að einhver von sé til að leysa viðfangsefnið, eða byrja að leysa viðfangsefnið.

Með tilliti til þessa þá höfum við flm. þessa frv., sem hér um ræðir, ekki séð ástæðu til þess að fella þetta ákvæði úr því. Þar til viðbótar kemur svo, að jafnvel þótt eftir öðrum leiðum yrði útvegað fjármagn til þess að leysa þetta mál, sem allir viðurkenna, að er réttlætismál, og allir vilja leysa, að ég hygg — þó að þær aðferðir fyndust nú eftir fjárl. eða öðrum l. en þeim, sem hér er rætt um, að hugsanlega yrðu lög, þá sýnist okkur það geta hentað vel, að ráðstöfun þessa fjár sé verkefni þessarar stofnunar, ef hún kæmist á fót, því að við hana eiga þeir menn að starfa, sem öðrum fremur fylgjast með einmitt þessum þörfum og þessum vandkvæðum, sem eru á jafnri menntunaraðstöðu, því að samkv. okkar till. á stofnunin að starfa nokkuð svipað og námsstjórarnir gera eftir gildandi l. Þannig að hér verður sem sagt gott og náið samband milli einstakra fræðsluhéraða og starfsmanna þeirrar stofnunar, sem við erum hér að leggja til, að sett verði á stofn, og ég er að tala hér um.

Þegar þetta mál var rætt hér í fyrra, tók hæstv. menntmrh. til máls og tók vel í þær hugmyndir, sem hér voru settar fram um aukna starfsemi í þessum greinum, þótt hann hefði vitanlega ýmislegt við frv. að athuga samkv. þeirri venju, sem skapazt hefur, að mannanna verk og þá sérstaklega manna í stjórnarandstöðu séu ófullkomin. Aðalmótbára menntmrh. við frv. var sú, að hingað til hefðu skólarannsóknirnar að vísu verið verkefni ríkisvaldsins, en sálfræðiþjónustan hefði algerlega verið á vegum sveitarfélaganna og ætti að vera það samkv. hans skýringum. Rétt er það, að þetta hefur verið svona. En hvaða afleiðingar hefur það haft? Það hefur haft þær afleiðingar, eftir því sem ég fæ bezt séð, að þessi þjónusta er lítil sem engin. Það kann að vera, að ég hafi ekki alveg nýjustu upplýsingar um það, hvaða sálfræðiþjónusta er innt af höndum hér á landi, en þó hygg ég, að það skeiki ekki miklu, og samkv. mínum upplýsingum er það svo, að eini staðurinn utan Reykjavíkur, sem heldur uppi sálfræðiþjónustu, eru sveitarfélögin í Reykjaneskjördæmi, sem í fyrra réðu einn sálfræðing til starfa og hafa á þessu ári ráðið sama sálfræðinginn til þessara starfa og honum til aðstoðar sérmenntaðan kennara. Fyrir utan þetta, hygg ég, að engin sálfræðiþjónusta sé framkvæmd í skólum á Íslandi, nema þá hér í Reykjavík að sjálfsögðu, en hér hefur sálfræðiþjónustu verið haldið uppi um nokkurt skeið. Mig langar til þess að fá að vitna hér í umsögn forstöðumanns sálfræðiþjónustunnar í Reykjavík um það, hver sé að hans dómi framtíð þeirrar starfsemi, sem hann hefur veitt forstöðu. Í grein, sem kom í Morgunblaðinu í fyrra, segir hann um sálfræðiþjónustu í Reykjavík, með leyfi forseta:

„Ég held, að mikilvægasta staðreyndin um sálfræðideild skóla, sem rekin er sem deild í fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, sé einfaldlega, að hún er þó enn þá til. Hún hefur þrátt fyrir allt ekki verið lögð niður. Starfsfólkið hefur flest þraukað hið sama s. l. 6—8 ár. Stjórnunarmenn borgarinnar hafa lagt fé til starfsins og stutt það myndarlega á ýmsa lund, sem ber að þakka og viðurkenna. Mörgu hefur þó verið stórlega áfátt um starfsgrundvöll af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík. Það er örugg sannfæring mín, að nú nálgist tímamót. Sú tegund starfsemi, sem ég og mitt nánasta samstarfsfólk hefur reynt að byggja upp, mun renna út í sandinn og týnast, ef ekki verður hafizt handa um að styrkja og efla starfið á marga vegu án tafar."

Og síðar segir hann, með leyfi forseta:

„Vöntun á viðurkenningu hefur sýnilega ýmisleg áhrif á sérfræðingana sjálfa, hugmynd þeirra um hlutverk sitt og ekki síður, hverjum augum aðrir líta á verk þeirra, foreldrar, kennarar og almenningur. Skýr ákvæði um hlutverk sálfræðiþjónustu í skólum, skyldur og réttindi starfsmanna hennar er helzta verkefnið, sem liggur fyrir á þessu sviði, ef tryggja á faglegar framfarir og endurnýjun sálfræðiráðgjafar í samræmi við örar breytingar skólastarfs og samfélagshátta."

Ég skal ekki lesa meira úr þessari grein Jónasar Pálssonar, forstöðumanns sálfræðiþjónustu í skólum Reykjavíkurborgar. Ég hygg, að þetta sé nóg til þess að sýna fram á það, að einhvers konar fyrirkomulagsbreytingu þarf á þessum málum að gera, t. d. þá, sem við flm. þessa frv. leggjum til. Þó vil ég engan veginn halda því fram, að við höfum fundið hina einu réttu lausn, en ef menn vildu taka þetta frv. til athugunar í n., sem mér finnst nú raunar n. bera skylda til að gera, þá mætti kannske finna heppilegri fleti en við höfum sett hér fram. A. m. k. væri þá tryggt, að sami doðinn ríkti ekki í þessum málum og nú gerir.

Verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er í stöðugri endurskoðun og einnig tekjustofnar þessara tveggja aðila. Það er auðvitað engin ástæða til þess, að þó að málum hafi verið svo

skipað, að eitt væri hlutverk ríkis og annað sveitarfélags fram að þessu, að það skuli endilega þurfa að vera svo. Þessu má auðveldlega breyta, og ég held, með hliðsjón af því, sem ég vitnaði til hér áðan um sálfræðiþjónustuna í Reykjavík, að óhjákvæmilegt sé að breyta þessu.

Í 4. gr. frv. er ráð fyrir því gert, að menntmrn. og menntmrh. setji reglur um störf stofnunarinnar, því að hér er, eins og allir sjá, aðeins um rammalagasetningu að ræða, þó að þetta frv. yrði samþ. Það eru mörg atriði, sem ráða þarf fram úr, og í reglugerð þyrfti að kveða á um fjölda þeirra sérfræðinga, sem vinna að sálfræðiþjónustu og viðfangsefnum þeirra í einstökum skólum og fræðsluhéruðum. Það leiðir af eðli málsins, að þau störf, sem hér um ræðir, a. m. k. í a-lið 2. gr., verða að vinnast á staðnum. Þau verða að vinnast í skólunum sjálfum að verulegu leyti, og okkur flm. finnst eðlilegt að hafa hliðsjón af umdæmum námsstjóra, sem eru 6 eftir gildandi lögum, þó að ekki starfi menn í þeim öllum. Það er eðlilegt, að stefnt verði að því, að sérfræðingar þeir, sem hér um ræðir, verði, þegar fram í sækir a. m. k., búsettir á sínum starfssvæðum. Það er ein af eðlilegum kröfum þeirra, sem í dreifbýlinu búa, að þeir sérfræðingar og aðrir opinberir starfsmenn, sem þeirra málum sinna öðrum fremur, séu búsettir á því svæði, þar sem þeir starfa. Það getur, án þess að neitt annað komi til, orðið til þess að jafna búsetuna í landinu, því að vitað er, að svona menn, menntamenn, vísindamenn og sérfræðingar, gera umhverfi sitt byggilegra. Þeir laða aðra að, sem vilja fremur búa á slíkum stöðum, eftir að þessir menn hafa setzt þar að.

Ég hef þá, að ég hygg, herra forseti, lokið þessari framsögu, þó að vissulega mætti margt um málið segja til viðbótar því, sem ég hef nú sagt, en ég læt duga að vísa til þeirrar talsvert ítarlegu framsögugræðu, sem ég flutti um málið fyrir ári. Ég skal taka það fram nú eins og þá, að þetta frv. er ekki flutt til þess að gera lítið úr því, sem unnið hefur verið að þessum verkefnum, heldur til þess að leggja áherzlu á, að þetta starf þarf einmitt að auka og koma í fastara form.

Ég dreg svo að lokum saman það, sem ég hef verið að reyna að segja: 1. Náms- og starfsaðstöðu þarf að taka upp að nýju í stórauknum mæli. 2. Sálfræðiþjónustu í skólum ber að efla. Það er einróma krafa allra skólamanna og ótal raddir hafa komið fram um það. 3. Rannsóknarstörf á námsefni, kennsluaðferðum, próftilhögun, námsbókum, skólaskyldualdri, skólabyggingum o. fl. þess háttar þarf að stórauka. 4. Þessar greinar eru það skyldar, að hagkvæmt og heppilegt er, að þeim sé stjórnað frá einni stofnun, sem við flm. höfum nefnt í frv. ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála. 5. Koma þarf málum þannig fyrir, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu, og eðlilegt gæti verið, að þetta verkefni væri enn fremur falið stofnuninni. 6. Menntmrh. setji reglur um störf stofnunarinnar, þ. á m. um fjölda þeirra sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem að sálfræðiþjónustu vinna, og viðfangsefni þeirra í hinum einstöku skólum og fræðsluhéruðum landsins. 7. Hafa skal hliðsjón af umdæmum námsstjóra, þegar ákveðin eru starfssvæði þessara manna, og stefnt að því, að þeir verði búsettir hver á sínu starfssvæði. Og 8. Kostnaður af störfum stofnunarinnar mun fást að verulegu leyti uppi borinn í bættri kennslutilhögun, ef frv. verður að lögum.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 445).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 445 ber með sér hefur hún eða þeir, sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar n. afgreiddi málið, orðið sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Eins og fram kemur í nál. og hv. þdm. mun kunnugt, er í frv. því um grunnskóla, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ., gert ráð fyrir því, að þjónustu af því tagi, sem hér er um að ræða, verði komið á fót. Nú hef ég út af fyrir sig ekki krufið það til mergjar, hvort þær hugmyndir, sem þar koma fram, eru nákvæmlega þær sömu og fyrir flm. frv. vakir. Ég geri ráð fyrir, að svo sé ekki, tel það sennilegt, en það skiptir ekki höfuðmáli, því með tilliti til þess, að mér skilst að ekki sé gert ráð fyrir, að frv. um grunnskóla verði afgreitt á því þingi, sem nú situr, taldi n. eðlilegt, að málinu yrði að svo stöddu vísað til ríkisstj., þannig að hugmyndir þær, sem í því felast ásamt öðrum hugmyndum um framkvæmd þeirrar þjónustu, sem hér er um að ræða, verði þá til athugunar þar til þetta mál verður lagt fyrir næsta þing.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég á nú sæti í menntmn., sem leggur það til, að þessu frv. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála verði vísað til hæstv. ríkisstj., og ég hef ekki neitt við það að athuga, að sú málsmeðferð verði viðhöfð. Þetta er nú í annað skipti, sem ég og hv. 2. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. flytjum frv. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála, og tilgangurinn með þeim frv.-flutningi var að koma á slíkri stofnun. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt það til í frv.-formi, sem að vísu verður nú ekki afgreitt á þessu þingi, að bæði þessi atriði verði tekin upp í sambandi við þá grunnskóla, sem hér á að koma á fót. Tilganginum er þess vegna að verulegu leyti náð með flutningi frv.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði, að það mundi að líkindum ekki fara saman þær till., sem frv. gerir ráð fyrir annars vegar og svo þær hugmyndir, sem höfundar grunnskólalagafrv. hafa um skipan þessara mála hins vegar. En svo vel vill til, að þau fara mjög vel saman, og ég hygg, að menn þurfi nú ekki mjög lengi að skoða þessi frv. til þess að kynna sér það.

Um skólarannsóknirnar, sem eru annað meginatriði okkar frv., er fjallað í 8. kafla frv. um grunnskóla. Þar segir, að í menntmrn. skuli vera

deild, sem hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í starfi skólarannsókna og umbætur í starfi skóla, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og till. um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samráði við Kennaraskóla Íslands. Um þetta fjallar b-liður 2. gr. frv. okkar, og þar eru svo til með alveg sama orðalagi talin upp þau verkefni, sem skólarannsóknir eiga að hafa. Þetta er eðlilegt, þar sem starf þeirra er að nokkru leyti byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefur af skólarannsóknadeild menntmrn., einungis stendur til að stórauka þetta starf.

Sama má að verulegu leyti segja um sálfræðiþjónustuna. Um hana fjallar 14. kafli grunnskólafrv., og þar segir, að koma skuli á ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla og að sálfræðideild skuli vera við hverja fræðsluskrifstofu landsins. En í okkar frv. segir um þetta, að þegar ákveðin eru starfssvæði sálfræðinga og félagsráðgjafa, er starfa á vegum stofnunarinnar, skal hafa hliðsjón af umdæmum námsstjóra. Stefnt skal að því, að þessir starfsmenn verði búsettir hver á sínu starfssvæði, og verkefnið er skilgreint í a-lið frv. þess, sem hér um teflir, og það er nánast alveg það sama og 14. kafli grunnskólafrv. telur upp, aðeins með örlitið breyttu orðalagi.

Ég held því, að flm. frv. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála megi eftir atvikum vel við una þá afgreiðslu, sem hér stendur til að framkvæma. Ég vona, að það þing, sem kemur eftir þetta, og þeir hv. þdm., sem sæti koma til með að eiga á því þingi, sýni þessu máli verðskuldaðan áhuga og hjálpi til við að koma a. m. k. þessum hluta frv. um grunnskóla í framkvæmd, því að á því hygg ég, að sé full þörf. Einu atriðinu er með nokkuð öðrum hætti fyrir komið heldur en ráð er fyrir gert í frv. okkar. Við gerðum ráð fyrir því, að kostnaður við þessa starfsemi yrði að öllu leyti greiddur úr ríkissjóði. Eins og nú er, þá er skólarannsóknadeildin kostuð algerlega af ríkissjóði, annar helmingur þessa verkefnis, en sálfræðiþjónustan að öllu leyti af skólahéruðunum. Og afleiðingin hefur orðið sú, að sálfræðiþjónusta er mjög óvíða til, nánast hvergi nema í Reykjavík og að nokkrum hluta í Reykjaneskjördæmi, þar sem sveitarfélögin þar hafa komið sér saman um og ráðið einn sálfræðing til þess að gegna þessum störfum. Þegar þetta frv. var til meðferðar hér við 1. umr. í fyrra, þá lýsti hæstv. menntmrh. því sem sinni skoðun, að sálfræðiþjónustan skyldi áfram vera verkefni sveitarfélaganna. Nú sé ég mér til ánægju, að horfið er frá þessari skoðun, því að í frv. um grunnskóla er gert ráð fyrir því, að sálfræðiþjónustan verði kostuð að hálfu af ríki og að hálfu af sveitarfélögum, sem sagt farið með það eins og annan skólakostnað, eins og flestir geta séð við lestur frv. Ég tel þetta til mikilla bóta og auðvitað til stórbóta, að það sé lögfest, að sálfræðiþjónusta skuli vera í fræðsluhéruðunum, því að framhald á þeirri braut, sem farin hefur verið, mundi ekki leiða til heppilegs fyrirkomulags þessara mála, eins og ég sýndi fram á, að ég hygg, nokkuð rækilega, þegar þetta frv. var hér til 1. umr. fyrr í vetur.

Ég skal ekki gera þessi mál frekar að umtalsefni. Það er ljóst, að verkefni þessa Alþ. bíða næsta þings og það gefst tækifæri til þess að ræða þau þar fyrir þá, sem hér verða þá. En ég vildi, að þetta kæmi fram í sambandi við þessa afgreiðslu málsins, að ég er manna ófúsastur til þess að fela hæstv. ríkisstj. meðferð þeirra frv., sem ég hef flutt hér á þingi og margsinnis lýst því, en í þetta skipti tel ég þó, að hægt sé að sætta sig við þá afgreiðslu, með því að eðlilegt má telja, að þessi þáttur skólastarfsins bíði heildarathugunar eins og aðrir þættir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 445 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 14 shlj. atkv.

4. Hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja [84. mál] (þmfrv., A. 87).

Á 13. og 14. fundi í Ed., 9. og 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 5. landsk. þm. lagafrv. það, sem hér er til umr., sem fjallar um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja. Ákvæði frv. taka einvörðungu til hinna stærri fyrirtækja eða m. ö. o. þeirra fyrirtækja, sem mesta þýðingu hafa fyrir atvinnulíf okkar. Stærð fyrirtækjanna er hér metin eftir starfsmannafjölda og miðað við starfsmannatöluna 50 eða fleiri, en vitanlega er sú tala matsatriði.

Rekstrarform atvinnufyrirtækja hér á landi er með ýmsu móti. Algengast er hlutafélagaformið, þar sem hluthafarnir, eigendur fjármagnsins í félaginu stjórna fyrirtækinu og ráða starfsemi þess. Oftast eru hlutafjáreigendurnir í hverju fyrirtæki eða eigendur að meiri hl. hlutabréfanna mjög fámennur hópur, en þessir fáu menn geta þó haft öll ráð fyrirtækisins í sinni hendi. Fjármagnið ber að meta að verðleikum, en áhrif þess mega ekki vera svo sterk, að aðrir þættir framleiðslunnar séu í reynd áhrifalausir. Þegar litið er til atvinnufyrirtækja, sem rekin eru á hlutafélagsgrundvelli, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort réttlátt sé til frambúðar að láta hluthafana eina, sem fjárhagslega séð bera ekki persónulega ábyrgð á rekstrinum, ráða svo miklu, en starfsmenn fyrirtækjanna engu, sem hljóta þó

að hafa verulegra hagsmuna að gæta um það, hvernig fyrirtæki er rekið og hvernig því vegnar. Reyndar er það svo, að fjármagn atvinnufyrirtækja, sem rekin eru af hlutafélögum, kemur iðulega aðeins að litlu leyti frá hluthöfunum sjálfum, heldur er það fengið að láni frá bönkum og öðrum opinberum sjóðum, stöku sinnum að vísu með persónulegri ábyrgð hluthafa. Það er því sparifé almennings, sem hlutafélögin og ýmis önnur atvinnufyrirtæki í landinu hafa til ráðstöfunar. Lánastofnanir í landinu munu nú gera meira af því en áður að fylgjast með rekstri og afkomu atvinnufyrirtækja, sem þær lána fé til, og er það vel. Lánastofnanir geta líka sett ýmis skilyrði fyrir lánveitingum, skilyrði um uppbyggingu fyrirtækjanna og endurbætur á rekstri þeirra. Þannig má segja, að lánveitingavaldið hafi tök á því að öðlast nokkurn íhlutunarrétt um stjórn og rekstur fyrirtækjanna, en hér er það eins og áður fjármagnið eitt sem ræður, en vinnan kemur þar ekki við sögu.

Annað rekstrarform atvinnufyrirtækja hérlendis, sem er talsvert notað, er samvinnufélagaformið. Samvinnufélögin eru um margt frábrugðin hlutafélögunum. Samvinnufélögin eru opin öllum, sem fullnægja tilteknum skilyrðum. Félagsmenn samvinnufélags eru því að jafnaði miklu fleiri en félagsmenn hlutafélags. Í samvinnufélagi njóta allir félagsmenn réttar á félagsfundum, en í hlutafélögunum er rétturinn misjafn og miðast við hlutafjáreign. Menn geta ekki selt og keypt rétt til þátttöku í samvinnufélagi á sama hátt og hlutabréf ganga kaupum og sölum. Markmið samvinnufélaganna er að eiga viðskipti við félagsmenn sína og efla hagsæld þeirra með því að veita þeim hagstæð viðskiptakjör. Í reynd eiga þó samvinnufélög margháttuð viðskipti við utanfélagsmenn. Áhrif fjármagnsins á stjórn og rekstur samvinnufélaga eru ekki eins sterk og áberandi og hjá hlutafélögunum, en í báðum tilvikum eiga starfsmenn fyrirtækjanna enga aðild að stjórn þeirra.

Þriðja rekstrarformið, sem ég geri hér að umtalsefni, eru svo opinberu fyrirtækin, sem eru í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hér á ég að sjálfsögðu við atvinnufyrirtæki en ekki þjónustustofnanir, þótt glögg skil séu þar ekki ávallt á milli. Opinberu fyrirtækin á að mínu viti að reka á hliðstæðan hátt og vel rekin einkafyrirtæki, þ. e. a. s. þau eiga að skila hagnaði, þjóna vel hagsmunum viðskiptavina sinna og vera samkeppnisfær, þar sem um samkeppnisaðstöðu er að ræða. Opinberum fyrirtækjum er að jafnaði stjórnað af nefndum, ráðum og stjórnum, sem kosnar eru af sveitarstjórn eða Alþ. eða skipaðar af ríkisstj. Stjórnendur fyrirtækjanna eru því fulltrúar almannavaldsins, en starfsmenn fyrirtækjanna eiga ekki aðild að stjórn þeirra fremur en fyrirtækja, sem rekin eru af hlutafélögum og samvinnufélögum. Hvert sem rekstrarform atvinnufyrirtækis er, þá er viðhorf starfsmanna til þess svipað. Þeir líta á fyrirtækið sem vinnuveitanda sinn, þeir hafa áhuga á, að fyrirtækið dafni og geti veitt þeim varanlega atvinnu og búið þeim góð launakjör. Þeir líta á það sem mikinn ávinning, að öðlast hlutdeild í stjórn þess.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að starfsmenn atvinnufyrirtækja, sem hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, eiga rétt á að kjósa einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn fyrirtækisins til viðbótar þeim stjórnarmönnum, sem skipaðir eru eða kjörnir á annan hátt. Eigi skiptir máli í þessu sambandi, hvort fyrirtæki er rekið af hlutafélagi, samvinnufélagi, ríki eða sveitarfélagi, en réttur starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórnina er þó að sjálfsögðu bundinn við fyrirtæki, er lúta sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd. Fulltrúi starfsmanna í stjórn fyrirtækis á að njóta þar sömu réttinda og aðrir stjórnarmenn, þar með talinn atkvæðisréttur á stjórnarfundum, og samkv. frv. skal félmrn. með reglugerð setja fyllri ákvæði um framkvæmd l. og skera úr ágreiningi, sem upp kann að koma.

Svo sem í grg. með frv. segir, er það markmið frv. að styrkja aðstöðu launastéttanna í atvinnulífinu gagnvart eigendum fjármagnsins, að dreifa hinu efnahagslega valdi og auka samábyrgð vinnuveitenda og launþega. Það er ljóst, að í hendi stjórnenda hinna stærri atvinnufyrirtækja er mikið efnahagslegt vald saman komið. Er ekki rétt að dreifa þessu valdi með því að fá launþegum í hendur beina hlutdeild að því? Er ekki skynsamlegt að gera launþegana samábyrga vinnuveitendum um rekstur atvinnufyrirtækjanna? Mundi slík ráðstöfun eigi líkleg til að skapa gagnkvæmt traust og setja niður kjaradeilur? Eiga ekki starfsmennirnir rétt á að hafa aðgang að sem ógruggustum upplýsingum um hag og afkomu fyrirtækis, er þeir vinna hjá? Er ekki sennilegt, að þekking þeirra og reynsla kæmi að góðum notum við stjórn fyrirtækisins? Er það ekki sameiginlegt hagsmunamál eigenda og starfsmanna eins fyrirtækis, að því sé sem bezt stjórnað?

Öllum þessum spurningum ber að svara játandi og á þeirri afstöðu byggist flutningur þessa frv. Við, sem þetta frv. flytjum, gerum okkur þess ljósa grein, að hér er um algert nýmæli að ræða, þar sem eigi er við neina reynslu að styðjast. Af þeim sökum er mikið vandaverk að semja lagareglur um þetta efni og mörg álitamál rísa. Ég nefni sem dæmi það ákvæði 2. gr. frv., að fulltrúi starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja skuli kosinn til eins árs í senn. Hér kæmi vel til álita að kjósa hann í hverju tilviki til jafnlangs tíma og aðra stjórnarmenn, en kjörtími stjórnarmanna í atvinnufyrirtækjum getur verið ærið misjafn eftir því, hvers konar fyrirtæki um er að ræða.

Annað dæmi má nefna. Í frv. er hugtakið atvinnufyrirtæki ekki skilgreint, enda getur það verið torvelt, einkum þegar um ríkisstofnanir er að ræða. Samkv. frv. mundi félmrn. skera úr ágreiningi um þetta efni. Með þessu frv. er í raun réttri lagt til, að gerðar verði breytingar á l. um hlutafélög og l. um samvinnufélög, svo og l. um einstök ríkisfyrirtæki. E. t. v. er ekki nægilega vel um þessa hnúta búið í frv. Með hliðsjón af þessum atriðum erum við flm. frv. fúsir til að endurskoða einstök ákvæði frv. og fallast á lagfæringar og breytingar, svo framarlega sem grundvallarhugsun frv. verði ekki raskað. En hvað sem því líður, er það skoðun mín, að hvernig sem lög um þetta efni yrðu úr garði gerð í upp-

hafi, þyrfti óhjákvæmilega að endurskoða slíka löggjöf innan fárra ára í ljósi reynslunnar.

Ég hef ekki undir höndum neinar skrár yfir íslenzk atvinnufyrirtæki og starfsmannafjölda þeirra. Þó vil ég leyfa mér að nefna nokkur atvinnufyrirtæki, sem ég tel líklegt, að féllu undir ákvæði frv., ef að lögum yrði, en þau eru þessi: Eimskipafélag Íslands, Loftleiðir, Álverksmiðjan í Straumsvík, Flugfélag Íslands, Álafoss, Slippstöðin á Akureyri, Skipaútgerð ríkisins, Sementsverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan, Sláturfélag Suðurlands, Bæjarútgerð Reykjavíkur, Útgerðarfélag Akureyringa, olíufélögin, Samband ísl. samvinnufélaga og öll stærstu kaupfélög landsins. Þau fyrirtæki, sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, eru þó að sjálfsögðu miklu fleiri. Það er lausleg ágizkun mín, að af samþykkt þessa frv. mundi leiða, að um það bil 10 þús. launþegar í landinu yrðu aðnjótandi hlutdeildar í stjórn atvinnufyrirtækja.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir, enda þótt hér sé að mínu áliti um merkilegt mál að tefla. En ég vildi aðeins láta í ljós fylgi mitt við þá hugsun, sem þetta frv. byggist á, þá hugsun, að það sé eðlilegt og heilbrigt, að þeir, sem vinna við fyrirtæki, fái aðstöðu til þess að fylgjast með rekstri þess og hafa nokkur áhrif á stjórn þess. Ég álít, að það sé eðlilegt, að þeir fái þannig aðstöðu til þess, því að eins og hv. frsm. gat hér um áðan, eiga þeir, sem vinna við fyrirtækið, ekki síður mikið í húfi varðandi allan rekstur þess heldur en sá, sem er eigandi þess, og ég held, að það sé sanngjarnt að veita vinnunni hér nokkurn rétt á móts við fjármagnið, að það sé ekki eðlilegt, að sá, sem á fjármagnið eða leggur til fjármagnið, hafi öll ráð fyrirtækisins í sinni hendi, enda er það nú í reyndinni svo, að eigendur fyrirtækja leggja oftast nær að langminnstu leyti til eigið fjármagn í þessi fyrirtæki. Að langmestu leyti eru þau byggð upp af lánsfé, sem almenningur leggur til, þannig að ég álít, að það sé réttmæt og heilbrigð hugsun að veita vinnunni, þeim, sem vinna við fyrirtækin, hlutdeild í stjórn þeirra og aðstöðu til áhrifa á rekstur þeirra og kannske ekki sízt það að veita þeim aðstöðu til þess að fylgjast með í öllu því, sem að stjórn og rekstri fyrirtækisins lýtur. Og ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna á það, að í frv., sem við framsóknarmenn höfum lagt hér fram, um atvinnufyrirtæki vissulega, þ. e. a. s. togaraútgerð ríkisins, þá höfum við einmitt farið inn á þessa braut, að skipshafnirnar, sjómennirnir, bæði yfirmenn og undirmenn nefni til tvo menn í stjórn þessa fyrirtækis. Og hitt er svo annað mál, að það hljóta ýmis atriði að koma til athugunar, þegar á að setja löggjöf um efni sem þetta, og satt að segja finnst mér þetta frv., sem hér liggur fyrir, vera fulleinfalt í sniðum. Ég er hálfhræddur um, að það leysi ekki úr öllum þeim vafaatriðum, sem upp kunna að koma í sambandi við þetta mál. Það er að vísu svo, að það er gert ráð fyrir því, að nánar verði mælt fyrir um þessi atriði í reglugerð, en ég gæti trúað, að ýmis þau efni, sem þar kæmu til álita, væru þess eðlis, að það væri eðlilegra, að skýrt væri kveðið á um þau í l.

Hv. flm. minntist nú einmitt á nokkur slík atriði, sem gætu verið dálítið vafasöm í þessu sambandi, t. d. strax á skilgreiningu á hugtakinu atvinnufyrirtæki. Ég er ekki alveg viss um, að það sé ljóst, hvað þar kemur undir, og eins og hann drap réttilega á, þá gæti það einmitt verið vafasamt um ýmis ríkisfyrirtæki, hvort frekar ætti að flokka þau undir atvinnufyrirtæki eða þjónustufyrirtæki. En auk þess kemur það til, að þó að um þjónustufyrirtæki sé að tefla, þá kann að vera eðlilegt, að þeir, sem vinna við slíkt fyrirtæki, eigi þar einhverja hlutdeild að, alveg eins og þegar um er að ræða fyrirtæki, sem flokkaðist undir það að vera hreint atvinnufyrirtæki. Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn sé í vafa um það eða yrði í vafa um það, að Síldarverksmiðjur ríkisins t. d. yrði atvinnufyrirtæki. En ég býst við, að það gæti hins vegar vafizt frekar fyrir mönnum að gera grein fyrir því, hvort Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins væri atvinnufyrirtæki eða það, sem venjulegt er að tala um, ríkisstofnun. (Gripið fram í.) Það eru sérstök lög um hana að vísu, já. Þannig ætla ég, að það gæti nú orðið í fleiri tilfellum, að það geti verið annað mál, þannig að ég fyrir mitt leyti teldi það nú æskilegt, að þetta væri afmarkað skýrar, ef nokkur kostur er, til hvaða fyrirtækja og stofnana þetta frv. taki, því að hvers vegna skyldu ekki stofnanir líka geta komið hér til álita.

Þessu frv. er ætlað að taka til atvinnufyrirtækja, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu og sveitarfélögum. En svo eru fyrirtæki, sem einn aðili rekur. Það má segja, að það sé engin stjórn í slíkum fyrirtækjum. En í sjálfu sér getur verið alveg eins eðlilegt að veita þeim, sem halda slíku fyrirtæki uppi með vinnu sinni, einhvern kost á því að fylgjast með rekstri þess fyrirtækis. Það getur verið, að það sé erfitt að koma slíku við, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem þannig er algerlega í einkaeign. En auðvitað stendur eins á að því leyti til, að það er ekki þar fremur en í hinum tilfellunum yfirleitt um það að ræða, að sá einkaaðili, sem fyrirtækið rekur og hefur á sínu nafni, eigi allt það fjármagn, sem það fyrirtæki byggist á, heldur gildir eins í því tilfelli, að hann verður auðvitað að leita eftir lánsfé og byggja sinn atvinnurekstur að verulegu leyti á því. Enn fremur er það, að það er nú kannske í óljósasta lagi að miða skilgreininguna eða miða það, til hverra lögin taki, við fyrirtæki, sem að jafnaði hafa yfir 50 menn í þjónustu sinni. Ég held, að þetta sé dálítið teygjanlegt og væri líka æskilegra að hafa þar eitthvað ákveðnara, ef kostur er. Það er gert ráð fyrir því, að þessir starfsmenn fái einn mann í stjórn. Ég fyrir mitt leyti gæti nú allt eins vel hugsað mér, að þeir, sem við fyrirtækið vinna, fengju t. d. tvo menn. Ég held, að það væri allt eins heppilegt að haga því þannig, heldur en hafa bara einn fulltrúa af hálfu þeirra, sem vinnu stunda hjá fyrirtækinu.

Það er kveðið á um það í þessu frv., að fulltrúi

starfsmanna í stjórn fyrirtækis njóti sömu réttinda og aðrir fulltrúar í stjórn fyrirtækisins. En ég býst við, að það verði talið eðlilegt, að jafnframt því, sem hann á að njóta sömu réttinda, hvíli líka á honum sams konar skyldur og hann beri sams konar ábyrgð og stjórnarmenn í þessum fyrirtækjum. Það kann að vera, að það eigi að felast í þessu, þar sem sagt er, að hann hafi réttindi eins og aðrir stjórnarmenn.

Ég vildi aðeins drepa á þessi atriði. En það er síður en svo til þess að andmæla frv. Það má vel vera, eins og hv. flm. drap á, að erfitt sé að setja í upphafi ítarlegar reglur um þetta og það verði að notast við eins konar rammalöggjöf og fylla svo út með reglugerð, en eigi að síður held ég, að það væri nú æskilegra að undirbúa löggjöf um þetta efni betur heldur en mér sýnist frv. bera vitni um. En ég fellst á þá stefnu, sem lýsir sér í þessu frv. Ég lýsi fylgi við þá grundvallarhugsun, sem það er byggt á, og ég held, að það sé ástæða til þess að gefa þessum málefnum meiri gaum en gert hefur verið, hinu svokallaða atvinnulýðræði, sem talað hefur verið um nokkuð að undanförnu, og ég hygg, að það sé nú hægt að fá upplýsingar og fyrirmyndir um þessi efni annars staðar frá, þar sem þetta hefur allmikið verið reynt í framkvæmd, að ég hygg.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja, er algert nýmæli hér á landi og þótt víðar væri leitað. Mér finnst ekki aðeins, að frv. orki tvímælis, heldur að það sé fráleitt og hugsunin bak við frv. vægast sagt lítið grunduð. Í 1. gr. frv. er tekið fram, að frv. taki til atvinnufyrirtækja, er hafi að jafnaði yfir árið 50 starfsmenn eða fleiri, sama að sjálfsögðu hvort um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða atvinnurekstur ríkis eða sveitarfélaga, enda lúti fyrirtækin sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd. Sem dæmi má nefna einkarekstur, sem verður ekki líklega þess stjórnarmanns aðnjótandi, við skulum segja einkarekstur, þar sem einn eigandi eða einn stjórnandi er að fyrirtækinu. Þar er um enga stjórnarnefnd að ræða. Mér er ekki kunnugt um, að sérstakar stjórnarnefndir séu við skulum segja hjá samvinnufélögunum. Er það ekki þannig, að forstjórinn rekur viðkomandi verksmiðjur án stjórnarnefndar, eða er þá ætlunin hjá hv. flm., að t. d. einn fulltrúi frá starfsmönnum hverrar verksmiðju SÍS, sem hefur yfir 50 starfsmenn að meðaltali yfir árið, fái sæti í stjórn Sambandsins í þeim tilfellum, að viðkomandi verksmiðja lúti ekki sérstakri stjórn?

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um kosningu stjórnarfulltrúa viðkomandi atvinnufyrirtækis, að slíkt kjör skuli fara fram í janúar-febrúar ár hvert. Nú er það svo um mörg atvinnufyrirtæki, að þau starfa aðeins hluta úr árinu. Rekstur sumra fyrirtækja er enginn eða nær enginn, þegar þessi árlega kosning á að fara fram. Sem dæmi má nefna síldarverksmiðjurnar á Norður- og Austurlandi, þegar þær voru í mestum blóma. Flutningur starfsmanna hér á landi milli atvinnufyrirtækja er líklega margfalt meiri heldur en víða annars staðar, sem m. a. veldur hinn árstíðabundni atvinnurekstur landsmanna. Hætt er því við, að umskipti slíkra stjórnarmeðlima yrðu ekki síður ör og undir hælinn lagt, hvaða tilgangi slíkt ætti að þjóna, að nýir menn kæmu í stjórn fyrirtækjanna jafnvel án þekkingar og reynslu á rekstrinum eða starfsemi félaganna. Ef þetta er virkilega hugsun flm., er þá ekki einnig hugsun þeirra, að atvinnurekstur eða stjórnendur stærri fyrirtækja, sem hafa t. d. 50 starfsmenn að meðaltali á ári, fái sína fulltrúa í viðkomandi launþegafélögum? Mér er nær að halda, að það hljóti að vera rökrétt hugsun í framhaldi af þessu. Að t. d. útgerðarmaður fiskibáta, eins og annar flm. þessa frv., fengi aðild að stjórn þess frystihúss, sem þeir skipta við, t. d. ef hann leggur upp ákveðið aflamagn á ári. (**JÁH:** Maður er mjög feginn.) Ég skil það ósköp vel. Ég tel, að lýðræðið á vinnustað sé málefni, sem aðilar vinnumarkaðarins eiga sjálfir að semja um, eins og gert hefur verið á Norðurlöndum, þó ekki í þessu formi, heldur með samstarfsnefndum, en löggjafinn sé ekki aðili til að setja um það fastskorðuð lög eða reglur, eins og hér er kveðið á um, enda mjög dregið í efa, að slíkt samræmist íslenzkri stjórnarskrá. Enn þá er eignarréttur virtur á Íslandi og hér er gengið of langt í takmörkun hans. Fulltrúi launþega í stjórn á þar atkvæðisrétt um meðferð fjármála annarra manna, en á enga fjárhagsábyrgð að bera sjálfur né heldur hans umbjóðendur. Ég fæ ekki séð, að slík aðild launþega að stjórnun fyrirtækja fái samrýmzt eignarréttarhugmyndum Íslendinga almennt og rétti vinnuveitenda til þess sjálfir að ákvarða og stjórna sínum atvinnurekstri.

Þar sem fyrirkomulag í átt við það, sem hér er hugsað, hefur verið reynt í lýðfrjálsum löndum, hefur það gefizt vægast sagt misjafnlega. Hitt er svo annað mál, að persónulega tel ég æskilegt, að með breyttum aðstæðum yrði stofnað til samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda hinna stærri og meðalstórra fyrirtækja. Þar mundu vinnuveitendur, fulltrúar þeirra og fulltrúar launþega ræða málefni fyrirtækisins, vinnuskilyrði og ýmsan aðbúnað á vinnustað, nýmæli í rekstri og vinnubrögðum og fyrirhugaða stefnu stjórnenda í málefnum atvinnufyrirtækisins. Þannig mundu fulltrúar starfandi launþega fá tækifæri til að kynnast afkomu fyrirtækisins, vandamálum og framtíðarhorfum, leggja orð í belg og koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að sjálfsögðu kæmi vinnuveitandinn sínum sjónarmiðum á framfæri, ekki síður þeim, sem snúa að launþeganum. Og af því að ég minntist á samstarfsnefndir, þá má upplýsa það, að á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku, hafa slíkar nefndir starfað í stærri atvinnufyrirtækjum um 25 ára skeið og eflaust margt gott af því samstarfi hlotizt. Enn fremur má upplýsa, að fyrir tug ára var stofnað til nefndar milli heildarsamtaka vinnuþiggjenda og vinnuveitenda hér á landi, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, einmitt til þess að gera till. um samstarfsnefndir innan atvinnufyrirtækja. Í þeirri nefnd áttu sæti, ef ég man rétt, núv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson. Frá þessum tíma liggur einmitt fyrir till. um reglur um samstarfsnefndir, sem að mínum dómi væri

sú rétta leið, sem aðilar vinnumarkaðarins ættu sjálfir að athuga nánar.

Herra forseti. Ég skal ekki andmæla því, að þetta frv. fái þinglega meðferð og sé vísað til n. Það eru hins vegar tilmæli mín til þeirrar n., sem fær frv. til umsagnar, að leitað sé álits sem flestra, sem málið varðar, bæði beint og óbeint, einnig að n. kynni sér rækilega þá annmarka, sem slík lagasetning hefur gagnvart íslenzkri stjórnarskrá.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú að láta hv. fyrri flm. það eftir til tilbreytingar að glíma við þann málflutning, sem hér var í frammi hafður af einum stjórnarmanni í Vinnuveitendasambandinu, því að það er ekki svo oft, sem hann eða hans flokksbræður glíma við sjónarmið atvinnurekenda hér á hv. Alþ. En mig langar samt til að segja um þetta mál nokkur orð og þá fyrst það, að ég er sízt staðinn hér upp til þess að hafa í frammi nokkur mótmæli gegn þessu frv. og allra sízt þeirri hugmynd, sem að baki þess liggur, því að ég er þeirrar skoðunar, að hér sé gripið á mjög mikilsverðu máli, sem verðskuldi það, að því sé fullur gaumur gefinn og það verði athugað gaumgæfilega hér í hv. d., fyrst það er af þessu tilefni, sem þetta frv. kemur. Sannleikurinn er sá, að mönnum er að verða það æ ljósara á síðari tímum, að lýðræði er mörgum þáttum slungið og síður en svo einskorðað við almennan rétt þegnanna til þess að kjósa til löggjafarþings eða önnur hliðstæð réttindi, svo mikilsverð sem þau þó eru. Fleirum og fleirum er að verða ljóst, að aukinn réttur hins almenna borgara á sviðum atvinnulífs og fjármálalegra efna verður æ brýnni, ef hann á ekki í siauknum mæli að verða áhrifalaus eða áhrifalítill um lífskjör sín og lífsskilyrði. Lýðræði í atvinnulífinu hefur því nú um skeið orðið æ háværari krafa verkalýðshreyfingar og vinstri manna víða um heim, og hefur náðst töluverður árangur í baráttunni fyrir framkvæmd þeirrar kröfu, þó að enn sé alls staðar langt í land að mæta þeim hugmyndum og óskum, sem verkalýðshreyfingin og sósíalískir flokkar hafa í þessum efnum. Til glöggvunar á þessu málefni er rétt að staldra aðeins við það, hvað almennt er átt við með atvinnulýðræði, og ég hef ekki aðra betri skilgreiningu á því heldur en þá, sem notuð er af brezka verkalýðssambandinu, en þar er talið, að fjögur meginsvið atvinnulýðræðis séu þessi:

1. Það, sem lýtur að ákvörðun launa og vinnuskilyrða, þ. e. a. s. að frjálsir samningar séu í heiðri hafðir og lagðir til grundvallar um launaákvarðanir og vinnuskilyrði.
2. Það, sem lýtur að æðri verkstjórn og skipulagi vinnu í fyrirtækjum, sem t. d. eru ákvarðandi fyrir vinnuálag og vinnuhafa, verkafólk.
3. Það, sem lýtur að yfirstjórn fyrirtækja.
4. Það, sem lýtur að eignarhaldi á fyrirtækjum.

Það er auðvitað auðsætt, að það er aðeins fyrsta atriði þessarar skilgreiningar, sem nú er almennt fullnægt að verulegu leyti með samnings- og verkfallsrétti verkalýðssamtaka í flestum lýðræðislöndum. Öllum hinum atriðunum er ófullnægt. Og eins og menn sjá, er í þessu frv. eingöngu fjallað, og þó aðeins að takmörkuðu leyti, um einn þátt atvinnulýðræðis, þ. e. a. s. þann, sem lýtur að yfirstjórn fyrirtækja, og þá aðeins þeirra, sem uppfylla ákveðin skilyrði um stærð og rekstrarform. Við því er auðvitað ekkert að segja, þó að þetta frv. spanni ekki yfir allt það mikla svið, þar sem er atvinnulýðræðið með öllum þess hugsanlegu þáttum. En mér þykir auðsætt, eins og reyndar hefur hér komið fram, að e. t. v. sé þó haldið þannig á þessu máli í þessu frv., að þar þurfi nokkuð um að bæta, og ég get fallizt á það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér, að e. t v. er ýmislegt of einfalt hér í sniðum.

Því er ekki að leyna, að í sambandi við slíkan hátt, sem hér er ætlað að taka upp og ég tel fulla ástæðu til þess að gera með löggjöf, — m. a. vegna þess að vinnuveitendur hér á landi hafa hafnað öllum hugmyndum í þessa átt, sem sannar það, að full ástæða er fyrir löggjafann að grípa hér inn í, — því er ekki að leyna, að það hafa, þar sem slíkt fyrirkomulag hefur að einhverju leyti verið reynt, sem hér er um að tefla, komið upp ýmis vandamál, sem varla er hægt að segja, að menn hafi enn þá komizt yfir. T. d. er það svo í Vestur-Þýzkalandi, þar sem þetta mun vera einna útbreiddast og þar sem atvinnurekendur eru almennt alveg á öfugri skoðun við hv. 7. landsk. þm., sem hér talaði, því að þeir beinlínis gangast fyrir um það að fá þetta fyrirkomulag í gegn. En aftur á móti hefur það sætt töluverðri og jafnvel vaxandi andstöðu verkalýðshreyfingarinnar þar, og það snertir einmitt eitt af þeim vandamálum, sem ég ætlaði hér að minnast á og ég tel að ástæða væri til að taka til meðferðar í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Þetta vandamál varðar t. d. stöðu þess fulltrúa, sem verkalýðshreyfingin eignast í stjórnarfyrirtækjum með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv. Sá skilningur kemur fram í grg., að frv. stefnir að því, segir þar, að styrkja aðstöðu vinnustéttanna í atvinnnulífinu gagnvart fjármagnseigendum. Í þessu felst það auðvitað, að fulltrúanum, sem kosinn er af vinnuhópnum, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., er fyrst og fremst ætlað að vera fulltrúi verkafólksins og hann er ábyrgur gagnvart því, þ. e. a. s. hann gerir ekki ráð fyrir því, að hann raunverulega lúti sömu lögmálum eða hafi alveg hliðstæðum skyldum að gegna við fjármagnseigendurna í fyrirtækjunum. En það hefur sýnt sig, að tvær hættur blasa þarna við, ef ekki er ákveðið nánar um réttarstöðu þessa fulltrúa. Ef hann er við skulum segja harðvítugur fulltrúi verkafólksins, þá á hann það á hættu, að eigendur fjármagns í fyrirtækinu, sem ráða þar lögum og lofum, fái vanþóknun á honum og honum verði lítt vært, bæði í stjórninni og jafnvel á vinnustaðnum, og getur hæglega þá rekið að því, að honum verði vikið úr starfi. Gegn þessu þyrfti, að mínu viti, að setja þann varnagla, að réttarstaða hans væri ákveðin þannig, að hann hefði a. m. k. jafnmikla vernd í sínu starfi eins og á sér stað samkv. núgildandi vinnulöggjöf og réttarstöðu trúnaðarmanna verkafólks. Í raun og veru er hann fyrst og fremst þess trúnaðarmaður í stjórninni, eða þannig skilst mér, að málið sé hugsað. Hin hættan er svo aftur sú, að

fulltrúar verði vegna samneytis síns við eigendur fjármagns í fyrirtækinu of háðir því, og við því þyrfti einnig að finna einhver ráð, því að það er náttúrlega til lítils unnið, ef maður, sem kallaður er fulltrúi verkafólksins, reynist í raun og veru smám saman verða leppur fyrir atvinnurekendur og hlutverk hans fyrst og fremst það kannske, að koma sjónarmiðum atvinnurekenda fram við verkafólkið. Það er einmitt af þessari ástæðu, sem t. d. brezka verkalýðssambandið hefur tekið þá afstöðu í þessu máli að gera kröfur til þess, að tilnefning fulltrúans sé ekki vinnustöðvamál, heldur mál viðkomandi verkalýðsfélags, og hygg ég, að það bæri að skoða það, hvort það tryggði ekki betur þær hugmyndir, sem flm. áreiðanlega hafa með sínu frv. Það er auðsætt, að sá fulltrúi, sem þarna yrði kosinn inn í stjórn fyrirtækjanna, gegnir ákaflega vandasamri stöðu og til vals hans verður mjög að vanda, ef eitthvert gagn á að verða af veru hans í fyrirtækinu, og hann verður að vera fær um það og honum verður að vera sköpuð aðstaða til þess að verja gerðir sínar og rökstyðja þær fyrir fólkinu, sem við fyrirtækið vinnur, því að fyrir það er hann kosinn í stjórnina og fyrir það á hann að starfa. Þetta aftur á móti snertir annað vandamál, sem fljótlega mundi koma á daginn, og það er það, hvernig á slíkur fulltrúi að geta varið gerðir sínar og komið fram sem ábyrgur fulltrúi fyrir verkafólkið, ef hann á ekki að hafa nokkuð frjálsar hendur til að skýra því frá t. d. fjármálalegri stöðu fyrirtækisins, rekstri þess á ýmsum sviðum, hvernig hann kemur út fjármálalega og öðru því um líku. Og sýnist mér þá komið að því, að það geti verið spurning, hvort ekki sé nauðsynlegt að setja um það reglur eða jafnvel lög, að fyrirtæki almennt og sérstaklega stór fyrirtæki séu skyldug til að gera meira eða minna grein fyrir rekstri sínum, fyrir fjármálum sínum og fyrir rekstri sínum. Við vitum það, að í ýmsum löndum, svokölluðum kapitalískum löndum, eins og t. d. Bandaríkjunum, er yfirleitt hægt að ganga að slíkum upplýsingum. Afkoma fyrirtækja þar er ekki neitt leyndarmál, heldur getur hver maður af götunni aflað sér öruggra upplýsinga um það, hvernig þetta eða hitt fyrirtækið gengur, því að yfirleitt birta þau — ég skal ekki segja, hvort það er gert með l., en a. m. k. er það venja — sína reikninga opinberlega og eru sízt að leyna því, ef vel gengur. Þetta eru atriði, sem ég teldi alveg lágmark, að væru tekin til skoðunar í sambandi við afgreiðslu á þessu frv. og í sambandi við þennan þátt atvinnulýðræðis, sem hér er um að ræða. Ég vil þá aðeins segja það um það mál í heild sinni, að ég álít, að það þurfi að takast upp af löggjafanum, af hagsmunasamtökunum á miklu breiðari grundvelli heldur en hér er gert, en tel þó, að hér geti mjór verið mikils vísir og það sé vissulega þarft og gagnlegt, að tilraun í þessa átt sé gerð.

Ég get svo líka fallizt á það, sem hér hefur fram komið, að það er nokkur ágalli á frv., að ekki virðist bara stærð fyrirtækjanna ráða þarna, sem flm. að vísu sagði, að væri matsatriði og það gæti verið til skoðunar, en það er eignarhaldið í fyrirtækjum og rekstrarformið, sem ræður líka nokkru um það, hvort starfsmennirnir eiga þarna að njóta einhvers íhlutunarréttar. T. d. mundu einkafyrirtæki, að mér sýnist, ekki vera skyldug til þess að þola nein slík afskipti af hálfu vinnuhópsins og ég dreg það í efa, að samvinnufélögin mundu almennt, eða a. m. k. mörg þeirra og þau stærstu, falla undir l., eins og frv. er nú úr garði gert. Mér er t. d. ekki ljóst, að t. d. við skulum segja stærstu iðnfyrirtæki í landinu, SÍS-verksmiðjurnar á Akureyri, hafi neina sérstaka stjórn. Þó kann svo að vera, en ég held, að þar hafi a. m. k. hvert fyrirtæki fyrir sig og það kynni að þurfa að skýrast nánar í frv., hvað væri átt við með fyrirtæki, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að þarna sé hugmynd flm. t. d., að vinnuhóparnir allir sameiginlega, sem vinna í iðnaðinum hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga eignuðust fulltrúa í Sambandinu, heldur væri um stjórn hvers fyrirtækis fyrir sig að ræða, enda held ég, að allt annað væri í raun og veru óhjákvæmilegt. En þá kemur spurningin um það, hvort slíkar stjórnir eru yfirleitt fyrir hendi og hvort nægilega er gengið frá því, að samvinnufélögin skuli lúta þessum l. En að öllu sjálfsögðu í sambandi við slíka hlutdeild starfsfólksins tel ég þó liggja næst, að samvinnufélögin, sem eru samtök almennings með hliðstæðum hætti eins og verkalýðsfélög, þau yrðu fyrst til þess að taka upp þá hætti, sem hér eru gerðar till. um. Hitt er svo annað mál, að ég veit ekki betur en fram að þessu hafi samvinnuhreyfingin verið algerlega mótfallin öllum þessum hugmyndum, og vil ég því sérstaklega fagna yfirlýsingu hv. formanns Framsfl. um það, að Framsfl. sé mikill fylgjandi atvinnulýðræðis. En sú yfirlýsing er ný af nálinni. Mér er kunnugt um það, að hér hafa á hv. Alþ. áður verið bornar fram till. um atvinnulýðræði og leitað umsagnar aðila og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hefur gengið einna harðast fram í því að mótmæla slíkum hugmyndum.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Af þremur hv. þdm., sem hér hafa talað, hafa tveir lýst því yfir, að þeir væru þeim grundvallarhugmyndum, sem í þessu frv. felast, samþykkir, og það voru hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég skil ræður þeirra svo, að það muni ekki vera, síður en svo, nokkurt óbrúanlegt bil á milli okkar flm. og þeirra, þó að þeir hafi ýmsar aths. við sjálft frv. að gera, enda tel ég það eðlilegt, að þetta þurfi mjög mikla skoðun. En hinu vil ég vara við, að menn geti búizt við því, að í upphafi sé hægt að setja um þetta löggjöf, sem sé mjög itarleg og víðtæk og fullkomin, heldur verða menn að fikra sig áfram og fara frekar hægt í sakirnar í upphafi og breyta þessu síðan í ljósi reynslunnar.

Ég tek t. d. eitt atriði, sem hér hefur verið bent á, reyndar af öllum hv. ræðumönnum, og það er það, sem maður kallar einkarekstur svona í þrengri merkingu, — þ. e. a. s. þegar það er einn einstaklingur, sem á fyrirtækið eða það er sameignarfélag, þ. e. a. s. það er ekki hlutafélag eða samvinnufélag, — hvers vegna eigi ekki það fólk, sem vinnur hjá slíkum fyrirtækjum, að fá einhverja hlutdeild í stjórnun þeirra alveg eins og annað fólk, sem vinnur hjá atvinnufyrirtækj-

um, sem rekin eru undir öðru formi. Og svarið við þessu er einfaldlega það, að ég kem ekki svona í upphafi auga á það, hvernig þessu ætti að vera háttað. Í fyrsta lagi eru svona atvinnufyrirtæki afar fátíð, það er afar fátítt, að þau séu stór og með margt starfsfólk. Þetta er til mikið í samrekstrinum, en það er afar fátítt, að svona atvinnufyrirtæki séu, sem hafa tugi starfsmanna í sinni þjónustu, það er a. m. k. miklu sjaldgæfara heldur en hin rekstursformin. Um það er ekki að deila. En ég sé ekki fljótt á litið, þar sem við skulum segja einn maður rekur bara fyrirtæki og á það og hefur hundrað starfsmenn og þeir vilja fá einhvern íhlutunarrétt, þá er ég ekki reiðubúinn til þess að svara því, hvernig þeirra hlutdeild ætti að vera háttað. Hins vegar má ekki skilja það svo, að við, sem þetta frv. flytjum, séum því andvígir, það er síður en svo, heldur er þetta fyrst og fremst hugsað sem upphafið. Þá hefur líka verið bent hér á, að það stæði til, að þetta ættu að vera að jafnaði 50 starfsmenn yfir árið. Auðvitað hef ég sagt, að þetta væri matsatriði. Ég held, að hv. 7. landsk. þm. hafi verið eitthvað að spauga með það, ef um væri að ræða fyrirtæki, t. d. þar sem væri mjög breytilegt starfslið, kannske eftir árstíðum, og ynnu fáir yfir veturinn og margir yfir sumarið. Hugsun okkar flm. er sú þarna, þar sem stendur: „að jafnaði yfir árið“, að þessi starfsmannafjöldi sé að jafnaði allt árið. Svo getur hann auðvitað verið töluvert hærri, þannig að fyrirtæki, ja, ég tek sem dæmi síldarverksmiðju, sem hefði 200—300 starfsmenn yfir sumarið, eða 2—3 mánuði ársins, en yfir veturinn ekki nema kannske 10—20 starfsmenn, þau féllu ekki undir þetta frv. Það er mín hugsun, að með því, „að jafnaði yfir árið“, sé einmitt verið að hugsa til þessara fyrirtækja, sem eru með mjög breytilegan starfsmannafjölda eftir árstíðum, eins og t. d. hraðfrystihúsa, það verði að jafnaði yfir allt árið. Hins vegar, hvort menn vilja setja einhverjar aðrar reglur, ef þetta ætti að vera einhver meðaltalsregla eða eitthvað, þá er það allt opið frá mínu sjónarmiði. Ég er aðeins að útskýra, hvaða hugsun var á bak við þetta orðalag, af því að það hefur verið spurt um þetta og það gagnrýnt.

Það er auðvitað ákaflega margt, ef maður fer að hugsa lengra út í margar spurningar, sem rísa, eins og t. d. hv. 4. þm. Norðurl. e. var að spyrja um stöðu fulltrúans. Það er alveg rétt, að það þarf auðvitað að marka hana. Kannske er bezt, að reynslan geri það. En vitanlega verður þessi fulltrúi í stjórn atvinnufyrirtækis, sem er kosinn af starfsmönnunum samkv. þessu frv., að standa á vissan hátt ábyrgur gagnvart þeim, hann verður að geta mætt þar á fundum í starfsmannafélaginu eða í verksmiðjunni og hann verður að geta skýrt frá rekstri fyrirtækisins og ýmsu, hvernig það er rekið, og borið fram till. og aths. fyrst og fremst og kannske gefið skýrslur og hlustað á starfsfólkið. Hitt er svo annað mál, að á vissan hátt verður hann náttúrlega alltaf bundinn trúnaði við fyrirtækið. Það getur auðvitað haft einhver viðskiptaleyndarmál eða einhver mál, sem eru til meðferðar um stjórn þess, sem um tiltekinn tíma eru trúnaðarmál. Og þetta er auðvitað vandmeðfarið. Svo má t. d. segja annað, sem hv. ræðumenn hafa ekki komið inn á. T. d. kosningareglurnar, hvernig á að kjósa þennan fulltrúa. Á þetta ekki að vera leynileg kosning og hvernig á að auglýsa fundi? Á þetta að vera allsherjaratkvgr. o. s. frv.? Þarna eru mörg atriði, sem vissulega kemur til álita að setja skýrar reglur um. Eins er það, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á og ég reyndar líka í minni frumræðu, spurningin um, hvað er atvinnufyrirtæki. Og hér er sem sagt atvinnufyrirtæki, sem lýtur sérstakri stjórn. Þetta er auðvitað sérstaklega erfitt í sambandi við opinbera rekstrinn sýnist manni, þar sem við tökum dæmi eins og ríkisspítalana, sem ég held, að lúti nú sérstakri stjórn enn. Það er ekki mín hugsun, að það sé atvinnufyrirtæki. Þó má segja kannske, ég skil nú ekki, að allur sá hópur manna, sem vinnur þar, hafi hlutdeild í rekstrinum. Frv. er grundvallað á því, ef maður getur svo að orði komizt, að fara svona frekar hægt í sakirnar og öðlast reynslu, þreifa sig áfram, sjá, hvernig þetta virkar.

Eins er t. d. með Samband ísl. samvinnufélaga. Ég hef nú ekki hugsað sérstaklega út í það. Ég meina það nú, að þegar talað er um samvinnufélög, þá taki það eðli málsins samkv. einnig til samvinnufélagasambanda eins og Sambands ísl. samvinnufélaga. Svo eru einhverjar verksmiðjur á Akureyri. Ef ég man rétt, eru þær reknar þannig, að Kaupfélag Eyfirðinga og Sambandið eiga þær og reka þær í sameiningu, og ég er ekki kunnugur því, hvort verksmiðjurnar þar hafa sérstaka stjórn. En í fyrsta lagi mundi auðvitað fulltrúi Sambandsins, ef þetta frv. yrði að l., kjósa fulltrúa í stjórn þess. Hvort svo eru einhver sérstök fyrirtæki innan Sambandsins, sem hafa sérstakar stjórnir og starfsfólk þess gæti kosið, það getur líka verið. Ég þekki ekki nógu vel uppbyggingu Sambandsins til þess að geta svarað þessu örugglega.

Þá kom líka hv. 4. þm. Norðurl. e. inn á mjög athyglisvert atriði og það er spurningin um verkalýðsfélögin, stéttarfélögin, hvaða hlutverk þau eiga að hafa og hvort verkalýðsfélögin ættu að kjósa fulltrúana í stjórn fyrirtækisins, en ekki starfsmennirnir. Þetta eru vitanlega umhugsunarefni. Mér finnst þó, miðað við það, hvernig verkalýðssamtökin eru skipulögð á Íslandi, þá er það mjög algengt, að hjá einu og sama atvinnufyrirtæki, ef það er stórt, þá vinna menn, sem eru félagsmenn í mörgum verkalýðsfélögum. Hér er skipulag verkalýðssamtakanna ekki á þá lund, þar sem það er bezt erlendis, þar sem yfirleitt sem flestir eða jafnvel allir, sem vinna í sama atvinnufyrirtæki, eru í sama stéttarfélagi. Hér er þetta öfugt eiginlega, þetta svokallaða lárétta skipulag, og þess vegna gæti þar orðið mikil togstreita, að fólkið í mörgum þessum fyrirtækjum getur verið í mörgum verkalýðsfélögum. Auðvitað er þetta nokkuð breytilegt eftir fyrirtækjum, en ég mundi telja, að þetta væri aðalreglan. M. a. af þeim ástæðum væri nú erfitt að koma því fyrir að láta verkalýðsfélagið velja fulltrúa. Ég tel nú, að starfsmennirnir sjálfir séu nú þó yfirleitt í nánari tengslum við sitt fyrirtæki heldur en verkalýðsfélag, sem þeir eru aðilar að. Hitt er annað mál, að það er eðli-

legt kannske eða kann að vera, að verkalýðsfélögin eigi aftur aðild að þessum samstarfsnefndum, sem hv. 7. landsk. þm. var að vitna til og vildi nú eiginlega láta starfsmennina og verkalýðinn láta sér það nægja að hafa aðild að þessum samstarfsnefndum og ekkert að fara að skipta sér af stjórn fyrirtækjanna. Auðvitað er þessu frv. ekki á nokkurn hátt stefnt gegn þessum samstarfsnefndum. Það er síður en svo. Hins vegar eru þessar samstarfsnefndir, þó að ég þekki nú ekki nákvæmlega þeirra verkefni, fyrst og fremst ráðgefandi nefndir. Það eru einkum samstarfsnefndir frá fulltrúum launþega og vinnuveitenda í sama fyrirtæki, en þær eru fyrst og fremst ráðgefandi. Þær hafa, eftir því sem ég bezt veit, ekkert vald. Þær geta ekki haft nein áhrif eða fulltrúarnir þar hafa engan atkvæðisrétt á stjórnarfundum í fyrirtækjunum. Og þess vegna er það miklu meiri réttur, sem starfsmönnunum er veittur með samþykki þessa frv. og það er auðvitað alveg fráleitt, eins og þessi rökstuðningur var hjá hv. 7. landsk. þm., að halda það, að þá ættu fulltrúar, held ég, atvinnurekenda að fara að tilnefna menn í stjórn launþegafélags. Þá mætti snúa því við og er þetta þá orðinn kannske orðaleikur og skrípaleikur, ef t. d. Dagsbrúnarmenn ættu að kjósa mann í stjórn lönrekendasambandsins eða eitthvað svoleiðis. Það er auðvitað ekki nokkur sambærilegur hlutur. Hitt er annað mál, að það kann auðvitað á allan hátt að vera æskilegt, að vinnuveitendur og fulltrúar verkalýðssamtaka og stéttarfélaga starfsmanna geti mætt á sem flestum vettvangi og það væri kannske ekkert úr veginum, að fulltrúar frá Vinnuveitendasambandinu mættu á fundi t. d. í Dagsbrún eða verkalýðsfélagi eða á einhverjum stjórnarfundi. Ég sé ekki, að það ætti að leiða nema gott af því.

En þá vil ég líka vikja að öðru, sem líka er rétt að vekja athygli á í sambandi við þetta mál, og það er, þegar hugsað er til stöðu stjórnarinnar í fyrirtæki. Ef maður tekur fyrst t. d. hlutafélög og samvinnufélög, þá eru auðvitað stjórnirnar í slíkum fyrirtækjum ekki allsráðandi. Þær hafa annað vald yfir sér, þar sem eru t. d. í hlutafélögunum hlutahafafundir og aðalfundir, en hins vegar í samvinnufélögum á sama hátt félagsfundir og svo aðalfundir venjulega á hverju ári, sem er þá hið æðsta vald. Hér hef ég nú ekki lagt neitt í það að fara neitt inn á það svið, heldur láta þessa fulltrúa fyrst og fremst eiga og eingöngu eiga aðild að sjálfri stjórninni, en vitanlega má segja, að hlutahafafundur getur auðvitað skipað stjórn hlutafélags fyrir verkum, svo að maður taki dæmi, og aðalfundur í samvinnufélagi skipað stjórninni fyrir verkum. En það, sem mér dettur í hug í sambandi við hlutafélögin og gæti hugsanlega m. a. vakað fyrir hv. 7. landsk. þm., og það skal ég viðurkenna, að geti verið vandamál, er t. d. hlutafélag, þar sem við skulum segja eins og í þinginu og alls staðar, eru meiri og minni hl., sem togast á. Og þessir menn hafa meiri hl. í stjórn fyrirtækis og hinir eru í minni hl. og það munar einum fulltrúa í stjórninni, og svo kemur fulltrúi frá verkalýðnum og hann getur allt í einu gert minni hl. jafnan meiri hl. Það er kannske viðkvæmt mál og það getur verið eitt af því, sem þarf að líta betur á, þegar þessar reglur yrðu fullkomnaðar og kveðið á um réttarstöðu þess fulltrúa. Hitt er svo annað, að það er misskilningur hjá hv. 7. landsk. þm., að um svona hluti eigi bara að semja milli stéttarfélaga og vinnuveitenda. Það er út af fyrir sig gott og blessað, að þeir gætu samið eitthvað í þessa áttina, en þetta verður ekki gert nema með því að breyta lögum. Þ. e. a. s., verkalýðsfélögin og vinnuveitendur geta ekki gert samning, jafnvel þó að hluthafar í einhverju hlutafélagi semdu við viðkomandi starfsmenn sína um, að þeir ættu fulltrúa í stjórn félagsins og þetta væri jafnvel sett í samþykktir og stofnsamning, þá þarf að breyta l., hlutafélagal., og það þarf að breyta samvinnufélagal. og svo líka l. um einstök ríkisfyrirtæki, þannig að þetta hlýtur alltaf að verða löggjafarmálefni, þó að það sé svo auðvitað hægt að styrkja það, að þetta nái fram að ganga á löggjafarþingi þjóðarinnar með því að það nái sem víðtækustum stuðningi þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. En um það skal ég vera hv. 7. landsk. þm. algerlega sammála, að það sé rétt að senda þetta frv. sem víðast og heyra álit sem allra flestra, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð, en þó einkum til þess að þakka þær undirtektir, sem frv. hefur fengið hjá tveimur hv. þm. Ég tel mjög mikilvægt að fá þennan stuðning, vegna þess að mér sýnist þá, að það sé upphaf að byr í gegnum þingið fyrr eða síðar, með hvaða hætti svona mál kunna að skipast, en það mun tíminn leiða í ljós. Hitt er mikilvægt og það veit hv. 7. landsk. þm., að vel er fyrirtækjum stjórnað eða bezt, sé gott samstarf á milli launþeganna eða starfsmanna í fyrirtækjum og forstjóra og stjórnar, og við teljum, flm., að það sé spor fram á við, því að vissulega eru í dag mjög margir hæfir menn til stjórnunar, sem eru beinir launþegar og starfsmenn fyrirtækja, mjög vel þjálfaðir menn. Þeir hafa líka vaxið upp í fyrirtækjunum og þekkja betur gang mála í fyrirtækjum heldur en forstjórinn. Það verður bara að viðurkennast. Og í stórfyrirtækjum er gífurlega þýðingarmikið og fer sívaxandi, að tengsl starfsfólksins við framkvæmdastjóra og stjórn sé góð, þetta séu ekki aðilar, sem ná varla til hvers annars. Í dag í þessum stóru vaxandi fyrirtækjum er stjórnunin og ráðstöfun hennar á fjármunum og framkvæmd vinnu eitt af grundvallaratriðum þess, að fyrirtækið geti gengið vel.

Ég tel, að með því að gefa hinum óbreyttu launþegum í fyrirtækinu aðild að stjórn sé stigið spor fram á við.

En það er auðvitað vandamál að koma því fyrir, og við eigum eftir að reka okkur á ýmis atriði, sem eru erfið í framkvæmd. En ég tel, að það sé skynsamleg stefna. Og ég vil minna á það, að eftir margra ára baráttu fengu sjómenn sinn fulltrúa í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Ég veit ekki annað en það hafi verið talin skynsamleg ráðstöfun. Þetta er grundvallaratriðið, sem ég legg áherzlu á, og ég held, að þetta atriði eigi vaxandi skilningi að mæta víða um lönd. Fram-

kvæmdin getur svo hér á Íslandi, vegna þess að fyrirtæki eru upp byggð með sérstökum hætti, orðið erfið. Og ég vil taka undir þau orð hv. 7. landsk. þm., að við þurfum að leita umsagnar sem allra víðast. Það er nauðsynlegt. En ég held, að það sé spor fram á við að leysa með aðild að stjórn af hálfu launþeganna ýmis vandamál, sem koma upp og sérstaklega, þegar fyrirtæki eru að stækka, því að mörg fyrirtæki hafa stækkað hér blessunarlega vel, en hafa kennt margra vaxtarverkja. Og ég er þeirrar skoðunar, að með því að hafa tök niður í starfsliðið í gegnum svona mann leysum við sumt af þessum vandamálum.

Nei, grundvallaratriðið er, að við fáum hér eitthvað, sem þokar okkur áleiðis í betri stjórnun og atriði, sem leysir mörg vandamál, sem koma upp. Það mun tíminn sýna fyrr eða síðar, að þetta er gott.

Ég vil ekki fara að karpa um ýmis önnur smáatriði, með hvaða hætti og hverjir eiga að stjórna og hvernig þessi fulltrúi skal vera kjörinn. Það er vandamál, hvaða starfssvið hann hefur, en 1. flm., 3. landsk. þm., benti á það, að í stjórn fyrirtækja ræður auðvitað meiri og minni hl., og það þarf að setja þessum hugsanlega fulltrúa ákveðið svið eða taka það fram, með hvaða hætti hann á að sitja fundina, en engu að síður tel ég þetta æskilegt spor. Fyrirtæki hér á Íslandi eru ekki mjög mörg með yfir 50 manna starfslið, en þó nokkur, og ég veit um það, það hefur komið fram hér, að t. d. eitt fyrirtæki, sem ríkissjóður hefur lagt mikið lið, það er Álafoss, þyrfti sannarlega að hafa oft og tíðum, eftir því, sem ég hef heyrt, góð tengsl við sitt starfslið. Það er eitt einfalt dæmi. Mörg önnur hefðu gott af því að hafa betri tengsl við sína starfshópa, þó að minni væru.

Ég vil sem sagt þakka fyrir þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið. Við flm. erum þess meðvitandi að margt þarf að athuga í sambandi við málið. Ég tek undir orð 1. flm., að það er rétt að fara hægt af stað. Aðalatriðið er, að við stefnum hér að framkvæmd mála, sem er til hagsbóta fyrir atvinnulífið í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 459).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja á fundum hjá sér, og þar var sameiginleg niðurstaða þeirra, er viðstaddir voru, að leggja til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. Nokkrar umr. urðu um þetta mál og leitað var umsagna þriggja aðila vinnumarkaðarins: Vinnuveitendasambands Íslands, sem leggst gegn frv. og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vér teljum, að fyrrgreint frv. eigi ekki að samþykkja, enda mun það ekki í samræmi við skoðanir fleiri aðila vinnumarkaðarins, sem mest hafa um málið fjallað."

Stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga var einnig sent frv. Þeirra afstaða er jákvæð um hugmyndina um samstarf og að reyna að finna lausn á sambandi milli stjórnenda eða eigenda og launþega, og rekja þeir það nokkuð í bréfi til n., en segja að lokum:

„Samkvæmt þessu hefur framkvæmdastjórn Sambandsins nú mál þetta til meðferðar. Hefur því að sjálfsögðu ekki verið tekin ákvörðun um, á hvern hátt Samband ísl. samvinnufélaga telur heppilegast að leysa þessi mál, en það kemur fram, að þeir eru helzt næst hugmyndinni um samstarfsnefndir."

Í svari ASÍ kemur fram, að miðstjórnin fagnar auknum skilningi og áhuga á þessu mikilvæga máli, sem kemur fram í ofangreindu frv., en segir svo síðar í bréfinu:

„Miðstjórnin telur vænlegra, að málið þróist hér á líkan hátt og átt hefur sér stað á Norðurlöndunum, einkum í Noregi, með samstarfsnefndum í fyrirtækjum og atvinnugreinum."

Þessu til viðbótar vil ég geta þess, að í Osló var haldin ráðstefna dagana 2.—4. nóv. s. l., þar sem 5 þátttakendur frá íslenzka vinnumarkaðinum eða aðilar vinnumarkaðarins áttu kost á að sitja og taka þátt í umr. og, með leyfi forseta, ætla ég að nefna örstutta umsögn í grg., lesa örstutta grg. Þar segir orðrétt:

„Það er sameiginlegt álit íslenzkra þátttakenda, að tímabært sé orðið, að heildarsamtök vinnumarkaðarins marki ákveðna stefnu í samstarfsmálum vinnuveitenda og launþega og hefjist handa um undirbúning málefnasamnings þeirra á milli þar að lútandi. Að dómi þátttakenda yrði það vænlegra til árangurs, að samtök vinnumarkaðarins tækju frumkvæðið á þessu sviði, heldur en að löggjafinn gripi í, án þess að reynt yrði til fullnustu, hvort samningaleiðin er fær eða ekki."

Það kemur í ljós, eða kom fram á þessari ráðstefnu, að í Noregi hafa menn hallazt að því, að í stórfyrirtækjum ríkisins væri eðlilegt, að launþegarnir ættu aðild að stjórninni, en hins vegar eru uppi skoðanir um það, að þegar um einkafyrirtæki er að ræða, þá væri lausnin á hinum svokölluðu samstarfsnefndum. Vegna þess að mismunandi hugmyndir eru um þetta form, komst heilbr.- og félmn. að þeirri niðurstöðu sameiginlega, eins og ég nefndi áðan, að rétt væri að vísa þessu frv. og því efni, sem það fjallar um, til hæstv. ríkisstj., og er hér með lagt til, að svo verði gert.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skil þá grg., sem hér liggur fyrir í nál. hæstv. heilbr.- og félmn. fyrir því að vísa þessu máli til ríkisstj., á þá lund, að það sé skynsamlegt og eðlilegt að fresta þessu máli, á meðan það sé til athugunar hjá aðilum vinnumarkaðarins, en sú athugun beinist að vísu ekki einvörðungu að hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja, heldur öllu fremur að stofnun svokallaðra samstarfsnefnda, sem að vísu er skylt málefni. Ég er þeirrar skoðunar, að sú hugsun, að starfsmenn eigi hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækja, sé enn sem komið er ýmsum framandi og það reyndar jafnvel launþegum, svo að ekki sé nú minnzt á vinnu-

veitendur, sem margir eru nú haldnir gamaldags sjónarmiðum um yfirráðarétt sinn yfir atvinnufyrirtækjum. En ég hygg nú jafnvel, ef dýpra er skoðað, að þá væri það nú einnig ávinningur fyrir þá, að starfsmennirnir öðluðust hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækja, og það er nú mín persónulega skoðun, að samstarfsnefndir geti aldrei komið í staðinn fyrir það, að starfsmennirnir öðlist beina aðild að stjórn atvinnufyrirtækjanna. Og ég er líka þeirra skoðunar, að að lyktum sé mjög eðlilegt, að þetta málefni komi til kasta löggjafans og Alþ., en ég get vel fallizt á það með hæstv. n., að það sé vissulega rétt, að aðilar vinnumarkaðarins skoði þetta mál betur og að beðið sé eftir því, hvað kemur út úr þeim viðræðum, sem þar fara fram, og það væri ekki fyrr en að þeim loknum, sem þetta mál yrði þá síðar tekið upp á nýjan leik.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér sýnist með þessu frv. hreyft mjög merku máli, sem ég tel, að þurfi að huga vel að. Ég stend hér upp til þess að beina því til flm. og þá hæstv. ríkisstj., en hún fær málið til meðferðar, hvort ekki sé rétt að taka þetta einnig til athugunar í sambandi við ýmsar stofnanir á vegum hins opinbera. Ég get skýrt frá því hér, að þetta er mjög á dagskrá t. d. í sambandi við rannsóknastofnanirnar, sem hafa fjölda manna í sinni þjónustu, og svo er vitanlega um fleiri stofnanir og hefur komið fram ákveðinn vilji frá starfsmönnum að fá aðild að stjórnun slíkra stofnana. Mér sýnist, að það mætti vel fylgjast með þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir, að þarna fari fram.

Ég vil annars lýsa stuðningi mínum við till. n., nál., að þessu sé vísað til hæstv. ríkisstj. Þetta er mjög í mótun núna og þarf eflaust að athuga vel, hvernig þessu verður hentugast fyrir komið, og ég er raunar dálítið efins um það, að það beri að binda það í lögum fyrir stofnanir allar, þetta er dálítið breytilegt frá einni stofnun til annarrar og væri að mörgu leyti æskilegra, að það væri ekki svo fast bundið, heldur nokkur samningsréttur eða ákvörðunarréttur hjá einstökum stofnunum og fyrirtækjum í þessu sambandi. En fyrst og fremst vildi ég vekja athygli á sem sagt öðrum stofnunum en atvinnufyrirtækjum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., lýsti ég fylgi mínu við þá hugmynd, sem þetta frv. byggist á. Nokkrir aðrir létu svipaða skoðun í ljós. Ég held, að það megi draga þá ályktun af þeim umr., sem fram fóru við 1. umr. þessa máls, að það sé meirihlutafylgi hér við þá stefnu, sem þetta frv. er byggt á. Hins vegar kom það fram við þessa 1. umr. einnig, að sjálfsagt þyrfti þetta frv. ýmiss konar athugana við og það væri ekki séð fyrir öll atriði, sem gætu komið upp í sambandi við þetta mál í þessu frv. Og var á það bent m. a., ef ég man rétt, af hv. 4. þm. Norðurl. e., sem benti á ýmis atriði, sem þyrftu að koma til athugunar í þessu sambandi. Og ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál þurfi athugunar við. Það sé ekki auðvelt að setja löggjöf um þetta í skyndi. Þess vegna get ég alveg fallizt á þá till. í þessu máli, sem hv. n. gerir, að málinu sé vísað til ríkisstj. En það er nú nokkur reynsla fyrir því hér, hvað það þýðir, að máli sé vísað til ríkisstj. Því miður þýðir það nú í mörgum tilfellum, að það sé svona heldur vægari dauðdagi fyrir mál heldur en að fella það beinlínis. En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp er sú, að ég vil undirstrika það og leggja áherzlu á það, að ég met þessa afgreiðslu í ljósi þess, sem komið hefur fram við þær umr. um þetta mál, sem hér hafa farið fram, þannig að það sé virkilega gert ráð fyrir því, að ríkisstj. taki þetta mál til meðferðar og láti athuga það og undirbúa frv. um þetta efni til þess að leggja fyrir Alþ. Og ég hefði að vísu kosið, að það hefði komið skýrar fram í nál., og mér sýnist, að það hefði mátt gera það miðað við þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið hér.

Auðvitað hef ég síður en svo á móti því, að það sé beðið eitthvað með þetta á meðan athugun fer fram á málinu af hálfu vinnumarkaðarins. Og það er sjálfsagt að gefa þeim tóm til þess. En ég get tekið undir orð hv. 1. flm., 3. landsk. þm., að ég er nú hræddur um, að það geti orðið nokkuð seinfarin leið í þessu efni, ef það á að bíða alveg eftir því, að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um þetta mál. Og a. m. k. má draga þá ályktun af því, sem hér hefur komið fram frá þeim heildarsamtökum vinnumarkaðarins í sambandi við vinnuveitendur, sem vitnað var til hér áðan. Ég held, að þeir séu ekki viðbúnir því að eiga í samningum um þetta mál. Ég held þess vegna, að það verði að horfast í augu við það, að löggjöfin verði að láta þetta mál til sín taka og marka í því stefnu, fyrr getur verið álitamál, hvernig þær reglur eiga nánar að vera og hversu ítarlega hann á að fara út í það. En ég held sem sagt, að það hafi komið hér fram, að það er meirihlutafylgi við þá hugmynd, sem þetta frv. er byggt á, og þá er nokkuð til í því, sem hér hefur verið bent á, að hér er vissulega um tvo aðila að ræða, sem standa atvinnurekandamegin, það eru annars vegar ríkið og opinber fyrirtæki, sem reka ýmis fyrirtæki og stofnanir, og svo hins vegar einkafyrirtæki. Ég held, að það væri ekkert fjarri lagi, að ríkið og hin opinberu fyrirtæki gengju hér á undan með góðu fordæmi og að það væri mörkuð sú stefna þar að hafa þann hátt á, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að starfsmenn við þau fyrirtæki fengju með einhverjum hætti hlutdeild í stjórn þessara fyrirtækja.

En að endingu vil ég enn undirstrika það, sem var aðaltilefni þess, að ég stóð hér upp, að ég skil þessa afgreiðslu alveg á ákveðinn hátt, ég skil hana sem jákvæða afgreiðslu nefndarinnar og að málinu sé vísað til ríkisstj. með þeim tilgangi, að að því sé unnið eitthvað í þá stefnu, sem í þessu frv. felst.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að ég skil afgreiðsluna og þann anda, sem var í n., sem jákvæðan gagnvart þessum hugmyndum, hins vegar kom það fram, að þetta væri í mótun. Það væri ekki rétt að knýja fram ákveðnar hugmyndir, ef hægt væri að ná frjálsum samningum, sem væru nokkuð í þeim anda, sem frv. gerir ráð fyrir. Eðlilega verða alltaf

skiptar skoðanir um það, hversu langt á að ganga, og ég vil einmitt taka undir þá hugmynd ræðumanns, að ríkið, hið opinbera, hafi forustu í þessum efnum. Það er að gerast í Noregi, það er að gerast í Noregi varðandi hinn opinbera þátt og það er örugglega fyrirmynd, sem við gætum leitað nokkuð til. Hitt verður alltaf deiluatriði, hversu langt á að ganga, þegar einkaaðilar eiga hlut að máli. En ef ég man rétt, þá var í áramótagrein hæstv. forsrh. fjallað um þetta nokkuð, og ég skil hans skrif svo, að hann a. m. k. persónulega sé því mjög hlynntur, og vitnaði í eldri sjálfstæðismenn, sem töldu þetta mikilvæga mál til þess að leysa samstarf atvinnuveitenda og launþega í fyrirtækjum. Þannig að ég held, að það fari ekki á milli mála, að þessi hugmynd fær byr, og í trausti þess lögðum við það til, að hæstv. ríkisstj., sem væntanlega verður mynduð að kosningum loknum á eðlilegan hátt, — hver hún verður vitum við auðvitað engin, á þessu stigi, — taki þetta alvarlega til athugunar.

Og áður en ég fer hér úr ræðustól vil ég líka lýsa stuðningi mínum við hugmynd 3. þm. Vestf. einmitt um það, að það sé athugað gaumgæfilega, að þessar stóru opinberu stofnanir, þó að þær séu ekki beinir atvinnuveitendur sem slíkir, gefi mönnum kost á því, að það sé athugað, að mönnum sé gefinn þar kostur á því að eiga aðild að stjórn þessara stofnana, en stjórnarmenn þessara stofnana eru oft kosnir pólitískt eða eftir tilnefningu vissra hagsmunahópa, og venjulega eiga launþegarnir, sem oft eru margir tugir, þar engan forsvarsmann eða aðila í stjórn. Sem sagt niðurstaðan verður sú, að þessar hugmyndir eiga örugglega jákvæðan stuðning, og í trausti þess leggjum við til, að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 459 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

---

5. Námslán og námsstyrkir.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki [144. mál] (þmfrv., A. 176).

Á 23. og 24. fundi í Nd., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þess gerist ekki þörf, að ég fylgi þessu frv. eftir með langri ræðu. Vandamál námsmanna hafa verið rædd hér á hverju þingi að undanförnu, og allar staðreyndir um þau mál ættu að vera mönnum augljósar. Hér hafa legið fyrir hverju þingi seinustu árin till. um aukna aðstoð til námsmanna, og einnig utan þings hefur þetta orðið að miklu hitamáli, eins og alkunnugt er. Meginefni þessa vandamáls er það, hvernig hægt sé að styrkja Lánasjóð námsmanna, þannig að hann gegni hlutverki sínu að fullu, og ég tel, að það sé brýnasta verkefnið, sem hægt er að ráðast í nú þegar á þessu sviði á að tryggja það, að þessi sjóður gegni hlutverki sínu. Það sé brýnasta verkefnið til að tryggja raunverulegt jafnrétti til menntunar á Íslandi. Að vísu nægir þetta kerfi engan veginn til að tryggja það, en engu að síður er þetta sú leið, sem er nærtækust og mikilvirkust, eins og sakir standa.

Ég spurðist fyrir um það hér á þingi fyrir nokkrum dögum, hvenær hæstv. ríkisstj. ráðgerði, að sjóðurinn yrði orðinn það öflugur, að hann gæti fullnægt því markmiði, sem ráð er gert fyrir í lögum, þ. e. að lána námsmönnum það fé, sem þeir þurfa á að halda umfram þær tekjur, sem þeir hafa sjálfir árlega. Hæstv. menntmrh. gerði þar grein fyrir allverulegri hækkun, sem nú hefur verið ákveðin á fjármagni til sjóðsins, og sagði í framhaldi af því:

„Með sama áframhaldi mundi ekki taka nema um þrjú ár til viðbótar að ná þessu markmiði að fullu. Svo sem jafnan hefur verið lögð áherzla á af hálfu ríkisstj., er það að sjálfsögðu undir Alþ. komið með ákvörðun fjárveitinga, hversu hratt þeirri sókn miðar, en ég tel, að að þessu marki eigi að stefna, þ. e. a. s. að halda þeim vaxtarhraða í fjárveitingu til sjóðsins, sem markaður hefur verið í fjárlagafrv. fyrir 1971."

Ég tel þetta vera ákaflega mikilvæga yfirlýsingu hjá hæstv. ráðh. Hann lýsir þarna yfir því, og væntanlega þá í samráði við ríkisstj. í heild, að það væri eðlilegt, að fjárveitingar til sjóðsins væru auknar svo mjög, að hann næði upphaflegu markmiði sínu á næstu þremur árum. Hæstv. ráðh. bendir á það, að það sé undir Alþ. komið með ákvörðun fjárveitinga, hvort unnt verði að ná þessu marki. Að sjálfsögðu er það formlega rétt hjá hæstv. ráðh., fjárveitingar verða að vera ákveðnar hér á þingi. En það er kannske svolítið auðvelt að segja svona, því að eins og við vitum allir þm., þá er afstaða okkar til fjárlagafrv. ekki alltaf frjáls. Fjárlagafrv. er til komið með ákveðnum samningum milli þeirra flokka, sem eru í stjórn hverju sinni, og reynslan sýnir, að meiri hl. þm. telur sig vera æði mikið bundinn af fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir. Það er mjög erfitt fyrir einstaka þm. að fá fram meiri háttar breyt. á fjárlagafrv., jafnvel í málum, þar sem meiri hl. þm. kann í sjálfu sér að vera samþ. breytingum. Þess vegna held ég, að það væri forsenda fyrir því að tryggja það, að fjárlagafrv. næstu árin verði þannig, að þau geri ráð fyrir þessari aukningu sjóðsins, og að Alþ. lýsi því nú yfir sem stefnu sinni, að þessu marki beri að ná.

Það er tilgangurinn með frv. okkar hv. þm., Þórarins Þórarinssonar, að það verði fest í lögum sem vilji Alþ., að tekjur Lánasjóðsins verði auknar í áföngum að því marki, að frá og með námsárinu 1974—1975 verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra. Hér er sem sagt lagt til, að það verði sett í lög, sem hæstv. menntmrh. taldi fyrir nokkrum

dögum, að væri stefna hæstv. ríkisstj., svo að ég vil vænta þess, að um þetta mál geti tekizt góð samstaða hér á þingi og þá einnig tryggt, að framkvæmdin verði á þessa leið, svo að deilur um þetta mál þurfi ekki að valda örðugleikum, hvorki innan þings né utan. Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 435 og 441).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar 144. mál, sem er frv. til l. um breyt. á l. um námslán og námsstyrki, flutt af Magnúsi Kjartanssyni og Þórarni Þórarinssyni. Samkv. þessu frv. mundi l. um námslánasjóð verða breytt, eins og segir í 1. gr., og sett tímamark fyrir því, hvenær sjóðurinn geti fullnægt allri fjárþörf námsmanna umfram tekjur þeirra. N. hefur fengið álitsgerðir um þetta, sem minni hl. prentar með áliti sínu, en meiri hl. menntmn. hefur gert till. um, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Fyrst eftir að námslánasjóður tók til starfa, mun hann aðeins hafa getað veitt námsmönnum aðstoð, sem svaraði til rúmlega 30% af því, sem talið var vera umframfjárþörf þeirra. Síðan hafa orðið stórstígar framfarir á þessu sviði, og nú munu lán þessi nema 64—66% af umframfjárþörf, enda þótt tala þeirra, sem lánanna njóta, hafi einnig hækkað mjög mikið og sé nú um 1700. Veturinn 1969—1970 óskaði menntmrh. þess við stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, að hún athugaði, hve mikið fé sjóðurinn mundi þurfa til að geta náð marki laganna á skólaárinu 1974—1975 miðað við óbreytt verksvið. Till. sjóðsstjórnar um fjárveitingar fyrir skólaárið 1970—1971 voru við þetta miðaðar, og veitti Alþ. nægilegt fé til að stíga þetta skref þá.

Undanfarin ár hefur starfssvið þessa sjóðs aukizt mjög mikið. Í upphafi náði það aðeins til Háskóla Íslands, erlendra háskóla, tækniskóla og hliðstæðra erlendra stofnana. Síðan hafa lögin verið látin ná til Tækniskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, framhaldsdeildar Búnaðarskólans á Hvanneyri og flugvirkjanema. Munu 10—12% af fjárþörfinni í ár stafa af útvíkkun kerfisins síðan 1967. Það er verksvið þessa sjóðs, m. ö. o. til hvaða námsmanna aðstoð hans skuli ná, sem kalla má hið alvarlegasta óleysta verkefni í sambandi við sjóðinn. Um þetta verksvið eru skiptar skoðanir, og allstórir hópar námsmanna knýja nú dyra hjá sjóðnum og óska eftir því, að starfsemi hans verði útvíkkuð og látin ná til þeirra. Bent er á það, að það sé allmikið misræmi í því að geta enga aðstoð veitt nemendum í efsta bekk menntaskóla, en geta veitt þeim strax næsta ár sem 1. árs nemendum í háskóla mikla hjálp — nú ⅔ af umframfjárþörf og fer hækkandi. Það er bent á það, að sumir nemendur Tækniskólans njóti fullrar aðstoðar, en aðrir engrar. Það er bent á, að stúdentar í kennaranámi njóti þar engrar aðstoðar. Það hefur verið á það bent, m. a. hér á Alþ., að nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans njóti þarna engrar aðstoðar, sem væri þó eðlilegt, að þeir fengju.

Af þessu verður ljóst, að það er enn þörf á að endurskoða námslánakerfið og athuga, hvort hægt er að útvíkka það og þá til hve stórra hópa, eða hvernig hægt er að leysa vandamál þeirra aðila, sem ég nú nefndi, og sjálfsagt ýmissa annarra. Enda þótt fyrir liggi skýrt mörkuð stefna sjóðsstjórnar og menntmrh. um að veita þeim, sem þegar eiga aðgang að sjóðnum, fulla aðstoð eigi síðar en 1974—1975, þá telur meiri hl. menntmn. ekki hyggilegt að lögfesta slík réttindi um 100% aðstoð við þá, sem nú njóta þessa sjóðs, á meðan svo margir knýja dyra og fá þar enga aðstoð, þótt stundum sitji þessir nemendur í sama skóla og stefni að svipuðu eða sama marki. Af þessum sökum er það till. meiri hl. menntmn., að frv. verði á hinn vinsamlegasta hátt vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við alþm. erum býsna vanir því, að hæstv. ráðh. séu ósparir á fögur orð, þegar við spyrjum þá um almenna afstöðu þeirra til ýmissa vandamála, t. d. í fyrirspurnatímum Alþ. Fyrr á þessu þingi spurði ég hæstv. menntmrh. um stefnu hans og hæstv. ríkisstj. að því er varðar aukið fjármagn til Lánasjóðs námsmanna. Hæstv. ráðh. greindi frá því, að með síðustu fjárveitingu ætti það að vera tryggt, að sjóðurinn gæti fullnægt þörfinni að ⅔, og hann taldi, að með þeim hraða, sem nú væri kominn á fjárveitingar til sjóðsins, ætti að vera hægt að ná því marki á næstu þremur árum, að sjóðurinn fullnægði þeim upphaflegu kröfum, sem til hans voru gerðar, þ. e. að hann stæði straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til aðstöðu nemenda til fjáröflunar. Hæstv. ráðh. sagðist telja, að að þessu marki bæri að stefna, þ. e. a. s. halda þeim vaxtarhraða á fjárveitingum til sjóðsins, sem markaður hefur verið í fjárlagafrv. fyrir árið 1971. Þetta taldi hæstv. ráðh. vera sína stefnu, og væntanlega hefur hann mælt þetta í umboði hæstv. ríkisstj. En hæstv. ráðh. benti réttilega á það, að það væri komið undir ákvörðunum Alþ., hvort hægt væri að framkvæma þessa stefnu. Mér þótti rétt að taka hæstv. ráðh. á orðinu og láta á það reyna, hvort það væru heilindi á bak við þessi almennu ummæli, og því flutti ég ásamt hv. þm., Þórarni Þórarinssyni, þessa litlu brtt. við frv. til l. um námslán og námsstyrki, þar sem ákveðið er að halda einmitt þessum vaxtarhraða, sem hæstv. ráðh. mælti með, svo að sjóðurinn gæti fullnægt allri fjárþörf námsmanna með þessum fyrirvörum, sem getur um í l., á skólaárinu 1974—1975. Þetta var sem sé einvörðungu till. um það, að Alþ. féllist á þessa stefnu menntmrh.

Ég verð því að segja, að ég varð ákaflega undrandi, þegar það kom í ljós, að meiri hl. menntmn., þm. Sjálfstfl. og Alþfl., lögðust gegn því, að þetta frv. yrði samþ., og þeir leggja í staðinn til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. Sem sé, málsmeðferðin er þessi, að fyrst kemur hæstv. ráðh. hér og segir: Þetta er undir ákvörð-

un Alþ. komið, við getum ekkert í þessu ákveðið í ríkisstj. nema Alþ. taki sína ákvörðun: Og síðan á Alþ. að koma og segja: Við getum ekki tekið neina ákvörðun, við vísum þessu til ríkisstj. Þegar ég benti á þetta í n., þá komst hv. þm., Eysteinn Jónsson, svo hnyttilega að orði, að spyrja, hvort ég kynni ekki boltaleik. Og það er einmitt það, sem þarna er að gerast, þarna er verið að iðka boltaleik, leikaraskap í alvarlegu máli. Það kemur sem sé í ljós, að það var engin alvara á bak við þessi ummæli hæstv. menntmrh., því að ef honum hefði verið alvara með þetta, ef hann hefði haft eitthvað á bak við sig, þegar hann mælti þessi orð hér, þá hefði hann að sjálfsögðu tryggt það, að þetta frv. yrði samþykkt.

Hv. þm. Benedikt Gröndal kom með þær aths. við þetta frv., að það væru ákaflega margir, sem ekki hefðu aðgang að Lánasjóði námsmanna, og sem vissulega þyrftu á mikilli fjárhagsaðstoð að halda. Þetta er alveg rétt. Við erum rétt aðeins að byrja á þessari fjárhagsaðstoð við námsmenn. Okkur vantar t. d. algerlega kerfi fyrir bilið eftir grunnskóla samkv. hinni nýju skipan og fram að háskólanámi. Nemendur á þessu skeiði þurfa tvímælalaust á fjárhagsaðstoð að halda, bæði þeir, sem verða að fara frá heimilum sínum og stunda nám annars staðar, og eins þeir, sem búa við erfiðan fjárhag á heimilum sínum. Við verðum að koma með kerfi til þess að leysa þennan vanda. Þetta hefur verið gert í allríkum mæli í nágrannalöndum okkar, t. d. í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi. Þar er búið að koma upp slíku kerfi, og við komumst ekki hjá því að gera þetta. Fyrir þessu þingi liggur raunar frv. um upphaf að slíku kerfi um sérstakan námskostnaðarsjóð. Það er meira að segja á dagskrá deildarinnar í dag. En í sambandi við það mál hefur gerzt hið sama. Stjórnarþm., hv. þm. ríkisstj. í menntmn., hafa lagt til, að einnig því frv. verði vísað til ríkisstj. Það er enginn raunverulegur áhugi á því að leysa það mál heldur, ekki einu sinni að hefjast handa um það. Hins vegar á að nota vanda þessara nemenda, sem eru í menntaskólum og ýmsum hliðstæðum skólum og heyra ekki undir reglurnar um Lánasjóð námsmanna, sem röksemd gegn því, að Lánasjóður námsmanna fái meiri fjárveitingar. Þetta eru auðvitað engin rök. Það eru engin rök gegn því, að Lánasjóður námsmanna fái auknar fjárveitingar, að það séu aðrir námsmenn, sem séu enn verr staddir, því að það er ekki nokkur minnsta trygging fyrir því, að ríkisstj. ætli að veita neitt fé til þeirra þarfa, og raunar fæst nú vitneskja um hið gagnstæða með afstöðu hennar til frv. um námskostnaðarsjóð.

Þessu frv. var vísað til þriggja aðila til umsagnar, eins og kemur fram á þskj. minni hl. n. Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir stuðningi við ofangreint lagafrv. svo langt sem það nær. Samband ísl. námsmanna erlendis fagnar frv. og leggur enn einu sinni áherzlu á samþykkt þess, og Lánasjóður íslenzkra námsmanna segir að lokum:

„Að sjálfsögðu vill stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna leyfa sér að láta í ljós þakklæti sitt til hins háa Alþingis fyrir væntanlegt samþykki þess á till. til fjárlaga fyrir sjóðinn á næsta ári jafnframt því, sem hún væntir þess, að hið háa Alþ. og ríkisstj. muni á næstu árum tryggja, að hinu umtalaða markmiði l. um námslán og námsstyrki, sem grundvöllur hefur nú verið lagður að, verði náð á næstu 3—4 árum.“

Sem sagt, þessir þrír aðilar fallast allir á efni þessa frv. Það er enginn aðili, sem mælir gegn því nema hv. stjórnarþm. Við skulum vissulega gera okkur það ljóst, að þó að fjárveitingar verði auknar í sjóðinn að þessu marki, sem frv. gerir ráð fyrir, þá fer því mjög fjarri, að vandi námsmanna sé leystur. Þar blasa við mikil og viðtæk verkefni engu að síður. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það fái ekki staðizt til frambúðar, að þessi sjóður byggi eins mikið á lánum og hann hefur gert. Lánabyrði sú, sem menn eru með að loknu löngu námi, er ákaflega þung. Og hún er ein af forsendum þess, að það eru gerðar kröfur um mjög há laun fyrir þá menn, sem hafa orðið að stunda langskólanám. Þessar kröfur eru eðlilegar, þegar svona þungir baggar eru lagðir á menn á námsárunum. Þetta hlutfall er miklu óhagstæðara hér á Íslandi en það er í ýmsum grannlöndum okkar. Þar er veitt mun meira af styrkjum heldur en við gerum, og ég er þeirrar skoðunar, að næsta verkefni okkar í sambandi við þennan sjóð hljóti að verða það að breyta þessu hlutfalli, þannig að styrkupphæðirnar hækki hlutfallslega í samanburði við lánin, svo að þessar ofurþungu byrðar skulda hvíli ekki svo þungt á námsmönnum að loknu námi. Það er sem sé ekki verið að leggja til með þessu frv., að allur vandi verði leystur í einu vetvangi. Það er aðeins verið að leggja til, að stigið verði skref, sem er núna innan seilingar, og sem hæstv. menntmrh. mælti með fyrr á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er auðheyrt á hv. þm., að hann er lítið lukkulegur yfir því, hversu ríkisstj. hefur tekið myndarlega á fjárhagsvandamálum íslenzkra námsmanna heima og erlendis. Þess er skemmst að minnast, að hann hafði hér á undanförnum árum hvað eftir annað haldið uppi háværum kröfum um aukið fé til þessara sannarlega nauðsynlegu þarfa, og það eru hans ær og kýr. Hann vill geta haldið hér uppi slíkum kröfum ár eftir ár, og þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að hann hafi orðið fyrir raunverulegum og sárum vonbrigðum, þegar ríkisstj. varð við öllum óskum stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna á s. l. ári. Það hefur aldrei komið fyrir áður, síðan sjóðurinn var stofnaður, að hægt hafi verið með fullu samkomulagi innan ríkisstj. að verða við öllu því, sem óskað var eftir handa íslenzkum námsmönnum heima og erlendis, og það er þetta, sem hefur valdið þessum hv. þm. sárum vonbrigðum. Þess vegna býr hann sér til nýjan kröfuvettvang, nýtt atriði til þess að gagnrýna og búa sér til nýjar kröfur. Krafa hans í þessu efni núna er sú, að Alþ. setji inn í sjálf l. um aðstoð við íslenzka námsmenn heima og erlendis ákveðið tímatakmark um það, hvenær framtíðaróskum stjórnar lánasjóðsins skuli fullnægt.

Bak við það, sem ég sagði í fyrra, er fyllsta alvara og fullkomin samstaða í ríkisstj. — að

það væri skoðun mín og allrar ríkisstj. að verða skyldi við þeim kröfum um tímamark, sem stjórn Lánasjóðsins hafði sett fram. Sem sagt að fullnægja þeim kröfum á 3—4 árum. Ég hafði heimild ríkisstj. til þess að gefa þá yfirlýsingu, sem ég gaf, og það var full alvara og ekkert alvöruleysi að baki henni. Það, sem ég hins vegar sagði, að endanlega valdið væri ekki í höndum ríkisstj., heldur Alþ., þá átti ég auðvitað við, að endanlega fjárveitingavaldið væri í höndum Alþ., þ. e. a. s. við afgreiðslu fjárlaga, því að þar eru framlögin ákveðin, en ekki í einstökum l.

Það var sammæli allra, þegar l. um lánasjóðinn voru sett á sínum tíma, að ekki skyldi vera ákveðið áramark í l. sjálfum. Í 2. gr. er sett fram almennt takmark að hverju skuli stefnt, en öll menntmn. og allir, sem sömdu frv., þar á meðal fulltrúi flokks hv. þm., voru á því, að það væri rétt að orða þetta svona, en hafa ekki ákveðið áramark í l. sjálfum. Það hlyti að fara eftir skoðun fjárveitingavaldsins á hverjum tíma, hversu ört því markmiði væri náð, og óhyggilegt væri að binda árabilið í almennum l. Það, sem velviljuð ríkisstj. getur gert og núv. ríkisstj. hefur gert, er að lýsa yfir sínum vilja á því að fara að óskum stjórnar Lánasjóðsins í þessum efnum. En sérhver ríkisstj. hefur sitt umboð til ákveðins tíma. Umboð þessarar ríkisstj. er til næsta sumars, og það, sem við getum gert og höfum gert, er að lýsa yfir okkar skoðun, að á meðan við höfum tillögurétt til fjárveitingavaldsins um þetta, þá skuli eftir óskum stjórnar Lánasjóðsins farið og við það tímamark miðað, sem hún hefur miðað við í sínum bréfum til menntmrn.

Ég fellst alveg á það sjónarmið hv. menntmn., eða meiri hl. hennar, sem hv. frsm. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni áðan, að til viðbótar þessum almennu rökum, sem ég hef áður gert grein fyrir oftar en einu sinni hér á hinu háa Alþ., þá er nauðsynlegt og fullkomlega tímabært að endurskoða l. að ýmsu öðru mjög mikilvægu leyti, og þá alveg sérstaklega með hliðsjón af því, til hverra aðila l. eiga að taka. Það var heldur ekki rétt hjá hv. þm., sem hann sagði áðan í ræðu sinni, að enginn undirbúningur væri hafinn að athugun á því máli. Sá undirbúningur er hafinn, og það er fullur vilji minn, að það verði tekið til alvarlegrar athugunar, með hvaða hætti helzt verði hægt að koma við námsaðstoð eða einhvers konar námslaunakerfi fyrir framhaldsskólanemendur. Það mál er þegar í athugun og sjálfsagt að láta almennar breytingar á þessum l. bíða, þangað til sú athugun er lengra komin en nú er. Ég get að sjálfsögðu engin fyrirheit gefið um það, að ég muni leggja till. um slíkt fyrir hið háa Alþingi, vegna þess að enginn veit, hvað við tekur eftir næstu kosningarnar. En í öllu falli mundi ég skilja eftir í menntmrn. rækilegar athuganir á þessu máli, þar sem mínar skoðanir og minna embættismanna munu koma fram, svo að það var einnig algerlega tilhæfulaust af þessum hv. þm., að við í rn. höfum ekkert sinnt þessu máli, sem ég líka viðurkenni, að er mjög mikilvægt. Hitt er mergurinn málsins, að á yfirstandandi ári hefur í fyrsta skipti verið orðið að fullu við einróma till. stjórnar Lánasjóðsins, sem fulltrúar námsmanna stóðu einnig að, og ég hef þegar gefið yfirlýsingu fyrir hönd núv. ríkisstj., að a. m. k. meðan hennar tillöguréttar og áhrifa nýtur við, þá mun verða orðið við þeim till., sem frá stjórn Lánasjóðsins berast.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði, að ég væri ekki lukkulegur, eins og hann komst að orði yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefði orðið við öllum kröfum námsmanna og Lánasjóðsins í sambandi við fjárveitingu á síðustu fjárlögum. Af hverju markar hæstv. ráðh., að ég sé ekki lukkulegur með það? Hann er að reyna að búa til þá kenningu, að hér sé maður, sem hafi einhverja ánægju af erfiðleikum, vanefndum og lélegum vinnubrögðum hjá hæstv. ríkisstj. En ég held, að við hv. þm. séum ekki þannig skapi farnir — enginn okkar.

Það var vissulega ánægjulegt, að hæstv. ríkisstj. tók myndarlegar á þessum málum en hún hafði gert um langt skeið. En því miður spratt þetta nú ekki upp úr góðum vilja hæstv. menntmrh. Til þess að þessi árangur næðist, þá þurftu námsmenn sjálfir að heyja mjög harða baráttu. Þeir urðu að vekja athygli á vandamálum sínum utan þingsins og stundum með mjög óvenjulegum aðgerðum. Ég geri ráð fyrir því, að æði margir þm. muni eftir orðaskiptum, sem urðu hér á Alþ. af því tilefni, þegar þessi hæstv. ráðh. kom hér upp í stólinn og hafði hreinlega í hótunum við námsmenn, að þeir skyldu hafa verra af, ef þeir leyfðu sér að hegða sér, eins og þeir gerðu. Þessar hótanir frá þessum hæstv. ráðh. og raunar fleiri ráðh. voru hæstv. ríkisstj. til fullkominnar vansæmdar. Hitt er svo sjálfsagt að meta að verðleikum, að hæstv. ríkisstj. tók sig á. Henni vitraðist sú staðreynd, að kröfur námsmanna voru eðlilegar, og hún ákvað að fallast á þær. Þetta er vissulega fagnaðarefni.

Hitt er ekki eins ánægjulegt, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að stöðvast á þessum punkti, einmitt þegar hún getur tekið ákvörðun um að ná markinu á stuttum tíma. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að hætta aftur, þar sem hún er nú komin, þá er hún að bjóða heim vaxandi óróa á nýjan leik, ekki vegna þess að námsmenn hafi neina ánægju af því að standa í slíku stríði, heldur vegna þess að margir þeirra eru þannig settir, að þeir komast ekki hjá því, ef þeir eiga ekki að hætta námi í miðjum klíðum og lenda í miklum persónulegum vanda. Þetta er fullkomið alvörumál.

Það er algerlega rangt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið samkomulag hér á Alþ., að ekki skyldi setja inn í l. ákvæði um, að þau skyldu ná tilgangi sínum á vissu árabili. Bæði í Nd. og Ed. voru fluttar brtt. við l. þegar í upphafi um þetta atriði. Þær voru hins vegar felldar. Ég rakti þetta, þegar ég mælti fyrir þessu frv. fyrr á þessu þingi. Ég man ekki málavexti, þannig að ég geti farið með þá, en þetta er öruggt. Og það er einnig öruggt, að Stúdentaráð Háskólans sendi hingað til Alþ. einmitt beiðni um það, að slík ákvæði væru í l., enda eru það skynsamleg vinnubrögð, ef Alþ. ætlar að ná tilteknu takmarki á vissu árabili, að þá sé gerð áætlun fram í tímann og síðan unnið að því að fullkomna hana. Það er ákaflega margt, sem kallar að í

sambandi við afgreiðslu fjárlaga og fjárveitingar, og þá er í mörg horn að líta. Þess vegna er nauðsynlegt, að ef Alþ. vill byggja upp tiltekinn sjóð og láta hann ná markmiði sínu, þá sé gerð áætlun fram í tímann, sem Alþ. geti stuðzt við, og það er það, sem við leggjum hér til, og áætlunin í till. okkar er ekki óraunsærri en svo, að hún byggist á því, sem hæstv. ráðh. sjálfur taldi vera eðlilegt hér fyrr á þessu þingi.

Það má vel vera, að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að það séu einhverjar athuganir í gangi í rn. hans um aðstoð við þá námsmenn, sem eru á bilinu á milli skyldunáms og háskólastigs. Það skal ég ekki draga í efa. Hins vegar eru þær athuganir auðsjáanlega komnar ákaflega skammt. Sú upphæð, sem er á fjárl. til þess að leysa vanda þessara nemenda, 15 millj. kr., er hlægilega lág. Og þegar frv. um námskostnaðarsjóð var lagt fram hér á þingi, hefði verið hægt fyrir hæstv. ríkisstj. og flokka hennar að vinna í því máli og gera við það brtt., ef málið hefði verið komið á það stig, að hæstv. ríkisstj. hefði séð í gegnum það. En það hefur hún auðsjáanlega ekki gert. Það stoðar því miður ákaflega lítið, þó að einhverjir embættismenn, sem vafalaust eru duglegir menn og ágætir, séu að byrja að athuga vandamál af þessu tagi. Þetta vandamál er búið að blasa við mjög lengi, og hæstv. menntmrh. hlýtur að hafa vitneskju um það sjálfur, að þetta mál hefur verið leyst á allt annan hátt annars staðar á Norðurlöndum, þar sem slíkt kerfi er búið að vera starfandi í langan tíma. Og það hefði vissulega verið ástæða til þess, að því verki hefði miðað miklu hraðar hér á landi en raun ber vitni. En vonandi er hægt að byggja eitthvað meira á fallegu umtali hæstv. ráðh. nú heldur en þeim fögru orðum, sem hann sagði hér í haust, þegar hann taldi sjálfsagt að hafa þennan vaxtarhraða á Lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að í þessari seinni ræðu hv. þm. skuli hafa kveðið við nokkuð mildari tón en í þeirri fyrri. Nú dró hann enga dul á það, að það væri mikið ánægjuefni, að ríkisstj. skuli hafa tekið myndarlegar en nokkru sinni fyrr á málaleitunum stjórnar Lánasjóðsins nú á þessu ári. Hann hefði gjarnan mátt bæta því við, finnst mér, að það væri líka ánægjuefni, að alveg skýlausar og skýrar yfirlýsingar hafa verið gefnar um það, að áfram skuli halda á þeirri braut, sem nú er í fyrsta skipti mörkuð, á árinu 1971, og ná þannig því markmiði, sem óskað hefur verið eftir, á 3—4 árum. Ég held a. m. k., að námsmenn telji þetta vera ánægjuefni og hafi enga rökstudda ástæðu til að ætla annað en hvaða ríkisstj., sem kemur hér til með að sitja að völdum að loknum næstu kosningum, muni fylgja þessari ótvíræðu og skilyrðislausu yfirlýsingu, sem ég hef gefið fyrir hönd núv. ríkisstj. Það er auðvitað mergurinn málsins fyrir námsmennina.

Hitt teljum við skylt að leiðrétta. Í fyrsta lagi ummæli hans um það, að ég og fleiri ráðh. hafi farið hér með hótanir í garð námsmanna fyrir atburði, sem áttu sér stað erlendis og hann, að því er mér skildist líka, taldi hana hafa verið óheppilega og óæskilega, einkum og sér í lagi fyrir námsmennina sjálfa. Það, sem hann hlýtur að eiga við í þessu efni, var það, að sama daginn og nokkrir stúdentar ruddust inn í sendiráðið í Stokkhólmi og tóku það herskildi var borin fram fsp. til mín hér í fjarvist utanrrh., hvað hefði gerzt þennan morgun í Stokkhólmi. Ég hafði haft fregnir af því fyrir hádegi og um hádegisleytið og gaf um það skýrslu, eins og ég var beðinn um og mín sjálfsagða skylda var. Í þeirri ræðu lét ég í ljós þá skoðun, sem ég hafði þá og hef enn, að þessa atburði bæri mjög að harma, þeir væru mjög vítaverðir og það væri skoðun mín, að þessir stúdentar hefðu síðar en svo orðið landi sínu til sóma, heldur þvert á móti vakið á sér og því óheppilega athygli. Því bæri tvímælalaust að harma slíkan atburð, og ég óskaði þess, að til annars slíks kæmi ekki aftur síðar. Sem betur fer dró ekki til neinna jafnalvarlegra tíðinda öðru sinni, en um samkomuhald á víðavangi og nálægt opinberum sendiráðum var að ræða.

Ég man ekki, hvort þm. notaði óeirðir um þetta, en ef það er ekki rétt, þá leiðrétti ég það hér með, en þann grundvallarmisskilning vildi ég leiðrétta, að þetta háttalag mjög takmarkaðs hóps íslenzkra námsmanna erlendis hafi haft nokkur minnstu áhrif á afstöðu ríkisstj. til lánamála stúdenta og nokkur minnstu áhrif á niðurstöðu þeirra mála. Sannleikurinn er sá, að áður en til nokkurra slíkra aðgerða kom, þá hafði ég tjáð stjórn Lánasjóðsins vilja ríkisstj. í þessum efnum, og meðan á óeirðunum stóð, ef ég má nota það orð aftur — meðan á þessum aðgerðum íslenzkra námsmanna erlendis stóð, þá beið ég eftir till. stjórnar Lánasjóðsins. Þær urðu síðbúnar vegna þess, að málið var mjög flókið. Það tilboð, sem ég hafði gert stjórn Lánasjóðsins með vitund ríkisstj., að við vildum verða við þessum tilgreindu óskum hennar, kostaði mikla vinnu og mikla útreikninga af hálfu sjóðsstjórnarinnar. Sú vinna tók miklu lengri tíma en ég hafði reiknað með. En það leið mjög stuttur tími frá því, að ég fékk endanlegar till. sjóðsstjórnarinnar, þangað til það var afgreitt af hálfu ríkisstj. og rn. Því miður man ég ekki dagsetningar í þessum efnum, en ég hef skýrt frá þeim á Alþ. áður. Raunveruleg ákvörðun um stefnuna í málinu var tekin, áður en nokkur aðgerð hófst erlendis, og á þeim tíma, sem aðgerðirnar fara fram, þá er stjórn Lánasjóðsins hérna heima að vinna að útreikningum í sambandi við lausn málsins, og það tók lágmarkstíma að taka endanlega afstöðu til málsins í rn., af því að ríkisstj. var áður búin að taka efnisákvörðun í málinu.

Því má svo bæta við, að heildarniðurstaðan varð sú, að námsmenn við Háskólann hér heima fengu meiri bót á hlut sínum heldur en námsmenn erlendis fengu. Nú er það vitað, að námsmenn hér heima beittu allt öðrum baráttuaðferðum en sá tiltölulega litli hópur, sem forustu hafði um það, sem gerðist við erlend sendiráð. Ef þetta væri rétt, sem hv. þm. var að fullyrða, að ríkisstj. hafi látið undan þessum mótmælaaðgerðum við sendiráðið af ótta við það, sem þá gerðist, eða framtíðina, þá skyldi maður halda það, að tilhneiging hafi verið til að gera meira fyrir stúdentana erlendis en stúdentana hér heima, sem höfðu barizt friðsamlega og kurteis-

lega undantekningarlaust. En efni málsins var það, og það var eitt af því, sem tafði verk Lánasjóðsins, að gera það endanlega upp við sig, hvert skyldi vera hlutafallið á milli stúdentanna hér heima og stúdentanna erlendis. Og niðurstaðan varð sú, að hún lagði til, að meiri bót skyldi verða í þágu stúdentanna heima heldur en erlendis. Þetta til viðbótar hnekkir algerlega því, sem hv. þm. var að halda fram um þetta efni.

Hitt vil ég svo líka segja, að jafnfjarri því og það kvað vera mér að láta aðgerðir stúdentanna erlendis hafa einhver áhrif á það, hversu mikla bót þeir fengju, þá var það jafnfjarri mér að láta þá gjalda þess, hvernig nokkur hluti þeirra hegðaði sér, sem ég engan veginn taldi heppilegt. M. ö. o., þessar aðgerðir höfðu bókstaflega enga þýðingu í sambandi við þá stefnu, sem ríkisstj. tók, enda var hún tekin áður en aðgerðirnar hófust, og það er mergurinn málsins.

Að allra síðustu vildi ég leiðrétta það, sem ég sagði áðan. Það er minn misskilningur. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að hér í þinginu komu fram till. um það að taka inn árabil. Við nánari umhugsun sé ég, að þetta er rétt hjá hv. þm. Þær voru felldar í báðum deildum, og ástæðan til þess og það, sem ég hafði í huga, var það, að n., sem frv. samdi og í voru fulltrúar Háskólans, stúdenta og rn., var á einu máli um að hafa gr. eins og hún var, en taka ekki árabil inn í þetta. Þetta villti mér sýn eða olli mínu misminni, og ég bið afsökunar á því. En síðan komu till. fram hér, en voru felldar, vegna þess að undirbúningsnefndin með fulltrúum allra aðila, rn., Háskólans og stúdenta, hafði verið á einu máli um, að hún skyldi vera eins og hún var, en ekki tilgreint árabil í henni.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta, sem ég hef hér áður sagt. Engu að síður langar mig til þess að vekja athygli hv. alþm. á því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan. Hann sagðist telja þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér í haust, svo mikilvæga og bindandi, að hver ríkisstj., sem á eftir kæmi, væri skuldbundin til að fylgja þeirri stefnu að auka fjárveitingar til Lánasjóðsins eins ört og hann talaði um í haust, þannig að hann gæti vaxið upp í fulla stærð á næstu 3—4 árum. Hæstv. ráðh. sagði, að hver ríkisstj. væri siðferðilega skuldbundin til þess að gera þetta. En þá er mér spurn: Hvers vegna má þá ekki samþykkja þetta frv., þar sem Alþ. tæki þessa ákvörðun, sem hæstv. ráðh. telur, að búið sé að binda í raun og veru? Hvaða rök geta þá mælt gegn því að samþykkja þetta frv.? Og það, sem hæstv. ráðh. segir hér, er allt annað en meiri hl. n. segir. Meiri hl. n. telur, að þetta sé ekki tímabært, vegna þess að það þurfi að gera sitthvað annað. En hæstv. ráðh. segir, að þetta sé þegar ákveðið. Það er því búið að skuldbinda komandi ríkisstj. siðferðilega að gera þetta. En þá er það eina eðlilega að festa þetta í lög. Það liggur í hlutarins eðli.

Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um baráttu námsmanna frekar en við höfum gert hér áður. Það er að sjálfsögðu ekki á mínu valdi að kveða upp úrskurð um það, hvað kann að hafa gerzt í hugarfylgsnum þessa hæstv. ráðh. og félaga hans, meðan sú barátta stóð sem hæst. Ég vil þó endurtaka það, að ég persónulega er sannfærður um það, að sú gerbreytta stefna, sem hæstv. ríkisstj. tók upp í þessu máli, var bein afleiðing af þessari baráttu. Og ég er ekki einn um að hafa þessa skoðun. Ég fullyrði, að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna er þessarar skoðunar líka. Þetta hefur komið fram í mjög mörgum greinum í blöðum á mjög athyglisverðan hátt. Menn hafa verið að spyrja: Er ekki hægt að koma neinu fram á Íslandi nema með því að grípa til aðgerða sem þessara? Er ekki hægt að fá hæstv. ríkisstj. til þess að fallast á málefni með eðlilegum rökum? Þarf að koma til einhverra óvenjulegra aðgerða til þess að hæstv. ríkisstj. sjái að sér? Þetta er afstaða fólksins í landinu. Þannig metur fólkið í landinu þetta. Þetta vil ég segja hæstv. ráðh.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að síðustu. Ég sé enga ástæðu til þess að halda áfram karpi við hv. þm. um hluti, sem ég tel alveg augljósa. Það skiptir engu máli, hvað hann segir um það, hver sé skoðun þeirra, sem hann kallar fólkið í landinu. Ég veit, hver er skoðun hans blaðs, ég veit, hver er skoðun hans sjálfs, og ég þekki hliðstæða skoðun hjá ýmsum öðrum, en hann hefur ekkert umboð til þess að segja það og engan rétt til þess að fullyrða neitt um, hver sé skoðun þjóðarinnar eða almennings í þessu máli. Og jafnvel þó að þetta væri skoðun almennings í málinu, þá breytir hún ekki staðreyndum. Og það skal ég láta vera mín síðustu orð hér um þetta, að endurtaka þær upplýsingar, sem ég gaf um staðreyndir málsins. Þær taka af öll tvímæli um það, að þessar aðgerðir höfðu engin áhrif á gerðir ríkisstj. í málinu, því að efnisákvörðunin var tekin, áður en aðgerðirnar hófust. Og hvernig hlutir eiga að verka aftur fyrir sig með þessum hætti, er ofar mínum skilningi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa átt sér stað milli hæstv. menntmrh. og hv. 6. þm. Reykv. En hæstv. menntmrh. minntist á endurskoðun á l. um námslán og námsstyrki. Ég vil í því sambandi undirstrika það, sem fram kemur í nál. meiri hl. menntmn., þar sem bent er á, að nemendur Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands séu utan við þessi lög. Ef til endurskoðunar á þessum lögum kemur, þá vil ég mjög undirstrika það, að einmitt nemendur þessara skóla fái þá aðgang að þeim styrkjum og lánum, sem lögin koma til með að fjalla um. Ég hygg, að öllum sé það ljóst, að aðstaða margra nemenda þessara tveggja skóla, sem eru í beinu sambandi við aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, er þannig, að þetta eru menn, sem hafa þegar stofnað til heimilis, og nokkrir þeirra veit ég um að hafa framfærslu allstórra heimila á sínum snærum. Ég tel því, að það sé kannske meiri þörf, eða a. m. k. ekki síður þörf, að styrkja þessa aðila með styrkjum og lánum þann tíma, sem þeir dvelja í þessum skólum, en nemendur annarra skóla, einmitt af þessum ástæðum, að þeir hafa margir

hverjir þegar fyrir allstórum fjölskyldum að sjá. Ég vil undirstrika þetta í sambandi við þær umræður, sem hér hafa orðið, og það, sem hæstv. menntmrh. minntist á, að endurskoðun þessara laga gæti legið fyrir nú innan tíðar.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. sagði í einni af ræðum sínum, að meiri hl. menntmn. hefði mótmælt efni frv. Ég get ekki látið þessari umr. ljúka svo, að ég taki ekki fram, að þetta er á algerum misskilningi byggt. Í nál. meiri hl. standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt fyrir liggi skýrt mörkuð stefna sjóðsstjórnar og menntmrh. um að veita þeim, sem þegar eiga aðgang að sjóðnum, fulla aðstoð eigi síðar en 1974—1975, telja undirritaðir ekki rétt að lögfesta slík réttindi, meðan mörg vandamál eru óleyst um það, hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar Lánasjóðsins og hverjir ekki."

Kjarninn í afstöðu meiri hl. menntmn. er sá, að í þessum efnum sé ekki mest aðkallandi að lögfesta þetta mark, heldur hitt: Hvað getum við gert fyrir nemendur menntaskólanna, og hvenær getum við gert það? Hvað getum við gert fyrir þá nemendur Tækniskólans, sem ekki njóta þessarar sjóðsaðstoðar? Hvað getum við gert fyrir þá kennaranema, sem njóta ekki aðstoðar frá þessum lánasjóði, en sitja við hliðina á öðrum nemendum í sama kennaraskóla, sem njóta þessa sjóðs? Hvað getum við gert fyrir nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans og hvenær getum við gert þetta? Það er ákaflega oft, sem starf okkar hér á Alþ. er ekki að segja já og nei við hugmyndum um það, sem gjarnan mætti gera í þjóðfélaginu. Við erum gjarnan sammála um góðar hugmyndir og viljum allir koma þeim fram. En vandi okkar er að raða þeim, og með afstöðu okkar til þessa máls, þá vildi ég taka það fram, að við erum að benda á þá stóru hópa, sem hafa ekki fengið úrlausn, og það er meginverkefni okkar nú á þessu sviði að finna lausn fyrir þessa hópa. Þetta er kjarni málsins, sem ég vildi, að menn tækju eftir, og ég vænti þess, að það verði reynt að finna lausn á vandamáli þessara hópa, en hæstv. ráðh. hefur þegar lýst yfir, að nú sé unnið að því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 3. þm. Sunnl. vildi ég aðeins láta þess getið, að mál þeirra námsmannahópa, sem hann gerði að umtalsefni, hafa einmitt verið til alveg sérstakrar athugunar í rn. og hjá stjórn Lánasjóðsins og eru eitt af þeim verkefnum, sem brýnasta nauðsyn ber til að sinna. Að öðru leyti vildi ég aðeins taka undir ummæli hv. frsm. meiri hl. Ég er honum algerlega sammála um þá lýsingu, sem hann gaf á þeim verkefnum, sem brýnust eru á þessu sviði á næstunni og mun verða unnið ítarlega að í vor og sumar, þannig að till. geti legið fyrir næsta haust, sem hægt yrði þá að leggja fyrir næsta Alþ. af þeim, sem þá fara með völd í landinu, ef þeim þá lízt á þær till., sem við höfum undirbúið.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af þessum tilraunum til þess að lýsa andstöðunni við þetta frv. sem einhverri umhyggju fyrir öðrum námsmönnum, sem eigi í enn þá meiri vanda. Hér er ekki um neinar andstæður að ræða, heldur hliðstæður. Í þeim löndum, þar sem ég þekki til, t. d. á Norðurlöndum, þá verða þessi mál ekki leyst á einn og sama hátt, og ég held, að það sé algerlega fráleitt að halda, að bilið milli skyldunámsins og háskólastigsins verði leyst með því að breyta lögunum um Lánasjóð námsmanna. Í Danmörku og Svíþjóð gildir sú regla, að aðstoð við námsmenn undir 20 ára aldri er veitt í formi styrkja en ekki lána, og ég hygg, að þetta sé algerlega rétt stefna. Um það atriði verðum við óhjákvæmilega að setja sérstaka löggjöf, og eins og ég sagði áðan, þá hafa legið fyrir þessu þingi sem þingmannafrv., drög að slíkri löggjöf. En ég hef ekki trú á því, að þetta verði allt saman leyst með einum og sama sjóðnum. Ég held, að það sé algerlega rangt, og mér virðist, að menn séu að reyna að losa sig undan ámæli — mjög réttmætu ámæli — með því að blanda þessu tvennu saman á þennan hátt. Samhengið er ekki eins og hv. þm. Benedikt Gröndal taldi hér áðan.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af þessu vildi ég aðeins benda hv. þm. á, að lögin, sem við erum að ræða um, heita lög um námslán og námsstyrki og sjóðurinn gerir hvort tveggja að veita námslán og námsstyrki, þannig að vel er hægt að koma ákvæðum um styrki til nemenda á framhaldsskólastigi inn í þetta kerfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. menntmn. á þskj. 435 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 21:8 atkv.

6. Orkulög (frv. VH o. fl. um rafvæðingaráætlun).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58/1967 [32. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 4., 6., 7. og 11. fundi í Nd., 22., 27. og 29. okt. og 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 32 höfum við nokkrir þm. Framsfl. hér í hv. d. leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á orkulögum. Fyrsti flm. þessa frv. er hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, en vegna fjarveru hans úr þinginu hefur svo ráðizt, að ég gerði grein fyrir þessu frv.

Efni þessa frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt

til, að gerð verði áætlun um það, hvernig hægt verði að ljúka raforkuframkvæmdum í dreifbýli landsins. Þessi áætlun á að miðast við það, að verkinu verði lokið í síðasta lagi í árslok 1973. Við teljum hina mestu nauðsyn bera til, að nú verði gerð heildaráætlun um að ljúka raforkuframkvæmdum í landinu hvað viðvíkur því að dreifa raforkunni út um sveitir landsins. Við höfum áður hér á hv. Alþ. flutt frv. um þetta efni, sem því miður hefur ekki náð fram að ganga, en við viljum nú freista þess einu sinni enn að fá slíkt frv. afgreitt hér á hv. Alþ., svo að þessum málum verði komið í viðunandi horf, því að eins og nú er komið, ber mikil nauðsyn til að gera heildaráætlun um, hvernig og hvenær dreifingu á raforkunni verði lokið.

Í öðru lagi er það efni þessa frv., að gert er ráð fyrir, að sett verði bráðabirgðaákvæði við raforkulögin, um að þegar fyrir liggur þessi áætlanagerð, þá verði gerð áætlun um það, hvernig útvega eigi fé til þess að koma henni í framkvæmd.

Á þessum árum, sem raforkuframkvæmdirnar hafa staðið yfir, eða um 19 ára tímabil, er búið að tengja samveitum 3752 býli. 1153 býli munu hafa raforku frá einkarafstöðvum, þ. e. bæði vatnsaflsrafstöðvum og disilrafstöðvum. En 400 býli eru enn alveg óraflýst. Mjög er þetta misjafnt í hinum einstöku héruðum. T. d. er búið að virkja í Eyjafirði allt nema 2.6% af býlunum, en aftur í Barðastrandarsýslu og Norður-Múlasýslu eru um 72% óraflýst. Þess vegna ber mikla nauðsyn til að jafna þessa aðstöðu og þá jafnframt að ákveða, hvenær henni skuli lokið.

Á árunum 1967, 1968 og 1969 eða sérstaklega á árunum 1968—1969 dró verulega úr framkvæmdum á dreifingu raforkunnar um sveitir landsins. Á þinginu í fyrra var hins vegar gert nokkurt átak í því að reyna að ná samstöðu um það að hraða þessum málum meira en þá hafði verið gert, og varð það þá að samkomulagi, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að á árinu 1971 yrði lokið að raflýsa þann áfanga, sem miðaður er við 1½ km á milli bæja. Og í þeim fjárveitingum, sem nú er ætlazt til, að verði til þessara framkvæmda á næsta ári, er miðað við þessa áætlun.

Við hreyfðum því, bæði í sambandi við þetta frv., eða hliðstætt frv., sem við framsóknarmenn lögðum hér fram á síðasta þingi, og við afgreiðslu á framkvæmdaáætlun ríkisstj., að nauðsyn bæri til að fara nú þegar að vinna að því að gera heildaráætlun um, hvernig ætti að ljúka þessari dreifingu raforkunnar. Í því sambandi koma upp ýmis vandamál, sem hafa beðið afgreiðslu og ekki er hægt að komast hjá, eins og t. d. hvað gera skuli, þegar um er að ræða þéttbýlar sveitir, en nokkur vegalengd er frá næstu endastöð rafveitnanna til þessara byggðarlaga. Í þessu sambandi vil ég nefna byggðir eins og sveitirnar austan Mýrdalssands. Þegar komið er inn á það svæði, er svæðið innbyrðis tiltölulega hagkvæmt. En ef vegalengdin yfir Mýrdalssand er hins vegar tekin til viðbótar vegalengd milli býla fyrir austan og deilt á þau, þá er, eins og nú er, óframkvæmanlegt að tengja svæðið samveitu. Sama er að segja um Barðaströnd í Barðastrandarsýslu. Innan þess sveitarfélags eru línulagnir tiltölulega mjöð auðveldar og vegalengd milli bæja hagstæð. Hins vegar er nokkur vegalengd yfir Kleifaheiði, en þangað verður að sækja rafmagnið. Þegar hún er lögð við og bæjatölunni deilt í þá vegalengd, þá er hér um óhagstæða raflínu að ræða. Þetta mál verður að taka sérstaklega fyrir, og eins og við höfum áður lýst yfir og skýrt, ber mikla nauðsyn til að taka dreifingu raforkunnar í heild og setja um það ákveðna áætlun, hvernig eigi að leysa þetta, sem eftir er og er ekki orðið neitt stórmál, nema síður sé. Samkv. lauslegri áætlun, sem ég hef fengið þar um, þá hefur það komið fram, að þó að farið væri upp í jafnvel 4 km, væri hægt að leysa þetta á næstu 5 árum með 60 millj. kr. fjárveitingu á ári, svoleiðis að hér er ekki um neitt stórmál að ræða, en hins vegar hið mesta nauðsynjamál, sem þarf að leysa.

Ég vil benda á það, að við Íslendingar höfum leyst hliðstæð mál, eins og t. d. dreifingu símans. Það var á sínum tíma stórt átak, sem þurfti til þess að dreifa símanum út um allar sveitir. Þetta gerðum við þá, og nú höfum við á síðari árum gert hann sjálfvirkan að mjög verulegu leyti. Sama er að segja um útvarpið og nú síðast sjónvarpið. Við höfum gert verulegt átak í því að dreifa þessu út um landið og þess vegna væri það óeðlilegt, ef við ætluðum nú að hætta við raflagnirnar, þegar við ættum ekki nema lítinn hluta eftir af því stóra átaki.

Þá vil ég einnig geta þess, að í sambandi við þetta frv. okkar á þskj. 32 höfum við einnig leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á orkulögum á þskj. 59, og ég treysti því, að ég megi, með leyfi hæstv. forseta, víkja að þessu frv. okkar, þar sem þetta mál er einnig á dagskrá hér, enda eru sömu flm. að því, og það er liður í því máli, sem við hér erum með.

Einmitt á síðari árum, þegar dregið hefur úr fjárveitingum frá ríkisins hálfu til framkvæmda í raforkumálum, þá hafa byggðarlögin reynt að leysa þau með því að bjóða fram lán. Þau hafa gert það með þeim hætti, að þeim hefur í flestum tilfellum verið endurgreidd lánsupphæðin, en vextina hafa sveitarfélögin greitt. Þarna finnst okkur, að sé um hróplegt ranglæti að ræða, að einmitt þau byggðarlög, sem lengst bíða eftir raforkunni, skuli þurfa að leggja á sig þessa greiðslu. Þess vegna leggjum við til, að þeim verði endurgreiddar þær greiðslur, sem þau hafa innt af hendi vegna raforkuframkvæmda úr Orkusjóði, og ætti það að koma inn í þá áætlun, sem við gerum hér ráð fyrir, að gerð verði. Ég vildi víkja að þessu af því að hér er um skylt mál að ræða og í beinum tengslum við þetta.

Ég skal svo ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í framsögu fyrir þessu frv., því að það kynnir sig að öðru leyti sjálft, og málið er líka það þekkt hér á landi og áhugi fyrir að leysa það svo mikill, að það þarf ekki að kynna hann fyrir hv. alþm. Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr., og til hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 55., 56. og 58. fundi í Nd., 3., 4. og 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 426 og 449).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Efni þessa frv. er, að Orkustofnuninni verði falið að gera áætlun um að ljúka rafvæðingu landsins eigi síðar en fyrir árslok 1973 og um fjáröflun til þeirra framkvæmda.
Iðnn. hefur haft málið til athugunar og m. a. fengið um það umsögn Orkustofnunarinnar. Orkustofnunin upplýsir, að iðnrn. hafi þegar á s. l. ári falið Orkustofnuninni að gera áætlun um rafvæðingu þeirra býla landsins, sem enn eru órafvædd frá almenningsveitum. Verk þetta er því þegar komið nokkuð vel á veg, og er þess vænzt, að hægt verði að afhenda ráðh. áætlun um þetta efni fyrir vorið. Það er varla eðlilegt að ákveða framkvæmd verksins með ákveðnum tímatakmörkunum, áður en sú áætlun liggur fyrir, þó að æskilegt sé að sjálfsögðu að ljúka rafvæðingunni sem fyrst, og virðist raunar vera að því stefnt. Meiri hl. n. taldi eftir atvikum rétt að vísa málinu til ríkisstj., þar sem Orkustofnunin er þegar vel á veg komin með þá áætlun, sem um er beðið, og aðrar ákvarðanir varðandi verkið verða að byggjast á þeim áætlunum. Er því lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 32, er það, að bætt verði inn í orkulögin frá 1967 ákvæði til bráðabirgða í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er þess efnis, að lagt er fyrir Orkustofnun að gera áætlun um það, hvernig hagkvæmast verði að ljúka rafvæðingu landsins eigi síðar en fyrir árslok 1973, og er gert ráð fyrir, að Orkustofnunin leggi till. sínar fyrir ráðh. eigi síðar en þrem mánuðum eftir gildistöku þessara l., þ. e. a. s. ef frv. verður að lögum.
Í öðru lagi eru svo ákvæði um það, að þegar áætlun Orkustofnunar hefur verið gerð, skuli ráðh. undirbúa till. um öflun þess fjár, sem talið er þurfa til þess að ljúka framkvæmdum innan þeirra tímatakmarka, sem um getur í 1. tölul., og leggja þær fyrir Alþ. svo fljótt sem við verður komið.
Þetta frv. var, eins og nr. þskj. ber með sér, lagt fram í byrjun þings, en því miður hefur afgreiðsla þess dregizt í nokkra mánuði. Í áliti meiri hl. n. segir, að nú hafi ráðh. gert ráðstafanir til þess að framkvæma þann undirbúning, sem frv. gerir ráð fyrir, og ekki sé eðlilegt að ákveða nánar um framkvæmd rafvæðingarinnar fyrr en að loknum þeim undirbúningsrannsóknum, sem fram fari, og leggur meiri hl. því til, að málinu sé vísað til ríkisstj. Um þann undirbúning, sem þarna er um að ræða, er nánar fjallað í nál. og sagt, að þar sé um að ræða áætlun þá, sem frv. gerir ráð fyrir. Nú er það að vísu svo, að frv. er ekki aðeins um þessa áætlunargerð, heldur einnig um það, að ráðh. geri till. um fjáröflun til þess að framkvæma áætlunina. Og í frv. eru einnig sett ákveðin tímamörk, þar sem gert er ráð fyrir, að áætlunin feli það í sér, að rafvæðingunni verði lokið ekki síðar en fyrir árslok 1973. Ekkert liggur fyrir um það, að fyrirmæli ráðh. um áætlunargerð séu miðuð við þessi tímamörk, en það skiptir auðvitað mjög miklu máli, á hve löngum tíma gert er ráð fyrir, að áætlunin verði framkvæmd og rafvæðingunni þar með lokið.
Það er náttúrlega ekki nema gott um það að segja, að þessi áætlunargerð skuli vera hafin, og er þá vel, ef frv., sem var lagt fram í haust, hefur eitthvað flýtt fyrir því, að það verkefni yrði tekið fyrir. Ég geri nú satt að segja ráð fyrir því, að úr því að þessi vinna er þegar hafin, og af því að þær upplýsingar, sem þörf er á til þess að gera svona áætlun, hljóta að liggja að mestu leyti hjá Orkustofnuninni, þá hljóti það að vera vel framkvæmanlegt að ljúka áætluninni á mjög stuttum tíma, eða á þeim þremur mánuðum, sem gert er ráð fyrir í frv. En ef frv. yrði að lögum nú í marz eða apríl, þá ætti áætlunargerðinni að vera lokið 5 mánuðum síðar eða í ágúst eða september; þá gæti ráðh. lagt sínar till. um fjáröflun fram í byrjun næsta þings, og væri þá um það að ræða að framkvæma áætlunina á tveimur árum.
Á Búnaðarþingi, sem nú situr, flutti rafveitustjóri ríkisins, Valgarð Thoroddsen, erindi um rafvæðingarmálin. Hann gerði þar lauslega grein fyrir því, hvernig hann taldi, að þessi mál stæðu, og samkv. því voru býli, sem hafa fengið rafmagn á vegum Rafmagnsveitna ríkisins í lok s. l. árs 3814. Í þessari skýrslu er gengið út frá því, að býli, sem talin eru í þessu sambandi, séu tæplega 5100 talsins, en þess er að gæta, að nokkur af þessum býlum hafa raforku frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar. Það eru þá um 860 býli, sem rafveitustjóri hefur gert mjög lauslega áætlun eða ágizkun um, og gerir hann ráð fyrir, að kostnaðurinn miðað við núgildandi verðlag sé hátt á 4. hundrað millj. kr. Það má segja, að þetta sé því ekki ákaflega mikið fjárhagslegt átak að ljúka þessari rafvæðingu, og það væri eðlilegt, að Alþ. gæti hugsað sér að gera það á tveimur árum eða svo.
Nú vill minni hl. n. ekki fallast á það, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, heldur telur hann sjálfsagt, að Alþ. láti í ljós vilja sinn í þessu máli um áætlunargerðina og um það, að gerðar verði ráðstafanir til fjáröflunarinnar. En út af fyrir sig er áætlunargerðin ekki nóg, heldur þarf fé einnig til að koma, og ég hef ekki trú á því, að hæstv. raforkumálaráðh. eða ríkisstj. geti haft á móti því að fá stuðning Alþ. við þetta mál, ef það er í raun og veru vilji stjórnvalda að gera þessa áætlun og framkvæma hana. Það er því till. minni hl., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 32.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það má segja, að okkur sé að fara fram hér á hv. Alþ., hvað snertir afgreiðslu mála. Ég held, að það

hafi verið í sjötta sinn, sem flutt var hér í vetur till. um strandferðaskip til farþegaflutninga, og hún var samþ. í Sþ. fyrir fáum dögum. Og ég hygg, að þetta sé í þriðja eða fjórða sinn, sem flutt er frv. í þá stefnu, sem það frv. markar, sem hér er til umr., og ég held, að þetta sé í fyrsta skipti, sem það er afgreitt úr n., en um það þori ég þó ekki að fullyrða. En það tel ég einmitt mjög vel farið, að mál fái afgreiðslu, þó að ég geti auðvitað ekki gert kröfu til þess frekar en aðrir þm., að mál séu afgreidd á þá lund, sem ég helzt hefði óskað.

N. hefur klofnað um þetta mál, og meiri hl. n. leggur til, að því verði vísað til ríkisstj. Ég er því mjög ósamþykkur, og ég hygg, að ég mæli þar fyrir munn okkar allra flm. Við lítum að vísu svo á, að framhaldsáætlun um dreifingu raforku um sveitir hefði þurft að vera búið að gera fyrir löngu. Það hefur verið til mjög mikils óhagræðis að hafa ekki áætlun um framkvæmdirnar, jafnvel þó að framkvæmdahraðinn hefði verið *hinn sami, því að í mörgum tilvikum þurfa menn* beinlínis að vita það, hvers þeir eiga von, svo að þeir geti hagað sér eftir því með sínar eigin persónulegu aðgerðir til þess að afla raforku fyrir sig til lengri eða skemmri tíma. En nú tjóar ekki að sakast um orðinn hlut í því efni, og meiri hl. n. vitnar til þess, að yfirlýsing hafi komið fram frá ráðh. um það, að nú sé unnið að slíkri áætlunargerð. Við flm. lítum svo á, að þetta breyti í sjálfu sér engu um nauðsyn þess að samþykkja þetta frv. hér. Í yfirlýsingu hæstv. ráðh. um þetta efni eru að mig minnir nánast engin ákveðin stefnumörk um það, hvenær ljúka skuli rafvæðingu landsins, og ekki heldur ákveðin mörk um það, hversu langt skuli gengið. En í þessu frv. er sett ákveðið tímamark og einnig það mark, að rafvæða landsbyggðina alla með einum eða öðrum hætti, annaðhvort með beinum aðgerðum af hálfu ríkisvalds eða þá óbeinum með stuðningi við einstaklinga.

Hv. frsm. minni hl. vék hér að þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í ræðu rafmagnsveitustjóra á Búnaðarþingi. Og í bréfi frá rafmagnsveitustjóra ríkisins til iðnn. Ed. í sambandi við annað frv. um raforkumál, komu fram þær upplýsingar, að á vegum Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið gerð frumáætlun um að ljúka rafvæðingu landsins á tilteknum tíma. Ég hef ekki getað komið auga á það, að hæstv. ríkisstj. eða iðnmrn. hafi gert neitt með þessa frumáætlun, heldur hefur nú verið sett af stað ný frumathugun á vegum Orkustofnunarinnar, og að því er ég bezt veit, látið eins og áætlun rafmagnsveitnanna væri ekki til.

Með tilliti til þessa, sem ég hef nú drepið á, leggjum við flm. þessa frv. mjög mikla áherzlu á, að það verði samþ. Og við teljum það alveg tímabært og eðlilegt, að Alþ. marki ákveðna stefnu í þessu máli, þrátt fyrir þær yfirlýsingar, sem hér hafa komið fram, og ekki eru fyllilega skýrar að ýmsu leyti, eins og ég hef þegar vikið að. Við teljum það mjög nauðsynlegt, að frv. verði samþ. og Alþ. marki stefnuna á þann hátt, að rafvæðingunni verði endanlega lokið.

Þó að dregizt hafi nokkuð meðferð málsins hér á þingi, þá væri enn eðlilegur tími til þess að ljúka áætlun um dreifinguna og áætlun um fjáröflun, áður en þing kemur saman í haust, þannig að Alþ. í haust geti endanlega fjallað um þetta mál og lagt þá síðustu hönd á undirbúning þess að ljúka rafvæðingunni í heild innan ákveðinna tímamarka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. iðnn. á þskj. 449 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, PJ, PS, EKJ, ÁS, BGr, BF, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, MÁM.

nei: JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GíslG, HS, IG, JK.

6 þm. (JP, SI, BK, EðS, GeirG, HV) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þar sem Orkustofnuninni hefur verið falið af iðnrn. — og reyndar öðrum aðilum, sem hér um fjalla, eins og Rafmagnsveitum ríkisins — að vinna að verki þessu og flm. hlaut að vera þetta kunnugt, þá tel ég alveg rökrétta þá niðurstöðu, sem lögð er til í þessari till., að vísa málinu til ríkisstj. Þess vegna segi ég já.

7. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 2. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [17. mál] (þmfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni, frv. til l. um breyt á l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Efni breytingarinnar er ákaflega einfalt. Það er við 1. mgr. 17. gr. l., að hún orðist svo:

„Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal greiða ár hvert 2½% í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd l. þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr.“

Samhljóða frv. fluttum við þessir sömu þm. snemma á árinu 1969. Ég held, að ég hafi talað fyrir þessu frv. þann 20. marz það ár. Tilefni frv.-flutningsins þá voru umr., sem áttu sér stað í borgarstjórn 6. marz 1969, þar sem fram komu óhugnanlegar upplýsingar um áfengissjúklinga og aðbúð þeirra hér í höfuðborginni. Þar kom fram,

að um það bil 40 algerlega heimilislausir menn eru hér í borginni. Þessi tala er að vísu nokkuð breytileg frá einum tíma til annars, en samkv. manntali Reykjavíkurborgar voru þá taldir hér 104 heimilislausir menn. Þess ber þó að gæta, að sumir þeirra eru vistmenn á hælum og stofnunum hér í borginni og utan hennar. Flest eru þetta karlmenn, en þó eru einnig í hópnum nokkrar konur. Flestir eru þessir menn Reykvíkingar, sumir þó komnir frá öðrum stöðum á landinu, en leita hingað af einhverjum ástæðum, og þó að tilraunir hafi verið gerðar til að flytja menn úr þessum hóp til sinnar heimabyggðar, hafa þeir jafnan leitað í gamla félagsskapinn aftur að stuttum tíma liðnum. Þetta fólk er allt óreglufólk um meðferð og neyzlu áfengis, en að öðru leyti meinhægt og friðsamt, þannig að lögreglan þarf sjaldan að hafa afskipti af því, þegar það er saman. Flestir þessir menn eru algerir sjúklingar vegna áfengisnautnar, kulda og vosbúðar, og fólkið þyrfti allt að vera á lækningahælum og komast undir hendur lækna og sérfræðinga. En fjarri fer, að hægt sé að veita þessu fólki viðtöku á slíkum hælum.

Þessar umr. í borgarstjórn Reykjavíkur, sem ég drap á í upphafi, voru almennar. Í þeim tóku þátt menn úr öllum flokkum, menn, sem hafa sérstaklega til að bera þekkingu á þessum tegundum félagsmála, og niðurstaða borgarstjórnar Reykjavíkur þá varð sú að fela Félagsmálaráði, sem er sú stofnun hér í borginni, sem hefur með þessi málefni að gera, að kanna mál þessara heimilislausu manna og aðbúnað og taka upp viðræður við ríkisstj. um leiðir til úrbóta í þessum efnum. Árangur þessara umr. varð m. a. sá, að starfrækt hefur verið síðan svokallað gistiheimili við Þingholtsstræti hér í borginni, þar sem áður var gamla Farsóttahúsið. Þar hafa að jafnaði 10—15 af þessum mönnum fengið húsaskjól næturlangt og eitthvað að borða, áður en farið var út að morgni. Fyrir skemmstu var framtíð þessa gistiheimilis til umr. í Félagsmálaráði, þar sem ár var liðið frá stofnun þess. Þá komu fram mjög miklar efasemdir ráðamanna um það, hvort rétt væri að halda þessum rekstri áfram, og sjónarmið þeirra, sem vildu leggja reksturinn niður, var það, að slík starfsemi tefði fyrir raunverulegum og raunhæfum aðgerðum til úrbóta í þessu vandamáli. Niðurstaða Félagsmálaráðs varð hins vegar sú, að rekstrinum skyldi haldið áfram, og hún mun aðallega hafa byggzt á því sjónarmiði meðlima ráðsins, að þeir gátu ekki hugsað þá hugsun til enda að þurfa að standa frammi fyrir því, að enn þá einn útigöngumaðurinn fyndist króknaður á köldum vetrarmorgni. En það er alveg ljóst, að þetta gistiheimili er engin lausn.

Það, sem gerzt hefur hér í Reykjavík, er svo það, að þann 17. október s. l. var gerð ályktun með öllum atkv. í borgarstjórn og flutt fram sú eindregna áskorun til Alþ. og ríkisstj., að framlag til gæzluvistarsjóðs verði tvöfaldað á næsta ári, þannig að unnt verði þegar að hefja undirbúning að stofnun lokaðs hælis fyrir drykkjusjúklinga. Þetta bréf hefur borgarstjórinn í Reykjavík sent Alþ. Það er skráð í dagbók 70 nr. 49, og geta hv. þm. kynnt sér það þar. Ég tel, að þessi niðurstaða sé spor í áttina, því að ég geri mér satt að segja vonir um það, að hv. meiri hl. Alþ. og hæstv. ríkisstj. taki tillit til þeirra óska, sem koma frá borgarstjórninni í Reykjavík, þegar þær óskir eru samhljóða. Og ég á von á því, að flokksbræðrum hæstv. ríkisstj. í borgarstjórninni verði meira ágengt við að þoka þessum málum til réttrar áttar heldur en okkur hér, sem teljumst til andstöðu við þá ríkisstj., hefur orðið, þó að við höfum reynt að hreyfa þessum málum. En ég vænti þess, að þetta framlag verið tvöfaldað á fjárl. þessa árs, m. a. og ekki síst vegna þessarar ályktunar, sem ég hef hér gert grein fyrir. Og má þá segja, að ef menn væru ánægðir með þá lausn mála, væri frv.-flutningur okkar hv. 4. þm. Sunnl. óþarfur. En ég vil rökstyðja þann frv.-flutning með því, að þegar á árinu 1964, er l. um gæzluvistarsjóð voru sett og framlag til hans ákveðið 7½ millj., þá var þar vissulega talsvert rausnarlega á tekið miðað við það, sem áður hafði verið. Þá var framlagið, 7½ millj., um það bil 2.3% af gjaldstofninum, tekjum Áfengisverzlunar ríkisins. Þá voru þær 320 millj. kr. Á s. l ári voru þessar sömu tekju komnar upp í 730 millj. kr. En sjóðurinn fær enn 7½ millj., þannig að framlagið er nú aðeins orðið 1% af tekjum Áfengisverzlunarinnar á s. l. ári. Eins og framlagið var upphaflega, mundu 2.3% hafa gert 16.8 millj. á s. l. ári. 2½%, eins og við leggjum til, munu gera 18.2 millj. miðað við tekjur af áfengissölu á þessu ári.

Ég held, að þessar fáu tölur ættu að færa mönnum heim sanninn um það, að það er engin endanleg lausn, þó að ákveðið verði að tvöfalda framlag gæzluvistarsjóðs einu sinni. Það, sem þarf til að koma, er það að skapa gæzluvistarsjóði fastar, árlegar tekjur, sem dugi eitthvað, til þess að hann geti sinnt þeim verkefnum, sem honum eru samkv. l. falin. En verkefni gæzluvistarsjóðs eru samkv. l. þau að reisa og reka hæli fyrir drykkjusjúka menn og að reisa móttökustöðvar fyrir ölvaða menn, sem lögreglan þarf að koma til gæzlu um stundarsakir. Síðan þessi lög voru sett 1964, hefur ekkert — ekki nokkur skapaður hlutur verið gerður til þess að framkvæma þetta hlutverk sjóðsins. Allar tekjur sjóðsins hafa farið til þess að standa undir rekstri eins drykkjumannahælis á Akurhóli á Rangárvöllum. Og það er sýnt, að þessi mál eru komin í þá sjálfheldu, að við svo búið getur ekki lengur staðið. Þó að hv. Alþ. verði við óskum borgarstjórnar Reykjavíkur og tvöfaldi framlagið einu sinni á þessu ári, sem ég vona, að verði gert, og er vissulega nokkur áfangi, þá er það engin framtíðarlausn. Eina framtíðarlausnin er sú, að sjóðnum verði nú þegar tryggðir nægilegir fjármunir til þess að undir eins verði hægt að hefjast handa við byggingu þeirra hæla og heimila, sem samkv. l. frá 1964 átti þá að byrja byggingu á, en hefur ekki verið byrjað á enn þá. Ég vona þess vegna, að hv. Alþ. fallist á það með okkur flm., að það sé réttara að breyta l. heldur en að tiltaka hækkun framlagsins einu sinni með skírskotun til þeirra raka, sem ég hef reynt að færa fram máli þessu til stuðnings í örfáum orðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 61. og 62. fundi í Ed., 10. og 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 17, n. 456 og 480).

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 456 stendur meiri hl. heilbr.- og félmn. að því að leggja til, að umræddu frv., 17. máli hv. Ed., verði vísað til ríkisstj. Við höfum rætt þetta nokkuð í n. og einnig borið undir hæstv. fjmrh. það, sem lagt er til í frv., að 2.5% af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins renni óskert í gæzluvistarsjóð. Þetta þýðir, að nokkru hærri tala en verið hefur frá því l. voru sett 1964 muni renna fastákveðin í sjóðinn árlega. Hæstv. ráðh. tjáði mér, að hann væri því hlynntur, að framlag ríkisins yrði aukið, og með velvilja hans var framlagið á fjárl. yfirstandandi árs samþ. 12 millj. kr.

Það kemur einnig fram í nál. okkar, að við erum sammála um það nm., að nauðsynlegt sé, að gæzluvistarsjóði sé tryggð veruleg aukning og okkur virðist sem svo, að hún þurfi að vera eitthvað á 2. tug millj. Hins vegar höfum við ekki fallizt á það að binda þetta við fasta prósentutölu á hverju ári af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins. Nú vill svo til, að ég ásamt fyrra flm., átti þess kost fyrir nokkrum dögum að fara austur á Litla-Hraun, og í viðtali við fanga þá, sem þar voru, kom það fram, sem við reyndar vissum fyrir, að vínið var aðalorsök ógæfu þeirra, og öll meðferð þessara manna og fleiri, sem hafa orðið Bakkusi að bráð og fallið í glímunni við hann, er mikið vandamál. Það vandamál er sérstætt og mikið og þarf að taka til sérstakrar meðferðar hér á hv. Alþ. Hvað gæzluvistarsjóður getur lagt því til liðsinnis, skal ég ekki segja um á þessu stigi, en það er nauðsynlegt, að tekjuöflun hans og þetta vandamál í heild sé tekið til sérstakrar meðferðar, og á þessu stigi viljum við því ekki binda prósentuvísitölu gæzluvistarsjóðs fasta af nettóágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Því leggjum við til, herra forseti, eins og áður segir, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. til nánari meðferðar.

Frsm. minni hl. (Sigurgeir Kristjánsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., þá var ekki samstaða í n. um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. vill vísa frv. til ríkisstj., en við, sem stöndum hér að nál. minni hl., leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Rök fyrir þessu frv. eru í grg., og þarf ekki að endurtaka þau. Þó má benda á, að þar sem talað er um hagnað af Áfengisverzluninni árið 1969, 730 millj., þá mun hann hafa verið á s. l. ári rúmlega 850 millj. En það ár mun áfengissalan hafa verið 856 millj. eða 2.3 millj. á dag. Maður skyldi ætla, að sá aðili, sem stendur að þeirri sölu, mundi einnig verða að bera ábyrgð á afleiðingunum, og í því skyni er hér í þessu frv. lagt til, að gæzluvistarsjóði sé ætlaður ákveðinn hundraðshluti, eða 2.5% af nettóhagnaði Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Þá mundu tekjur gæzluvistarsjóðsins fara hækkandi í hlutfalli við hagnaðinn og söluna.

Ég ætla ekki að lýsa þeim erfiðleikum og vandræðum, sem fylgja áfengisneyzlu, drykkjusýki. Ég hygg, að flestir Íslendingar þekki það af eigin raun, og viti, að þar er mikil þjáning og miklir erfiðleikar á ferðinni, og það eru líkur til þess, að þetta vandamál fari heldur vaxandi en hitt, þó að maður tali nú ekki um önnur eiturlyf, sem eru á ferðinni og væntanleg hingað næstu árin. Því held ég, að þetta mál sé stærra en mætti ætla í upphafi, því að það stefnir að því að skapa þessu fólki aðstöðu til hjúkrunar og að byggja upp sjúkrahús, sem sinna þessum verkefnum. Hv. frsm. gat þess áðan, að á Litla-Hrauni væri mikið af föngunum þangað komnir vegna áfengisneyzlu, og ég ætla, að á Kleppi og raunar víðar sé mikill hluti af sjúklingum einmitt þar vegna áfengisneyzlu. Ég hygg, að ég fari rétt með, að um helmingur þeirra, sem þar eru skrifaðir inn og út, séu áfengissjúklingar.

Í l. um meðferð ölvaðra og drykkjusjúkra kemur það fram, að gæzluvistarsjóði er fyrst og fremst ætlað að byggja upp hjúkrunarheimili og sjúkrahús fyrir þetta fólk. En í framkvæmdinni hygg ég, að það hafi orðið þannig, að það fé, sem gæzluvistarsjóður hefur haft til afnota, hefur verið notað til reksturs sérstaklega á Akurhóli eða Gunnarsholti fyrir drykkjumannahælið, sem þar er rekið. Auk þess mun Bláa bandið hafa fengið einhvern stuðning og einnig Vernd, eftir því sem ég bezt veit. Hins vegar segir í l., að kostnaður drykkjumanna skuli greiðast á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður, svoleiðis að þarna virðist manni, að framkvæmdin hafi verið nokkuð á annan veg en í l. segir, og mér skilst, að lítið muni vera í sjóði til að byggja upp. En þörfin er fyrir hendi, því það er víða erfitt að koma drykkjusjúklingum inn á sjúkrahús. Kannske eru sömu mennirnir oft á ári á sjúkrahúsunum. Þeir eru þar á meðan þeir eru að ná einhverri heilsu, en svo fara þeir aftur að drekka og eru aftur settir á sjúkrahúsin, en þeir eiga alls ekki heima á sjúkrahúsunum innan um annað fólk, sem er sjúkt af öðrum ástæðum. Þessir menn þurfa að vera sér og þurfa sérhjúkrun. Þess vegna hygg ég, eins og ég sagði áðan, að þetta mál sé tímabært og stærra en maður skyldi halda við fyrstu sýn. Og það getur verið betra að búa sig undir það að gera átak í þessum málum, áður en vandamálið verður stærra.

Að svo mæltu legg ég til eins og ég sagði áðan, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta er nú í annað skipti, sem hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar d. vill vísa þessu frv. til ríkisstj. og ég vil strax lýsa því sem minni skoðun sem 1. flm. þessa frv., að ég sætti mig ekki við þá afgreiðslu, fyrst og fremst vegna þess, að í fyrra skiptið, sem þetta var reynt, gerði hæstv. ríkisstj.

ekki neitt til þess að koma til móts við þessa ósk.

Þegar frv. til fjárlaga var lagt hér fram í haust, var framlag til gæzluvistarsjóðs 8.3 millj. kr., eins og það var ákveðið á árinu 1970. Hitt skal viðurkennt, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að í meðförum Alþingis fékkst nokkur lagfæring á þessu. Það er alveg rétt. Hæstv. fjmrh. breytti sinni afstöðu undir meðferð málsins, og féllst á, að framlagið yrði hækkað upp í 12 millj. kr. En áður en þessi lagfæring fékkst, hafði ýmislegt gerzt og þeir aðilar, sem hæstv. fjmrh. tekur meira mark á heldur en Ed. Alþ., lagzt á sveif með að hækka fjárveitinguna í þessu skyni. Þar á ég við borgarstjórnina í Reykjavík fyrst og fremst.

Það var 13. september 1970, sem borgarstjórnin í Reykjavík samþykkti shlj. áskorun til yfirvaldanna þess efnis, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði tvöfaldað á næsta ári, eða eins og þar segir:

„En ljóst virðist af fjárlagaundirbúningi, að sem stendur er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri hækkun á framlagi til gæzluvistarsjóðs á næsta ári.“

Þetta er ályktun Félagsmálaráðs frá 17. september, gerð í tilefni af borgarstjórnarfundi, sem ég var hér að víkja að. Þar segir enn fremur áfram:

„Félagsmálaráð bendir á, að fé sjóðsins hefur undanfarin ár runnið að mestu til rekstrar vistheimilisins að Akurhóli, þannig að uppbygging stofnananna, sem var upphaflegt markmið með stofnun gæzluvistarsjóðs, hefur tafizt stórlega, þrátt fyrir brýna þörf til stórátaks á þessu sviði.“

Bent er á nauðsyn tvöföldunar á framlagi til sjóðsins, þrátt fyrir áætlun um að hætta notkun á fé sjóðsins til rekstrar áðurnefnds vistheimilis. Á þessa umsögn féllst borgarráðið í Reykjavík, en formaður þess er hv. 12. þm. Reykv., svo að það mætti þá ætla, að hér yrði tekið rösklega í strenginn og framlagið tvöfaldað. Það varð ekki. Framlagið var ekki tvöfaldað, þrátt fyrir þessa skeleggu yfirlýsingu borgarstjórnar, Félagsmálaráðs og borgarráðs Reykjavíkur. En það var hækkað um tæp 50%, og sett í 12 millj. á þessu ári. Það er betra en ekki. Ég ætla ekki út af fyrir sig að gera lítið úr því, en þó lýsi ég nokkurri óánægju með það, að þeir menn, sem hér austan megin við Austurvöll eru ákveðnir í því, að framlag gæzluvistarsjóðs skuli a. m. k. tvöfaldað, þeir skuli, þegar þeir flytja sig suður fyrir völlinn, sætta sig við það, að það sé aðeins hækkað um 50%. Það finnst mér ekki skelegg frammistaða.

Þessi mál eru mjög erfið úrlausnar, að ég hygg, sérstaklega í Reykjavík. Þess vegna er orðið skammt á milli ályktana í borgarstjórn Reykjavíkur um þessi mál, og það er aðeins hálfur mánuður síðan flokksbróðir hv. frsm. meiri hl. fann sig knúinn til þess að hreyfa þessum málum einu sinni enn í borgarstjórninni. Hann lagði fram svo hljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn telur, að brýna nauðsyn beri til þess að bæta aðstöðu drykkjusjúklinga í höfuðborginni. Borgarstjórnin álítur að skapa þurfi betri aðstöðu en nú er fyrir hendi til þess að veita drykkjusjúklingum hjúkrunar- og læknismeðferð. Borgarstjórn felur borgarráði að athuga, hvort unnt sé að koma á fót miðstöð í Reykjavík, er veitt geti drykkjusjúklingum slíka meðferð. Enn fremur er bent á, að tilfinnanlega skortir endurhæfingarstöð fyrir fyrrverandi drykkjusjúklinga. Beinir borgarstjórn því til hins nýskipaða endurhæfingarráðs, að það taki mál þetta til athugunar og afgreiðslu.“

Undir málflutning þessa borgarfulltrúa tóku mjög margir á þessum fundi. En samt varð niðurstaðan ekki sú, að þessi till. yrði samþ., heldur var það önnur till. Hún var borin fram af borgarfulltrúum Sjálfstfl., og ég ætla mér að leyfa þm. að heyra hana líka:

„Borgarstjórn Reykjavíkur telur að brýna nauðsyn beri til þess að bæta aðstöðu drykkjusjúklinga í höfuðborginni. Borgarstjórn vekur athygli á, að samkv. lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er geðsjúkrahúsum ríkisins skylt að reka starfsemi sem hér greinir:

1. Móttökudeild, sem annist meðferð og framkvæmi á sjúklingum nauðsynlegar rannsóknir
2. Sjúkrarými til skammtímameðferðar.
3. Lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar.
4. Eftirmeðferð fyrir þá, sem hafa verið lagðir inn.
5. Hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið, að verði veitt meðferð á annan hátt.“

Geðsjúkrahús ríkisins hefur aðeins að litlu leyti getað tekið upp þessa starfsemi vegna aðstöðuleysis í sambandi við húsnæði og starfsfólk, og ber brýna nauðsyn til úrbóta í þessu efni. Borgarstjórn telur ekki nú efni til þess að ályktа um einstakar stofnanir umfram þær ályktanir, sem þegar hafa verið gerðar, en felur heilbrigðismálaráði og félagsmálaráði o. s. frv., eins og þar segir, að tilnefna tvo menn til að kanna þetta einu sinni enn.

En sem sagt, niðurstaða borgarstjórnar Reykjavíkur, sem er alveg rétt að mínu mati, er sú, að það sé hlutverk ríkisins að sjá um þessi atriði, sem þarna voru talin upp, og gæzluvistarsjóði hefur með l. frá 1964 verið falið þetta verkefni. Það er þess vegna fjárskortur gæzluvistarsjóðs, sem stendur fyrst og fremst í vegi fyrir því, að ástand þessara mála sé skárra heldur en raun ber vitni, því að mér vitanlega hafa l. frá 1964 út af fyrir sig ekki verið gagnrýnd. Það er aðeins það, að ekki hefur verið hægt að framkvæma þau.

Ég held því, að það sé fyllilega réttmæt krafa allra þeirra, sem láta sig þessi mál varða, að framlag gæzluvistarsjóðs verði ákveðið þannig, að það haldi nokkurn veginn verðgildi sínu, þrátt fyrir óðadýrtíð, sem geysað hefur í landinu. Það var ekki lítið fjármagn 1964, 7.5 millj. kr., en það er orðið lítið í dag, og 12 millj. í dag er lítið, og það er lægra hlutfall af áfengisgróðanum heldur en þá var tiltekið. Ég vil þess vegna mjög fastlega skora á þá hv. alþm., sem áhuga hafa fyrir því að koma á bættri skipan þessara mála, að samþykkja þetta frv. eða eitthvert annað lagaákvæði, sem tryggi það, að gæzluvistarsjóði séu tryggðar þessar tekjur, en það sé ekki látið á vald

hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hverju sinni að ákveða þetta tillag. Þegar 2.5% af áfengissölunni þykir orðið of hátt tillag til gæzluvistarsjóðs, vegna þess að þær byggingar og sú aðstaða, sem hann á að sjá um, sé komin, þá sé ég ekki annað en mjög auðvelt sé að breyta l. á ný og verja þá fjármagninu til einhvers annars, sem þá verður meira aðkallandi. Það er ekkert nema fyrirsláttur, að það sé einhverjum erfiðleikum bundið að ákveða svona tillag sem hundraðshluta af tekjustofninum. Þetta er gert í fjölda, fjölda mörgum tilvikum, og það er mjög auðvelt. Sérstaklega er það auðvelt, þegar einn aðili á í hlut, sem á að taka við fjármagninu.

Hv. 5. landsk. minntist á það, að við hefðum átt kost á því að skoða okkur um á Litla-Hrauni ekki alls fyrir löngu. Það er alveg rétt, að við fórum þangað. Það var lærdómsrík för, og ég veit að hann er eins og ég ekki síður ákveðinn í því eftir förina en áður, að það þurfi að bæta um í áfengismálunum. Það er t. d. mjög hryggileg staðreynd, að menn koma þarna aftur og aftur, vegna þess að þeir verða sömu sjúkdómunum að bráð, áfengissjúkdómunum ekki sízt, og þeir hafa raunverulega í ekkert hús að venda — í engan stað að fara. Þess vegna er okkur það auðvitað enn ljósara heldur en áður, hver þörf er á því að koma áfram þessum málum. Mér finnst því niðurstaða hv. 5. landsk. þm. hæpin, að hann vilji ekki samþykkja þetta frv., vegna þess að hann hafi ekki enn þá gert sér það ljóst, hver hlutur gæzluvistarsjóðs eigi að vera í lausn þessa máls, því að ég tel það alveg vafalaust, að hann meini það ekki þannig, að hlutur gæzluvistarsjóðs eigi að vera eitthvað minni heldur en t. a. m. þær 16.6 millj. kr., sem þetta frv. mundi hafa úthlutað gæzluvistarsjóðnum á þessu ári, miðað við sölu s. l. árs að vísu. Því ég hef ekki aðrar tölur við að miða.

Það er þýðingarlaust að halda hér langar ræður um þetta mál. Það skal ég heldur ekki gera. Ég hef oft rætt þetta mál úr ræðustóli og skal láta máli mínu lokið að svo stöddu, en ég er ósamþykkur því, að málinu verði nú vísað til hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get fullkomlega tekið undir allt, sem hér hefur verið sagt um hið alvarlega ástand í áfengismálum og nauðsyn úrbóta í þeim efnum, og stend hér ekki upp til þess að mótmæla því, sem menn hafa sagt um þau atriði. Ég hef sjálfur fyrir ekki mörgum árum síðan átt sæti í n., sem fjallaði um þau mál og var kjörin af Alþ. Hún skilaði allítarlegu áliti um ástandið í þeim efnum og nauðsyn úrbóta, þannig að ég hygg ekki, að neinn efist um það, að ég hafi persónulega fyrir mitt leyti einnig áhuga á því, að úr þessum vanda verði leyst.

Ég verð hins vegar að segja það, að ég tel þetta frv. út af fyrir sig enga lausn á þessum vanda og hef aldrei talið það neina sérstaka lausn á honum að áskilja einhverja tiltekna prósentu af áfengishagnaði til lausnar vandanum. Ég álít, að slíkar aðferðir eigi yfirleitt ekki að hafa í sambandi við ákvarðanir Alþ. um lausn á einu né neinu vandamáli, heldur verði það að gerast eftir sérstökum áætlunum. Hv. flm., 11. þm. Reykv., skýrði hér frá, fyrir hverju væri gert ráð í l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra til úrbóta í þessum efnum. Vitanlega ber brýna nauðsyn til þess að gera um það áætlanir, hvaða framkvæmdir þar eiga að sitja í fyrirrúmi, og með hve miklum hraða auðið verði fjárhagsins vegna að ráðast í þær framkvæmdir, nákvæmlega með sama hætti og gert er með flestar ríkisframkvæmdir aðrar. Við skulum taka sjúkrahús, sem eru algerlega hliðstæð þessum atriðum, sem við erum hér að ræða um. Það hefur engum dottið það í hug að fara að taka ákveðna prósentu af ríkistekjum og segja, að það skuli renna til sjúkrahúsa, og efnislega séð verð ég að lýsa algerri andstöðu minni við allar slíkar ákvarðanir, sem ekki eru miðaðar við tilteknar áætlanir, sem metið verði af Alþ. hverju sinni, hvort hægt sé að ráðast í með hliðsjón af mati og vali milli mikilvægis hinna einstöku framkvæmda. Það er ekkert, sem bendir sérstaklega til þess, nema þær 4—5 millj., sem á milli standa, hvort það sé hægt að leysa þetta mál hér með 12 millj. kr. framlagi í fjárl., eins og það er núna, og sem hv. frsm. meiri hl. réttilega gat um, að hefði verið hækkað um þriðjung á þessu ári, eða að það leysist fremur með 16—17 millj., sem kynnu að fást með einhverju tilteknu frv. svo sem því, sem hér liggur fyrir. Þess vegna álít ég, að það sé eina raunhæfa lausnin á þessu máli og sýni fullkomlega jafnmikinn velvilja þeirra manna, sem að því standa, að leggja til, samtímis og þeir benda á hinn alvarlega vanda, sem hér er við að fást, að máli sem þessu sé vísað til ríkisstj. með það í huga, að það verði efnislega tekið þar til meðferðar, með hverjum hætti verður leystur hinn brýni vandi, sem hér er vissulega fyrir hendi í sambandi við þessa sjúklinga, sem vitanlega eiga ekki aðeins um sárt að binda sjálfir, heldur er einnig þjóðfélagslegt vandamál, að þessi drykkjusýki skuli vera til og allar þær afleiðingar, sem af henni eru.

Ég lýsi mjög eindregnu fylgi mínu við þá till., sem meiri hl. n. gerir, og ég fyrir mitt leyti skýri hana svo og skil, að í henni felist viljayfirlýsing um það, að þessi mál verði tekin til rækilegrar athugunar, ekki til þess að gera það háð áfengisgróða hverju sinni, hvað verði látið af hendi rakna til þessara framkvæmda, sem l. gera ráð fyrir, heldur með það í huga, að það verði gerðar ákveðnar áætlanir um það, hvernig komið verði upp þeim stofnunum, sem gert er ráð fyrir í l. og taldar eru nauðsynlegar til þess að leysa úr þessu vandamáli. Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram, af því að minnzt er á afstöðu mína í sambandi við þetta mál, og að sjálfsögðu skiptir það miklu máli, hvaða viðhorf fjárveitingavaldið hefur í því efni hverju sinni, en ég vek athygli á því, að það er að sjálfsögðu ekki vald fjmrh., sem kemur hér til, eins og hv. flm. málsins sagði hér áðan, heldur vald Alþ. hverju sinni, hvað það vill láta af hendi rakna af því fé, sem til ráðstöfunar er í það og það skiptið, til þessara vandamála umfram önnur, sem við á hverjum tíma verðum að gera upp á milli. Ég hins vegar efa ekki, að hér er um að ræða fullkominn og einlægan áhuga hv. flm., 11. þm. Reykv., sem

hér talaði áðan, á málinu og er því á engan hátt að mótmæla einu né neinu af því, sem hann sagði, en aðeins að lýsa þessu viðhorfi mínu, að ég tel, að prósentureikingur í þessu sambandi eigi ekki rétt á sér, heldur eigi að taka þetta mál öðrum tökum og þá ekki með það í huga að draga úr, heldur með það í huga að vinna skipulega að þeim verkefnum, sem brýnast er að leysa á þessu sviði sem öðrum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það verða nú bara örfá orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér. En ég held, að ég hafi nú tekið það fram í minni fyrri ræðu og skal þá gjarnan gera það aftur, að ég efast út af fyrir sig ekkert um það, að hæstv. fjmrh. vill vel í þessum málum. Ég hef aldrei dregið það í efa, að það er rétt, sem hann sagði, að hann var í n., sem athugaði þessi mál rækilega fyrir nokkrum árum. Ég hef nú ekki þetta nál. við hendina, en mig minnir þó, að ein höfuðniðurstaða þess hafi verið sú, að það bæri að rannsaka orsakir drykkjusýki. Frumskilyrðið til þess að vita, hvað maður ætti að gera til varnar áfengissjúkdómum, það væri að þekkja af hverju þeir stöfuðu. En ég er hræddur um, — ég verð þá leiðréttur, ef ég fer rangt með, — að þessi athugun hafi aldrei verið framkvæmd. A. m. k. veit ég, að fyrir nokkru, að ég held eins og tveimur árum, fluttu tveir af meðnm. hæstv. fjmrh. í þessari n. það sem sérstaka ályktun eða till. til ályktunar Alþ., að þessar rannsóknir yrðu látnar fara fram. Það voru þeir Sigurvin Einarsson og Ingvar Gíslason, minnir mig. Ég veit ekki heldur til, að sú till. hafi verið samþykkt eða þessi rannsókn verið látin fara fram.

En víst er um það, að eitthvað hefði þurft að gera frekar í þessum málum heldur en gert hefur verið, og ég hef satt að segja í barnaskap mínum álitið, að það, sem stæði fyrst og fremst í vegi fyrir frekari aðgerðum í þessum málum, væri fjárskortur gæzluvistarsjóðs. Það er kannske misskilningur, og auðvitað er sama, hvaðan fjármagnið kemur. En það bara hefur ekki komið, hvorki úr gæzluvistarsjóði né eftir öðrum leiðum. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. sagði hér áðan, að fram undir þetta hafa megintekjur gæzluvistarsjóðs gengið til þess að reka drykkjumannahælið á Akurhóli, og á meðan þær hafa farið til þess að verulegum hluta, hefur ekkert fjármagn verið í sjóðnum til eins eða neins, hvorki til rannsókna né bygginga, og þess vegna er nú ástandið eins og það er. Ég skal undirstrika það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er brýn nauðsyn að gera áætlanir um það, hvaða framkvæmdir það eru, sem fyrst á að gera. En hafa þær verið gerðar? Ég veit það ekki. Ég hef ekki séð þær, og ég held helzt, að þær hafi ekki verið gerðar.

Hæstv. fjmrh. taldi, að það væri enginn munur á því, — jú, eitthvað fjögurra millj. kr. munur, — hvort gert væri, eins og gert var í vetur, þegar fjárlög yfirstandandi árs voru ákveðin, að ákveða tillagið 12 millj. á þessu ári, eða fara að, eins og frv. leggur til, af því að út úr því hafi ekki komið nema eins og 4 millj. meira. Í mínum huga er sá mikli munur á þessu tvennu, að eftir till. frv. eru sjóðnum tryggðar tekjur með lagaákvæðum, eins og þau væru eftir breytinguna. En Núverandi fyrirkomulag er, eins og ég sagði, háð ákvörðunum meiri hl. Alþ. Við skulum segja það, að hann fari nú að taka völdin af hæstv. ráðh. og lagfæra það, sem hann vildi. Það gæti auðvitað vel skeð, en það er þó háð ákvörðunum þeirra, sem hér sitja, hvaða fjármagn fæst til þessara framkvæmda. Ég er alveg fús til þess að líta á það sem viljayfirlýsingu frá hv. Ed. Alþ., að rækileg athugun fari fram á þessu máli. En ég get ekki varizt því, að ég tek þá líka sams konar afgreiðslu síðasta þings sem vilja yfirlýsingu. En eftir þeirri viljayfirlýsingu var ekki farið meira en svo, að þegar fjárlagafrv. fyrst sá dagsins ljós, þá var tillagið 8.3 millj. kr. eða það sama og á árinu 1970.

Ég held næstum því, að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið inni, þegar ég talaði áðan, og þess vegna skal ég endurtaka það, svo að hann heyri, að ég met það við hann, að undir meðferð málsins féllst hann á að hækka þetta framlag upp í 12 millj. Hann sá sér hins vegar ekki fært né aðrir menn úr þingliði stjórnarflokkanna að samþykkja brtt., sem gerð var, um 16 millj. kr. framlag. En það er betra að fá þessa viðurkenningu en ekki. Ég er sízt að gera lítið úr því, en það, sem er meginmál mitt og tilgangur með þessum flutningi, er ekki annað en það, að sjóðnum verði tryggðar fastar tekjur, þannig að hægt verði nú þegar að fara að gera þær áætlanir, sem við erum sammála um, að þurfi til að koma, áður en byggingaframkvæmdir hefjast.

Frsm. minni hl. (Sigurgeir Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að tefja þessar umr. lengi, en ég hef sem gamall lögregluþjónn með tæplega 20 ára starf að baki svolitla persónulega reynslu af drykkjusjúklingum og drykkjumönnum. Og það er nú stundum svo, að þeir, sem hafa séð með eigin augum það, sem gerist, skilja betur en hinir, sem bíða svona álengdar. Þess vegna vildi ég ekki láta hjá líða að segja hér nokkur orð til viðbótar, því að fjmrh. eða stjórnvöld landsins og hið háa Alþ. heyra ekki kveinstafi kvenna og barna, sem þjást á heimilum drykkjusjúklinganna, og það er auðveldara að segja en að gera, hvernig eigi að ráðstafa þessum mönnum. Hvert á að fara með þá? Og hvernig á að taka á málinu og koma þeim af heimilunum í þá gæzluvist, sem þeir þurfa að vera í?

Í l. um meðferð drykkjusjúkra og ölvaðra er skilgreining á því, hvaða tökum er hægt að taka á þessu. Það er með því, að þeir vilji fara sjálfir, og það er hægt að dæma þá þangað, en í kringum það eru mjög miklar og erfiðar krókaleiðir. Þessir menn eru margir hverjir mjög vel gefnir og vita og kunna ýmis ráð til að komast fram hjá því að verða teknir fyrir opinberlega og fluttir með valdi á þessi hæli, sem varla eru til. Þar að auki eru möguleikarnir að miklu leyti bundnir við það, að þeir vilji fara sjálfir, og hælin eru opin og þeir geta farið þaðan heim aftur í mörgum tilfellum, þegar þeim sýnist. Og þá byrjar sami leikurinn.

Ég er sammála hæstv. fjmrh. í því, að það þarf að skoða þetta mál í heild, og þá einmitt að taka

það til meðferðar að gera auðveldara að taka drykkjusjúklingana, ofbeldismennina, sem eyðileggja heimilin og eyða tekjum og jafnvel eignum foreldra sinna með framferði sínu, taka þá af heimilum og koma þeim fyrir á lokuðum hælum. Þetta álít ég, að sé stór nauðsyn, sem hið háa Alþingi þyrfti að taka til athugunar.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 456 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11:5 atkv.

8. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [278. mál] (þmfrv., A. 550).

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Oddur Andrésson): Herra forseti. Frv. það til breyt. á l. nr. 51 1964 um tekjustofna sveitarfélaga á þskj. 550, sem hér er til 1. umr. í hv. þd., lætur frekar lítið yfir sér, en er þó í eðli sínu stórmál, sem nauðsynlegt er, að nái sem fyrst fram að ganga. Frv. gerir ráð fyrir nokkurri rýmkun á möguleikum sveitarstjórna til útsvarsálagningar og þó einkanlega sveitarstjórna landbúnaðarsveitarfélaga, sem hafa nytjar landsins að undirstöðu gjaldstofns. Það gerir ráð fyrir, að sveitarstjórnir fái heimild til að leggja útsvar á tekjur, sem myndast af fasteignum innan umdæmisins og aðstöðugjöld taka ekki til. Má þar t. d. nefna húsaleigu og hlunnindatekjur.

Fasteignaskattur er lagður á allar fasteignir, og hann er tekjustofn fyrir sveitarfélög. En þess ber að gæta, að við fasteignamat eru ýmsir fastir útgjaldaliðir miðaðir, t. d. sýslusjóðsgjald að ⅛ og gjald til almannatrygginga einnig að ⅛. Fasteignaskattur er samkv. l. sem hér segir: Í fyrsta lagi 2% af virðingarverði byggingarlóða. Sá skattur er náttúrlega fyrst og fremst fyrir þéttbýlið, kaupstaðina. Í öðru lagi 1% af verði húsa og annarra mannvirkja, og í þriðja lagi ½% af virðingarverði túna, garða og reita og erfðafestulanda. Þarna er ekki tiltekið um hlunnindi. Þau hafa nú að vísu verið sérmetin víða og það er gert ráð fyrir, held ég, í væntanlegu fasteignamati, að það verði sértiltekið og þá væri e. t. v. athugandi að tiltaka sérstakan fasteignaskatt vegna þeirra.

Það veldur landbúnaðarsveitarfélögum miklum erfiðleikum við útsvarsálagningu, nú eftir að margar jarðir og kostaríkar eru í eigu manna búsettra í öðru sveitarfélagi, er taka til sín leigu fyrir landsnytjar eða nýta þær sjálfir í einni eða annarri mynd, án þess að styrkja það sveitarfélag, sem þær eru í. Þess eru dæmi, að í sveitarfélagi með 34 lögbýli eru allt að 30 í eigu annarra en ábúenda að nokkru eða öllu leyti, og þar af eigendur margra búsettir í öðrum sveitarfélögum. Í mörgum tilfellum koma slíkar tekjur, sem myndast af þessum býlum, hvort sem þær eru beinar eða óbeinar, hvergi til skatts eða útsvarsálagningar. Dæmi eru til, að árstekjur af einni slíkri jörð geti verið allt upp undir 1 millj., en þegar margir eigendur eru að slíkri eign getur það skipzt æði mikið niður. En ef eigendurnir nýta sjálfir jörðina að einhverju leyti, þá kemur það hvergi fram sem tekjur og fellur þess vegna algerlega undan skattgreiðslum.

Eitt af vandamálum landbúnaðarins í dag er ásókn fjársterkra einstaklinga í kaupstöðum eftir jörðum, og þá sérstaklega hlunnindajörðum. Þetta frv., ef að lögum verður, ætti heldur að hamla gegn slíkri þróun. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda hefur oft verið rætt um að fá fram breytingar á l. um tekjustofna sveitarfélaga, og á aðalfundi þess 29.—30. ágúst sl. var samþykkt eftirfarandi till., sem ég vil lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1970 felur stjórn sambandsins að vinna að því, að breytt verði l. um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem þess verði m. a. gætt, að sveitarfélögunum verði tryggður tekjustofn með skatti og útsvari af fasteignum, þar með töldum hlunnindum og tekjum af þeim, enda þótt þær séu í eigu manna búsettra utan sveitarfélagsins og ekki nytjaðar af íbúum þess."

Þetta frv., sem hér er, er þess vegna í beinu áframhaldi af þessari till.

Mér er það ljóst, að umrædd lög, sem breytingar fara fram á með þessu frv., eru mjög viðkvæm, og í miklum tengslum við lög um tekju- og eignarskatt, svo erfitt mun sennilega reynast að fá málið afgreitt á þessu þingi, en ég vænti þess, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, sinni því af alúð og afgreiði það svo fljótt sem verða má.

Að svo mæltu vil ég leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr., og ég held, að það sé heilbr.- og félmn., sem mun helzt eiga að taka við því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 550, n. 675).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. fjallaði um frv. um breyt. á l. nr. 51 1964 um tekjustofna sveitarfélaga, eins og það lá fyrir hjá n. á þskj. 550. Heilbr.- og félmn. var sammála um, að hér væri hreyft við athyglisverðu máli, en fyrir liggur, að tekjustofnar sveitarfélaga eru í endurskoðun, og þau mál munu einnig verða tekin til meðferðar í sambandi við skattafrv., sem væntanlega mun verða tekið til meðferðar á hv. Alþ. Að vísu var tekjustofn sveitarfélaga aðeins hliðarþáttur í þeirri heild,

en engu að síður er hér hreyft við athyglisverðu máli, sem eðlilegt er, að þurfi nánari umhugsun, og þar sem tími til þingloka er mjög stuttur, vorum við sammála um, að veita þessu jákvæðan stuðning og ætlast til þess, að málið yrði tekið til vinsamlegrar meðferðar. Því varð það samdóma niðurstaða, að rétt væri að vísa frv. til hæstv. ríkisstj. til velviljaðrar athugunar.

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 675 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

9. Hagstofnun launþegasamtakanna.

Á 46. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna [203. mál] (þmfrv., A. 346).

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Við hv. 6. þm. Sunnl. höfum leyft okkur á þskj. 346 að flytja frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna, og skal því nú fylgt úr hlaði með fáeinum orðum.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., var hugmyndin um það að koma á fót stofnun af því tagi, sem hér um ræðir, fyrst sett fram fyrir nokkrum árum á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. En þó að fullkomin eining væri um málið þar á þinginu, fékk það ekki þær undirtektir á öðrum vettvangi, að það næði fram að ganga að því sinni. Við flm. frv. teljum, að hér sé um svo mikilvægt málefni að ræða, ekki einvörðungu frá hagsmunasjónarmiði launþegasamtakanna, heldur einnig þjóðarheildarinnar, að hefjast beri nú þegar handa um það að koma slíkri stofnun á fót og beri löggjafar- og fjárveitingavaldinu að leggja sitt af mörkum í því efni, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Skal frv. nú fylgt úr hlaði með því að ræða fyrst þá hliðina, sem snýr að launþegasamtökunum, en í öðru lagi þá, sem teljast verður þó öllu mikilvægari frá sjónarmiði okkar, sem um málið fjöllum hér, eða þá, sem snýr að hagsmunum þjóðarinnar í heild.

Eins og fram kemur í grg., verður hagsmunabarátta launþegasamtakanna, ef litið er á þau sem heild, ekki háð með árangri í nútíma iðnvæddu þjóðfélagi, eins og íslenzka þjóðfélagið er, nema þau taki í þjónustu sína tækni nútímaþekkingar á sviði efnahagsmála. Slíks var auðvitað ekki í sama mæli þörf í bernsku verkalýðshreyfingarinnar, þegar vinnudeilur voru yfirleitt staðbundnar og einangraðar. Nú er hins vegar um að ræða að jafnaði samninga milli heildarsamtaka launþega og vinnuveitenda og jafnvel ríkisvaldsins, þar sem ekki er einvörðungu samið um kaup og kjör, heldur ýmsa aðra þætti efnahagsmála, þannig að slíkir samningar verða grundvallaratriði þess efnahagskerfis, sem þjóðfélagið býr við. Í nágrannalöndum okkar verja launþegasamtökin, ekki sízt verkalýðssamtökin, miklum fjármunum til sérfræðilegrar aðstoðar á sviði efnahagsmála, svo sem minnzt er á í grg. fyrir frv. Íslenzk launþegasamtök hafa hins vegar ekki talið sig þess umkomin, bæði sökum fjárskorts og e. t. v. að einhverju leyti vegna ónógs skilnings á kröfu tímans í þessu efni, að sjá sér fyrir slíkri aðstoð nema að mjög takmörkuðu leyti.

Það er engin tilviljun, að hugmyndin um Hagstofnun launþegasamtakanna hefur fyrst komið fram innan BSRB. En samkvæmt lögum frá 1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal kjaradómur m. a. hafa hliðsjón af afkomuhorfum þjóðarbúsins, eins og lögin orða það, þegar það fellur í hans hlut að úrskurða um kjör opinberra starfsmanna. En þess er ekki að vænta, að samtökin telji það viðunandi, að ríkisvaldið og sérfræðingar þess hafi um það eindæmi að meta, hverjar afkomuhorfurnar séu. Af því, sem ég hef þegar sagt, leiðir, að öðrum launþegasamtökum er það ekki síður nauðsyn að eiga kost þeirrar aðstoðar, sem hér um ræðir. Þetta ber ekki að skilja svo, að það sé hlutverk efnahagsmálasérfræðinga að segja launþegasamtökunum fyrir verkum eða marka stefnu þeirra. Hagfræðin er nú einu sinni tækni, en ekki stjórnmála- eða efnahagsmálastefna. Þá tækni má nota í þágu hvaða markmiða sem er í þessum málum, á sama hátt og flugtæknina má jafnt nota til þess að fljúga til Washington eða Moskvu. En án þessarar tækni verða hvorki gerðar skynsamlegar tillögur um skipan slíkra mála né framkvæmd þeirra.

Nú er það svo, eins og kunnugt er, að stjórnvöld vilja gjarnan hafa friðsamlega sambúð við launþegasamtökin. Slíkt þarf ekki alltaf að vera af góðvilja einum sprottið í þeirra garð, heldur er það augljóst, að með tilliti til þess mikla valds, sem launþegasamtökin hafa yfir að ráða, torveldar það stjórn allra efnahagsmála, ef ekki er hægt að hafa við þau friðsamlega sambúð. Oft á tíðum hefur það borið við að undanförnu, að af hálfu ríkisvaldsins hefur beinlínis verið óskað eftir því, að launþegasamtökin gerðu ákveðnar tillögur um lausn efnahagsmála, og ég hygg það sé rétt með farið hjá mér, að þess sé skemmst að minnast, að slíkt átti sér m. a. stað á s. l. hausti. Þess er varla von, að launþegasamtökin leiti þá í því efni á náðir t. d. hagdeildar Seðlabankans eða Efnahagsstofnunarinnar og leiti tillagna þaðan. Jafnvel kjararannsóknanefnd, sem launþegasamtökin eiga aðild að — þó að ekki sé nema gott um störf hennar og hlutverk að segja, þá getur hún ekki gegnt því hlutverki, sem hér er um að ræða, vegna þess að kjararannsóknanefnd lýtur sameiginlegri yfirstjórn atvinnurekenda og launþega, þannig að frá henni getur auðvitað ekkert komið nema það, sem þessir aðilar eru sammála um. Þess vegna verður það gjarnan svo, að þegar slíkar tillögur á að gera af hálfu launþegasamtakanna, sezt einhver góður og gegn maður oftast nær vafalaust niður í horn og semur óskalistann út úr höfðinu á sér um það, hvað eigi að gera. En vegna þess að slíkt byggist, sem varla er von til, ekki á staðreyndum efnahagslífsins, vill gjarnan vera svo, ef þessar tillögur á að skoða

niður í kjölinn, að þar stangar e. t. v. hvað annað, dæmið gengur ekki upp, þannig að slíkar tillögur er þá ekki hægt að taka alvarlega. En ef til þess kæmi, að slíkri stofnun sem hér er lagt til væri komið á fót, væri um gerbreytta aðstöðu að ræða í því efni.

Ég dvelst svo ekki lengur við þá hlið málsins, sem að hagsmunum launþegasamtakanna snýr, en mun snúa mér að því, sem snertir hagsmuni þjóðarheildarinnar. Því að væri hér einvörðungu um að ræða hagsmunamál launþegasamtakanna, mætti segja sem svo, að það sé þeirra að meta það, hvort slíkri stofnun skuli komið á fót, og standa straum af kostnaði við hana án framlaga af almannafé. En að mínu áliti hníga einnig sterk rök að því, að stofnun sem þessi gæti átt mikilvægu hlutverki að gegna til almenningsheilla.

Ein meginorsök þess vanda, sem við hefur verið að etja í efnahagsmálum Íslendinga frá upphafi síðari heimsstyrjaldar og til þessa, hefur verið sú, að ekkert samræmi hefur verið á milli þróunar teknanna, og þá fyrst og fremst kaupgjaldsins, sem launþegasamtökin hafa úrslitaáhrif á, annars vegar og hinnar almennu efnahagsmálastefnu, sem ákvörðuð er af ríkisvaldinu, hins vegar. Engri ríkisstj., sem á þessu þriggja áratuga tímabili hefur setið að völdum hér á landi, hefur tekizt að koma til leiðar því samstarfi við launþegasamtökin, sem slíkt gæti tryggt. Afleiðingin hefur svo orðið örari verðbólguþróun en í nokkru Evrópulandi öðru og margvísleg önnur vandamál. Innlenda verðlagið hefur hækkað miklu meira en í helztu viðskiptalöndunum. Af því hefur leitt hallarekstur útflutningsatvinnuveganna, halla í utanríkisviðskiptum, erlenda skuldasöfnun, gjaldeyrisskort og önnur vandræði. Úrræðið, sem gripið hefur verið til, svo að ekki komi til stöðvunar útflutningsins, hefur svo verið síendurteknar gengislækkanir, stundum að vísu dulbúnar, eins og þegar bátagjaldeyririnn var innleiddur á sínum tíma. Og sem annað dæmi um dulbúna gengislækkun má nefna yfirfærslugjaldið í tíð vinstri stjórnarinnar. Alltaf hafa þessar ráðstafanir verið gerðar í fullri andstöðu við launþegasamtökin, sem svarað hafa svo með því að knýja fram hærra kaupgjald, sem eytt hefur hagnaði útflutningsatvinnuveganna af gengislækkununum. Þá hefur ný gengislækkun orðið óhjákvæmileg og svo koll af kolli.

Það er vissulega hægt að halda öllu fljótandi um stundarsakir með slíkum einhliða aðgerðum stjórnvalda, þó að gerðar séu í trássi við launþegasamtökin, en ekki heldur nema um stundarsakir, því að fyrr eða síðar kemur að því, að hinar sífelldu gengislækkanir eyðileggja trú fólksins á gildi peninganna, en með því er grundvellinum kippt undan því, að efnahagskerfið sé starfhæft, og öngþveiti óðaverðbólgu heldur innreið sína. Ég tel mig ekki gera mig sekan um neitt trúnaðarbrot, þó að ég segi það hér, að ég hef a. m. k. allt s. l. ár, bæði innan míns flokks og á opinberum vettvangi, ekki dregið neina dul á þá skoðun mína, að þessi hefðbundnu úrræði hafi nú gengið sér til húðar og leita verði nýrra, ef forðast á algera upplausn efnahagskerfisins. EFTA-aðildin gerir þetta enn meira aðkallandi en fyrr, því að vegna hennar verður misræmi milli innlends og erlends verðlags, sem þyrfti því að lagfærast skjótar en ella, ef samkeppnin frá EFTA-löndunum á ekki að leggja iðnaðinn fyrir heimamarkaðinn í rúst. En hvaða úrræði eru þá fyrir hendi? Eru til aðrar einhliða ráðstafanir en gengislækkanir, sem hægt er að framkvæma í trássi við launþegasamtökin? Það má vera. En hverjar eru þær? Á að lögbinda allt kaupgjald? Hver vill gera sig að talsmanni fyrir því?

Nú fara kosningar í hönd, og næstu mánuðir, þegar stjórnmálaflokkarnir biðla til kjósenda, verða skemmtilegir tímar fyrir hinn óbreytta borgara.

„Klippt og kembd og þvegin
komin er hún á stallinn,
hafra, mjólk og heyin
henni gefur karlinn,“

kvað eitt af góðskáldum okkar um uppáhaldshryssu sína. Já, það þarf ekki að efa, að vel verður kjósendum séð fyrir kembingunni og þvottinum a. m. k. Næstu mánuðina skemmtir þeim fjölmennur, margraddaður kór, þar sem tenórarnir syngja annars vegar lof framtaki, frelsi og einstaklingshyggju, en hins vegar þruma svo bassarnir áætlunarbúskap, skipulagningu og vinstri stefnu. Það er svo kannske önnur hlið á málinu, sem ég skal ekki fara út í hér, að þessi glamuryrði bæði tenóranna og bassanna eiga rót sína að rekja til hugmyndafræði, sem tilheyrir liðinni öld, en ekki nútímaþjóðfélagi.

Svo að maður víki að tenórunum, þá er kenning þeirra sú, að eigingirnin sé æskilegasti hvati mannsins til dáða og öllum sé heimilt að ota fram sínum tota, ef það ekki beinlínis brjóti í bága við refsilöggjöfina. Þetta gat átt við á þeim tímum, þegar hver bjó að sínu, eins og Bjartur í Sumarhúsum, og afkoman var komin undir árangri baráttu mannsins við náttúruöflin. En það á ekki að sama skapi við, þegar menn fara að búa í sambýli. Þá er félagshyggja, a. m. k. að vissu marki, óhjákvæmileg. Svo að maður víki að bössunum og slagorðum þeirra, þá virðist sú hugmyndafræði, sem þar liggur fyrst og fremst að baki, vera hinar steinrunnu kenningar Marxismans, sem einnig er arfur frá síðustu öld. En þetta liggur nú kannske utan við það verkefni, sem hér er um að ræða, og ekki þarf að draga í efa, að hér verður sungið.

En þá kem ég að hinni hliðinni, þeirri sem snertir hafrana, mjólkina og heyin. En ég óttast, að þar komi skuturinn til að liggja eftir. Hvernig á að leysa hin aðkallandi vandamál, sem við blasa að loknum kosningum og snerta lífsafkomu hvers einasta þjóðfélagsborgara? Hversu vel sem raddböndunum er beitt við framsögn áðurnefndra glamuryrða, verður enginn nær um það, hvernig söngvararnir hugsa sér að leysa þessi aðkallandi vandamál. Hvað á að taka við að loknu verðstöðvunartímabilinu? Á að halda verðstöðvuninni áfram, og ef svo er, hvernig á að afla fjár til þess, þar sem fyrir því hefur ekki verið séð nema til 1. september? Eða á að reka ríkissjóð með stórfelldum halla á tímabilinu og láta hann taka lán í Seðlabankanum? Vera má, að einhverjir líti þá lausn hýru auga, en hagfræði hefur það ekki verið talin hingað til.

Ef verðstöðvuninni verður hætt, þá yrði það spurning, sem vissulega snertir mjög hagsmuni almennings, hvernig leysa eigi þann vanda, sem leiðir af þeim verðhækkunum, sem þá hljóta að verða þegar í stað. Nú eru kjarasamningar lausir, eins og kunnugt er, á hausti komanda, og enginn gerir öðru skóna en að einhverjar talsverðar kaupgjaldshækkanir eigi sér þá stað. Að vísu er verð á útflutningsafurðum hagstætt sem stendur, en hin langvarandi og erfiða kaupdeila á togaraflotanum bendir þó til þess, að útgerðin telji sig ekki geta tekið á sig miklar kostnaðarhækkanir. Já, það er hrollvekja að hugsa til þeirra vandamála, sem blasa við, þó að sennilega verði eftir föngum reynt að taka upp léttara hjal í þeim efnum, a. m. k. fram að kosningum. Og hvað sem öðru líður, þá gerum við flm. þessa frv. okkur ljóst, að samþykkt þess mundi ekki flytja nein fjöll í þessu efni, og ná út af fyrir sig skammt til lausnar þeim geigvænlegu vandamálum, sem fram undan eru.

En ef sú skoðun mín er rétt, að þær einhliða ráðstafanir, sem til þessa hafa verið gerðar, hafi gengið sér til húðar, og ef sú leið er ekki talin fær né heppileg að lögbinda kaupgjald, verður ekki séð, að unnt sé að forða upplausn í efnahagslífinu, nema náð verði einhverju samkomulagi við launasamtökin. Vissulega verður sú leið ekki auðveld, jafnvel þó að hægt væri að skapa stjórnmálaleg skilyrði fyrir slíku, en sú hlið málsins verður ekki rædd hér.

Þeir Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors höfðu í kringum 1950 forustu um það, að stjórnvöld tóku í þjónustu sína tækni nútímahagfræði við stjórn efnahagsmála, og þeir eiga fyrir það skilið lof. Síðan hafa stjórnvöld notað þessa tækni við mótun stefnunnar í efnahagsmálum, og var vinstri stjórnin þar engin undantekning. En afstaða launþegasamtakanna til hennar hefur jafnan verið neikvæð, þannig að hjá þeim hefur jafnvel skapazt sú trú, að þessari tækni hlyti alltaf að vera beint gegn sér og sínum hagsmunum. Jafnvel á tímum vinstri stjórnarinnar, sem hafði það á stefnuskrá að leita samráðs við launþegasamtökin um allar aðgerðir í efnahagsmálum, var hið sama uppi á teningnum. Því eru gengislækkanir og aðrar slíkar efnahagsmálaaðgerðir orðnar það óvinsælar af alþýðu manna, að óvíst má telja, að stjórnmálaleiðtogar þeir, sem að þeim hafa staðið hvað eftir annað, héldu heiðri og sönsum, ef sjálfboðaliðar úr þeirra röðum gerðust ekki til þess að afsaka það fyrir fólkinu, að í raun og veru séu það ekki þeir, sem gera beri ábyrga fyrir þessu, heldur hagfræðingarnir, sem þeir hafi látið blekkjast af. Ekki má skilja þetta svo, að slíkt sé borið út að þeirra undirlagi og vilja. En þó að slíkur áróður sé þeim án efa á móti skapi, þá er hann sennilega óhjákvæmileg undirstaða áframhaldandi fylgis þeirra og valda, þannig að mér dettur í hug í þessu sambandi Strompleikur góðskálds okkar, Halldórs Kiljans, sem margir hv. alþm. fengu að sjá á sínum tíma. Þar voru mæðgur tvær, sem niðursetningur var hjá. Sú eldri, sem húsum réð, kom líki þessa niðursetnings fyrir í skorsteininum hjá sér, en hirti áfram meðgjöfina með honum. Stúlkunni, dóttur hennar, var þetta mjög óhugnæmt og vildi láta fjarlægja líkið úr strompinum, en gamla konan benti henni á, að það væri þetta lík, sem hefði verið undirstaða afkomu þeirra mæðgna fram að þessu. Og svipað á kannske við í því efni, sem hér er um að ræða, því að það er nú einu sinni svo, og það verðum við hagfræðingarnir einnig að gera okkur skiljanlegt, þó að okkur sé þetta auðvitað ekki hugnæmt, að það verður að halda fleirum við trúna en þeim sennilega tiltölulega fáu þjóðfélagsborgurum, sem lesa blaðagreinar um efnahagsmál eða þarfir þjóðarbúsins.

Auðvitað er ekki hægt að gefa vonir um það, að samþykkt þessa frv. kippi á skammri stundu í þann lið, að grundvöllur verði fyrir samræmingu launamálastefnu launþegasamtakanna og þeirrar efnahagsmálastefnu, sem rekin er af ríkisvaldinu. Þó að ekki væri um annað að ræða en að grundvöllur væri myndaður fyrir því, að þessir aðilar gætu þó sín á milli talað saman sama mál, þá væri það að mínu áliti mikilvægt spor í áttina til þess, að forðað væri frá því geigvænlega öngþveiti, sem annars virðist blasa við.

Varðandi sjálfan flutning málsins má segja það, að ástæðan til þess, að það erum við hv. 6. þm. Sunnl. og ekki aðrir, sem erum flm., er sú, að við erum sérstaklega tengdir þeim samtökum, sem fyrst hafa hreyft þessari hugmynd. Við höfum að vísu rætt málið við varaforseta Alþýðusambands Íslands, hv. 4. þm. Norðurl. e., en við skiljum vel þá afstöðu hans, að hann vilji ekki á þessu stigi málsins binda sig við málið með því að gerast meðflm. Hins vegar dreg ég það ekki í efa, að bæði sem varaforseti Alþýðusambandsins og sem þm. muni hann skoða þetta mál málefnalega frá öllum hliðum og marka afstöðu sína til þess, og sama máli, veit ég, að muni gegna um hv. aðra þdm., þó að við höfum ekki til annarra leitað sérstaklega um meðflutning að málinu.

Varðandi einstakar gr. frv., þá sé ég ekki ástæðu til að ræða þær sérstaklega. Þar er auðvitað um ýmis álitamál að ræða, eins og t. d. varðandi stjórn samtakanna, hvort hana skuli skipa með þeim hætti, sem lagt er til í frv., og gæti það sjónarmið auðvitað komið fram, að óeðlilegt sé að gera ráð fyrir því, að frv. gerir ekki ráð fyrir því, að þessi stjórn hafi nema mjög lítil völd. Að sjálfsögðu mundum við flm. vera til viðtals um einhverjar breytingar á þessu atriði og öðrum tæknilegum atriðum, ef samkomulag um slíkar breytingar væri líklegt til þess að auðvelda framgang málsins, bæði í þessari hv. d. og á öðrum vettvangi.

Ég vil svo aðeins að gefnu tilefni minnast á það, að það mundi vera á misskilningi byggt, ef því væri haldið fram, að hér væri í rauninni um svipað verkefni að ræða eins og kjararannsóknarnefnd gegnir nú. Hlutverk kjararannsóknarnefndar, eins og kunnugt er, er það að leggja sameiginlegt mat á ákveðnar staðreyndir varðandi kjaramálin. Ef þarna væri eingöngu um að ræða upplýsingar um staðreyndir, þá má segja, að það væri eðlilegt, að Hagstofan hefði það með höndum. En þegar um atriði er að ræða eins og t. d. kaupmátt launa, þá má meta það á mjög marga vegu, sem frá vísindalegu sjónarmiði geta allir

verið jafnskynsamlegir, hvernig kaupmátt launa skuli meta. Þess vegna er það í sjálfu sér ákaflega þýðingarmikið, ef vinnuveitendur og launþegar geta komið sér saman um sameiginlegt mat á þessum atriðum. Þetta verður auðvitað meginviðfangsefni kjararannsóknarnefndar, og vafalaust hefur hún gert mikið gagn, því að ef samkomulag hefur náðst um þessi atriði, þá sparar það, að dýrmætum tíma yrði varið í það, þegar til vinnudeilna kemur, að þrátta um slík atriði. En hlutverk þessarar stofnunar er í rauninni allt annað, tillögugerð, áætlanir og þess háttar, og þar sem kjararannsóknarnefnd er stjórnað sameiginlega, eins og kunnugt er, af vinnuveitendum og launþegum, þá er þess ekki að vænta, að hún geti gegnt því hlutverki nema þá í alveg sérstökum undantekningartilfellum. Af því að ég hef orðið nokkuð var þessa misskilnings, þá taldi ég rétt að leiðrétta hann nú þegar.

Að lokum getur það verið nokkurt álitamál, til hvaða n. skuli vísa þessu máli. Allshn., fjhn. og heilbr.- og félmn. gætu þar allar komið til álita, — en þar sem ég lít svo á, að hér sé í rauninni fyrst og fremst um almennt efnahagsmál að ræða, þá mundi ég telja eðlilegast, að málinu væri vísað til fjhn., en legg ekki á það neina áherzlu, ef aðrar skoðanir koma fram.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 11. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að hér sé mjög mikilsverðu máli hreyft og það sé þakkarvert af hálfu hv. flm. að hafa komið því hér á dagskrá, því að þó að ég telji kannske, að að því sé staðið með þeim hætti, að ekki sé líklegt, að það gangi fram á þessu þingi, hvorki í því formi, sem það er lagt fram eða með breytingum, af ýmsum ástæðum, þá er þó málið allavega komið á dagskrá og hlýtur að verða sent til umsagnar þeim aðilum, sem þar komu helzt til sögu, og þeir yfirfara það og skoða frá öllum hliðum. Út af fyrir sig tel ég þetta mikilsvert.

Þessu máli var fylgt úr hlaði af hv. fyrra flm., hv. 10. þm. Reykv. með stórsnjallri og eftirminnilegri ræðu. Ég tel skaða, að ekki voru nema þrír hv. þdm. í d., þegar hann flutti ræðu sína, að forseta frátöldum, því að þessi ræða átti að mínu viti erindi ekki aðeins til allra hv. þm., heldur tel ég, að hún muni vera eftirminnileg fyrir ýmsar sakir í þingsögunni. Í hans ræðu var gerð nokkur úttekt á ástandi og horfum í efnahagsmálum og skilgreind að nokkru leyti sú stefna, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, og það með þeim hætti, að ég hygg, að ekki hafi verið í annan tíma haldin ræða, sem fremur fólst í hið sanna og rétta í þeim málum en í hans ræðu, og get ég í raun og veru samþykkt flest eða allt, sem hann sagði í síðari hluta ræðu sinnar um þessi efni. Þó að kannske mætti segja, að það væri ofurlítið til hliðar við sjálft málið, sem hér var lagt fram, þá voru þær aths. allar fullkomlega á sínum stað.

Ég ætla sem sagt ekki að fara að gera neinar aths. við þennan hluta ræðunnar, miklu frekar taka undir flest eða allt, sem hann sagði. Ég hefði þó kannske talið, að það hefði verið unnt að rekja málið svolítið lengra, þegar hann ræddi um orsakir verðbólgunnar og afleiðingar, en hann taldi, að ein aðalorsök verðbólgunnar væri sú, að ekki hefði verið samræmi í aðgerðum ríkisvaldsins í efnahagsmálum og launastefnunnar í landinu. Þetta er vitanlega alveg hárrétt. Það er einmitt þrátefli þessara aðila í launamálum, sem hefur verið helzti verðbólguhvatinn í okkar þjóðfélagi, um það er ekkert að villast. En ef maður ber nú saman þróunina í þessum málum hér á landi og t. d. með öðrum þjóðum á Norðurlöndum, þá hefur þar að sjálfsögðu verið glímt við verðbólguvandamálið, sem hefur verið þar til staðar eins og víðast hvar annars staðar, en þó ekki í nálægt því sama mæli og hér. Ég tel, að frumástæðan fyrir því, að þessir hlutir hafa farið betur úr hendi stjórnvalda þar og þeir hafa haft betra vald á verðbólgunni heldur en íslenzk stjórnarvöld, hafi fyrst og fremst verið það mikla samband, sem hefur verið milli ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna í þessum löndum og sérstaklega sú ástæða, að í þessum löndum hafi verið starfandi stórir og voldugir verkalýðsflokkar, sem samtímis hafa ráðið að verulegu leyti stefnunni í launamálunum og stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Þess vegna hefði mér fundizt, að það hefði verið hægt að draga þær ályktanir af því, sem hv. þm. sagði um þetta, að hér væri í raun og veru sjálft flokkakerfið, kannske frumorsökin, þ. e. a. s. okkur hefur skort það hér á landi, að til væri stór og öflugur verkalýðsflokkur, sem gæti verið pólitískur bakhjarl fyrir faglegu hreyfinguna og gæti staðið á verði um launamálin og hagsmuni almennings á löggjafarþinginu. Ég held, að þrátefli í launamálunum verði ekki lokið, fyrr en þessi breyting verður á, og það verður ekki gert, nema flokkakerfið sé stokkað upp og því breytt í grundvallaratriðum.

Ég er ekki í þeim hópi, sem mundi segja það eins og kannske einhverjir, sem miður væru velviljaðir í garð hv. þm., að spaug hans um hafrana, mjólkina og heyin stafaði nú af því, að hann hefði ekki valið sér það hlutskipti að vera í þeim hópi, sem á að úthluta þessum lífsgæðum eftir kosningar. Ég hygg, að hann hafi mælt þar af heilum hug og af þeirri hreinskilni, sem einkenndi hans ræðu. Ekki treysti ég mér heldur betur til þess en hann gerði að bæta neinu við þá úttekt, sem hann gerði á efnahagsmálunum, og hvílík hrollvekja það hlýtur að vera fyrir hverja þá ríkisstj. og hvern þann meiri hl. á Alþ., sem verður að taka við 1. september og standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að þá er ekki einn eyrir í ríkiskassanum til þess að halda þeim niðurgreiðslum áfram, sem hafa verið látnar halda uppi þeirri gerviverðstöðvun, sem nú ríkir hjá okkur.

En sem sagt, undir þetta get ég allt tekið og sömuleiðis allar aðrar meginröksemdir, sem hann færði fram fyrir frv. sínu. Það er vissulega hárrétt, að sambúðarmál og samningar verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda hafa á síðari tímum sífellt haft tilhneigingu til þess að verða flóknari og flóknari. Þar er bæði um að ræða sjálfar forsendurnar fyrir samningagerðinni um kaup og kjör, þar sem að meira eða minna leyti verður að

taka tillit til margra þjóðfélagslegra aðstæðna, og jafnvel líka bara sjálf samningatæknin. Ég er þess vegna hv. 1. flm. fullkomlega sammála um það, að það er á því rík nauðsyn, að hagsmunasamtökin, bæði launþegarnir og vinnuveitendur, taki nútímatækni á þessum sviðum meira og meira í sína þjónustu, og þar er ekki nægilegt, að þessi hagsmunasamtök séu mötuð á skýrslum og upplýsingum og áætlanagerðum frá aðilum, sem hafa takmarkað traust til beggja þeirra aðila, sem um málið eiga að semja. Þar verður að koma til sérfræðikunnátta af hálfu þeirra aðila, sem geta metið þessar upplýsingar, lagt á það mat, að hve miklu leyti þær eru réttar, að hve miklu leyti þær eru óumdeilanlegar og að hve miklu leyti þær eru vafasamar. Við höfum oft á undanförnum árum rekið okkur á það, að ýmsar þær spár, sem hafa verið lagðar fram fyrir okkur, hafa reynzt að meira eða minna leyti falsspár, og er skemmst að minnast þeirra útreikninga, sem hagfræðingar ríkisstj. höfðu í frammi í sambandi við samningsgerðina á s. l. vori. Sú þróun, sem þeir spáðu þar í efnahagsmálunum, verðlag á erlendum mörkuðum og annað slíkt — ekkert af þessu hefði getað staðizt. Og ekki heldur þær áætlanir, sem voru endurnýjaðar í þessu efni á afliðandi sumri, þegar viðræður fóru fram milli hagsmunasamtaka annars vegar og ríkisstj. hins vegar um ástand og horfur í efnahagsmálum. Ég tel líka fullkomlega eðlilegt, að til þess að launþegasamtökin geti aflað sér slíkrar nútímatækni og haft hana á valdi sínu, þá er fjárhagsleg aðstoð ríkisvaldsins nauðsynleg og get tekið undir þau rök, sem hv. 1. flm. hafði um það. Hér er yfirleitt um févana samtök að ræða, sem ekki hafa tök á því að leggja millj. í hagfræðilegar rannsóknir eða kaup á hagfræðilegri aðstoð, sem þeim er þó rík nauðsyn á, og kannske má stundum að sumu leyti segja þetta einnig um atvinnurekendasamtökin. Á það ber líka að líta, eins og hann sagði, að hér er ekki aðeins um hagsmunamál vinnumarkaðarins að ræða. Það eru auðvitað mál allrar þjóðarinnar, hvernig til tekst um öryggi á vinnumarkaðinum og eitt af grundvallarskilyrðum þess, að okkur farnist vel efnahagslega.

Hitt er svo annað mál, að hér eru ekki öll atriði svo einföld, að margt geti ekki verið vafa bundið, hvernig taka eigi á. T. d. í fyrsta lagi: Hvernig á að haga slíkri starfsemi, sem þetta frv. fjallar um og sem meining flm. er, að geti hafizt, og er það við núverandi aðstæður æskilegt, framkvæmanlegt og hugsanlegt, að það sé hægt með löggjöf að steypa öllum launþegasamtökunum í landinu í sama pottinn til þess að framkvæma þessa starfsemi, eins og hér er gert ráð fyrir? Ég held, að ég segi ekki of mikið, þegar ég læt í ljósi þá skoðun, að það sé yfirleitt ekki skoðun okkar í Alþýðusambandi Íslands, að þetta sé mögulegt við núverandi aðstæður. Miklu frekar mundum við álíta, að hér væri um framtíðarmark að ræða, sem e. t. v. væri hægt að ná á einhverju verulegu árabili. Þessi mál eru vart svo þróuð í sjálfum sambúðarháttum launþegasamtakanna, að þetta sé mögulegt fyrr en kannske einhvern tíma í framtíðinni, en tæplega alveg eins og nú standa sakir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að fjórir aðilar af hálfu launþegasamtakanna taki þátt í eða séu aðilar að þeirri stofnun, sem hér er um að ræða: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Samband ísl. bankamanna. Þarna er um tvo meginhópa að ræða — annars vegar þá, sem hafa fullan samningsrétt, þ. e. a. s. verkfallsrétt, og geta farið að haga sínum samningamálum í samræmi við það, hins vegar opinbera starfsmenn, sem hafa mjög takmarkaðan samningsrétt að því leyti, að þeir hafa ekki enn fengið þau réttindi, sem almennu verkalýðsfélögin hafa, að geta knúið fram samninga með verkfalli.

Í öðru lagi er hér um mismunandi launakerfi að ræða — launakerfi, sem eru byggð upp með mjög mismunandi hætti hjá þessum tveimur meginhópum. Og í þriðja og síðasta lagi hefur það verið svo að undanförnu og kannske aldrei frekar en nú í dag, að þessir meginhópar fylgja ekki sömu meginstefnu í launamálum, og er þar skemmst að minnast nýgerðra samninga BSRB og ríkisstj., sem hljóta að ýmsu leyti að koma þvert og öfugt á stefnu verkalýðshreyfingarinnar í kjaramálum, og ætla ég ekki að fara nánar út í það að sinni, svo augljóst sem það er.

Það má auðvitað segja, að það sé kannske ekki svo auðvelt — og það er sjálfsagt að vera alveg hreinskilinn um það — að definera það nákvæmlega, hver stefna launþeganna í Alþýðusambandi Íslands hafi verið í launamálum, og það stafar einfaldlega af þeirri ástæðu, sem ég nefndi áðan og hv. flm. kom hér inn á, að launabaráttan hefur mótazt af þrátefli vegna stjórnaraðgerða og meginþáttur kjarabaráttunnar hefur verið að togast á við ríkisvaldið og reyna stöðugt að vinna það upp, sem af launþegum hefur verið tekið með ýmiss konar stjórnvaldaaðgerðum, miklu fremur en hægt sé að segja, að menn hafi verið að byggja á ákveðnum grunni og sótt þar fram með ákveðin langtíma markmið í huga. Öll stefnan hefur að meira eða minna leyti mótazt af skammtíma sjónarmiðum og af þessum augljósu ástæðum. Þetta er auðvitað ekki æskilegt, en það er engu að síður staðreynd, sem við hljótum að horfast í augu við. Ég er þess vegna ekki viss um, að það sé mögulegt núna í augnablikinu að fá fram þá samstöðu um slíka stofnun, sem hér er um að ræða, milli allra þeirra aðila, sem gert er ráð fyrir að taki þátt í henni, og held, að það yrði að eiga lengri aðdraganda og væri ekki mögulegt, fyrr en þessi samtök sjálf hafa talað sig niður á sameiginlegan grundvöll, bæði um launamálin almennt og e. t. v. að verulegu leyti um launaskiptinguna í landinu og margt fleira, sem að þessu lýtur, því að það er a. m. k. mín skoðun og sjálfsagt margra annarra í launþegasamtökunum, að það sé ekki aðeins úrslitaatriði, hver heildarhlutur launþegastéttanna er af þjóðartekjunum, og hvort hægt er að rýra ofurlítið til hags fyrir launþega þann hlutinn, sem fer til fjármagnsins í leigur og vexti og annað, sem fjármagninu tilheyrir, heldur sé það líka mikilsvert og kannske enn þá mikilvægara fyrir lægra launuðu stéttirnar, hvernig sjálf skipting þess hluta þjóðarteknanna, sem fer í laun, er í þjóðfélaginu. Hvort þar er um að ræða, að hér sé t. d.

fjölmenn stétt láglaunamanna, og þá aðallega úr hópi erfiðismanna, og síðan allfjölmennur hópur embættismanna og þeirra, sem stunda þjónustustarfsemi, sem geta setið við sín borð og margfaldað með tveimur, þremur, fjórum og upp í tíu til þess að fá sín laun. Þetta er ekki stefnumark okkar í Alþýðusambandinu og ég held engra, og það hljóta að vera mjög torveld samskipti við launþegasamtök, sem að einhverju leyti ganga inn á slíka stefnu.

Þá þykir mér líka vera spurning í sambandi við þetta mál, hvort ekki er einnig rétt, um leið og það er gert mögulegt með löggjöf fyrir launþegasamtökin að koma sér upp hagdeildum eða hagstofnun þeim til ráðuneytis og halds og trausts í efnahagsmálum — hvort ekki ber þá einnig að líta til hinna aðilanna á vinnumarkaðinum, þ. e. a. s. vinnukaupendanna, atvinnurekendanna. A. m. k. álít ég, að það að koma fram slíkum málum sem þessum, hlyti að vera mikið auðveldara, ef þarna væri einnig um það að ræða, að ríkisvaldið tæki að einhverju leyti þátt í þeim kostnaði, sem atvinnurekendasamtökin eðlilega þurfa að hafa af því að beita nútímatækni í sambandi við meðferð kjaramálanna. Þó að aðstaða þeirra sé að sjálfsögðu öðruvísi, vegna þess að þeir ættu að öllu jöfnu að hafa betri ráð heldur en launþegasamtökin, þá sæi ég alls ekki eftir því, einmitt af þeim ástæðum, sem hv. fyrri flm. nefndi, að hér er ekki aðeins um málefni launþegasamtakanna að ræða, heldur mál alls þjóðfélagsins — þá sýndist mér það ekkert óeðlilegt, a. m. k. engin goðgá, þó að þeir nytu einhvers góðs af.

Ég er sammála því, sem hv. flm. sagði hér um hlutverk slíkrar stofnunar sem þeirrar, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. að hún hljóti að langmestu leyti að byggja á starfi annarra hagstofnana, sem fyrir eru í landinu, og þannig er þetta, eftir því sem ég bezt til veit, á Norðurlöndunum og víðast hvar, sem þessi mál eru talin í sæmilegu horfi. Þar er alls ekki um það að ræða, að það sé um viðamiklar stofnanir að ræða, heldur miklu frekar hóp fámennra ráðgjafa, sem leggja mat á rannsóknir opinberra stofnana og veita launþegasamtökunum ráð í sambandi við meðferð kjaramálanna. Þar er yfirleitt alls ekki um að ræða frumrannsóknir, heldur er eingöngu byggt á öðrum hagstofnunum. Að sumu leyti eru þær þó frumrannsóknir eins og t. d. um mjög mikilsvert atriði eins og launastatistik, þ. e. a. s. svipaða starfsemi og kjararannsóknanefnd hefur unnið verulega að, þá er hún á Norðurlöndum eingöngu í höndum vinnuveitenda, og við þau störf vinna mörg hundruð manna í hverju landi. Aftur á móti eru hagdeildir alþýðusambandanna þar skipaðar örfáum mönnum, frá 2—3 og upp í kannske 6 mönnum. Þar er ekki um stærri bákn að ræða, þó að þar sé um miklu stærri og flóknari þjóðfélög að ræða heldur en er hjá okkur.

Hv. flm. ræddi nokkuð og þó, að því er mér fannst, ekki nógu nákvæmlega um hlutverk þeirrar stofnunar, sem hér er um að ræða, og taldi í því sambandi, að hér væri á engan hátt farið inn á verkefni annarra hagstofnana og t. d. alls ekki kjararannsóknanefndar, sem hefði aðeins ákveðin verkefni, þ. e. a. s. rannsókn á vinnutilhögun og öðru slíku, en ekki till. og áætlanagerðir, eins og það er orðað í 2. gr. í sambandi við kjaramál. Á hinn bóginn sagði hv. flm., ef ég hef ekki misskilið hann, að það væri ekki verkefni þeirrar stofnunar, sem hér væri um að ræða, að marka sjálfa stefnuna, heldur að leggja grundvöllinn að því að auðvelda, að hún yrði mörkuð. Í þessu finnst mér felast nokkur mótsögn eða a. m. k. vekur það spurninguna: Hvers konar till. og áætlanagerðir er hér um að ræða, ef það eru ekki stefnumarkandi áætlanir og tillögugerðir? Því að eins og ég sagði, tel ég fráleitt, að slík stofnun sem þessi hefði með nokkrar teljandi frumrannsóknir að gera. Bæði yrði slík stofnun alltof viðamikil með þeim hætti og í því fælist margs konar tvíverknaður, sem vissulega ber ekki að stefna að. Mér fannst, að í hans ræðu gætti nokkurs misskilnings um hlutverk og starfsemi kjararannsóknanefndar. Það er að vísu rétt, að það hefur verið eitt aðalverkefni hennar að rannsaka og gera skýrslur um vinnutíma og kaupgjald í landinu. Því miður hefur þessi starfsemi ekki þróazt meira en svo, að hún er fullnægjandi fyrir höfuðborgarsvæðið og má heita í góðu lagi að því leyti, en nær hins vegar ekki út til landsbyggðarinnar, en það hlýtur hins vegar að vera takmarkið að koma þessum málum í svipað horf og á Norðurlöndum gerist, að um þetta séu nákvæmar skýrslur um landið. Ég get vel gefið það eftir, að þetta er verkefni, sem allt eins gæti verið í höndum Hagstofunnar, og hefði áreiðanlega verið tekið upp af Hagstofunni fyrir mörgum árum, ef hún hefði talið sig hafa til þess mannafla og fjármagn, og var löngu búið að vera áhugamál forstöðumanns Hagstofunnar, áður en farið var að vinna þetta verk af kjararannsóknanefnd. Eins gæti svipaður háttur verið hafður á og á Norðurlöndum, að þessi starfsemi væri alfarið í höndum vinnuveitendasamtakanna. Það teldi ég heldur ekki fráleitt, ef að því væri unnið með líkum hætti og þar, því að sannleikurinn er sá, að þó að þetta verkefni sé unnið af atvinnurekendasamtökunum á Norðurlöndum, þá er yfirleitt ekki um það að ræða, að þessar skýrslur séu tortryggðar á nokkurn hátt, enda er að þeim unnið með skipulegum og vísindalegum hætti.

Um störf kjararannsóknanefndar að öðru leyti er þess að geta, að um þau gilda engin lög önnur en þau, sem samþykkt voru á Alþ. fyrir nokkrum árum, að starfsemi n. yrði greidd af Atvinnuleysistryggingasjóði, en að öðru leyti eru þar bara óskráðar reglur, sem aðilarnir, sem eru jafnmargir frá hvorum og ráða jafnmiklu í stjórn stofnunarinnar, hafa komið sér saman um, og ekki hafa verið neinar deilur um frá upphafi. En þar er alls ekki um það að ræða, að starfsemi n. sé einskorðuð við þetta eina atriði. Það hefur alltaf verið talið á verksviði kjararannsóknanefndar að vinna að ákveðnum, tilteknum verkefnum, sem aðilar vinnumarkaðarins óskuðu eftir, og það hefur verið gert, að ég held, í hvert einasta skipti, sem þess hefur verið óskað. Hitt er svo annað mál, að það sem ég tel, að hafi sérstaklega skort á í þessum efnum, er, að ekki hefur verið um að ræða nægilega lifandi samband milli stofnunarinnar og hagsmunasamtaka vinnumarkaðarins. Þarna hafa verið opnaðir mögu-

leikar til þess að fá unnin ýmis sérverkefni, sem gætu verið gagnleg, t. d. við gerð kjarasamninga, en þessi verkefni hafa verið miklu færri heldur en efni hafa staðið til. En það er ekki vegna þess að þetta hafi ekki verið opið og þessi verkefni hefðu ekki verið unnin, ef þess hefði verið óskað. Mér sýnist því, að að þessu leyti sé eiginlega mjög svipað verkefni, sem Hagstofnun launþegasamtakanna samkvæmt frv. er ætlað, og það, sem kjararannsóknanefnd vinnur, eða er a. m. k. tilbúin að vinna. Hitt er svo auðvitað rétt, að hér er um að ræða annars vegar stofnun, sem eingöngu er í höndum launþegasamtakanna og er stjórnað af þeim, og hins vegar stofnun, sem er stjórnað sameiginlega af fáum aðilum og getur þess vegna ekki nema að takmörkuðu leyti sinnt verkefnum nema þeim, sem báðir eru sammála um. Þó er það svo, að í starfsemi þessarar n. hefur verið nokkur skipting, þannig að hvor aðilinn á vinnumarkaðinum hefur ráðið sinn starfsmann. Aðalstarfsmennirnir hafa ekki verið nema tveir, og það hefur verið auðveld og opin leið að því, að sá maður, sem telst fulltrúi vinnuveitenda, ynni sérstök verkefni fyrir þá og hinn starfsmaðurinn aftur fyrir verkalýðssamtökin.

Ég tel, að hvort sem eitthvert slíkt frv., sem hér er um að ræða, verður samþ. eða ekki, þurfi kjararannsóknanefnd endurskoðunar við og þar þurfi um að bæta sérstaklega varðandi þau atriði, sem ég hér nefndi. Og ég vil geta þess að Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið eru nú að hefja umræður um framtíðarstarf kjararannsóknanefndar, og það hafa þegar komið fram nýjar hugmyndir í sambandi við það, hvernig starfsemi stofnunarinnar, ef hún á annað borð heldur áfram störfum, verði fyrir komið, m. a. sú hugmynd, að þessari starfsemi yrði skipt upp í hagdeildir — annars vegar hagdeild Alþýðusambandsins og hins vegar hagdeild vinnuveitenda. En samt sem áður yrði þarna um eitthvert takmarkað samstarf að ræða, a. m. k. að því er varðar þær frumrannsóknir á sérstökum atriðum, sem n. hefur fjallað um.

Ég skal ekkert um það segja, hvert þessar umræður leiða, en ég tel alls ekki fráleitt, að þær geti leitt til þeirra breytinga á starfsemi kjararannsóknanefndar, að þar yrði um að ræða viðunandi vísi að þeim hagdeildum launasamtakanna annars vegar og vinnuveitenda hins vegar, sem hlýtur að koma í framtíðinni.

Ég ætla ekki frekar en hv. fyrri flm. að fara nákvæmlega út í einstök atriði frv. Ég tel sjálfsagt, að það hljóti vandaða meðferð í n. og því verði a. m. k. það áleiðis komið, að fyrir liggi ítarlegar umsagnir allra aðila, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, áður en þessu þingi lýkur. Ég vil ekkert fyrir það sverja, að ekki geti að athuguðu máli verið um einhverjar þær leiðir að ræða í þessum málum í frv., sem menn gætu orðið sammála um, þó að ekki væri þá nema kannske um byrjunarskref að ræða. Hins vegar get ég ekki stillt mig um að benda á, að mér a. m. k. sem fyrirsvarsmanni Alþýðusambandsins, þyki hlutur Alþýðusambandsins vera gerður nokkuð lítill í þessu frv., þar sem því er aðeins ætlað að hafa einn mann af fimm í fimm manna stjórn, en hitt er vitað, að hér er um langstærstu og mikilvægustu launþegasamtökin að ræða, sem að ákaflega miklu leyti má segja, að móti launastefnuna í landinu. Og ég held, að það verði erfitt að fá um það samkomulag, að ef slík stofnun, sem hér er um að ræða, yrði á annað borð sett á stofn, yrði hlutur Alþýðusambandsins að henni ekki meiri en hér er gert ráð fyrir. Hv. flm. sagði að vísu, að þetta skipti ekki svo ýkja miklu máli vegna þess að stjórnin hefði lítið vald. Ég get nú ekki fallizt á það, því að mér sýnist samkv. frvgr., að stjórnin eigi algerlega að móta starfsemi þessarar stofnunar. Ég get ekki séð, að það sé neinn annar aðili en stjórnin, sem gerir það, og það hlýtur að vera æði þýðingarmikið, hvernig hún er skipuð.

Á hinn bóginn sýnist mér, að ekkert samræmi sé í þessu og svo aftur þeim kostnaðarhlutum, sem aðilunum er ætlað að greiða, en þeir eiga ekki að vera í neinu hlutfalli við aðild að stjórninni, heldur í hlutfalli við tekjur þeirra af framlögum frá meðlimum sínum eða aðild að félögum. Nú er það að vísu svo, að þó að BSRB sé mörgum sinnum fámennara en Alþýðusambandið, þá greiða félagar þess mikið hærri iðgjöld innan sinna heildarsamtaka, og hlutur þess verður þess vegna nokkuð mikill að þessu leyti, en samt sem áður þykir mér, að hér hallist nokkuð mikið á um þann kostnað, sem af þessu yrði fyrir Alþýðusambandið, og hins vegar þau völd, sem því eru ætluð í stofnuninni og þau áhrif um leið, sem því væru ætluð.

Margt fleiri gæti ég nefnt til, sem ég tel, að þyrfti nánari athugunar við. Ég held t. d., að það ákvæði sé vafasamt, að þessi stofnun tæki til starfa, þegar tveir af þessum fjórum aðilum, sem tilgreindir eru í 3. gr. væru tilbúnir að taka þátt í henni. Ef maður setti nú dæmið þannig upp, sem fræðilega virðist vera mögulegt, að það yrði ekki nema BSRB og Samband íslenzkra bankamanna, sem vildu taka þátt í þessari stofnun, þá teldi ég hana ekki hafa þá almennu þýðingu, og kannske næsta litla almenna þýðingu í einhverju samræmi við það, sem fyrir flm. vakir. Þá væri ekki um að ræða neina stofnun, sem hefði með höndum verkefni fyrir launþegasamtökin í heild, ég held, að svona stofnun — ef að því á að hverfa, að hún verði sameiginleg fyrir öll þessi samtök eða jafnvel fleiri samtök en þarna eru nefnd — verði harla lítils virði til þess að ná þeim meginmarkmiðum, sem áreiðanlega hafa vakað fyrir flm., nema Alþýðusambandið verði þar með. Ég held, að það sé grundvöllurinn fyrir því, að þessi stofnun kæmi að einhverju gagni. Hitt er svo annað mál, að það er hverjum samtökum frjálst, sem til þess hafa fjármagn og getu, að koma upp slíkri starfsemi, — og það væri auðvitað vel hugsanlegt, a. m. k. fræðilega, að hér yrði um að ræða einhvern hlutfallslegan styrk til fleiri en eins aðila til þess að vinna þau tæknilegu störf, sem samtökunum eru nauðsynleg. Sannast sagna er ég ekki frá því, að það væri að ýmsu leyti nauðsynlegt, að það væri byrjunin. En hitt er ég svo alveg sammála flm. um, eins og ég áður sagði, að ég tel, að það beri að stefna að því og það muni fyrr eða síðar verða, að launþegasamtökin í heild sameinist um slíka starfsemi, sem

hér er um að ræða, og þá væntanlega með einhverri aðstoð af opinberri hálfu. Um það meginatriði er ég flm. sammála, þó að ég að öðru leyti telji það hæpið, að hugmyndir þeirra um skipan þessara mála séu raunhæfar við núverandi aðstæður.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þann skilning og áhuga á þessu máli, sem mér virtist koma fram í hans ræðu, þó að hitt kæmi líka fram, að hann lítur e. t. v. ekki alveg sömu augum á málið og við flm. Samt sem áður hef ég það á tilfinningunni, að skoðanamunur sé ekki meiri en svo, að hann ætti að vera tiltölulega auðvelt að samræma, ef tóm væri til að ræða málin nánar. Að sjálfsögðu höfum við flm. gert ráð fyrir því, að nú, þegar frv. þetta verður afgreitt til n., verði það sent til umsagnar þeim aðilum, sem það snertir, og vera má með tilliti til þess, að það er ekki svo ýkja langur tími eftir af setu þessa þings, að þessir aðilar verði það seinir í svifum, að ekki verði unnt að afgreiða málið á þessu þingi. Það er e. t. v. heldur ekki nein höfuðnauðsyn, þó að við mundum kjósa undir öllum kringumstæðum, að sá tími, sem til stefnu er, verði notaður, eftir því sem unnt er, til þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Þessu næst vil ég víkja að örfáum atriðum í ræðu hv. þm., sem ég kannske ýmist vildi gera aths. við eða bæta við. Það er vafalaust rétt hjá hv. þm., að skæðar tungur kunni að mæla, að ég hefði ekki talað um þessi mál svo opinskátt, ef ég ætti að vera í framboði við næstu alþingiskosningar. Ég býst nú við, að hvergi sé meiri skilningur á því en hér, að menn eru e. t. v. opinskárri, þegar þeir geta talað, eins og þeim býr í brjósti, heldur en þeir mundu gera, ef skjalla þarf mjög mislitan kjósendahóp, en vil þó í þessu sambandi minna á það, sem ég sagði raunar í framsöguræðunni, að þau höfuðsjónarmið, sem ég setti fram í þessu efni, eru engan veginn ný. Í meira en ár hef ég haldið því fram, að a. m. k. þær einhliða ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið að undanförnu og nauðsynlegar hafa verið að mínu áliti — ég veit, að við hv. 4. þm. Norðurl. e. erum kannske ekki nema að takmörkuðu leyti sammála í því efni — en ég tel, að þær hafi verið nauðsynlegar og kannske ekki önnur úrræði fyrir hendi á sínum tíma, en hins vegar tel ég, að þessar ráðstafanir hafi gengið sér til húðar og ný úrræði verði að finna.

Vera má, að til séu einhverjar einhliða ráðstafanir aðrar, en á þær hefur þó ekki verið bent. Séu þær hins vegar ekki fyrir hendi, þá er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort — ef löggjafarvaldið treystir sér að fara út í það — að lögbinda allt kaupgjald og samræma þannig launamálastefnuna hinni almennu stefnu í efnahagsmálum, eða þá sú leiðin, sem miklu beinna mundi ná takmarkinu, ef hennar er kostur, þó að vissulega séu þar mörg ljón á veginum, — sú að ná samkomulagi við launþegasamtökin, kannske ekki í hverju einstöku atriði, en a. m. k. þó þannig, að ekki verði um stórfellda árekstra að ræða. Og ég vil vekja athygli á því, að ég tel þetta atriði engan veginn utan við það efni, sem hér er um að ræða, því að ef það væri þannig, að hægt væri að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið með því að leysa þessi vandamál með einhliða aðgerðum, þá væri frá sjónarmiði stjórnvalda ekki nein sérstök þörf á slíkri stofnun. Eftir sem áður mundu auðvitað launþegasamtökin hafa þörf fyrir slíka aðstoð. Það skildist mér, að við hv. 4. þm. Norðurl. e. værum sammála um, en þá mætti kannske með rétti segja, að það væri þeirra að koma henni á fót og standa straum af kostnaði við hana.

Það er nú e. t. v. meira aukaatriði í þessu sambandi, að það er alveg rétt hjá hv. þm., að oft hefur það komið fyrir, að spádómar, sem hagfræðingar hafa gert, hafa ekki staðizt. Það er nú ávallt þannig, ef spá á fram í tímann, og ekki á það hvað síst við um okkar þjóðarbúskap, að óvissan er svo mikil um atriði, sem grundvallarþýðingu hafa, að þess er ekki að vænta, að slíkir spádómar standist nema að takmörkuðu leyti. Af því að ég á sæti í hagráði, þá man ég, að lögð var fram þar áætlun um, að ég held vorið 1968, um þróun þjóðarbúskaparins á næstu mánuðum, og samkv. henni átti þá ekki að vera þörf neinna sérstakra aðgerða í efnahagsmálum, það sem eftir var af því ári. Það fór öðruvísi, eins og kunnugt er, en það, sem gerði þar auðvitað mesta strikið í reikninginn, var að síldveiðarnar brugðust þá með öllu. En eins og kom fram á þeim hagráðsfundi, höfðu hagfræðingarnir í sínum spádómum byggt á því, sem fiskifræðingarnir höfðu sagt um það efni, sem þeir ættu að vera færari að segja eitthvað um heldur en hagfræðingarnir. En þeirra spádómar brugðust einnig, og er ég ekki að segja það þeim til neins áfellis. Þar eru að verki svo óvissir þættir, að það er ekki á valdi mannlegrar þekkingar að segja fyrir um þróun þessara mála.

Varðandi það, sem meira máli skiptir um hlutverk þessarar stofnunar, þá benti hv. þm. á það, að hann byggist við, að stefnumunurinn í launamálum milli þessara samtaka væri það mikill, að erfitt yrði, a. m. k. að svo stöddu, að fá þau til eða sameinast um þá stofnun, sem hér er um að ræða. Já, vissulega er slíkur stefnumunur fyrir hendi, en ég tel, að hann út af fyrir sig ætti þó ekki að skipta hér höfuðmáli, því að eins og ég held, að komi skýrt fram í grg. okkar flm. fyrir þessu frv., var það ekki hugsun okkar, að þessi stofnun eða þeir sérfræðingar, sem þarna vinna, ættu beinlínis að móta stefnu launþegasamtakanna og segja þeim þannig fyrir verkum. Slíkt verður aldrei falið sérfræðingum. Hitt er annað mál, að á sama hátt eigi við þar, eins og það er ekki heldur hlutverk Efnahagsstofnunarinnar t. d. að stjórna landinu né móta þá efnahagsstefnu, sem rekin er á hverjum tíma, heldur að vera til ráðuneytis um það mál. En hins vegar er auðvitað ekki vafi á því, að Efnahagsstofnunin hefur haft mikil áhrif á hana, og sama máli mundi vafalaust einnig gegna um hagstofnunina, þannig að það, sem fyrir okkur vakti, að mundi verða aðalhlutverk þessarar stofnunar, var það að sinna tilteknum verkefnum, sem henni yrðu fengin af hinum einstöku launþegasamtökum, en það, sem kemur frá sérfræðingunum, væri auðvitað ekki þess eðlis, að stofnunin sem heild bæri á því

ábyrgð. Það er m. a. á því, sem ég hef byggt þá fullyrðingu, að stjórn stofnunarinnar hafi ekki mikil völd þarna, því að þó að heimilað sé að vísu, að hún feli þessum sérfræðingum tiltekin verkefni, þá mundi ég líta þannig á, að verkefnin yrðu fyrst og fremst þau, sem falin eru stofnuninni af hálfu hinna einstöku launþegasamtaka, þannig að hlutverk stjórnarinnar yrði þá fyrst og fremst að raða þessum verkefnum niður.

Hv. þm. minntist í þessu sambandi á kjararannsóknanefnd og verkefni hennar, og sló þá m. a. fram þeirri hugmynd, hvort ekki væri eðlilegt, að stofnunin starfaði í þágu vinnumarkaðarins í heild — að atvinnurekendur fengju þarna einhverja aðild. Það væri kannske út af fyrir sig ekki útilokað. En ástæðan til þess, að þetta kemur ekki inn í þetta frv., er í fyrsta lagi sú, að ég tel, að viðhorf atvinnurekenda í þessum efnum séu önnur en launþegasamtakanna, þannig að atvinnurekendur munu í miklu ríkara mæli en launþegasamtökin treysta opinberum stofnunum, sem gegna þessum hlutverkum. En hitt er vitað, að mikil tortryggni ríkir í garð þeirra stofnana, sem að þessum málum starfa á vegum opinberra aðila, af hálfu launþegasamtakanna. Ég er síður en svo að segja, að sú tortryggni sé alltaf réttmæt, en hún er a. m. k. skiljanleg, þar sem þessir aðilar eru í þjónustu annarra, sem launþegasamtökin telja, að þarna eigi andstæðra hagsmuna að gæta.

Í öðru lagi tek ég alveg undir það með hv. þm. og held, að það sé í fullu samræmi við hugsun okkar flm., að við höfum ekki hugsað okkur, að þessi stofnun starfaði að frumrannsóknum. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að ef það ætti að vera stórt hlutverk stofnunarinnar í þessum efnum, þá er þar hætta á tvíverknaði. Enda held ég, að það sé beinlínis tekið fram í grg. eða frv., að um slíkt verði ekki að ræða, nema því aðeins að engar aðrar stofnanir séu fyrir hendi, sem slíkum rannsóknum sinna. Ef það væri þannig, að óskað yrði af hálfu launþegasamtakanna eftir ákveðnum upplýsingum, sem aðrar stofnanir telja ekki í sínum verkahring að veita, þá væri það eðlilegt hlutverk þessarar stofnunar að vinna að því að safna þeim. En aðalhlutverkið gæti í fyrsta lagi oft verið að gagnrýna það, sem frá þeim aðilum kemur, sem starfa að þessu af hálfu opinberra aðila, að því leyti sem það snertir hagsmunabaráttuna, og í öðru lagi að gera till. um ýmis efni, sem ekki þurfa alltaf að snerta kaupgjaldsbaráttuna, í þrengri merkingu þess orðs a. m. k. En það er einmitt með hliðsjón af þessu, sem ég tel, að það geti ekki verið innan eðlilegs starfssviðs kjararannsóknanefndar, sem er undir sameiginlegri stjórn vinnuveitenda og launþega að vinna að slíkum verkefnum. Segjum t. d., að óskað verði eftir till. frá launþegasamtökunum um skipan skattamála, sem vissulega er mikilvægur þáttur kjaramálanna. Mér finnst það mjög ólíklegt, að atvinnurekendur og launþegar gætu sameinazt um till. í þessum efnum, og undir öllum kringumstæðum tel ég, að launþegasamtökin teldu sér það fjötur um fót að vera í þeim efnum bundin við það, sem atvinnnurekendur samþykkja. Auðvitað er hægt að skipa málum þannig, að það, sem frá þessum sérfræðingum kæmi, væri einvörðungu á þeirra ábyrgð, og þannig verður það í rauninni. En ef þeir aðilar, sem að stofnuninni standa, hafa mjög mismunandi skoðanir, þá er hætt við, að hún yrði tiltölulega áhrifalítil. Þannig að þó að stefnan í launamálum kunni að vera mismunandi, þá sé ég í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, að um þessi atriði gætu þessir aðilar sameinazt.

Í þessu sambandi má bæta því við, að það er vafalaust rétt hjá hv. þm., að ef maður lítur á Alþýðusambandið annars vegar sem heild og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hins vegar sem heild, þá kann stefnan að vera mismunandi og Alþýðusambandið að hallast að meiri launajöfnuði en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. En ég vil aðeins við þetta bæta: Ætli það sé nú ekki þannig innan beggja þessara samtaka, að þarna sé um mikinn skoðanamun að ræða? Ætli t. d. bréfberar og ráðuneytisstjórar hafi nákvæmlega sömu skoðanir á því, hvernig launastiginn eigi að vera? Og eins hugsa ég, að talsvert mikill skoðanamunur í þessu efni sé annars vegar á milli þess félags, sem hv. þm. er formaður í, sem eru samtök ófaglærðs verkafólks, og atvinnuflugmanna t. d. eða framkvæmdastjóra fyrir verzlunarfyrirtækjum hins vegar, en báðir síðast töldu aðilarnir, eftir því sem ég bezt veit, eru aðilar að Alþýðusambandinu. (Gripið fram í.) Nú eru flugmennirnir farnir. Já, en faktorarnir eru eftir og vafalaust mætti nefna marga fleiri.

Það er auðvitað pólitískt mál, hvað launa- og tekjujöfnuður í þjóðfélaginu eigi að vera mikill, og um það eru skiptar skoðanir og ekki ástæða til þess að ræða það hér. En það má aðeins á það benda, að hvaða réttlætishugmyndir, sem menn kunna að hafa í því efni, þá getur sá launamismunur, sem ákveðinn er — jafnvel þó að slíkt sé í fullu samræmi við ríkjandi réttlætishugmyndir — þá getur hann ekki og má ekki vera í miklu ósamræmi við ríkjandi markað. Það hefur sumum vaxið það í augum, að gert er ráð fyrir því eftir 1½ ár, að þá eigi laun hæst launuðu embættismannanna að vera ferföld þeirra lægst launuðu. En í því sambandi má nú í fyrsta lagi benda á það, að fá munu þau lönd vera, þar sem launamismunurinn er ekki meiri. Annars staðar á Norðurlöndum mun hann yfirleitt vera sex- til áttfaldur og eins t. d. í því ágæta ríki, Sovétríkjunum. Ég sá það í mjög nýlegum upplýsingum, að þar hafi stjórnvöld verið að berjast fyrir því, að lágmarkslaun verkamanna yrðu eitthvað 40 rúblur á mánuði. Það hefur nú dregizt mjög, að því yrði náð, en prófessorar þar í landi hafa 400—600 rúblur í laun eða 10—15 föld þessi lágmarkslaun, sem ekki hefur einu sinni verið náð. En meira máli skiptir þó hitt í þessu sambandi, að þó að launamismunurinn yrði gerður minni, hvernig ætti að koma t. d. verkfræðingum og læknum inn í þetta kerfi? Þarna er um aðila að ræða, sem geta starfað á alþjóðlegum markaði. Íslendingar fá ekki þá þjónustu, sem þessir aðilar veita, nema þeir borgi þeim, ekki ferföld heldur kannske sjö- til áttföld laun á við það, sem hinir lægst launuðu embættismenn hafa. Annars fer þorrinn af þessum mönnum úr landi, og það má kannske segja, að það sé ekkert við því að gera, en er réttlæti í því, að læknar og

verkfræðingar hafi kannske margföld laun á við aðra háskólagengna menn, sem kostað hafa þó eins miklu til síns náms?

Það mætti auðvitað margt um þetta segja, en að síðustu vildi ég aðeins nefna það, sem hv. þm. vék að, að hlutur Alþýðusambandsins í stjórn þessarar stofnunar væri samkv. frv. gerður óeðlilega lítill. Ég tók það nú held ég fram í minni framsöguræðu, að að sjálfsögðu værum við flm. til viðtals um breytingar á þessu og öðrum tæknilegum atriðum, ef það gæti orðið til þess að stuðla að framgangi málsins. En eins og ég tel *mig hafa gert grein fyrir, er það nú í fyrsta lagi* þannig, að ég held, að þeim mun fámennari sem stjórnir eru, þeim mun betur starfi þær. En þó að þessi launþegasamtök séu auðvitað mjög mismunandi stór, þá getur á hinn bóginn verið erfitt að fá þau til að gerast aðilar, ef þau eru útilokuð frá aðild að stjórninni. Ef þetta yrði að einhverju leyti ásteytingarsteinn, þá mætti vafalaust finna ýmsar leiðir til þess að lagfæra það, fjölga t. d. í stjórninni, þannig að hún yrði 6 eða 7 manna stjórn, sem Alþýðusambandið hefði þá 2 eða jafnvel 3 í, þar ættu ýmsar leiðir að vera fyrir hendi.

Hv. þm. taldi það óeðlilegt, að gert væri ráð fyrir því, að aðeins tvö launþegasamtök gætu knúið það fram, að þessari stofnun væri komið á fót. Okkur er auðvitað fyllilega ljóst, að tilgangi þessarar stofnunar verður aldrei náð nema að takmörkuðu leyti, ef Alþýðusambandið verður þarna fyrir utan. Þess ber nú að gæta, að ég tel, að það t. d., að Bankamannasambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja yrðu ein um það að koma stofnuninni á fót, yrði nú aldrei nema fræðilegur möguleiki, því að rekstur þessarar stofnunar hlýtur alltaf að kosta töluvert mikið. Til þess að vera starfhæf, þá þurfa að starfa þar a. m. k. tveir hæfir sérfræðingar auk annars starfsliðs. Það þarf nú að gera ráð fyrir því með núverandi verðlagi, að rekstrarkostnaður yrði alltaf 2—3 millj., þannig að ef þessi minni launþegasamtök ættu að standa undir þeim kostnaði á móti ríkinu, þá mundi það verða svo dýrt, að ég tel, að telja megi næstum útilokað, að þau mundu fara þá leiðina til þess að afla sér þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þau telja sig hafa þörf fyrir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr. mikið. Ég geri ráð fyrir því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til annarrar hvorrar þeirrar n., sem ég á sæti í hér í hv. þd., og ég mun þá hafa tækifæri til þess að fara út í einstök smærri atriði málsins og ætla ekki að teygja lopann um það. En ég tel rétt nú strax að leiðrétta ofurlitinn misskilning, sem vel má vera að hafi verið minni framsetningu að kenna en ekki misskilningi hv. 1. flm. Mín hugmynd var ekki sú, sem ég varpaði hér fram, að atvinnurekendasamtökin ættu aðild að Hagstofnun launþega, ef sett yrði á laggirnar. Það, sem ég átti við, var það, að mér þætti líklegt, að upp kæmi krafa, kannske meira eða minna eðlileg, sem mætti styðja ýmsum rökum, um hliðstæða aðstoð við atvinnurekendasamtökin. En hitt hefur mér aldrei dottið í hug, ef slík stofnun væri sett á laggirnar, að atvinnurekendur ættu neina aðild að henni.

Ég ætla ekki að fara út í almennar rökræður um launajöfnuð og annað þvílíkt hér. Það er nægur annar vettvangur til þess að ræða um þau mál. Þó vil ég segja það, að ég tel, að okkar þjóðfélag sé að ýmsu leyti þeirrar gerðar, að það þoli ekki að hér sé jafnmikill launamismunur og með stærri og ríkari þjóðum. Við verðum að sætta okkur við það að hafa þar á talsvert annan hátt. Og ég vil nú í því sambandi minna á það, sem hv. flm. sagði hér í gær, er hann fór að minu viti réttilega nokkuð háðulegum orðum um þá aðila í þjóðfélaginu, sem teldu, að eigingirni væri bezta hreyfiaflið í þjóðfélaginu. Auðvitað snertir þessi stefna líka sjálf kjaramálin. Hitt er svo auðvitað annað mál, að við erum settir í vissan og kannske illleysanlegan vanda, ef við viljum hafa meiri launajöfnuð, sem ég held, að við verðum að finna einhverja leið til að hafa, varðandi þá menn, sem geta boðið vinnuafl sitt á alþjóðlegum markaði, þ. e. a. s. nema þjóðfélagið geti komið því inn hjá sínum þegnum, að eigingirnin og ágirndin sé ekki það, sem eigi að ráða ferðinni. Ég held líka, að tilvitnun til Sovétríkjanna og annarra slíkra ríkja hafi ekki sannfært einn eða neinn um, að sú skipan mála, sem er á launamálum þar, sé eitthvað nærri lagi. Ég hef sjálfur komið til Sovétríkjanna og kynnti mér það af eigin raun. Ég þurfti að kaupa mér skó, og þeir kostuðu rétt ein mánaðarlaun verkamanns, eins og okkur var sagt, að þau væru að meðaltali. Það var að vísu áður en rúblan var hækkuð, en skórnir kostuðu 650 rúblur, en meðallaun verkamanna, að sögn opinberra aðila voru þá 450—600 rúblur á mánuði. Og ég sá líka, hvernig aðrir komu með úttroðin veskin sín silkiklæddir inn í stórverzlanir og höfðu þar búntin af stærstu mynt, sem til var í landinu, en á næsta torgi við stóðu gamlar konur með kreppta fingur prúttandi um nokkra kópeka fyrir skemmdar kartöflur. Ég held, að það sé ekki slíkt þjóðfélag, sem okkur langar til þess að byggja upp hér, og ég veit, að hv. ræðumaður er mér sammála um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 751).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 751 ber með sér hefur n. orðið sammála um, að vísa frv. til ríkisstj., en eins og það er orðað í nál., í trausti þess, að hún láti fyrir næsta reglulegt Alþ. undirbúa löggjöf um þetta efni og verði þar haft samráð við launþegasamtökin og Vinnuveitendasambandið, með hliðsjón af þeim hugmyndum, sem fram koma í frv., svo og þeim umsögnum, sem borizt hafa. En fjhn. hefur sent öllum þeim heildarsamtökum launþega, sem þetta frv. snertir, svo og Vinnuveit-

endasambandinu málið til umsagnar, og tel ég rétt, með leyfi hæstv. forseta, að kynna hv. dm. þessar umsagnir, því það tekur ekki langan tíma, þar sem þær eru yfirleitt stuttorðar og gagnorðar. Mun ég þá lesa þessar umsagnir í þeirri röð, sem þær hafa komið. Það er í fyrsta lagi umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem þannig hljóðar:

„Stjórn BSRB hefur móttekið bréf frá fjhn. Ed. Alþ., dags. 18. feb. s. l., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um Hagstofnun launþegasamtakanna. Stjórn BSRB hefur rætt þetta mál og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. á yfirstandandi Alþ. Virðingarfyllst, f. h. stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kristján Thorlacius, form., Guðjón B. Baldvinsson, ritari."

Þá er í öðru lagi umsögn frá Sambandi ísl. bankamanna, svohljóðandi:

„Vér viðurkennum móttöku bréfs hinnar hv. fjhn. dags. 18. þ. m. og látum ekki hjá líða að tilkynna yður, að vér höfum fyrir vort leyti áhuga á því að standa að Hagstofnun launþegasamtakanna, ef af stofnun hennar skyldi verða. Virðingarfyllst, Samband ísl. bankamanna, Sigurður Guttormsson."

Þá er næst umsögn stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem er svohljóðandi:

„Á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 25. 2. 1971 var tekið fyrir bréf Ed. Alþ., þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna. Samþykkti fundurinn að mæla með frv. í öllum aðalatriðum og lagði til, að það næði fram að ganga. Virðingarfyllst, f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Ingólfur Stefánsson."

Þá er næst umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, sem hljóðar þannig:

„Vér höfum móttekið heiðrað bréf hv. fjhn. Ed. Alþ. dags. 18. f. m., þar sem beiðzt er umsagnar vorrar um frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna. Af þessu tilefni viljum við taka fram eftirfarandi: Vinnuveitendasamband Íslands telur, að hér sé hreyft athyglisverðu máli, enda mjög skort á, að aðilar vinnumarkaðarins hefðu greiðan aðgang að sérfræðilegum upplýsingum og áætlunum um efnahagsmálin fram í tímann. Þá hefur þess og gætt, að samtök launþega tortryggðu gögn, sem legið hafa fyrir í þessu efni. Með stofnun kjararannsóknan. var þó gerð fyrsta alvarlega tilraunin til að sinna þessum málum á hlutlægan hátt, og teljum við þá reynslu, sem þar hefur fengizt, jákvæða. Nú standa yfir viðræður milli aðila um starfsemi og skipulagningu kjararannsóknan. í framtíðinni og er það skoðun vor, að fyrst og fremst beri að efla starfsemi hennar og m. a. spanna yfir þau svið, sem Hagstofnun launþegasamtakanna er ætlað að sinna samkv. frv. Vér teljum þess vegna ekki rétt að samþykkja frv., a. m. k. ekki á þessu stigi, en heppilegra sé að bíða og sjá, hver framtíð kjararannsóknan. verður. Virðingarfyllst, Björgvin Sigurðsson, f. h. Vinnuveitendasambands Íslands."

Svo er að síðustu umsögn Alþýðusambands Íslands, dags. 17. marz 1971:

„Fjhn. Ed. Alþ. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur athugað frv. til l. um Hagstofnun launþegasamtakanna og vill að athugun lokinni taka fram eftirfarandi: Það hefur verið áhugamál Alþýðusambandsins að koma upp eigin hagdeild, sem hefði svipuðu hlutverki að gegna í þess þágu, sem hin fyrirhugaða Hagstofnun launþegasamtakanna. Að svo komnu máli hefur það þó verið og er álit sambandsins, að ekki sé tímabært að slík stofnun væri sameiginleg á vegum fleiri samtaka sameiginlega með Alþýðusambandinu, m. a. vegna annarrar stöðu Alþýðusambandsins en t. d. BSRB, sem ekki hefur verkfallsrétt fyrir félaga sína, og vegna nokkuð annarrar stefnu í launamálum.

Nú nýlega hefur Alþýðusamband Íslands farið þess á leit við Vinnuveitendasamband Íslands, að það hefji viðræður við það, um framtíðarstarfsemi kjararannsóknanefndar, og eru þar uppi m. a. þær hugmyndir, að þeirri stofnun verði breytt í hagdeild ASÍ annars vegar og þeirra vinnuveitendasamtaka, sem aðild eiga að henni, hins vegar. Slíka breytingu væri þó ekki unnt að gera, nema til komi stuðningur ríkisstj. við hana. Yrði hins vegar í þessum efnum um að ræða samvinnu við önnur launþegasamtök, telur miðstjórn ASÍ, að um það yrðu að fara fram sérstakir samningar milli aðila fremur en lagaboð. Af framansögðu leiðir, að miðstjórn ASÍ mælir með frekari athugun málsins á vegum réttra aðila og telur ekki tímabært að lögfesta umrætt frv. nú. F. h. Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson."

Þannig hljóða þessar umsagnir.

Nú vil ég aðeins segja það, en það er frá eigin brjósti og ekki á ábyrgð annarra hv. fjhn.-manna, því mér finnst gæta dálítils misskilnings bæði í umsögn Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins, þar sem talað er um kjararannsóknanefnd og starfsemi hennar í þessu sambandi. Kjararannsóknanefnd hefur að mínu áliti mjög mikilvægu hlutverki að gegna, og sjálfsagt er að halda þeirri starfsemi áfram, sem hún hefur með höndum. En eins og ég held, að ég hafi tekið fram í framsöguræðu minni fyrir þessu máli, tel ég, að a. m. k. að óbreyttri starfstilhögun kjararannsóknanefndar, þá geti hún ekki komið í stað Hagstofnunarinnar. Kjararannsóknanefnd lýtur sameiginlega yfirstjórn vinnuveitenda og Alþýðusambandsins. Það er mjög gagnlegt, að hún reyni að fá upplýsingar um staðreyndir, sem málið geta skýrt við gerð kjarasamninga. Enn fremur er það mjög gagnlegt, ef í kjararannsóknanefnd getur orðið samkomulag um atriði eins og það, hvernig skuli meta breytingar, sem verða á kaupmætti launa, því það er fræðilega séð mjög mikið álitamál og ekki hægt að slá þar fastri einni reglu, sem undir öllum kringumstæðum sé einmitt sú rétta, þannig að það getur verið mjög mikilvægt, ef vinnuveitendur og launþegar geta komið sér saman í þessu efni. Hagstofnun launþegasamtakanna samkv. hugsun okkar flm. frv., hv. 6. þm. Sunnl. og mín, átti hins vegar víðtækara hlutverki að gegna, þar sem það átti að vera stofnun til ráðuneytis launþegasamtökunum í gerð áætlana og till., ef þau teldu það æskilegt. Auðvitað fyrst og fremst varðandi kjaramál þeirra sjálfra, en vel gæti komið til greina, að álits launþegasamtakanna

yrði leitað um efnahagsmál almennt o. s. frv. Stofnun, sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn atvinnurekenda og launþega getur ekki, að áliti okkar flm., sinnt þessu hlutverki nema þá í undantekningartilfellum og að mjög takmörkuðu leyti, því að þó að ég vilji sízt gera meira úr hagsmunaárekstrum milli vinnuveitenda og launþega en efni standa til, þá má ekki loka fyrir því augunum, að slíkur hagsmunaágreiningur hlýtur alltaf að verða fyrir hendi að vissu marki.

Hitt er svo auðvitað annað mál, að með því að gjörbreyta starfsgrundvelli kjararannsóknanefndar frá því sem hann nú er, þannig að kjararannsóknanefnd yrði skipt í tvær deildir, eins og fram kemur í áliti Alþýðusambandsins, þá er auðvitað vel hugsanlegt, að þá leið mætti fara til þess að koma á stofnun í átt við þá, sem við flm. höfðum hugsað okkur, og er látið að því liggja í áliti Alþýðusambandsins, að það kunni vel til greina að koma, að önnur launþegasamtök fái þar aðild að. Hins vegar tel ég það á misskilningi byggt, þó að það sé aukaatriði í þessu sambandi, þegar talað er um, að samningar milli aðila eigi þar frekar við en lagaboð. Það hefur aldrei verið hugsun okkar flm. þessa frv., að neinn aðili yrði þvingaður til aðildar að þessari stofnun gegn sínum vilja. Ég tel, að það komi nægilega skýrt fram í frv., að um slíkt verður ekki að ræða. Hins vegar er ríkið skyldað til þess skv. frv. að leggja fram ⅔ hluta kostnaðarins við þessa stofnun, en auðvitað er það komið undir frjálsum ákvörðunarrétti hinna einstöku launþegasamtaka, hvort þau óska aðildar hennar eða ekki.

Hvað sem öllu þessu líður, þá hefur fjhn., eins og álit hennar ber með sér, orðið sammála um á þessu stigi málsins, að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með grg., sem í nál. felst, og ég hef þegar lýst.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég stend nú að sameiginlegu nál. með hv. frsm. n., tel ég það ekki viðeigandi eða efni til, að ég fari að upphefja neinar stórfelldar deilur um einstök atriði í sambandi við málið, en ég vildi þó aðeins segja nokkur orð um það, sem hann nefndi misskilning af hálfu Alþýðusambandsins á samanburði kjararannsóknan. og Hagstofnun. Þegar þetta er metið, verðum við að hafa hvort tveggja í huga, hvernig kjararannsóknan. hefur unnið, og eins hitt, hvernig starfsemin hefur farið þar úr hendi, og hverju mætti þar breyta, og bera það síðan saman.

En sannleikurinn er sá, að kjararannsóknan. hefur ekki aðeins unnið að rannsóknastörfum, sem báðir aðilar hafa staðið að, eins og rannsókn kaupgjalds og skýrslugerð um vinnutíma og mat á breytingu á kaupi og annað því um líkt, sem hefur verið eins konar rútínuverk, sem þarna hefur verið unnið, en sem ég tel, að geti allt eins átt sér stað hjá einhverjum af þeim öðrum stofnunum, sem fyrir eru í landinu, t. d. Hagstofu Íslands, og hefði þar verið tekið upp fyrir ekki mjög löngu síðan, ef sú stofnun hefði haft til þess fjármagn og starfskraft. Ég tel, að það væri vel hægt að hugsa sér, að þessi þáttur í störfum kjararannsóknan. væri falinn t. d. Hagstofunni, en eftir stæði þá það, sem öðrum þræði hefur verið hlutverk kjararannsóknan., þó að um það hafi ekki gilt nein ákveðin skráð l. eða reglur að veita samtökunum hverjar þær upplýsingar, sem hún hefði getað unnið að, um tölfræðileg efni, sem launamál varða, og gert þannig aðila vinnumarkaðarins hæfari til þess að taka sínar ákvarðanir í sambandi við kjaramálin. Það er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu af hálfu kjararannsóknan. og hefur reyndar verið praktiserað í verulegum mæli, að vinna einmitt að þeim þáttum, sem getið er um í hugmyndinni um Hagstofnun launþega.

Það er rétt að geta þess líka í þessu sambandi, að svo hefur verið háttað starfsemi kjararannsóknan., að af tveim sérfræðingum, sem þar hafa unnið, hefur annar raunverulega verið valinn af launþegasamtökunum og hinn af hálfu vinnuveitenda. Þess vegna hefur verið opin leið að fá leiðbeiningar hjá þessum starfsmönnum í þeirri veru, að þar væri raunverulega um aðila að ræða, sem bæri að bera hag viðkomandi sérstaklega fyrir brjósti, og hygg ég, að þá sé komið inn á mjög líkt, eða sama svið og Hagstofnun launþega er ætlað að vinna.

En hvað um það. Um kjararannsóknina gilda ekki l. að öðru leyti en því, að það er ákveðið með sérstökum l., af hverjum kostnaður við störf stofnunarinnar skuli greiddur. Hins vegar hafa það verið óskráð lög og samkomulag frá upphafi, hvernig starfseminni hefur verið hagað, og auðvitað má vel hugsa sér að gera þar breytingar á, eins og hv. frsm. gat um. Um hitt, að það sé annar misskilningur Alþýðusambandsins, að þarna sé hugsuð einhvers konar þvingun á því, hvaða aðilar í launþegahópnum vinni saman í Hagstofnun launþega og eigi aðild að henni, þá er það að vísu rétt, að enginn er skyldaður til þess samkv. l., en ef frv. er samþykkt óbreytt, felur það þó að mínu viti í sér óbeina þvingun, þar sem það er gert að skilyrði fyrir því, að samtökin njóti þeirrar fjárhagslegu aðstoðar, sem frv. felur í sér, að þar sé um ákveðið samstarf að ræða. Þetta er engin bein þvingun, það er alveg rétt, og enginn er skyldaður til þess að sæta því, en hins vegar hygg ég, að þið sjáið, að þarna er ekki val um það, að geta haft sína eigin stofnun, eins og Alþýðusambandið hefur — hefði að minnsta kosti á undanförnum árum — fremur kosið. Það er ekkert val um það, að fá aðstoð hins opinbera til þess, heldur aðeins á milli þess að fá enga aðstoð eða hafa samtök með þeim samtökum, sem þarna er rætt um. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, en eins og ég sagði, þá er þetta ekki til þess flutt að vekja deilur um málið. Ég er nál. alveg sammála og þeirri afgreiðslu, sem hv. fjhn. hefur orðið ásátt um.

ATKVGR.

Till. frá fjhn. á þskj. 751 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 15 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Verkfall stýrimanna, vélstjóra o. fl.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin vegna verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum. L. voru gefin út, eftir að verkfallið hafði staðið nokkurn tíma og mörg kaupskip voru bundin í höfninni. Frv. að þessum lögum var sniðið með það fyrir augum að gefa gerðardómnum, sem skipaður skyldi til þess að gera till. um og ákveða kjör þessara manna, svigrúm til þess að bæta kjör þeirra tiltölulega meira heldur en annarra, sem samizt hafði við í vinnudeilunum s. l. vor. Með l. var gert ráð fyrir því, að Hæstiréttur tilnefndi þrjá menn í gerðardóm, sem ákvæði fyrir 1. september 1970 um kaup og kjör stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum og embættismönnum.

Samkv. 2. gr. skal gerðardómurinn við ákvörðun kaups og kjara tilnefndra aðila taka til greina í úrskurði sínum kjarasamninga stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta frá 22. maí 1969 auk launa- og kjarabreytinga, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í júní 1970 og gildandi kjarasamninga sambærilegra starfshópa, sem vinna í landi. Þau kjaraatriði, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli fulltrúa nefndra stétta og eigenda farskipa, skulu og tekin til greina í úrskurði gerðardómsins. Eins og þessi gr. er gerð, er gerðardómnum gefið svigrúm til þess að gera athuganir á kjörum yfirmanna á farskipum og gera samanburð á þeim við aðra starfshópa og leiðrétta þannig kjör yfirmanna á farskipum eftir því, sem ástæða þykir til umfram það, sem samizt hefur um við aðrar stéttir. Þá eru samúðarverkföll og önnur verkföll til þess að knýja fram aðra skipan mála bönnuð með lögum þessum.

Ákvarðanir gerðardóms samkv. 1. gr. skulu, að því er varðar greiðslur farskipaeigenda til félaga í þeim starfsmannafélögum, sem um er að ræða í 3. gr., gilda frá gildistöku laga þessara. Að öðru leyti skulu samningar farskipaeigenda og nefndra starfsmannafélaga, dags. 22. maí 1969, að viðbættu 15% álagi á útborgað kaup, eins og það var 1. júní 1970, og fullum vísitölubótum, gilda, þar til gerðardómur fellur. Lög þessi gilda til 31. desember 1970 nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags ísl. loftskeytamanna og Félags bryta. Úrskurður samkv. 1. gr. gildi til sama tíma. Eftir 30. nóv. 1970 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af hvorum aðila fyrir sig með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

Það var ekki gert ráð fyrir, að þessi lög giltu lengur en til ársloka 1970 og var það með ráðum gert til þess að gefa þessum aðilum tækifæri til að átta sig á, hver staða þeirra væri. Yfirmenn á farskipum höfðu haldið því fram, að þeirra hlutur væri tiltölulega verri en hann ætti að vera miðað við sjómenn og aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Vélstjórar höfðu haldið því fram, að þeir væru verr launaðir en vélstjórar hjá Landsvirkjun, Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og Reykjavíkurborg. Nauðsynlegt var í þessum l. að gefa gerðardómnum svigrúm til þess að bera þetta saman.

Gerðardómurinn hljóðar um það, að grunnkaup þessara manna hækki um 20%, og breytingar á samningum og önnur hlunnindi, sem þeim eru veitt, er metið sem næst 10%. Þannig að þessir aðilar hafa fengið allt að 30% hækkun samkv. gerðardómnum. Farmenn á farskipum höfðu flestir sagt upp störfum og gert ráð fyrir því að ganga af skipunum 10. október. En farmenn á skipunum fóru að lögum, og þeir héldu áfram að vinna, eftir að þessi lög voru gefin út. L. náðu þess vegna tilgangi sínum, komu í veg fyrir mikið tjón fyrir þjóðina í heild og fyrir skipafélögin. En þar sem ekki var gert ráð fyrir, að l. giltu lengur en til ársloka 1970 og farmönnum var

samkv. þeim heimilt að segja upp samningum frá 1. desember þessa árs, þá var eðlilegt, að allt væri gert, sem unnt væri, til þess að ná samningum við farmenn, og það hefur tekizt. En það hefur tekizt með því að bæta allmiklu við það, sem gerðardómurinn úrskurðaði þessum aðilum til handa.

Mér þykir rétt að rekja sögu málsins nokkuð og gera grein fyrir því, hvers vegna þessi lög voru út gefin, ef einhverjir skyldu ekki hafa það í fersku minni. Það mun kannske einhver segja hér á eftir, að þessi lög hafi verið alveg óþörf og það hafi sýnt sig, að það hafi verið teknir upp samningar við farmennina, þrátt fyrir þessi lög. En það sannar ekkert, að l. hafi verið óþörf, vegna þess að vegna l. fóru skipin úr höfn og hafa ekki stanzað síðan. En að rifja þetta mál upp með nokkrum orðum þykir mér eðlilegt og minni á, að þegar slitnaði upp úr viðræðum í deilu útgerðar kaupskipanna og Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags ísl. loftskeytamanna og Félags bryta, kl. 23 29. júní s. l., stóðu samningaviðræður þannig, að útgerðarmenn höfðu boðið almenna kauphækkun 15% auk ýmissa annarra breytinga á samningunum, sem metnar voru þannig, að alls námu kjarabætur allt að 24%. Kröfur stéttarfélaganna voru hins vegar óbreyttar samkv. fundarsamþykkt í félögunum 29. júní, en alls munu upphaflegar kröfur þeirra hafa numið um 100%, þ. á m. 40% grunnkaupshækkun og 25% vaktaálag, sem er nýtt til sjós. Þegar fyrrgreindum sáttafundi lauk 29. júní, virtust menn, þar á meðal sáttasemjari, sammála um, að tilgangslaust væri að boða til annars sáttafundar, á meðan mál stæðu þannig, enda var það ekki gert.

Verkfall yfirmanna hófst kl. 24 aðfaranótt 21. júní s. l. Það ber að hafa í huga, að verkfall verkamanna við Reykjavíkurhöfn hafði þá staðið frá 27. maí til 19. júní. Um kostnað útgerðarfélaganna þarf ekki að deila. Þannig hefur forstjóri Eimskipafélags Íslands fullyrt, að verkfallið hafi kostað það félag 1 millj. kr. á dag, eftir að 9 skip frá félaginu höfðu verið stöðvuð daginn, sem l. voru gefin út. — 1 millj. á dag, sem verkfallið þá kostaði Eimskipafélag Íslands.

Það má vera, að einhverjum hafi þrátt fyrir þetta fundizt óþarfi að ýta skipunum úr vör. Úrskurður gerðardóms þess, sem skipaður var samkv. l. nr. 75 1970, var kveðinn upp 22. ágúst s. l. Meginefni gerðardómsins var, að allt grunnkaup, sem í gildi var 1. júlí 1970, hækkaði um ca. 20%. Auk þess var vinnutími styttur úr 44 klukkustundum í 42 klukkustundir á viku. Ýmsar aðrar breytingar voru gerðar á fyrri samningum, mismunandi eftir stöðum á skipunum og stærð skipanna. Ekki mun fjarri lagi, að meðalhækkun samkv. gerðardómsúrskurðinum, þegar á öll kjör er litið, hafi numið allt að 30%.

Samningar þeir, sem undirritaðir voru 15. þ. m., gilda til 1. október 1971, eins og flest allir kjarasamningar í landinu aðrir, en gerðardóminum mátti segja upp með eins mánaðar fyrirvara miðað við n. k. áramót, enda höfðu stéttarfélögin samþykkt að nota þá heimild. Meginbreytingarnar frá gerðardómskjörunum voru, að ýmsir kaupliðir voru færðir saman og allt grunnkaup hækkað um 15%. Vegna ýmissa formbreytinga á samningunum, svo sem að orlof er greitt af fleiri kaupliðum en áður, greiðslur í lífeyrissjóð koma af fleiri liðum vegna hækkaðs kaups, greiðslur fyrir ótekna frídaga hækka o. fl., verður heildarhækkunin rúmlega 20%.

Þannig er forsaga þessa máls, og þannig er niðurstaða dómsins. Út af fyrir sig er það ágætt, að samningar hafa nú tekizt um það, að vinnufriður verður a. m. k. til hausts 1971. Það hefur verið sagt, að yfirmenn á farskipunum hafi með þessum samningum fengið allt að 50% kauphækkun. Það mun vera rétt, að bein kauphækkun sé um 40%, og hvað það er metið, sem er fram yfir í tilfærslum og öðrum hlunnindum, getur verið dálitið erfitt, en nokkurs virði mun það vera. En vélstjórar á skipunum hafa talið fram að þessu, að þeirra hlutur væri öllu lakari en vélstjóra, sem vinna í landi á vöktum. En með þessum samningum, hygg ég, að þeir séu komnir nokkuð upp fyrir þá. Yfirmenn á farskipum hafa yfirleitt talið, að það bil, sem ætti að vera á kjörum yfirmanna og undirmanna, hafi verið of lítið. Um það ætla ég ekki að dæma. En ég vil hins vegar segja það, að það er tæplega eðlilegt, að vélstjórar á farskipum, sem vinna fjarri heimili sínu, séu lægra launaðir en vélstjórar, sem vinna í landi.

Ég veit, að hér hefur verið um mikla kauphækkun að ræða, og það stóð á skipafélögunum að ganga að þessum samningum, en þau hafa gert það. Kannske geta þau komið við einhverri vinnuhagræðingu og unnið þetta upp með því móti. En slæmt væri það, ef það þyrfti að hækka fragtirnar af þessum sökum. Það væri vitanlega miklu betra, ef hægt væri að spara á einhvern hátt í rekstrinum og komast hjá fragthækkunum af þessum sökum.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að svo stöddu að fjölyrða meira um þetta. Enda þótt þessi brbl. hafi lokið hlutverki sínu, þá er skylt að leggja þau fyrir hv. Alþ. og láta málið fara í n. Lengra þarf það raunverulega ekki að fara að þessu sinni, þar sem samningar hafa verið gerðir til mun lengri tíma en þessi lög ná til, en það efast enginn um, að l. náðu tilgangi sínum. Þau björguðu miklum verðmætum fyrir þjóðarbúið, þau komu í veg fyrir það, að Eimskipafélag Íslands þyrfti að borga í tap 1 millj. kr. á dag í langan tíma og önnur skipafélög þá í hlutfalli við það, og þau hafa orðið til þess, að í framhaldi af þessum l. hafa tekizt samningar á milli skipafélaganna og farmannanna til eins árs eða til sama tíma og aðrar stéttir hafa samið um, og það er það, sem hefur mikið að segja, að nú er vinnufriður fram undan a. m. k. í eitt ár.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er orðinn árviss atburður, að lögð séu fyrir Alþ. frv. til staðfestingar á brbl., sem hafa verið gefin út í því skyni að afnema um tíma samningsrétt einstakra starfshópa í þjóðfélaginu. Á síðasta þingi var lagt fyrir frv., sem beindist að flugliðum, eins og menn muna. Hæstv. ríkisstj. hafði bannað flugliðum að heyja kjarabaráttu, sem hafði verið ákveðin, og í staðinn skipað þeim með lögum að hætta við kjarabaráttuna og hlíta

í staðinn úrskurði gerðardóms. Þegar það frv. var lagt fyrir þing í fyrra, vissu allir þm., að l. voru orðin pappírsplagg eintómt. Það stóð ekki snefill eftir af ákvæðum l. Flugliðar höfðu farið fram hjá ákvæðunum um bann við verföllum með því að veikjast allir í senn og upp úr því töldu flugfélögin ráðlegast að semja við flugmenn um allt aðra kosti en þá, sem gert var ráð fyrir í brbl. Það frv., sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir vegna þeirra í fyrra, var ómerkilegt pappírsplagg, og ég vakti þá athygli á því við 1. umr., að það væri ósæmandi fyrir Alþ. að afgreiða slíkt mál frá sér. Engu að síður var því máli fylgt eftir til loka og Alþ. látið staðfesta það allt til enda.

Hér liggur nú fyrir annað frv. af hliðstæðu tagi til staðfestingar á brbl., sem sett voru til þess að banna verkfall stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum.

Ég held, að svo hafi hitzt á, að þessu frv. var dreift hér í þingsalnum sama daginn og yfirmenn á farskipunum höfðu hnekkt gersamlega ákvæðum þessara laga. Þessi brbl. höfðu tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi að banna verkföll, og í öðru lagi að skipa gerðardóm og mæla fyrir um það, hvernig hann skyldi haga störfum sínum í einstökum atriðum. Báðum þessum atriðum hefur verið hnekkt gersamlega af farmönnum. Við skulum horfast í augu við það á raunsæjan hátt, að þeir hafa brotið í bága við ákvæðin um verkföll með þeirri einföldu aðferð að segja upp störfum langflestir. Og að sjálfsögðu hafa þeir haft samtök um það. Þeir hafa náð nýjum kjarasamningum, þar sem er um að ræða miklum mun hagstæðari kjör en þau, sem gerðardómurinn hafði kveðið upp.

Eins og hæstv. ráðh. gat um hér áðan, mun úrskurður gerðardómsins hafa falið í sér um það bil 30% kjarabætur, en það, sem nú hefur verið samið um, eftir að farmenn hótuðu því að ganga allir í land, eða svo til allir, eru kjarabætur, sem nema 50—55%. Þetta frv. er þess vegna eins ómerkt pappírsplagg og það, sem okkur var boðið upp á í fyrra. Hins vegar er það lát á hæstv. ráðh. núna, að hann gaf það í skyn, að hann mundi sætta sig við, að málið yrði svæft í n. Hann fer ekki fram á meira í þetta skiptið. En ég held, að það sé alger óþarfi að vísa þessu máli til n. Ég held, að Alþ. eigi að hafa þá sjálfsvirðingu að neita að fjalla frekar um mál af þessu tagi.

Við skulum gera okkur það ljóst, að atburðir eins og þessir, sem ég hef hér minnzt á, eru mikið alvörumál. Þjóðfélag okkar, þetta litla íslenzka þjóðfélag, er þannig gert, að ríkisvald og Alþ. hafa ekki mikil tæki til valdbeitingar gagnvart þegnunum, sem betur fer. Þess vegna verða Alþ. og stjórnvöld ævinlega að haga lagasetningu sinni þannig, að hún brjóti ekki í bága við réttlætisvitund manna. Ef það er ekki gert, þá fá slík mál ekki staðizt, jafnvel þótt þau fái meiri hl. hér á Alþ. En það er fullkomið alvörumál fyrir Alþ. og ríkisstj., ef lögum er hnekkt á þann hátt. Ef hér eru samþ. lög, sem ekki fá staðizt vegna þess að þau brjóta í bága við almenningsálit, þá hafa þau lög verið sett af lítilli eða engri fyrirhyggju, og þá á að viðurkenna þá staðreynd umyrðalaust. Við eigum ekki að leika okkur að því ár eftir ár, að sett séu lög, sem ekki standast, og ég vil sérstaklega vara þennan hæstv. ráðh. við því að halda áfram á þeirri braut, því að það hefur lent á honum ár eftir ár að standa í slíkum athöfnum.

Ég tel, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið, bæði á síðasta ári og eins í ár, til þess að hnekkja lagasetningu, sem skerðir samningsrétt manna, séu ákaflega mikilvægar fyrir verkalýðshreyfinguna í heild. Þær raddir hafa heyrzt á síðustu árum, að það væri ástæða til þess að takmarka vinnulöggjöfina og skerða réttindi verkafólks frá því, sem nú er. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að tilburðir hæstv. ríkisstj. til þess að takmarka rétt einstakra starfshópa, og það kannske starfshópa, sem ríkisstj. hélt, að nytu ekki neinnar sérstakrar samúðar meðal almennings, voru tilraunir til þess að undirbúa almenna skerðingu á réttindum verkalýðsfélaga í landinu. Það vita allir, að þannig var komið gagnvart flugliðum og raunar gagnvart yfirmönnum á farskipum einnig, að samningsrétturinn hafði í verki verið af þeim tekinn, vegna þess að atvinnurekendur reiknuðu með því ævinlega, þegar kjarabarátta hófst, að ríkisstj. mundi leysa málin með lagasetningu. Ef annar aðili í kjaradeilu veit, að þannig verður að farið, þá mun hann ekki ganga til neinna raunverulegra samningsviðræðna. Þess vegna voru þessir hópar í rauninni gersamlega sviptir raunverulegum samningsrétti. Þessir hópar hafa hnekkt þessum árásum, og eins og ég sagði áðan, þá tel ég það vera mikilsvert fyrir verkalýðshreyfinguna í heild. Ég held, að það geti ekki farið á milli mála, að ef atvinnurekendur hefðu, þegar deila yfirmanna á farskipum hófst, boðið eitthvað svipuð kjör og nú var samið um, þá hefði ekki orðið sú kostnaðarsama stöðvun, sem hæstv. ráðh. var að tala um áðan. Auðvitað fylgir kostnaður kjaraátökum. Það vita allir. En ef við viljum hafa frelsi verkafólks til þess að semja um kjör sín, þá verðum við einnig að taka þann kostnað, sem af því hlýzt, ef átök verða um slík mál. Það er óhjákvæmilegt. Og raunar er kannske ástæða til þess að minna á það, að á sama tíma og þannig var staðið að kröfum yfirmanna á farskipum, þá gekk öllu greiðlegar fyrir Eimskipafélag Íslands að fá óhemjulega hækkun á farmgjöldum. Þar þurfti ekki að standa í neinni langvinnri stöðvun. Það gekk sjálfkrafa.

En sem sagt: Ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel, að Alþingi eigi að neita að fjalla um mál af þessu tagi, gersamlega ómerkt pappírsplagg, þar sem ekki stendur steinn yfir steini.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm., sem hér var að tala áðan, hækkaði róminn, þegar hann var að tala um þetta ómerkilega pappírsgagn, sem hann talar um, að hafi verið með öllu hnekkt og sé algerlega óþarft, þrátt fyrir það, að þessi lög hafi náð alveg tilætluðum tilgangi með því að stöðva verkfallið. Og þessi lög áttu ekki að gilda nema til ársloka þessa árs. Það var gengið út frá því með þessum lögum, að farmenn gætu sagt upp með mánaðar fyrirvara frá 1. desember. Nú hefur samizt um kaup og

kjör til 1. október 1971. Þess vegna er ástæðulaust að staðfesta þessi brbl. En það er jafnskylt að leggja þau fram hér í hv. Alþ. til 1. umr. um þau og láta málið ganga til n., en það er engin þörf á að láta það ganga gegnum þingið, af því að það hefur verið samið á milli deiluaðila um kaup og kjör til miklu lengri tíma heldur en þessi lög ná til. Og hv. þm. hefur setið það lengi á Alþ., að hann ætti að vita, hvernig þingsköpin eru og ekki tala um það, að það sé fyrir neðan virðingu þingsins að fjalla um mál eins og þetta.

Það er ekki rétt, að þetta frv. hafi verið eða sé ónýtt pappírsgagn. Þetta frv. og þessi lög eru að því leyti til ólík l. um lausn á verkfalli flugliða í fyrra, að í þessu tilfelli liggja fyrir samningar á milli deiluaðila til lengri tíma en l. náðu til. En í hinu tilfellinu voru engir samningar. Þess vegna varð það frv. til l. um lausn á verkfalli flugliða látið ganga gegnum þingið og staðfest í báðum deildum hv. Alþ. Hv. þm. fullyrðir, að ef yfirmönnum á farskipum hefði verið boðið á s. l. vori það, sem samdist um nú, þá hefði verkfallið leystst. Hvað veit hann um þetta? Hverjar eru staðreyndirnar? Þegar síðasti sáttafundur hafði verið haldinn, þá héldu farmenn við sínar upphaflegu till., sem voru samþykktar á fundi í félögunum, og voru um allt að 100% hækkun, þegar allt var tekið með í reikninginn. Það var 40% grunnkaupshækkun, 25% álag, stytting á vinnutíma og ýmsar tilfærslur, þannig að þegar þetta var reiknað, var það allt að 100%. Hv. þm. hefur ekki hugmynd um, hvað hann var að segja og leiðinlegt, að hann skuli vera með fullyrðingar eins og þessar, þar sem hann veit ekkert um, hvað þar er um að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið. Ég held, að það hafi komið allt fram, sem máli skiptir. Það hefur komið fram, að l. leystu verkfallið og forðuðu þjóðinni frá miklu tjóni. Og það vita allir, að það hefur samizt á milli skipafélaganna og farmannanna. Það hefur samizt um kjör, sem mönnum finnst há, en eru það kannske ekki, þegar málið er skoðað í réttu ljósi — a. m. k. hvað vélstjórana snertir, ef þeir eru ekki hærri í launum en vélstjórar, sem vinna í landi, þá er þetta kannske ekki óréttlátt. Það er verra að gera samanburð á stýrimönnum og öðrum yfirmönnum á farskipunum. Við höfum ekki slíkt. En hvað vélstjórana snertir, þá er þetta nokkuð þægilegur samanburður, og ef við setjum okkur í þeirra spor, er kannske eðlilegt, að þeir vilji ekki vinna fyrir minna kaupi en þeir, sem hafa sömu menntun og eru í landi. En hnúturinn er leystur, og það skiptir vitanlega mestu máli.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það sé mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þessi brbl. hafi orðið til þess að leysa verkfall farmanna, sem var hér á s. l. sumri. Ég held miklu heldur, að þessi lög hafi orðið til þess, að það kom til verkfalls á milli atvinnurekenda og farmanna. Og þetta byggist á því, að samkv. venju vissu atvinnurekendur það og áttu von á því, að hæstv. ráðh. mundi grípa inn í með brbl. og þess vegna fóru þeir sér mjög gætilega í því að bjóða fram nokkrar hækkanir. Eins og hæstv. ráðh. sagði, voru atvinnurekendur ekki búnir að bjóða nema 24% hækkun, þegar brbl. voru sett og þeir vissu það vel og allir aðrir, að það mundi aldrei semjast á þeim grundvelli, enda sömdu þeir síðar um rúmlega 50% hækkun, og það sýnir bezt, að þessi von atvinnurekenda um, að það yrðu sett brbl. í deilunni, varð til þess, að verkfallið stóð lengi. Þá samdist ekki strax, en nú í haust, þegar komin var deila á milli farmanna og atvinnurekenda á þann veg, að ljóst var, að ríkisstj. gæti ekki gripið inn í deiluna með brbl., vegna þess að farmennirnir voru búnir að segja upp, þá samdist á örfáum dögum. Og nákvæmlega það sama hefði gerzt á s. l. sumri, ef atvinnurekendur hefðu ekki treyst á það, að ríkisstj. mundi *grípa inn í deiluna með brbl. og gerðardómi.* Þá hefði samizt strax á fáum dögum, alveg eins og samdist nú í haust, þegar það lá fyrir, að ríkisstj. gat ekki lengur gripið inn í deiluna með brbl. og gerðardómi. Þess vegna fullyrði ég það alveg hiklaust, að þetta verkfall, sem var á s. l. sumri á kaupskipunum, hefði sannarlega ekkert orðið og samizt strax, alveg eins og gerðist nú í haust, ef atvinnurekendur hefðu ekki treyst á það samkv. venju, að ríkisstj. mundi grípa inn í með gerðardómslögum. Þess vegna er það algerlega rangt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þessi lög hefðu orðið til þess að leysa nokkuð. Þau urðu til þess að skapa deilu, sem annars hefði leystst miklu fyrr og miklu betur og gangur málsins allur orðið á annan veg en varð, vegna þess að ríkisstj. greip inn í á þennan hátt.

Mér finnst rétt að nota þetta tækifæri til að minna á það, að það á að vera aðalstefna hins opinbera í vinnudeilum að vinna að sáttum, en hafa ekki afskipti af þeim á annan hátt. Það var í samræmi við þessa stefnu, sem framsóknarmenn beittu sér fyrir því á sínum tíma, að sett voru l. um sáttasemjara í vinnudeilum, og síðar, að sett var vinnulöggjöfin 1938. Það er tvímælalaust, að þessi lög bæði, eða framkvæmd þeirra, hafa átt mikinn þátt í því, að samkomulag hefur náðst í vinnudeilum miklu fyrr en ella. Hitt er það, að þetta fyrirkomulag eða þessi löggjöf er að ýmsu leyti orðin úrelt nú eða samrýmist ekki nýjum tíma eða breyttum aðstæðum. Þess vegna þarf að koma sú breyting til, að þær sáttaumleitanir, sem hið opinbera hefur forgöngu um, verði miklu víðtækari og það sé unnið að því að undirbúa það að jafna deilur, áður en verkföll séu skollin á.

Það var í samræmi við þessa skoðun eða þessa hugsun, sem framsóknarmenn höfðu forustu um það hér á þingi 1954, fyrir 16 árum síðan, að komið yrði á sérstakri samstarfsnefnd atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna, sem ynni að því að fylgjast stöðugt með þessum málum, svo að fyrir lægju nægar upplýsingar um stöðu atvinnuveganna og hag launþega, þegar til þess kæmi að endurnýja samninga, og á þann hátt yrði miklu auðveldara að leysa þessi mál en ella. Því miður fór það svo, að þessi samstarfsnefnd komst að vísu á. Það voru allir flokkar hér á þingi þá sammála um það, að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, en af einhverjum ástæðum lagðist þessi tilhögun strax niður, þannig að þessi samstarfsnefnd sofnaði og hefur ekki verið endur-

vakin aftur. En það er tvímælalaust mikil nauðsyn í sambandi við vinnudeilumálin, að unnið verði að því að koma einhverri slíkri skipan á, að stöðugt samráð eigi sér stað milli atvinnurekenda og launþega um það, hver staða atvinnuveganna sé, og um það, hver kjör launþega séu, og þess vegna liggi fyrir nokkuð glöggar og greinargóðar upplýsingar, þegar að því kemur að þarf að endurnýja samninga. Í því sambandi er það áreiðanlega mjög mikilvægt, að aðilar, bæði launþegar annars vegar og vinnuveitendur hins vegar, hafi sínar eigin hagstofnanir, sem afli upplýsinga um þau atriði, sem þessa samninga snerti, þannig að sem greinabeztar upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma.

Nú er fullkomlega óþolandi ástand í þessum efnum. Að vísu er hér stofnun, sem talið er, að fylgist með þessum málum og geri athugun á þeim, og ríkisstj. hefur sér til ráðuneytis og lætur leggja fram skýrslu á ýmsum tímum um, hvernig ástatt er. En það hefur sýnt sig hvað eftir annað, að þær upplýsingar, sem hún hefur lagt fram, hafa ekki staðizt, heldur reynzt alrangar, og þess vegna er svo komið, að menn eru fyrir löngu hættir að leggja nokkuð upp úr því, sem frá henni kemur um þessi mál. Þetta þarf að breytast og það verður sennilega bezt gert á þann veg, að launþegar sjálfir eignist sína eigin hagstofnun og atvinnurekendur geta þá komið sér upp hliðstæðri stofnun líka og þær beri svo ráð sín saman og afli sem greinabeztra upplýsinga um þessi mál.

Eins og ég sagði áðan á það að vera hin almenna regla í þessum efnum, að hið opinbera hafi ekki önnur afskipti af vinnudeilum og verkföllum en þau, að vinna að því að koma á sáttum. Hins vegar getur undir alveg sérstökum kringumstæðum verið þannig ástatt, að það sé óhjákvæmilegt, að ríkisstj. og Alþ. grípi inn í og reyni að jafna deilur með einhvers konar lögþvingun, gerðardómi eða á annan hátt. Ég játa það fullkomlega, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi í þjóðfélaginu, að þetta sé talið óhjákvæmilegt, en það á að heyra til hreinna undantekninga, þegar slíkt er gert, og það á ekki að gera það, nema það liggi alveg ljóst fyrir, að þjóðarhagsmunir séu í veði, að slíkt verði gert. Þess vegna hefur þetta verið gert í örfá skipti á þeim tíma, sem minn flokkur hefur farið með völd. En það á að gera þetta með mjög mikilli gætni. Það, sem mér finnst í sambandi við þessi mál, að ég geti ásakað núverandi ríkisstj. sérstaklega fyrir, er það, að hún virðist hafa haft alveg sérstaka ástríðu til að grípa inn í, þegar flugmenn og farmenn hafa átt í vinnudeilum. Í hvaða tilgangi það hefur verið gert, skal ég ekki segja. Hvort það hefur verið eins konar æfing eða undirbúningur að því að gera þessa aðferð almennari eða ekki, skal ég ekki heldur segja, en á undanförnum árum hefur varla komið fyrir, að hér hafi staðið yfir kaupdeila við flugmenn eða farmenn, án þess að ríkisstj. hafi gripið þar inn í með gerðardómslögum eða brbl. eins og þeim, sem um er að ræða hér.

Það hefur reynzt hér eins og oft áður, að svo lengi má brýna deigt járn, að bíti um síðir. Það er búið að beita þessum aðferðum svo lengi við flugmenn og farmenn, að þeir hafa gripið til sérstakra ráða til þess að brjóta þessa vinnuaðferð niður. Menn muna það áreiðanlega enn, hvaða aðferð flugmenn höfðu á síðasta ári, þegar sett voru gerðardómslög til þess að leysa deiluna milli þeirra og atvinnurekenda þá. Flugmenn voru þá búnir að boða tveggja daga verkfall til þess að ýta á eftir sínum kröfum, árétta þær, og gerðardómslögin voru sett til að koma í veg fyrir þetta tveggja daga verkfall. Gerðardómslögin komu, og það má segja, að flugmenn hafi ekki beinlínis óhlýðnazt þeim, en það gerðist hins vegar, af hvaða ástæðum, sem það var, að þeir veiktust undantekningarlaust allir, þegar l. áttu að ganga í gildi, og þess vegna stöðvaðist flugið þessa tvo daga, sem það hefði stöðvazt hvort eð var samkv. því verkfalli, sem búið var að boða. Niðurstaðan varð sú, að þrátt fyrir það, að gerðardómur kæmi og felldi sinn úrskurð í þessu máli, þá sáu flugfélögin ekki annað vænna en að gera sérsamninga við flugmennina næstum strax, fyrst á bak við tjöldin og svo opinberlega, og nú eru atvinnurekendur í fluginu búnir að gera sér grein fyrir því, að það þýðir ekki lengur að treysta á þessa gerðardómsleið, sem ríkisstj. hefur farið í þessum málum — að það sé hægt að leysa deilur við flugmennina eða þá, sem við flugið vinna, með gerðardómum — heldur hafa þeir nú farið inn á þá braut, t. d. Loftleiðir og ég hygg Flugfélagið líka, að flugfélögin eru búin að semja við sína starfsmenn til þriggja ára, og leysa sig þannig undan því, að ríkisstj. sé með stöðug afskipti eins og gerðardóma í þessum málum.

Það, sem farmennirnir gerðu í sumar, var ekki ósvipað þeim aðferðum, sem flugmennirnir höfðu til að brjóta gerðardóminn niður þá. Þeir höfðu að vísu ekki þá aðferð að veikjast, en þeir sögðu upp samningum með löglegum fyrirvara til þess að geta svo tekið málið upp á þeim grundvelli, þegar uppsagnirnar voru komnar til fullra framkvæmda. Þegar atvinnurekendur horfðust í augu við það, að það væri ekki hægt að beita gerðardómi og brbl. í samskiptum við farmennina, þá sömdu þeir næstum strax um helmingi hærra heldur en þeir voru búnir að bjóða, þegar gerðardómslögin voru sett á s. l. sumri. Og það sýnir m. a., að ef atvinnurekendur og farmenn hefðu fengið að semja á s. l. sumri án afskipta ríkisstj., þá hefðu þeir náð samkomulagi svo að segja strax alveg eins og nú fyrir nokkrum dögum, þegar samið var undir þeim kringumstæðum, að útilokað var, að ríkisstj. gæti gripið inn í deiluna.

Ég vil láta það koma fram í sambandi við þetta, að ég tel, að ríkisstj. hafi farið inn á mjög hættulega braut með því að grípa stöðugt til gerðardóma í tíma og ótíma, þegar staðið hafa yfir vinnudeilur eða kjaradeilur flugmanna og farmanna. Þá hefur hún veifað þessu vopni undir þeim kringumstæðum, að ekki átti að beita því. Og það hefur orðið til þess, að ef einhvern tíma þarf að beita þessu vopni undir eðlilegum kringumstæðum í framtíðinni, þá verður það miklu erfiðara vegna þess, að undir þessum kringumstæðum hefur þessu vopni verið beitt í ótíma. Ég held, að það, sem megi læra af þessum deilum

ríkisstj. við flugmenn og farmenn, sé það, að það verði að beita gerðardómsaðferðinni með mjög mikilli gætni og hið opinbera eigi að hyggja á það að vinna að lausn vinnudeilna og kjaradeilna með allt öðrum hætti heldur en að grípa til gerðardómsaðferðarinnar. Það á fyrst og fremst að gera það með því að styrkja sáttaleiðina frá því sem nú er, og á þann hátt, sem ég hef minnzt hér á, að aðilar á vinnumarkaðinum eignist sjálfir sínar eigin hagstofnanir og geti þess vegna haft sem gleggstar upplýsingar um þessi mál, svo að síður þurfi um slík atriði að deila, þegar verið er að semja um kaup og kjör, og það þarf að gera með því, að það sé komið upp fastri samstarfsnefnd milli atvinnurekenda og verkamanna eða launþega, sem ræðist ekki aðeins við, þegar verkföll eru skollin á, heldur hafi stöðugt samráð sín í milli og þannig sé búið að undirbúa gerð kaupsamninga, þegar til þess kemur, að þarf að gera þá.

Ég tel, að það skipti litlu máli, hvort þetta frv. er fellt núna strax eða það fer til n. Mér sýnist nú, að samkv. brbl. sjálfum séu þau nú þegar úr gildi fallin, það hefði ekki verið þörf á að leggja þau fyrir þingið, því að það segir svo í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Lög þessi gilda til 31. desember 1970, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli farskipaeigenda og Stýrimannafélags Íslands.“ Nú er búið að gera nýja samninga, og þess vegna sýnist mér, að þessi lög séu raunverulega þegar fallin úr gildi og hafi þess vegna verið raunverulega óþarft annað en leggja þau bara fram hér á þinginu. En hvor aðferðin, sem heldur er höfð, að þau séu felld nú við 1. umr. ellegar þau séu svæfð í n., eða látin sofna í n., finnst mér ekki neinu máli skipta.

Það, sem ég vil svo segja að síðustu, er, að mér finnst þessi lög vera til viðvörunar um það, að til gerðardóma og brbl. á ekki að grípa nema þegar alveg sérstök nauðsyn er til þess, en hún var ekki til hér, heldur urðu l. miklu frekar til þess að skapa og valda deilum, sem hefðu sennilega engar orðið, ef atvinnurekendur hefðu ekki átt von á því, að ríkisstj. mundi fara inn á þessa braut.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra stuðning hv. þm. Þórarins Þórarinssonar við þau sjónarmið, sem ég kom fram með áðan og raunar endursögn á sumum röksemdum, sem ég var með í ræðu minni, en hefði þótt öllu fróðlegra, ef hann hefði bætt við nýrri vitneskju, t. d. um afstöðu Skipadeildar SÍS í þessu sambandi, hvort það hafi verið samræmi á milli þeirrar afstöðu og þeirra ágætu ummæla, sem þessi hv. þm. hefur uppi í ræðustóli Alþingis og raunar oft í blaði sínu.

Annars ætlaði ég ekki að segja mörg orð í viðbót. Ég þarf ekki að svara miklu hinni stuttu ræðu hæstv. ráðh. Vissulega er það rétt, sem hann sagði, að samkv. þingsköpum ber honum að leggja fyrir Alþ. brbl., sem út eru gefin, en það er líka á valdi Alþ. að fella slík lög þegar við 1. umr. Ég mun greiða þannig atkv. um þetta frv., og ég teldi sóma Alþ. að meiri, ef menn brygðust þannig við. Ég tel, að það sé fyrir neðan virðingu Alþ. að eiga að fjalla ár eftir ár um slík gervifrv., sem allir vita, að hafa ekki lengur neitt gildi. En hæstv. ráðh. vill endilega koma málinu til n. Hann bar saman þetta frv. og frv. í fyrra og taldi, að þetta væri dálítið annars eðlis, vegna þess að nú væri búið að semja, en það hefði ekki verið búið í sambandi við frv. um flugliðana í fyrra. Hæstv. ráðh. veit jafn vel og við allir, að þetta er ekki satt. Þegar hæstv. ráðh. lagði frv. sitt um flugliðana fram í fyrra, var búið að semja, og við ræddum meira að segja um það hér í þessum þingsal, hverjir þeir samningar væru. Hæstv. ráðh. vefengdi ekki, að slíkir samningar hefðu verið gerðir. Hins vegar var hafður á sá háttur, að þetta voru leynisamningar. Þeir voru ekki gefnir upp. Hins vegar þekkti hæstv. ráðh. að sjálfsögðu öll ákvæði samninganna og hafði fallizt á þá bak við tjöldin. En þessir samningar höfðu þá verið gerðir og eftir þeim hafa flugliðar unnið alla tíð síðan, þannig að þessi skýring hæstv. ráðh. er ekki í samræmi við staðreyndir.

Að öðru leyti vildi ég fagna því, sem hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, að enda þótt ýmsum fyndist þau kjör, sem yfirmenn á farskipum hafa samið um, vera há, þá teldi hann þau alls ekki vera há. Þetta þótti mér mjög vænt um að heyra, vegna þess að í orðum ráðherra hlýtur það að felast, að a. m. k. hann mun ekki standa að neinum þeim aðgerðum, sem eiga að skerða kjör, hvorki þessara yfirmanna á farskipum né annarra launamanna, sem búa við miklu lakari kjör í þjóðfélaginu. Ég hlýt að geta túlkað þessi ummæli hæstv. ráðh. þannig, að hann muni ekki á næstu vikum standa að neinum þeim tillöguflutningi, sem feli slíkt í sér.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það, sem við segjum, er nú tekið alveg orðrétt upp á band, og þá þurfum við náttúrlega ekki að vera að þræta um það, hvað hafi verið sagt. Ég sagði, að mönnum fyndust þessi laun há, og það væri erfitt að meta það, hvort laun stýrimanna og yfirmanna á skipunum og vélstjóranna væru of há samanborið við aðrar stéttir. Ég sagði, að það væri eðlilegt, að vélstjórar, sem ynnu á farskipunum, væru ekki ánægðir með það, að vera á lægri og lakari kjörum en vélstjórar, sem vinna í landi. Og ég segi það aftur, að mér finnst það eðlilegt, að þeir vilji hafa a. m. k. svipuð kjör. En ég tók það fram, að hitt væri miklu erfiðara að meta, vegna þess að við höfum ekki aðrar hliðstæðar stéttir til samanburðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Sá hæstv. ráðh., sem gefið hefur út þau brbl., sem hér eru til umr., hefur margoft áður staðið í þeim sporum hér, að eiga að verja slíka lagasetningu, brbl., sem grípa inn í löglega boðaðar og reknar vinnudeilur. Ég harma það, að þessi ráðh. skuli hafa lent í þeirri ógæfu hvað eftir annað að þurfa að standa frammi fyrir Alþ. Íslendinga í slíkum sporum. Það, sem mér þykir þó ískyggilegast, er það, að enn þá virðist þessi hæstv. ráðh. trúa því, að það hafi tilgang að fara af

stað með slíka lagasetningu sem þessa, hafandi þó þreifað á því hvað eftir annað, að það er vita tilgangslaust í viðkvæmum vinnudeilum að beita slíkri aðferð, að ætla að beita lögþvingun. Það hefur hvorki tekizt fyrr né síðar að leysa vanda með slíkri lagasetningu. Og það liggur augljóslega á borðinu, að þessi lagasetning leysti engan vanda.

Rétt í þann mund, sem Alþ. Íslendinga var að koma saman núna, var þessi lagasetning vissulega í gildi, en það vofði yfir stöðvun á öllum flotanum, af því að málið var óleyst, þrátt fyrir lagasetninguna. Hinir starfandi menn höfðu sagt upp störfum, og skipin gátu ekki haldið úr höfn yfirmannalaus. Vandinn var svo gersamlega og augljóslega óleystur, þrátt fyrir að l. höfðu verið í gildi frá því í sumar. Þetta sér ráðh. ekki enn og telur, að þau hafi leyst vanda og komið að gagni, innt af hendi það hlutverk, sem þeim var ætlað, segir hann. Það er þvert á móti staðreyndum. Deilan var óleyst, skipin voru að stöðvast og þau stöðvuðust hér hvert á fætur öðru í höfninni, þrátt fyrir brbl., sem voru í fullu gildi, af því að vandinn var óleystur. Ágreiningurinn um launakjörin hafði ekki fengið neina lausn. Þetta er eins augljóst eins og verða má. En samt virðist ráðh. vera sanntrúaður á, að þetta sé aðferðin, sem eigi að beita, en ég fullyrði, að svo er ekki. Það mun hvergi fremur en í þetta skipti, sem það liggur eins augljóslega fyrir, að það leysti ekki deiluatriðin að setja þessi brbl.

En það þótti mér furðulegt að heyra, að hæstv. ráðh. sagðist nú geta sætt sig við það, að málið yrði svæft í n. Er hæstv. ráðh. kannske hræddur um það, að brbl. fengju ekki staðfestingu á Alþ. Íslendinga, ef þau gengju sinn eðlilega, þinglega gang í gegnum löggjafarsamkomuna? Ég fer að halda það. En hvert er eðli brbl.? Mér finnst það því miður hafa komið fram í ræðum bæði hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og Þórarins Þórarinssonar, að það væri eiginlega ósvinna, að brbl. væru lögð fyrir Alþingi Íslendinga, og Þórarinn Þórarinsson sagðist eiginlega geta sætt sig við það, að það yrði svæft í n., þetta væri lögleysa hin mesta, brot á stjórnskipun landsins. Það hefur enginn aðili í íslenzku þjóðfélagi rétt til þess að gefa út lög nema Alþ. Íslendinga, og ráðh. aðeins til bráðabirgða, eins og heitið gefur til kynna. En af hverju til bráðabirgða? Af því að það er bara tímabundinn réttur ráðh. til þess að gerast löggjafi. Og hans lagasetning fellur niður, ef hún er ekki staðfest með meiri hl. ákvörðun á Alþingi Íslendinga, á löggjafarsamkomunni. Það hefur meira að segja verið tekið fram í kennslubók í þjóðfélagsfræði, sem Bjarni heitinn Benediktsson hafði lesið yfir og þannig staðfest, að rétt væri farið með stjórnskipuleg atriði í þeirri kennslubók, að brbl. verði að leggja undir staðfestingu Alþingis, og ef það komi í ljós, að ráðh. hafi gefið út brbl., sem ekki styðjist við meiri hl. löggjafarsamkomunnar, þá hafi hann hrifsað til sín löggjafarvald, sem hann hafi ekki haft og gripið þannig fram fyrir hendur löggjafarsamkomunnar og eigi að segja af sér á þeirri stundu, sem það verður ljóst, að hann hafi sett brbl., sem ekki styðjist við meiri hl. Alþ. Og það ætti hæstv. ráðh. að gera, ef hann vill bara sætta sig við það, að frv. sofni í n., af því að hann veit sig ekki hafa meiri hl. á bak við þessa bráðabirgðalagasetningu.

En hitt er rétt, að það er skylda hans að leggja slíka lagasetningu fyrir Alþ. og hann er ekki sloppinn úr vanda þeirrar lagasetningar, fyrr en það hefur komið í ljós, að meiri hl. Alþ. staðfestir hans brbl. Að öðrum kosti hefur hann brotið svo af sér, að hann á að segja af sér tafarlaust, ef slíkt kæmi í ljós. Þetta held ég, að sé alveg ótvírætt og a. m. k. liggur það í augum uppi, að það getur enginn ráðh. haft löggjafarvald óháð löggjafarsamkomunni sjálfri. Hans verk verða að leggjast undir dóm Alþ. og ef það er svo, sem ég gæti vel trúað, að það væru fleiri eða færri í hinum tæpa meiri hl. stjórnarinnar á Alþ. Íslendinga, sem fyndu sig hafa flekkaðar hendur af því að standa að slíkri lagasetningu sem þessari og þeir vildu komast hjá því að þurfa að rétta upp hendurnar hér til staðfestingar slíkri löggjöf, þá eiga þeir ekki að sleppa með það. Það á að sannprófa það, — það á þar með ekki að svæfa þetta mál í n., það á að sannprófa það, hvort hver einasti þm. stjórnarliðsins er reiðubúinn til þess að staðfesta þessi brbl. Ef ráðh. getur ekki komið þeim fram, þá hefur hann brotið svo af sér, að hann á að segja af sér.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú verið stuttorður, af því að ég hef talið, að það væri rétt, að málið væri jafnvel sett í n. á þessum degi eða a. m. k. að umr. væri lokið. En hv. þm., sem var að tala hér áðan, segir, að það eigi að staðfesta þessi brbl. eins og önnur lög. Hann segir, að það sé tvímælalaus skylda að leggja þau fram á Alþ. Það vissi ég, og þess vegna var það gert. Það væri líka tvímælalaus skylda að taka þau til umr., og það hefur verið gert. Ég hef hins vegar talað við lögfróðan mann um þetta, og hann fullyrti, að með því að búið væri að semja um kaup og kjör á milli þeirra deiluaðila, sem hér um ræðir, væri búið að semja til miklu lengri tíma heldur en brbl. náðu til, þá þyrfti ekki að láta þetta mál ganga í gegnum Alþ. eins og sjálfsagt var í fyrra um margumtöluð brbl. um lausn á vinnudeilu flugliða. Nú ætla ég ekki að karpa um þetta við hv. þm. Mér finnst alveg sjálfsagt að hafa það, sem sannara reynist, og það, sem löglegt er. Ef það verður talið eðlilegt og sjálfsagt lögum samkv. að láta þetta frv. ganga í gegnum sex umr. í Alþ., þá verður það gert. Verði það hins vegar úrskurðað af lögfróðari mönnum en mér og hv. þm., að það sé ekki þörf á því, þá er það alveg ástæðulaust. Og um það, held ég, að við verðum sammála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20:8 atkv. og til samgmn. með 20:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Skólakerfi.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skólakerfi [184. mál] (stjfrv., A. 306).

Á 39. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar eð tvö frv., sem á dagskrá þessa fundar eru, þ. e. a. s. frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla, eru náskyld hvort öðru og mynda í raun og veru eina heild, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að haga þessum orðum mínum þannig, að þau séu í reynd framsaga fyrir báðum þessum frv. Þessum frv. er ætlað að koma í stað gildandi löggjafar um nám á fræðsluskyldustigi og gagnfræðanám, þ. e. a. s. gildandi l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22 frá 1946, l. um fræðslu barna, nr. 34 1946, og l. um gagnfræðanám, nr. 48 1946. Þetta er sú löggjöf, sem venjulega er kölluð fræðslulöggjöf.

Þegar þessi löggjöf hafði verið í gildi í rúman áratug, skipaði ég hinn 12. júní 1958 n. „til að athuga núgildandi fræðslukerfi", eins og segir í skipunarbréfinu, „og framkvæmd þess og gera till. um breytingar á framkvæmd núgildandi laga eða lagasetningunni sjálfri, eftir því sem ástæða virðist til." Áttu sæti í þeirri n. eftirtaldir menn: Halldór Halldórsson prófessor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri, Helgi Þorláksson yfirkennari, Kristján J. Gunnarsson yfirkennari, Einar Magnússon yfirkennari, Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri, Sigurður Ingimundarson verkfræðingur, frú Ragnhildur Helgadóttir alþm., Haraldur Steinþórsson kennari og Páll Þorsteinsson alþm. Áður en n. lauk störfum, var Birgir Thorlacius leystur frá störfum í n. samkv. eigin ósk. Í hans stað var Árni Gunnarsson stjórnarráðsfulltrúi skipaður í n. 11. ágúst 1959.

N. gerði ekki till. um nýja lagasetningu um fræðsluskylduna, þ. e. a. s. ekki till. um breytingu á grundvallarskipulagi skólakerfisins frá 1946 né heldur um lengingu skólaskyldunnar. Hún gerði hins vegar till. um ýmsar breytingar á einstökum atriðum varðandi skipulagsmál og tilhögun skólahaldsins, og var unnið að framkvæmd þeirra á næstu árum. Þessi niðurstaða n. var á sínum tíma eðlileg. Það hefur reynzt mikill kostur við núgildandi lög um fræðslu barna og um gagnfræðanám, að í báðum tilvikum er um að ræða frjálslynda rammalöggjöf, sem veitir svigrúm til margháttaðra breytinga, nýjunga og tilrauna í kennslu og námi. Þetta hefur átt sér stað einkum undanfarin 4—5 ár, eftir að stofnað var til skólarannsókna á vegum menntmrn. Af fjölmörgum dæmum um slíka nýbreytni innan ramma gildandi l., sem um hefur verið að ræða á vegum ýmissa aðila, skulu þessi nefnd:

1. Laust fyrir 1960 var hafin nokkur tilfærsla á námsefni í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs og þar með komið á verzlunardeildum við ýmsa gagnfræðaskóla.

2. Í september 1965 var ákveðið að bæta við kennslu í starfsfræðslu og félagsfræði í 1. og 2. bekk gagnfræðastigsins.

3. Haustið 1966 hófst kennsla í nýrri stærðfræði, þar sem námsefnið er grundvallað á frumhugtökum mengjafræði, í 7 bekkjardeildum 1. bekkjar barnaskóla í Reykjavík, og nú er svo komið, að hið nýja námsefni er kennt meiri hluta nemenda 1.—4. bekkjar barnafræðslustigsins á landinu öllu. Jafnframt hafa Skólarannsóknir hafið undirbúning að heildarendurskoðun námsefnis í stærðfræði í barna- og gagnfræðaskólum, og hafa m. a. verið gefnar út í því skyni nýjar bráðabirgðanámsbækur fyrir 1. bekk gagnfræðastigs.

4. Tilraun með dönskukennslu í 5. og 6. bekk barnaskóla var hafin haustið 1966 í nokkrum bekkjardeildum. Nú nýlega hefur verið gerð heildaráætlun um endurskoðun dönskukennslu í landinu og færslu byrjendakennslunnar fram í 4. bekk barnaskóla, og hafa þegar verið tekin í notkun í þessu skyni ný tilraunaverkefni, sem nú eru notuð af helmingi 12 ára barna á landinu og fáeinum deildum 11 ára barna að auki.

5. Í janúarmánuði 1967 hófst tilraun með enskukennslu í 4. bekk eins barnaskóla í Reykjavík, og stunda nú allir nemendur þess skóla enskunám frá og með 10 ára aldri. Allvíða annars staðar hefur enskukennsla verið tekin upp fyrir yngri nemendur en námsskrá gerir ráð fyrir, eftir að Ríkisútgáfa námsbóka hóf útgáfu kennslubóka fyrir byrjendur í greininni.

6. Haustið 1969 hófst tilraunakennsla í eðlis- og efnafræði í 11 ára bekk barnaskóla og 1. bekk gagnfræðastigs í fjórum skólum, eftir að gerð hafði verið á vegum Skólarannsókna rækileg framkvæmdaáætlun um endurskoðun námsefnis og kennslu í þessum greinum. Nú stunda um 60% 11 ára barna og um 80% 13 ára unglinga nám samkvæmt þessu tilraunanámsefni endurskoðuðu, og jafnframt hefur verið hafin tilraunakennsla með nýjum verkefnum í fáeinum bekkjardeildum 12 ára bekkjar barnaskóla og 2. bekkjar gagnfræðaskóla.

7. Í september 1968 hófst tilraun með aukna og breytta tónlistarkennslu í 6 deildum 6 og 9 ára bekkja í þremur barnaskólum. Er þessari tilraun nú nálega lokið.

8. Loks má geta þess, að á vegum Skólarannsókna menntmrn. er nú hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun námsefnis og kennslu í ýmsum námsgreinum barna- og gagnfræðaskóla, sem ekki hafa verið taldar hér að framan, og ber þar einkum að nefna líffræði eða náttúrufræði, þar

með talin saga, og síðast en ekki sízt móðurmálið.

Þessi dæmi sýna, svo að ekki verður um villzt, að gömlu fræðslul. frá 1946 leyfðu umfangsmikla tilbreytni og bundu skólana ekki á klafa. Þetta hafa margir aðilar notfært sér, eins og fyrr var sagt, m. a. kennarar og skólastjórar, námsstjórar og fræðslustjórar, fræðslumálastjóri, Ríkisútgáfa námsbóka, sem hefur gert verulegar breytingar á útgáfustarfsemi sinni í samræmi við hin nýju sjónarmið, og loks menntmrn. sjálft, einkum með starfsemi skólarannsókna.

Á hinn bóginn er ekki hægt að lengja fræðsluskyldu nema með lagabreytingu. Niðurstaða n., sem ég gat um áðan, að skilað hefði áliti 27. ágúst 1959, var því fyrst og fremst sú, að hún teldi þá ekki enn tímabært að lengja fræðsluskyldu úr 8 árum, eins og hún hafði verið ákveðin rúmum áratug fyrr, enda mun fræðsluskylda þá í nálægum löndum yfirleitt ekki hafa verið lengri en 8 ár. Á undanförnum árum hefur þróunin hins vegar stefnt í þá átt í nálægum löndum, að fræðsluskylda hefur verið lengd úr 8 árum í 9 og jafnvel upp í 10 ár. Á undanförnum árum hefur þess vegna verið unnið að því í menntmrn. að athuga þær breytingar, sem ýmist hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi í nálægum löndum, bæði á lengd fræðsluskyldu og framkvæmd hennar, jafnframt því sem athugað hefur verið, hvaða breytingar væru æskilegar hér á landi, og hver skilyrði væru til slíkra breytinga.

Eftir að ýtarleg undirbúningsvinna hafði átt sér stað í menntmrn. og þá ekki síst í skólarannsóknadeild þess, skipaði rn. hinn 4. júlí 1969 n. til þess að endurskoða þau lög, sem ég sagði áðan, að venjulega væru nefnd fræðslulög. Þau tvö frv., sem ég mæli hér fyrir, eru samin af þessari n., en höfundar þeirra eru Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Andri Ísaksson deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntmrn., Gunnar Guðmundsson skólastjóri, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, Kristján J. Gunnarsson formaður fræðsluráðs Reykjavíkurborgar og Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri. Í fjarveru Andra Ísakssonar frá haustinu 1969 til miðs sumars 1970 tók Jóhann S. Hannesson skólameistari sæti í n. í hans stað og starfaði áfram í n., eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með n. störfuðu þeir Indriði Þorláksson hagfræðingur, fulltrúi í menntmrn. og Þuríður J. Kristjánsdóttir M. A., sem var ritari n. Sé ég ástæðu til þess að láta í ljós sérstakt þakklæti til alls þessa fólks fyrir frábært starf. Allir þeir, sem kynna sér innihald þessara efnismiklu frv., munu eflaust vera á einu máli um, að hér hefur mikið og vandasamt verk verið vel unnið, hvort sem menn verða till. sammála að öllu leyti eða ekki.

Með l. um skólaskyldu og fræðslukerfi nr. 22 1946 var komið á hérlendis svo nefndu samfelldu skólakerfi. Í því felst, að nemandi flyzt snurðulaust frá einu skólastigi á annað — þó þannig, að oft þarf tiltekna lágmarksframmistöðu — og hitt, að einstakir skólar hafi ekki inntökupróf. Þetta var á sínum tíma mikil réttarbót fyrir nemendur og jafnaði aðstöðu nemenda í þéttbýli og dreifbýli. Haldið er fast við þetta grundvallarsjónarmið í þessum frv. Hins vegar er í frv. gerð veigamikil breyting bæði á lengd fræðsluskyldunnar og skipulagi hennar. Í gildandi l. er gert ráð fyrir barnafræðslustigi, sem tekur til 6 ára, þ. e. a. s. 7.—13. aldursárs, og unglingastigi, sem tekur til tveggja ára, þ. e. a. s. 13.—15. aldursárs. Í stað barnafræðslustigs og gagnfræðastigs er nú gert ráð fyrir, að komi eitt skyldunámsstig, sem nái yfir fyrstu 9 skólaárin, þ. e. a. s. frá 7. aldursári til 16. aldursárs. Þetta felur í sér tvær mikilvægar meginbreytingar. Annars vegar er skólaskyldan lengd úr 8 árum í 9, og hins vegar er felldur niður 4. bekkur gagnfræðastigs, eins og það er nú. Skólaskyldunni er m. ö. o. ætlað að taka til barnafræðslustigsins, eins og það er nú, og þriggja ára af gagnfræðastiginu.

Núgildandi fræðsluskyldu, sem er 8 ár, lýkur með unglingaprófi, er veitir mjög takmörkuð réttindi til framhaldsnáms. Athugun hefur leitt í ljós, að í kaupstöðum og þorpum, þar sem unglingar geta gengið í gagnfræðaskóla heiman frá sér, halda milli 90 og 100% þeirra áfram í 3. bekk gagnfræðaskólans. Lenging skólaskyldunnar í 9 ár mun því fyrst og fremst hafa áhrif til breytinga í dreifbýli. Réttmætrar óánægju gætir nú víða í sveitum landsins vegna þess, að börn í sveitum hafa erfiðari aðstöðu til þess að afla sér menntunar en börn í bæjum og borgum. Barnmörgum sveitaheimilum reynist oft þungbær sá kostnaður, sem við það er að senda börn í heimavistarskóla að loknu skyldunámi. Verði þessi frv. samþ. og 9. skólaárið þannig hluti af skólaskyldunni, mun ríkissjóður taka þátt í greiðslu mötuneytiskostnaðar á 9. skólaárinu með sama hætti og hann gerir nú á núverandi skyldunámsstigi. Mun það létta framfærendum kostnað við nám barna á 9. skólaárinu. Á síðustu árum hefur verið byggt upp svo mikið af skólahúsnæði í dreifbýli, að víða er nú þegar nægilegt húsnæði, þótt einum árgangi sé bætt við skyldunámið. Gert er ráð fyrir, að kennsla á skyldunámsstigi fari víða fram í sömu skólum og barna- og unglingafræðsla fer nú fram í.

Hin meginbreytingin, sem felst í þeirri nýskipan, sem þessi frv. gera ráð fyrir, er sú, að 4. bekkur gagnfræðastigs verður lagður niður í núverandi mynd. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að völ verði á ýmsum námsbrautum að loknu skyldunámi. Á því skólastigi, sem tekur við af skyldunámsstiginu og nefnt er framhaldsskólastig, verða menntaskólar og allir þeir skólar aðrir, sem taka við nemendum eftir 9. bekk skyldunámsins. Skólum á framhaldsskólastigi er ýmist ætlað að búa nemendur undir nám á háskólastigi, veita þeim atvinnumenntun eða þess konar almenna framhaldsmenntun, sem ekki er ætlað að verða undirbúningur undir háskólanám.

Eins og gerð er nánari grein fyrir í grg. frv., munu nemendur samkv. hinu nýja skipulagi fá sama kennslumagn á 9 árum grunnskólans og þau fá nú á 10 árum. Þetta markmið næst með árlegri lengingu skólatímans í 7.—9. bekk um einn mánuð, með fjölgun vinnustunda í 1.—8. bekk og með betri nýtingu skólaársins. Það er skoðun höfunda þessa frv., að hinn 9 ára skyldunámsskóli ætti með samræmdri námsskrá og breytingum á innra starfi skólans að geta skilað

nemendum frá sér allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en 3. bekkur gagnfræðaskólanna gerir nú og beztu nemendum svo, að þriggja ára viðbótarnám í menntaskólum nægi til undirbúnings háskólanámi. Verði frv. þessi að lögum, er því nauðsynlegt að endurskoða menntaskólalöggjöfina og gera menntaskólana að þriggja ára skólum. En lærdómsdeild menntaskólanna var einmitt þriggja ára skóli, áður en menntaskólanum var breytt úr 6 ára skólum í fjögurra ára skóla í kjölfar fræðslulöggjafarinnar frá 1946. Með þessu móti mundi stúdentsaldur lækka í 19 ár úr 20, en stúdentsaldur er hér á Íslandi óeðlilega hár og hærri en í flestum nágrannalanda. Er því augljóst hagræði fyrir þjóðfélagið og þá einstaklinga, sem leggja stund á háskólanám, að þeir geti hafið það ári fyrr en nú á sér stað, en öruggt á að vera, að þeir hafi þá við 19 ára aldur öðlazt a. m. k. jafnmikla menntun og þeir nú við 20 ára aldur.

Hið nýja kerfi gerir ráð fyrir því, að allir þeir, sem lokið hafa námi í hinum 9 ára grunnnskóla, eigi kost á framhaldsnámi við sitt hæfi á framhaldsskólastigi. Í stórum dráttum yrði þar um þrenns konar námsleiðir að ræða. Fjöldi námsbrauta innnan hverrar námsleiðar er ótiltekinn og frjálsræði veitt til mótunar þeirra:

1. Tveggja ára nám til undirbúnings undir störf eða undir nám í ákveðnum sérskólum.

2. Þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða til almennrar menntunar.

3. Nám í ýmsum sérskólum, sem veita sérmenntun til ákveðinna starfa.

Að loknu framhaldsskólastigi tekur við háskólastig, en á því stigi eru taldir Háskóli Íslands og þeir skólar aðrir, sem gera sömu kröfu til inngöngu og hann. Fyrir Alþ. verður í dag eða á morgun lagt frv. um Kennaraháskóla Íslands. Verði það að lögum, mun hann að sjálfsögðu teljast á háskólastigi. Hugsanlegt væri einnig að stofna tækniskóla, sem tæki við nemendum úr Tækniskóla Íslands og e. t. v. fleiri skólum. Hin nýja menntaskólalöggjöf gerir ráð fyrir mun fjölbreyttara menntaskólanámi en áður átti sér stað, og er það vegna þess, að er nemendur velja sér námsbraut í menntaskóla, þurfa þeir helzt að gera sér ljóst, að hvaða deildum háskóla eða annarra skóla á háskólastigi þeir stefna. Er nauðsyn á ráðgjöf um þetta efni. Er það eitt af verkefnum námsráðgjafans, sem nú er að hefja störf á vegum menntmrn. og Lánasjóðs ísl. *námsmanna, að leiðbeina um þetta efni sem og hitt, á hvaða námi er völ við erlenda háskóla og með hvaða kostum.*

Í þessum frv. er að sjálfsögðu haldið fast við þá meginreglu, að kennsla sé veitt ókeypis í öllum skólum, sem opinberir aðilar stofna til og reka. En þó að kennsla í opinberum skólum sé ókeypis, jafngildir það ekki því, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna geri ekki aðstöðu ungmenna til menntunar misjafna. Ríkisvaldi og sveitarfélögum ber að viðurkenna *skyldu sína til þess að jafna aðstöðu ungmenna* til menntunar svo sem framast er kostur. Ýmiss konar vandi er hins vegar á höndum við lausn þessa máls. Ýmis spor hafa verið stigin til þess að jafna aðstöðu ungmenna til menntunar, en málið þarf frekari athugunar við, og á næstu árum þarf smám saman að auka það fé, sem til ráðstöfunar er í þessu skyni. Er unnið að áframhaldandi athugunum í þessum efnum og er þess að vænta, að fleiri og stærri spor verði stigin á næstu árum en þegar hefur verið gert.

Ýmsum kann að þykja það mikil breyting að lengja skólaskyldu um eitt ár. En þess ber að geta, að þótt hér hafi á undanförnum árum verið aðeins um 8 ára skólaskyldu að ræða, hefur skólasókn smám saman verið að færast í það horf, að flestir unglingar hafa sótt skóla í 9 ár. Skólaárið 1966—1967 voru 3729 nemendur í 2. bekk unglinga og gagnfræðaskóla. 673 þeirra eða 18% fóru út úr skólakerfinu, þ. e. a. s. komu ekki fram árið eftir í skólum á gagnfræðastigi né í verknámsskólum. Sé litið á landið í heild, héldu því áfram námi 82% nemendanna. Í Reykjavík og á öðrum þéttbýlum svæðum er þetta hlutfall hærra, en hins vegar lægra utan þéttbýlissvæðanna. Þá er þess að geta, að víða í sveitum er skólaskylda enn stytt með þeim hætti, að börn hefja ekki skólanám fyrr en 8, 9 eða jafnvel 10 ára gömul. Er þá um það að ræða, að hlutaðeigandi sveitarfélög æskja undanþágu frá því, að skólanám hefjist við 7 ára aldur. Í frv. um grunnskóla er ekki gert ráð fyrir því, að slík frávik geti haldizt nema um takmarkað árabil. Engu að síður mun enn um sinn geta orðið um *verulega styttingu námstímans að ræða hjá* nokkrum hluta barna, og einmitt þeim, sem sízt halda áfram námi að loknu skyldunámi eða hverfa jafnvel frá námi 14 ára gömul. Á þessu þyrfti að verða sú breyting, að öllum sé tryggt nám til 16 ára aldurs.

Auk lengingar skólaskyldu um eitt ár gerir grunnskólafrv. ráð fyrir allmikilli árlegri lengingu námstíma flest árin, frá því sem nú er, ýmist með fjölgun vikulegra stunda, einkum í yngstu bekkjunum, eða með fjölgun kennsluvikna í elztu bekkjum. Þá er og gert ráð fyrir betri nýtingu skólaársins til kennslu en nú á sér stað. Af öllu þessu leiðir, að það kennslumagn, sem hver nemandi fær samkv. frv. á 9 árum, er að heita má hið sama og þó örlítið meira en hann fær á 10 árum á grundvelli núverandi kerfis. Af þessu leiðir það, sem ég gat um áðan, að hinn nýi grunnskóli ætti að geta skilað nemendunum allmiklu betur undirbúnum undir framhaldsnám en þeir eru, sem nú koma á sama aldri úr landsprófi miðskóla.

Þá er þess að geta, sem er mjög mikilvægt, að í grunnskólafrv. er gert ráð fyrir því, að duglegir nemendur geti lokið grunnskólanámi á skemmri tíma en 9 árum. Ég gat þess áðan, að verði þessi frv. að l., væri eðlilegt, að menntaskólarnir breyttust í þriggja ára skóla, þannig að menntaskólanemendur yrðu almennt stúdentar við 19 ára aldur. En þar sem grunnskólafrv. gerir ráð fyrir því, að duglegir nemendur geti lokið grunnskólanáminu á skemmri tíma en 9 árum, jafngildir það því, að stúdentsaldur gæti lækkað í 18 ár og jafnvel í einstökum tilfellum í 17 ár. Jafnvel þótt nánari athugun leiddi í ljós, að stytting menntaskólanámsins úr fjórum árum í þrjú gerði nauðsynlegt að lengja starfstíma skól-

ans um einn mánuð á ári, er engu að síður að þessu stórfellt hagræði, bæði fyrir þjóðfélagið og nemendurna. Minni tími er nauðsynlegur fyrir nemendurna til þess að ná settu marki, þjóðfélagið fær þá fyrr til starfa en ella og nýting skólahúsnæðis verður mun betri. Nú standa skólahús landsins ónotuð til kennslustarfa 3—5 mánuði á ári. Er augljóst hagræði, sem af því hlytist, ef það húsnæði, sem 4 bekkir gagnfræðaskóla og menntaskóla nú nota, losnaði til annarra þarfa. Með sama hætti mundi sérmenntað kennaralið framhaldsskólastigsins nýtast betur en nú á sér stað.

Ekki er hægt að búast við því, að grunnskólinn geti skilað öllum þeim, sem hann menntar, jafn vel að sér eftir 9 ár og þeir eru nú eftir 10 ára nám, jafnvel þó að þeir hafi fengið jafnmikla eða *meiri kennslu*. Nemendur taka út þroska sinn á misjöfnum aldri og misjafnlega lagaðir og misjafnlega fúsir til náms. En ætlunin er, að nám í væntanlegum grunnskóla verði samfelldara og betur skipulagt en nú tíðkast, og ætti það að stuðla að því, að það mark náist, að nemendurnir séu yfirleitt jafn vel að sér eftir hið 9 ára grunnskólanám og þeir eru nú á grundvelli gildandi kerfis eftir 10 ára nám.

Frv. grundvallast á þeirri stefnu, að skólastarfið skuli miðað við það, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika. Augljóst er þó, að taka verður tillit til barna, sem seinfærari eru við nám en svarar til meðallags. 2756 nemendur á skyldunámsstigi nú, eða á aldrinum 7—15 ára, njóta þegar kennslu. En sérfróðir menn telja, að veita þyrfti um það bil helmingi fleiri börnum einhvers konar sérkennslu. Þær sérstofnanir, sem nú starfa og láta í té slíka sérkennslu, eru Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík, Blindraskólinn í Reykjavík, skóli lamaðra og fatlaðra í Reykjadal, skóli fyrir börn með skerta greind að Lyngási í Reykjavík, Skálatún í Mosfellssveit, Tjaldanes í Mosfellssveit, Sólheimar í Grímsnesi, Sólborg á Akureyri, Kópavogshælið í Kópavogi, Höfðaskólinn í Reykjavík og að síðustu skólar fyrir börn með aðlögunarerfiðleika o. fl. í Breiðuvík í Barðastrandarsýslu, og að Jaðri í Reykjavík og í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Fjöldi nemenda í þessum skólum er 496 og eru þar af 315 í heimavist.

Í grunnskólafrv. er gert ráð fyrir því, að nauðsynlega sérkennslu skuli láta í té og eigi að gera það kleift með skipulegum framkvæmdum á 10 ára tímabili. En ekki er aðeins tekið tillit til sérstöðu þeirra nemenda, sem eiga við vandamál að etja í námi sínu. Gert er einnig ráð fyrir hinu, að þeir nemendur, sem hafa sérstaka hæfileika til náms og sérstakan áhuga á að hraða námi sínu, skuli eiga þess kost, þannig að þeir geti lokið grunnskólanáminu á skemmri tíma en 9 árum og þá hafið framhaldsskólanám sitt og síðar háskólanám sitt fyrr en almennast er.

Þá er í grunnskólafrv. gerð breyting á núgildandi skiptingu í skólahverfi og fræðsluumdæmi. Er nýskipunin við það miðuð að ná sem hagkvæmustum einingum, bæði frá kennslufræðilegu og fjárhagslegu sjónarmiði séð. Grunnskólafrv. gerir ráð fyrir, að landinu skuli skipt í 8 fræðsluumdæmi í mesta lagi, þ. e. a. s. í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Er hér um að ræða sömu skiptingu landsins í fræðsluumdæmi og kjördæmaskiptingin nú miðast við. Í reynd kann þó að verða heppilegra að hafa fræðsluumdæmin nokkru færri og stærri, og er það heimilt. Í kaupstöðum er gert ráð fyrir einni skólanefnd fyrir allan kaupstaðinn, hversu margir sem skólar kaupstaðarins kunna að vera, og á hún að gegna sama hlutverki og fræðsluráð í kaupstöðum gerir nú. Er þessi stofnun kölluð skólaráð. Í hverju skólahverfi utan kaupstaða eða fyrir þá skóla, sem fleiri en eitt skólahverfi standa að, skal vera skólanefnd. Stjórn fræðslumála hvers umdæmis verður að öðru leyti í höndum fræðsluráðs, og skal það fara með stjórn fræðslumála innan hvers fræðsluumdæmis í umboði menntmrn. og sveitarstjórna og skólanefnda eða skólaráða. Fræðsluráð skal hafa framkvæmdastjóra, er nefnist fræðslustjóri. Það er höfuðhlutverk fræðslustjóranna að líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál, bæði að því er varðar sjálft kennslustarfið og stjórnunarmál, sé framfylgt. En auk fræðslustjóranna gerir grunnskólafrv. ráð fyrir því, að til þess að leiðbeina um kennslu í grunnskólanum og fylgjast með árangri hennar, skuli vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárl. Til námsstjórnar skal þó aldrei verja lægri fjárhæð en sem nemur 6 námsstjóralaunum, þó að starfinu sé e. t. v. skipt milli fleiri manna en 6.

Þá eru og í grunnskólafrv. ýtarleg ákvæði um skólarannsóknir. Skólarannsóknadeild menntmrn. er ætlað að hafa m. a. með höndum að gera áætlanir um umbætur í starfi skóla, rannsóknaog tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð prófa, endurskoðun námsskráa, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við Kennaraskóla Íslands. Enn fremur eru ákvæði um sérstaka 5 manna samstarfsnefnd um uppeldis- og skólarannsóknir, og eiga sæti í henni sérfróðir fulltrúar tilnefndir af Háskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Reykjavíkurborg og menntmrn., auk formanns, sem skipaður skal án tilnefningar. Í frv. segir, að til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála skuli varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á fjárl. til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Er gert ráð fyrir því, að a. m. k. ⅔ hlutar þessa fjár renni til skólarannsóknadeildar menntmrn., en allt að ⅓ getur ráðið ráðstafað til annarra þarfa. Er því með frv. stefnt að stóraukinni rannsóknastarfsemi á sviði skólamála.

Skólatími á Íslandi hefur ávallt verið stuttur og styttri en í flestum nágrannalandanna. Þetta á ekki aðeins við um árlegan kennsluviknafjölda, heldur einnig nýtingu hverrar kennsluviku. Ein af mörgum afleiðingum þessa er sú, að námstíminn til stúdentsprófs er hér á landi 13 ár, en 12

ár annars staðar á Norðurlöndum. Í grunnskólafrv. er ekki gert ráð fyrir því að auka árlegan kennsluviknafjölda frá því hámarki, sem nú gildir, þ. e. a. s. 9 mánuðum, en barnaskólar kaupstaða starfa nú almennt í 9 mánuði. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því, að væntanlegur grunnskóli starfi öll 9 árin í 9 mánuði. Jafnframt er ráðgert að nýta skólaárið betur en nú er gert, þannig að til kennslu og prófa verði varið 198 dögum hið fæsta og á þeim tíma verði prófdagar færri en nú á sér stað. Allt að 15 dögum megi verja til annarra þarfa skólans, t. d. skólasetningar og skólaslita, skóla- og skíðaferða, foreldradaga, fundadaga kennara o. s. frv. Gert er ráð fyrir því, að heimila megi 5 daga kennsluviku að því tilskildu, að heildarmagn kennslu minnki ekki.

Í grunnskólafrv. eru tilgreind grundvallaratriði námsefnis grunnskólans, en gert ráð fyrir því, að út verði gefin námsskrá, sem kveði á um einstök atriði. Gert er ráð fyrir því, að framvegis verði námsskrá í stöðugri endurskoðun og hún gefin út mun oftar en tíðkazt hefur til þessa til þess að geta haft hliðsjón af breytilegum þörfum og nýjum sjónarmiðum. Í 1.—6. bekk grunnskóla er gert ráð fyrir allverulegri aukningu vikulegs kennslutíma frá því, sem nú er í barnaskólum, og nokkurri aukningu í 6.—8. bekk miðað við kennslutíma í unglingaskólum nú. Eiga þessi ákvæði að tryggja, að heildarkennslumagn hins 9 ára grunnskóla verði a. m. k. jafnmikið og nú á sér stað á 10 árum í þeim barna- og gagnfræðaskólum, sem hafa mest kennslumagn. Í sama skyni er enn fremur gert ráð fyrir fækkun leyfisdaga í grunnskólunum frá því, sem nú á sér stað.

Í hinu nýja skólakerfi er gert ráð fyrir því, að smám saman verði dregið úr hinu hefðbundna bekkjafyrirkomulagi og í stað þess muni tíðkast meira en nú á sér stað, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir því sem eðlilegt má teljast vegna námsefnis og þroskastigs nemenda.

Sérstakur kafli grunnskólafrv. fjallar um svokallað námsmat, en í frv. segir, að megintilgangur námsmats skuli vera örvun og námshjálp. Kennurum og skólum ber að fylgjast með því, hvernig nemendum gengur að ná því markmiði við námið, sem skólinn setur þeim. Skal jafnan nota þá matsaðferð, sem bezt á við markmiðið hverju sinni. Námsmat má framkvæma með prófum og öðrum hætti.

Þegar grunnskólanámi lýkur, á nemandi að fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkv. lögum. Hann á enn fremur að fá skírteini, er veiti þá vitneskju um námsferil hans, er framhaldsskólum, vinnuveitendum og nemandanum sjálfum og forráðamönnum hans er nauðsyn á. Í 1.—8. bekk grunnskólans eiga kennarar að gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framferði nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans.

Grunnskólafrv. kveður svo á, að engan megi skipa kennara við grunnskóla, nema hann uppfylli skilyrði laga um kennaramenntun. Menntmrn. er heimilað að ákveða með reglugerð, hvaða reynslu og menntun umfram kennaramenntun þurfi til að vera skipaður skólastjóri við grunnskóla. Þegar kennari hefur gegnt störfum í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, getur menntmrn. veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum. Til orlofsveitinga og til endurmenntunar kennara má verja árlega af hálfu ríkisins fjárhæð, sem svarar til 1% af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla.

Menntmrn. er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta úr grunnskóla, sem kostaður er af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkv. reglugerð eða skipulagsskrá, er rn. staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir grunnskólar.

Gert er ráð fyrir því, að komið skuli á fót ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu við grunnskóla. Er svo til ætlazt, að sálfræðideild skuli vera við hverja fræðsluskrifstofu landsins, en menntmrn. getur ákveðið, að tvö eða fleiri fræðsluumdæmi sameinist um þessa þjónustu. Hlutverk ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu er að nýta sálfræðilega og uppeldislega þekkingu í skólastarfinu, að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem nýtast ekki hæfileikar í námi og starfi, að leiðbeina skólastjórn, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru, að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra og annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga.

Að síðustu skal vikið að áhrifum þessa nýja fræðslukerfis á kostnað við skólana. Skólaárið 1969—1970 voru í barnaskólum og 1.—4. bekk gagnfræðaskóla um 41450 nemendur, þar af um 1900 nemendur í 4. bekk gagnfræðaskóla. Með fullri skólasókn á núverandi skyldunámsstigi, en öðru óbreyttu, hefðu nemendur verið um 42 þús., þar af um 1900 í 4. bekk. Í fyrirhuguðum grunnskóla hefði að óbreyttri skólasókn tala nemenda allra árganga verið um 39500. Í fyrirhuguðum grunnskóla hefði tala nemenda orðið um 40600 miðað við fulla skólasókn allra árganga. Á næsta hálfum öðrum áratug yrði fjöldi nemenda í grunnskóla, ef til kemur, mestur 1972—1973, eða 41500 miðað við fulla skólasókn, en minnstur 1980, eða 39300, einnig miðað við fulla skólasókn. Þar eð varla er unnt að gera ráð fyrir fullri skólasókn í dreifbýli á næstu árum, hafa höfundar frv. áætlað fjölda nemenda í grunnskólum 1972 um 41000, en þeim fari fækkandi í 39 þús. um 1980, en fjölgi síðan aftur í samræmi við fjölgun barna og unglinga. Hið nýja kerfi gerir hins vegar ráð fyrir nokkurri aukningu á þeim námsstundafjölda, sem hverjum nemanda er ætlað að fá á ári hverju. Er talið, að þar mundi verða um 12% aukningu á námsstundafjölda að ræða. Hækkun launakostnaðar frá óbreyttu skólahaldi miðað við 1969—1970, ef grunnskólafrv. verður samþ., næmi 120 millj. kr., eða úr 590 millj. kr. í um 710 millj. kr. Þar af má rekja um 20 millj. kr. til þess, að núgildandi fræðslulög eru ekki að fullu framkvæmd, en um 100 millj.

til þeirra breytinga, sem grunnskólafrv. mundi hafa í för með sér. Hækkun launakostnaðar á hvern nemanda er þannig úr um 14220 kr. í um 17480 kr., eða hækkun um 3260 kr. Grunnskólafrv. sjálft mundi valda hækkun úr 14560 kr. í 17480 kr., eða um 2920 kr. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga, að grunnskólanum er ætlað að skila nemendum sínum betur undirbúnum undir framhaldsnám en núv. 3. bekkur gagnfræðaskóla gerir. Til frádráttar þessum kostnaðarauka verður því að telja það, að 4. bekkur gagnfræðastigs félli niður og mögulegt yrði að stytta námið í menntaskólum um eitt ár, og hið sama ætti að einhverju marki að gilda um fleiri framhaldsskóla. Hér er því í raun og veru ekki um að ræða kostnaðarauka við skólakerfið í heild, heldur flutning kostnaðar af einu skólastigi á annað.

En samþykkt þessara frv. mundi ekki aðeins hafa áhrif til aukins kennslukostnaðar, heldur enn fremur hækkunar á ýmsum öðrum rekstrarkostnaði skóla — kostnaðarauka vegna endurmenntunar kennara, skólarannsókna, námsstjórnar, ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu og fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa. Hafa höfundar frv. áætlað, að kostnaðaraukinn í heild gæti numið um 170 millj. kr. Hins vegar er ekki við því að búast, að þessi kostnaður komi allur fram þegar í stað, heldur muni hann dreifast að nokkru á a. m. k. 10 ár, sem talið er, að þurfi til þess að koma ákvæðum frv. að fullu í framkvæmd. Á það einkum við um ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu og launa- og rekstrarkostnað skólanna. Á móti þessum aukna kostnaði á grunnskólastiginu kemur hins vegar mikil aukning kennslumagns, stórbætt aðstaða til þess að auka gæði skólastarfsins á markvissan hátt ásamt mun fjölþættari þjónustu við nemendur en nú á sér stað. Þá ber enn fremur að taka tillit til þess, sem áður var getið, að kostnaðarauki sá, sem leiða mun af samþykkt og framkvæmd grunnskólafrv., mun að nokkru leyti verða jafnaður með lægri kostnaði en ella á síðari skólastigum, bættri nýtingu húsnæðis og minni byggingarþörf. En mikilvægastur er þó sá hagur, sem þjóðarheildinni yrði að því að fá unglinga sína fyrr til þátttöku í atvinnulífinu og þjóðlífinu, og þó enn frekar sú staðreynd, að þeir munu tvímælalaust vera betur undir þá þátttöku búnir en nú á sér stað.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst vera hægt að fallast á það, sem hæstv. ráðh. stakk upp á, að rædd séu hér í einu lagi tvö frv., frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskólann, þau eru svo skyld. Ég hef haft aðstöðu til þess að skoða þessi frv. í þinghléinu, og ég ætla því að segja um þau örfá orð og láta í ljós álit mitt á sumum atriðum, en að sjálfsögðu er hér um svo veigamikil og flókin mál að ræða og margþætt, að það kemur ekki til mála, að það sé hægt að taka afstöðu við 1. umr. nema um örfá meginatriði.

En ég vil segja það strax, að ég er fyrir mitt leyti samþykkur meginstefnu frv. til l. um skólakerfi og er samþykkur þeim breytingum í meginatriðum, sem þar er stungið upp á, en eftir því sem ég fæ bezt séð, má greina þær í þrjá þætti, en innan hvers þáttar koma svo mýmörg atriði.

Fyrsta breytingin er að lengja skólaskylduna um eitt ár og hafa 9 ára skólaskyldu í staðinn fyrir 8. Þetta sýnist mér skynsamlegt að gera, eins og nú er komið málum, og ég fellst fyrir mitt leyti á þau rök, sem færð eru fyrir þessu í grg. frv. og fram komu hjá hæstv. ráðh. Við þurfum orðið á því að halda, að menn gangi í skóla þennan tíma, og það er skynsamlegt að gera þetta að skyldu til þess að tryggja það, að menn verði ekki útundan. En nú er komið svo, að það eru svo margir, sem ganga þessa leið, að það nær 80—90% í ýmsum byggðarlögum, en er lægri prósenta í öðrum byggðarlögum. Það er sýnilegt, að með núverandi kerfi verða menn óhæfilega útundan sums staðar og er það ákaflega hættulegt. Mér sýnist því rétt, að við stígum nú þetta skref að hafa lögboðna skólaskyldu í 9 ár.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að lokapróf á skyldustigi eftir 9 ára nám verði framvegis lykill að framhaldsskólum í stað þess, að nú má segja, að nokkuð flóknar reglur gildi um þessi efni, þar sem við höfum ýmis próf, svo sem unglingapróf, gagnfræðapróf og landspróf, og þau veita mjög mismunandi réttindi. Það er því, eins og jarðfræðingarnir mundu segja, æðimikið misgengi í kerfinu í sambandi við þessi prófstig. En þarna er hugsunin, að það komi eitt lokapróf á skyldustigi, sem er inngangur að framhaldsskólum. Þetta tel ég mjög til bóta frá því, sem nú er, að innleiða þessa reglu. Þá falla að sjálfsögðu niður gagnfræðapróf, unglingapróf og landspróf, og þetta kemur í staðinn — einar inngöngudyr í þá margvíslegu skóla, eða við getum sagt einar útgöngudyr frá skyldustiginu, sem jafnframt leiða beint í inngöngudyr í einhverjum af hinum mörgu framhaldsskólum.

Loks má telja, að þriðji stærsti nýi þátturinn í þessu frv. væri 7. gr., þar sem stendur, að ríki og sveitarfélögum sé skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkvæmt nánari ákvörðun, er sett verði í reglugerð. Þetta tel ég þýðingarmikla stefnuyfirlýsingu. En þetta er ekki heldur nema stefnuyfirlýsing, eins og þetta er sett fram í frv., það er ekki meira, og ég bið menn að veita því vel athygli, og þetta gæti vel orðið aðeins pappírsbókstafur, ef þetta stæði áfram svona, þó að þetta væri sett í löggjöfina, eins og þarna er gert ráð fyrir. En ég vil þó taka þetta alvarlega, ég vil taka þetta sem stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., sem leggur þetta mál fram, og ég vil líta þannig á, að það sé ætlunin að framkvæma þessa stefnu. Sé svo, þá hefur hér gerzt æðistór atburður. En þá er eftir að útfæra þessa stefnu, sem þarna er sett fram í gr., því að ekki er hægt að hafa lagagr. af þessu tagi aðeins sem stefnuyfirlýsingu og ætla svo að nota eingöngu reglugerðir um framkvæmd á svo stórfelldu máli.

Ég vil benda á, að það er því meiri nauðsyn að gera þetta skýrt, svo að úr þessu verði meira en orðin tóm, að það verður í raun og veru ekki hægt, — ég vil biðja menn að taka eftir þessu — að það verður ekki hægt að framkvæma 9 ára skólaskyldu á öllu Íslandi, nema þessi gr. verði

svikalaust framkvæmd. Það er ekki hægt. Það er þegar svo komið, að það er ekki hægt að framfylgja þeirri skólaskyldu, sem við höfum nú í dag, víða úti um landið vegna erfiðleika með að standa undir skólakostnaðinum, og erfiðleika fyrir einstaklingana að rísa undir sínum hluta, hvað þá ef einu ári yrði bætt við, sem ég tel að sé rétt og skynsamleg stefna. En þá verður það líka að fylgja með, að efni þessarar 7. gr. verði útfært þannig, að það verði raunverulega jafnaður sá mismunur, sem menn eiga þarna við að berjast, sá aðstöðumunur, sem menn eiga þarna við að stríða.

Ég skal ekki fara út í það á þessu stigi að rekja, hvernig frá því ætti að ganga, það er vandasamt mál, og það liggja meira að segja fyrir Alþ. ýmis frv. og till., sem ganga í þá átt. En þarna er mál, sem alveg tvímælalaust verður að kryfja betur til mergjar, áður en þetta frv. verður gert að lögum. Og ég vil í því sambandi benda á grg. fyrir þessari gr., sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, því að hún hefur að geyma kjarna þessa máls:

„Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd í landinu, bæði af almenningi og kjörnum leiðtogum þjóðarinnar.“ Við skulum vona, að svo sé, það er innskot mitt. „Hins vegar er um það deilt, hvort aðgerðir til lausnar vandanum séu í samræmi við þörfina.“ Ég held, að það geti nú ekki verið neitt um það deilt. Enn sem komið er hefur þessu ekki verið framfylgt. „En slíkar deilur“, stendur hér, „eru ekki óeðlilegar, meðan það misrétti, sem um ræðir, hefur ekki verið *betur og nákvæmar skilgreint en nú er*.“ Síðan kemur: „Eðlilegt virðist, að lög um skólakerfi og fræðsluskyldu kveði á um skyldu opinberra aðila í umræddu efni, en til þess að slík lagaskylda verði raunhæf,“ — ég bið menn að taka eftir því — *til þess að hún verði raunhæf*, „þarf að skilgreina þörfina betur en lög geta gert og grundvalla síðan aðgerðir á þeirri skilgreiningu. Því er nauðsynlegt, að reglugerð verði sett um þessa grein frv.“

Þetta segir í grg. Sem sagt: hér eru sterkar yfirlýsingar um stefnuna, en því er jafnframt lýst yfir, að það sé ekki búið að láta fara fram þær athuganir, sem geri mögulegt að leggja fram frambærilegt lagaákvæði. Í raun og veru sýnist mér því, eins og ég hef margtekið fram, að hér sé aðeins um stefnuyfirlýsingu að ræða. En í það verður að leggja vinnu að undirbúa skýrari ákvæði. Það verður að leggja fram þessa vinnu nú þegar í framhaldi af því ágæta verki, sem sýnilega hefur hér verið unnið, leggja sig fram um að nota vel þann tíma, sem eðlilega hlýtur að líða, á meðan Alþ. skoðar þetta mál, til þess að kryfja þennan þátt fullkomlega til mergjar og koma inn í þessi frv. viðeigandi ákvæðum til tryggingar því, að jafnað verði misréttið, sem menn nú eiga við að búa. Og þetta er ekki minnsti þáttur þessa máls. Eins og ég sagði áðan, þá er það mín persónulega skoðun, að ákvæði þessara frv. um skólaskyldu og nám á framhaldsskólastigi verði með öllu óframkvæmanleg, nema 7. gr. komi til framkvæmda. Í því sambandi vil ég einnig nú þegar benda á að ég held það sé ákaflega hæpið að gera ráð fyrir því, að sveitarfélögin geti gengið langt í því að leggja fram mikla fjármuni til þess að jafna aðstöðumun í námi, það yrði að vera ríkið, sem tæki á sig þær byrðar, sem þarna koma til greina. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. gerði ekki ráð fyrir neinum kostnaði samkv. 7. gr., þegar hann gerði upp kostnaðaraukann af frumvörpunum. Ég vona, að það sé ekki merki þess, að hún eigi aðeins að vera pappírsgagn. Ég vil ekki leggja það þannig út. En vitaskuld er nauðsynlegt að skoða þá grein í sambandi við kostnað og fjármál, ekki síður en aðrar gr. frv. Hafi ég misskilið þetta, þá mun hæstv. ráðh. að sjálfsögðu leiðrétta það.

Auðvitað gæti verið ástæða til þess að ræða fjölmörg atriði þessara frv., en bæði er það, að ég hef ekki, þó að ég hafi haft aðstöðu til þess að skoða þau nokkuð, haft aðstöðu til þess að kryfja þau til mergjar í einstökum atriðum, og svo hitt, að það er tæpast viðeigandi við 1. umr. að leggja út í það að ræða málin þannig. Heppilegra er því, að það bíði þess, að málin verði skoðuð í n. En ég vil benda á, að mér sýnist alveg nauðsynlegt að senda þessi mál mjög víða til umsagnar. Hér er um stórkostlegt nýmæli að ræða í sambandi við bæði frv. Má vera, að þetta hafi nú þegar verið gert, það kom ekki fram í máli hæstv. ráðh., en þá sýnist mér a. m. k. mjög nauðsynlegt, að Alþ. fái umsagnir æði víða frá, t. d. frá sveitarfélögum, um þessi efni, svo mjög sem þetta snertir allt líf manna heima í héruðunum, heima í sveitarfélögunum og sjálf sveitarstjórnarmálin, því að hér er að verulegu leyti um sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga að ræða.

Það kemur fram í þessu frv., að það er ætlunin að byggja framhaldsskólana ofan á þetta grunnskólakerfi. Þar eiga að koma margir framhaldsskólar til greina að sjálfsögðu, og vil ég ekki fara langt út í að ræða það. En ég get ekki stillt mig um að benda á, að það er mjög mikil nauðsyn að endurskoða framhaldsskólakerfið ýtarlega, og það stendur mjög til bóta í sumum greinum. Það er að vísu nýbúið að setja lög um menntaskóla og kannske ekki mjög langt síðan sett hafa verið lög um aðra framhaldsskóla, en samt er okkar framhaldsskólakerfi æði götótt. Ég vil í því sambandi, af því að ég hef haft sérstaka aðstöðu til að kynnast því, minnast á viðskiptamenntun. Þannig er mál með vexti, að nú um nokkra hríð hefur verið samstarfsnefnd sitjandi frá samvinnuhreyfingunni annars vegar og einkaverzluninni hins vegar til þess að skoða ástand viðskiptamenntunar. Þetta hefur verið gert vegna þess, að þarna kallar þörfin mjög að, að fá viðskiptamenntað fólk til starfa. Þá hafa þessir aðilar báðir haft nokkra viðskiptamenntun með höndum hvor í sínu lagi, samvinnuhreyfingin og einkaverzlunin. Við þessa athugun hefur komið í ljós, að það skortir mjög á, að menn eigi hér nauðsynlegan aðgang að viðskiptamenntun. Skólar þeir, sem starfa hér að við-

skiptamenntun, geta ekki tekið nema sárafátt af því fólki, sem þarf að fá slíka fræðslu. Okkur hefur sýnzt, að í nálægum löndum mundu það vera allt að 20% af framhaldsskólanemendum, sem eru í viðskiptaskólum eða á námsbrautum í framhaldsskólum, sem hafa viðskiptakjörsvið — hvorki meira né minna en 20%. Hér skortir hins vegar stórkostlega á námsmöguleikana í þessari grein, enda hefur ríkið ekki á sínum vegum neina viðskiptafræðslu nema á háskólastigi og örfáar valgreinar í framhaldsnámi gagnfræðinga, sem er nýtilkomið. Þessi samstarfsnefnd hefur því nýlega, — ég held, að það sé ekkert leyndarmál, — óskað eftir því, að sett yrði á fót sameiginleg athugun þessara mála á vegum ríkisins og verzlunaraðilanna, til þess að menn beri saman bækur sínar um það, hvernig eigi að ráða fram úr þessu. En ástandið er afleitt. Fólk hefur t. d. hrúgazt inn í Kennaraskólann og marga aðra skóla, beinlínis með það fyrir augum að fá sér þar almenna menntun og ganga síðan inn í ýmiss konar viðskiptastörf. Sumpart hefur þessi þróun orðið fyrir það, að hér vantar viðskiptaskóla og námsbrautir. Hvort það eiga að vera sérstakir skólar eða hvort það eiga að vera námsbrautir í öðrum skólum, það er álitamál. Sennilega kemur þarna hvort tveggja til greina. En þegar ég tala hér um viðskiptafræðslu, á ég ekki bara við verzlunarmenntun, heldur þá menntun, sem hentar vel fyrir verzlun og viðskipti og almenn störf á skrifstofum og öðrum vinnustöðvum, sem hliðstæðar mega teljast.

Fyrst ég er kominn hingað og farinn að tala um menntamálin, má ég til með að vekja athygli manna á vissum þætti þessara mála, sem alltaf er mjög ofarlega í huga mér, síðan ég fór ögn meira að skoða þessi efni í annað sinn, en það hóf ég um þær mundir, sem ég létti af mér ýmsum öðrum störfum. Þá fór ég að skoða ýmis málefni, sem ég hafði ekki haft aðstöðu til að kynna mér áður, en hafði þó haft áhuga fyrir. Ég vil segja um þetta örfá orð, bæði við hæstv. menntmrh. og aðra þá, sem hér eru staddir. Hér eru t. d. ýmsir skólamenn, sem mig langar til að koma þessu á framfæri við, og raunar landsmenn alla. Þetta er aðstaða nemendanna í skólunum. Mér finnst einhvern veginn, að það þurfi að hugsa það mál allt upp á nýjum nótum og reyna að finna í þeim efnum betra fyrirkomulag en það, sem við búum við. Hygg ég, að öðrum þjóðum hafi tekizt það, hvernig sem þær hafa farið að því. Til þess að vera ekki mjög langorður um þetta, ætla ég að demba mér beint í, hvað ég meina.

Í fjöldamörgum íslenzkum framhaldsskólum eru kenndar 36 stundir á viku, kannske stundum 38, þar sem ýtt er undir nemendur að taka aukafög og áhugi er í náminu. En við skulum segja 36 stundir. Síðan er gert ráð fyrir mikilli heimavinnu í öllum íslenzkum skólum, mikilli heimavinnu. Ég veit ekki vel, hvað gera má ráð fyrir mikilli heimavinnu, en ég hef heyrt suma af beztu skólamönnum okkar gera ráð fyrir, að flestir mundu þurfa að nota 3—4 stundir á dag, ef vel væri, í heimavinnu. Ef þetta er rétt, að slíka heimavinnu þurfi, er hér um mikið vandamál að ræða. Við getum ekki miðað okkar skólakerfi eða kröfur til námsfólks við einstaka afreksmenn, sízt af öllu þegar 80—90% af þjóðinni eiga að vera í skóla framvegis 10—20 ár. Það verður að miða þetta við, hvað venjulegum manni er hæfilegt að vinna. Mikinn hluta ævinnar verða menn að vinna í skólum, en nám er auðvitað ekkert annað en vinna.

Ef við skoðum þetta vel, kemur í ljós, að ætlazt er til, að unglingar vinni 9—10 tíma á dag. Og hvernig eru svo vinnuskilyrðin við heimavinnuna, sem langflest ungmennin búa við? Þau eru oft hreinlega engin. Menn eiga margir heima þar, sem íbúðin er tvö herbergi eða þrjú og eldhús, og það er sjónvarp og æðimargt fólk og vinnuskilyrðin heima hreinlega engin til þess að leysa af höndum erfiða heimavinnu. Það er náttúrlega nokkuð annað, þar sem unglingurinn getur haft einkaherbergi og verið algerlega ótruflaður.

Þetta er allt svo geigvænlegt, að þegar farið er að vekja athygli á því, hljóta allir að sjá, að það er eitthvað meira en lítið bogið við þetta. Enda er sannleikurinn sá, að fjöldinn allur af ungu fólki kemst alls ekki óskemmt í gegnum þessa eldraun. Það verður að finna leiðir til þess að breyta þessu, og þær hljóta að vera til, því að í löndunum í kringum okkur er þetta víða þannig, að þar fara unglingarnir á morgnana á venjulegum vinnutíma og koma heim eins og annað fólk úr vinnu (náminu) og eru þá búnir að vinna þann dag. Auðvitað verður þetta að komast í slíkt horf hjá fólki, sem á að búa við þetta í 10—20 ár af ævinni. Það er kannske hægt að þola hina aðferðina í 1—3 ár, en að búa við hana í 10—20 ár hlýtur að fara illa með fólk. Kannske taka menn þann kostinn að reyna að draslast einhvern veginn í gegnum þetta og sleppa þá miklu af því, sem þeir raunverulega þurfa að vinna og vita að þeir þurfa að vinna. En hvernig leikur það fólk, að standa látlaust hálfa ævina frammi fyrir meiri verkefnum heldur en með nokkurri skynsemi er hægt að ætlast til að það inni af höndum miðað við vinnuskilyrðin? Ég held, að vinnuskilyrðin, sem flestum unglingum eru boðin nú við nám, séu algerlega óverjandi. Þetta er sennilega mest fyrir það, að okkur vantar skólahúsnæði. Ég hef ekki trú á öðru en okkar skólastjórar og kennarar gætu skipulagt þetta á hliðstæðan hátt og bezt gerist annars staðar, ef þeir hefðu skilyrði til þess. Ég held, að þetta hljóti því að verulegu leyti að vera því að kenna, hversu ömurlega vantar skólahúsnæði, en sjálfsagt þurfa nýjar kennsluaðferðir að koma til. Fyrst menn geta í öðrum löndum gert námið að reglubundinni vinnu, sem mönnum er bjóðandi, hljótum við að geta það líka. En við verðum þá að horfast í augu við, hvað að er, og reyna að finna út, hvað gera þarf.

Hvað er fullorðnu fólki ætlað að vinna lengi? 40 tímar á viku þykir mikið. Samt er sagt við unglingana við þessi skilyrði: Þið eigið að fylgjast með almennum málum, þið eigið að hafa félagslíf í skólunum, þið eigið að fylgjast með sjónvarpi, þið eigið að lesa bækur utan námsins, og ég veit ekki hvað og hvað það er, sem þau eiga að gera. Þetta á að ganga svona í 10—20 ár. Þetta væri kannske bjóðandi stuttan tíma. Það

verður að skoða, í hverju sá munur liggur, sem orðinn er hér og annars staðar. Ég treysti mér ekki til þess að segja um það til hlítar, því að ég hef ekki nógu mikla þekkingu á þessu, en það, sem ég hef sagt, það hef ég séð eða a. m. k. sýnist mér þetta vera svona. Það má vera, að mér missýnist að einhverju leyti í þessu, og það kann að vera, að ég ýki þetta eitthvað, en það er þörf á því að mála þetta nokkuð sterkum litum, til þess að menn taki eftir vandanum. Við erum orðin svo samdauna þessu, að okkur finnst það líklega alveg sjálfsagður hlutur, að unglingarnir séu allan þennan tíma í skólanum og eigi svo eftir að vinna heilmikið, þegar þeir koma heim, en við búin með okkar vinnu. Þá er eftir að minnast á, hvernig fer, þar sem unglingarnir geta ekki komizt að í skólanum fyrr en eftir hádegi. Hvernig haldið þið, að morgunninn nýtist hjá unglingunum? Ég held, að fullorðnu fólki gangi nú oft heldur illa að stjórna sér á morgnana til vinnu, hvað þá heldur unglingunum.

Auðvitað veit ég, að fjöldinn allur af skólamönnum hefur bent á þessi atriði, og hér er um mikið vandamál að ræða, sem sennilega stafar að verulegu leyti af húsnæðisskorti. En það verður að finna nýjar leiðir. Það verður að haga námsvinnunni öðruvísi, svo að námið verði eins og eðlileg vinna á eðlilegum tíma og geti farið fram eins og hver önnur eðlileg vinna. Þetta eru orðin 10—20 ár, sem á að búa við námið. Það verður að fara að líta á skólana eins og vinnustað fyrir dagsverkið. Það þýðir ekkert að líta á heimili lengur sem vinnustað í þessu tilliti. Við verðum einhvern veginn að komast út úr því. Hitt er að blekkja sjálfan sig.

Ég vil nú fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann beiti liði því, sem hann hefur á að skipa — og það er auðséð á því, sem hér liggur fyrir, að það getur margt vel gert — í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem hér hefur farið fram, til að kryfja þetta vandamál til mergjar, að ryðja nýjar brautir með hjálp þeirrar reynslu, sem aðrar þjóðir hafa. Ég þekki fólk, sem á heima á Norðurlöndum, nemendur í unglingaskólum, sem eru þannig settir, að þeir fara á morgnana, ég held um kl. 8, koma heim um kl. 4 og hafa þá lokið dagsverki oftast nær. Þetta er eins og annað líf. Þetta er eðlilegt líf. Hjá okkur líkist þetta engu lífi. Það er hreinlega eins og martröð, þegar það er rétt skoðað. Við erum náttúrlega samdauna þessu, og þarf sjálfsagt mikið átak bara til þess, að við sjáum þetta. Það liggur hér í landi að ætla unglingum meira verk en fullorðnu fólki, og niðurstaðan er líka eftir því.

Ég skal svo láta hér staðar numið. Og þó vil ég segja að lokum, að ég var að glugga í þessar námsskrár, sem liggja fyrir í greinargerðinni, en ég á ákaflega erfitt með að átta mig á því, hvað þær boða mikla vinnu — 36 tíma á viku, látum það vera, en hvað á að gera á þessum 36 tímum, og hvað er þá ætlazt til, að menn geri mikið heima? Á að hafa þetta eins og það hefur verið? Og það er gert ráð fyrir þarna að hafa fleiri tíma en áður á einu stigi. Það hefur nú verið talað um, að skólarnir hafi verið of léttir til að byrja með, og það er sjálfsagt eitthvað til í því. Allar auknar vinnukröfur þarf að skoða mjög vandlega. Að lokum enn: Það hlýtur að vera hægt að koma námsvinnunni í framkvæmd hér svipað og í öðrum löndum. Það er brennandi spurningin: Hvað er það, sem vantar hér? Ég vil segja við skólamenn og forráðamenn skólamála, að þeim beri að láta okkur vita, hvað það er, sem vantar hér, til þess að hægt sé að koma þessu vel og skynsamlega fyrir, eins og gert er þar, sem námsvinnan fer eðlilega fram.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að ræða þau tvö frv. efnislega, sem hér hefur verið talað fyrir, að þessu sinni, heldur vil ég vekja athygli á því, að hér er um mál að ræða, sem snerta námsferil íslenzks æskufólks á komandi tímum. Og þetta snertir svo að segja hvert einasta heimili í landinu á einn eða annan hátt. Þess vegna er hér um mjög stór mál að ræða og vandasöm. Ég tel því, að það sé ákaflega mikil nauðsyn á því, að það gefist tóm til þess að athuga þessi mál, ekki bara tóm fyrir alþm. að athuga þau vel, heldur tóm fyrir forustumenn menntamála víðs vegar um landið, foreldra og forustumenn sveitarfélaga, áður en þau verða að lögum.

Ég er ekki með þessu á nokkurn hátt að gagnrýna verk þeirra ágætu manna, sem hafa undirbúið þessa væntanlegu löggjöf. Ég efast ekkert um, að þeir hafa unnið vel. Ég vil segja, að það sé skilyrði fyrir því, að þessi lög komi að því gagni, sem allir vilja, að þau komi, að þau séu athuguð rækilega af því fólki, sem á að búa við þau. Og fólk býr víð mjög misjafnar aðstæður á margan hátt víðs vegar um landið. En fyrst og fremst legg ég til og tel sjálfsagt, að kennarar og skólastjórar og forustumenn menntamála í héruðum landsins fái send þessi frv. til athugunar, og að þeir fái nógan tíma til að athuga þau. Af þessum ástæðum er það, sem ég lít svo á, að á þessu þingi megi ekki afgreiða þessi mál. Ef það verður gert samt, þá held ég, að það verði hætt við mistökum og flaustursiegri afgreiðslu. Og það má ekki eiga sér stað. Að vísu getur menntmn., sem þessi mál koma fyrir, sennilega sent málin til umsagnar. En ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. nú strax, hvort hann telji það ekki eðlilegt, að slíkt tóm gefist til þess að athuga þessi mál, að þau verði ekki afgreidd á þessu þingi, heldur væntanlega á næsta þingi. Ég býst við, að kennurum þyki full ástæða til að bera ráð sín saman um þessi mál og félagssamtök þeirra ásamt félagssamtökum sveitarfélaga vilji segja sitt álit á þeim og þurfi að gera það. En það er ekki neitt tækifæri til þess fyrir þessa aðila, ef á að koma þessum málum gegnum þetta þing.

Það er síður en svo, að ég vilji hindra málið. Ég vil með þessari till. minni eða hugmynd minni leggja áherzlu á það, að þau verði afgreidd á sem allra beztan hátt frá öllum sjónarmiðum. Ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fær þessi frv., og ég mun leggja þar áherzlu á þetta einnig. En áður en málið fer til 2. umr., vil ég gjarnan spyrja hæstv. menntmrh., hvort honum finnist þetta ekki eðlilegt og vilji stuðla að því, að þessi vinnubrögð verði höfð á afgreiðslu málanna.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hér liggja fyrir tvö veigamikil frv. um skólamál, annað um skólakerfi ríkisins í heild og hitt um skyldunámið. Ég hef ekki hugsað mér við þessa 1. umr. að fjalla um einstök atriði þessara frv., ég hef ekki lesið þau svo gaumgæfilega, að ég hafi gert upp hug minn um öll atriði, sem þar er um að ræða af nýmælum, og auk þess á ég sæti í þeirri þn., sem fær málið til meðferðar, og get því fylgzt með vinnubrögðum í sambandi við málin næstu mánuðina. Hins vegar vildi ég nota þetta tækifæri við 1. umr. til þess að fagna því mjög, að þessi frv. eru komin fram.

Skólamálin hafa verið í deiglunni hjá okkur Íslendingum að undanförnu og verða það vafalaust um allmörg ár enn. Skólamálin eru, sem kunnugt er, einhver mikilvægustu vandamál nútímaþjóðfélags, og breytingar á skólamálum verða að haldast í hendur við breytingar á þjóðfélaginu, og þjóðfélag okkar Íslendinga er nú í ákaflega örri mótun. Það er t. d. um það talað, að við verðum að iðnvæða Ísland, koma upp iðnaði, en sú iðnaðarvara, sem við getum flutt út fyrst og fremst, þegar undan eru skilin hráefnin í landinu, er verkmenning okkar sjálfra. En því aðeins getum við komið okkur upp slíkri verkmenningu, að við höfum skólakerfi, sem stuðlar að því, að hún verði til í landinu. Undirstaða skólakerfisins alls er hins vegar skyldunámið, sem annar lagabálkurinn fjallar um, og ég hygg, að ástandið þar hafi verið það staðnað nú um langt skeið, að ákaflega mikil þörf sé á að endurskoða það. Ég hef heyrt marga reynda skólamenn halda því fram, að við höfum einmitt dregizt mest aftur úr ýmsum grannþjóðum okkar að því er varðar kennsluna á skyldunámsstigi og ekki sízt í barnaskólunum — að sú kennsla, sem látin er í té í barnaskólum hér, sé orðin til muna minni en í hliðstæðum skólum í nágrannalöndunum.

Ég hef séð það við yfirlestur á þessum frv., að þau hafa að geyma mörg nýmæli, og mér sýnist mörg þeirra vera mjög til bóta. Þarna er verið að gera kerfi okkar samfelldara, en einnig sveigjanlegra. Hins vegar er þarna um að ræða mörg álitamál, og ég vil taka mjög undir það, sem hér hefur komið fram í umr., að það þurfi að fjalla mjög gaumgæfilega um þetta mál, ekki aðeins hér á þingi, heldur einnig úti á meðal almennings.

Það er alkunna, að um skólamálin hefur mikið verið rætt og deilt á undanförnum árum hér á Íslandi og einnig í nágrannalöndum okkar. Og það er ákaflega stór hópur manna, sem hefur hugsað um þau mál og myndað sér skoðanir á ýmsum þáttum þeirra. Ég held, að við eigum að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að mismunandi sjónarmið um þetta mál nái til okkar, og þá held ég, að það sé ekki nægilegt að senda þessi mál út til umsagnar, eins og mér skilst, að hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar gert og menntmn. mun vafalaust gera einnig. Ég held, að það væri athugandi, að við gerðum einhverjar sérstakar og verulegar ráðstafanir til þess að ná til sem flestra í sambandi við þetta. Mér dettur t. d. í hug, að Alþ. eða menntmn. Alþ. gæti hreinlega kallað saman ráðstefnu — sem opnasta ráðstefnu — þar sem fjallað yrði um þessi mál, og þar sem menn hefðu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og deila, þegar um slíka hluti er að ræða. Ég held, að þetta gætu verið ákaflega gagnleg vinnubrögð og mundu þá einnig stuðla að því að tengja störf okkar hér á þingi saman við skoðanir og áhugamál þess fólks, sem hefur velt þessum málum mikið fyrir sér og hefur áhuga á þeim.

Það er alkunna, að uppi eru núna ýmsar hugmyndir um nýskipan skólamála og sumar býsna byltingarkenndar, og ég tel sjálfsagt, að við tökum það mið af þeim, sem við teljum skynsamlegt.

Í tilefni af því, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði hér áðan um vinnutilhögun í skólum, þá vil ég taka mjög undir það, sem hann sagði. Ég tel, að hans sjónarmið séu alveg nákvæmlega rétt. En þá vil ég benda á það í því sambandi, að þarna er fyrst og fremst um fjárhagsatriði að ræða. Það er ekki hægt að taka upp vinnubrögð, sem hann leggur til og ég tel vera rétt, í skólum, nema með því að skólahúsnæði verði miklu meira og betur úr garði gert en það er nú. Og þegar við erum að setja lög um þessi efni, þá verðum við ævinlega að minnast þess, að lagabálkurinn sjálfur verður ekki nema orðin tóm, ef við fylgjum honum ekki eftir með nauðsynlegum fjárveitingum. Ég er sannfærður um það, að ef við ætlum að láta þennan lagabálk ná tilgangi sínum — það úr honum, sem við kunnum að fallast á, eða það, sem við kunnum að breyta — þá verður það aðeins gert, ef við gerum okkur um leið ljóst, að við verðum að leggja fram mjög verulegt fjármagn til þess að koma upp nútímalegu skólakerfi á Íslandi.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vildi aðeins lýsa yfir ánægju með það, að þessi mál skuli vera komin á dagskrá, og lýsa yfir því fyrir hönd Alþb., að það muni að sínu leyti stuðla að því, að sem bezt verði unnið að þessum málum innan þings og utan.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Mér fer sem öðrum hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, að ég verð að viðurkenna það, að ég hef ekki kynnt mér enn nógu rækilega þessi viðamiklu frv., sem hér eru til umr., og má raunar kennske segja, að þar sé trassaskap mínum um að kenna, því að mér voru send þessi frv. skömmu fyrir áramótin sem formanni skólanefndar. Ég tók það svo, að öllum skólanefndum í landinu, jafnvel fræðsluráðum og e. t. v. fleirum, hefðu verið send frv. til skoðunar, og ég vil nota þetta tækifæri alveg sérstaklega til þess að þakka hæstv. menntmrh. og fræðslumálastjórninni fyrir það, að hún skuli hafa haft þessi vinnubrögð — að senda þessi stórmál út til landsbyggðarinnar, til þess að þau yrðu skoðuð þar og rædd. Ef skólanefndir og fræðsluráð tækju sig nú skjótlega til og ræddu þessi mál og kynntu sér þau til hlítar., þá teldi ég, að þess ætti að vera einhver kostur að koma þessum málum fram nú á þessu þingi, sem ég hefði helzt kosið. En hitt tek ég undir, að sjálfsagt er að fara með gát í þessum efnum og kynna sér þessi mál til rækilegrar hlítar.

Af þessu, sem ég hef þegar sagt, kemur í ljós,

að mér lízt vel á þessi frv. Það er kannske rétt, að ég taki það fram, að ég kom ekki hérna upp í ræðustólinn til þess að tala fyrir hönd míns flokks, heldur eru þetta mín persónulegu orð. En mér er kunnugt um það, að þessi mál hafa oft verið á dagskrá á þingum okkar sjálfstæðismanna og um þau hafa verið gerðar ályktanir. Sérstaklega hafa þó ungir sjálfstæðismenn látið þessi mál mjög til sín taka og rætt þau ýtarlega á sínum þingum og fundum og gert um þau viðamiklar ályktanir, sem hefði raunar verið rétt af mér að lesa upp að einhverju leyti nú við þessa umr., en ég sleppi því nú. Ég ætla aðeins, eins og ég segi, að lýsa ánægju minni yfir því, að þessi frv. eru lögð fram, og ég mun veita þeim stuðning, þó að ég náttúrlega, eins og ég sagði áðan, eigi eftir að skoða þau betur og þá verða fylgjandi einhverjum brtt., sem fram kunna að koma við þau.

Ég vil alveg sérstaklega lýsa ánægju minni yfir því, sem fram kemur í þessum frv. báðum, þar sem rætt er um það að jafna mismun nemenda í strjálbýli og þéttbýli. Þetta er mér sem sveitamanni ákaflega mikið fagnaðarefni, og ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Austf., að það má ekki gerast, að hér verði aðeins um bókstafinn einan að ræða, heldur að þetta komist til framkvæmda. Við, sem búum í strjálbýlinu, vitum það ósköp vel, að hér hefur verið um mikinn aðstöðumun að ræða. Það hefur verið mikið talað um fjárhagserfiðleika fátækra foreldra að kosta mörg börn sín í skóla, en aðstöðumunurinn hefur verið meiri en þessi, og hann hefur verið meiri en aðeins það, að við, sem búum í sveitum, höfum orðið að hlíta því, að börn okkar hafa ekki sótt skóla á ári hverju nema kannske þrjá mánuði á vetri. Að vísu held ég því fram, að börn, sem alast upp í sveit, fái á margan hátt þá menntun í samskiptum við móður jörð og dýralífið, sem börnin í þéttbýlinu fá ekki, og það sé þeim mikill ávinningur að fá að alast upp úti í sveitunum, því að hvergi er nú betra að vera. En börn okkar hafa farið á mis við ýmislegt nám, sem börn í þéttbýlinu hafa notið. Ég get tínt til nokkur atriði, sem þið, hv. þm., þekkið vel. Það er t. d. söngkennslan, sem ég tel ákaflega mikils virði, það er íþróttakennslan, það eru handíðir og ýmislegt slíkt, sem börn okkar úti í sveitunum hafa farið á mis við, og ég veit ekki nema svo sé, að þegar þau sjá börnin hér í Reykjavík koma fram í sjónvarpinu, í hljómsveitum, börn sem hafa lært á hljóðfæri, að það sé þeim ekki með öllu ófundarlaust. En við þennan mismun höfum við þurft að búa.

Ég legg sem sagt ríka áherzlu á það, að öll ungmenni í landinu eigi þess jafnan kost að stunda nám og fræðslu, hvar sem þau búa, hvort það er í borg og þorpum og bæjum eða úti á yztu annesjum eða í innstu dölum. Þetta þykir mér ánægjulegasta atriðið í þessum frv., og ég lýsi fullum stuðningi mínum við eitt meginatriði þeirra — það, að fræðsluskyldan skuli vera lengd í 9 ár, og tel það sérstaklega til hagsbóta fyrir okkur, sem búum úti í strjálbýlinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki ofsagt, að hér er eitt af mestu stórmálum, sem þingið fjallar um, til meðferðar, og vafalaust er það hyggilegt, sem hér hefur verið sagt, að hraða ekki allt of mikið afgreiðslu málsins — ætla sér góðan tíma til þess. Enda þótt hér hafi lagt hönd að verki við þessa samningu þessara tveggja frv., sem nú eru til umr. — frv. um skólakerfi og frv. um grunnskóla — margir ágætir fræðimenn í uppeldismálum og að auki mjög reyndir og ágætir skólamenn, sem gjörþekkja þessi mál fræðilega og í framkvæmd, þá er samt sem áður full ástæða til þess að gefa sem flestum reyndum skólamönnum og foreldrum, sem leggja sig fram um að hugsa þessi mál og hafa kynnzt þeim vegna skólaveru sinna barna, einnig sem beztan kost þess að kynnast þessum málum, áður en þau eru orðin að lögum.

Ég tek eftir því, að menn gera sér ljóst, að þessi mál verða ekki framkvæmd í samræmi við heimildir lagabókstafsins, í einu hendingskasti. Í frv. um skólakerfið er sagt, að það sé ætlunin að koma því til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Það er sem sé áratugur, sem menn hafa í huga við að koma málinu í framkvæmd. Og ég er ekkert hneykslaður á þessu. Ég tel þetta bara raunsæi og þætti í raun og veru gott, ef áratugurinn entist til þess að koma hinum beztu nýmælum þessara frv. í framkvæmd, þegar við lítum til reynslunnar og minnumst skólalöggjafarinnar frá 1946 og aðgerða þar, að nú eru 25 ár liðin, síðan sú löggjöf var sett, og þó verðum við að játa, að ýmis stærstu nýmæli þeirrar löggjafar eru ekki enn komin til framkvæmda að aldarfjórðungi liðnum, og ber margt til, bæði það, að ekki hafa fengizt fjárveitingar til þess að framkvæma ýmis nýmæli þeirrar löggjafar og sízt af öllu til þess að veita fjármagninu út um alla landsbyggðina, þannig að löggjöfin yrði framkvæmd, gert mögulegt að framkvæma hana. Það vita allir, að í sveitum landsins hefur hún að mjög litlu leyti komið til framkvæmda, og búum við þar enn þá í aðalatriðum við þá kennsluháttu og þá kennslu- og uppeldisaðstöðu, sem skólalöggjöfin frá 1908 markaði — þ. e. a. s. enn þá á nokkrum stöðum við farskólakennsluna. Og það er náttúrlega bein afleiðing af því, að ekki hefur verið nógu kröftuglega að verki verið, að svo seint hefur gengið um framkvæmd þeirrar löggjafar.

Hvað sem þessu máli líður að öðru leyti, þá vil ég taka undir það, að það er gott, að frv. eru komin fram. Sú vinna sérfræðinga og reyndra kennara, sem verkið hafa unnið, liggur hér fyrir og hefur verið mótuð — málið er komið til meðferðar á Alþ. En samt tel ég mestu máli varða að flýta sér ekki svo mjög að keyra frv. fram og gera þau að lögum, að ekki gefist fullt tóm til þess að gefa áhugamönnum og reyndu skólafólki úti um landsbyggðina kost þess að kynnast frv. og koma sínum hugmyndum og till. á framfæri til athugunar bæði við höfunda frv., menntamálastjórnina og Alþingi.

Ég efa ekki, að það er mýmargt góðra nýmæla í þessari löggjöf, sem hér er fyrirhugað að setja. En samt er ég alveg sannfærður um það, að það eru líka ýmiss konar gallar við þessa fyrirhuguðu lagasmíð, og það er náttúrlega hlutverk Alþ.

að reyna að koma auga á slíka vankanta og sníða þá af. Menn segja: Það er mjög mikils virði að lengja skólaskyldualdurinn úr 8 árum í 9 ár. — Já, ég er á því, að það sé gott fyrir það fólk á þessum aldri, sem er bóknámsfólk. En að vera búinn að pína þá unglinga, sem ekki hafa bóknámsgáfur, í bókskóla í 8 ár er ærin þolraun, og fyrir það fólk er níunda árinu ekki bætandi við. Hvort það er gott eða illt að hafa 9 ára skólaskyldu í staðinn fyrir 8 ára skólaskyldu, fer þess vegna eftir því, hvort skólinn hefur verið mótaður svo á þessu tímabili, að hann henti bæði þeim, sem hafa bóknámsgáfur, og öðrum, sem hafa engu þýðingarminni gáfur, sem ekki fá notið sín við bóklegt nám ár eftir ár. Ef skólinn, sem mótaður verður á grundvelli þessara frv., gefur þroskamöguleika bæði fólkinu, sem er bóknámsfólk, og hinu, sem frekar er verknámsfólk, sem er ekkert þýðingarminna að efla og mennta — ef skólakerfið gefur hvorum tveggja þessara meginhópa, að ég ekki skilgreini það nánar og fari í nánari aðgreiningu á námsfólki, þá er það gott fyrir hvorn tveggja að eiga kost á 9. árinu. En það fer alveg eftir því, hvernig skólinn er mótaður. Ef hann er búinn að vera 8 ára plága fyrir unglinga, af því að hann er ekki miðaður við þeirra andlegu hæfileika, þá er verr farið að bæta 9. árinu við það fólk.

Hins vegar verð ég að vona það, að heimildir séu nægar til þess í þessum frv. að móta skólann bæði fyrir fólk, sem það liggur vel fyrir að stunda bóklegt nám, og eins fyrir fólk, sem betur þroskast við annað en bóklegt nám — við verklegt nám. Ef þessi löggjöf, sem hér er til umr., er svo rúmgóð, að eftir henni verði mótaðir skólar, sem ekki verði eingöngu bóknámsskólar, heldur einnig gefi menntunar- og þroskamöguleika á verklegu sviði fyrir þá, sem þar hafa gáfurnar, hæfileikana, þá er vel. En ef þessi frv. miða eingöngu við bókskóla, bóklegt nám allan þennan tíma, þá verða einhver góð mannsefni úti hjá íslenzku þjóðinni á næstu áratugum.

Ég vona, að það verði ekki höfuðeinkenni þeirra skóla, sem mótast á grundvelli hinnar nýju löggjafar, sem nú verður sett, að það séu eingöngu bóknámsskólar og prófskólar, því að þá er framförin ekki mikil frá því, sem eldri skólalöggjöf okkar hefur veitt möguleika til. Sannleikurinn er sá, að það voru uppörvandi heimildir í skólalöggjöfinni frá 1946 um það að sinna ekki aðeins bóknæma fólkinu, með bóklegri kennslu, heldur voru einnig heimildir til þess að sinna þeim, sem betur hentaði verklegt nám. En hvar hafa þær heimildir verið notaðar? Á örfáum stöðum og að mjög litlu leyti. Handavinna í gömlu formi er kannske í flestum skólum, en er allt of þröng, allt of lítilmótleg í því sambandi að nota vinnuna sem þroskameðal fyrir þá, sem ekki eru bóknámsfólk, en aðeins gerðar tilraunir á nokkrum stöðum til þess að tengja verklega námið atvinnulífinu. Á nokkrum stöðum er tekið upp meira en smíðar, tekin upp uppsetning veiðarfæra, kynning á helztu vinnubrögðum aðalatvinnuvega þjóðarinnar, á þeim helztu gerðum veiðarfæra og þar fram eftir götunum til að gefa nemendunum örlitla innsýn í atvinnulíf þjóðarinnar og koma þeim í snertingu við þau störf á skólaárunum. En ég segi: Þetta hefur gerzt afar óvíða. Hér í Reykjavík, eftir því sem ég bezt veit, hefur aðeins verið starfræktur einn skóli, í stað þess að öllum gagnfræðaskólum var ætlað að sinna þessum málum að verulegu leyti — einn verknámsskóli á gagnfræðastiginu, — og það sjá allir, að þeim mikla fjölda, sem ekki er bóknámsfólk, verður ekki komið öllum fyrir í einum skóla í Reykjavíkurborg. Þessi hlið var vanrækt, þó að lagaheimildir væru fyrir hendi samkv. gildandi skólalöggjöf, og ég er afar hræddur um, að sú íhaldssemi ríki í framkvæmd á skólamálum okkar yfirleitt, að menn leggi ekki á sig það erfiði, sem því fylgir að reyna nýjar praktískar námsbrautir, sem mest líkjast starfi, en fari hinar troðnu götur með bókina og prófin sitjandi á sínum kennarastól. Það er auðveldast, og þannig hafa flestir farið hinar troðnu slóðir.

Það má segja, að það sé kannske aldrei hægt að tryggja framkvæmdina fyllilega með lagasetningunni. Það er alveg hárrétt, að lagasetningin er eitt — hún þarf að veita sem viðtækastar heimildir til þess að beita hinum beztu, árangursríkustu aðferðum, má ekki vera of þröng að því leyti — en framkvæmdin er allt annað, og framkvæmdin er mörgu háð. Hún er fyrst og fremst komin undir kennaranum. Hún er í annan stað komin undir því fjármagni, sem veitt er til að búa skólana út með hinum fjölbreytilegustu tækjum, og þar verður fleira að koma til heldur en bókin ein. Góðar nútímalegar námsbækur eru ágæt kennslutæki, en ekki viðhlítandi, ekki fullnægjandi. Þar verður margt annað að koma til. Við verðum t. d. að játa það með sárri blygðun, að við höfum ekki á gagnfræðastiginu, ekki á menntaskólastiginu heldur, haft nokkra verulega viðhlítandi aðstöðu til kennslu í eðlis- og efnafræði. Ég hef kynnzt því sjálfur, að við erum miklir eftirbátar frænda okkar Færeyinga á þessu sviði. Í Færeyjum hef ég komið í gagnfræðaskóla, þar sem voru hinar fullkomnustu tilraunastofur í eðlis- og efnafræði. En þeir eru fáir, gagnfræðaskólarnir á Íslandi, sem hafa haft fullkomnar tilraunastofur í eðlis- og efnafræði, ekki bara möguleika fyrir kennarann á sínu kennarapúlti að gera tilraunir í greininni, heldur hvert einasta skólaborð fyrir nemendurna til þess að gera tilraunirnar sjálfir. Og þá er það orðin lifræn kennsla. En þarna er vissulega mikið komið undir fjárveitingum til skólanna. Og ég trúi því ekki, að við séum þeim mun fátækari en Færeyingar, nema þá í andanum, að við getum ekki komið upp þessari grein í kennslu okkar, sem miðar þó mjög að nútíð og framtíð betur en raun ber vitni um. Þar höfum við legið eftir og ekki komið okkar málum í lag. Það er fyrst núna á allra seinustu árum, að slíkar rannsóknarstofur eru til í menntaskólum okkar. En það var svo sannarlega langt fram eftir árum, sem engin slík viðhlítandi aðstaða var í gamla menntaskólanum í Reykjavík.

Það var eitt, sem hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, kom hér inn á um námið, starfið. Námið er auðvitað ekkert nema starf. Það er alveg hárrétt hjá honum, og það að ætla unglingum 36 stunda skólasetu í skólastofunni, kyrrsetu við litla hreyfingu, þó að sá tími sé hlutaður í sund-

ur með fríminútum, það er ærin þolraun fyrir ungling. Og vinnutími hans er orðinn óhæfilegur, ef þar við bætist, þótt ekki væri nema tveggja stunda heimavinna dag hvern. Ég hrópa þess vegna ekki húrra fyrir því, þó að í frv. sé hægt að benda á, að það verði fleiri kennslumínútur í sambandi við nýja kerfið heldur en samkv. hinu gamla. Það er útfært hér með töflu, allar tölurnar samkv. frv. eru hærri en samkv. núv. löggjöf: á fyrsta skólaári samkv. gamla kerfinu 27200 kennslumínútur, 32640 kennslumínútur samkv. hinni væntanlegu löggjöf, og á tíunda skólaári 54400 kennslumínútur samkv. nýja kerfinu, mun hærra en á síðasta skólaári núna. Það er lengri námstími, bæði að því er snertir daglega kennslu og að því er snertir tímann á ári á vissum námsárum þarna.

Ég er sannfærður um, að það er hægt að nota betur tímann á vissum aldursstigum, sérstaklega í neðri bekkjunum í barnaskólunum, en gert hefur verið, og þar má auka álag eitthvað. Þar er heimavinnan líka mjög lítil og nemendurnir þá ferskir og áhugasamir. En það sýnir okkur aftur, að það er eitthvað bogið við framkvæmdina hjá okkur almennt, þegar áhugi ungmennannna fer dvínandi, eftir því sem þeir sitja lengur í skóla. Og þá duga mínúturnar ekki og ekki klukkustundirnar heldur. Við vitum það, að þó að hörmung hafi verið til þess að vita, að gáfaðir unglingar í sveitum hafi aðeins átt kost á nokkurra vikna eða mánaða kennslu á vetri, þá er samt niðurstaðan sú, að gott námsfólk hefur komið úr sveitunum með svona undirbúning og klárað sig í framhaldsskólunum á móts við hina, sem hafa setið mörg hundruð prósent lengur, að því er mínútufjölda og klukkustundafjölda snertir. Það er fjarri því, að það sé aðalatriði til þess að undirbyggja þekkingu og menntun, að ungt fólk eigi þess kost að sitja sem lengst á degi hverjum í skóla og mestan hluta ársins í skóla. Ég er mjög efagjarn um, hvort það er rétt að láta nemendur almennt, einkanlega þá, sem eiga þess kost að taka þátt í lifrænu starfi í staðinn, sitja miklu lengur á skólabekk en 7 mánuði á ári. Ég efast um, að 8. mánuðurinn bæti nokkru verulegu við, og undir þeim kringumstæðum, þar sem ungmenni ættu þess kost að taka þátt í lifandi starfi í staðinn, þá efast ég um, að 9. mánuðurinn gerði nokkuð gott. Það yrði venjulega til þess, að a. m. k. fólkið á menntaskólastiginu og að verulegu leyti líka á gagnfræðastiginu útilokaðist frá því að verða aðnjótandi þess þroska, sem lifandi starf með þjálfuðu starfsfólki veitir. Við útilokum okkar menntaskólanemendur æ meir frá því að taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, ekki aðeins til þess að bjarga sér fjárhagslega, heldur er bæði tjón þjóðfélagsins nokkuð, og ég held, að tjón menntamanna okkar sé ærið mikið, af því að þeir útilokast meir og meir frá þátttöku í lifandi starfi.

Það er mér kunnugt, að margir danskir skólamenn litu svo á, að það væri sýnt, að Íslendingar eignuðust þroskaðri námsmenn við Kaupmannahafnarháskóla heldur en dönsku stúdentarnir yfirleitt voru, af því að þeir væru meira þjálfaðir í lifandi starfi, og hefðu, vegna þess að við höfðum styttri námstíma á ári hverju, öðlazt þar þroska, sem þeirra menn færu á mis við. Og ég held, að þessir skólamenn Dana hafi haft rétt fyrir sér með skólakerfið eins og það var, — nú miða ég við fyrir einum 30—40 árum, — og að þeir hafi þannig ekki vanmetið þann þátt, sem var gildari í íslenzku menntakerfi. Það var þátttakan í starfinu.

Ég sem sé tel ekki hækkandi tölur að því er snertir mínútufjölda og mánaðafjölda neitt aðalatriði, og það vekur ekki mjög miklar vonir hjá mér um traustari menntunargrundvöll eða meiri þekkingu, þó að ég líti á þær einar út af fyrir sig. Það, sem öllu máli skiptir, er það, hvort skólinn veitir nemendum möguleika til þess að helga sig bóklegu námi eða starfi, eftir því sem áhugi þeirra og hæfileikar benda til, því að sé ungum manni þröngvað til þess að vera við starf eða nám, sem er honum ógeðfellt eða um megn, þá verður hann aldrei fróður eða sannmenntaður maður af því.

Ég er alveg sannnfærður um það, að þó að landsprófið hefði þann kost að opna námsleiðina inn í menntaskóla og gerði það jafnar og betur um landið heldur en áður voru möguleikar til, þegar allir urðu að fara til prófs í Reykjavík, þá beið kennslan, sem miðaðist við landsprófið, hnekki. Hún varð ekki eins þróttmikil, hún var ekki eins lifandi og frjálsleg. Hún varð bundin við alls konar sparðatínslu og smáatriði, sem kynnu að koma í landsprófinu næsta vor, og varð þess vegna í mörgum tilfellum dauf. Þannig beið kennslan í mörgum námsgreinum í íslenzkum skólum í framkvæmdinni hnekki við landsprófsfyrirkomulagið, en hún jafnaði aðstöðuna — það skal ég játa — og hafði þann kost að jafna aðstöðuna hjá fólkinu í gagnfræðaskólunum úti um landið til þess að þreyta þessa prófraun og opna sér leiðina inn í menntaskóla, og það var vissulega mikils virði.

Mér líkar vel frv. um skólakerfið í öllum meginatriðum. Það er hnitmiðað að orðalagi, þar eru engar vangaveltur eða bollaleggingar, stuttar gr. og þær eru ekki nema 9 talsins. Þetta rúmast á einni bls. og gefur skýra mynd af því skólakerfi, sem fyrirhugað er. En þegar kemur að bókinni um frv. til l. um grunnskóla, ég hef í höndum bók upp á 88 bls. — það eru að vísu ekki allt frvgr., heldur ýmiss konar grg. og upplýsingar og töflur þar með, sem ég vanmet á engan hátt. — En frv. sjálft er 103. gr., og það er nærri 21 bls. í Stjórnartíðindabroti. Þar er brugðið upp ýmsum glæsimyndum um það, hvernig skólarnir eigi að vera og verða, eftir því sem þarna er stefnt að með lagasetningunni. Og þær glæstu hugmyndir, sem þar koma fram, — ég vil segja í ritgerðarformi, þetta er ekki líkt venjulegum lagagr., — það eru óskir fram settar um hinn væntanlega skóla, og mér er það ljóst, að hverju höfundar frv. vilja stefna, hvernig þeir vilja, að skólarnir verði. En skýr og hnitmiðuð lagaákvæði eru þetta ekki að mínum dómi og geta þannig orðið ákaflega laus lagagrundvöllur, sem getur gefið möguleika til góðra framkvæmda, en tekur líka laust á hlutunum, þó að framkvæmdin liggi að einhverju meira eða minna leyti eftir.

Mér heyrðist, að hv. 1. þm. Austf., sem hér tal-

aði áðan, teldi, að þörf væri á, að ýmislegt væri ákveðnar orðað um framkvæmdir, skæri þannig algerlega úr, bókstafurinn í frv. gæfi ekki fulla vitneskju um það, hvernig framkvæmdin yrði, t. d. varðandi hina þýðingarmiklu 7. gr. í frv. um skólakerfi, sem þó hefur þann meginkost að vera stuttort og hnitmiðað. Við vitum náttúrlega ekki, hvernig framkvæmdin verður á því stórkostlega mikilsverða atriði að tryggja nemendunum, hvar sem eru á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, og það vaknar hjá mér sami efi og hjá honum, að ef sveitarfélög eiga að bera helming kostnaðar til þess að tryggja þessa framkvæmd, þá er ég afar hræddur um, ef ríkið ætlar sér ekki meiri hluta en jafnan á móti sveitarfélögunum, að þá geti þarna orðið strand og framkvæmdin verði ekki svo sem bókstafurinn gefur vonir um. Hins vegar sýnist mér, að andi frv. gefi miklar vonir, og t. d. í frv. um skólakerfi finnst mér vera mjög ákveðið og myndarlega á málinu tekið, og það er ramminn, en hitt finnst mér öllu lausara í böndum — frv. um grunnskólann — og vera eiginlega safn lagagr., flestar þeirra smáritgerðir um málið. En ég lýsi því yfir fyrir hönd míns flokks, að það mun verða hjá okkur lögð vinna í það að rannsaka þessi frv., kynnast hugmyndunum, sem í þeim felast, meta þær, sem til bóta eru, og gera athugasemdir við aðrar, sem okkur lízt ekki á, og við viljum, að sem allra flestir utan þings sem innan verði tilkvaddir að ræða um þessi mál, áður en þeim er veitt lagagildi. Það er, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, það er verið að leggja grundvöllinn að fræðslu- og menntunaraðstöðu ungu kynslóðarinnar á Íslandi, kannske um mjög langa framtíð, og stærra mál fjöllum við varla um á Alþingi Íslendinga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm., sem talað hafa við þessa 1. umr. málsins, fyrir mjög jákvæðar undirtektir þeirra, og ég fagna eindregið þeim skilningi, sem þegar í upphafi kemur fram af hálfu málsvara allra flokka á mikilvægi þessa máls, sem hér er um að ræða, og einhuga skoðun allra á nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga og það fái sem rækilegasta athugun. Að öðru leyti langar mig til að víkja að örfáum fsp., sem til mín hefur verið beint, og gefa nokkrar upplýsingar í tilefni af ummælum einstakra hv. þm.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vék að verzlunarmenntuninni. Í því sambandi vil ég láta þess getið, að hún var ekki á vegum menntmrn. fyrr en með framkvæmd nýju stjórnarráðslöggjafarinnar, 1. jan. 1970, var áður í öðru rn. En mjög fljótlega, eftir að verzlunarmenntunin hafði verið falin menntmrn., fól það skólastjórum verzlunarskólanna tveggja, sem báðir eru einkaskólar, Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólans, að semja skýrslu um stöðu verzlunarmenntunarinnar og gera till. um nýskipan hennar. Nú nýlega hefur komið fram ósk um það, eins og mér heyrðist þm. vera kunnugt um, að fleiri aðilar komi hér til, og hefur rn. því alveg nýlega ákveðið að skipa formlega n., sem þessir skólastjórar eigi báðir sæti í með öðrum aðilum, til þess að fjalla um stöðu verzlunarmenntunarinnar og gera till. um nýskipan hennar í sambandi við þá allsherjarnýskipan skólakerfisins, sem ráðgerð er með þeim frv., sem hér eru til umr. (Gripið fram í: En hvað með iðnfræðsluna?) Ég skal líka með ánægju svara þessu. Það er starfandi n. til endurskoðunar á öllu tækninámi, sem nú er stundað í landinu, og hefur sérstaklega það verkefni að hugleiða tengsl á milli hinna einstöku stofnana, hinna einstöku sviða, þar sem iðn- eða tækninám er stundað, þ. e. a. s. verknámið að einu leyti, iðnfræðslan að öðru leyti og störf Tækniskólans að enn öðru leyti. Jafnframt munu tengslin t. d. við stýrimannaskóla og vélstjóranám kom þarna til athugunar. Ég legg mikla áherzlu á það, að þessi n. skili áliti nú alveg á næstunni, þannig að álit hennar geti komizt í hendur menntmn. þessarar hv. d., þegar hún þarf að fjalla um þessi mál, sem hér er um að ræða. Þetta er alveg fullkomlega réttmæt og skynsamleg aths. Þetta hefur okkur verið ljóst, að það þyrfti að vera fyrir úttekt á verk-, iðn- og tækninámunu til athugunar og hliðsjónar, þegar menn mynda sér endanlega skoðun um skipan fræðsluskyldunnar á framhaldsskólastigunum, sem taka við af skyldunámsstiginu. Ég vil fullvissa þm. um það, að þessi n. mun ljúka störfum alveg á næstunni, jafnvel í byrjun næsta mánaðar, en örugglega á meðan þetta þing enn situr.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson ræddi ýtarlega um skólana sem starfsstofnanir og starfsvettvang, og ég vil aðeins í því tilefni taka það fram, að ég er honum alveg sammála um þau grundvallarsjónarmið, sem hann þar lýsti. Það hefur verið stefnt í þá átt hér á landi og í nálægum löndum, sérstaklega á Norðurlöndunum, á undanförnum árum, að skólarnir eru í vaxandi mæli, eins og þeir eiga að vera, að verða starfsstofnanir, en ekki eingöngu stofnanir, sem menn vinna í hluta af sínum starfstíma, en búa sig svo undir starfið annars staðar. En mér er ljóst, að hér er við marga erfiðleika að etja, ekkert frekar hérna hjá okkur heldur en í nálægum löndum. Vandamálið er alls staðar fyrir hendi, en stefnan er alls staðar þessi, og ég nota þetta tækifæri til þess að láta það í ljós, að í þessu efni er ég alveg sammála þeim grundvallarsjónarmiðum, sem þm. lét í ljós um þetta efni.

Hv. þm. Sigurvin Einarsson spurði, hvernig málið hefði verið kynnt, og hvaða hátt ég hefði hugsað mér á afgreiðslu þessara mála. Um kynningu málsins er það að segja, að eins og hefur þegar komið fram hjá einum hv. þm., Gunnari Gíslasyni, eru málin þegar komin í hendur allra skólastjóra á landinu og allra skólanefnda. Frv. var sent sem handrit í haust, og þá var það kynnt sveitarstjórnum og sent til athugunar öllum samtökum kennara og yfirleitt öllum þeim félagssamtökum og embættismönnum, sem talið var eðlilegt að mundu láta sig málið varða. Og síðan var í desembermánuði haldin stór ráðstefna á Hótel Sögu, þar sem embættismenn, höfundar frv., aðrir embættismenn og fulltrúar fjölmargra samtaka, kennarasamtaka, nemendasamtaka, sveitarfélaga, og fleiri aðilar komu saman til þess að ræða málin, eftir að hafa haft þau til athugunar í eina 10 daga. Sú ráðstefna stóð heilan eftirmiðdag, þar var skipzt á skoðunum,

og hún reyndist mjög gagnleg. Í framhaldi af þessari ráðstefnu hafa farið fram sérstakar viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga um málið í heild. Þeim er ekki lokið, en niðurstaða þeirra mun að sjálfsögðu verða send menntmn. á sínum tíma. Hins vegar hefur sú kynning, sem þegar hefur átt sér stað, og ráðstefnan á Hótel Sögu orðið til þess, að ýmsir aðilar hafa þegar sent aths. eða sent hugmyndir í sambandi við frv. Vil ég þar t. d. nefna þjóðkirkjuna eða biskupsembættið og félag námsstjóra. Þessar till. voru sendar menntmrn., og það mun láta þær ganga til hv. menntmn., þegar eftir að hún hefur fengið málið til meðferðar hér á hinu háa Alþingi.

Hv. þm. Sigurvin Einarsson spurði, hvaða hátt ég hefði hugsað mér um afgreiðslu málsins. Um það vil ég segja, að ég hef auðvitað áhuga á því, að málið fái afgreiðslu sem fyrst, en þó enn meiri áhuga á hinu, að frv. fái sem rækilegasta athugun og góða afgreiðslu.

Hv. þm. Magnús Kjartansson nefndi það, að auðvitað væri ekki nóg að samþykkja góð og vel samin frv. eins og þau, sem hér er um að ræða, í kjölfar þess yrði að fylgja aukið fjármagn. Ég vil aðeins taka fram, að mér er að sjálfsögðu ljós þessi staðreynd, og ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að nái þessi frv. fram að ganga, hljóta fjárveitingar til þess skólahalds, sem þau fjalla um, að breytast mjög verulega frá því, sem nú er, og er reiðubúin að leggja til við Alþ., að nauðsynlegar fjárveitingar verði veittar.

Hv. þm. Gunnar Gíslason ræddi sérstaklega um ákvæði frv. um jöfnun aðstöðu nemenda í dreifbýli og þéttbýli. Hann lagði áherzlu á, að hér mætti ekki verða um bókstafinn einan að ræða, og vil ég aðeins undirstrika, að ríkisstj. er auðvitað ljóst, að hér er fyrst og fremst um fjárhagsatriði að ræða, og er reiðubúin til þess, ef Alþ. samþykkir frv., að draga sjálfsagðar ályktanir af því, ef Alþ. samþ. þau tiltölulega skýru ákvæði, sem um þetta eru í frv., og gerir sér algerlega ljóst, að það kallar á aukið fé.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson ræddi alveg réttilega um nauðsyn þess að taka í skólahaldi ekki aðeins tillit til þarfa og óska nemenda, sem hafa hagnýtar bóknámsgáfur, heldur einnig hinna, sem hafa verknámsgáfur. Um þetta vil ég aðeins segja, að eitt meginatriði þess nýja skólakerfis, sem hér er gert ráð fyrir, er og á að vera aukinn sveigjanleiki kerfisins frá því, sem áður hefur verið. Í þessu tel ég tvímælalaust, að felist viðurkenning á því atriði, sem hann einmitt lagði mikla áherzlu á, að það þarf að haga skólastarfinu eftir því, um hvers konar nemendur er að ræða,— miða við þarfir og hæfileika nemendanna og eins, að hverju þeir stefna í lífi sínu, í námi sínu og starfi. Á þessu held ég, að sé fullur skilningur hjá höfundum frv. og þeim, sem koma til með að bera ábyrgð á framkvæmd þess, ef að lögum verður.

Að svo mæltu vil ég aðeins leyfa mér að endurtaka þakkir mínar til hv. þm. fyrir góðar undirtektir við mikilvægt mál.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef ekki kvatt mér hljóðs til þess að fara að flytja ýtarlega ræðu um þau miklu frv., sem hér liggja fyrir. Ég játa það, að vitsmunir mínir leyfa ekki, að ég fari að flytja ýtarlega ræðu um þetta mál eftir ekki lengri tíma til athugunar en manni hefur verið veittur síðan málinu var útbýtt. En mér sýnist við lauslega athugun, eins og flestum, sem um málið hafa rætt, að frv. horfi til mikilla framfara í skólamálum.

Nei, ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég vildi nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri fsp., sem að vísu er ekki beinlínis bundin þessu máli, sem er til umr. hér, en snertir þó skólamál. Ég hef lengi ætlað að beina þessari fsp. til hæstv. menntmrh. opinberlega og hef rætt málið persónulega við hann, en það hefur dregizt að beina fsp. þessari til hans opinberlega af ástæðum, sem hæstv. ráðh. eru kunnar. En fsp. er þessi:

Hvað líður reglugerð um skólakostnað, þ. e. a. s. um fyrirkomulag á greiðslum vegna skólakostnaðar?

Skólastjórar og aðrir þeir, sem bera ábyrgð á rekstri skóla, hafa lengi beðið eftir slíkri reglugerð, og þeir hafa vænzt þess, að hún mundi binda endi á ófremdarástand, sem lengi hefur ríkt í þessum efnum. Á þingi Sambands ísl. barnakennara í júnímánuði s. l. var samþ. harðorð ályktun um þetta mál, og það var einnig rætt ýtarlega á skólastjóraþinginu í sumar. Í þeirri ályktun, sem ég nefndi, var þess getið, að það virtist háð duttlungum tiltekins manns, hvernig og hvenær þessar greiðslur væru inntar af hendi. Skólastjórum kemur að vísu saman um, að þetta sé hinn dyggasti embættismaður, en þeim finnst sumum, að hann sé kannske stundum óþarflega dyggur fjármálaráðuneytinu á kostnað menntmrn.

Handahófið í þessu efni veldur skólastjórum miklum erfiðleikum. Þegar þeir eru til að mynda að gera áætlanir um kennslustundafjölda samkvæmt beztu vitund um greiðsluskyldu ríkisins í því sambandi, þá er það næstum segin saga, að sú viðmiðun, sem þeir hafa tekið, er af hálfu rn. úrskurðuð röng, kvótinn, sem svo er kallaður, kennslustundakvótinn miðaður við nemendafjölda, er úrskurðaður allur annar og oft miklu lægri en skólastjórarnir hafa áætlað, og greiðslur fyrir umframkennsluna lenda þá á viðkomandi sveitarsjóðum, og forráðamenn þeirra eru þá ekki alltaf útbærir á féð og standa fast á því, að ríkissjóði beri að greiða það. Þetta orsakar svo stöðugt styrjaldarástand, getum við sagt, milli oddvita og sveitarstjóra annars vegar og svo rn. hins vegar, og í miðjum þessum átökum standa svo skólastjórarnir og sæta ámæli beggja fyrir óráðsíu.

En oddvitar og sveitarstjórar og aðrir slíkir, sem bera ábyrgð á fjárhag skólanna, eru reyndar ekki öfundsverðir af sínum hlut og fá margir heldur betur að kenna á handahófinu í þessum efnum, ekki aðeins að því er varðar kostnað af kennslu, heldur einnig ýmsa aðra kostnaðarþætti skólahaldsins. Þetta mun að vísu nokkuð misjafnt, jafnvel eftir landshlutum, því að mér skilst, að sumir skólar eða sveitarfélög hafi ekki undan miklu að kvarta í þessu efni. En það, sem

ég segi hér, er miðað við Vesturland, þar sem ég er kunnugastur, og ég ber reyndar þess fsp. fram að tilmælum skólastjóra og annarra forráðamanna skóla í þeim landshluta.

Varðandi þátttöku ríkisins í kostnaði vegna aukakennslu og eftirlits og launa starfsfólks, annars en kennara, hafa framlög varðandi þennan kostnað yfirleitt komið mánaðarlega, skilst mér, en aldrei þó fyrr en langt hefur verið liðið á viðkomandi mánuð. Og það hafa verið óskir skólastjóranna, og virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að þessar greiðslur séu greiddar á reikning skólanna í upphafi hvers mánaðar, eins og tíðkast um launagreiðslur yfirleitt. En segja má, að að undanförnu hafi alveg keyrt um þverbak að því er varðar greiðslur á framlögum ríkisins vegna kostnaðar af viðhaldi húsa og tækja, heilbrigðisþjónustu og akstri nemenda á milli heimila og skóla, — ég er hér sem sé fyrst og fremst að tala um heimavistarskólana, sveitaskólana þar efra. Ég get nefnt það sem dæmi, að ég ræddi við forráðamenn eins skólans í Vesturlandskjördæmi í fyrradag, og þá stóðu málin þannig, að greiðslur og gjaldfærðir reikningar vegna þeirra kostnaðarliða, sem ég var að nefna, námu fyrir s. l. ár 3 millj. kr., en það var ekki kominn einn eyrir af framlagi ríkisins, sem á að vera, samkvæmt lögboðnu prósentuhlutfalli, tæpar 2 millj. Svipaða sögu hafa fleiri forráðamenn skóla þar að segja.

Viðkomandi skólayfirvöld og viðkomandi sveitarfélög hafa að sjálfsögðu haft af þessu mikla erfiðleika og gífurlegan kostnað vegna lána, sem þau hafa orðið að taka, oft með ærnum vöxtum að sjálfsögðu, sem nema tugum og jafnvel hundruðum þúsunda, til þess að halda skólastarfi gangandi. Þeir, sem þarna eiga hlut að máli, vænta þess, að með nýrri reglugerð verði nú ráðin bót á þessu, þannig að í framtíðinni geti greiðslur vegna þessara kostnaðarliða átt sér stað ársfjórðungslega helzt — og ekki sjaldnar en á hálfs árs fresti, svo að úr sögunni verði þeir erfiðleikar og sá gífurlegi aukakostnaður, sem viðkomandi sveitarfélög hafa orðið að taka á sig vegna þess handahófs og óvissu, sem ríkt hefur í þessum efnum að undanförnu. Ég vildi sem sé nota þetta tækifæri til þess að koma fram þessum óskum eða sjálfsögðu kröfum viðkomandi skólayfirvalda.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Reglugerð sú við nýju skólakostnaðarlögin, sem hv. síðasti ræðumaður lýsti eftir, var gefin út í morgun. Það skal fúslega játað, að það hefur tekið miklu lengri tíma en við í rn. höfðum gert ráð fyrir á sínum tíma að koma þessari reglugerð saman. En það á sér skýringar. Í fyrsta lagi er það að segja, að þessi reglugerð er sérstaklega vandsamin, í raun og veru aðeins á færi örfárra embættismanna að semja slíkt plagg sem þessi reglugerð er. Þá hefur verið lögð á það rík áherzla, að þegar reglugerðin loksins kæmi, væri hún óumdeild hjá þeim aðilum, sem hún skiptir mestu, m. ö. o. að menntmrn., fjmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga hefðu komið sér endanlega saman um það, hvernig reglugerðin skyldi vera, á grundvelli gildandi laga. Þegar þrír aðilar þurfa að koma sér saman um margbrotin og flókin efni, eins og hér er um að ræða, er eðlilegt, að það taki tíma, en samkomulag náðist nú loksins fyrir nokkrum dögum, þannig að ekki ætti framar að vera neinn ágreiningur um, hvernig skilja skuli skólakostnaðarlögin, á milli menntmrn., fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Málið hefur verið þrautrætt í samstarfsnefndinni svokölluðu, sem komið var á fót á milli þessara þriggja aðila, að því er varðar atriði í sambandi við skiptingu skólakostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

Sú óvissa, sem ég engan veginn skal draga úr, að átt hefur sér stað, eins og hv. þm. nefndi, ætti, þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda og bókstafur hennar verður öllum hlutaðeigandi ljós, a. m. k. að minnka, og ég vona, að sá tími komi bráðlega, að hægt verði að segja með sanni, að hún sé alveg úr sögunni. En auk þess er þess að geta til skýringar á þeim drætti, sem orðið hefur og ég fyrir mitt leyti harma, að í sögu rn. hafa aldrei verið eins mikil umsvif og einmitt á þessum vetri, eins og m. a. þau tvö frv., sem nú hafa komið fyrir þingið, bera glöggt vitni um, og segi ég það þeim embættismönnum til afsökunar, sem þurft hafa meiri tíma en upphaflega var ráðgert til þess að semja það plagg, sem hér er um að ræða.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú eiginlega með hálfum huga, að ég fer í ræðustólinn, vegna þess að ég hafði kvatt mér hljóðs hér í gær, meðan umr. stóðu almennt um þetta mál, og hafði þá meiri áhuga á því að taka þátt í umr., en ég sé þó ekki beinlínis ástæðu til þess að falla frá orðinu, þó að hins vegar sé svo, að þegar er búið að ræða þetta mál ákaflega mikið og kannske ekki mikið, sem ég get við það bætt.

Ég verð að lýsa yfir því eins og fleiri, sem hér hafa talað, að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að lesa þessa miklu lagabálka að neinu ráði, og það hefur farið verr fyrir mér en sumum öðrum, sem hafa verið svo lánsamir að geta útvegað sér þetta frv. í handriti í jólafríinu. Ég hef ekki orðið svo lánsamur að geta það, og býst ég ekki við, að það sé við annan að sakast en sjálfan mig í þessu efni, en það gerir náttúrlega að verkum, að ég hlýt að eiga örðugra með að ræða þetta mál en sumir aðrir, sem hér hafa talað. Í raun og veru sá ég þetta frv. ekki — af sérstökum ástæðum — fyrr en í gær, að á fundinn kom, og þá las ég þetta og hlýddi á ræðu hæstv. menntmrh., og í rauninni hef þá þekkingu, sem ég hef af þessum frv., af þessum litla lestri og því, sem fram kom hér í umr.

Ég vil lýsa yfir því, sem menn hafa yfirleitt gert, að hér er um mjög merkilegt mál að ræða og augljóst, að í frv. eru mörg nýmæli, sem rædd hafa verið meðal skólamanna og áhugamanna um þessi efni á undanförnum árum, og mér sýnist, að það hafi tekizt að koma mörgum af þessum nýmælum inn í þetta frv., og er það vel. Ég fagna því t. d., að það er gert ráð fyrir auknum skólarannsóknum. Það er gert ráð fyrir því í lögunum, að bókasöfn verði meira notuð við grunnskólann, sem kallaður er, þ. e. barna- og unglingaskólana. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, að börn og

unglingar læri snemma að nota sér bókasöfn, og hefur því miður verið of lítið af því gert að beina mönnum þangað til þess að sækja sér menntun og fróðleik. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég tel ákaflega mikilvægt, og það er fagnaðarefni, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að meira verði lögð stund á að kenna unglingunum og nemendunum að notfæra sér bókasöfnin. Sama er að segja um sálfræðiþjónustuna og ráðgjafarþjónustuna, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. Hér er um ákaflega mikilvægt málefni að ræða, sem skólamenn hafa lagt mikla áherzlu á. En hér er jafnframt um talsvert vandamál að ræða, vegna þess að þetta er mikið nýmæli, og þarf áreiðanlega mikillar skipulagningar við, og kannske er vandi, hvaða menn veljast til slíkra starfa.

Einnig er ástæða til að minnast á það, að frv. leggur mikla áherzlu á það, sem kallað er sérkennsla fyrir þá nemendur, sem á einhvern hátt eru afbrigðilegir af andlegum eða líkamlegum ástæðum. Hér er einnig um mjög merkilegt mál að ræða, sem mikið hefur verið rætt um á undanförnum árum, og við erum því miður aftur úr hér á landi um, en er mikið nauðsynjamál, að úr megi bæta.

En um þetta mál annars má segja það, að vissulega er það ekki vonum fyrr, að það er komið fram. En það er þó a. m. k. ánægjuefni, að frv. þetta skuli vera komið fram og von fleiri í sama anda. En þó að mörg nýmæli séu í þessu frv., þá eru þó atriði, sýnist mér við fljótan yfirlestur, sem ég held, að hefðu átt að vera þarna með og ég sakna. Ég sakna þess t. d., að þarna skuli ekki hafa verið tekið inn í frv. og reynt að finna stað í fræðslukerfinu því, sem kallað hefur verið fullorðinsfræðsla eða eitthvað í þá átt og ég held, að við þurfum að gefa meiri gaum hér á landi heldur en hingað til, og ég hygg, að hefði mátt finna stað innan fræðslukerfisins og hefði einmitt átt heima í þessum frv., sem hér hafa aðallega verið til umr. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki hafi verið sérstaklega að þessu máli hugað, og hvort ekki hafi verið að því hugað að finna þessu máli stað innan fræðslukerfisins eða með öðrum hætti. Ég ætla ekki að fara frekar út í það að ræða fullorðinsfræðsluna, enda vita flestir, hvað við er átt. Ég tel, að hér sé um mikilvægt málefni að ræða og hefði átt að finna þessu stað innan fræðslukerfisins. E. t. v. minnkar þörfin fyrir fullorðinsfræðslu, eftir því sem tímar líða. Þó efast ég um það. Ég hygg, að það verði alltaf þörf á henni og þörf fyrir það, að fullorðnir menn fái aðstöðu til að bæta við þekkingu sína með ýmsum hætti, og það er alveg áreiðanlega þörf fyrir hana um þessar mundir, vegna þess að það eru alltaf ný og ný þekkingarsvið að koma til, og auk þess eru margir í landinu, sem komnir eru á fullorðinsár, sem ekki hafa notið mikillar skólagöngu, en mundu gjarnan, ef skilyrði væru fyrir því, reyna að afla sér ýmiss konar menntunar, ef hún væri aðgengileg.

Meðal nýmælanna, sem rædd hafa verið og eru í þessu frv., eru ákvæði 7. gr. frv. um skólakerfi um jöfnun námsaðstöðu. Ég vil eins og fleiri, sem hér hafa talað, fagna því sérstaklega, að þetta er nú markað með lögum sem stefna, en jafnframt vil ég benda á það, að hér veltur auðvitað allt á framkvæmdinni, hér er fyrst og fremst um peningaspursmál að ræða, og það mun áreiðanlega kosta mikið fé, ef á að vera hægt að koma þessu í viðhlítandi horf, eins og ég hef oft áður rætt hér í þinginu í sambandi við þingmál, sem ég hef flutt í þessu efni. Í sambandi við jöfnun námsaðstöðu verður líka að hafa það í huga, að það er ekki nóg að hafa jafna aðstöðu til náms fyrir skyldunámsnemendur, heldur verður líka að hyggja að hinum, sem stunda framhaldsnám. Það verður líka að gæta þess, að aðstaða þeirra verði einnig jöfnuð.

Menn hafa rætt hér nokkuð um það, hvort þörf sé á því að hraða afgreiðslu þessa máls, og ég er sammála því, sem fram hefur komið hjá mörgum, að vissulega sé engin ástæða til þess að hraða þessu máli um of. En ég held líka, að það sé ekki ástæða til þess að tefja þetta mál neitt sérstaklega. Vissulega þarf málið rækilegan undirbúning, en ég hygg, að á þeim tíma, sem lifir til vors, megi vinna svo að þessu máli, að menn gætu sæmilega við það unað, að það yrði afgreitt. Þeir, sem áhuga hafa á málinu, hljóta að geta komið að sínum brtt. En vissulega þarf að undirbúa það vel og m. a. með því að tryggja, að menn úti um landsbyggðina fái aðstöðu til þess að kynna sér málið. En ég held sem sagt, að það sé mikil ástæða til þess að athuga málið vel, en hins vegar ekki ástæða til þess endilega að fara að draga það úr hófi að lögfesta frv. með þeim breytingum, sem það kann að taka hér í þinginu.

Ég hef kannske ekki svo margt að segja um þetta frekar. Ég vil endurtaka, að það er gott, að þetta er komið fram, og hefði náttúrlega mátt vera komið fram fyrr, og ég vil leggja áherzlu á, að það hefði mátt vera komið fram fyrr, og ég vil leggja áherzlu á, að það felst mikill vandi í framkvæmd þessara laga, eins og allra slíkra laga. Það er gert ráð fyrir mjög rúmum tíma til framkvæmda, eða allt að 10 árum, og verður að sýnast, að það sé nægur tími. En því miður höfum við ekki góða reynslu af framkvæmd núgildandi fræðslulaga, sem eru þegar orðin 25 ára gömul. Þau hafa í rauninni tæpast komizt til framkvæmda að öllu leyti á þessum 25 árum, og slíkt má auðvitað ekki ske um þessa nýju löggjöf, að hún komist ekki til framkvæmda á eðlilegum tíma. Og 10 ár sýnast vera nokkuð langur tími til þeirra hluta.

Þetta vildi ég segja um vanda framkvæmdarinnar, en þetta er líka áminning til Alþ. og til okkar sem þingmanna, að þarna þurfum við einnig að standa vel á verði, og við verðum vitanlega að fylgjast með því á hverjum tíma, að framkvæmd fræðslulaganna geti orðið að raunveruleika, og það gerum við auðvitað bezt með því að vera ósparir á fjárveitingar til þessara mála, því að áreiðanlega veltur mjög á því, ekkert síður en á dugnaði einstakra ráðh. Þetta skulum við hafa vel í huga, og ég held, að ég megi segja það fyrir hönd framsóknarmanna, að þeir munu ekki láta sinn hlut eftir liggja í því að sjá svo um, að Alþ. veiti það fé til þessara mála, sem nauðsynlegt er, til þess að hægt sé að framkvæma lögin með eðlilegum hætti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs í gær um þetta mál, var það eiginlega til þess að bera fram nokkrar fsp., sem mér komu í huga, til hæstv. menntmrh., á meðan ég hlýddi á þær umr., sem fram fóru í gær. Ég geri ráð fyrir því, enda sýnist mér umr. hafa verið hagað svo, að hér sé jöfnum höndum til meðferðar bæði frv., sem á dagskránni eru um hin almennu skólamál, þ. e. a. s. frv. til laga um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla. Ég verð að segja eins og fleiri, að það er aðeins örskammt, 1—2 dagar, síðan ég sá fyrst þessi frv., og hef ekki átt þess kost fyrr að fá vitneskju um, hvers efnis þau væru, og þess vegna hefur mér ekki unnizt tími til að kynna mér til hlítar efni þeirra, sérstaklega hins mikla frv. um grunnskóla, eða grg., sem fylgja þeim, aðeins gripið niður á nokkrum stöðum, þar sem mér sýndist, að fjallað væri um mikilsverð atriði. Hins vegar sé ég, að um frv. þetta hafa fjallað á síðasta stigi kunnir og merkir skólamenn, og ég geri ráð fyrir því, að þeir hljóti að hafa margt gott til mála að leggja, sem koma muni fram í þessum frv., og sumt af því hef ég þegar gert mér grein fyrir, að muni vera til bóta, eins og XIV. kafli frv. um grunnskóla, sem fjallar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í skólum. Hins vegar vil ég fresta því að svo stöddu að láta í ljós almennt álit á þessum málum, þangað til ég hef kynnt mér þau betur.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort hann telji ekki miður farið, að í n., sem fjallað hefur um þessi mál og skýrt er frá, að hafi verið skipuð, skuli ekki hafa verið skipaðir neinir skólamenn, sem reynslu hafa af barnaskólum og unglingaskólum utan Reykjavíkur, — hvort hann telji það ekki miður farið, enda þótt nm., sem skipaðir voru, séu allir út af fyrir sig mætir menn. Hægt hefði verið t. d. að hafa eitthvað fleiri menn í n. En mér hefur sýnzt, að það hefði ekki verið illa til fallið, að í þessari n. hefðu verið einhverjir af þeim svæðum í landinu, þar sem skórinn kreppir mest að í þessum málum. Það á t. d. við þær skólanefndir og við þá kennara, sem nú starfa við húsnæðislausa heimavistarskóla eða farskóla. Segja má, að úr þessu megi bæta, það sé hægt að senda málið til umsagnar eða leita álits um málið. Það er raunar ekki alveg sama að gefa skriflega umsögn um málið og að starfa í n., og fylgjast með öllu, sem þar fer fram. Ég hef heyrt það, og má vera, að hæstv. ráðh. hafi tekið það fram í gær, að frv. hafi verið send ýmsum aðilum, e. t. v. formönnum skólanefnda og oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórum víðs vegar um land. Ég hef heyrt, að þetta sé svona. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hefur ekki verið gert neitt meira, hefur ekki verið óskað umsagnar þessara aðila um frv.?

Ég get alveg tekið undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í gær, að það þurfi að vanda vel setningu þessara laga. Þau eiga ekki eingöngu að vera lög fyrir höfuðborgina eða kannske fjölmennustu kaupstaðina í landinu, heldur á þetta að vera löggjöf fyrir landsmenn alla. Og þar á að taka tillit til aðstæðna hvarvetna á landinu, eftir því sem það er hægt í einum lögum.

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort frv. hafi verið sent til umsagnar einhverjum öðrum aðilum en þeim, sem ég nú hef nefnt, sem sé skólanefndarformönnum og e. t. v. sveitarstjórnum, — hvort það hafi verið sent einhverjum öðrum aðilum, t. d. stéttarsamtökum eða einhverjum slíkum samtökum í landinu, og ef svo er, hvort einhverjar upplýsingar liggi fyrir um skoðun þeirra á vissum atriðum í þessu máli. Ég spyr um þetta að gefnu tilefni.

Þá vil ég, þó að það sé ekki neitt stórmál, spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann sé ánægður með heiti frv. Segja má, að það sé frekar málfræðilegt atriði en efnisatriði, en annað frv. er um það, sem kallaðir eru grunnskólar og hitt um skólakerfi. Hingað til höfum við í íslenzkri löggjöf talað um fræðslulög, og við höfum talað um barnaskóla og unglingaskóla eða ungmennaskóla og gagnfræðaskóla. Nú heitir þetta, sem áður hétu barnaskólar og gagnfræðaskólar — nú heita það grunnskólar. Ósjálfrátt minnir þetta orð „grunnskóli“ mig á danska orðið grundlov, sem Danir höfðu um stjórnarskrá sína, og getur líka minnt á íslenzk orð eins og grunnhyggni eða grunnfærni. Ég veit ekki, hvað er haft í huga sérstaklega, en grunur minn er sá, að það sé danskan, sem þarna er fyrirmynd, og að þetta samskeytta orð sé nú e. t. v. notað í danskri fræðslulöggjöf um slíka skóla. En ég mæli þar ekki af þekkingu, ég er ekki kunnugur danskri eða yfirleitt útlenzkri fræðslulöggjöf og verð að játa það, að ég er varla gjaldgengur í umr. um svona mál á við lærða menn og sérfróða, hef það helzt til brunns að bera að hafa sjálfur gengið í skóla og þar á meðal þá skóla, sem nú mundu vera kallaðir grunnskólar, en á minni tíð voru nokkuð með öðrum hætti. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann sé ánægður með þessi heiti eða þetta heiti sérstaklega, hvort nauðsynlegt hafi verið að breyta heitunum og hvort 1. gr. eða 2. gr. um skólakerfi gefi ekki tilefni til annars nafns, sem sé að þetta sé kallaður skyldunámsskóli, alls staðar þar sem á að vera skólaskylda. Þetta var nú um heiti skólans og er ekki beinlínis efnisatriði, heldur, eins og ég sagði áðan, fremur málfræðiatriði eða smekksatriði.

En þá er ég kominn að annarri spurningu um efni málsins, og hún er sú, hvort hæstv. ráðh. álítur, — ég veit, að hann hefur nú ekki samið þetta frv., það er samið af n., — hvort hann álítur, að þetta sé heppilegt, að hafa 9 ára samfellda skóla, þar sem nemendurnir eru allt frá 7 ára börnum upp í 16 ára ungmenni, hvort það sé heppilegt að hafa þetta fólk allt í sömu stofnun. Áður var þetta aðgreint, og það er aðgreint nú í barnaskóla og gagnfræðaskóla eftir aldri. En ég tók ekki eftir því, að sérstök rök fyrir að steypa þessu öllu saman í eina heild undir heitinu grunnskóli kæmu fram í ræðu hæstv. ráðh., en vel má vera, að þau séu í þessari löngu grg., sem ég hef ekki kynnt mér nema að litlu leyti. En ég spyr: Hver eru rökin fyrir því að steypa saman barna- og gagnfræðaskólunum og hafa í sama skóla nemendur allt frá 7 ára aldri og upp í 16 ára aldur? Það má vel vera, að ég taki þau rök gild fyrir mitt leyti, sem færð eru fram fyrir því, en ég óska eftir að fá að heyra þau.

Í sambandi við þetta vil ég einnig koma að öðru

atriði, sem er efnisatriði. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann álíti ekki neina hættu á því, að það kunni að vera orðið úrelt í þeim frjálsa heimi, sem nú er að renna upp yfir komandi kynslóðir, beinlínis að knýja ungmenni, sem eru — við skulum segja — 15—16 ára gömul, til þess að vera í skóla, ef þau vilja það ekki. Þar með er ég ekki að leggja dóm á þetta. En eins og oft er sagt: Við lifum á breyttum tímum, og þess verður vart, að ungmennin meðal þessarar þjóðar og annarra eru því ekki mjög fylgjandi, að þau séu skylduð til eins eða neins, vilja heldur gera það af sjálfsdáðum, ef þau treysta sér til þess. Það er allt annað mál, hvort til eru skólar, sem eru opnir fyrir alla, einnig 15—16 ára unglinga, eða allir eru skyldugir til þess að vera í skólum þessum, þó að þeir kysu heldur að afla sér menntunar á annan hátt. Og það er vissulega svo, að nú á tímum eru — ja, það mætti kannske segja — ótal möguleikar til þess að afla fræðslu annars staðar en í skólum.

Ég veit, að í 7. gr. þessa frv. um grunnskóla eru ákvæði um undanþágu. En þau eru ekki sérstaklega miðuð við þetta, sem ég er að tala um, heldur eru þau miðuð við börn, sem sækja einkaskóla, eða börn, sem búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu samkv. 5. gr. frv. En í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skólanefnd í skólahverfi geti, ef tilskilin meðmæli berast, fengið undanþágu um tiltekinn tíma frá því að uppfylla að fullu ákvæði 2. gr. og 72. gr. þessara laga um skólaskyldu og starfstíma skóla. Hér mun vera átt við þau skólahverfi, þar sem ekki er aðstaða til þess, að nemendur geti verið 9 mánuði í skóla í 9 ár, eins og hæstv. ráðh. orðaði það í gær. Það er ætlazt til þess, að þar sé hægt að fá undanþágu, eins og verið hefur og ég er ekki að lasta, því að þar sem ekki er möguleiki til þess að halda uppi löngum skóla ár hvert, þá er auðvitað ekki um annað að gera en bjargast eins og bezt verður gert.

En þegar ég fer að tala um þessi skólahverfi, þá er ég kominn að öðru efni, sem ég vildi gjarnan minnast á. Í 13. gr. frv. um grunnskóla segir, að menntmrn. ákveði skiptingu alls landsins í skólahverfi, það ákveði, hvar stofna skuli skóla og hvar heimavistarskóla að fengnum till. hlutaðeigandi fræðslustjóra. Þar segir einnig, að rn. láti gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið, er taki til allt að 10 ára tímabils, og svo árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi till. til fjárveitinga í fjárl. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi í huga að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til þess að hraða byggingu skóla í þeim skólahverfum, þar sem engin skólahús eru. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja, að gerð sé 10 ára áætlun um byggingu skóla almennt í landinu, því að alltaf þarf nú að byggja eða endurnýja skóla hér og þar, jafnvel þar sem skólar eru. En er það ætlun stjórnarinnar að beita sér fyrir því, að sérstaklega verði hraðað byggingu skólahúsa í þeim skólahverfum, sem engin skólahús hafa, og þá með hverjum hætti? En á meðan svo er ekki, og á meðan enn eru mörg skólahverfi í landinu, þar sem engin skólahús eru, þá er það náttúrlega alveg tómt mál frá sjónarmiði þeirra, sem heima eiga í þessum landshlutum, að tala um, að allir á aldrinum 7—16 ára skuli sækja skóla 9 mánuði á ári í 9 ár.

Á bls. 59 í grg. frv. um grunnskóla er gerð grein fyrir *þeim kostnaðarauka, sem muni verða af* samþykkt þessa frv., og sú kostnaðaráætlun er miðuð við sept. s. l. eða sept. 1970. Kostnaðaraukinn er þar talinn 171 millj. kr., þar af 100 millj. í auknum kennslulaunum, og er það stærsti liðurinn. Í 7. gr. frv. um skólakerfi segir svo:

„Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.“

Og í 8. gr. segir:

„Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess úr ríkissjóði gegn endurgreiðslu að hálfu frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.“

Það er stefna í rétta átt að greiða fyrir nemendum með fjárhagslegri aðstoð, greiða á þann hátt fyrir nemendum, sem verða að fara frá heimili sínu eða dveljast fjarri heimili sínu vegna skólamenntunar. Og 8. gr. fjallar um það mál. Hins vegar hef ég nú gert ráð fyrir því, að þegar að því kæmi, að farið yrði að veita slíkan stuðning, svo að einhverju næmi — ég tel varla *þann stuðning, sem nú er veittur í því sambandi* — en þegar að því kæmi, þá yrði það hlutverk ríkisins fyrst og fremst eða þjóðfélagsins að greiða af hendi fjármuni, sem til þessa þarf. Og svo er ráð fyrir gert í frv., sem flutt hefur verið á Alþ. um þetta mál og nefnist frv. um námskostnaðarsjóð, ef ég man rétt, að þarna yrði um að ræða framlag þjóðfélagsins í heild til þess að jafna aðstöðumun þegnanna og til þess að bæta fyrir það, að það býr misjafnlega að þegnum sínum á þessu sviði. Nú er hér gert ráð fyrir, að þessi fjárhagslega aðstoð verði innt af hendi til þess að stunda skyldunámið, ef nemandi getur það ekki sökum fjárskorts, en a. m. k. í þessu frv. er þetta ekki neitt nánar tilgreint, þannig að það sé hægt að átta sig á því, hvenær telja skuli, að nemandi geti ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts. En það er gert ráð fyrir því jafnframt, að þetta verði greitt til bráðabirgða úr ríkissjóði, en endurgreitt að hálfu af hlutaðeigandi sveitarfélagi, og tel ég, að það þurfi nánari athugunar við. En þess vegna var ég að vitna í kostnaðaráætlunina á bls. 59 í frv. um grunnskóla, að ég sé ekki, að kostnaður við þessa aðstoð sé áætlaður þar. Má vera, að svo sé, og þætti mér þá vænt um að fá upplýsingar um það, í hvaða lið áætlunarinnar þessar upphæðir felist. En hvort sem það er eða ekki, þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort til séu einhverjar áætlanir um það, hvað ríkið muni þurfa að greiða, og hvað sveitarfélögin, vegna þessarar aðstoðar við nemendur, ef hann hefur þær upplýsingar á reiðum höndum.

Að ýmsu leyti er þetta frv. til l. um grunnskóla einungis rammalöggjöf, þó að ýmislegt sé þar nákvæmlega tiltekið, svo að ekki virðist þurfa að gera það nánar, eins og t. d. helgi- og frídagar. Það er vendilega fram tekið í frv., hverjir þeir skuli vera á hverju skólaári. En um kennsluna sjálfa, það sem á að gera í þessum

mikla 9 ára grunnskóla, sem stendur 9 mánuði ár hvert, eru ákvæði í 63. gr. frv. Þar segir, að námsskrár skuli kveða á um „þjálfun og notkun móðurmálsins og fræðslu um íslenzkar bókmenntir og menningu, undirstöðukennslu í stærðfræði, kennslu í erlendum málum og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu, en hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir, fræðslu um umhverfi og umheim — um landafræði, samfélagshætti og sögu, kennslu í frumatriðum líffræði, efnafræði og eðlisfræði, uppfræðslu í trúarbrögðum og almennri siðfræði, þroskun fagurskyns og listhneigðar, kennslu í heilsufræði og líkamsrækt, kennslu í handíðum og heimilisrækt. Að öðru leyti ákveður menntmrn. námsefni grunnskóla, magn þess og skipan á námsár.“

Þetta ákvæði um sjálfa kennsluna í grunnskólanum er eitt af því, sem nánast verður að kalla rammaákvæði, og má vera, að það sé ekki mjög breytt frá núverandi fræðslulögum. Það mun því fara eins og fyrr, að það fer mjög eftir því, hvernig fræðslumálastjórnin er, og hvernig hún starfar, hvað kennt verður í þessum skóla með hinu nýja nafni.

Ekki er ég nú reiðubúinn til þess að gera till. um breytingar á orðun þessarar 63. gr., en þó finnst mér, að þarna hefði getað verið rétt að nefna námsefni eins og félagsfræði, en vera má, að það eigi að felast í orðunum „samfélagshættir“, en það er notað þarna í b-lið. Ég las upp þessa gr. aðeins til þess að vekja athygli á þessu, að enda þótt svona löggjöf verði sett, sem væntanlega verður til bóta frá því, sem nú er, þá er það samt óunnið, sem fræðsluyfirvöldin hljóta að vinna á sínum tíma, að ákveða í nánari atriðum, hvað kenna skuli, því að þetta, að tala t. d. um fræðslu um umhverfi og umheim, það er nokkuð viðfeðmt. (**Gripið fram í: Er það ekki** landafræði?) Ja, það gæti líka verið stjörnufræði o. fl. Stjörnufræði er nú kennd í menntaskóla. Ég legg engan dóm á það, hvort stjörnufræði eigi að vera þarna eða ekki, en allt þetta þarf að ákveða miklu nánar, og það er kannske allt málið og það, sem allt veltur á í lokin, hvort gagn verður að þessum grunnskólalögum eða ekki, hvernig tekst að ákveða nánar námsefnið, og svo auðvitað að fá nemendurna til þess að læra það eða tileinka sér það á einhvern hátt.

Nú ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. En mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst mig um a. m. k. eitthvað af því, sem ég hef verið að spyrja um, eða bent mér á það í grg., ef mér hefur sézt yfir það þar, og aðstoðað mig þannig við að gera mér grein fyrir þessu merkilega máli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum til þess að svara fsp., sem til mín hefur verið beint. En fyrst vil ég taka fram í tilefni af ræðu hv. þm. Ingvars Gíslasonar, að fullorðinsfræðslan, sem hann nefndi svo, hefur verið mjög til athugunar í menntmrn., hjá sérfræðingum þess og nefndum, sem um skólamál hafa fjallað að undanförnu. Þessi n., sem þessi frv. samdi, ræddi þetta mál einnig, en einróma niðurstaða varð sú, að ákveði um það, sem við köllum fullorðinsfræðslu, ættu ekki heima í sömu lagabálkum og fjallað er um skólakerfi og skyldunám eða fræðsluskyldu, heldur væri eðlilegt að fjalla með sérstökum hætti um það mál, en til þess að úr framkvæmdum gæti orðið um skipulagsbundna og varanlega fullorðinsfræðslu, þarf á lögum að halda. Eftir að störfum þessarar n. er nú lokið, hefur rn. til athugunar að skipa nýja n. til þess að taka fullorðinsfræðslumálin til sérstakrar athugunar, og geri ég ráð fyrir, að sú n. verði skipuð innan tíðar, en hún mundi fá aðra samsetningu heldur en sú n., sem falið var það verkefni að semja lög um skólakerfi eða grunnskóla, þ. e. a. s. semja ný fræðslulög, enda eru verkefnin á sviði fullorðinsfræðslunnar með mjög öðrum og ólíkum hætti en það verkefni, sem þeim skólum, sem annast eiga skyldunámið, er ætlað að sinna.

Hv. síðasti ræðumaður, Gísli Guðmundsson, beindi til mín nokkrum fsp., sem ég skal reyna að svara í örfáum orðum. Hann harmaði það, að í n., sem samdi þessi frv., skyldu ekki hafa verið skólamenn, sem væru nákunnugir skólahaldi utan Reykjavíkur. N. var þannig saman sett, að í henni áttu sæti æðstu embættismenn ríkisins á sviði skólamála, menn, sem höfðu nána þekkingu á skólamálum langstærsta fræðsluhéraðsins, Reykjavíkurborgar, þ. e. formaður fræðsluráðs Reykjavíkurborgar og fræðslustjóri þess, og svo menn, sem höfðu nána sérþekkingu á þeim tveimur skólastigum, sem hér var um að ræða, þ. e. barnaskólum og gagnfræðaskólum. Auðvitað má segja, að æskilegt hefði verið, að í n. hefði einnig átt sæti skólamaður utan Reykjavíkur, en þá hefði hann beinlínis þurft að flytja til Reykjavíkur. Hér var um svo mikið og samfellt starf að ræða og svo þungt fundahald, að ógerningur hefði verið, að maður búsettur utan Reykjavíkur hefði starfað í n. sem fullgildur nm. Þess vegna var ekki að þessu ráði horfið, en því hins vegar treyst, að embættismenn ríkisins, svo sem t. d. fræðslumálastjóri, hefðu að sjálfsögðu ekki síður nákvæma þekkingu á skólahaldi utan Reykjavíkur, þ. e. í dreifbýli, heldur en í þéttbýli.

Hv. þm. spurði, hverjum frv. hefði verið sent til umsagnar. Því miður hef ég ekki hjá mér listann yfir þá, sem frv. var sent, að vísu ekki til umsagnar, heldur upplýsingar. Frv. hefur verið sent milli 300 og 400 aðilum. Það hefur verið sent öllum skólastjórum á landinu, öllum skólanefndum og miklum fjölda samtaka kennara, almannasamtaka og annarra aðila, sem ætla mátti, að hefðu áhuga á því að kynnast því máli, sem hér hefur verið um að ræða. Þetta hefur verið gert til upplýsingar og í því skyni að kynna málið sem bezt. Þeir aðilar, sem finna hjá sér hvöt til þess að láta í ljós skoðun á málinu í heild í einstökum atriðum, geta það að sjálfsögðu á grundvelli þess. En ég er sammála því, sem kom fram hjá ýmsum hv. þm. í gær, að hér er um að ræða mál, sem alveg er nauðsynlegt, að sem flestir aðilar í þjóðlífinu fái sem nánust kynni af. Þess vegna hefur þessi dálítið óvenjulega aðferð verið viðhöfð, að dreifa málinu út um allt land til þeirra aðila, sem ætla má að áhuga hafi á málinu.

Hv. þm. spurði, hvort ég væri ánægður með heitið grunnskóli. Það er ég ekki, ég segi það alveg hreinskilnislega. En hitt verð ég líka að játa, að hvorki höfundum frv. né heldur mér hefur dottið neitt annað orð í hug, sem betra er. En ég tel sjálfsagt, að þeirri leit, sem framkvæmd hefur verið að góðu orði á þeim skóla, sem hér er gert ráð fyrir að koma á fót, verði haldið áfram. Ég dró jafnvel um skeið í nokkurn efa, að orðið grunnskóli væri nógu góð íslenzka, en eftir að visindamenn á því sviði höfðu fellt þann úrskurð, að hér væri um góða íslenzku að ræða, þá var þeim efa kippt úr huga mér. En ég játa fúslega, að ég hefði gjarnan kosið, að það hefði tekizt að finna annað orð en þetta, sem hér er notað. Eitt af verkefnum n. eða Alþ. er að sjálfsögðu að halda áfram þessari leit og taka afstöðu til þessa.

Hv. þm. spurði, hvers vegna gert væri ráð fyrir því, að þessi 9 ára skóli væri samfelldur, hvers vegna væri verið að fella saman barnaskóla og unglingaskóla, eins og hér væri gert ráð fyrir. Hér er um dálitinn misskilning að ræða af hans hálfu. Það er skýrt tekið fram í 4. gr. frv., að skólinn þarf ekki að vera samfelldur. Honum má skipta í tvö eða jafnvel fleiri stig, ef henta þykir, og er á valdi menntmrn. að ákveða það að fengnum till. hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða.

Hann varpaði fram spurningunni, hvort það væri í samræmi við tímana eða komandi tíma að skylda börn og unglinga til skólagöngu. Þetta mál hefur verið rætt mjög rækilega hér og annars staðar. Alls staðar hefur niðurstaðan orðið sú, að eðlilegt sé að hafa fræðsluskyldu, hvergi nokkurs staðar hefur verið horfið inn á þá braut að víkja frá þessari reglu, sem gilt hefur í menningarlöndum um langt skeið. Um okkur hér á Íslandi mætti segja, að um mörg undanfarin ár hefur yfirleitt verið um 9 ára skólagöngu að ræða. Eins og ég tók fram, hafa um það bil 9 af hverjum 10 unglingum á landinu stundað nám í ekki 8 ár, eins og skólaskyldan var, heldur í 9 ár. Það má gera ráð fyrir því, að þetta hefði haldið áfram, þó að við hefðum ekki breytt þessu, og má segja, að ákvæði skólaskyldunnar séu fyrst og fremst sett vegna þeirra 10—20% nemenda, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki notað sér þau skilyrði, sem verið hafa á ókeypis skólagöngu í a. m. k. 9 ár, svo að það er mín skoðun, að stefna höfunda frv. að þessu leyti sé rétt.

Hv. þm. spurði hvort ríkisstj. mundi beita sér fyrir sérstökum framkvæmdum í þeim skólahéruðum, þar sem skólahús séu í raun og veru ekki fyrir hendi. Um þetta er það eitt að segja, að sívaxandi áherzla hefur verið lögð á skólabyggingar um land allt á undanförnum árum, eins og sívaxandi fjárveitingar til skólabygginga bera gleggst vitni um. Hins vegar er í einstökum skólahéruðum um þess konar vandamál að ræða, að þau eru mjög erfitt viðfangsefni. Það eru til skólahéruð, þar sem eru einungis um 10 börn á skólaskyldualdri, og það eru til skólahéruð, þar sem börnum hefur fækkað á undanförnum árum ár frá ári og fjöldi skólaskyldra barna er kominn niður í 4. Það gefur auga leið, að á vandamálum slíkra héraða verður að taka með alveg sérstökum hætti, og eru augu fræðsluyfirvalda vel opin fyrir þessari staðreynd.

Þá spurði hv. þm. að síðustu, hvort ég hefði tiltækar tölur um, hvernig ráðgerður kostnaður vegna aðstoðar við nemendur mundi skiptast á ríki og sveitarfélög. Hér í sæti mínu hef ég þær því miður ekki handbærar, en áætlanir eru til í menntmrn. um þetta efni, og getur hv. þm. að sjálfsögðu fengið aðgang að þeim, ef hann hefur áhuga á og óskar þess.

Síðustu orð mín við þessa umr. skulu vera þau að endurtaka þakkir til hv. þm. fyrir ágætar undirtektir undir meginefni þess máls, sem hér er um að ræða.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við fsp. minni hér áðan. Ég efast ekki um, að vitneskjan um reglugerðina mun gleðja þá skólamenn og fleiri, sem fóru þess á leit við mig, að ég beindi þessari fsp. til hans — gleðja þá og fleiri slíka, sem hafa átt við vandræði að stríða vegna skipulagsleysis í þeim málum, sem fsp. mín snerti. Ég efast ekki um, að hún muni gleðja þá menn, þó að sjálfsögðu því aðeins, að hún leysi vandann og málunum verði skipað með þeim hætti, sem þeir hafa óskað eftir.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs hér aftur, var þó einnig sú, að mér kom í hug á þessu stigi málsins, að ekki væri kannske úr vegi, að ég léti ljós mitt skína í sambandi við einn lið, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. drap hér á áðan, og það er það ákvæði í 63. gr. frv., þar sem segir:

„Í samræmi við markmið grunnskóla skal námsskrá kveða á um: a) þjálfun í notkun móðurmálsins og fræðslu um íslenzkar bókmenntir og menningu.“

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, eða allt frá því að ég fór að fást við kennslu, að móðurmálskennslan í skólunum væri ekki með þeim hætti sem skyldi. Í barnaskólum og gagnfræðaskólum fer allt of mikill tími af móðurmálskennslunni í það, sem við nefnum málfræðistagl, meira og minna þýðingarlaust málfræðistagl og stafsetningarkennslu. Kennurum er samkv. reglugerð uppálagt að búa nemendur undir próf, sem gera að sjálfsögðu ákveðnar kröfur í þessum efnum, og við kennarar finnum að sjálfsögðu til ábyrgðar gagnvart nemendum og leggjum þess vegna sérstakt kapp á það, að þeir standist þau próf, sem þeir stefna að, og stöðvist ekki við þau á menntabrautinni. En fyrir bragðið tel ég, að raunveruleg kennsla, að því er móðurmálið snertir, þjálfun í meðferð þess og ýmislegt annað, sem snertir móðurmálið, fari forgörðum í þessari kennslu. Íslenzkukennurum gefst ekki tóm til þess að auka til að mynda áhuga nemenda á íslenzkum bókmenntum eða þjálfa þá í að setja fram hugsanir sínar. Ritgerðirnar eiga að vísu að vera ein í viku, en það vill nú verða misbrestur á því, og þar að auki er yfirleitt ekki tóm fyrir kennarana að fara nógu rækilega í þær, til þess að nemandinn hafi af þessu verulegt gagn. Í fáum orðum sagt, ég tel, að íslenzkukennsla í skólum okkar sé allt of mikið stagl. Ég

hef sjálfur að vísu aðeins kennt í gagnfræðaskólunum.

Ég drap á stafsetningarkennsluna. Kröfur varðandi stafsetningu eru allt of strangar. Að mínum dómi er það engin goðgá, þó að menn hafi ekki alveg á valdi sínu, hvar eigi að vera y eða z, og allt of mikill tími fer einmitt í þetta stagl. Ég hef stundum sagt, að vegna þess, hve lögð er mikil áherzla á þetta stagl við kennsluna, þá sé kerfið a. m. k. — ég vil ekki segja kennararnir — en kerfið einna mestur skaðvaldur íslenzkrar tungu, sjálft kerfið. Að mínum dómi ætti að ljúka stafsetningarkennslunni á barnaskólastiginu, eins og það hefur verið, og í allra síðasta lagi við unglingapróf. Ég tel, að það verði litlu bætt við stafsetningarkunnáttu nemenda eftir unglingapróf. Mín reynsla er sú í gagnfræðaskólunum, að maður staglar sömu atriðin aftur og aftur fram til gagnfræðaprófs, og það bætist lítið sem ekkert við þetta. Á þeim sama tíma hefði maður getað verið að kenna nemendum bókmenntir, fjalla um móðurmálið á lifandi hátt í staðinn fyrir að vera upptekinn við það allan tímann að búta það niður í flokkun sagna, flokkun nafnorða og lýsingarorða. (**Gripið fram í:** Það eruð þið, sem eruð að leysa það í sundur.) Já, ég hef nú stundum orðað þetta þannig, að þetta sé svipað því að athuga kvenlega fegurð t. d. með athugun á innyflunum, dæma fegurðina eftir botnlanganum, en ekki eftir heildinni.

Þó að ég hafi ekki kennt í barnaskóla, þá hef ég gert tilraunir með að kenna börnum stafsetningu og gera þá til þeirra þær sömu kröfur og maður gerir til gagnfræðaskólafólks. Í þessum tilfellum tel ég ekki um neinar sérstakar afburðagáfur að ræða, en ég náði alveg sama árangri með þessi börn undir barnaskólaprófið, svo að maður nú tali ekki um unglingaprófið, eins og maður hafði náð með beztu nemendur undir landsprófið sjálft. Ég er sem sagt á því, að stafsetningarstaglinu eigi að ljúka við barnaskólapróf og þá eigi að fara að kenna verulega móðurmálið og leggja stund á bókmenntir, þá eigi að lesa góðar bókmenntir og þá fyrst og fremst bókmenntir okkar. Ég held, að þangað sé að sækja eiginlega allan þann efnivið, sem við þurfum til þess að glæða með ungu fólki tilfinninguna fyrir móðurmáli okkar og þá um leið að bæta það sem Íslendinga, þó að ég hafi ekkert á móti seinni tíma höfundum. (**Gripið fram í:** Þeim betri.) Ég álít, að okkur nægðu bara 3—4 beztu fornsögurnar til þess að leggja þessa undirstöðu. Út frá þessu er mín reynsla sú, að þegar farið er að taka íslenzkuna þessum tökum, þá gefst manni jafnframt ærið tilefni til þess að fjalla um fleira en það, sem snertir þjóðmenningu okkar, og þroska þar með nemendurna að því er varðar þann þáttinn í menningu okkar, sem sé ekki aðeins móðurmálið, heldur söguna og margt, margt fleira.

Þetta eru ábendingar, sem ég hef viljað koma á framfæri hér, og ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að málfræðistaglinu, sem við nefnum, kennararnir, og stafsetningarstaglinu, á að ljúka við barnapróf, og þá á að hefja raunverulega móðurmálskennslu, og allur tími íslenzkukennara að fara í að þroska málkennd og tilfinningu fyrir því, sem fagurt er í tungu okkar og bókmenntum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. nokkrum, sem ég bar fram í minni ræðu, enda þótt ég telji þau ekki vera öll eins glögg og ég hefði kosið. Það er skiljanlegt, að sum gögn þessa máls hafi ráðh. ekki við höndina og sé ekki reiðubúinn til að gefa þau svör, sem á þeim byggjast. En ég vil þá vænta, að þau komi síðar, eins og t. d. svar við spurningunni um áætlaðan kostnað við aðstoð við nemendur samkv. 8. gr. frv. um skólakerfi.

Ég held, að það hafi ekki verið neinn misskilningur hjá mér í sambandi við hinn óskipta grunnskóla, því að í 4. gr. frv., sem ráðh. vitnaði til, stendur: „Grunnskóli getur verið ein stofnun.“ Hitt er svo rétt, að samkv. ákvörðun menntmrn. er hægt að skipta þessari miklu stofnun í fleiri einingar, eins og það er orðað. Nú má vera, að það orð byggist á einhverju orðakerfi, sem notað er í frv. En hér stendur, að grunnskóli geti verið ein stofnun, þannig að hér er sem betur fer ekki um neinn misskilning að ræða hjá mér í þessu efni.

Ýmis af svörum hæstv. ráðh. gefa að sjálfsögðu tilefni til umr., en ég ætla ekki að lengja þær með því að fara að ræða þessi svör hvert út af fyrir sig, enda verða sjálfsagt nóg tilefni til þess að ræða þessi mál.

Ég hef dálitla löngun til þess að láta ljós mitt skína, eins og sá hv. þm., sem talaði hér áðan, en ég held, að það verði nú lítið úr því, enda mun sú týra, sem ég get brugðið á loft, ekki lýsa langt yfir menntasviðið. En mér finnst þetta dálítið hranalegt orðalag, sem hv. þm. notaði og notar ekki fyrstur manna, því að maður sér þetta a. m. k. í hverri viku í einhverju dagblaðinu, þetta um „málfræðistaglið“, og mig langar til þess, þótt það þyki kannske ekki rétt, að segja það, að ég held, að margt af þessu, sem sagt er um hið svokallaða „málfræðistagl“ kennaranna, sé, svo að ekki sé meira sagt, nokkuð fljótfhugsað. Það getur vel verið, að ýmsir kennarar leggi meiri áherzlu á málfræði en ástæða væri til. Það, hvað kennarar leggja mesta áherzlu á, fer oft eftir því, hverju þeir hafa sjálfir mestan áhuga á, en það má vera, að það sé ekki alltaf rétt af þeim að láta það ráða eingöngu. Ég held, að málfræðikennsla margra kennara hér á landi hafi verið og sé ekkert stagl, heldur fremur það, sem hv. þm. vildi áðan nefna lifandi kennslu. Vissulega er málfræði og getur verið í höndum kennara, sem með hana kann að fara, lifandi námsgrein, og það verð ég að segja úr minni ekki mjög löngu reynslu sem nemandi í ýmsum skólum, að þá þekkti ég ýmsa, sem kenndu málfræði og fóru með það, sem einhverjir vilja sjálfsagt kalla „stagl“, en mér þótti mikil unun á að hlýða. Þetta fer nokkuð eftir því, hvernig hæfileikum kennarinn er gæddur til þess að kenna. En málfræði held ég, að sé óhjákvæmilegt að kenna í skólum landsins. Ég held, að við hljótum að verða sammála um það, við hv. 4. landsk. þm., að það sé viðkunnanlegra, að þeir,

sem eru búnir að vera 9 ár í grunnskóla, viti, hvort orð er nafnorð eða sögn. Ég held, að við hljótum að verða sammála um, að það sé æskilegt, að þeir, sem eru búnir að vera allan þann tíma í skóla, geti munað eftir öllum fallbeygingum og tíðum í mæltu máli, þó að það megi kannske eitthvað fækka tíðunum frá því, sem hefur verið í málfræðibókum, eins og þær eru þar uppsettar, frekar „konstrúeraðar" en raunverulega til í málinu. En því verða menn að gera sér grein fyrir, að lykillinn að því að læra sum önnur tungumál er að kunna nokkuð í íslenzkri málfræði. Ef menn ekki kunna undirstöðuatriðin í íslenzkri málfræði, verður ákaflega erfitt að læra málfræði hins erlenda máls.

Stafsetningarkennslan, y-ið og z hafa lengi verið ásteytingarsteinar. Ég man það, að þegar ég var í skóla, þá var mér fyrst sagt að skrifa z, svo að skrifa ekki z og seinast að skrifa z. Það voru svona miklar breytingar á reglugerðum um stafsetningarkennslu. En ég hefði haldið, að það, sem ætti að leggja til grundvallar við stafsetningarkennslu, væri þetta gamla, góða, sem hefur verið orðað svo, að menn eigi að vera sendibréfsfærir. En að vera sendibréfsfær er að kunna að skrifa, svo og að kunna að stafsetja orðin.

Þetta, sem ég er nú að segja, kemur kannske ekki mikið þessu máli við, og ég fór að hafa orð á þessu bara af því, að ég er orðinn leiður á þessu stagli um „málfræðistagl", sem maður er alltaf að lesa í blöðunum og nú er komið hér inn í þingsalinn. Það er skemmtilegt að kunna dálítið í því að skrifa z, því að í því felst þekking á uppruna málsins, en mér hefur aldrei fundizt skipta mjög miklu máli, hvort við lærum z eða ekki. Hitt veit ég um y, að t. d. Fjölnismenn tóku upp að sleppa því, og þetta gerði líka Björn Ólsen, en almenningi í landinu þótti þetta svo ljótt áferðar, að y varð ofan á. Og fjarskalega held ég, að við kynnum báðir, hv. þm. og ég, illa við öll orðin í þessu mikla frv. hérna, sem skrifuð eru með y, ef þau væru ekki skrifuð þannig.

Hv. þm. sagði, að það að vera að líða tunguna sundur í parta eða annað þess háttar málfræðistagl, það væri hliðstætt og að dæma útlit ungrar stúlku eftir innyflunum. Ýmsir læknar hafa sagt mér, að það fari ákaflega mikið eftir innyflunum, hvernig útlit ungra stúlkna er, og kann svo að vera einnig um málfræðistaglið, að það sé ekki úr vegi að kynna sér eitthvað um innyflin í því.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að mér heyrðist hv. síðasti ræðumaður beinlínis leggja sig fram um að misskilja það, sem ég var að segja. (GíslG: Ekki viljandi.) Einmitt viljandi, vegna þess að ég þekki hv. þm. að það miklum vitsmunum, að þetta getur ekki staðizt, — hann telji í alvöru, að ég hafi með ræðu minni hér áðan lagt til, að málfræðikennslan væri bara með öllu afnumin. Það var síður en svo. Ég tel, eins og hann, að málfræðikennsla hafi mikla þýðingu, bæði að því er snertir móðurmálið sjálft og að sjálfsögðu sem undirstaða kennslu í öðrum tungumálum. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að þessu á að vera lokið á þeim aldri, þegar börnin taka barnaskólapróf eftir núverandi kerfi. Það á ekki að vera að eyða tíma í þetta endalaust. Hann sagði líka, að árangurinn í þessu færi að sjálfsögðu eftir kennaranum, og góðir kennarar, áhrifamiklir, gætu gert þetta svo lifandi, að enginn þyrfti að kvarta. Ég segi það alveg eins og það er, og nú tala ég sem gamall nemandi, að reynsla mín af íslenzkukennurum varð, að því er snertir tilfinninguna mína fyrir máli og allt slíkt, þeim mun hastarlegri sem þeir voru harðari og ákveðnari kennarar. Ég veit um ungan mann, sem byrjaði t. d. að fást töluvert við skriftir, áður en hann fór í menntaskóla, hafði sýnt töluverða tilhneigingu til þess að skrifa og hafði eitthvert næmi kannske til þess. En þegar hann kom í menntaskóla, lenti hann í höndunum á svo harðsnúnum íslenzkukennurum, að þeim tókst svona á hálfum vetri að drepa með öllu tilhneigingu piltsins til skrifta, og varð á þessu snöggur stanz og ekkert áframhald fyrr en löngu, löngu seinna, eftir að hann var kominn úr skóla og undan áhrifum þessara mögnuðu og áhrifamiklu íslenzkukennara.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það er rétt, að það fer töluvert eftir innyflunum, hvernig ungar stúlkur líta út. En mér finnst líka, að það sé hægt t. d. að eyðileggja tilfinningu ungs fólks og skilning á miklum bókmenntaverkum eins og t. d Hávamálum og Völuspá, þegar mestur tíminn fer í það að greina þetta sundur í frumlag og andlag og annað slíkt. Og á þessu þyrfti náttúrlega að verða breyting, og hefur orðið nokkur breyting. Já, það hefur orðið nokkur breyting á þessu. En ég tel, að hún þurfi að verða enn þá meiri og allt þetta, sem ég nefni stagl, verði úr sögunni.

Um fagurfræðilegt viðhorf okkar til ýmissa bókstafa, eins og t. d. y annars vegar og svo þessa stafs, sem við köllum i, hins vegar, ætla ég ekki að ræða. Við hrykkjum að sjálfsögðu við, ef við læsum þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það væru engin y þar, vegna þess að við erum vanir þeim. En við mundum hrökkva líka við, ef við hefðum verið vanir hinum stafnum og sæjum allt í einu y komið í staðinn fyrir hann alls staðar. Þetta fer að sjálfsögðu eftir vananum, en ekki, held ég, fyrst og fremst eftir einhverju listrænu útliti stafanna, þó að segja megi, að y sé fegurri stafur en i. En það fer líka meiri prentsverta í hann.

Hæstv. forseti minnti mig á, að ég mælti hér aðeins gera aths., svo að ég mun ekki orðlengja þetta frekar. En ég vænti þess, að þm. hafi ekki misskilið þetta, sem ég sagði áðan, að ég tel að sjálfsögðu, að málfræði sé nauðsynleg undirstaða í kennslu móðurmálsins, en aðeins undirstaða, grunnur. Það á ekki alltaf að vera að bauka við grunninn, það á að byggja eitthvað ofan á smám saman. (Gripið fram í.) Jú, einmitt, málfræðin á að vera sá grunnur, sem við byggjum ofan á, til þess að vel standi, og ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að þetta mætti allt saman gjarnan takast til athugunar og íslenzkukennarar fá meira frjálsræði til þess að kenna móðurmálið, hið lifandi mál.

Já, það hefur verið drepið hér á stafsetningu. Margt það fólk, sem ég hef kynnzt á lífsleiðinni og talað hefur fagurt mál, hefur stundum sent mér línu, eins og við nefnum. Og þá hefur stafsetningin á þessu verið slík, að þetta fólk hefði ekki staðizt nein próf, ekki einu sinni barnaprófið. En svo hef ég hins vegar kynnzt nemendum, sem voru svo fátækir að því er varðar orðaforða og skilning á móðurmálinu yfirleitt, að þeir hefðu að mínum dómi átt að fá núll í íslenzku, þó að þeir hefðu hins vegar getað fengið tíu í stafsetningu, af því að þeir voru það vel að sér í hinum dauða bókstaf, en þá vantaði tilfinningu fyrir málinu sjálfu. Og þarna liggur höfuðmeinið. Við erum smám saman að drepa tilfinningu unga fólksins fyrir móðurmálinu. Við erum að draga úr orðaforða þess með þessu stagli, eða við erum a. m. k. að sleppa þeim tækifærum, sem við höfum til þess að auka þennan orðaforða. Kennararnir ættu að hafa meiri tíma til þess að rabba við þetta fólk um bókmenntir og þá, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst hinar fornu bókmenntir okkar o. s. frv. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu er hún misjöfn. En það breytir engu um það, að að öðru jöfnu á árangurinn að verða meiri, ef menn hafa meiri tíma til þess að gefa sig að verkefninu, og í þessu tilviki að auka tilfinninguna fyrir málinu.

Ég vil aðeins drepa á það að síðustu, að ég held, að þessu fyrirkomulagi, sem hefur verið, ráði helzt þeir menn, sem fara að leggja þetta fyrir sig sem íþrótt, það sem ég nefni stagl. Oft á tíðum, þegar ég hef kynnzt kennara, sem mér finnst ekki hafa verið sérlega fær um íslenzkukennslu, þá verð ég var við það frá nemendum sama kennara, að hann býsnast einhver skelfingar ósköp yfir því, ef einhverjum nemenda verður á að segja „mér langar“ í staðinn fyrir „mig langar“. En hins vegar leggur hann þeim mun minni áherzlu á það að auðga málið almennt. Það eru sárafá atriði, sem menn binda sig við og þykjast þar með vera að kenna íslenzku. Af því að þeir hafa getað vanið nemendur t. d. af því að segja „mér langar“ og kennt þeim að segja „mig langar“, þá telja þeir sig hafa náð einhverjum sérstökum árangri í íslenzkukennslu. Í raun og veru er hér ekki um annað að ræða en tæknilegt atriði og á ekkert skylt við lifandi móðurmálskennslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 1. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 343.

3. Grunnskóli.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um grunnskóla [185. mál] (stjfrv., A. 307).

Á 39. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég leyfi mér að vísa til framsöguræðu minnar fyrir frv. um skólakerfi, sem ætlað var einnig að vera framsöguræða fyrir þessu frv. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 1. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 344.

4. Innflutnings- og gjaldeyrismál.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. [247. mál] (stjfrv., A. 474).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkv. l. nr. 10 1961 um Seðlabanka Íslands er bankastjórn Seðlabankans heimilt að fengnu samþ. ráðh. að leyfa öðrum bönkum að verzla með gjaldeyri en þeim, sem nú hafa þann rétt innan takmarka, sem bankastjórnin ákveður. Þrír bankar, Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h. f. og Verzlunarbanki Íslands h. f., hafa fyrir alllöngu sótt um það til Seðlabankans að fá rétt til gjaldeyrisviðskipta samkv. ákvæðum þessarar gr. Um langt skeið undanfarið hafa átt sér stað viðræður um þessi mál milli viðskrn., Seðlabankans og þeirra banka, sem nú hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og fyrrnefndra þriggja banka, sem sótt hafa um leyfi til gjaldeyrisviðskipta. Hinn 1. marz s. l. tilkynnti Seðlabankinn viðskrn., að í framhaldi af athugunum þeim, sem hann hefði gert á málinu, og þeim viðræðum, sem fram hefðu farið, hefði hann ákveðið að veita fyrrgreindum bönk-

um réttindi til gjaldeyrisviðskipta með ákveðnum skilyrðum og óskar eftir samþykki rn. á þessari ákvörðun. Eftir að hafa lagt málið fyrir ríkisstj. tilkynnti viðskrn. Seðlabankanum í gær, að ég samþykkti ákvörðun Seðlabankans.

Ákvörðun Seðlabankans felur í sér, að Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h.f. og Verzlunarbanki Íslands h.f. fái allir leyfi, er feli í sér, að þeir fái í áföngum rétt til þess að reka alhliða gjaldeyrisviðskipti. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þróunin í átt til fullra gjaldeyrisréttinda verði mismunandi hröð hjá þessum þrem bönkum og verði farið eftir tveimur meginsjónarmiðum. Í fyrsta lagi verði stefnt að því, að þróun gjaldeyrisviðskipta verði ekki hraðari en tæknileg og fjárhagsleg geta hinna nýju gjaldeyrisbanka leyfir. Gjaldeyrisviðskipti eru tæknilega vandasöm og fela auk þess í sér verulegar fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart útlöndum fyrir hlutaðeigandi banka. Þess vegna er mikilvægt, að í þessu sambandi sé farið að með fullri gát, þar sem mistök gætu orðið viðkomandi banka fjárhagslega dýr og auk þess valdið álitshnekki fyrir íslenzka banka erlendis, en þeir njóta þar nú almenns trausts. Í öðru lagi er æskilegt, að þróun gjaldeyrisviðskipta hjá hinum nýju gjaldeyrisbönkum verði ekki hraðari en svo, að það valdi ekki óeðlilega mikilli röskun á bankaviðskiptum. Gjaldeyrisviðskipti eru tiltölulega dýr þjónusta og mjög ör þróun í þessum efnum gæti leitt til slæmrar nýtingar afkastagetu í gjaldeyrisdeildum bankanna. Með tilliti til þess, hversu miklu stærri og fjárhagslega sterkari Búnaðarbankinn er en bæði Verzlunarbankinn og Iðnaðarbankinn, er eðlilegt, að uppbygging í gjaldeyrisviðskiptum verði hraðari hjá honum en hinum bönkunum.

Það hlýtur þó að liggja í eðli málsins, að ekki er hægt að ákveða áfangaskiptingu af þessu tagi nema að nokkru leyti fyrir fram, þar sem farið verður eftir þeirri reynslu, sem fæst í framkvæmd. Er það ætlun Seðlabankans að ákveða í upphafi aðeins, hvaða hluta réttindanna viðkomandi bankar skuli fá þá, en taka ákvörðun um síðari áfanga eftir því, sem reynsla segir til um. Stefnt er að því, að nýju bankarnir þrír fái allir rétt til þess að annast venjulega gjaldeyrissölu, hvort sem um er að ræða bréflegar eða skriflegar yfirfærslur, sölu á erlendum tékkum, erlendar innheimtur o. s. frv. Hins vegar mun réttur bankanna til þess að opna reikninga hjá erlendum bönkum vera takmarkaður, og er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn veiti leyfi til slíkra reikningsopnana hverju sinni. Er þessi takmörkun á opnun reikninga bæði gerð í sparnaðarskyni og til þess að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni. Af þessum takmörkunum mun hins vegar leiða það, að nýju gjaldeyrisbankarnir verða að nokkru leyti að afla sér gjaldeyris með því að kaupa ávísanir og yfirfærslur í gegnum annan hvorn af eldri bönkunum. Er gert ráð fyrir því, að þeir geri um þetta samning annaðhvort við Landsbankann eða Útvegsbankann, en þeir hafa báðir næga starfsgetu til þess að annast slík viðskipti. Er gert ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn opni fljótlega reikninga í öllum helztu viðskiptalöndum Íslendinga. Á hinn bóginn er ekki talið heppilegt né nauðsynlegt, að minni bankarnir tveir byrji gjaldeyrisviðskipti með meira en tvo til þrjá erlenda reikninga hvor um sig, t. d. í Lundúnum, New York og einu Norðurlandanna. Ætti það að nægja til þess, að þeir gætu afgreitt meginhluta erlendra ávísana sjálfir, en í því er fólginn mikill sparnaður.

Þar eð erlendar ábyrgðir eru hvort tveggja í senn vandasamasta og áhættusamasta þjónusta, sem gjaldeyrisbankarnir veita, er ekki talið æskilegt, að nýju gjaldeyrisbankarnir taki upp þessa þjónustu, fyrr en þeir hafa fengið góða reynslu í öðrum þáttum gjaldeyrisviðskipta. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því, að hinum nýju gjaldeyrisbönkum verði leyfð opnun á ábyrgðum erlendis þegar í upphafi, heldur mundi Seðlabankinn taka ákvarðanir um heimild til þeirra síðar, þegar þeir hefðu aflað sér meiri reynslu og sérhæfingar í þessum efnum. Engar takmarkanir eru settar í upphafi á rétt nýju gjaldeyrisbankanna til þess að kaupa erlenda seðla, ferðatékka og ávísanir. Hins vegar er ekki talið æskilegt, að þeir fjalli fyrst í stað um meðferð útflutningsskjala eða ábyrgðir og innheimtur vegna útflutnings. Þeir gætu hins vegar að sjálfsögðu tekið við slíkum afgreiðslum frá viðskiptamönnum sínum og látið það ganga í gegnum annan hvorn gjaldeyrisviðskiptabankann eða Seðlabankann.

Seðlabankinn hefur í hyggju að stefna að því, að hin nýju leyfi til gjaldeyrisréttinda taki að einhverju leyti gildi 1. júlí n. k. Meginvandamálin í sambandi við innheimtu gjaldeyrisréttinda til nýrra banka eru fólgin í röskun samkeppnisaðstöðu, sem fylgja mun í kjölfar slíkrar breytingar. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt, að hinir nýju gjaldeyrisbankar beini í vaxandi mæli fjármagni sínu til útflutningsatvinnuveganna og undirstöðufyrirtækja í innflutningsverzlun og iðnaði, en létti að sama skapi byrðum af eldri gjaldeyrisbönkunum í þessum efnum. Í þessu felst, að verulega yrði dregið úr þeirri sérhæfingu bankanna í útlánum, sem hefur einkennt íslenzka bankakerfið til þessa. Í öðru lagi er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að losa einstaka banka við byrðar af erlendum skuldum. Hafa um þetta farið fram viðræður á milli Seðlabankans, gömlu gjaldeyrisbankanna og hinna þriggja banka, sem gert er ráð fyrir, að fái gjaldeyrisréttindi. Þessar viðræður hafa fyrst og fremst snúizt um það, að hinir nýju gjaldeyrisbankar verði alhliða viðskiptabankar í miklu ríkara mæli en nú á sér stað, en þó einkum og sér í lagi, að þeir veiti sjávarútveginum aukna þjónustu miðað við það, sem verið hefur.

Í framhaldi af ákvörðuninni um gjaldeyrisréttindi til handa Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á gildandi löggjöf um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. Sú löggjöf er frá 1960 og var þá, eins og eðlilegt er, miðuð við það, að gjaldeyrisbankarnir voru þá aðeins tveir, Landsbankinn og Útvegsbankinn. Í þessu frv. er fyrst og fremst fólgin óhjákvæmileg og sjálfsögð breyting á núgildandi l. í kjölfar þess, að gjaldeyrisbankarnir verða nú 5 en ekki 2. Þannig er í frv. gert ráð fyrir því, að allir viðskiptabankar,

sem heimild hafi til að verzla með erlendan gjaldeyri, skuli eiga aðild að svonefndri gjaldeyrisdeild bankanna, sem nú starfar, ásamt Seðlabankanum og viðskrn. Það er hins vegar nýmæli í frv., að gert er ráð fyrir heimild til þess að grípa til sérstakra ráðstafana í gjaldeyrisviðskiptum, ef nauðsyn ber til vegna hættu- eða óvissuástands í gengis- eða gjaldeyrismálum innanlands eða utan, en slíkt ákvæði virðist eðlilegt.

Þá er gerð nokkur breyting á ákvæðum gildandi laga um heimild banka til að taka lán erlendis, en slík breyting er eðlileg, þegar gjaldeyrisbönkunum fjölgar. Það er eðlileg afleiðing þeirrar starfsemi, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir reka með kaupum og sölu á gjaldeyri, að þeir geti eignazt innstæðu erlendis, en einnig er þeim af viðskiptaástæðum nauðsyn að geta tekið erlendis stutt lán, sem þeir fá að jafnaði innan umsaminna yfirdráttarheimilda hjá viðskiptabönkum sínum. Innstæður, sem gjaldeyrisbankarnir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, eru auðvitað hluti af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Gjaldeyrisbankarnir geta, ef þeir hafa bolmagn til, varðveitt slíka innstæðu sjálfir, en þó eru ákvæði um, að Seðlabankinn, sem falið er það hlutverk samkv. lögum að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins, geti fengið slíkan gjaldeyri keyptan, ef hann telur það nauðsynlegt, t. d. vegna ástands gjaldeyrismála. Eins er nauðsynlegt, að ákvæði séu í lögum um, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis séu innan þeirra marka, sem eðlilegar viðskiptaþarfir krefjast, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Veita má þó undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ef gjaldeyrisviðskiptabankarnir óska að taka lán erlendis, er endurgreiðist á lengri tíma en einu ári, er í frv. gert ráð fyrir því, að sams konar reglur gildi um slíkar lántökur og nú gilda yfirleitt um lántökur erlendis til lengri tíma en eins árs, en þær eru háðar samþykki viðskrn.

Að síðustu skal þess getið, að smávægileg breyting er gerð á gildandi lagaákvæðum um innheimtu gjalds af gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Þetta gjald er núna ½% af leyfisfjárhæð nema hvað það er 0.1% á olíur og benzín. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að heimila áfram allt að 1% leyfisgjald, en ekki er fyrirhugað að hækka það frá því, sem nú á sér stað. Samkv. núgildandi l. skal helmingur þessa gjalds renna í ríkissjóð til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlit. Samkv. ákvæðum þessa frv. skal gjaldið látið ganga til gjaldeyrisdeildar bankanna, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar. Að öðru leyti skal gjaldið renna í ríkissjóð. Rekstrarkostnaður verðlagseftirlitsins verður áfram eins og nú greiddur samkv. fjárl.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari 1. umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja umr. um þetta frv. hér á þskj. 474, en mig langar í sambandi við það að gera eina fsp. til hæstv. viðskrh. Það kom fram í ræðu hans og er tekið fram hér í grg., að gert er ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn, Verzlunarbankinn og Iðnaðarbankinn fái rétt til þess að verzla með gjaldeyri. Ég leyfi mér að spyrja, af hverju Samvinnubankinn fái ekki slíkan rétt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samvinnubankinn hefur ekki sótt um slík réttindi til Seðlabankans.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langar einnig að beina fsp. til hæstv. bankamálaráðh. í tilefni af flutningi þessa frv. Það er ekki ýkjalangt síðan Seðlabankinn gerði opinberlega grein fyrir þeirri skoðun sinni, að það væri orðið nauðsynlegt að fækka bönkum á Íslandi. Þetta kom fram í grein, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri skrifaði, og þessar hugmyndir voru þær, að ég hygg, að Útvegsbanki og Búnaðarbanki gætu runnið saman og hins vegar Verzlunarbanki og Iðnaðarbanki. Á þetta var lögð æði rík áherzla af hálfu Seðlabankans, og ég vildi í tilefni af flutningi þessa frv., sem gengur raunar í þveröfuga átt, spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort Seðlabankinn sé fallinn frá þessari stefnu eða hvort hæstv. ríkisstj. sé andvíg þeirri stefnu, sem fólst í þessari tilkynningu Seðlabankans á sínum tíma.

Ég held, að það sé alveg augljóst mál, að bankar eru orðnir furðulega margir á Íslandi, í okkar litla þjóðfélagi, og það væri brýn nauðsyn að skipuleggja þau mál betur. Þar með er ég ekki að leggja til, að það verði tekin upp neins konar einokun. Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, að þarna séu fleiri en ein stofnun, sem geti haft eftirlit hver með annarri og keppt innbyrðis. Engu að síður tel ég, að það væri hægt að skipa þessum málum miklu haganlegar en gert hefur verið, og þess vegna tel ég, að þessi hugmynd Seðlabankans á sínum tíma hafi verið mjög eðlileg, og núna, þegar á að dreifa þessum gjaldeyrisréttindum á þennan hátt, þá væri eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir afstöðu sinni einmitt til þessa vandamáls.

Í sambandi við þessa dreifingu á gjaldeyrisréttindum er um það talað, að þeir nýju bankar, sem fái þessi réttindi, verði að taka upp nýja stefnu í lánamálum, þeir verði að lána aukið fé til útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnuvega, sem afla gjaldeyris. Raunar var þetta röksemdin á sínum tíma fyrir því, að þessi gjaldeyrisviðskipti voru bundin við tiltekna banka. Það var talið, að það ætti að binda þau við þá banka, sem hefðu það að sérgrein sinni að lána fé til sjávarútvegsins og þess atvinnureksturs, sem aflaði gjaldeyris. Ef þessi skipan verður tekin upp, þá langar mig að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvernig ætlunin er að tryggja það, að þessi stefna verði framkvæmd, því að reynslan hefur verið sú á undanförnum árum, að ýmsir aðrir atvinnuvegir hafa dregið til sín æðimiklu meiri aukningu fjár úr bönkunum heldur en sjávarútvegurinn. Um þetta duga náttúrlega ekki fögur orð sögð hér í ræðustóli, heldur þarf að gera þarna einhverjar ráðstafanir, sem duga. En sem sagt: Mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðh. um þetta, en tek ekki afstöðu til frv. sem slíks á þessu stigi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af svari hæstv. viðskrh., sem ég þakka og var skýrt og afdráttarlaust, leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu frá sjónarmiði hæstv. ráðh., að Samvinnubankinn fái þessi réttindi, ef hann sækir um þau.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal fyrst svara fsp. frá síðasta hv. ræðumanni. Þeirri spurningu ber í raun og veru að beina til Seðlabankans en ekki til mín. Það er Seðlabankinn, sem veitir leyfin og kannar málið, áður en slíkt leyfi er veitt. Afskipti ráðh. af þessu eru eingöngu fólgin í því að segja já eða nei við till. Seðlabankans.

Ég get ekki á þessari stundu svarað því, hvort það væri eðlilegt, að Samvinnubankinn fengi slík réttindi, ef hann sækti um þau, vegna þess að þær upplýsingar liggja ekki fyrir mér vitanlega, sem gera kleift að taka efnislega afstöðu til málsins. Ef slík umsókn berst frá Samvinnubankanum, tel ég sjálfsagt, að Seðlabankinn kanni málið með sama hætti og hann hefur kannað það að því er snertir hina þrjá bankana, sem sótt hafa um slík viðskipti, og geri viðskrn. ýtarlega grein fyrir því og ég taki síðan afstöðu til þess. Ég vona, að þetta teljist fullnægjandi svar. Ýtarlegra svar get ég ekki gefið á þessari stundu og vona, að til þess verði ekki ætlazt, þar sem umsókn liggur ekki fyrir.

Að því er snertir fsp. hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, um till. Seðlabankans um sameiningu banka, þá er það að segja, að því er ég bezt veit er skoðun Seðlabankans í þessu efni óbreytt frá því, sem hún hefur verið og bankastjórar Seðlabankans hafa opinberlega gert grein fyrir. Ég hef líka áður gert grein fyrir því, að persónuleg skoðun mín á þessu máli fellur saman við skoðanir Seðlabankans, og mér var kunnugt um þær, áður en Seðlabankinn gerði grein fyrir þessum skoðunum sínum opinberlega. Ég hef áður gert grein fyrir því um svipað leyti, að mínar skoðanir í þessum efnum væru samhljóða í grundvallaratriðum þeim, sem Seðlabankinn hefur sett fram, að þróun íslenzkra bankamála sé komin á það stig, að sameining banka væri rétt spor í íslenzkum bankamálum, en ekki stofnun fleiri banka en nú eru.

Hitt er síðan væntanlega kunnugt, að um þetta mál er mikill ágreiningur í bankakerfinu sjálfu og þeir bankar, sem Seðlabankinn, ég og margir fleiri telja, að æskilegt væri, að sameinuðust, eru til þess alls ófúsir og slíku yrði ekki hrundið fram nema með róttækri lagasetningu. En það er jafnframt kunnugt, að í a. m. k. flestum flokkum þingsins er um þetta alvarlegur ágreiningur. Tveir stærstu flokkar þingsins mundu engan veginn vera sammála um málið. Það liggur þegar fyrir og er opinberlega kunnugt, og menn hafa ekki talið rétt að láta á það reyna hér í þingi, hvaða stefna yrði ofan á í þessum efnum. En vitað er, alkunnugt og augljóst, að málið mundi verða mikið ágreiningsmál. En fyrst ekki næst samstaða eða nægileg samstaða um það að framfylgja þeirri stefnu, sem Seðlabankinn mun fyrstur hafa mótað og rökstutt opinberlega og ég persónulega hef tekið eindregið undir, — fyrst ekki næst samstaða um að framfylgja þeirri stefnu, þá er ekki annað ráð skynsamlegt og réttmætt en að gera það bankakerfi, sem nú er í gildi samkv. lögum frá sjálfu Alþingi, eins starfhæft og hugsanlegt er, og jafnframt að dreifa því valdi, sem bönkunum er falið, eins réttlátlega og skynsamlega milli þeirra banka, sem starfa nú samkv. lögum frá Alþ., og kostur er.

Það hefur lengi verið skoðun margra manna, að það væri ekki eðlilegt, að aðeins tveir gjaldeyrisviðskiptabankar hefðu réttindi til að verzla með erlendan gjaldeyri, sérstaklega eftir að viðskiptabankarnir væru orðnir jafnmargir og sumir þeirra, sem ekki hafa þau réttindi, jafnstórir og þeir eru orðnir. Þess vegna hefur það orðið niðurstaða Seðlabankans að mjög vandlega athuguðu máli, að rétt væri að auka jafnrétti milli þeirra banka, sem starfa lögum samkvæmt, auka jafnrétti í bankakerfinu og jafna aðstöðu viðskiptamanna bankanna innbyrðis með því móti að heimila öllum þessum 5 stærstu viðskiptabönkum þjóðarinnar að hafa rétt til þess að verzla með gjaldeyri. En ég legg áherzlu á, að það er fyrirætlun Seðlabankans að fara hér að með fyllstu gát og sjá svo um, að þessar breytingar, sem vissulega eru allróttækar, verði ekki til þess að trufla viðskipti, heldur þvert á móti að gera þau auðveldari en nú á sér stað.

Hv. þm. spurði einnig, hvernig ætlunin væri að tryggja það, að hinir nýju gjaldeyrisbankar veittu sjávarútveginum í reynd þá auknu þjónustu, sem ég gerði grein fyrir, að tilætlunin væri, að veitt yrði. Þessi spurning er alveg eðlileg, og henni svara ég þannig, að um þetta hafa farið fram samningaviðræður milli gömlu gjaldeyrisbankanna og væntanlegu gjaldeyrisbankanna, og ég veit ekki betur en í grundvallaratriðum sé komið á samkomulag, sem tryggi, að þetta eigi sér stað. Því samkomulagi þyrfti þá að rifta aftur, ef sá árangur, sem nú er gert ráð fyrir að náist, kæmi ekki til framkvæmda. En ég á ekki von á því, að neitt slíkt geti gerzt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var eitt atriði í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, sem ég vildi aðeins ræða. Að vísu kom hæstv. viðskrh. inn á það í lok ræðu sinnar. Það er sú breyting, sem verður á aðstöðu gjaldeyrisbankanna til lántöku erlendis. Meðan það var svo, og er svo að vísu enn, að það eru aðeins Landsbankinn og Útvegsbankinn, sem hafa leyfi til gjaldeyrissölu og gjaldeyrisviðskipta, þá höfðu þeir nokkuð frían hendur um það að taka lán erlendis, ef þeir teldu sig þurfa á því að halda. Mér er um það kunnugt, sérstaklega í sambandi við sjávarútveginn, að þá kom þetta sér mjög vel iðulega, sérstaklega þegar harðnaði á dalnum eða erfiðar gekk en kannske eðlilegt var, þá gripu bankarnir til þess ráðs til að halda viðskiptunum með eðlilegum hætti að taka lán til bráðabirgða hjá sínum erlendu viðskiptabönkum. Ég tel, að alla tíð hafi verið farið mjög hóflega í þetta. Það er langt frá því, að það hafi verið á nokkurn hátt misnotað, en aðeins gert í þeim tilfellum, þegar þurfti að greiða verulega úr í sambandi við viðskipti útflutningsatvinnuveganna, þegar harðnaði. Það má vel vera, að það þyki

ekki fært, þegar fleiri bankar séu búnir að öðlast þessi réttindi, að þessi heimild fái að standa áfram, að bankarnir geti tekið lán erlendis án þess að fá til þess sérstök leyfi Seðlabankans eða viðskrn. En meðan svo er, og ég hygg, að það hljóti að verða á næstunni, að þessir tveir bankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, þurfa aðallega að sinna viðskiptum útflutningsatvinnuveganna, þá teldi ég mjög eðlilegt, að það yrði skoðað, hvort ekki væri eðlilegt, að þeir fengju að halda þessari heimild áfram, a. m. k. innan einhverra eðlilegra marka. Ég tel þetta það mikilvægt atriði, að ég vildi hreyfa þessu hér, áður en málið fer til n., til þess að sú n., sem það fær til athugunar, gæti þá einnig skoðað þetta.

Þá hefur það komið fram hjá hæstv. viðskrh., að viðræður hefðu átt sér stað milli þessara banka og Seðlabankans um, hvernig því yrði komið fyrir að færa viðskipti útflutningsatvinnuveganna á milli banka, frá þessum bönkum, geri ég þá ráð fyrir, og yfir til hinna bankanna, sem nú fá gjaldeyrisviðskiptin. Ég verð að viðurkenna, að ég þekki málið ekki nægilega til þess, að mér sé nægilega ljóst, hvernig þetta megi eiga sér stað. Ég tel, að það mundi verða mjög erfitt, ef bankarnir ætluðu að fara að fyrirskipa einhverjum viðskiptamönnum, sem kannske hafa verið þeirra viðskiptamenn í áratugi, að færa sig allt í einu yfir í annan viðskiptabanka. Það er að sjálfsögðu ekkert við það að athuga og væri eðlileg þróun, ef til hinna nýju gjaldeyrisbanka yrði leitað af þeim aðilum, sem við útflutning fást, að þeir færu þar í viðskipti. En ef á að fara að færa til í nokkuð róttækum mæli viðskiptamenn, sem áður hafa verið hjá Landsbanka eða Útvegsbanka, yfir til hinna nýju banka, þá hygg ég, að það gæti valdið röskun, sem ég mundi ekki til mála, að nokkur aðili verði þvingaður þannig með sín viðskipti á milli lánastofnana. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði frv., áður en það fer til þeirrar n., sem nú fær það til meðferðar, þannig að hún gæti skoðað þetta atriði sérstaklega nánar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm., að samkv. gildandi lögum hafa Landsbanki og Útvegsbanki rétt til þess að taka lán erlendis með veði í eigin eignum án nokkurrar sérstakrar heimildar frá ríkisvaldinu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hinir fimm gjaldeyrisviðskiptabankar skuli lúta sömu reglum og nú gilda um alla aðra aðila, opinbera aðila jafnt sem einkaaðila, að því er snertir lán til lengri tíma en eins árs. Það er nauðsynlegt að gera þessa breytingu, þegar gjaldeyrisbönkum er fjölgað um þrjá, ekki hvað síst þegar einkabönkum er veitt heimild til þess að verzla með gjaldeyri, þá er ekki eðlilegt, að þeir hafi sams konar heimild til lántöku erlendis og stóru ríkisbankarnir tveir hafa haft. Þannig stendur á því, að þessum lagaákvörðunum er breytt.

Hitt er einnig alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það hefur komið gjaldeyrisviðskiptabönkunum gömlu að miklu gagni að hafa heimild til bráðabirgðalántöku erlendis, þegar sérstaklega hefur staðið á, og ég tel alveg sjálfsagt, að þau yfirvöld, sem fjalla um lántökuheimildir allra opinberra aðila og einkaaðila, sýni skilning og lipurð í því efni. Reynist banki hafa þörf fyrir sérstaka yfirdráttarheimild eða lántöku erlendis í lengri tíma en til eins árs, þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að á það sé litið af skilningi með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára og áratuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 80. og 82. fundi í Nd., 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 756 og 787).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Niðursuðuverksmiðja á Siglufirði.

Á 76. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun hlutafélags til að reisa og reka niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði [300. mál] (stjfrv., A. 678).

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal aðeins hafa fá orð um þetta frv. við framsögu þess nú. Niðursuðuiðnaður féll undir iðnrn. um áramótin 1969 og 1970. Frá þeim tíma hef ég töluvert orðið var við erfiðleika þessarar verksmiðju, og var það fljótt ljóst, að það bæri nauðsyn til þess að koma málefnum hennar fyrir með öðrum hætti en verið hefur að undanförnu. Hún hefur lifað í skjóli Síldarverksmiðja ríkisins, og því erfiðara hefur verið um vik, sem Síldarverksmiðjurnar sjálfar hafa þurft að horfast í augu við meiri erfiðleika. Það var þess vegna stofnað til þess á s. l. ári að athuga nánar aðstöðu þessa fyrirtækis og með hverjum hætti væri hægt að koma því á sjálfstæðan grundvöll fjárhagslega og rekstrarlega. Það hefur verið svo, að lengst af hefur verksmiðjan verið rekin með tapi og stundum miklu. Ég held, að hún hafi aðeins einu sinni skilað einhverjum hagnaði vegna gengisbreytinga, þegar hráefni var keypt á hagstæðara verði vegna þess og hægt var að selja vörurnar á hækkuðu verði í erlendum gjaldeyri. Á hitt ber hins vegar að líta, að málið hefur mikla þýðingu fyrir atvinnulíf á Siglufirði, og svo ætti aðstaða einnig að verða betri og er þegar ljóst, að hún er nokkru betri en áður til þess að selja niðursuðuvarning á erlendan markað eftir inngöngu okkar í EFTA, og það hefur þegar komið í ljós við sölusamninga, sem gerðir hafa verið á þessu ári. Ég tel þess vegna, að það ætti að vera hægt innan ramma þessarar löggjafar að koma fyrirtækinu á sjálfstæðan rekstrarlegan og fjárhags-

legan grundvöll og vinna að því ötullega, að það geti orðið héraðinu, eða Siglufirði, og íbúum þess til hagsbóta atvinnulega séð um leið og að sjálfsögðu væri þá þjóðhagslega hagkvæmt að eiga slíkan verksmiðjurekstur, sem gæti skilað arði í útflutningsverðmætum.

Ég hef kosið að skipa þessu með þeim hætti, sem í frv. greinir, innan ramma hlutafélaga. Það hefur mörgum stundum fundizt, að jafnvel væri til þyngsla, hversu mikið af ríkisfyrirtækjum væri á Siglufirði, og ég tel líka alveg nauðsynlegt, að ef á að endurvekja slíkt fyrirtæki og skapa því sjálfstæða tilveru og rekstur, að það sé fyrir hendi áhugi og vilji einstaklinga eða samtaka einstaklinga til þess að vera með í því að reisa fyrirtæki þannig og gera það þannig úr garði, að það geti rekstrarlega séð verið rekið á hagkvæmum grundvelli bæði atvinnulega og fjárhagslega.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð til þess að tefja ekki þingtímann og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 678, en það er frv. til l. um stofnun hlutafélags til að reisa og reka niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði verði á næstu haustmánuðum lögð niður, — ég held, að þau orð eigi hér við, — lögð niður sem ríkisfyrirtæki, og við fyrirtækinu taki hlutafélag, sem yfirtaki reksturinn. Heimilt er ríkissjóði skv. 2. gr. frv. að leggja fram af fé ríkissjóðs allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og að kaupa af Síldarverksmiðjum ríkisins verksmiðjuhús, vélar og áhöld, sem nú eru notuð við rekstur síldarniðursuðu verksmiðjanna. Þessar eignir á ríkissjóður að leggja fram sem hluta af framlagi sínu. Ríkissjóði er svo heimilt að greiða eignir þessar Síldarverksmiðjum ríkisins með skuldajöfnuði.

Við fyrstu sýn virðist það allglæsilegt, að ríkissjóði sé heimilað að leggja fram allt að 30 millj. kr. í þennan rekstur. En þegar betur er að gáð, minna þessar millj. ofurlítið á nýju fötin keisarans, því framlag ríkissjóðs á ekki að vera í gallhörðum peningum, nema ef vera kynni að litlu leyti. Framlög ríkissjóðs til stofnunar hlutafélagsins eiga að vera andvirði vélanna, sem fyrir hendi eru, andvirði verksmiðjuhúss og ef til vill fleiri húsa, sem eru þegar byggð, og andvirði lóða, sem eru í eigu ríkisins, og ekki má gleyma áhöldum verksmiðjunnar, sem kaupa á og leggja fram sem hlutafé. Ég vil ekkert fullyrða um og get það ekki, hve hátt söluverð yrði á þessum eignum úr vinstri ríkisvasanum í þann hægri. En upphæðin yrði matsverð, ef ekki næst samkomulag umráðamanna þessara ríkisvasa. Kunnugur maður hefur látið í ljós við mig, að umrætt verðmæti skipti tugum millj., e. t. v. þremur, og þá fer nú að verða lítið eftir af 30 millj. kr. framlagi ríkissjóðs sem blóðgjöf til hins nýja hlutafélags. Þegar þetta er vitað, er það furðulegt að rekast á setningu í 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisframlagið geti jafnvel orðið í erlendri mynt. Fyrst er ríkisframlagið takmarkað við 30 millj. kr., síðan á ríkissjóður að leggja fram vélar, áhöld, lóðir og hús, sem verður verulegur hluti framlagsins, ef ekki allt, svo er talað um, að jafnvirði hlutafjárframlags ríkissjóðs megi leggja fram í erlendri mynt.

Í 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til samvinnu um stofnun hlutafélagsins skal ríkisstj. heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á fyrirtækinu. Skulu þeir aðilar og íslenzka ríkið vera fullgildir stofnendur að félaginu án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. l. nr. 77 1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsl. þeirrar mgr.“ Síðan segir í þessari 5. gr.: „Við stofnun félagsins skal gefa Siglufjarðarkaupstað kost á hluttöku með framlagi, sem svarar a. m. k. 20% á móti framlögum ríkisins og annarra stofnenda, ef um er að ræða, eða veita honum forkaupsrétt um tiltekinn tíma að samsvarandi hluta af því hlutafé, sem ríkissjóður er skrifaður fyrir.“

Þegar litið er til baka yfir rekstur niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði, blasir þetta við: Fyrirtækið hefur greitt Siglfirðingum milljónir króna í vinnulaun á liðnum árum og afstýrt háskalegu árstíðabundnu atvinnuleysi að nokkru, en það hefur hins vegar ekki skilað hagnaði. Það hefur ekki heldur frá sjónarmiði ríkisrekstrar í heild — eða ég lít svo á málið — verið rekið með tapi, sem margir halda fram og nú síðast hæstv. forsrh. Að vísu sýna niðurstöðutölur reikninga það, og því tapi hefur verið haldið á lofti, en ég minni á, að þetta fyrirtæki hefur greitt millj. kr. í útflutningsgjöld og tollgreiðslur til ríkisins, svo að þegar allt er uppgert, þá mun ekki vera um tap að ræða.

Sem sagt ríkisfyrirtæki það, sem hér er á dagskrá, er eitt hið þarfasta í landinu. Það hefur stutt tugi heimila á erfiðum tímum, og ég leyfi mér að halda því fram, að það hafi ekki bakað ríkissjóði í heild skaða, en það malar hins vegar ekki gull á annan hátt. Þegar þetta er haft í huga, spyr ég og sjálfsagt fleiri, sem lesa 5. gr. frv., hvaða aðilar hafi áhuga á hlutafélagsstofnun um þessa verksmiðju, eins og nú standa sakir.

Í niðurlagi greinarinnar er heimilað að gefa Siglufjarðarkaupstað kost á hluttöku með framlagi, sem svarar a. m. k. til 6 millj. kr. En þeim, sem eru kunnugir fjárhag Siglufjarðarkaupstaðar, finnst þetta ákvæði vera fjarstæða, og mér finnst það. Hvaðan á Siglufjarðarkaupstaður að taka í dag 6 millj. kr. til að leggja í fyrirtæki, sem er til á staðnum og er nú í fullum gangi, eins og kallað er, stofnsett af ríkissjóði og rekið af ríkissjóði, í húseignum ríkissjóðs, með vélum, sem enginn á annar en íslenzka ríkið?

Sú var tíðin að ríkissjóður rak síldarfyrirtæki sín á Siglufirði með milljónahagnaði, tugmilljónakrónahagnaði. Þá datt engum hæstv. ráðh. í hug að stofna hlutafélag um þann rekstur og bjóða Siglufjarðarkaupstað þátttöku í rekstrinum. Það hvarflaði ekki að nokkrum einasta ráðh. Þvert á móti stöðvaði ríkisvaldið Siglfirðinga á sínum tíma í að byggja upp síldarverksmiðju sína á velgengnisárum síldarverksmiðjanna í

landinu. Hefði það ekki verið gert, hefði síldarverksmiðjan Rauðka verið skuldlaus í dag, í staðinn fyrir að liggja mánuðum og árum saman undir hamrinum.

Það er lengi búið að bíða eftir breytingum á lögum um niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju ríkisins. Fæstum hefur dottið í hug, að þegar þær loksins kæmu, yrðu þær eins og raun ber vitni á þskj. 678. Ég er á móti þessu frv. og tel rétt að gera grein fyrir þessari afstöðu minni nú við 1. umr. þessa máls. Ég er á móti því, að þetta ríkisfyrirtæki verði lagt niður og því breytt í hlutafélag, sem enginn veit hvern enda fær, því að í 7. gr. eru útgöngudyr fyrir ríkisstj., hverjir svo sem hana skipa á næstu árum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt skal að selja þau hlutabréf, sem ríkissjóður eignast í hlutafélaginu, öll eða að hluta, eftir því sem ríkisstj. ákveður hverju sinni.“ Skýrari geta útgönguákvæðin ekki verið. Ríkissjóður getur á næsta ári eða árum, ef stjórn landsins sýnist svo, verið laus allra mála um rekstur þessa fyrirtækis, sem það rekur í dag á Siglufirði, að minum dómi hallalaust.

Nú kunna margir að spyrja: Hvers vegna á ríkissjóður ekki að vera laus við að reka niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjuna, og hví má ríkisvaldið ekki koma þessu fyrirtæki yfir á herðar fjárhagslega vanmáttugs bæjarfélags og aðila, sem áhuga hafa á fyrirtækinu, svo notað sé orðalag úr 1. mgr. 5. gr. frv.? Það er ósköp eðlilegt, að svona sé spurt. En mitt svar er þetta: Ríkisvaldið á að mínum dómi ekki að gera þetta. Það á að sjá sóma sinn í að reka þetta fyrirtæki áfram til að minnka árstíðabundið atvinnuleysi á Siglufirði. Síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru eign ríkisins, eins og nafnið ber með sér, eignuðust bróðurpartinn af beztu sjávarlóðum á Siglufirði 1930 og síðar. Þær byggðu þar þrjár stórar síldarverksmiðjur á staðnum og keyptu þá fjórðu. Fólk víða að af landinu flykktist í hundraðatali til Siglufjarðar, m. a. til Síldarverksmiðja ríkisins, vann þar og setti sparifé sitt í húseignir á staðnum. Þar greiddi þetta fólk gjöld sín til bæjarins, sem byggði síðan upp myndarlega skóla, sjúkrahús, rafveitu, vatnsveitu, hafnarbryggju, gatnakerfi o. fl., o. fl. Þegar síldin hvarf og sýndi sig ekki meir norðanlands, sat þetta fólk fyrst og fremst uppi með sárt enni og bæjarfélagið með tóman kassa. Þess skal hér getið, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og ríkisstjórnir, sem hafa setið, frá því að síldarleysið skall á, hafa gert sitt til að mæta vaxandi vanda fyrirtækisins og fólksins. Breytt var stórri mjölskemmu S. R. í hraðfrystihús, en það hefur veitt fjölda manns vinnu, og margnefnd niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðja var sett á stofn og hefur gert sitt gagn á liðnum árum, þó að rekstur hennar hafi verið gagnrýndur og á stundum bæði af mér og öðrum.

Ég endurtek það, að það er mín skoðun, að þessi verksmiðja og rekstur, sem þar fer fram, á að vera áfram rekin af ríkinu, en það þarf að setja ný lög um þetta fyrirtæki. Það þarf að fá sérstaka stjórn og sérstakan fjárhag. Að því mun ég víkja við 2. umr. þessa máls, ef til þess gefst tækifæri.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að flytja neina kosningaræðu við þessar umr., en ég leyfi mér að segja um síðustu ræðu, að þetta er hin aumasta kosningaræða, sem ég hef lengi heyrt flutta fyrir máli rétt fyrir kosningar, og sannast að segja finnst mér nú bara sárt til þess að vita, að hér skuli hafa talað einn af forstjórum ríkisfyrirtækis. Það á einskis virði að vera að fá hlutafjárframlög, ef þau eru í fasteignum og vélum, ef þau eru ekki bara í beinhörðum peningum. Sumum þykja nú fasteignir og vélar ekkert minna virði en beinharðir peningar. Við 2. umr. gæti hv. þm. gjarnan lagt fram brtt. um það, að hlutafjárframlagið væri ekki lagt fram í erlendri mynt. Það eru auðvitað smámunir, sem menn geta haft gaman af að fetta fingur út í. Það væri hægt að leiðrétta það.

Það á að vera eitthvað einkennilegt við það að stofna hlutafélag um fyrirtæki, sem er í fullum gangi. Í hvernig fullum gangi er þetta ríkisfyrirtæki? Það var eitt mitt fyrsta verk, á fyrstu mánuðunum eftir að þetta fyrirtæki féll undir iðnrn., að útvega því lán, 3 eða 4 millj. kr. úr ríkissjóði, sem áttu að borgast að haustinu, til þess að það gæti unnið á s. l. ári. Það lán er ógreitt enn þá. Ríkið hefur aflað því þess, sem það er nú að vinna úr. Ekkert ríkisfyrirtæki er svona rekið. Ekki fékk þessi hv. þm., sem er forstjóri ríkisfyrirtækis, ríkiskassann til að reka fyrirtækið, og ég veit ekki til þess um önnur ríkisfyrirtæki. Þau verða að bjarga sér sjálf, ríkisfyrirtækin. En það er engin mynd á því fyrirtæki, sem á að reka þannig, að það á að setja því stjórn til þess að geta bara gengið í ríkissjóðinn. Það á að reyna að koma þessu fyrirtæki á heilbrigðan grundvöll, og ég álít, að aðstaða til þess sé fyrir hendi nú meiri en nokkru sinni áður, og ríkið á með þeirri aðstöðu, sem það þarna hefur, að hjálpa til þess, að ríkisfyrirtæki geti verið án nokkurs halla. Þetta er einmitt það, sem ég vona, að hlutabréfin verði það mikils virði, að ríkissjóður geti farið hallalaus út úr þessu og aðilar sjái sér hag af því, annaðhvort Siglufjarðarbær, einstaklingar eða félag einstaklinga, að kaupa hlutabréfin. En með því að láta þetta hjakka áfram í gamla farinu, eins og verið hefur, þá er þetta engu líkt, því það er ekkert ríkisfyrirtæki, sem þannig er rekið. Það þarf ekki að setja lög um það, að það þurfi að skipa einhverja sérstaka stjórn til þess að ganga suður til Reykjavíkur til að fá peninga úr ríkissjóði, til að reksturinn geti haldið áfram, því það hefur verið gert, án þess að nokkur stjórn væri yfir þessu fyrirtæki önnur en stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Mér finnst anzi hart af mönnum, sem áður hafa verið hér fulltrúar á Alþ. fyrir þetta hérað, Siglufjörð og Norðurl. v., að rjúka hér upp með offorsi og skömmum, þegar verið er að reyna að koma atvinnufyrirtæki, sem er mikils virði að geti gengið, á réttan kjöl. Þetta fyrirtæki á að hafa borgað svo og svo mikil útflutningsgjöld, og þess vegna sé alveg sama, hvernig fyrirtækið er. Ekkert af þessum útflutningsgjöldum fer í ríkissjóð. Ég hefði að sjálfsögðu tekið því mjög vel, ef menn hefðu viljað breyta einhverju í þessu

frv., sbr. ákvæðið um hlutabréf í erlendri mynt, og það hefur ekki staðið á mér. Eins hefði ég vel getað átt viðræður við hv. þm. og aðra um einhverja aðra skipan á málum í þessu frv., eins og öllum frv., eins og eðlilegt er. En hitt þykir mér hart, eingöngu vegna þess að kosningar eru fram undan, að fá bara skammir, þegar verið er að reyna að koma svona fyrirtæki á heilbrigðan grundvöll.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mér þykir það mjög leitt, að um þetta mál skuli spinnast deilur á síðustu dögum þingsins. Ég hafði vonazt til þess, að frv. þetta næði fram að ganga. En vel kann svo að fara vegna þeirrar andstöðu, sem komið hefur fram af hálfu 5. þm. Norðurl. v., að ekki verði unnt að koma frv. fram. Mér er ljóst, að um það eru skiptar skoðanir, hvort heppilegra væri, að þetta fyrirtæki væri hreint ríkisfyrirtæki eða í formi hlutafélags, eins og hæstv. ráðh. hefur lagt til. Ég tel þó ýmislegt styðja þá skoðun, að heppilegra sé, að þetta fyrirtæki sé í formi hlutafélags, og skal færa rök fyrir því, án þess að ég beinlínis vilji taka afstöðu til þess, hvort formið sé heppilegra.

Rökin fyrir því, að betra sé, að fyrirtækið sé í hlutafélagsformi, eru t. d. þau, að ríkið leggur þarna fram óafturkræft framlag, það leggur fram hlutafé, eitt mesta hlutafé í fyrirtæki á Íslandi — þau eru sjálfsagt teljandi á fingrum annarrar handar þau fyrirtæki, sem hafa 30 millj. kr. hlutafé. Þegar fyrirtækið tæki til starfa í þessu formi, yrði það ekki eingöngu skuldlaust, það ætti allar sínar fasteignir og vélar, heldur líka vafalaust talsvert lausafé, vegna þess að ég tel ekki undir neinum kringumstæðum, að þessar eignir verði metnar á 30 millj. kr. Venjulega er það svo í íslenzkum atvinnurekstri, að eigið fé er e. t. v. 20—30% af heildarfjármagni, en lánsfé 70—80%. Miðað við það hlutfall ætti þetta fyrirtæki að geta fengið lánað á eðlilegan hátt — eftir venjulegum lánaleiðum — hvorki meira né minna en t. d. 70 millj. kr. til stórfelldra endurbóta og uppbyggingar og gæti þá lagt út í margháttaðan annan rekstur en þann, sem nú er þar, t. d. vinnslu á grásleppuhrognum og ýmiss konar vinnslu aðra.

Eins og ég sagði áðan, þá er það kannske ekki aðalatriðið, hvort þetta fyrirtæki sé í hlutafélagsformi eða ríkisrekið. Hitt er aðalatriðið, að fyrirtækið verði styrkt fjárhagslega, og það á að gera með þessu frv. mjög rausnarlega, vil ég segja, og það á að vera hægt að tryggja öruggan og góðan rekstur þessa fyrirtækis með þeim hætti, sem ráðh. hefur hér lagt til.

Ég hef leitazt við það nú s. l. daga að ná samkomulagi um, að þetta frv. næði fram að ganga, m. a. við hv. 5. þm. Norðurl. v. Því miður hefur hann ekki verið til viðræðu um það að gera breyt. á frv. T. d. orðaði hann, að það væri óeðlilegt, að ríkissjóður hefði heimild til að selja hlutabréf sín síðar. Honum var boðið, að sú málsgr. yrði niður felld og aðrar breyt. gerðar, eftir því sem þurfa þætti. En ég harma það sem sagt, að þetta frv. virðist ekki ætla að ná fram að ganga á þessu þingi. Það má segja, að það sé kannske ekki eins alvarlegt, vegna þess að fyrirtækið hefur nú verkefni fram á haust til að vinna úr þeirri síld, sem það þegar á. En vissulega hefði verið hægt að undirbúa meiri rekstur á vetri komanda og næsta ári, ef þetta fyrirtæki hefði haft yfir svo miklum fjármunum að ráða sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að vera algjörlega skuldlaust, þegar það hæfi starfsemi, hefði verulega sjóði af eigin fé og ætti þá alla lánamöguleika eftir. Þetta hefði verið geysilega mikill ávinningur, og vona ég, satt að segja, að einhver ráð verði að koma frv. fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er af því að ég á sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, sem hafa stýrt þessu fyrirtæki, að ég vildi gjarnan segja hér örfá orð og segja álit mitt á því, hvernig ég tel skynsamlegast að leysa þetta mál niðurlagningarverksmiðjunnar.

Þessi niðurlagningarverksmiðja hefur verið rekin um nokkurra ára skeið, og þar hefur farið fram talsverð starfræksla, eins og hér hefur komið fram — verið upplýst. Miklar tilraunir hafa verið gerðar til að selja vörur hennar erlendis, en með nokkuð misjöfnum árangri, en þó með þeim árangri, að starfræksla hefur heldur vaxið, og nú hefur tekizt að selja á fleiri mörkuðum en áður, eins og þegar hefur verið upplýst. Fer fram á þessu ári mesta starfræksla, sem þarna hefur átt sér stað.

Þessi verksmiðja mun teljast vel búin að vélum og tækjum sem niðurlagningarverksmiðja, ekki sem niðursuðuverksmiðja, heldur sem niðurlagningarverksmiðja. Meðan Síldarverksmiðjum ríkisins vegnaði vel fjárhagslega, vantaði þessa verksmiðju ekki rekstursfé og það var hægt að útvega þau tæki, sem til þurfti. En síðan Síldarverksmiðjur ríkisins komust í algjört fjárþrot, sem allir þekkja, hefur það háð þessari verksmiðju að vera bundin við Síldarverksmiðjur ríkisins.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur gert till. um það, og gerði meira að segja till. um það fyrir nokkrum árum, að setja þessari verksmiðju sérstaka stjórn, blanda ekki stjórn hennar inn í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Okkur fannst sjálfum nokkur hætta á því, að hún yrði útundan, þegar hún væri aukaverkefni á vegum Síldarverksmiðja ríkisins. Enn fremur finnst okkur, að þessi verksmiðja hafi ekki fengið í bankakerfinu það rekstursfé, sem hún með réttu hefði átt að fá, og m. a. hafi mætt allt of mikið á hæstv. ríkisstj. að útvega fé. Verksmiðjan hafi ekki fengið þá fyrirgreiðslu í bönkum, sem hún hefði átt að geta fengið nálega vélrænt, að okkar dómi.

Ég tel, að það væri skynsamlegt að setja nýja löggjöf um niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði í þá stefnu, að ríkið héldi áfram að reka verksmiðjuna á sínum vegum, en henni væri ætlað nokkurt viðbótarfjármagn í aukinn stofnkostnað og rekstur, sem hún þarf á að halda, og hún þannig efld fjárhagslega og fengin sérstök stjórn. Þetta tel ég, að ætti að vera í nýju frv. um niðurlagningarverksmiðju ríkisins.

Ég tel, að það séu ákaflega sterk rök fyrir því, að ríkið reki a. m. k. eina slíka verksmiðju. Það er geysilega margt ógert í tilraunaskyni í niður-

lagningu og niðursuðu, mjög margt, og ég hef ekki trú á því, að það sé á færi einstaklinga eða verksmiðju, sem væri rekin eingöngu með peningasjónarmið fyrir augum, að gera þær tilraunir, sem þarf. Ég tel því nauðsynlegt, að ríkið reki a. m. k. eina myndarlega verksmiðju í þessari grein, og ég álít, að Siglufjörður eigi það inni hjá þjóðarbúinu, að réttmætt sé að sá staður sé valinn til að efla slíkan iðnað. Álít ég, að það eigi að halda áfram með þennan rekstur, gera hann sjálfstæðan og hlynna að honum fjárhagslega.

Það má í raun og veru segja, þó margt hafi gengið öðruvísi en menn hafa viljað, þá sé búið að skapa þarna nokkuð góðan grundvöll til þess að byggja á. Það er að vísu nokkuð takmarkað enn, sem hægt er að taka þarna fyrir, en það er mjög miklu auðveldara að byggja ofan á það, sem fyrir er nú, og taka t. d. upp nýjar greinar, og eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, þyrfti að færa starfræksluna út.

Ég óttast það mjög, að kasti ríkið þessari verksmiðju frá sér á þá lund, sem mér finnst nánast þetta frv. gera ráð fyrir, og setji hana hálfgert á hrakhóla, geti farið illa. Það er algjör óvissa um, hvernig þetta verður, ef farið verður svona að, og ég tel það ekki skynsamlegt, heldur eigi hreinlega að hlynna að niðurlagningarverksmiðju ríkisins. Menn geta haft um þetta mismunandi meiningar, eins og hér hefur komið fram. Þetta er mín skoðun og ekki síst byggð á því, að ég tel alveg óhjákvæmilegt, að ríkið reki eitt fyrirtæki af þessari gerð, mest til að hafa með höndum með öðru tilrauna- og brautryðjandastarf. Það verður aldrei hægt að koma nægilegum skriði á niðurlögnina, nema ríkið hjálpi til á þá lund. Það er einnig hjálp við einkaatvinnurekstrinn, að ríkið taki að sér að ryðja þannig brautirnar. Það var okkar reynsla, þegar hraðfrystiiðnaðurinn var byggður upp, að þannig væri skynsamlegt að fara að. Síðar, þegar meiri skriður væri kominn á mörg og stór fyrirtæki, gæti komið til greina að breyta til.

Ég sé ekki, að það ætti neitt að þurfa að tefja málið að snara sér í að breyta frv. út frá þessu sjónarmiði, sem ég var að nefna.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér við 1. umr. þessa máls.

Ég er algerlega andvígur þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði verði breytt í hlutafélag. Ég tek undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að það sé full þörf á því, að ríkið ræki eitt fyrirtæki af þessari tegund, vegna þess m. a. að hér hlýtur að vera um brautryðjandarekstur að ræða í mjög þýðingarmikilli atvinnugrein. Og ég tel mjög litlar líkur til þess, að hlutafélag af þeirri gerð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., geti tekið að sér slíkt verk. Mér sýnist líka, að verði farið eftir því, sem gert er ráð fyrir í frv., þá verði niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði skilin eftir í miklum vandræðum. Það er greinilegt, að aðalframlagið, sem á að koma frá ríkinu, er í formi þess að leggja fram það húsnæði og þær eignir, sem verksmiðjan hefur haft til þessa frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Það, sem kann að verða umfram það, er í fullkominni óvissu, hversu mikið verður, og þó að rætt sé um að veita verksmiðjunni allt að 10 millj. kr. ríkisábyrgð, þá er það varla meira en gert hefur verið á beinan eða óbeinan hátt til þessa, og hefur þó verksmiðjan verið í talsvert miklum vanda, eins og kunnugt er.

Ég verð að segja, að mér þykir þetta frv. koma einkennilega seint fram á þessu þingi. Það er búið margsinnis áður að gera fsp. hér á Alþ. um það, hvort ekki sé von á frv. af hálfu ríkisstj. um þetta efni, og fyrirheit höfðu verið gefin um það hér fyrir löngu. En svo kemur fram frv. og þá í þessum búningi hér á síðustu dögum þingsins. Mér þykir alveg einsýnt, að ríkisstj. hafi varla ætlazt til þess, að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi. Það má kannske segja, að það skipti ekki ýkjamiklu máli, miðað við uppbyggingu frv., því það er beinlínis gert ráð fyrir því í þessu frv., að stofnun þessa nýja hlutafélags skuli fara fram á þessu ári og verða lokið, eins og segir í frv., fyrir árslok. Næsta þing gæti því í rauninni allt eins fjallað um þetta mál, miðað við það, sem ráðgert er í þessu frv.

Þá er þess einnig að geta, að það hafa ekki komið hér fram upplýsingar um það, að neinn aðili hafi verulegan hug á því að gerast hluthafi á móti ríkinu til þess að reka þessa verksmiðju. Ef eitthvað slíkt hefði legið fyrir um einhvern þann aðila, sem hefði verið virkilega líklegur til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins, þá gat þetta fyllilega komið til greina, ekki hvað síst fyrir þá, sem lifa í þeirri trú, að ríkið eigi ekki að annast rekstur á neinum fyrirtækjum, heldur þurfi að koma öllum ríkisfyrirtækjum yfir í form hlutafélaga. Á meðan það liggur ekki einu sinni fyrir, að það sé neinn aðili til, sem óskar eftir því að taka þátt í að reka fyrirtækið á þessum grundvelli, þá sýnist mér, að með þessu sé hreinlega stefnt að því að leggja þetta fyrirtæki niður eða láta það vera áfram í þeirri óvissu, sem það hefur verið í.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. lagði nokkra áherzlu á þá gr. frv., sem um það fjallar, að ríkið geti síðar selt sín hlutabréf. Hann lagði á það nokkra áherzlu, velti því vissulega fyrir sér, að ríkið kæmist hallalaust helzt af öllu út úr þessum rekstri. Það er enginn vafi á því, að eins og þetta mál er flutt hér, þá ber það þess merki, að það sé efst í hugum þeirra, sem með málin fara af hálfu ríkisstj., að reyna að losa sig úr þessum vandræðarekstri. En ég álít, að það eigi að taka þannig á þessum málum, að það eigi að snúast mannlegar við og takast á við þann vanda, sem þarna er við að glíma, og það eigi að koma þessu fyrirtæki sæmilega til lífs, því það er enginn vafi á því, að þetta fyrirtæki á rétt á sér, það er hægt að reka það, og þetta fyrirtæki getur verið þjóðhagslega þýðingarmikið.

Ekki skal standa á mér að taka þátt í því að reyna að breyta þessu frv. á þann hátt, sem að gagni mætti koma, og vinna að því, að það geti fengið hér endanlega afgreiðslu á þessum fáu dögum, sem eftir eru af þinghaldinu. En afstaða mín til þessa frv. er samt sem áður skýr, að ég

er á móti því formi, sem hér er gert ráð fyrir. Ég mundi leggja til, að ríkið yrði áfram eigandi að verksmiðjunni, henni yrði hins vegar sett sérstök stjórn og ríkið ákvæði að leggja fyrirtækinu til í eitt skipti sæmilega álitlega fjárhæð, svo vonlegt sé, að það geti í rauninni annazt þann rekstur, sem það á að hafa með höndum. Þetta er í meginatriðum afstaða mín til þessa máls.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. svaraði ræðu minni á þá lund, að sú ræða, sem ég hefði flutt, væri sú aumasta kosningaræða, sem hann hefði heyrt. Nú vil ég upplýsa hæstv. forsrh., að ég er ekki í kjöri til alþingiskosninga næsta vor. (Gripið fram í.) Ég er ekki farinn úr Framsfl., en það er ekki þar með sagt, að allir framsóknarmenn séu í kjöri. Ég tel, að ræða mín hafi ekki verið neinn kosningaáróður. Það, sem ég sagði í þessari ræðu minni, var sannfæring mín. Það er grundvallarskoðanamismunur á milli hæstv. forsrh. og mín. Ég tel, að ríkissjóður eða ríkið hafi vissar skyldur við Siglfirðinga og verkafólk þar með tilvísun til sögunnar og það sé engin goðgá að fara fram á það, að ríkissjóður Íslands reki þessa verksmiðju áfram.

Ég skammast mín ekkert fyrir mína ræðu, sem ég flutti hér áðan, — ekki neitt. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið skammaræða. Það var svo langt frá því. Ég efa það ekki, að frv. var samið af hans rn. skv. því, sem hann telur rétt. Sem formaður Sjálfstfl. hefur hann sagt sínum kjósendum, að það eigi að fækka ríkisfyrirtækjum. Ég er ekki að álasa honum fyrir það, en það er ekki þar með sagt, að aðrir þm. séu á sama máli. Nei, það er, eins og ég sagði áðan, grundvallarskoðanamunur hjá okkur í þessu efni.

Ég rakti það, hvað Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu fengið í sinn hlut, þegar bezt gekk á síldarárunum, allt frá 1930 til 1943, og það er rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, er hann komst svo að orði, að Siglfirðingar ættu þetta inni hjá ríkisvaldinu, og það finnst mér líka. Og ég held, að það sé ekki verið að binda neina hræðilega bagga upp á ríkishestinn, og þó að hæstv. ráðh. segði réttilega, að fé, sem borgað er í útflutningssjóð, færi ekki til ríkisins, fer það samt til þarfa Íslendinga, og þegar allt er tekið með í uppgjörið, bæði tollar og útflutningsgjöld, þá held ég, að sé ekki um stórkostlegan halla á þessu fyrirtæki að ræða og það sé engin þörf á því að fara að breyta því í hlutafélag. Ég veit ekki betur en það hafi verið búið að semja annað frv. um niðurlagningarverksmiðjuna. Og það eru fleiri en framsóknarmenn eða fleiri en ég, sem eru á móti þessu frv. Ég veit ekki betur, — það getur verið, að ég fari ekki alveg rétt með, — en aðalforingi Sjálfstfl. á Siglufirði, bæjarstjórinn, sé á móti þessu. Ekki er það af kosningaástæðum. Og ég veit ekki betur en fjöldi Siglfirðinga sé á móti því að breyta þessu úr ríkisrekstri. Þó ekki hafi vel gengið, þá óttast þeir um framtíð þessa fyrirtækis við breytinguna og það muni ganga verr.

Ég er ofurlítið kunnugur hjá norsku útgerðarfyrirtæki — eða var það, sem rak verksmiðju í Noregi. Það var fyrirtæki B. Johannessens. Það komu síldarleysisár í Larvik. Hundruð manna höfðu flutzt þangað til að vinna í verksmiðjum B. Johannessens, síðan kom síldarleysið og hvað sagði forsvarsmaður einkaframtaksins í Noregi? „Við verðum að gera eitthvað fyrir þetta fólk. Við auglýstum eftir vinnuafli. Það fluttist til í Noregi og byggði upp sín hús hér. Sparibækurnar þess eru þessi heimili hér í Larvik.“ Og B. Johannessen byggði upp skipasmíðastöð fyrst í smáum stíl og síðan stærri, sem hefur tryggt stöðuga atvinnu fólkinu í Larvik, þegar síldin hefur brugðizt. Þetta sögðu þessir norsku útgerðarmenn. Þeir sögðu: „Við höfum skyldur við fólkið.“ Ég hef ekkert sagt annað en það í minni ræðu, þó léleg hafi verið, að ríkisvaldið í dag, núv. ríkisstj., hefur skyldum að gegna við verkafólkið, sem flutti úr öðrum byggðarlögum til Siglufjarðar og byggði upp húsin sín þar og á þau þar.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson komst þannig að orði, að hann teldi það ekki mjög alvarlegt, þó frv. dagaði uppi á þessu þingi. Ég er honum alveg sammála. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að það dagi uppi á þinginu. Ég hef áður hér í þessum ræðustól lýst rekstri Sigló-verksmiðjunnar, og ég skal ekki endurtaka það, en verksmiðjan hefur ekki fengið það fjármagn, sem hún hefur þurft, og það þarf frekari skipulagningu á rekstri hennar. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. að endurskoða afstöðu sína og ríkisstj. og láta ríkið reka þetta fyrirtæki áfram í eign ríkisins undir sérstakri stjórn og útvega því rekstrarlán, langtímalán, sem nú er mikið talað um, þannig að það geti orðið sannkölluð blóðgjöf og fyrirtækið geti byggt upp verulegt atvinnulíf á Siglufirði og dregið úr árstíðabundnu atvinnuleysi þar.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mikið þessar umr. Það var þetta með skipasmíðastöðina í Larvik. Það var ekki ríkisfyrirtæki, það var hlutafélag eða e. t. v. einkafyrirtæki, eins og verið er að tala um að setja upp hérna. En hver er það, sem leggur fram stærsta hlutinn, nema ríkið, sem finnur skyldu sína til að koma til aðstoðar á erfiðum tímum og gerir það með því. Það er alveg rétt túlkað hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að það er einmitt með þessu móti, með því að koma fyrirtækinu á fjárhagslega sjálfstæðan grundvöll, með því að leggja því til eignirnar, að það getur aftur fengið lánsfé, sem það hefur átt erfitt með að fá. Og hvílíkur munur er nú þetta, að það á að leggja þarna fram 30 millj. kr., lóðir, hús og tæki, til þessa hlutafélags, og síðan á að ábyrgjast fyrir það 10 millj. Það getur farið í bankana og fengið sér rekstrarlán út á þetta, og það er eitthvað annað en það, sem veslings hv. 4. þm. Austf. þarf að standa í fyrir sitt hlutafélag, niðursuðuverksmiðjuna þar. (**LJós:** Ég ætla að biðja þig að kalla mig ekki vesaling). Út af þessum aths. vil ég taka það fram, að þetta var sagt í vinsamlegri merkingu.

Þess vegna segi ég það, að ég tel þetta á misskilningi byggt, að það, að hér sé um hlutafélag

að ræða, sýni, að þannig eigi það ekki að vera. Það hefur dugað vel á Norðfirði, bæði með niðursuðuverksmiðju, sem er að fara þar í gang, og einnig með önnur fyrirtæki þar. Og oft er það svo, að formið skiptir ekki öllu máli. Það er oft þannig, að það veltur mest á einstaklingunum, sem starfa við þetta, hvort sem þeir eiga fyrirtækin eða eiga að stjórna þeim fyrir aðra, hluthafa eða ríki.

Það er rétt, að það er ekki vitað um neina væntanlega hluthafa, en ég hef haft þá trú, að þegar byggt er upp fyrirtæki eins og þetta með slíku framlagi og með þeim möguleikum, sem eru á markaðnum, að það væri ekkert óhugsandi, að menn hefðu áhuga á að gerast hluthafar í þessu fyrirtæki. Það reynir auðvitað á það. Ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur til þess að skipuleggja þetta væntanlega fyrirtæki í því formi, sem frv. segir til um, ef það nær lögfestingu. Og það reynir svo á það á næsta þingi, ef það ekki fær lögfestingu núna. Sjálfur hef ég trú á því, að þetta fyrirtæki geti með þeim ramma, sem því er sniðinn í þessu frv., orðið blómlegt fyrirtæki og mikils virði, bæði fyrir fólkið á staðnum, staðinn sjálfan, Siglufjörð, og þjóðfélagið í heild.

Þótt nokkuð hafi kastazt í kekki milli manna hér um þetta frv., þá er auðvitað aðalatriðið, hvað verður um sjálfan reksturinn þarna. Ég hygg, að það megi nokkuð dæma það af þeim afskiptum, sem ég hef haft af þessu fyrirtæki, hver skoðun mín er á áframhaldi slíks rekstrar á Siglufirði. Ég ætla ekki að fara að rekja það, en það hefur verið mitt áhugamál, að fyrirtækið kæmist á sjálfstæðan og heilbrigðan grundvöll. Ég hef álitið, að það væri bezt gert með þessum hætti.

Hv. þm. Jón Kjartansson talaði um, að það hefði verið til annað frv. Það er alveg rétt. Ég hef látið útbúa í rn. fleiri valkosti, þegar mínir embættismenn hafa verið að undirbúa og stilla upp hlutunum. Og það er auðvitað rétt hjá honum líka, að það er mín ákvörðun að taka þennan valkost, sem hér er, að hafa þetta fyrirtæki í hlutafélagsformi. Um afstöðu bæjarstjóra Siglufjarðar veit ég ekki. Ég veit heldur ekki til þess, að hv. þm. hafi umboð til þess að lýsa því yfir fyrir hönd bæjarstjórans, að hann sé á móti þessu frv. Það kæmi mér mjög á óvart.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur gætt nokkurs hitaslæðings í þessum umr., eins og menn hafi fengið dálitinn „feber“. En þetta skeður nú ekki oft á Alþ., svo það er ekki ástæða til að sakast um það. Ég heyrði hv. þm. Jón Kjartansson flytja hér ræðu sína áðan, að vísu af nokkrum ákafa og sannfæringarkrafti, fannst mér, eins og jafnan þegar hann talar um mál Siglfirðinga, og ekki gat ég fundið, að mikið væri athugavert við flutning eða efni ræðu hans. En ég tók eftir því, að þegar hæstv. forsrh. tók til andsvara, þá sagði hann það m. a., að þetta hefði verið skammaræða, sem væri ómaklegt, þegar ríkisstj. ætlaði að gera gott og gera vel við eitt fyrirtæki og tryggja því öruggan rekstursgrundvöll, að þá fengju menn skammir fyrir. Þetta er gamla sagan um það, að laun heimsins eru vanþakklæti, og er ekkert undarlegt, þó hæstv. ráðh. verði stundum að komast í kynni við þá reynslu. Það er svo algengt. Og góðverkið er nú þetta, að það á að leggja niður ríkisfyrirtæki og gera það að einkafyrirtæki. Þetta kann að vera „prinsip“-mál hjá hæstv. ráðh. og ríkisstj., að gera slík góðverk, en það eru aðrir, sem telja þetta ekki heyra undir hugtakið góðverk, heldur getur það verið heldur til hins verra og rangt frá sjónarmiði ýmissa annarra, að leggja niður ríkisfyrirtæki og trúa einstaklingum fyrir þeim. Og svo mikið er víst, að það var hugsað sem hjálp fyrir Siglfirðinga á sínum tíma, að ríkið rétti fram hönd til hjálpar í atvinnulífi þeirra með stofnun þessa ríkisfyrirtækis, og ég á því bágt með að skilja, að það geti verið hjálp til þeirra líka að kippa hendinni að sér og svipta þá þeirri ríkisaðstoð, sem þeir hafa notið við rekstur þessa fyrirtækis, sem hefur verið þáttur í atvinnulífi bæjarins og bæjarbúa.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það, að ég er alveg andvígur því, að þetta ríkisfyrirtæki verði lagt niður og framtíð þess stofnað í nokkra óvissu með því að gera það að hlutafélagi, þar sem frv. tryggir engan veginn, að svo yrði að fyrirtækinu búið, að það yrði styrkari stoð í siglfirzku atvinnulífi undir því rekstrarformi. Ef hægt væri að sannfæra mig um það, að svo yrði og að ákvæði **væru um það í frv., að vandi** fyrirtækisins yrði leystur svo myndarlega, jafnframt því sem það yrði gert að einkafyrirtæki, að það risi betur undir sínu hlutverki, þá skyldi ég að þessu leyti skipta um skoðun. En ég sé ekkert það í frv., sem tryggir það, að þetta einkafyrirtæki eigi að verða svo úr garði gert, að það geti betur leyst það hlutverk af hendi en ríkisfyrirtæki, ef það nyti þá viðhlítandi aðstoðar af hendi ríkisins. En ég er þeirrar skoðunar, að ríkið hafi vangert við þetta fyrirtæki og að því miður hafi stjórnarform þess átt nokkurn þátt í því, að því hefur ekki vegnað svo vel sem skyldi við að leysa sitt hlutverk.

Það er vitað, að það eru margvíslegir risavaxnir erfiðleikar á vegi niðursuðufyrirtækja og niðurlagningarfyrirtækja í landinu. Þetta er atvinnugrein, sem við erum að þróa með okkur og erum á byrjunarstigi með, og þar er við risavaxna erfiðleika að ræða, svo risavaxna, að það hefur öllum gengið misjafnlega, jafnt einkarekstri sem opinberum rekstri, sem við þetta hafa fengizt, og þarf ekki að nefna annað en erfiðleikana við markaðsöflun, sem engir komast yfir, nema því aðeins að varið sé stórkostlegum fjárhæðum til þess að yfirstíga þá erfiðleika, og þar ættu ríkinu að vera fleiri vegir færir en einstaklingum með takmarkað fjármagn.

Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið óheppilegt að hafa niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði undir stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og að hún hafi löngum verið þar olnbogabarn. Ég þekki til sams konar fyrirkomulags með tvö ríkisfyrirtæki, og ég er alveg viss um það, að þar hefur sama sagan gerzt, að annað þeirra hefur orðið útundan og verið af stjórn hins fyrirtækisins litið á stjórnarskyldurnar við minna fyrirtækið sem aukastarf. Hefur þó verið

þar minna í húfi og minni vandi á ferðum heldur en með stjórn niðursuðuverksmiðju.

Ég held, að það eigi að halda áfram rekstri niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði sem ríkisfyrirtækis og ríkisstj. eigi að hlutast til um það, að þetta ríkisfyrirtæki fái viðunandi og nauðsynlega fyrirgreiðslu í bankakerfinu, eða því séu útveguð nægileg rekstrarlán til þess að geta staðið myndarlega að öllum sínum rekstri. Ég held, að það sé ekkert slíkt atvinnuástand á Siglufirði nú, að það sé rétti tíminn til þess, að ríkið kippi að sér hendinni með rekstur þessa fyrirtækis. Það kæmi mér mjög á óvart, ef það að skipta um rekstrarform þessa fyrirtækis gerði nokkurt kraftaverk, svo að fyrirtækið stæði betur undir sínu eigin hlutverki. Ég held, að það sé oftrú á einkarekstrinum, sem þar væri þá á bak við. Ég held jafnvel, að því verði ekki haldið fram, að það sé rekstrarformið, hvorki ríkisrekstur né einkarekstur, sem ráði örlögum, heldur það, hvernig að fyrirtækinu er búið, hvort því er sinnt, svo sem vera ber. Og það held ég að ríkisvaldið hafi nokkuð vanrækt.

Skoðun mín er sem sé sú, að þetta frv., eins og það er lagt fram nú undir þinglok, skipti engum örlögum, hvort það nær fram að ganga eða sofnar svefninum langa. Ég held, að ekkert fari úr skorðum við það, og það væri gott, að það yrði athugað betur, áður en hlaupið yrði frá því að starfrækja þetta fyrirtæki sem ríkisfyrirtæki. Og ég tek alveg undir þær skoðanir, sem hér hafa komið fram, að það sé lágmark, að ríkið hafi veg og vanda af einu niðursuðu- eða niðurlagningarfyrirtæki í landinu. Einstaklingarnir hafa alveg næga möguleika til að spreyta sig á þessu verkefni, ef þeim finnst það vera sér viðráðanlegt eða girnilegt til gróða.

Mér finnst það gegna furðu, hversu lítt er vandað til búnings þessa frv., þar sem ekki er einu sinni haft rétt heitið á fyrirtækinu, eins og það er samkv. lögum. Eftir því, sem ég man bezt, þá heitir það ekki Niðursuðuverksmiðja ríkisins á Siglufirði heldur Niðurlagningarverksmiðja, en bæði í fyrirsögn og í 2. gr. frv. er heiti fyrirtækisins ekki einu sinni haft rétt, svo mikið hefur legið á að koma þessu máli inn í þingið, í málasyrpuna, sem hér flóir yfir alla bakka.

Í sambandi við það vildi ég nú gjarnan segja, að oft hefur verið málaflóð á Alþ. undir lokin, en aldrei þó, held ég, eins og nú, og hefði ég þó talið, að ríkisstj. og hennar menn ættu ekki að auka á þetta flóð og skapa hér starfsöngþveiti. Það mundi nægja, að stjórnin væri eingöngu með þau mál á ferðinni, sem hún að vandlega athuguðu máli hefði komizt að niðurstöðu um, að væri knýjandi nauðsyn að koma fram núna í þinglokin. En þetta sýnir í raun og veru, að hæstv. ríkisstj. hefur enga stjórn á störfum þingsins og á þar einna gildastan hlut í sjálf, að hér fari allt úr böndum um afgreiðslu mála. Það er engin þingleg afgreiðsla á stórmálum, sem mögulegt er að koma hér við, eins og hér er nú um að ræða kapphlaup um að kasta fram stórmálum og lagabálkum til afgreiðslu. Það er hreint og beint eingöngu treyst á það, að ríkisstjórnarflokkarnir hafi afl til þess að knýja málin fram, hvort sem nokkurt tóm gefst til þess af stjórnarliðinu eða öðrum að gaumgæfa málin eða kanna þau. Og slíkt er ekki nein þingleg starfsaðferð, heldur ekki til annars en vansæmdar fyrir Alþ. Þessu máli t. d. er kastað hér inn alveg að óþörfu í málaflóðið. Það er enginn, sem kemur hér og rökstyður, að það sé nauðsynlegt, að þetta verði að lögum. Þannig tekur þetta tíma frá nauðsynlegri athugun annarra mála, sem á að knýja fram og þarf að knýja fram.

Hv. frsm. gat þess áðan, að hann teldi ekki miklu máli skipta, þó að málið dagaði uppi á þessu þingi, og er það vel, að hann leggi ekki áherzlu á það, að þingtímanum sé eytt frá öðrum nauðsynlegri málum til að fjalla um það. Þetta er nóg af minni hendi til að marka afstöðu mína og míns flokks til þessa máls. Ég tel, að í þessu tilfelli sé engin nauðsyn að hverfa frá ríkisrekstri til einkarekstrar, og mun þess vegna, ef þetta mál sýnir sig aftur í þingsölunum, greiða atkv. gegn því.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa verið. Ég held, að það sé auðvelt að leysa þetta mál, ef einhver vilji er fyrir hendi. Vitanlega er hægt að laga frv. smávegis, ef á þarf að halda, og ég hnýt sérstaklega um það hér, að iðnrn. á að skipa þriggja manna n., sem á að semja við ráðh. sjálfan eða ríkisstj. og vinna að stofnun hlutafélagsins og semja um verð á þeim húsum og vélum, sem ætlazt er til, að niðurlagningarverksmiðjan, eða hvaða nafn sem hún fær, kaupi. Mér finnst það dálítið einkennilegt að eiga að tilnefna þá menn, sem eiga að semja við aðilann, sem tilnefnir þá. Það væri eðlilegra, að Alþ. kysi þessa menn. Það er einnig það, að ég álít, að það sé miklu betra, að þetta séu ekki eingöngu menn úr stjórnarliðinu. Það er ekki þar með sagt, að ráðh. skipi menn eingöngu úr sínum flokkum, en þeir hafa a. m. k. vald til þess.

Viðvíkjandi því að stofna hlutafélag og Siglufjarðarbæ sé gefinn kostur á að eiga allt að 20%, þá hef ég ekki beinlínis neitt við það að athuga. Mér er alveg ljóst, að Siglufjarðarbær á engar 6 millj. til að leggja í þetta. En þarna er ekki um neina skilyrðislausa kröfu að ræða, heldur er bænum aðeins gefinn kostur á hluttöku með framlagi, sem svarar 20%. Mér finnst eðlilegt, að Siglufjarðarbær ætti einhvern hlut, svo að hann hefði a. m. k. atkvæðis- og tillögurétt. Ef hlutafélag verður stofnað, þá hafa þessir menn rétt til að kjósa stjórn, skilst mér, það verður sjálfsagt eins og með önnur hlutafélög, og ég get ekki séð, að það sé nein ástæða til að ætla, að fyrirtæki verði verr rekið, þó það verði hlutafélag og sérstök stjórn fyrir því. Nú er ómögulegt að fullyrða um, hvernig menn veljast til þessarar stjórnar. En eðlilegast fyndist mér, að stjórnin yrði skipuð að meira eða minna leyti heimamönnum á Siglufirði. Mér fyndist ekkert óeðlilegt, þó að borgarar á Siglufirði vildu vera þátttakendur þarna, svo þeir hefðu tillögu- og atkvæðisrétt á fundum, því það er mikilsvert fyrir bæjarfélagið, að fyrirtækið sé rekið skynsamlega. Og ég efast ekkert um, að ríkisstj. vilji vinna að því, að svo megi verða. Ég ber enga tortryggni í hennar garð viðvíkjandi því. Og þó að þetta sé gert hlutafélag,

þá er ekki þar með sagt, að það þurfi ekki einhvern tíma að leita til ríkisstj. um fyrirgreiðslu við lánútveganir og annað þess háttar. Ég hef ekki ástæðu til að ætla það, hvaða ríkisstj. sem verður, — þessi ríkisstj. verður að sjálfsögðu ekki eilíf, — að hún vinni eigi að því, að leyst sé úr þeim nauðsynlegu verkefnum, sem fyrir kunna að koma.

Þetta frv. fer eigi í nefnd, sem ég á sæti í, og þess vegna vildi ég vekja athygli á þessum atriðum. En ég skil ekki, ef vilji er fyrir hendi, að það megi ekki leysa þetta mál, enda lýsti ráðh. því yfir, að hann væri reiðubúinn að fallast á breytingar, og ég geri frekar ráð fyrir því, ef frv. verður breytt dálítið, þá muni ég greiða atkv. með því.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég tel þau ummæli hv. 9. þm. Reykv., að verið væri undir forustu iðnrh. að kippa að sér hendinni varðandi þetta fyrirtæki, mjög ómakleg og vil vekja á því sérstaka athygli, að síðan hæstv. forsrh. tók við yfirstjórn þessa fyrirtækis, hefur hann sinnt því mjög vel og leitazt við að greiða hag þess á einn veg og annan. Það var fyrir hans tilstuðlan, sem tókst að tryggja hráefni til vinnslu út þetta ár eða svo til. Að vísu mætti gjarnan hafa fleira starfsfólk við verksmiðjuna og hafa þar enn þá meiri vinnslu, en ég held, að hv. þm. viti eins og allir aðrir, að það var ekki sízt fyrir tilstuðlan hæstv. forsrh., sem þetta tókst, og að bjartara er fram undan um rekstur þessa fyrirtækis nú en áður, eins og raunar hv. þm. Eysteinn Jónsson tók hér fram, er hann sagði, að aldrei hefði litið eins vel út með hráefni og rekstur fyrirtækisins eins og nú. En samt sem áður er mjög mikil þörf á því að efla þetta fyrirtæki enn og það verulega. Ég mundi telja, að það ætti að efla það svo, að allt að 200 manns gætu starfað þar, a. m. k. á þeim tímum þegar lítil atvinna er á Siglufirði. Til þess þarf að fá þessu fyrirtæki öruggan rekstrargrundvöll og verulegt fjármagn, fyrst og fremst eigið fjármagn, en ekki lánsfé, eins og menn eru hér alltaf að tala um, að það eigi að hlaða miklum lánum á þetta fyrirtæki.

Auðvitað verður aðstaðan til reksturs þessa fyrirtækis miklu betri, ef það fær fjárframlag, án þess að þar sé um lánsfé að ræða. Og það má e. t. v. segja, að það væri ósanngjarn samkeppnisgrundvöllur, sem þetta fyrirtæki starfaði á, t. d. við fyrirtæki hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, hlutfélag hans, vegna þess að það fyrirtæki verður að standa undir vöxtum og afborgunum af öllum sínum lánum, en þarna á að leggja fyrirtækinu til allt stofnfé, ekki eingöngu húsnæði og vélar, heldur verulegar fjárhæðir í peningum, því að ég geri ekki ráð fyrir, að nokkrum detti í hug, að þessar eignir verði metnar á 30 millj. kr.

En ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, að það er mjög ómaklegt að saka hæstv. forsrh. um það, að hann hafi ekki sinnt vel þessu fyrirtæki og gert það, sem í hans valdi hefur staðið til þess að greiða hag þess. Það hefur hann einmitt gert, og eftir að hann tók við yfirstjórn þessara mála, varð loksins bjartara fram undan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil bera það algerlega til baka, að ég hafi í ræðu minni verið með nokkrar ásakanir á hæstv. forsrh. Það er meiri viðkvæmnin hjá stuðningsmönnum ríkisstj. að vera að búa sér það til, að það sé verið að vanþakka og ráðast á ráðherrana og ríkisstj., þó ekki sé hið minnsta tilefni til. (Gripið fram í.) Ég taldi, að það væri verið að kippa að sér þeirri hendi, sem ríkisvaldið hefði lagt fram til stuðnings þessu fyrirtæki, með því að hætta að styðja það og láta einstaklingana svo um framhaldið, og ég færi hæstv. ráðh. ekkert þakkarávarp fyrir þetta. En ég er ekki að ásaka hann um neitt. Þetta er bara hans „prinsip"-mál, að losna við eitt ríkisfyrirtæki og koma fótum undir eitt einkafyrirtæki, sem hann hefur sjálfsagt trú á, að þjóni betur atvinnulífinu á Siglufirði, en ég hef aftur heldur minna álit á því.

En úr því að ég þurfti að koma og andmæla þessu, vil ég einmitt segja það í tilefni af fyrstu ræðu forsrh., þegar hann harmaði það, sagði að sér þætti það sárt, að forstjóri ríkisfyrirtækis hefði leyft sér að tala eins og hv. þm. Jón Kjartansson leyfði sér að tala — ég verð að segja það, að ég samþykki það ekki sem alþm., að hæstv. ríkisstj. geti fyrirskipað einum eða öðrum skoðanir á Alþ. eða lagt fram kvaðir á forstjóra ríkisfyrirtækja eða opinbera starfsmenn, að þeir megi ekki tala eins og þeim býr í hug. Og það er alger misskilningur, ef hæstv. forsrh. þarf að harma, að ríkisforstjórar leyfi sér að hafa hér málfrelsi sem aðrir þm. Og þetta vil ég segja, að ég harma, að hæstv. forsrh. skuli láta á því bera hér á Alþ., að menn hafi hér ekki allir jafnt skoðanafrelsi, hvort sem þeir eru í þjónustu ríkisins eða annarra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (stjfrv. um tekjur áhafnadeildar).

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 4. og 5. fundi í Ed., 22. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er — eins og í fskj. þess segir — flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 1. júní s. l. En svo sem einnig kemur fram í for-

sendum þessara brbl., voru þau flutt til þess að tryggja, svo sem kostur er á jafnsveiflugjörnum tekjulið og hér er um að ræða, að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs gæti staðið undir sínum útgjöldum. Frv. þarf að mínu viti ekki frekari framsögu við, en ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn., en það samtvinnast nokkuð því máli, sem hér er á dagskrá næst á eftir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed.. 18. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 363).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á brbl. um breyt. á l. nr. 74 frá 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Efni frv. felur í sér þá breytingu á gjaldi til sjóðsins vegna áhafnadeildar, að það hækkar um ½% og verður þá 1½%. Breyting þessi var gerð vegna erfiðs fjárhags áhafnadeildarinnar og hefur Verðlagsráð sjávarútvegsins tekið tillit til þessa við verðákvörðun á fiskinum. Er gert ráð fyrir, að þessi hækkun útflutningsgjaldsins muni nægja til þess að mæta útgjöldum deildarinnar.
Sjútvn. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og fram kemur á nál., og leggur til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 49. og 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 413).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 413 um þetta mál, mælir n. með samþykkt frv., en einn nm., Lúðvík Jósefsson, óskar tekið fram, að hann sé andvígur gildandi fyrirkomulagi á greiðslu fæðispeninga og að hann styðji þess vegna ekki umrætt frv. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. frá 1. júní 1970, um að auka tekjur Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins vegna áhafnadeildarinnar úr 1% af útflutningi í 1½%. Sjútvn. mælir með samþykkt frv., eins og ég áðan sagði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Almannatryggingar (stjfrv. um barnsmeðlög).

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar [120. mál] (stjfr., A. 129).

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á almannatryggingalögunum er nokkurs konar fylgifiskur með frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem ég var að enda við að mæla fyrir, og raunverulega er efni frv. aðeins það, að nú snúa tryggingarnar sér ekki til sveitarfélaganna, eins og áður var, um endurgreiðslu á útlögðu fé til Tryggingastofnunarinnar í þessu skyni, heldur til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna, sem við vorum að ræða um og samþykkja til 2. umr. hér áðan. Það er eiginlega ekkert um þetta frekar að segja. Þetta er bein afleiðing af því, sem í hinu frv. er sagt og ákveðið.
Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að umr. lokinni einnig vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 186).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 186 kemur fram, að heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og leggur samhljóða til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Lögfræðingur hér í borg benti mér á það, að það gæti komið til vandamáls í örfáum tilfellum varðandi 1. gr. frv., — að úrskurður um barnsmeðlag kynni að taka nokkurn tíma, en í 2. málsl. 1. gr. segir:

„Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en þrjá mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann."

Ef svo færi, að úrskurður drægist verulega og ekki yrði litið á þessar sérstöku aðstæður, kynni að fara svo, að barnsmóðir tapi rétti sínum, eftir því sem lögfræðingur benti mér á, — auðvitað ætlast löggjafinn ekki til þess, — vegna veikinda barnsins eða annarra tæknilegra atriða. Því vil ég að það komi skýrt fram hér við framsögu, að viðkomandi persóna mundi ekki tapa rétti sínum, ef slíkar ástæður væru fyrir hendi, og við verðum að vænta þess, að 18 mánuðir aftur í tímann séu nægileg trygging fyrir því, að barnsmóðir tapi ekki rétti sínum vegna tæknilegra atriða við blóðrannsókn.

Að öðru leyti tel ég mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er fylgifiskur þess, sem við vorum að afgreiða hér rétt á undan, með eðlilegum tengslum. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er aðeins nokkurs konar fylgifiskur með því frv., sem ég var að leggja fram hér áðan um Innheimtustofnun sveitarfélaga, og fjallar um þá formbreytingu, sem verður á l. um almannatryggingar við það, að tryggingarnar skulu nú snúa sér til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna, en ekki til sveitarfélaganna sjálfra, eins og verið hefur að undanförnu. Þetta er aðeins formbreyting, sem leiðir af samþykkt hins frv.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 558 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66., 67., 68., 69., 70., 71. og 75. fundi í Nd., 22., 23., 24., 25., 26. og 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 601).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Höfundalög.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til höfundalaga [211. mál] (stjfrv., A. 368).

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni höfundalaga er að veita réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum, þ. e. a. s. bókmenntum og listum. Tilgangur höfundalaga er að viðurkenna rétt höfunda til umráða yfir verki sínu, en slík umráð geta verið ýmist fjárhagslegs eða persónulegs eðlis. Þau verðmæti, sem menn geta haft tekjur af og njóta almennrar réttarverndar, geta verið með ýmsum hætti. Lögfræðingar greina þar m. a. á milli svonefndra líkamlegra hluta, þ. e. a. s. fasteigna og lausafjár, og ólíkamlegra verðmæta, svo sem orku, auðkenna, t. d. vörumerkja, og hugverka, þ. e. a. s. verka á sviði bókmennta, lista, vísinda og tækni. Það er hlutverk höfundalaga að vernda meginhluta hug-

verka, þ. e. a. s. verka á sviði bókmennta og lista, vísinda og tækni.

Réttarreglur um eignarrétt á svonefndum líkamlegum hlutum eru ævafornar. Réttarvernd hugverka á sér hins vegar skamma sögu. Er það skiljanlegt með hliðsjón af því, að líkamleg og andleg verðmæti eru svo ólíks eðlis, að réttarreglur um meðferð þeirra og vernd hljóta að vera mjög ólíkar. Líkamlegir hlutir, sem eigandi á eignarrétt til, eru venjulega í vörzlu tiltekins aðila á vísum stað, þar sem þeir eru hagnýttir. Andleg verðmæti eru hins vegar hvorki bundin við stað né stund. Af þeim má hafa fjárhagsleg not og tekjur á mörgum stöðum samtímis. Um þau á ekki heldur við það, sem gildir um svonefnda líkamlega hluti, að þeir eyðist eða rýrni við notkun. Af öllu þessu leiðir, að lagareglur um eignarrétt á svokölluðum líkamlegum verðmætum og hugverkum hljóta að verða með ólíkum hætti og þá einnig reglur um vernd þeirra.

Enginn ágreiningur mun nú lengur vera um það meðal menningarþjóða að vernda beri með einhverjum hætti eignarrétt höfunda að hugverkum sínum. Enn eru hins vegar skiptar skoðanir um það, til hvers konar hugverka slík vernd skal ná, hversu langt hún skuli ganga, og hversu lengi hún skuli vara. Smám saman hafa þó reglur ýmissa landa um þessi efni verið samræmdar og gerðir hafa verið alþjóðasáttmálar um höfundarétt. England var fyrst til að hefjast handa um setningu höfundalaga, og var það árið 1709. Var þá bannað að gefa út rit án samþykkis höfunda, en opinber skráning ritsins gerð að skilyrði fyrir verndun. Á 18. öld settu ýmsar fleiri þjóðir sér lög um bókaútgáfu, en þau máttu fremur teljast í hag útgefendum en höfundum. Á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar var komið á í Frakklandi höfundalöggjöf, sem var miklu fullkomnari en nokkur önnur löggjöf um slík efni, sem þá var í gildi. Á 19. öld bættust æ fleiri lönd í hóp þeirra, sem settu sér höfundalöggjöf, og þegar kemur fram yfir miðja öldina, má segja, að höfundalöggjöfin sé orðin almenn.

Fyrst í stað tók höfundalöggjöf aðeins til bókmennta og tónsmíða yfirleitt, en síðar er hún einnig látin taka til fleiri listgreina, svo sem málaralistar og myndlistar. En þótt flestar menningarþjóðir hafi á síðari hluta 19. aldar þegar sett sér höfundalög, þá var vandinn á þessu sviði engan veginn leystur. Sérhver löggjöf hafði aðeins gildi í hlutaðeigandi landi. Hins vegar eru bókmenntir og listir hvers konar alþjóðlegar í eðli sínu og berast fljótt á milli landa. Reynslan sýndi, að torvelt var að koma á samningum milli einstakra ríkja um gagnkvæma vernd. Leiddi þetta til þess, að ýmis ríki komu sér saman um að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu í Bern árið 1886 í því skyni að koma á fót alþjóðasamþykkt um höfundarétt, sem öllum ríkjum skyldi heimilt að gerast aðili að, ef þau veittu höfundum í heimalandi sínu þá lágmarksvernd, sem gert væri ráð fyrir í alþjóðasamþykktinni. Náðist samkomulag um höfundaréttarsamþykkt, sem síðan hefur verið nefnd Bernarsáttmálinn, en samtök aðildarþjóðanna nefnd Bernarsambandið. Mjög mörg ríki hafa gengið í Bernarsambandið, en ýmsar þjóðir standa þó enn utan samtakanna, þar á meðal Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin. Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar beittu Sameinuðu þjóðirnar sér fyrir því, að gerður var nýr alþjóðasáttmáli um höfundarétt, fyrst og fremst með hliðsjón af því, að mörg ríki höfðu ekki gerzt aðilar að Bernarsambandinu.

Árið 1952 var haldin alþjóðaráðstefna í Genf og þar gerð ný höfundaréttarsamþykkt, sem nefnd er Genfarsáttmálinn. Gekk hann í gildi 1955. Fullgiltu hann mörg ríki, þar á meðal Bandaríkin. Ríki geta verið aðilar að báðum sáttmálunum samtímis, en séu tvö ríki aðilar að þeim báðum, skulu reglur Bernarsáttmálans gilda í skiptum þeirra. Þetta hefur þá þýðingu t. d., að í skiptum Íslands og hinna Norðurlandanna gilda reglur Bernarsáttmálans, en í skiptum Íslands og Bandaríkjanna gilda reglur Genfarsáttmálans.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á Bernarsáttmálanum, síðan hann var upphaflega samþykktur árið 1886, þ. e. a. s. í París 1896, í Berlín 1908, í Róm 1928 og í Brüssel 1948. Árið 1961 var síðan gerður í Róm nýr sáttmáli um vernd listflytjenda o. fl. Voru þar í fyrsta skipti sett ákvæði í alþjóðasáttmála um vernd þeirra, sem flytja listaverk. Til þessa höfðu ákvæði höfundaréttarlaganna aðeins verið látin ná til höfundanna.

Fyrstu íslenzku lögin um höfundarétt voru sett 1905. Eru þau enn í gildi og eru í þeim höfuðákvæði íslenzks höfundaréttar. Þótt ýmsar mikilvægar breytingar hafi verið gerðar á þessum höfundalögum, eru þau samt orðin allsendis ófullnægjandi, og ber því orðið brýna nauðsyn til þess, að sett séu ný höfundalög. Í lögum frá 1912 var ákveðið, að höfundaverndin í l. frá 1905 nái til hvers konar mynda og uppdrátta. 1941 voru sett lagaákvæði um sérstaka vernd á ritum eftir lok höfundaréttar. Tveim árum síðar eða 1943 var vernd höfundaréttarins látin taka til hvers konar listgreina, sem eldri löggjöf náði ekki til. 1956 var síðan verndartímabil gagnvart þýðingum lengt úr 10 árum í 25 ár.

Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu 1947. Það gerðist einnig aðili að Genfarsáttmálanum 1953. Af Íslands hálfu hefur og verið samþykktur sáttmáli sá um vernd listflytjenda o. fl., sem gerður var í Róm 1961. Fullgilding hans hefur hins vegar ekki farið fram og getur ekki farið fram nema frv. það, sem hér er til umr., verði samþ.

Það hefur lengi verið ljóst, að gildandi ákvæði um höfundarétt væru ófullkomin og ekki nógu víðtæk. Þess vegna fól menntmrn. árið 1959 Þórði Eyjólfssyni þáv. hæstaréttardómara að semja frv. til höfundalaga, en hann er manna fróðastur á Íslandi um höfundarétt. Samdi hann ýtarlegt frv., sem var hliðstætt nýjum, norrænum höfundalögum frá árinu 1960—1961, og var þess gætt sérstaklega að hafa ákvæði frv. þannig, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans, Genfarsáttmálans og hins nýja Rómarsáttmála um vernd listflytjenda og fleira. Var þetta frv. lagt fyrir Alþingi 1962—1963, en varð ekki útrætt. Enginn mun hafa dregið í efa, að frv. væri vel samið frá fræðilegu sjónarmiði, né heldur að þar væri mörkuð hliðstæð stefna og í norrænu höfundalögunum, sem hlotið höfðu ágætan undirbúning. Hins vegar fólst í frv. svo mikil aukning á vernd ís-

lenzkra og erlendra höfunda og listflytjenda, að það hefði haft í för með sér verulega aukin útgjöld af íslenzkri hálfu og þá fyrst og fremst af hálfu ríkisútvarpsins.

Á s. l. ári fól menntmrn. þeim dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntmrn., og Sigurði Reyni Péturssyni hrl. að taka frv. til endurskoðunar og hafa þá hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið höfðu á höfundaréttarmálum í nálægum löndum, síðan frv. var samið. Norrænu höfundalögin, sem ég nefndi áðan, eru enn í gildi. Í sambandslýðveldinu Þýzkalandi voru sett ný höfundalög 1965 eftir langan undirbúningstíma, en frv. að þeim l. hafði einnig verið haft til hliðsjónar við samningu frv. Mikilvægast er þó, að Bernarsáttmálinn var endurskoðaður á ráðstefnu Bernarsambandsríkjanna í Stokkhólmi 1967 og var þá gerð samþykkt um nýja gerð sáttmálans.

Það frv., sem hér er flutt, er að stofni til eins og frv. frá 1962, nema hvað gerðar hafa verið á því breytingar í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur, síðan frv. var samið, og þá sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum Stokkhólmsgerðar Bernarsáttmálans. Frv. frá 1962 fylgdi mjög ýtarleg grg., samin af dr. Þórði Eyjólfssyni, um hlutverk og efni höfundalaga og nákvæmar skýringar á einstökum ákvæðum frv. Þessu frv. fylgja í grg. skýringar á þeim breytingum, sem felast í þessu frv. við ákvæði frv. frá 1962. Sé ég þess vegna ekki ástæðu til þess að rekja ákvæði frv. í einstökum atriðum. Ég læt mér nægja að taka fram, að ákvæði þessa frv. eru í samræmi við nýjustu gerð Bernarsáttmálans frá 1967, en að honum gerðist Ísland aðili 1947, og virðist því eðlilegt, að Íslendingar lagi nú löggjöf sína að nýjustu gerð sáttmálans. Þá er óhætt að staðhæfa, að ákvæði þessa frv. séu í öllum meginatriðum í samræmi við höfundalög þeirra nágrannaþjóða, sem við erum skyldastir að menningu og hliðstæðar réttarreglur gilda hjá að öðru leyti. Samtök íslenzkra listamanna, og þá ekki sízt samtök íslenzkra rithöfunda, hafa á undanförnum árum lagt mikla áherzlu á, að ákvæði íslenzkra höfundalaga væru orðin ófullnægjandi, og er það rétt. Af þeim sökum hefur verið efnt til þeirrar endurskoðunar á frv. frá 1962, sem nú hefur farið fram, og er málið nú lagt fyrir hið háa Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að láta í ljós ánægju yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið. Það er, eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh., svo, að lög um höfundarétt eru orðin nokkuð gömul eða frá árinu 1905 — að vísu með nokkrum síðari breytingum — og þau eru á margan hátt orðin úrelt og ekki í samræmi við þær alþjóðasamþykktir, að öllu leyti a. m. k., sem síðar hafa verið gerðar um þessi efni. Þess vegna er það vissulega tímabært, að það sé sett ný löggjöf um þetta efni.

Þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, er undirbúið og samið af hinum fróðustu og færustu mönnum um þessi málefni, og þó að ég hafi því miður ekki getað grandskoðað þetta frv. enn, þá dreg ég ekki í efa, að í því eru mjög miklar endurbætur að ýmsu leyti frá hinni fyrri höfundaréttarlöggjöf. Þess vegna tel ég það vel farið, að það skuli hér vera lagt fram.

Það má vel vera, að mörg þau mál, sem koma til kasta þessa hv. Alþ. nú, muni vekja meiri athygli á meðal almennings en þetta mál. En ég hugsa samt, að þegar það er skoðað nánar, þá sé óvíst, að það séu mörg málin, sem þetta hv. þing fjallar um, merkari en þetta mál. Það er alveg laukrétt, eins og hæstv. menntmrh. gat um, að það er dálítið einkennilegt að íhuga það, hvernig eignarrétturinn að líkamlegum hlutum, áþreifanlegum hlutum, hefur verið viðurkenndur, frá því að hin fyrstu samfélög hófu göngu sína, en aftur á móti hefur rétturinn til hinnar andlegu sköpunar, til hinna andlegu verðmæta, ekki verið viðurkenndur fyrr en á síðustu öldum, þannig, eins og hann réttilega nefndi, að elzta höfundalöggjöf í heimi er ekki nema liðlega 250 ára gömul. Og þó er það svo, að það er langt síðan sú staðreynd var viðurkennd, að maðurinn lifir ekki af einu saman brauði og hvert síðað menningarsamfélag þarf á að halda starfsemi þeirra, sem fást við andlega iðju engu síður en hinna, sem vinna líkamlegu störfin.

Auðvitað er það svo, að þeir, sem vinna að hinni andlegu sköpun, eru ekki síður verðir launa fyrir þá starfsemi heldur en hinir. Sem betur fer hafa augu manna opnazt fyrir þessu á síðari árum og þá auðvitað fyrst og fremst eftir að franska byltingin breytti hugmyndum manna í þessum efnum eins og ýmsum öðrum eins og hæstv. ráðh. drap á. Það var að vísu lengi um það deilt, hvort það ættu ekki allt aðrar reglur að gilda um *réttindi til hugverka heldur en t. d. til* einhvers smíðisgrips, sem maður smíðaði, og var margt fært fram. Sjálfsagt mundu sumar þær röksemdir, sem þá voru bornar fram, þykja nokkuð skrýtnar nú á dögum eins og t. d. sú, að sköpunargáfan væri slík guðsgjöf, að það ætti ekki að gera hana að verzlunarvöru, það væri alveg óviðeigandi. Það leiddi náttúrlega af þessari afstöðu til andlegrar verðmætasköpunar, að það þótti löngum og fram undir þessa tíma lítill vegur til veraldargengis að gefa sig að andlegri sköpun. En þetta hefur sem betur fer breytzt, og það er gleðilegt. Og ég held, að menn séu almennt að gera sér gleggri grein fyrir því, að höfundaréttindin eiga ekki að njóta minni verndar og ekki síður verndar heldur en annar eignarréttur. Að vísu er það svo, að það er rétt, eins og hæstv. ráðh. minnti á, að höfundaréttindin hafa þá sérstöðu, að þau eru ekki aðeins fjárhagslegs eðlis, heldur kemur líka þar til greina persónulegur þáttur. En í raun og veru ætti það aðeins að gera þessi verðmæti þess eðlis, að þau ættu að njóta enn fyllri réttarverndar, og það má segja, að þau geri það að nokkru leyti. En að öðru leyti er það svo enn, að það eimir eftir af fyrri skoðunum og þessi réttindi, réttindi til hugverka, eru ekki að öðru leyti sett á bekk með áþreifanlegum verðmætum.

Þetta vildi ég nú aðeins segja og þar með undirstrika það, að ég tel þetta mjög þýðingarmikið mál og því ekki alls kostar viðeigandi, að

það fari alveg hér í gegn við 1. umr. án þess að þm. segi um það nokkur orð. En það er eins og þar stendur og oft er sagt, að úr því að ég er nú staðinn upp á annað borð, þá ætla ég að gera eina aths. við þetta, nánast formlegs eðlis.

Þetta frv. er langt og ýtarlegt og það eru í því mjög mörg vandasöm atriði. Þess vegna er það svo, að það er þörf á því, að því fylgi mjög nánar skýringar og þær fylgdu með frv. þessu, þegar það var lagt fram á sínum tíma árið 1962. Þá fylgdi því ýtarleg grg. og skýringar eftir höfund frv. En ég sakna þess nokkuð, að þessar skýringar fylgja ekki þessu frv. Grg., sem með því er, er mjög stutt og það er aðeins gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. frá 1962, en þar af leiðir, að maður hefur ekki hér við hendina neinn samanburð eða grg. um það, í hverju þetta frv. er frábrugðið hinum gömlu höfundaréttarlögum. Að sjálfsögðu má segja, að það sé auðvelt að finna þetta þskj. og bera það saman, og vafalaust gerir n. það, sem þetta fær til meðferðar. Hins vegar held ég, að það geti orðið í undandrætti fyrir þeim þm., sem ekki eiga nú sæti í þeirri n., að fara að fletta upp á því þskj. frá 1962 og kynna sér það nánar, því að ég held, að sannleikurinn sé sá, að menn geti ekki alls kostar glöggvað sig á þessu frv. og gert sér grein fyrir því nema hafa þær skýringar við hendina. Nú má segja það, að það horfi til sparnaðar að vera ekki að endurprenta langar og ýtarlegar grg., en ég held samt, að það verði að taka tillit til þess, hve langt er síðan þetta frv. eða sú grg. var til meðferðar. Og mér virðist, að þegar svona langur tími er liðinn, eins og hér er, frá árinu 1962, þá hefði verið heppilegra að taka þetta upp og láta það fylgja hér. Þetta má segja, eins og ég sagði, að sé aths. nánast formlegs eðlis.

Ég ætla þó að bæta við annarri aths. eða hugleiðingu, sem lýtur að einu veigamiklu atriði í efni þessa frv., en eins og ég sagði áðan, er það enn þá svo, að að ýmsu leyti er höfundarétturinn takmarkaðri en venjulegur eignarréttur. Þau takmörk koma fram með mismunandi hætti, en að einu leyti hefur það komið fram og kemur fram í þessu frv. með þeim hætti, að gildistími höfundaréttar er takmarkaður, alveg gagnstætt því, sem almennt gerist um eignarrétt. En sú regla er í gildandi höfundaréttarlögum, sem er endurtekin hér í 43. gr. þessa frv., að höfundaréttur helzt unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Þetta er aðalreglan. Sérregla er sett um það, þegar eru fleiri en einn höfundur að einu og sama verki. Þá er miðað við andlát þess, sem lengst lifir. Ég verð að segja það, að mér hefur alltaf fundizt þessi regla óraunhæf. Ég á ákaflega bágt með að skilja þær röksemdir, að höfundaréttur þess manns, sem er svo lánsamur eða ólánsamur að lifa til áttræðis- eða níræðisaldurs, en hefur kannske engin andleg verðmæti skapað eftir þrítugsaldur, að þau verðmæti, sem hann hefur skapað á aldursskeiðinu frá 20—30 ára, skuli njóta höfundaréttar þau 50—60 ár, sem hann hjarir, og 50 ár að auki. En sá höfundur, sem á sama aldri hefur skapað engu minni verðmæti andlegs eðlis, en andast þrítugur, hans höfundaréttarvernd stendur ekki nema 50 ár frá hans andláti. Með öðrum orðum, að höfundaréttarvernd þessa, sem lengur lifir og svona lengi lifir verður um það bil helmingi lengri. Þetta finnst mér ákaflega óeðlilegt. Og mér finnst það ákaflega óeðlilegt að miða svona vernd, ef á að takmarka hana, ekki við verkið sjálft, hvenær það er gert, heldur það, hve maðurinn, sem skapaði það, lifir lengi.

Ég veit vel, að það er höfuðatriði, að höfundaréttarlöggjöf sé í samræmi við þá löggjöf, sem annars staðar er um þetta sett, og veit, að gerðar hafa verið alþjóðasamþykktir um þetta. Og það kann að vera, að í þeim alþjóðasamþykktum sé yfirleitt við þetta mark miðað. Þó hygg ég nú, að það sé eitthvað breytilegt, og þá getur það verið, að það sé erfitt fyrir okkur að haga okkar löggjöf á aðra lund. Þó held ég, að það sé nú yfirleitt miðað við það í þessum alþjóðasamþykktum, að það séu lágmarksskilyrði, sem þar eru sett, en hverju landi sé svo heimilt að setja ríkari vernd heldur en þar er gert. Þetta kann að vera orðið svo fastmótað hér og bundið af einhverjum samningum, sem við erum aðilar að, að ekki sé rétt eða hægt að breyta því. En ég held nú samt, að hv. n., sem þetta fær til athugunar, ætti að íhuga þetta atriði og hvort það er ekki rétt að líta á þetta, — ég vil segja frá skynsamlegra sjónarmiði heldur en mér finnst þetta ákvæði í sjálfu sér byggt á. Það er eðlilegt og skiljanlegt, að höfundaréttarvernd verði að sjálfsögðu að haldast á meðan höfundur lifir. Það finnst mér eðlilegt. En hitt finnst mér þá jafn vafasamt að láta — skulum við segja erfingja eða aðra rétthafa hins — sitja við allt annað borð en þess, sem lengur lifir. Ég skal játa það, að ég hef ekki orðið þess var, að um þetta hafi verið mikið rætt, og ég er satt að segja hissa á því, að höfundar, sem ættu nú eðlilega að hugsa talsvert um þessi mál, hafa, held ég, ekki sérstaklega bent á þetta atriði.

Ég skal svo segja það aftur, sem ég hef sagt áður, að mér hefur því miður ekki gefizt tími til þess að fara ýtarlega í gegnum þetta frv., en það eru áreiðanlega mörg atriði í því, sem nauðsynlegt getur verið að athuga, þó að ég efist ekki um, að frv. sé á allan hátt vel úr garði gert. Þess vegna er auðvitað þýðingarmikið, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, leggi verulega vinnu í það að fara yfir þetta og bera það saman við skýringarnar, sem fylgdu frv. 1962, og kynni sér framvindu þessara mála í öðrum löndum s. l. ár. Og vitaskuld er það svo, að þó að okkur Íslendingum hætti fremur við því, og svo hafi það verið, að við höfum frekar verið sporgöngumenn annarra í þessum efnum, þá sé ég ekki, að það væri neitt athugavert við það, að við tækjum einhver skref í þessum efnum fram úr öðrum þjóðum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess nú þegar við þessa 1. umr. að taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., að það er fagnaðarefni, að þetta frv. er fram komið, og ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa beitt sér fyrir samningu þess. Það hefur engan veginn verið vansalaust nú um alllangt skeið, hversu úrelt að ýmsu leyti sú höfundalöggjöf hefur verið,

sem við höfum búið við. Höfundar hugverka hafa að sjálfsögðu fundið alveg sérstaklega til þessa, og raunar hafa opinberir aðilar gert það öðru hverju. Vafalaust var það vegna þess, þegar menn nokkru fyrir 1960 fundu til þess, að höfundalöggjöfin var orðin úrelt, að þá var hafizt handa um það að endurskoða þá löggjöf. Eins og hæstv. ráðh. sagði, samdi þá dr. Þórður Eyjólfsson mjög rækilega álitsgerð og nýtt frv. til höfundalaga. Ég held, að það hafi legið ljóst fyrir, að ástæðan til þess að það frv. var þá lagt til hliðar eða náði ekki fram að ganga var fyrst og fremst sú, að ýmis ákvæði þess höfðu verulegan kostnað í för með sér og þá e. t. v. alveg sérstaklega fyrir ákveðnar ríkisstofnanir eins og ríkisútvarpið og e. t. v. fyrir fleiri aðila. Síðan hefur þetta legið nokkuð í láginni, enda þótt eigendur margvíslegs höfundaréttar hafi verið mjög óánægðir með það, hversu margir þættir löggjafarinnar um höfundarétt hafa verið orðnir úreltir. En nú hefur verið samið nýtt frv., eða hið fyrra frv. Þórðar Eyjólfssonar endurskoðað og samið nýtt frv., og við fljótlegan yfirlestur sýnist mér, að það sé í mjög mörgum atriðum til mikilla bóta frá þeim höfundalögum, sem í gildi hafa verið, og ég fagna þessu.

Þar sem þetta frv. fer til n., sem ég á sæti í, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að gera mörg einstök atriði þess að umtalsefni á þessu stigi málsins. Það er að vísu miður farið, að þetta frv. skyldi ekki koma nokkuð fyrr fram á þinginu, því að það er svo margþætt og sérhæft að ýmsu leyti og vandmeðfarið, að það gefur auga leið, að það er orðinn skammur tími til stefnu fyrir þá n., sem um þetta kemur til með að fjalla, að gera því rækileg og æskileg skil, ef svo er til ætlazt, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Það má e. t. v. segja, að þetta mál hafi nú beðið svo lengi, að það skipti ekki höfuðmáli, hvort það nær fram að ganga nú á þessu þingi eða á næsta þingi og gæti þá væntanlega fengið rækilegri athugun en hægt yrði að gera nú. En þó býst ég við, að ýmsum, sem eftir réttarbótum hafa beðið ærið lengi, þyki það nokkru máli skipta, að ekki dragist nú mjög úr hömlu að ganga frá höfundalögum, sem segja megi, að séu í samræmi við nútímaviðhorf og nútímasjónarmið, að því er tekur til þessara mikilvægu efna.

Þegar farið er að athuga nánar einstök atriði þessa frv., þá geri ég ráð fyrir, að nokkur vafaatriði komi upp, eins og gengur, þegar um slíka löggjöf sem þessa er að ræða. Ég vil aðeins benda á tvö atriði, sem ég er nokkuð kunnugur, þar sem mér virðist, að n. ætti sérstaklega að huga að, hvort ekki þyrfti að breyta eða bæta nokkuð um ákvæði í frv. Það er annars vegar, að það hefur tíðkazt allmikið á síðari árum, að tveir eða jafnvel fleiri legðu hönd að og væru í rauninni sameiginlegir höfundar bóka, til að mynda á þann veg, að annar segir fyrir eða skýrir ritara frá ævi sinni eða hugsunum, ef um viðtalsbækur er að ræða. Ég hygg, að það þurfi að líta sérstaklega á þetta atriði og setja þar um einhverjar reglur, því að það mun hafa verið svo hér fram að þessu, að þeir menn, sem lögðu til oft á tíðum merkilegt efni til slíkra endurminninga og viðtalsbóka, hafa gjarnan litið eða ekkert fengið fyrir sitt framlag, en riturunum eða skrásetjurunum þá gjarnan verið borgað það, sem á annað borð hefur verið greitt fyrir slíkt. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég tel, að þurfi að hyggja að.

Annað, sem ég gæti aðeins nefnt nú, er það, að mér sýnist í fljótu bragði, að þau ákvæði, sem þarna eru um það, að höfundur bókar geti ekki selt ritið eða verk sitt öðrum útgefanda, fyrr en hið fyrra upplag er uppselt hjá fyrri útgefanda, þurfi nokkurrar endurskoðunar við. Ég veit dæmi þess, að þegar til að mynda er um safnrit að ræða, sem hefur kannske komið út á allmörgum árum, þá getur staðið þannig á, að uppseldur sé meiri hluti safnritsins, en útgefandi eigi þó óseld eitt eða tvö hefti e. t. v. af 5 eða 6 eða 10. Þá tel ég alveg óeðlilegt, að hann geti komið í veg fyrir það, að slíkt ritverk væri gefið út að nýju, og um þetta þyrfti að setja, held ég, nánari ákvæði en þarna eru.

Það eru sem sagt vafalaust ýmis vafaatriði í sambandi við setningu slíkrar löggjafar sem þessarar, sem þarf að líta á, og trúlega þarf málið að fá athugun hjá ýmsum félagssamtökum, sem það snertir alveg sérstaklega. Það þarf þess vegna að gefa sér nokkurn tíma til þess að vinna að þessu máli. Ég legg svo á það áherzlu, að það er orðin brýn nauðsyn, að ný höfundalöggjöf verði sett, og ég lít þannig á, að þetta frv. sé í meginatriðum og í öllum aðalatriðum stórt skref í rétta átt í þessu efni og á því megi alveg tvímælalaust byggja mjög vel viðunandi höfundalöggjöf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík [212. mál] (stjfrv., A. 369).

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gildandi lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík eru frá árinu 1966. Engu að síður er nú orðið tímabært að endurskoða þá lagasetningu. Þess vegna skipaði menntmrn. á s. l. sumri þriggja manna n. til þess að endurskoða lögin, og voru skipaðir í n. þeir Jónas Sigurðsson skólastjóri, formaður, Sigurður J. Briem fulltrúi í menntmrn. og Garðar Þorsteinsson stýrimaður, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Hefur n. þessi samið þetta frv., og er það flutt eins og n. gekk frá því.

Aðalbreytingarnar, sem felast í þessu frv. miðað við gildandi lög, eru fólgnar í því, að felld er niður upptalning á námsefni fyrir einstök próf. Telur n., að slík upptalning eigi betur heima í reglugerð, enda sé nauðsynlegt að hafa svigrúm til breytinga á námsefni í sérskóla eins og Stýrimannaskólanum, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma. Þá er í frv. gerð nokkur breyting á inntökuskilyrðum í skólann. Ákvæðum gildandi l. um almenn inntökuskilyrði er haldið, en í þessu frv. er þess jafnframt krafizt, að umsækjendur hafi lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi. Jafnframt er heimilað að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða hliðstætt próf. Skal námskeið þetta standa í minnst fjóra mánuði og námsgreinar vera stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Á námsefnið að vera miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Standist nemandinn lokapróf þessa námskeiðs með tilskilinni einkunn, veitir það rétt til setu í 1. bekk, ef öðrum almennum inntökuskilyrðum er jafnframt fullnægt. Fram að þessu hafa menn komið í Stýrimannaskólann með mjög misjafna bóklega undirstöðumenntun, allt frá barnaprófi til stúdentsprófs. Þar sem inntökuskilyrði um bóklegan undirbúning hafa fram að þessu ekki verið nein, hefur í aðalatriðum orðið að miða námsefni við þá, sem minnsta undirbúningsmenntun hafa haft. Þess vegna hefur farið of mikill tími í námsefni, sem nemendur hefðu átt að vera búnir að læra í öðrum skólum. Sú skipan, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ætti að geta brúað, a. m. k. að nokkru leyti, bilið milli þeirra, sem misjafnan undirbúning hafa. Við það vinnst, að meiri tími verður til ráðstöfunar fyrir sérgreinar skólans, sem þegar er byrjað að kenna í 1. bekk. Engu að síður verður námið erfitt fyrir þá nemendur, sem takmarkaðan bóklegan undirbúning hafa í stærðfræði, eðlisfræði og tungumálum, svo að aðkallandi er orðið að lengja námstímann fyrir þá og enn fremur að auka námsefnið, bæði fyrir farmenn og fiskimenn.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, eins og ég vona fastlega, er gert ráð fyrir því, að námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar verði samræmt, þannig að sömu skipstjórnarréttindi fáist eftir nám í þessum deildum. Er þessi skipan ráðgerð með hliðsjón af því, að hér á landi eru nánari tengsl milli farmanna og fiskimanna en hjá öðrum þjóðum. Hér er sama skólanum ætlað að mennta báða aðilana, en annars staðar eru yfirleitt sérstakir skólar fyrir hvora aðilana um sig. Ráðgert er, að námsefni og námstími í 2. bekk framhaldsdeildar og 2. bekk fiskimannadeildar verði sá sami, 7½ mánuður, en nú er aðeins um 6 mánaða nám að ræða í 2. bekk framhaldsdeildar, en 7½ mánaðar nám í 2. bekk fiskimannadeildar. Réttindi eru hin sömu, þ. e. a. s. skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, af hvaða stærð sem er og hvar sem er, og skipstjórnarréttindi á kaupskipum allt að 400 rúmlestum í innan- og utanlandssiglingum, eða sams konar og fiskimannapróf upp úr 2. bekk veitir nú. Þá verða undirstýrimannsréttindi á kaupskipum og varðskipum ekki tímabundin, eins og nú á sér stað. Skipstjórnarréttindi á hverja tegund skipa munu þó ekki verða veitt nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi skipategund, þannig að ekki yrðu veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum og ekki réttindi á kaup- eða varðskipum nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim skipum. En til þess að þessi skipun geti komizt á, þarf jafnframt að gera breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 52 frá 1968. Ef þetta frv. nær fram að ganga, mundu væntanlega verða gerðar till. um breytingar á þeim lögum.

Ég held, að allir þeir, sem láta sig Stýrimannaskólann og menntun skipstjórnarmanna nokkru skipta, séu sammála um, að ákvæði þessa frv. séu til verulegra bóta frá þeirri skipan, sem nú gildir. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að hið háa Alþ. taki þessu máli vel og afgreiði það nú þegar á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 369, n. 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 608, hefur menntmn. fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Helztu breytingar á gildandi lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem í þessu frv. felast, eru þær, sem nú skal greina:

1. Að felld er niður úr lögunum upptalning á því námsefni, sem lesa skal fyrir einstök próf í skólanum. Í staðinn er gert ráð fyrir því, að slík upptalning verði framvegis í reglugerð, svo að auðveldara verði að koma við nauðsynlegum breytingum, eftir því sem tækni og breyttar aðstæður að öðru leyti gera æskilegt og nauðsynlegt.

2. Inntökuskilyrði í skólann eru hert nokkuð, en þó á þann veg. að þeir, sem ekki hafa tilskilinn undirbúning, geta öðlazt hann með því að sækja undirbúningsdeild eða námskeið við skólann. Þessi breyting er talin nauðsynleg til þess að auðvelda kennslu í skólanum og gera kleift að auka þar fræðslu í sérgreinum svo sem óhjákvæmilegt er.

3. Með frv. þessu er samræmt námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og fiskimannadeildar á þann veg, að sömu skipstjórnarréttindi fást eftir nám í þessum deildum báðum. Þetta er talið horfa mjög til bóta og því á að fylgja aukin hagkvæmni miðað við þær aðstæður, sem í gildi eru, þar sem það er æskilegt og enda í mörgum tilfellum nauðsynlegt að yfirmenn á skipum geti nokkuð jöfnum höndum starfað á fiskiskipum og farskipum.

4. Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að skipuð verði skólanefnd við Stýrimannaskólann, en slík n. hefur ekki verið þar við þennan skóla til þessa. Eins og ég sagði telur menntmn., að frv. þetta sé til bóta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., sem samþ. stjórnarfrv. óbreytt með shlj. atkv. að fengnum einróma meðmælum hv. menntmn.

Það hefur þótt tímabært að endurskoða gildandi lög um Stýrimannaskólann, þó þau séu ekki ýkjagömul, þ. e. a. s. frá árinu 1966. Meginástæða þess, að rétt þótti að endurskoða lögin nú, er sú, að nauðsynlegt hefur þótt að breyta inngönguskilyrðum í skólann.

Í Stýrimannaskólann koma menn með mjög misjafna bóklega undirstöðumenntun, allt frá barnaprófi eingöngu til stúdentsprófs. Og þar sem inntökuskilyrði um bóklegan undirbúning hafa engin verið, þá hefur orðið að miða námsefnið að verulegu leyti við þá, sem minnsta undirbúningsmenntun hafa haft, og hefur því of mikill tími farið í nám, sem menn ættu að hafa getað verið búnir að læra í öðrum skólum. Þess vegna er nú hert á inntökuskilyrðum og þau ákveðin gagnfræðapróf eða hliðstætt próf auk gömlu ákvæðanna um sjón, heyrn, málfæri og sundkunnáttu og sjúkdóma. Ætti þetta að geta gert það kleift, að skólinn helgaði sig í mun ríkara mæli en nú á sér stað þeim sérgreinum, sem stýrimenn þurfa sérstaklega að hafa kunnáttu í.

Auk þessa er gert ráð fyrir að samræma námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar, þannig að sömu skipstjórnarréttindi fáist að loknu námi í báðum þessum deildum. Þetta er lagt til með tilliti til þess, að miklu nánari tengsl eru hér á landi milli farmanna og fiskimanna en hjá öðrum þjóðum. Hér er sami skólinn bæði fyrir farmenn og fiskimenn, en víðast hvar annars staðar eru sérstakir skólar fyrir farmenn og sérstakir skólar fyrir fiskimenn. Gert er ráð fyrir því, að námsefni og námstími í 2. bekk farmannadeildar og 2. bekk fiskimannadeildar verði framvegis sá sami, 7½ mánuður árlega, en núna er hann 7½ mánuður í 2. bekk fiskimannadeildar, en aðeins 6 mánuðir í 2. bekk farmannadeildar. Réttindin yrðu hin sömu, þ. e. a. s. skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á kaupskipum allt að 400 rúmlestum í innanlands- og utanlandssiglingum, eða sams konar réttindi og fiskimannapróf upp úr 2. bekk veitir nú. Þá er og felld niður sú upptalning á námsefni, sem er í gildandi lögum. Þykir ástæðulaust að hafa ákvæði um *námsefni beinlínis* í lögum, heldur eiga það að vera reglugerðarákvæði.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Geir Gunnarsson: *Herra forseti.* Aðalkosturinn við þær breytingar, sem með þessu frv. er lagt til, að gerðar verði á lögunum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, er að mínum dómi sá, að gert er ráð fyrir að samræmt verði námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar, þannig að sömu skipstjórnarréttindi fást eftir nám í þessum deildum og þeir, sem lokið hafa námi í fiskimannadeild, geta nú, ef þeir kjósa, haldið rakleitt áfram námi í farmannadeild og fengið þau réttindi, sem 3. stig farmanns veitir og 4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins. Áður nýttist þeim, sem tekið höfðu fiskimannapróf, ekki nám sitt á sama hátt, ef þeir kusu að snúa sér að námi farmanna.

Ég tel það líka mikinn kost, að sett séu ákvæði um að gagnfræðapróf skuli verða inntökuskilyrði í 1. bekk Stýrimannaskólans, en um þá ákvörðun geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir. Spurningin er sú, hvort miðskólapróf ætti ekki að nægja, en þá skuli þó jafnframt vera gert ráð fyrir heimild fyrir Stýrimannaskólann að halda námskeið í Reykjavík og á tilteknum stöðum úti á landi fyrir þá, sem ekki uppfylla þetta skilyrði, þannig að þeir, sem stæðust próf á því námskeiði öðluðust rétt til náms við skólann. Hliðstæð ákvæði eru t. d. ekki um iðnskóla, að því er ég hygg.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs við 1. umr. um þetta frv., er þó ekki einkum þessi atriði, sem ég hef drepið hér á, heldur sú brtt., sem ég hef flutt við 15. gr. frv. og er prentuð á þskj. 640. Í upphafi 15. gr. er ákvæði um að undirbúningsnámskeið, svo og námskeið, sem veitir þá fræðslu, sem þarf til þess að standast fiskimannapróf 1. stigs og þar með réttindi til þess að setjast í 2. bekk stýrimannaskóla, skuli skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á Akureyri, Ísafirði og á Neskaupstað, þegar næg þátttaka er að dómi rn. Gert er þannig ráð fyrir, að fáist næg þátttaka, skuli á þessum stöðum halda árleg undirbúningsnámskeið undir 1. bekk og starfrækja 1. bekkjar deildir. Hér er

breytingin frá núgildandi lögum sú, að gert er ráð fyrir, að þessi námskeið séu haldin á hverju ári í stað þess að halda þau annað hvert ár, en þó er að sjálfsögðu sem fyrr áskilið, að þátttaka sé næg.

Brtt. mín á þskj. 640 er sú, að auk þess að sjá fyrir þessu námi á þeim stöðum, sem tilgreindir eru í 15. gr., skuli það einnig gert í Keflavík eða Njarðvík, þegar næg þátttaka fæst. Á Suðurnesjum er, eins og allir vita, fjölmenn sjómannastétt, og jafnan hafa margir ungir piltar stundað nám í Stýrimannaskólanum. Brýn þörf er á að örva unga menn á þessum slóðum að hefja slíkt nám og gera sjómennsku að ævistarfi. Án efa mundu fleiri en ella leggja út á þá braut, ef þeir ættu þess kost að hefja námið á heimaslóðum og stytta þannig um helming, og stundum ríflega það, þann tíma, sem þeir þyrftu að sækja námið til Reykjavíkur. Ég tel ekki ástæðu til að slá því föstu í lögunum, hvort slíkt námskeið fyrir skipstjóraefni á Suðurnesjum yrði fremur haldið í Keflavík eða Njarðvík, hvor tveggja staðurinn kemur til greina. Þar yrðu að ráða hagkvæmnisástæður í sambandi við húsnæði og aðra aðstöðu, sem eðlilegt er að betur yrðu kannaðar. Aðalatriðið er að gefa ungum mönnum á Suðurnesjum kost á þessari námsaðstöðu á heimaslóðum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa till., en ég vona, að sem flestir hv. alþm. geti fallizt á, að hún eigi rétt á sér, og vænti þess, að hv. menntmn., sem fær þetta frv. til athugunar, taki till. vel.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli, að hæstv. menntmrh. lagði til, að þessu frv. yrði vísað til hv. menntmn. Ég minnist þess samt sem áður, að síðast þegar endurskoðun laga þessa skóla fór fram hér á Alþ., þá var málið til meðferðar í sjútvn. d., sem ekki virðist vera óeðlilegt, því að þar eru þó komnir nokkrir þeir menn saman hér úr röðum alþm., sem nokkuð þekkja til sjávar, útgerðar og þessa skóla, en ég efa á margan hátt, að slíkir menn finnist í menntmn. Ed., eftir það að þeir létu þetta frv. fara frá sér óbreytt. En vegna þess að ætla má, að frv. verði vísað til menntmn. hér í hv. d., þá vildi ég gjarnan strax við 1. umr. minnast á nokkur efnisatriði til athugunar fyrir n. Ég vil þó áður minna hv. alþm. á það, að 1963 var samþ. þáltill. hér í Sþ., sem ég flutti ásamt núv. hæstv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinssyni, um endurskoðun laga Stýrimannaskólans o. fl. Í þeirri till. var m. a. drepið á það, sem er staðreynd og virðist eiga að fylgja enn, þótt við samþykkjum þetta frv., en það er, að áfram verði við það búið, að nám nemenda úr þessum skóla sé einskorðað við þessi störf á sjónum, hafandi í huga aðra þá, sem á skipum eru og þurfa fræðslu með vegna síns starfs, að nám þeirra allra nýtist, ef þeir þurfa að leita sér atvinnu í landi, hvort sem er vegna veikinda, slysa eða af öðrum orsökum. Hafandi einnig í huga þá miklu grósku, sem verið hefur í frv. hér á Alþ. í vetur, og þær röksemdir, sem þar m. a. hafa komið fram um það, að svokallaðir flöskuhálsar megi ekki myndast í sambandi við nám nemenda í þessum og hinum skólanum, þá virðist mér orðin brýn ástæða til þess, að einmitt núna gangi Alþ. á undan og sýni verðugt fordæmi í því að gefa þessari stétt manna verðugt tækifæri á því námi, sem menn verða að afla sér í þessum sérskóla, að þeir geti aflað sér í þeim sama skóla menntunar, sem þeim dugi, ef þeir þurfa að fara í atvinnuleit í landi.

Fyrsta ábending mín til hv. menntmn. er í sambandi við 4. gr. Það er eiginlega hlálegt, þegar við erum að tala um betra eftirlit og meðferð á fiski, að þá skuli þarna standa, að það skuli leitazt við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun. Þarna á sjálfsagt að standa: „Skal veita“ — alveg skilyrðislaust, enda hefur sjútvn. þessarar hv. d. í sambandi við frv. um Fiskvinnsluskóla orðað breytingu á því frv. á þann veg, að kennurum Fiskvinnsluskólans verði skylt að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur í Stýrimannaskólanum. Og einmitt í sambandi við þær brtt., þar sem ég var hér að ræða um nýtingu náms þessara manna, ef þeir þyrftu að fara í land, má geta þess, að við breyttum einnig eða leggjum til, að breyting verði gerð á frv. um Fiskvinnsluskólann á þann veg, að þeir, sem lokið hafa prófi úr fiskimannadeild Stýrimannaskólans, geti sleppt fyrsta stiginu, svokallaða undirbúningsstiginu, í væntanlegum fiskvinnsluskólum. En það þarf að ganga miklu lengra. Það eru fleiri en fiskimenn, sem ljúka prófi frá Stýrimannaskólanum. Það á skilyrðislaust að taka inn ákvæði um nútíma verkstjórakennslu hjá þessum skóla, einfaldlega vegna þess að þeir fást ekki eingöngu við meðferð á fiski eða öflun hans eða siglingu skipa. Yfirmenn á skipum eru jafnframt verkstjórar og leiðbeinendur sinna undirmanna í verkum, og þar á móti mætti kannske koma þessum skoðunum, sem ég hef lengi haft um, að það þyrfti að tryggja mönnum þessi réttindi, svo þeir a. m. k. hefðu þau, ef í land þyrftu að fara.

Ég hefði með hliðsjón af þessu viljað sleppa úr 2. gr. ákvæðum um námstíma, en að í reglugerð yrði ákveðið eitthvað um slíkt, ef til þess skyldi koma, að hægt væri að lengja námstímann. Fyrst búið er að taka út úr l. um Stýrimannaskólann, eins og gert er með þessu frv., ákvæðið um, hvað þeir skuli læra, þá fæ ég ekki séð, hvaða ástæða er til að láta standa í l. nákvæmlega, hvaða tíma þeir eigi að vera í skólanum.

Og þá er það ein aths. enn, sem ég vildi gera nú þegar við 1. umr. og beina til menntmn. að athuga. Það er við 14. gr. um skipan skólanefndar. Þar er lagt til, að það verði skipaðir fimm menn í skólanefnd, sem ég tek eindregið undir og hef reyndar lengi mælt með, að verði gert, en samkv. frv. er talað um, að tveir verði skipaðir samkv. tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þetta er alrangt. Ég læt vera, þó að annar maðurinn verði þaðan, en við skulum minnast þess, að meðan allir nemendur þessa skóla eru við nám í skólanum öll sín ár, nema kannske þegar kemur að 4. stiginu, landhelgisnáminu, þá eru þessir menn aðilar að félögum sjómanna og þar með Sjómannasambandi Íslands. Þessir menn eru oft á tíðum á sínum skólaferli að leita til þessara félaga sinna, bæði

um fjárhagslegan styrk og aðra fyrirgreiðslu, þannig að þarna ætti skilyrðislaust annar aðilinn, sem skipaður er af samtökum sjómanna, að vera skipaður af Sjómannasambandi Íslands og hinn þá af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sem bæði tekur við þessum mönnum á seinna stigi sem meðlimum í sínum félögum, fyrir utan það, að það eru líklega fáir aðrir, sem hafa sýnt þessum skóla jafnmikla ræktarsemi og þeir, sem þar hafa farið með stjórn.

Ég vildi aðeins, herra forseti, eins og ég hef þegar tekið fram, benda á þessi atriði og biðja hv. menntmn. að taka þau til athugunar, þegar málið verður tekið fyrir þar.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við afgreiðslu þessa frv. í Ed., þegar það var afgreitt þaðan, en ég vil taka undir þau orð, sem hv. 7. þm. Reykv. lét falla hér um nauðsynlega breytingu, sem að mínu viti þarf að gera á 4. gr. frv. Það er að fella niður orðin „þá skal leitazt við", að það verði alveg skýlaust, að það skal veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að geymslumeðferð fisks um borð í skipum. Þetta atriði er nánast staðfesting á því, sem í raunveruleikanum hefur verið undanfarin ár. Það hefur verið leitazt við að veita þarna takmarkaða fræðslu þó, en okkur ríður ekki á öðru meira í dag í sambandi við fisköflun úr sjó en góðri meðferð á aflanum allt frá því, að hann kemur upp úr sjó og á fiskidekk og þar til hann kemst í hendur neytenda. Einn liðurinn í þessu er sá, að skipstjórar og stýrimenn hafa þarna frumkvæði og því verður síðan að fylgja eftir allt til fullvinnslu fisksins. Þess vegna tek ég mjög undir þá till. hv. 7. þm. Reykv., að orðin „leitazt við" í 4. gr. verði felld niður og þetta verði tvímælalaust, að þarna skuli ákveðin og tiltekin fræðsla veitt. Hún hefur í takmörkuðum mæli, því miður, verið veitt á undanförnum árum — ég vil segja kannske of takmörkuðum mæli, en það hefur verið reynt að veita þá undirstöðufræðslu þarna, sem nauðsynlegust hefur verið talin. En ég tel, að það verði aldrei svo hart gengið eða hart fylgt eftir í þessum efnum, að við megum lina þar nokkuð á frá því, sem verið hefur, heldur bæta þar verulega við.

Ég tek enn fremur undir þá breytingu, sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um í sambandi við aðild að yfirstjórn skólans, og tel eðlilegt, að Sjómannasambandið fái þar annan fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Svo mjög sem nauðsynlegt er, að samstarf sé milli yfir- og undirmanna um borð í hverju veiðiskipi, þá er eðlilegt, að þeir eigi fulltrúa í yfirstjórninni líka til að koma málum sínum fram.

Þessi orð vildi ég láta falla hér, vegna þess að ég gat ekki verið viðstaddur afgreiðslu málsins í hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 640.

---

10. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins [248. mál] (stjfrv., A. 475).

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem frá er skýrt í upphafi grg. þessa frv. um endurskoðun á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá hefur það verið undirbúið af n., sem skipuð var af fjmrn. í janúarmánuði 1967 og hefur verið að málinu unnið síðan. Það skal tekið fram, að alger samstaða er ekki um öll þau atriði, sem frv. fjallar um, þannig að fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa í vissum tilfellum önnur sjónarmið en meiri hl. n., en fyrir þeim sérsjónarmiðum er einnig gerð rækileg grein í grg. frv., þannig að hv. þm. gefst kostur á að átta sig til hlítar á því, hvaða atriði það eru, sem ekki hefur orðið full samstaða um í n. Hins vegar hygg ég, að segja megi, að um öll meginatriði málsins hafi orðið samstaða.

Ég vil taka það fram strax, að hér er um allverulegan lagabálk að ræða, og það er á engan hátt ætlun mín, að þetta mál geti orðið afgreitt á þessu þingi. Hins vegar þótti mér rétt og það væru í rauninni ekki annað en skynsamleg vinnubrögð að leggja frv. fyrir þingið, þannig að hv. þm. gæfist kostur á að láta í ljós skoðanir sínar á því og athuga það eftir atvikum í n. Það mætti þá jafnframt milli þinga koma á framfæri því, sem fram kemur í ræðum manna, við rn. og þá, sem að málinu standa.

Í frv. þessu er mikið af nýmælum, sem stefna að ýmsum og mismunandi markmiðum, eins og getið er um í grg., en segja má, að tilgangurinn sé tvíþættur. Annars vegar sá, að ríkið geti tryggt sér sem hæfasta starfskrafta til að leysa af hendi þau störf, sem nauðsyn krefur í stjórnsýslunni til að framkvæma þá stefnu, sem Alþ. og ríkisstj. marka á hverjum tíma, jafnframt því sem ríkinu sem atvinnurekanda sé gert mögulegt að losna við úr þjónustu sinni starfsmenn, sem ekki reynast dugandi í starfi. En á því eru miklar hömlur, eins og löggjöfin er nú. Á hinn bóginn er það talið meginmarkmið með l., að glögg stefna sé mörkuð um skipti ríkisins og starfsmanna þess, þannig að ljóst sé í eins mörgum tilvikum og kostur er, hvers starfsmenn geta krafizt af ríkinu og hvers ríkið getur krafizt af þeim. Að auki er svo að sjálfsögðu í frv. að finna ýmis önnur atriði, sem ekki falla beint undir þennan meginmarkmið, en sem leiða af eðli þess.

Mikilvægasta breytingin, sem felst í till. meiri

hl. n. — og þá í frv. sem slíku, er sennilega ákvæðin um eðli ráðningar til starfs í þágu ríkisins. Í gildandi l. er gert ráð fyrir, að þau taki til starfsmanns, sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfs. Ljós ákvæði eru í l. um rétt hins skipaða til þess að halda starfi sínu þar til hann kann að brjóta af sér, falla fyrir aldursmörkum eða segja starfi sínu lausu, en gildandi lög marka hins vegar ekki afstöðu til réttar hins setta og hins ráðna starfsmanns með sama hætti og þau taka skýra afstöðu til réttar hins skipaða. Má merkja greinilega tilhneigingu í huga manna til að líta á rétt hins ráðna starfsmanns sem jafngóðan og réttur hins skipaða er samkv. núgildandi l. Sú skoðun styðst ekki við l. að öðru leyti en því, að sami réttur er veittur skipuðum, settum og ráðnum starfsmanni við niðurlagningu stöðu. Frv., sem hér liggur fyrir, er tilraun til að greiða úr þessu, þannig að réttarstaðan, sem fylgir skipun, setningu og ráðningu, er skýrt mörkuð í frv. og ráðning þá miðuð við svipaða aðstöðu og gildir á almennum vinnumarkaði. Er því venjulega gert ráð fyrir uppsögn ráðins manns, ef starf hans er lagt niður, en ekki launagreiðslum eftir að störfum lýkur nema hjá skipuðum mönnum.

Önnur breyting, sem frv. felur í sér, er töluverð vikkun á gildissviði l., þannig að þau taki, eftir því sem við á, til allra starfsmanna ríkisins að því leyti, sem ekki er öðru vísi um samið í kjarasamningum við stéttarfélög, og þá ekki einungis er varðar aðalstarf, heldur einnig að því er varðar aukastarf. Þörf fyrir stefnumörkun af þessu tagi hefur verið augljós. Ekki hefur verið ljóst, heldur nokkuð á reiki, hvernig laun skulu greidd í veikindum fyrir aukastörf, sem föst laun fylgja, hvernig með skuli fara greiðslur við dauða starfsmanns, sem slíku aukastarfi gegnir o. s. frv. Ákveðin hneigð hefur gert vart við sig í þá átt að telja, að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taki ekki til fjölda starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo sem banka og fjárhagslega sjálfstæðra atvinnufyrirtækja. Með frv. er tekinn af vafi um þetta, þannig að l. er ætlað að marka stefnu að því er varðar réttindi og skyldur starfsmanna hjá öllum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins án tillits til stjórnarforms eða fjárhagsaðstöðu þeirra.

Frv. gerir ráð fyrir nýrri tegund af tengslum starfsmanns við ríkið, sem í frv. hefur verið nefnd sérstök skipun. Eins og skipun nú er, er hún alltaf til ákveðins starfs, sem starfsmaður á ævilangt kröfu til að gegna nema tilteknum lögbundnum skilyrðum sé ekki fullnægt. Sú sérstaka skipun, sem frv. gerir ráð fyrir, er hins vegar skipun, sem veitir ævilanga kröfu til að vera í þjónustu ríkisins með tilteknum kröfum, en veitir ekki kröfu til tiltekins starfs, heldur felur hún í sér skuldbindingu um, að starfsmaðurinn gegni hverju því starfi, sem á hverjum tíma er talið ákjósanlegt að fá honum. Miðar þessi ráðstöfun að því að gera virkustu og afkastamestu stjórnendur eða aðra forustumenn í þjónustu ríkisins sem hreyfanlegasta milli starfa og stofnana eftir því, sem þörf krefur, til endurskipulagningar á rekstri eða til umbóta, til starfa að undirbúningi löggjafar, til ráðgjafastarfa fyrir Alþ., ríkisstj. o. s. frv. eftir atvikum. Í því sambandi er rétt að drepa á það, að fram hafa komið þær hugmyndir oft á tíðum, að rétt væri, að ráðning ríkisstarfsmanna væri ekki til æviloka, ef svo má segja eða þar til fullum starfsaldri er náð, a. m. k. ekki í sambandi við ýmsar veigamiklar stöður. Það mál getur að sjálfsögðu einnig komið mjög til álita, og þó að ekki sé gert ráð fyrir því hér í þessu frv., þá tel ég vel þess virði, að það sé íhugað, hvort rétt kunni að vera, að ráðið sé í vissar stöður hjá ríkinu til ákveðins árabils í stað þess, að skipun manna í slíkar stöður nú er þar til fullum starfsaldri er lokið, ef ekkert sérstakt á bjátar. En um þetta atriði er ekki gerð nein till. í frv., en aðeins nefni ég þetta vegna þess, að það hefur á ýmsum vettvangi verið orðað, að slíkur möguleiki ætti að vera fyrir hendi.

Með frv. er gerð tilraun til að mæta þeim vanda, sem nú er fólginn í erfiðleikum við að sannreyna stutt veikindi starfsmanna. Lausnin er í því fólgin, að starfsmenn beri sjálfir ábyrgð á slíkum veikindum, en hafi fjárhagslegan hag af, ef til þeirra kemur ekki.

Gildandi reglur um aðild ríkisstarfsmanna að fyrirtækjarekstri eru með frv. þrengdar og gerðar ákveðnari. Þannig er reynt að marka stefnu í frv., sem kæmi í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra í störfum ríkisstarfsmanns.

Frv. gerir ráð fyrir breyttri stefnu að því er varðar þagnarskyldu. Er þar lagt til, að forstöðumönnum starfsemi á vegum ríkisins sé beinlínis gert að skyldu að veita upplýsingar um einstök málefni, sem stofnunin fæst við, þó svo að ekki séu veittar upplýsingar, sem snerta persónulega hagi manna. Þagnarskyldu hins almenna starfsmanns er hins vegar við haldið. Hér er um það að ræða, sem oft hefur verið fundið að, að ýmsar mikilvægar ríkisstofnanir í landinu séu mjög lokaðar fyrir hinn almenna borgara að fá upplýsingar. Það er gert ráð fyrir því, að með þessum hætti sé opnað fyrir það, þó að það verði að vera með vissum takmörkunum af eðlilegum ástæðum vegna hagsmuna annarra aðila, að hægt sé að fá þær upplýsingar, sem menn þurfa á að halda, og sem eðlilegt sýnist, að borgararnir geti átt kröfu til að fá.

Ég skal ekki reyna tæmandi að telja upp þau mörgu atriði, sem hér er sérstaklega hægt að tala um, að séu nýmæli, en þó aðeins drepa á nokkur fleiri. Það er mörkuð sú stefna, að ráðh. einn setji og skipi í starf nema öðruvísi sé mælt í l., en forstöðumaður stofnunar eða starfsemi ráði starfsfólk að því marki, sem hann hefur heimild hærra setts stjórnvalds eða fjárlaga til. Sömuleiðis er það nýmæli, að gert er lögskylt að gera ráðningarsamning við starfsmann, en á þetta hefur stundum viljað skorta, og hafa starfsmenn oft undan þessu kvartað.

Skylda til að auglýsa starf er nokkuð aukin og bætt inn því nýmæli, að laust starf skuli auglýsa í dagblöðum. Undanþága utanrrn. frá auglýsingaskyldu er samkv. frv. felld niður að mestu. Er þannig gert ráð fyrir, að starf, sem ráða skal í nýráðningu, skuli auglýst að undanskildu starfi forstöðumanns fyrir sendiráði. Ég man ekki gerla, hvort í frv. því um utanríkis-

þjónustu, sem hér liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir óbreyttu skipulagi varðandi þetta atriði, að ekki þurfi að auglýsa störf í utanríkisþjónustunni. En væri það skoðun hv. þm., að rétt væri að taka upp þá reglu, sem hér er lagt til, að þessi undanþága frá auglýsingaskyldu sé felld niður að mestu, þá þyrfti að athuga það atriði, ef það skyldi brjóta í bága við þau ákvæði, sem eru í frv., sem hér liggur fyrir um utanríkisþjónustu.

Gert er ráð fyrir að skipun og setning í starf í þágu ríkisins miðist við inngöngu í fullt starf, þannig að hluti af starfi komi einungis til, þegar starfsmaður er ráðinn. Með þessum hætti væri felld niður heimild kvenna, sem veita heimili forstöðu, til að vinna einungis ⅔ úr starfi, ef þær ætla að halda eða fá skipun. Þessi ákvæði og raunar fleiri eru einungis studd af meiri hl. n.

Það er nýmæli, að kveðið er á um heimild til að veita starfsmanni launalaust leyfi allt að 2 ár og um réttindi og skyldur hans, meðan á slíku leyfi stendur. Sérstakt ákvæði er tekið upp um reglugerðir, sem ráðh. setji um greiðslu og uppgjör á ferðakostnaði starfsmanna, greiðslur fyrir notkun eigin bifreiða, greiðslu fæðiskostnaðar, risnu, flutninga, mötuneytisaðstöðu, heilsugæzlu og þess háttar. Um ýmis þessi atriði hafa þegar verið settar á síðari árum ákveðnar reglugerðir, og um önnur þeirra er það að segja, að það er hin brýnasta nauðsyn bæði af sparnaðarástæðum og skipulagsástæðum, að settar séu ákveðnar reglur, og þar sem ekkert hefur þegar verið ákveðið í því efni, er flest, hvað þessa upptalningu varðar, í athugun hjá rn.

Ýmis ákvæði um orlof eru gerð ýtarlegri og skýrari en verið hefur, enn fremur er tekin upp heimildin til þriðjungi lengra orlofs, ef starfsmaður tekur orlof utan sumarorlofstíma í samráði við yfirmann sinn, en það er nýtt ákvæði. Sömuleiðis er nýmæli um fyrningu orlofsréttar, sem ekki er notað innan tiltekins tíma, en um það vantar ákvæði nú. Tekið er upp ákvæði, sem mælir fyrir um skyldu til að veita starfsmanni lausn frá starfi vegna heilsubrests, er hann hefur verið samfellt frá vinnu tiltekinn tíma. Ákvæði þetta var áður heimildarákvæði.

Breytt ákvæði eru tekin upp um barnsburðarleyfi, þannig að réttur konu til barnsburðarleyfis er takmarkaður við, að konan hafi starfað í þágu ríkisins í eitt ár fyrir barnsburð. Þá er konu ætlaður réttur til að velja á milli fjarveru með fullum launum 13 vinnuvikur eða hálfum launum 26 vinnuvikur, enda er þá gert ráð fyrir, að konan komi til starfa, eftir að leyfi er lokið. Á þessu sviði er upp tekið það nýmæli, að gert er ráð fyrir, að kona, sem gegnt hefur starfi í þágu ríkisins í 5 ár eða lengur og hættir síðan störfum vegna barnsburðar, skuli fá greidd laun fyrir 3 mánuði, frá því hún hættir störfum, þótt hún komi ekki aftur til starfa.

Hér að framan var getið stefnubreytingar, að því er varðar hugsanlegan hagsmunaárekstur hjá ríkisstarfsmanni í skiptum við fyrirtæki utan ríkisrekstrarins. Meðal ákvæða um þetta efni er skýrt ákvæði um, að starfsmanni ríkisins sé óheimilt að eiga hlut að ákvörðun á vegum ríkisins um meiri háttar viðskipti við fyrirtæki, þar sem hann á hagsmuna að gæta, með hverjum hætti sem það er.

Þá eru sett allvíðtæk ákvæði í frv. um skyldu starfsmanna til að hlíta tilfærslu milli starfa innan stofnana eða milli stofnana, ef slík ráðstöfun telst æskileg. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða, ef um er að ræða, svo sem hefur komið fyrir nú að undanförnu, að verið hafi uppi till. um það að leggja niður stofnanir eða spara allverulega mannahald í stofnunum, en í vissum tilfellum hefur þetta rekið sig mjög á þau réttindi eða réttara sagt þær hindranir, sem eru á því, að hægt sé að flytja starfsmenn á milli starfa.

Afdráttarlaust er tekin afstaða til þess í frv., að starfsmanni skuli veitt lausn frá störfum fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að hann verður 70 ára að aldri, en þetta hefur nokkuð verið á reiki, og hefur raunar í mörgum tilfellum skapazt sú venja, að starfsmaður, sem verður sjötugur á almanaksárinu, geti gegnt störfum til ársloka. Í rauninni er ekkert eðlilegt að miða þar sérstaklega við almanaksár, en þannig hefur þetta orðið í reynd. Ég tel, að það sé ákaflega óheppilegt að hafa ekki um þetta fastmótaðar reglur til þess að losna undan öllum þrýstingi á að fá að sitja í embætti sínu svo og svo lengi, eftir að þessu 70 ára aldursmarki er náð, hvað sem um það má að öðru leyti segja.

Þá er tekin hér upp heimild fyrir yfirmann til að veita starfsmanni, sem ekki hefur látið segjast við áminningu, lausn um stundarsakir án launa, ef hann gerir sig sekan um ákveðnar yfirsjónir. Er gert ráð fyrir, að slíkum viðurlögum sé beitt, áður en viðkomandi starfsmanni er vikið úr starfi að fullu. Tekið er upp afdráttarlaust ákvæði um, að starfsmanni skuli víkja úr starfi, ef hann reynist hafa framið brot í starfi gegn almennum hegningarlögum, svo sem fjárdrátt, misnotkun aðstöðu, skilasvik, ranga upplýsingagjöf eða hilmingu yfir eða hlutdeild að slíku broti án tillits til, hvernig því máli er lokið.

Gert er ráð fyrir nýmælum um samstarfsnefndir starfsmanna með stjórnendum stofnana og fyrirtækja ríkisins og sömuleiðis samstarfsnefnd fjmrh. með heildarsamtökum ríkisstarfsmanna til þess að koma í veg fyrir vandræði í skiptum starfsfólks og stofnana með því að eyða misskilningi og fjalla um ágreiningsmál. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða, sem oft hefur verið rætt um og er mörkuð með þessu stefna varðandi ríkið um þetta atriði að koma á slíkum samstarfsnefndum. Ég er í engum vafa um það, að með þessu er hægt að girða fyrir margvíslega árekstra, og jafnvel væri hægt að stuðla að betri skipulagningu á starfi fyrirtækja ríkisins og stofnana, ef þessu skipulagi væri á komið.

Varðandi atriði, sem ég gat um áðan, um brottvísun opinbers starfsmanns, ef hann gerist sekur í þátttöku í vissum brotum, sem þar eru nefnd, þá er þar einnig um að ræða mikilvægt atriði, sem ég tel nauðsynlegt, að sé skýrt kveðið á um í þessum l., vegna þess að atvik hafa komið fyrir hvað eftir annað, þar sem um þetta hefur komið upp vafi, og stundum verið fylgt mismunandi reglum um þetta atriði varðandi starfsmenn, þar

sem þetta fellur undir hin ýmsu rn. Það er þess vegna mjög mikilvægt til að forðast alla mismunun starfsmanna að þessu leyti, að ákvæði um þetta sé sett, og ég álít, að það verði að gera meiri kröfur til opinberra starfsmanna heldur en annarra manna í þjóðfélaginu um það, að þeir séu ekki þátttakendur í slíkum brotum, sem hér eru nefnd.

Ég held, herra forseti, að ég hafi drepið á helztu atriðin, sem máli skipta og má segja, að séu nýmæli í þessu frv. eða séu þess eðlis, að það séu settar um þau ákveðnari reglur heldur en áður hafi gilt. En eins og hv. þm. sjá, er hér um svo mörg atriði að ræða og svo margar nýjar reglur, sem lagt er til að lögfesta — ýmist er um það, eins og ég sagði, algert samkomulag milli nm. eða þá að talinn er ágreiningur um þau, einkanlega við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem á sæti í n. — að það er ljóst, að það þarf mikla vinnu og athugun á þessu frv., áður en hægt er að lögfesta það og því tel ég það vera eitt af þeim málum, sem sé mjög æskilegt, að sé lagt fram á þingi, áður en ætlunin er að lögfesta það, svo að menn hafi rúman tíma til þess að íhuga það, bæði á því þingi, sem það er lagt fram á, og þá ekki síður á milli þinga og hafi þá markað sér skoðun um einstök atriði þess, þegar það kemur aftur til meðferðar næsta þings.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu sé vísað til 2. umr. og að því er ég hygg til hv. fjhn. Ég hygg, að hún hafi haft með starfsmannamál ríkisins að gera.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er allmikið að vöxtum. Því var nú útbýtt fyrst í gær, og þess vegna hefur ekki unnizt mikill tími til þess að athuga það nákvæmlega. Það væri náttúrlega æskilegt, að þm. veittist kostur á því að kanna nokkru betur mál sem þetta, áður en það er tekið til 1. umr., af því að það er nokkurs um vert, að það geti komið fram aths. við 1. umr. málsins, sem n. getur þá tekið til athugunar. En ég mun hér gera aðeins örfáar aths., sem hafa komið í hugann við fljótlegan yfirlestur frv., en það verður ekki um að ræða af minni hálfu neinar tæmandi aths. við þetta mál. Vel má vera, að það, sem ég segi, beri þess merki, að mér hefur ekki unnizt tími til þess að lesa þetta nógu rækilega og þá bið ég fyrirfram velvirðingar á því.

Ég fagna því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki ætlunin, að þetta frv. yrði afgreitt á þessu þingi, heldur væri það lagt meira fram hér til sýnis og athugunar, en síðan biði endanleg afgreiðsla þess næsta Alþ. Ég held, að þetta séu laukrétt vinnubrögð og ég held vissulega, að það sé margt í þessu frv., sem þarf athugunar við.

Það er nú svo, að l., sem nú gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38 1954, voru nýsmíði á sínum tíma. Löggjöf um opinbera starfsmenn hafði verið mjög í molum áður. Það hafði verið löggjöf um ýmsa gamla embættismannaflokka, en það má segja, að löggjöfin hafi ekki fylgzt með í þeim efnum, vegna þess að það höfðu komið til margir nýir starfshópar, sem eðlilegt var, að nú hlytu að gilda að ýmsu leyti aðrar reglur um en hina gömlu hefðbundnu embættismenn. Þess vegna var lagasetningin frá 1954 um starfsmenn ríkisins, réttindi þeirra og skyldur, vissulega tímabær. Það var hins vegar eðlilegt, að það kæmu í ljós ýmsir agnúar á þeirri löggjöf, þar sem hún var, eins og ég sagði áðan, nýsmíði. Sjálfsagt hefur að ýmsu leyti komið í ljós við framkvæmd þeirra l., að þörf væri á rækilegri reglum um ýmis atriði og eins hitt, að það væri ástæða til þess að haga vissum atriðum á annan veg heldur en í þeim l. segir. Þess vegna er það mjög eðlilegt, að þessi lög hafa verið tekin til endurskoðunar.

Eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, eru allmörg nýmæli í þessu frv., þó að það sé svo líka auðvitað að verulegu leyti endurtekning á ákvæðum gildandi löggjafar, þó að því viðbættu í sumum greinum, að það hafa verið tekin upp í frv. ákvæði, sem áður voru í reglugerðum, og gerð þá kannske fyllri í frv. en í reglugerðum eins og t. d. ákvæðin um orlof og veikindaleyfi. Ég efast ekki um, að ýmislegt af þessum nýmælum er til bóta, en hins vegar held ég, að þar sé líka að finna nýmæli, sem eru mjög vafasöm, svo að ekki sé meira sagt. En ég held, að þau séu mjög náin tengsl á milli l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og löggjafarinnar um kjarasamninga og það svo náin tengsl, að ég held satt að segja, að það væri mjög eðlilegt, að ég ekki segi nauðsynlegt, að endurskoðun þessara laga héldist nokkuð í hendur.

Það er vitað mál og margyfirlýst, að löggjöfin um kjarasamninga þarfnast endurskoðunar, og hún hefur, ef ég man rétt, verið í nefndum, sem um hana hafa átt að fjalla og hana hafa átt að endurskoða, og alkunnugt er, að uppi eru af ýmissa hálfu óskir í sambandi við þá endurskoðun og löggjöf. Þær óskir sumar hverjar komu reyndar strax fram við setningu löggjafarinnar um kjarasamninga, eins og t. d. óskin frá Bandalagi háskólamanna um það að fá aðild að kjarasamningum. Þá þótti nú ekki fært að verða við þeirri ósk, og auðvitað er það skiljanlegt frá sjónarmiði ríkisins, að það er þægilegra að hafa einn aðila til þess að semja við. Það er alltaf þægilegra í samningum. Það þætti kannske þægilegra í öllum vinnusamningum að hafa bara einn aðila, sem gæti samið fyrir hönd allra stéttarfélaga í landinu, en ég er ósköp hræddur um, að það yrði skrýtið upplit á sumum meðlimum stéttarfélaga, t. d. ef það ætti að lögbjóða það, að Alþýðusamband Íslands skyldi hafa rétt til þess að semja fyrir þá alla og fara með umboð fyrir þá alla.

En þessi háttur var nú hafður á, þegar löggjöf um kjarasamninga var sett, að það var einum aðila, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, veitt samningsaðild fyrir alla starfsmenn ríkisins, enda þótt það liggi í augum uppi, að þar er um ákaflega mislita hjörð að ræða.

Það þarf ekki að rekja það hér, og ég ætla ekki að fara að eyða orðum að því, að þær kröfur hafa verið uppi og þær raddir hafa gerzt æ háværari, að það þyrfti að gera breytingu á þessu skipulagi. Sérstaklega hefur það verið Bandalag háskólamanna, að ég held, sem hefur sótt á um það að verða viðurkenndur samningsaðili í kjara-

samningum. Ég held, að sú krafa þess sé skiljanleg og eðlileg, og ég fyrir mitt leyti dreg það mjög í efa, að það verði stætt á því í framtíðinni að ætla að halda við það skipulag, að aðeins einn aðili verði löggiltur sem samningsaðili fyrir alla opinbera starfsmenn. En auðvitað er það meginbreyting varðandi stöðu ríkisstarfsmanna, ef gerð verður breyting á því skipulagi og horfið frá þeirri skipun sem gilt hefur. Launakjörin og kjarasamningarnir eru náttúrlega eitt meginatriði í réttarstöðu opinberra starfsmanna, og þess vegna held ég, að það væri eðlilegt að skoða þessi tvö mál eða tvenn lög samtímis. Og ég held, að það verði enn nauðsynlegra, þegar það er haft í huga, hverjar breytingar eru fyrirhugaðar í þessu frv., sem hér liggur fyrir, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en mér virðist, að tilhneigingin í því sé að sumu leyti sú að hverfa frá þeirri sérstöku stöðu, sem lengst af hefur verið talið, að starfsmenn ríkisins nytu, og setja þá fremur á bekk með almennum vinnuþegum. Ég fæ ekki betur séð en ýmis ákvæði í frv. beri því vitni, að þessi sé tilhneigingin, t. d. ákvæðin varðandi ráðningu o. fl., sem kemur fram í þessu frv.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því markmiði, sem stefna hefur átt sérstaklega að með þessu frv., og það er raunar skýrt tekið fram hér í aths. við þetta frv. Það má segja, að þar sé lögð áherzla á tvö meginatriði. Það er í fyrsta lagi það, að ríkið tryggi sér þá hæfustu starfskrafta til þess að leysa af hendi þau mikilvægu störf, sem stjórnsýslunni er ætlað að inna af hendi, og til að framkvæma, eins og þar segir, þá stefnu, sem Alþ. og ríkisstj. marki á hverjum tíma, jafnframt því, sem ríkinu sé gert mögulegt að losna við úr þjónustu sinni starfsmenn, sem ekki reynast dugandi í starfi. Í öðru lagi það að kveða sem gleggst á um samskipti á milli ríkisins og starfsmanna þess, þannig að sem minnst óvissa þurfi þar um að ríkja. Þessi markmið eru góð. En ég held, að það hefði verið full ástæða til að minna á þriðja atriðið þarna, sem ég tel, að eigi að vera markmið góðrar stjórnsýslu og góð stjórnsýsla eigi að vera byggð upp einnig með það fyrir augum. Ekki vil ég draga úr því, að stjórnsýslan þurfi að vera effektiv eða skilvirk. Það er auðvitað höfuðatriði, og það markmið er réttilega sett hér fram sem nr. eitt. En annað atriði þarf jafnframt að hafa í huga, og það er réttaröryggi, réttaröryggi einstaklingsins, sem þarf að eiga skipti við stjórnsýslumennina og þarf að eiga málefni sín undir stjórnsýslumönnum. Það snertir í raun og veru stöðu starfsmannanna, af því að það, hvernig staða þeirra er, hversu örugg, hversu sjálfstæð o. s. frv., getur haft sitt að segja í sambandi við það, hvers réttaröryggis einstaklingarnir mega vænta í samskiptum við stjórnsýslumennina, t. d. að því er varðar mýmarga úrskurði, sem stjórnsýslumenn þurfa að kveða upp og margvíslegar ákvarðanir, sem þeir þurfa að taka, sem eru mjög þýðingarmiklar í nútímaþjóðfélagi og varða hagsmuni einstaklinganna oft ákaflega mikið. Þess vegna skiptir það auðvitað meginmáli, að það sé reynt að tryggja sem bezt, að það gæti hlutlægra sjónarmiða hjá stjórnsýslumönnunum. Ég er ekki að segja, að það sé í þessu frv. neitt, sem bendir í aðra átt. En ég bara skýt þessu fram sem höfuðmarkmiði við þessa lagasetningu, og að það hefði nú kannske ekki sakað í sumum tilfellum, að höfundar frv. hefðu haft það ríkt í huga.

Þetta vildi ég nú segja almennt, en svo ætla ég að gera nokkrar aths. við einstök ákvæði í þessu frv. En þær eru, eins og ég áðan sagði, auðvitað byggðar á mjög fljótlegri athugun.

Um 1. gr. er það að segja, að þar er skilgreint til hverra þessi lög taki, og sú skilgreining er að sumu leyti skýrari en sú skilgreining, sem nú er í lögum, og hún er viðtækari. Það er auðvitað til bóta að því leyti til, sem þessi skilgreining er skýrari en í núgildandi lögum. Það er auðvitað mjög til bóta, að það sé tekið skýrt fram, til hverra l. er ætlað að ná. Það eru felld niður skilyrði, sem eru í núgildandi lögum eins og það, að maður gegni starfinu gegn föstum launum og starfið sé hans aðalstarf o. s. frv., og nú aðeins sett sem mark á þessu starfi, að það sé unnið í þágu ríkisins. Þar með er skorið úr heldur vafasamri réttarframkvæmd, sem ríkt hefur, að t. d. stórar ríkisstofnanir eins og bankarnir hafa talið sig vera undanþegna þessari löggjöf. Það liggur nú ljóst fyrir og skjalfest, að það var ekki ætlun þess höfundar, sem samdi l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í upphafi, heldur var einmitt ætlazt til þess, að bankastarfsmenn féllu þar undir, og þeir falla undir skilgreiningu þá, sem er í l., en framkvæmdin hefur nú orðið á hinn veginn að mér skilst, að þeir hafa ekki talið sig vera setta undir þessi lög. Nú eru tekin af þarna öll tvímæli um það, að þeir eiga að komast undir þessi lög og allir starfsmenn allra ríkisstofnana. Þetta tel ég til bóta og er þessu sammála. Þar segir líka, að þarna komi undir starfsmenn sameignarfyrirtækja með ótakmarkaðri ábyrgð, þar sem ríkið á meira en helming. Þetta er sjálfsagt líka eðlileg regla, en þrátt fyrir þetta býst ég nú við því, að það geti risið ágreiningur í ýmsum tilfellum um það, hvort starfsmaður falli þarna undir eða ekki.

Það er ekki alveg ljóst fyrir mér, þó að það sé nú fellt niður þetta skilyrði, að þetta sé aðalstarf, hvort það sé meiningin, að hvers konar nefndarstörf, hvers konar ráðunautastörf, hvers konar aukastörf, sem um getur verið að ræða og unnin eru í þágu ríkisins, komi undir þessi væntanlegu lög. Enn fremur má segja, að það geti verið spurning um það, hvort ástæða sé til þess að gera þarna greinarmun á sameignarfyrirtækjum með ótakmarkaðri ábyrgð og hlutafélögum, sem ríkið kynni að eiga meiri hl. í, ef það félagsform væri valið frekar, en það félagsform virðist nú vera mjög í tízku. Þá segir í þessari gr. og það er í rauninni ekki nýtt, að ákvæði l. taki ekki til starfsfólks að því leyti, sem kaup þess og kjör fari eftir kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda. En það kemur í því sambandi í hug manns dómur, sem er alveg nýbúið að segja frá, um stöðu vélgæzlumanna hjá Landsvirkjun. Það getur verið spurning um það, finnst mér, hvort þeir starfsmenn komast undir þetta ákvæði eða ekki, og ég hygg, að það geti verið ýmis fleiri tilvik þannig, að þar leiki vafi

um. Þrátt fyrir þetta, sem þarna hefur verið reynt að kveða á skýrar en áður, þá held ég, að þetta sé ekki alveg endanlega skilgreint þannig, að ekki leiki neinn vafi á.

Þá er það 2. gr. frv. Þar er um verulega formlega breytingu að ræða frá því, sem talið hefur verið gilda. Til þessa hefur það verið talið, að réttarsamband starfsmanna ríkisins byggðist á stjórnarathöfnum en ekki samningi — að skipun og setning í ríkisstarf væri stjórnarathöfn, þó að umsókn starfsmanns þyrfti til að koma. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir því, að þar lægi neinn samningur til grundvallar, enda er ekki svo í raun og veru, því að þau kjör, sem starfsmaður gengur að, eru að nær öllu leyti fyrirfram ákveðin í l. En þarna er tekið upp þetta orðalag, sem ég fyrir mitt leyti dreg í efa, að sé til bóta og gefi réttari mynd af því, sem hér raunverulega er um að ræða, að það er talað um, að skipun starfsmanns til að gegna starfi í þágu ríkisins sé samningur. Það hefur ekki verið talað um slíkt hingað til.

Í gr. 2.2 er líka sagt: „Setning í starf í þágu ríkisins er samningur". Þetta vildi ég aðeins nefna. Það má segja, að þetta sé ekki neitt meginatriði, hvaða heiti er haft á þessu. Aðalatriðið er auðvitað, að ef l. ákveða réttarsambandið, þá fer það auðvitað eftir því, og má segja, að það skipti svo sem ekki höfuðmáli, hvernig það er skilgreint að öðru leyti. En það, sem ég vil aðallega gera aths. við varðandi þessa 2. gr. er um setningu. Það hefur því miður tíðkazt hér nokkuð mikið og nokkuð lengi, að menn hafa verið settir í stöðu eða starf og það eiginlega í hvers konar stöðu, sem um hefur verið að tefla, og þessi setning hefur stundum staðið árum, vonandi ekki áratugum saman, en árum saman hefur hún staðið. Það liggur í augum uppi, að á meðan svo hefur verið, hefur staða þessa starfsmanns eða embættismanns, sem settur hefur verið, verið óviss. Það hefur almennt verið litið svo á, að ég held, að þetta væri mjög óheppilegt. Og þetta skipulag hefur verið gagnrýnt, að það væri hægt að hafa menn setta í embætti og störf, svo að árum skipti. En það er enn gert ráð fyrir þessu í 2. gr. Að vísu er það svo, og það er nú reyndar til bóta, að það er gert ráð fyrir því, að eftir að maður hefur verið settur í starf í eitt ár, eigi hann rétt á því að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá skipun. Það má segja, að þetta sé góðra gjalda vert. En mér sýnist að öðru leyti allur andinn í gr. vera sá, að hún gerir ráð fyrir því, að það geti tíðkazt hér eftir sem hingað til og ekki síður, að menn séu settir í embætti og störf árum saman. Það hefur verið talað um það, að maður hafi verið settur í starf í 4 ár. Það er verið að tala um það í gr., að maður hafi verið settur í starf í 10 ár. Ég held, að þarna sé farið öfugt að að vera að benda á þetta og vera að ýta undir þetta. Ég held einmitt, að í þessari væntanlegu löggjöf eigi að taka skýra afstöðu til þess og marka það alveg hreint og afdráttarlaust, að setning eigi ekki að standa nema mjög skamman tíma og eigi ekki að eiga sér stað nema í undantekningartilfellum. Mér finnst, að sumt í þessu sé líka dálítið einkennilega upp sett. Þarna er talað um það, að maður, sem hefur verið settur í 10 ár, skuli öðlast rétt sem skipaður maður, og af því, sem á undan hefur farið, verður það ekki skilið á annan veg en þann, að hann þurfi þá ekki lengur að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um sérmenntun og annað, sem segir í gr. 5.15. Það má vera, að þetta sé ekki alls kostar óeðlilegt að leggja þarna svona langa starfsreynslu til jafns við þá sérmenntun, sem í öndverðu hefur ekki verið krafizt. Það má vera, að það geti átt rétt á sér, en ákaflega finnst mér þetta óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að maður hafi verið settur svona í 10 ár, og hann ávinni sér þá þessi réttindi með því að vera settur svona lengi. Nú bið ég enn afsökunar, ef ég skyldi misskilja þetta, af því að ég hef ekki enn getað lesið þetta nægilega rækilega. En meginatriðið er, að það á í löggjöf að tímabinda setningu, það á að útrýma þeim slæmu háttum, sem hafa tíðkazt hér á landi í þessu efni og setja því alveg fastar skorður. Það kann að vera, að í einstaka tilfellum geti verið eitthvað erfitt að tímabinda það, en ég held þó, að það eigi í öllum tilfellum að vera hægt að gera það.

Það má segja, að ég sé kominn að því ákvæði, sem virkilega gaf mér tilefni til þess að standa upp og gera aths. við, og það er 3. gr. Þar er um nýmæli að ræða, sem n., sem frv. hefur samið, virðist gera æði mikið úr. Það er um það að ræða, sem hún kallar sérstaka skipun, og hún segir í grg., að þegar nánari skilyrði eru fyrir hendi, sem þar segir, þá megi skipa mann, án þess að hann sé skipaður til þess að gegna nokkru sérstöku starfi. Það má bara skipa hann og svo getur ráðh. fært hann til eftir því, sem henta þykir. Starfsmaðurinn á ekki kröfu á því að vinna neitt ákveðið starf, og ráðh. getur sent hann til þeirra endurreisnarstarfa, sem hann vill. Það er lögð sérstök áherzla á það, að þetta muni verða notað til þess að endurreisa og byggja upp fyrirtæki og eitthvað slíkt, endurskoða rekstur og koma honum í betra horf en verið hafi. En þessa skipun eigi ekki aðrir að hljóta en þeir, sem hafa sýnt í verki viðtæka þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu og fræðistarfa. Svo má, þegar starfsmaður hefur verið í þessu farandsembætti, veita honum hvaða embætti sem er án undanfarandi auglýsingar, skilst mér.

Ég er þessu nýmæli algerlega andvígur. Ég hef nú deilt á þessa hæstv. ríkisstj., og það hefur oft áður verið deilt á ríkisstjórnir á hverjum tíma fyrir það, að þær umbunuðu sínum gæðingum með því að fela þeim ýmis störf, aðallega nefndastörf og bitlingastörf, sem kölluð hafa verið. En ég held, að með ákvæði sem þessu væri opnuð óeðlileg freisting fyrir hvaða ríkisstj. sem er til þess að umbuna mönnum, sem hún hefur að vísu traust á, og setja þá á þennan hátt í starf — skipa þá, án þess að þar sé um nokkurt ákveðið starf að ræða. Ég felli mig ekki á neinn hátt við slík heimildarákvæði, og ég tel þetta hina mestu fjarstæðu. Þó er líklega betra fyrir mig að tala varlega um þetta, því að ekki hafa þeir góðu menn þarna sett þetta út í bláinn — nei, ekki aldeilis. Það stendur í aths. við 3. gr., að þetta ákvæði sé efnislega sniðið eftir þeim hugmyndum um „Senior Civil Service", sem nefnd

nokkur, Commission on Organization of the Executive Branch of the Government, svokölluð Hoover-nefnd, hver sem það hefur nú verið, setti fram árið 1955 í till. til Bandaríkjaþings. Svo kemur nú að vísu rúsínan í pylsuendanum — hugmyndin var ekki innleidd þar. Ja, hún ríður ekki við einteyming, þessi tilhneiging, sem er hér ákaflega rík í mönnum að apa allt eftir öðrum. Ég hefði satt að segja haldið, að aðstæðurnar væru talsvert aðrar í Bandaríkjunum en hérna, þannig að þó að einhverri nefnd þar hafi dottið í hug að setja upp þetta skipulag, þá finnst mér það nú svona fullfrjótt ímyndunarafl að fara að taka það upp hér. Ég held, að við verðum að vara okkur á því, að taka allt á öllum sviðum allt of mikið eftir öðrum. Ég held, að við þurfum að temja okkur meira þann hugsunarhátt, bæði á sviði stjórnsýslu og öðrum sviðum, að laga okkar kerfi eftir okkar aðstæðum, eftir okkar þörfum og eftir okkar reynslu. Og ég held, að miðað við okkar þarfir og okkar reynslu, þá eigi skipun, eins og hér er gert ráð fyrir, ekkert erindi inn í okkar stjórnsýslukerfi.

Það má segja, að það sé gott eitt, sem vakir fyrir höfundum þessa frv., eins og sjá má af aths., sem koma hér fram, þar sem þeir segja það, að skipun slíkra starfsmanna í þjónustu ríkisins mundi gera mögulegan meiri og æskilegri hreyfanleik í miðstjórn ríkiskerfisins en nú er ríkjandi, og að því marki beinist frvgr. — í þá átt að virkja þau auknu afköst, frumkvæði og ímyndunarafl sem tilbreyting í störfum leiðir til. Sjálfsagt hefðu ýmsir starfsmenn hins opinbera gott af því að tileinka sér meira ímyndunarafl. Ég gæti t. d. ímyndað mér það, að það mundi ekki saka, að bankastjórar færu að temja sér öllu meira ímyndunarafl en maður verður stundum var við. En ég held, að þetta eigi ekki við hér heima, og ég er algerlega andvígur þessari 3. gr. Og það er, eins og ég sagði, höfuðástæðan til þess, að ég stóð hér upp og fór að gera aths. við þetta núna. Ég tel þetta ákvæði alveg fráleitt. Ég tel, að þar væri opnuð leið fyrir óhlutvanda ríkisstj. til þess að hygla óeðlilega sínum gæðingum og fylgismönnum. Og þetta er enginn neyðarkostur, sem þessir menn, sem eiga að fá þessa sérstöku skipun, eiga að sitja við, því það er sérstaklega tekið fram, að þeir eiga að hafa launakjör ráðuneytisstjóra. Minna má nú ekki gagn gera.

Viðvíkjandi 6. gr., þá má segja það, að hún undirstrikar þá reglu, sem nú er í lögum, að opinbert starf skuli auglýsa. Það er ekki nema gott eitt um það að segja að setja nánari reglur um það efni, og þess er þá að vænta, að eftir því verði farið, ef það verður að lögum. En þrátt fyrir þá reglu, sem um þetta gildir samkv. núgildandi lögum, þá má það undarlegt heita, ef ekki er sett eða ráðið í fleiri störf en þau, sem maður sér auglýst í Lögbirtingablaði laus til umsóknar. Ég held því miður, að það hafi orðið í framkvæmdinni verulegur misbrestur á því, að farið væri eftir þessum ákvæðum um auglýsingu. Þess vegna er vissulega þörf á því að undirstrika það, og ég er því sammála. Af því, sem sagt hefur verið áður, t. d. um það, að þessi lög taki til banka, þá liggur það auðvitað í augum uppi, að stöður og störf í bönkum eiga hér eftir að lúta þeim reglum, sem í þessum lögum segir, að þau á að auglýsa, og þar eru engir undanteknir. Eftir þessu frv. á, skilst mér, að auglýsa t. d. bankastjórastöður. Ég sé ekki, að það sé gerð nein undantekning um þær, og ég er því alveg sammála.

Hins vegar held ég, að það ákvæði, sem segir þarna í 6.5, sé dálítið varhugavert, ekki fyrir þá sök, að ég vantreysti hæstv. fjmrh., en þar er fjmrh. sagt heimilt í samráði við hlutaðeigandi fyrirsvarsmenn starfsmanna að undanskilja tiltekin störf auglýsingaskyldu. Ég held, að það eigi ekki að vera að opna fyrir svona smugur. Ég held, að það sé hætta á því, að það verði sótt á fjmrh. hver svo sem hann verður, að nota svona heimild, og ég held, að það sé mjög óskynsamlegt að vera að hafa svona undanþágumöguleika.

Ég hef síður en svo á móti því, að þessi lög séu látin taka til starfsmanna utanríkisþjónustunnar að því leyti, að þau störf eigi að auglýsa. Að vísu gilda sérstakar reglur samkv. þjóðaréttinum um forstöðumenn sendiráðanna, og þeir eru líka undanþegnir hér. En mér skilst þá, að samkv. þessu ákvæði eigi hér eftir að auglýsa allar stöður í utanríkisþjónustunni aðrar en stöður sendiherra eða forstöðumanna sendiráða. Það eigi t. d. að auglýsa lausa ráðuneytisstjórastöðu í utanríkisráðuneytinu, það eigi að auglýsa lausa til umsóknar stöðu skrifstofustjóra þar, deildarstjóra o. s. frv. og svo auðvitað fulltrúa, sem erlendis starfa. En þó er rétt að geta þess, að þessi skilningur minn, sem mér virðist vera nokkuð augljós eftir orðalaginu á þessari 6. gr., fær kannske ekki með öllu samrýmzt þeim ráðagerðum, sem eru í aths. við 6. gr., en þar segir svo með leyfi hæstv. forseta í niðurlagi:

„Er því gert ráð fyrir, að stöður, sem losna innan utanríkisþjónustunnar án þess að um starfsmannafjölgun sé að ræða, verði auglýstar innan utanríkisþjónustunnar, en um nýráðningar fari með sama hætti og önnur störf í þágu ríkisins.“

Ég sé ekki beint staf fyrir því þarna, að það eigi ekki að auglýsa stöður í utanríkisþjónustunni, ef það er hægt að segja, að það sé ekki um starfsmannafjölgun þar að ræða, og ég held, að ef það er meiningin, þá sé ástæða til þess að breyta þessu ákvæði og gera það skýrt, að aðrir en þeir, sem eru komnir til starfa í þessu rn. og í þessari þjónustugrein, geti líka sótt um starf, sem losnar þar. Þetta held ég sem sagt, að þyrfti að koma skýrar fram.

Þá vil ég aðeins benda hér á 9. gr., en í henni felst nýmæli. Þar segir: „Starfsmenn ríkisins skulu taka laun eigi lægri en ákveðið er í samningum samkv. l. nr. 55 frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“ Og í aths. við þessa gr. kemur það fram, að þetta er sett í gr. með ákveðið í huga, því að þar segir: „Orðalag gr. gefur til kynna, að heimilt er að greiða ríkisstarfsmanni hærri laun heldur en ákveðið er samkv. þeim l.“, þ. e. a. s. þessum kjarasamningal. Ég hef alltaf skilið það svo, að kjarasamningalögin ætti að framkvæma eftir vissri jafnræðisreglu, þannig að það væri ekki hægt að fara að

taka einn eða annan út úr því kerfi og fara að greiða honum hærri laun en honum ber samkv. þeirri stöðu og þeim samningi, sem gerður hefur verið. Ég held, að það geti leitt til misræmis og gæti verið óheppilegt að fara inn á þá braut að mismuna mönnum og fara að greiða einstökum starfsmönnum í einhverri grein, þótt góðir séu, hærri laun heldur en öðrum. Og ég held, að það sé ákaflega vafasamt að vera að hafa svona heimild.

Þá get ég aðeins nefnt 31. gr. 2. Hugsunin er sjálfsagt góð, en þar segir með leyfi hæstv. forseta: „Starfsmanni ber enn fremur að hafa vakandi auga með því, að sá rekstur, sem hann stundar, skili sem beztum árangri og fjármagn, sem til hans er varið, nýtist sem bezt, og gera ráðstafanir til að koma á framfæri og í framkvæmd hugmyndum, sem orðið gætu til umbóta í því efni.“

Eins og ég sagði, þá er hugsunin sjálfsagt góð í þessu. En ætli þetta geti ekki orðið dálítið erfitt og vafasamt í framkvæmd að fara að gera þá kröfu með lagaboði til undirmanns í stofnun, að hann færi að gagnrýna yfirmann sinn, ef honum þætti hann halda að einhverju leyti slælega á málum stofnunarinnar og koma þeirri gagnrýni á framfæri, væntanlega við yfirmann þess yfirmanns, t. d. til ráðh. Mér finnst, að það geti verið nokkuð óeðlilegt að gera kröfur sem þessar til starfsmanns ríkisstofnunar.

32. gr. er náttúrlega óbreytt frá því, sem er í gildandi l. Þar segir: „Starfsmanni er skylt að hlýða löglegum fyrirmælum yfirmanns um starf sitt“, og ekkert við hana að athuga að því leyti til, að hún feli í sér neina breytingu. Hins vegar er það svo, að það er ákaflega óákveðið og óljóst, hvað í þessu felst. En það er nú viðurkennt og gert ráð fyrir því, að hlýðniskylda opinberra starfsmanna geti verið mismunandi eftir því, hvert starfið er. Þarna vantar alla nánari skilgreiningu á því og mér hefði þótt ástæða til, að við samningu á frv. sem þessu, hefði verið lagt í það að reyna að gera þessu eitthvað gleggri skil og marka það nánar, í hverju hlýðniskylda er fólgin, vegna þess að þetta er ekki algert hégómamál. T. d. getur hugsanlega reynt á það, hvernig ætti að fara með lægra settan starfsmann, sem fer eftir fyrirmælum forstjóra, en lægra setti starfsmaðurinn sér, að þetta eru röng fyrirmæli. Þarna er um villu að ræða, mistök skulum við segja. Hann ætti sjálfsagt að geta bent yfirmanni sínum, forstjóranum, á þetta. En hvað á hann að gera meira? Þetta held ég sem sagt, að þurfi meiri athugunar við.

Aðeins vil ég gera aths. við 39. gr. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, að það er bót að því höfuðákvæði, sem þar er, að það skuli veita 70 ára manni lausn miðað við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að hann verður 70 ára, og þannig hefur sjálfsagt verið rétt að skilja þetta. En það hefur ekki alltaf verið gert, og það hefur leitt til mismununar. Það er því til bóta, að það sé alveg skýrt. En þarna kemur enn eitt heimildarákvæðið í 39.2. Heimilt er að ráða mann, sem hefur náð hámarksaldri til að gegna starfi í þágu ríkisins um stundarsakir, meðan eigi er völ á öðrum færum manni í starfi, segir að vísu. Ég held, að þarna sé einmitt opnað aftur fyrir það, sem átti að fyrirbyggja með upphafsákvæðinu, að þá verði farið að liggja í ráðh. að ráða nú þennan mann ofurlítið áfram til viðbótar, eftir að 70 ára aldrinum er náð. Og ég held, að það hefði verið betra að komast hjá því.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri og þó kemst ég ekki hjá að minnast aðeins á 36. gr. Þar segir: „Stjórnendum ríkisstofnana er almennt skylt að gefa upplýsingar um einstök málefni, er stofnanir þeirra vinna að.“

Það mætti nú ætla, að mér þætti þetta gott, því að ég hef einmitt deilt mjög á það, að það væri of mikil leynd yfir ýmiss konar opinberri sýslu og það þyrfti að vera réttur fyrir almenning og sérstaklega blaðamenn til þess að fylgjast betur með ýmissi opinberri sýslu en átt hefur sér stað. Þess vegna mætti ætla, að ég tæki þessu fegins hendi. Auðvitað er ég sammála þessari hugsun, sem þarna kemur fram, en ég held bara, að það verði ekki leyst með einni stuttri setningu eins og í þessari lagagr. að setja reglur um réttindi almennings til upplýsinga hjá stjórnarvöldum. Ég held, að það þurfi að setja, eins og aðrar þjóðir hafa sett, sérstaka löggjöf um það efni, vegna þess að það verður auðvitað að undanþiggja ýmis málefni, sem þessi upplýsingaskylda getur ekki náð til, og enn fremur geri ég ráð fyrir því, að það verði að marka það eitthvað, hverjir eigi rétt á því að fá upplýsingarnar. En á þetta bendi ég því aðeins, að ég held, að það málefni, sem við ýmsir höfum verið að hreyfa, varðandi opinberari stjórnsýslu en hér hefur verið, sé á engan hátt leyst með jafneinföldu móti eins og þarna er gert ráð fyrir í þessari einu setningu.

Eins og ég sagði, skal ég nú ekki hafa þessi orð fleiri, og þetta er aðeins sagt eftir fljótlega athugun á þessu frv. Sjálfsagt er það ýmislegt fleira, sem ástæða væri til þess að ræða um, en það kemur þá ekki að sök, þó að það bíði, þar sem ekki er gengið eftir því, að þessu máli sé hraðað, og það verða tækifæri til að athuga það.

Það eru tekin upp ný lagatæknileg vinnubrögð, ef svo má segja, við samningu þessa frv. Að vísu hefur það ekki gengið í gegnum tölvu, en það er samt með vissum talnalykli og þetta er ágætt. Við þekktum þetta áður — Norskulög 1, 22, 26, o. s. frv. Þetta er gamalþekkt og það er svo sem ekkert að því eftir nokkrar aldir að fara aftur að semja l. með þessum hætti. En það verður náttúrlega að gerast þannig, að það valdi ekki misskilningi. Og ég kemst ekki hjá því að benda á það, að það virðast einhver mistök hafa átt sér stað, eða ég get ekki ímyndað mér annað, í 5. gr. þ. e. 5.1 og svo kemur 5.11 o. s. frv. og það mætti nú segja, að þetta væri kannske augljós prentvilla, ef það væri ekki annars staðar, en það er vitnað í þessa gr. eins og t. d. í 2. gr., þá er vitnað í 5.15. (**Fjmrh.**: Þetta fellur inn í tölvuna líka, því að þetta er undirliður, þ. e. 5.1.1. og 5.1.2.) Já, þá kemur maður af fjöllum, en hún er að verða dýr, þessi tölva ... (**Fjmrh.**: Það er tvípunktur á undan þessari upptalningu.) En ekki grunaði mig það, að þetta stæði nú í sambandi við tölvuna. En ég held, að það geti nú orðið vafasamt að fara að byggja lagasetningu yfirleitt á tölvunni.

Ennfremur vil ég þá líka benda á annað formsatriði, og það getur nú varla verið úr tölvunni eða vegna hennar. Það er X. kafli. Þar hlýtur að eiga að koma nýr kafli á eftir „Starfsmönnum Alþingis". Það getur ekki verið, að þeir séu settir í einn og sama kafla og ýmis ákvæði, sem á eftir fara. En það getur líka verið, að það sé bara prentvilla.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get nú sagt það sama og hv. síðasti ræðumaður, að ég hef haft mjög lítinn tíma til þess að kynna mér þetta frv. og skal heldur ekki vera langorður. Í byrjun vildi ég þó aðeins víkja að því, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, er hann setti fram þá skoðun, að eðlilegt væri, að endurskoðun kjarasamningalaganna og laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna færu saman. Vissulega get ég tekið undir það, að tengsl séu þarna á milli, en vil þó leyfa mér að benda á það, að af hálfu samtaka opinberra starfsmanna hefur sjaldnast verið lögð á þetta áherzla. Ég var t. d. vel kunnugur undirbúningi lagasetningarinnar 1964, en það eru núgildandi lög. Þá keypti ríkið það beinlínis af starfsmönnunum, að það skuldbatt sig til þess, að frá þessum l. skyldi gengið, en þau höfðu þá mjög lengi, heilan áratug eða jafnvel meira, verið í undirbúningi, gegn því, að frestað yrði um eitt eða tvö ár að setja ný launalög. Þegar frá kjarasamningalögunum var gengið 1962, þá komu mér vitanlega ekki heldur neinar raddir upp um það, að rétt væri að endurskoða l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Nú hefur, eins og kunnugt er, verið gerður nýr kjarasamningur til tiltölulega langs tíma, þó að vitað væri, að þessi mál væru í deiglunni, og engin áherzla lögð á, að þau yrðu samferða. Vissulega eru þarna tengsl í milli og það er eitt af þeim atriðum, sem hlyti að koma til álita, ef inn á þá braut yrði farið, að opinberir starfsmenn fengju viðtækari verkfallsrétt en þeir nú hafa. Nú var það mál til umr. á síðasta þingi, og ég lýsti þá skoðunum mínum á því og fer ekki nánar út í það. En ein af þeim spurningum, sem hlyti að vakna, ef út á þá braut yrði farið, væri sú, hvort slíkt mundi samrýmast núgildandi lagaákvæðum um æviráðningu opinberra starfsmanna. Það yrði þá sá meginmunur á saman borið við hinn almenna vinnumarkað, að á hinum almenna vinnumarkaði hafa launþegarnir vissulega verkfallsrétt. Hins vegar hefur atvinnurekandinn í rauninni ótakmarkaðan rétt til þess, ef honum sýnist, að hann hafi samið um hærra kaup en hann telur sinn rekstur geta staðið undir, að fækka við sig starfsmönnum. Ef opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt, þá er spurningin sú, hvort hið opinbera sem atvinnurekandi ætti þá í þessu efni að vera miklu verr sett en atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði, og hvort óheimilt væri að segja starfsmönnum upp. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði frv. en víkja aðeins að því, sem sagt er á bls. 13 um megintilgang frv., eins og það er orðað. Sagt er, að hann sé tvíþættur. Í fyrsta lagi með leyfi hæstv. forseta:

„Að ríkið geti tryggt sér hina hæfustu starfskrafta til að leysa af hendi þau mikilvægu störf, sem stjórnsýslunni er ætlað að leysa af hendi, til að framkvæma þá stefnu, sem Alþ. og ríkisstj. marka á hverjum tíma, jafnframt því, sem ríkinu sé gert mögulegt að losna við úr þjónustu sinni starfsmenn, sem ekki reynast dugandi í starfi."

Nú, hvað fyrra atriðið snertir, að æskilegt sé, að bæði með þessari löggjöf og annarri, sem settar eru um kjör og aðstöðu opinberra starfsmanna, þá hlýtur það alltaf að vera markmiðið, að ríkið geti tryggt sér sem hæfasta starfskrafta. Um það ætti ekki að vera neinn ágreiningur. Í sjálfu sér ætti í rauninni ekki heldur að vera ágreiningur um hitt, að ríkinu sé gert mögulegt að losna við starfsmenn, sem ekki reynast dugandi í starfi, úr þjónustu sinni. Nú sýnist mér við lauslegan yfirlestur, að hér sé að vísu um meira en almenna stefnuyfirlýsingu að ræða, heldur að róttæk breyting sé gerð á þessum l. frá því, sem nú er. Menn verða í ríkara mæli lausráðnir en áður, eins og þegar hefur verið upplýst.

Nú er vissulega síður en svo við það að athuga, að hið opinbera eigi með einhverju móti að hafa rétt á því að losa sig við starfsmenn, sem ekki duga. Þó má benda á það, að þó að þessi möguleiki hafi kannske ekki verið eins rúmur eins og æskilegt væri, hefur ríkið þó á hinn bóginn grætt á þessu, því að vegna hins aukna öryggis í starfi, hefur það fengið ódýrari vinnukraft en það ella hefði fengið. Í öllum launasamningum við opinbera starfsmenn hefur stöðugt verið á þessu hamrað, að þeir hafi þau forréttindi, að vera yfirleitt ráðnir til æviloka og eðlilegt sé, að þeir kaupi þau einhverju verði.

Það, sem ég vildi undirstrika, af því að ég geri ekki ráð fyrir því, að ég eigi kost á því að fjalla frekar um þetta mál, er, að ef inn á þessa braut verður farið, þá verður að tryggja það, að það verði hlutlæg sjónarmið einvörðungu, sem koma til að ráða því, hvort menn eru settir úr starfi. Þar geti ekki komið annað til en hlutlægt mat. Jafnframt verði þá starfsmönnunum skapað jafnvel meira öryggi heldur en þeir nú njóta í því efni, að stjórnvöld ekki ýti mönnum í burtu af pólitískum ástæðum. Ég þekki það mjög vel sem formaður samtaka opinberra starfsmanna um nær áratugs skeið, að bæði við ráðningu manna og ekki síður, þegar um það var að ræða að ýta mönnum úr störfum, þá voru það stjórnmálin, sem höfðu úrslitaþýðingu. Maður er búinn að standa í mörgum slíkum málum, þar sem starfsmennirnir hafa kvartað undan því, að þeir væru beittir pólitískum ofsóknum. Nú var það að vísu þannig, að allar slíkar kvartanir bar að taka með nokkurri varúð. Stundum kom það í ljós við nánari athugun, að menn töldu sig verða fyrir pólitískri ofsókn, þó að það væri nú raunverulega annað, sem lægi því að baki, að þeim var ýtt burtu, en hitt var líka mjög algengt. Auðvitað reyndi maður eftir föngum að aðstoða starfsmennina í þeim efnum, og þar hefur maður jöfnum höndum orðið að ganga fram fyrir skjöldu fyrir menn úr öllum flokkum og líka átt í höggi við pólitísk stjórnvöld allra flokka hér.

Ég held, að munurinn á siðgæði stjórnmálaflokkanna í því efni sé ekki umtalsverður, a. m. k. mundi ég ekki vilja raða þeim niður með númerin 1, 2, 3 og 4. Ég held, að þar séu allir jafnir og enginn góður. Þetta vildi ég nú í fyrsta lagi benda á, þá miklu hættu, sem á því er, ef út á þá braut verður farið, að opinberir starfsmenn verði lausráðnir í ríkara mæli heldur en nú er, að það verði ekki hlutlægir mælikvarðar, sem þá verði lagðir á, heldur stjórnmálalegir mælikvarðar. Í þessu sambandi hefur sú hugmynd komið fram — hennar gætir að vísu ekki í þessu frv. og grg. fyrir því, en ég býst við, að hún komi fram, áður en þessu máli verður ráðið til lykta — að fara ekki í ríkara mæli en nú inn á þá braut, að embættismenn yrðu kosnir. Rökin, sem borin verða fram fyrir því, yrðu að um aukið lýðræði yrði þá að ræða, en það mundi auðvitað verða ljóst, að þá kæmi þetta spursmál um fjármuni, sem viðkomandi gætu lagt fram í hugsanlegri kosningabaráttu. Það er nú önnur hlið á því máli.

Hvað snertir hugmyndina um lausráðningu starfsmanna sbr. 3. gr., þá er ég þar ekki alveg sammála hv. síðasta ræðumanni. Ég tel, að hér sé um athyglisverða hugmynd að ræða. Hitt get ég tekið undir með honum, að mikil hætta mundi vera á misnotkun á þessu, og ef inn á þá braut yrði farið, þá held ég, að undir öllum kringumstæðum væri óhjákvæmilegt að fastákveða þá tölu slíkra manna og hafa hana mjög lága.

Það var eitt smáatriði enn, sem ég að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni vildi einnig víkja að, en það er heimildin til þess að menn séu lengur í störfum en til 70 ára aldurs. Auðvitað er rétt að hafa um þetta fasta reglu, en ég mundi nú líta þannig á, að rétt væri að hafa þessa heimild, ekki fyrst og fremst vegna starfsmannanna sjálfra, heldur öllu frekar vegna þeirra, sem þeir veita þjónustu. Tökum nú sem dæmi okkur tvo, hv. síðasta ræðumann og mig, sem báðir störfum í þágu Háskólans. Eftir því sem ég bezt veit, munum við eiga afmæli báðir seinni hluta vetrar, og eftir 11—12 ár, ef við af öðrum ástæðum verðum svo lengi viðriðnir sögu Háskólans, þá yrðum við að hætta störfum. Mundi það ekki vera ákaflega óþægilegt fyrir okkar nemendur, ef það væri ófrávíkjanleg skylda, að við hættum að kenna 1—2 mánuðum fyrir próf? Ég vildi nú aðeins benda á þetta, að slík tilvik geta komið til, að rétt sé að hafa heimild til slíkrar undanþágu. Í þessum efnum sé ég í rauninni meginkost frv. Mér sýnist þar mest til bóta, að þar séu settar sem fastastar reglur, og í sjálfu sér get ég tekið undir það sjónarmið, að undanþáguheimildirnar ættu að vera sem fæstar. En þó verður að taka tillit til allra aðstæðna og hafa þetta ekki of ósveigjanlegt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það voru aðeins örfá atriði, sem ég tel rétt, að komi hér fram.

Ég vil í fyrsta lagi leggja áherzlu á það, að eins og ég í upphafi sagði, er frv. þetta samið af n., sem ég að vísu ber ábyrgð á að hafa skipað, en það ber ekki að líta á hverja einstaka till. í frv. sem persónulega skoðun mína, þannig að það geta verið ýmis atriði, sem ég gæti vel fallizt á, að rétt væri að breyta og hafa með öðrum hætti. Ég tek sem dæmi það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vék að og beitti sér harðlega gegn, þar hugmyndir að ráða nokkra embættismenn til óákveðinna starfa í þjónustu ríkisins. Ég get alveg fallizt á það með honum, að þetta yrði að gerast með mikilli varúð. Ég sá hins vegar enga ástæðu til þess að taka þessa hugmynd út úr frv. n. og taldi það ekki nema gott, að þetta kæmi til athugunar hér á hinu háa Alþ., vegna þess að mér finnst hugmyndin út af fyrir sig í einhverju formi ekki vera svo fjarstæð, m. a. vegna þess að ég hef í mínu starfi rekið mig á það oftar en einu sinni, að það getur verið mjög slæmt að hafa ekki á að skipa einhverjum slíkum mönnum um takmarkaðan tíma, sem hægt væri að setja til endurskipulagningar vissrar starfsemi í ríkisrekstrinum, jafnvel veigamikillar starfsemi. Ég tel ekki rétt að vera að nefna nein ákveðin dæmi, en ég hef fyrir mér alveg ákveðna reynslu, sem olli því, að ég taldi rétt að viðra þessa hugmynd n., ef svo mætti segja. Hvort þetta verður til að opna þann möguleika, að ríkisstj., hver sem hún verður, eða fjmrh. geti hyglað einhverjum gæðingum sínum, skal ég láta ósagt. Hætturnar á því sviði eru vissulega margar, ef menn eru þannig skapi farnir, að þeir vilja gera það, en ég geri ekki alltof mikið úr þeim, vegna þess að pólitískt aðhald hlýtur að vera hér mikið. Það yrði að sjálfsögðu vitanlegt hverju sinni, hvaða starfsmenn væru á vegum ríkisins með þessum hætti, og ég tel, að það kæmi aldrei til greina að hafa nema mjög fáa starfsmenn, sem féllu undir þetta ákvæði. Ég tek skýrt fram, að ég álít, að það þurfi að athuga þetta ákvæði nánar, og því er ekki nema gott, að hv. þm. benti á, að það hafi líka sína annmarka.

Ég vil taka það sérstaklega fram út af því, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan, að það yrðu að ráða hlutlæg sjónarmið, er losna skyldi við óhæfa starfsmenn, að ég er honum algerlega sammála í því efni, enda tel ég, að frv. tryggi það mjög vendilega. Sannast sagna eru ekki í því mörg nýmæli varðandi þetta atriði, heldur er hér verið að lýsa ákveðnu stefnumiði fyrst og fremst í þeim orðum, sem hann las upp, en það hlýtur að verða ráðandi, ef það á að vera aktiv ríkisstarfsemi, að það verði leitazt við að losa ríkið við menn, sem ekki standa í stöðu sinni. Þá tek ég það skýrt fram, að það á auðvitað að metast eftir hæfileikum mannanna, en ekki eftir pólitískum skoðunum þeirra, og ég tel, að þannig sé frá því gengið í frv. varðandi rétt þessara manna til að fá úrskurð um slíkar athafnir, að það verði ekki hægt að koma mönnum frá af stjórnmálalegum orsökum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða í einstökum atriðum það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði. Ég var honum sammála um eitt og annað af því og raunar flest af því. Ýmislegt af því voru nánast hugleiðingar um einstök atriði frv., sem vissulega er þörf á að taka til athug-

unar, og ég sé ekki, að neitt af því, sem hann sagði, sé þess eðlis, að ég finni ástæðu til þess að mótmæla því. Allmörg þeirra atriða, sem hann nefndi, voru um það að gera skýrari ýmis atriði frv., og allt er það auðvitað til bóta. Frv. eiga að vera skýr lög, og þarf ég ekki að kenna honum sem starfandi prófessor í lögum, og sæti ekki á mér að gera það. En það er einmitt ein meginástæðan fyrir því, að þessi endurskoðun l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins hefur verið framkvæmd. Það er vegna þess, að á þessum árum, sem liðin eru frá setningu laganna, hefur reynslan leitt í ljós, að í þeim eru mörg atriði, sem má skilja á fleiri en einn veg, og hefur það leitt af sér óþarfa ágreining og árekstra milli samtaka opinberra starfsmanna og rn., ekki af því að illvilji væri á aðra hvora hliðina í því efni, heldur vegna þess, að menn höfðu ekki alveg ljósar reglur um það, eins og l. hljóðuðu, hvernig með mál ætti að fara.

Varðandi það atriði, að rétt væri, að þetta mál færi saman við endurskoðun kjarasamningalaganna, þá kann vel að mega færa rök fyrir því, en ég vil aðeins upplýsa það hér, að þessi endurskoðun, sem hér sér dagsins ljós, á þessum lögum, er framkvæmd í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, þannig að frá þeirra hálfu var það ekki talin nein sérstök nauðsyn að tengja þessi tvö mál saman. Enda hygg ég, að þess gerist ekki brýn þörf. Ég tek hins vegar undir það, sem hv. þm. sagði, og vil gjarnan láta það koma fram hér, að ég tel mjög mikla nauðsyn á að endurskoða kjarasamningalögin sjálf. Ég skal játa það fúslega, að ég hef staðið gegn því að breyta þeirri aðild, sem er að þeim samningum, þ. e. a. s. að það er eingöngu Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem fer með samningsaðildina, og það stafaði að sjálfsögðu af því, sem hv. þm. sagði, að það mundi verða til hins verra, ef fleiri aðilar kæmu til. Það er ekkert nýstárlegt við það, og það væri held ég til bóta — þó að það væri kannske ekki sami aðili, sem færi með samningsrétt allra — að það væru stærri samtök, sem hlut ættu að máli, en nú, er örfáir menn geta stöðvað þjóðfélagið. Það held ég, að liggi í augum uppi, að hljóti að vera orðin úrelt þróun, sem verður að koma í veg fyrir.

Hitt er svo annað mál, að ég hef lagt áherzlu á það og fyrst og fremst við Bandalag háskólamanna, úr því að við nefnum hér ákveðin nöfn, sem hefur sótt ákaflega fast að fá samningsaðild, að ég teldi það á allan hátt óskynsamlegt og væri því andvígur, að þessum l. væri breytt, fyrr en þá eftir að lokið væri þeim kjarasamningum, sem nú eru nýafstaðnir. En með þeim kjarasamningum var farið inn á algerlega nýjar brautir, þ. e. a. s. hið svokallaða starfsmat, sem ég tel, að hefði verið óframkvæmanlegt að ná samkomulagi um, nema af því að það var einn aðili, sem stóð að samningsgerðinni, ella hefði það aldrei tekizt. Þó að ýmislegt sé gallað í þessu starfsmati, held ég, að báðir aðilar séu sammála um það, að það sé mjög jákvætt og hljóti að verða grundvöllur að framtíðarsamningum, og það má segja, að eftir að þetta starfsmat er fengið sem grundvöllur, þá sé ekki eins hættulegt, þó að það komi fleiri aðilar til við samningsgerð, þó að ég áliti auðvitað, að æskilegast væri, að þeir aðilar gætu haft sem mesta samstöðu um aðild að þeim nefndum og ráðum, sem gengið er út frá í kjarasamningalögunum, og ég hirði ekki að telja hér. En ég vil upplýsa það hér, úr því að þetta mál ber á góma og báðir hv. þm., sem talað hafa, hafa lagt á það áherzlu, að þeir telji, að hér eigi að gera breytingu á, að ég hef þegar snúið mér til beggja þessara heildarsamtaka, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, og tjáð þeim, að ég óskaði eftir því, að hafin yrði heildarendurskoðun kjarasamningalaganna, og ég vænti þess, að þessir aðilar muni báðir fallast á það, þannig að sú endurskoðun geti hafizt innan tíðar. Ég álít, að það sé orðið tímabært að byggja á þeirri reynslu, sem fengin er, og það tjóar auðvitað ekki að neita að horfast í augu við þá staðreynd, að mjög fjölmennir starfshópar eru þegar utan vébanda þeirra samtaka, sem nú hafa ein samningsréttinn. Að öðru leyti vil ég ekki efnislega binda mig og mína skoðun í þessu efni, hvernig þessu verði bezt fyrir komið, heldur aðeins láta þetta koma fram af þessu gefna tilefni, að ég er sammála þessum hv. þm. um, að endurskoðun kjarasamningalaganna þurfi nú að eiga sér stað.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að ræða málið frekar að sinni, en tel ekki nema gott að fram hafi komið þær ábendingar, sem hér hafa komið frá tveimur hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Listamannalaun.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 1967, um listamannalaun [261. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa máls er mjög einfalt. Í frv. felst það, að verði það samþ., verður tala þeirra listamanna, sem Alþ. veitir heiðurslaun, bundin við töluna 12, þ. e. a. s. þeir mega ekki verða fleiri en 12. Heiðurslaunalistamönnum hefur farið fjölgandi á undanförnum árum, og það hefur komið fyrir, að á síðustu stundu hafi verið fluttar till. um að fjölga í heiðurslaunaflokknum. Að athuguðu máli þykja þetta ekki æski-

leg vinnubrögð, og hitt er eðlilegra, að Alþ. ákveði í lögum, hversu margir megi flest vera í heiðurslaunaflokknum. Hefur talan 12 þá þótt hæfileg, en nú eru 11 í þessum flokki. Af samþykkt þessa frv. mundi leiða það, að við samþykkt næstu fjárl. ætti að bæta einum við í heiðurslaunaflokkinn, en ekki yrði hægt að gera till. um fleiri en einn.

Ég held, að þetta nægi til skýringar á þessu einfalda máli, og ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 680).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í lögum um listamannalaun frá 29. apríl 1967 segir svo í 1. gr.:

„Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af Sþ. að loknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um breytingu á lögum þeim um listamannalaun, sem ég vitnaði til, gerir ráð fyrir að breyta 1. gr. laganna þannig, að hún hljóði á þessa leið:

„Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt allt að 12 listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af Sþ. að afloknum alþingiskosningum. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Sú eina breyting felst í raun réttri í þessu frv., að tala þeirra listamanna, sem geta hlotið heiðurslaun, er í frv. bundin við ákveðið hámark, þ. e. a. s. 12 listamenn. Í gildandi lögum frá 1967 er engin ákveðin tala tilgreind, en nú síðustu árin munu þeir listamenn, sem hafa notið þessara heiðurslauna, hafa verið 11 að tölu. Í þessu frv. felst því fyrst og fremst það eitt að takmarka þessa tölu, þannig að hún geti ekki orðið hærri en 12, og virðist það út af fyrir sig skynsamleg regla að hafa ákveðna hámarkstölu þeirra manna, sem heiðurslauna geta notið vegna listaafreka. Þessu frv. var vísað til menntmn., sem athugaði frv. og féllust nm. á það að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, svo sem fram kemur í nál. á þskj. 680.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Íþróttakennaraskóli Íslands.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands [265. mál] (stjfrv., A. 521).

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Íþróttakennaraskóli Íslands er nú eins árs skóli og námstíminn 9 mánuðir. Það hefur verið mikið áhugamál forsvarsmanna Íþróttakennaraskólans og íþróttahreyfingarinnar í landinu, að námsefni og námskröfur í Íþróttakennaraskólanum verði aukin og skólinn gerður að 2 ára skóla. Þetta frv. er samið af Þorsteini Einarssyni íþróttafulltrúa, Árna Guðmundssyni, skólastjóra Íþróttakennaraskólans, Hermanni Guðmundssyni, framkvæmdastjóra ÍSÍ, Skúla Þorsteinssyni námsstjóra og Þóri Þorgeirssyni íþróttakennara, og það er meginefni þess að verða við þessari ósk forráðamanna Íþróttakennaraskólans og íþróttahreyfingarinnar að breyta skólanum úr eins árs skóla í tveggja ára skóla, og skuli námstíminn ekki vera skemmri en átta og hálfur mánuður hvort ár. Þá gerir frv. enn fremur ráð fyrir því, að á sumrinu milli hinna tveggja vetra starfi nemendur skólans við íþróttakennslu í 70 kennslustundir.

Nám íþróttakennara hefur tekið ýmsum breytingum undanfarna áratugi, þar sem um slíkt nám er að ræða. Yfirleitt hefur námsefni verið stóraukið, og segja höfundar frv. að nám byggist nú meira og meira á staðreyndum, sem rannsóknir hafi leitt í ljós, auk þess sem íþróttakennarinn þurfi að búa við góða líkamsfærni, sem krefjist þjálfunar yfir lengri tíma. Þess vegna hafi þróunin í nálægum löndum orðið sú að lengja íþróttakennaranámið og sé það nú ekki eins árs nám í flestum nálægum löndum heldur lengra. Sé þessi breyting því gerð í samræmi við þá þróun, sem annars staðar hafi átt sér stað.

Þá gerir frv. enn fremur ráð fyrir því, að skólinn geti efnt til námskeiða fyrir starfandi íþróttakennara, þar sem endurmenntun fari fram og nýjungar í kennsluháttum verði kynntar. Þetta er í samræmi við þá stefnu, sem er yfirleitt uppi í skólamálum, að fela einstökum skólastofnunum að annast endurmenntun þeirra, sem starfa á því sviði, sem skólanum er ætlað að veita fræðslu á.

Jafnframt því sem skólinn er lengdur og gerður að tveggja ára skóla í stað eins árs skóla, er gert ráð fyrir því, að inntökuskilyrðum í skólann sé breytt frá því, sem er í gildandi lögum. Höfundar frv. telja, og á það hefur menntmrh. fallizt, að miðskólapróf sé ekki lengur nægilegt, enda hafi þeim nemendum skólans fjölgað stórlega undanfarið, sem hafa meiri undirbúningsmenntun, þ. e. a. s. hafa áður verið í undirbúningsdeild sérnáms við Kennaraskóla Íslands, í menntaskóla eða hafa almennt kennarapróf. Í þessu frv. er lagt til, að nemendur skólans skuli hafa lokið prófi frá framhaldsdeildum gagnfræðaskóla með ákveðinni lágmarkseinkunn eða stundað nám í undirbúningsdeild sérnáms við kennaraskóla Íslands eða í þriðja lagi, að þeir hafi stúdentspróf, eða í fjórða og síðasta lagi, að þeir hafi almennt kennarapróf.

Í núgildandi lögum er mjög ófullkomin upptalning á námsgreinum, sem kenna skal við skólann, og er reynt að gera bragarbót þar á í þessu frv. Hins vegar er ekki of góð reynsla af því að gefa tæmandi upptalningu á námsgreinum í lögum, og þess vegna er hér sá varnagli sleginn, að heimilt sé að fjölga eða fækka þessum greinum við skólann með samþykki yfirstjórnar hans, án þess að lagabreytingu þurfi til, eða m. ö. o. með reglugerð.

Í gildandi lögum er tala kennara við skólann takmörkuð, en það þykir ekki rétt að gera slíkt áfram, enda hefur reynslan af slíkum lagaákvæðum ekki verið góð. Því er ekki gert ráð fyrir slíkum takmörkunum í þessu frv., heldur ætlazt til þess, að starfsmannatala skólans fari eftir þeirri þörf, sem er á hverjum tíma, að mati menntmrn. og yfirstjórnar skólans.

Rétt er að síðustu að vekja athygli á því nýmæli í þessu frv., að lagt er til, að Íþróttakennaraskóli Íslands annist alla íþróttakennslu við skólana á Laugarvatni. Þetta er gert, til þess að hægt sé að velja sérmenntaða kennara í hinum ýmsu greinum íþróttanna til kennslu við Íþróttakennaraskóla Íslands, og ætti jafnframt að tryggja nemendum skólanna á Laugarvatni fjölbreytta íþróttakennslu. M. ö. o.: hér er um tilraun að ræða til að auðvelda meiri verkaskiptingu en ætti sér stað, ef hver hinna mörgu skóla á Laugarvatni hefði sinn sér-íþróttakennara, og tryggja betri nýtingu þeirra, sem við íþróttakennslu fást á skólasetrinu á Laugarvatni.

Þá er rétt að geta þeirra ákvæða, sem nú er lagt til að verði lögfest, en þau hafa hingað til aðeins verið venjubundin — að nokkrir þættir í starfi skólans eigi sér stað utan Laugarvatns, enda verður þetta auðveldara með bættum samgöngum. Skíðakennsla hefur farið fram við skíðaskálann á Hellisheiði og nú nokkur undanfarin ár á Seljalandsdal í Skutulsfirði eða í Hlíðarfjalli við Akureyri, auk þess sem um hefur verið að ræða skoðunar- og kynnisferðir til skóla í Reykjavík. Það hefur gefið mjög góða raun og þykir því rétt að lögfesta þetta í þessu frv.

Með þessu móti vona ég, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir aðalatriðum þessa frv., og leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari 1. umr., vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, en vil þó segja fáein orð.

Í fyrsta lagi fagna ég hverju átaki, sem er gert til eflingar íþróttaiðkun í landinu, en þau hefðu raunar mátt vera fleiri á undanförnum árum. Ég tel þetta horfa til bóta með þessum skóla. En mig langar svona til fróðleiks að afla mér upplýsinga um 4. gr. þessa frv. Ef það mætti verða til eftirbreytni víðar þá væri gott að vita, hvaða leið hæstv. ríkisstj. hafi til þess að meta síðferði manna. Það er dálítið einkennilegt ákvæði í lögum, að nemandi skuli vera óspilltur að síðferði. Ég held, að það væri ástæða til þess, að hv. alþm. gerðu sér grein fyrir eftir hvaða formúlu verður farið við það mat.

Í lið 6 er athyglisvert ákvæði, þ. e. að nemendur neyti hvorki áfengis, tóbaks né fíknilyfja. Út af fyrir sig fagna ég slíku, en þetta er gífurleg skerðing á einstaklingsfrelsi, og væri fróðlegt að heyra nánari skýringar á því ákvæði. Einnig, hvort það fær staðizt í lögum að setja svo strangt ákvæði um inngöngu í þennan skóla.

Ég vil svo endurtaka það, að ég fagna þessu frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get fúslega fallizt á, að ástæða sé til þess að athuga orðalag 4. gr. betur, og mætti vel hugsa sér að ná því sama markmiði, sem ég veit, að öllum er ljóst, að stefnt er að með gr., með öðru og heppilegra orðalagi en hér fá finna, og beini því til hv. menntmn. að taka þetta til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Sementsverksmiðja ríkisins.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins [273. mál] (stjfrv., A. 537).

Á 68., 70., 71. og 72. fundi í Ed., 18. 19., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal hafa fá orð um þetta frv. Mér er ljóst, að það er svo seint fram komið í þinginu, að ég get ekki búizt við afgreiðslu þess nú.

N. hefur starfað að því, eins og fram kemur í grg. frv., að endurskoða l. um Sementsverksmiðju ríkisins, og lágu til þess ýmsar ástæður, sem gerð er nánari grein fyrir í grg. og ég vitna til. Það kemur fram í grg., að það var ekki samstaða um öll atriði í n., sem undirbjó frv., bæði varðandi skipun stjórnarinnar og fleiri atriði, sem ég skal heldur ekki rekja. Þau eru hv. þm. fullkunnug.

Um eitt atriðið, tillögugerð eins nm. um að setja inn í l. ákvæði um skipun samstarfsnefndar milli starfsfólks og verksmiðjustjórnar, vil ég aðeins segja þessi orð. Það kemur almennt ákvæði í l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um samstarfsnefndir í opinberum fyrirtækjum, svo að það ætti að liggja fyrir, þegar þau hafa náð samþykki hér í þinginu. Ég teldi eðlilegri þann hátt heldur en hinn að setja ákvæði um þetta inn í einstök frv., eins og lagt hefur verið til, t. d. um frv. um Áburðarverksmiðjuna, sem er í Nd., og till. kom fram um í n., sem endurskoðaði sementsverksmiðjulögin. Ég er mjög hlynntur því, að unnið sé að þessu, þar sem gott samkomulag og frjálst samkomulag næst um þetta.

Að tilhlutan ríkisstj. fór n. manna frá Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu, eins og kunnugt er, undir formennsku Sveins Björnssonar, forstjóra Iðnaðarmálastofnunar Íslands, á ráðstefnu um svokallað atvinnulýðræði í Noregi í haust, þar sem sérstaklega var rætt um þessar samstarfsnefndir. Aðaltill. hennar eru að stefna að því, að slíkum samstarfsnefndum yrði komið upp á frjálsum grundvelli.

Um Sementsverksmiðjuna vil ég segja það, að ég hef þegar gert ráðstafanir til þess, að skipuð verði n. til þess í samráði við stjórn Sementsverksmiðjunnar og starfsfólkið þar að koma á svipaðri samstarfsnefnd og menn kynntust á ráðstefnunni í Noregi í haust. Ég hef ritað A.S.Í. og beðið um tilnefningu manns í slíka n., og beðið Vinnuveitendasamband Íslands að tilnefna mann í n. undir forsæti Sveins Björnssonar, forstöðumanns Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Þá mundi þessi n., sem ég bið bara eftir tilnefningu í frá viðkomandi aðilum, því að bréf hef ég sent til þeirra — þá mundi hún taka upp viðræður á frjálsum grundvelli við stjórn Sementsverksmiðjunnar og starfsfólk hennar, og ég vona, að þegar allt kemur til alls reynist sú lausn farsæl og eðlileg á þessu máli.

Um hitt er ekki deilt, að sem æskilegast sé á hverjum tíma, að sem bezt samkomulag sé á milli starfsfólks og stjórnar eins fyrirtækis og alveg sérstaklega, ef það mætti verða til þess að bæta starfshættina í viðkomandi fyrirtæki. Ég þekki það hins vegar, að slíkar samstarfsnefndir hafa verið settar upp í fyrirtækjum og orðið að engu og náð engum árangri, og lögþvingun tel ég ekki til neinna bóta í þessu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, með vísun til þess, sem ég sagði í upphafi, en vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vildi við 1. umr. hér vekja athygli á því, að það var til minni hl. álit um stjórn á þessu fyrirtæki sbr. 8. gr., en í henni er fjallað um ákvæði, sem áður var í 5. gr. l. um framkvæmdastjóra — að hann skuli vera einn og með verkfræðilega menntun. En nú er gert ráð fyrir, að breyting verði á. Í minni hl. áliti Benedikts Gröndals segir orðrétt með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins ræður forstjóra fyrirtækisins, og skal hann hafa verkfræðilega menntun. Veitir hann fyrirtækinu forstöðu og hefur prókúruumboð fyrir það, annast daglegan rekstur og á sæti á stjórnarfundum."

Síðan segir, að heimilt sé að ráða framkvæmdastjóra svo marga sem þurfa þykir til að stýra einstökum þáttum rekstrarins undir stjórn forstjóra. Ég veit ekki á þessu stigi, hver yrði niðurstaða iðnn., en ef þörf er þarna að hafa marga forstjóra, þá getur líka verið hliðstæð þörf í öðrum stórum fyrirtækjum á vegum ríkisins og er þess vegna nokkurt atriði, að það sé gaumgæfilega athugað. Ég tel, að í fyrirtækjum, sem eru með svona sérstaka framleiðslu og á sérsviði, þá hljóti forstjórinn að verða að vera verkfræðilega menntaður. Það hefur sætt mjög harðri gagnrýni af hálfu stéttarfélags verkfræðinga og varla vegna einberrar öfundar eða að ástæðulausu, sem sú gagnrýni hefur komið á loft, að ekki hafi verið ráðinn aftur forstjóri, sem hefði verkfræðilega menntun.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu á þessu stigi málsins, til þess að iðnn. taki þetta mál til alvarlegrar athugunar, hvort hér á að verða ákveðin stefnubreyting. Samstarfsnefndirnar er allt ágætt um að segja, en lítils háttar ágreiningur kom upp þar einnig, sem þyrfti að athuga um. Sem sagt: Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, þannig að n. gæfi sér tíma til að hugleiða nánar þennan ágreining.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Námulög.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til námulaga [288. mál] (stjfrv., A. 588).

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa nema fá orð til að fylgja úr hlaði frv. þessu til námulaga. Í grg. fyrir frv. er skýrt, hvernig endurskoðun námul. er til komin og í það þarf ég í sjálfu sér ekki að vitna. Aðalatriðið er það, að unnið hafa að þessu um nokkuð langan tíma tveir hæstaréttardómarar, annar núverandi og hinn fyrrverandi, ásamt ráðuneytisstjóranum í iðnrn., en við í rn. töldum okkur hafa rekið okkur á, að námulögin væru orðin allverulega úrelt, enda frá 1909 með smávægilegum breytingum, sem síðar hafa orðið. Í grg. er gerð grein fyrir á fræðilegan hátt, hvernig ákvæði íslenzkrar löggjafar eru í þessu efni, en jafnframt hafa þessir aðilar kynnt sér svipaða löggjöf annarra landa og stílað frv. í samræmi við það.

Nú segi ég um þetta frv., eins og segja verður, því miður, um sum frv., sem mjög seint fram koma, að það er í raun og veru ekki borið fram í þeirri veru, að maður ætlist til þess, að n. geti fjallað um það í tveimur deildum, heldur til þess að það liggi fyrir, og þá hafa allir þm. nægan tíma til þess að hugleiða og athuga þessi mál, sem væntanlega yrðu svo borin fram í þessari mynd eða annarri, ef mönnum þóknaðist svo, þegar nýtt þing kemur saman. Það er þess vegna í samræmi við mjög algilda venju hér í þinginu, að slík lög sem þessi eru sýnd í þinglok, til þess að nægur tími gefist til athugunar.

Hér er um mjög veigamikla löggjöf að ræða, sem hvílir á margvíslegum prinsipskoðunum og fræðilegum hugleiðingum, og ég geri ráð fyrir því, að þm. almennt sætti sig við slíka meðferð á máli sem þessu. Við höfum rætt það í ríkisstj. að setja aðra löggjöf í fræðilega endurskoðun, og þar á ég við vatnal. frá 1921. Þess vegna geri ég ráð fyrir því, að mjög bráðlega verði sett af hálfu stjórnarinnar á laggirnar n. til þess að hefja endurskoðun þeirra, en ég held, að allir geri sér grein fyrir því, að þarna er um mjög veigamikið mál að ræða. Við vorum dálítið í vafa um, hver af ráðh. ætti að skipa þessa nefnd, og ég get vel sagt frá því, að fyrst var mér í hug, að ég hafði athugað málið sem iðnrh. á sínum tíma, en svo kom fram réttileg ábending frá landbrh., að e. t. v. væri eðlilegra, að hann skipaði slíka n. Þeir hafa svo skoðað það í landbrn. og verið þeirrar skoðunar, að það væri margra hagsmuna að gæta í sambandi við setningu vatnalaga, og sennilega væri formlega eðlilegast, að forsrn. hlutaðist til um skipun slíkrar nefndar.

Fleiri orð skal ég svo ekki um þetta hafa, en legg til, að þessu frv. til námulaga verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Gjaldþrotaskipti.

Á 75. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti [297. mál] (stjfrv., A. 666).

Á 76. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við frv., þá fól þáverandi dómsmrh. í desember 1968 n. þeirri, sem hann skipaði 1966 til endurskoðunar á dómaskipan og meðferð dómsmála, að taka til athugunar og endurskoðunar lagareglur um meðferð dómstóla á gjaldþrotamálum. Nokkru áður hafði Verzlunarráðið snúið sér til rn. og talið fram ýmis vandkvæði, sem hlytust af núverandi meðferð þessara mála, og óskaði eftir einhverjum úrbótum. N. hafði svo málið til athugunar og hafði samband við ýmsa þá aðila, sem með þessi mál fara, og það varð niðurstaðan þar, að n. fól í samráði við rn. einum nm., Theódór Líndal, prófessor, sem á sínum tíma var tilnefndur af lagadeild Háskólans til þess að taka sæti í réttarfarsn., að semja frv. eða drög að frv. til breytinga á lögunum. Prófessor Theódór skilaði síðan frv., og var það rætt í n. og lagt fyrir aðalfund Dómarafélags Íslands, sem haldinn var á s.l. hausti. Dómarafélagið setti n. til að athuga frv. frekar, og frá þeirri n. bárust svo nokkrar ábendingar til réttarfarsnefndarinnar, sem tók þær til greina með smávægilegum breytingum og skilaði síðan frv. til rn. nú fyrir nokkru, og fylgir því allýtarleg grg., svo sem menn sjá. Réttarfarsnefndin vakti athygli á því, að gjaldþrotaskiptalögin, sem nú eru yfir 40 ára gömul, séu í ýmsu orðin úrelt, enda að stofni til frá því fyrir aldamót, og þurfi þau því endurskoðunar við. Hins vegar er hér farin sú leið að taka eingöngu til meðferðar þau ákvæði gjaldþrotaskiptalaganna, sem varða sakamálarannsókn í sambandi við gjaldþrot.

N. gerir í nokkrum liðum grein fyrir einstökum atriðum viðfangsefnisins. Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum frá 1929 skal hefja sakamálarannsókn af því einu tilefni, að maður verði gjaldþrota, án þess að fyrir þurfi að liggja grunur um saknæmt atferli, þó að vísu sé oft um misferli að ræða í sambandi við gjaldþrot. Þetta, að frá upphafi skuli gjaldþrotamál vera tekin til sakamálarannsóknar, stangast á við þá almennu réttarfarsreglu, sem er viðurkennd í lögum um meðferð opinberra mála frá 1961, að sakamálarannsókn skuli því aðeins hefja, að fyrir liggi rökstuddur grunur um saknæmt atferli, enda er í grg. frv. talið, að umrædd ákvæði í okkar gjaldþrotaskiptalögum eigi sér líklega hvergi hliðstæðu. Þá er bent á það, að sakamálsrannsókn hafi oft mikinn kostnað í för með sér auk tímatafa fyrir embættismenn og óhagræðis fyrir sökunaut, og beri því að forðast hana nema nauðsyn sé talin á. Þá er talið, að vegna þessara annmarka hafi framkvæmd laganna oft orðið formið eitt, en hins vegar stund-

um skort á nægilega virka og hraða rannsókn. Einnig er á það bent, að nauðsynlegt sé að færa ákvæði laganna til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á löggjöfinni um réttarfar í opinberum málum síðan gjaldþrotaskiptalögin voru sett, m. a. með tilkomu sjálfstæðs ákæruvalds.

Sú leið, sem farin er með frv., og reyndar snýst frv. svo til eingöngu um það atriði, er, að rannsókn gjaldþrotamála færist frá sakadómi til skiptaréttar. Það virðist einnig liggja í augum uppi, að aðstaða skiptaréttar til rannsóknar hlýtur að vera önnur og betri en sakadóms. Skiptaréttur hefur undir höndum öll gögn búsins og beint samband við skuldheimtumenn búsins, sem eðlilega eru vel á verði um sína hagsmuni og því ósparir á að benda á það, sem þeim kann að finnast grunsamlegt við ráðstafanir og atferli þrotamanns og annarra skuldareigenda. Rannsókn ætti því með þessum hætti að geta orðið virkari og tvíverknaður að sparast, sem er allmikið atriði kostnaðarlega.

Í 1. gr. frv. ræðir um, hvernig haga skuli frumrannsókn gjaldþrotamála, og sú rannsókn lýtur öllum reglum einkamálaréttarfars. Skiptaráðanda er ekki gert að skyldu að hefja sakamálsrannsókn, þó hann hins vegar þurfi að hafa hugsanlegt saknæmt atferli í huga. Þá er í 3. tölulið 1. gr. um það rætt, að ef skiptaráðandi telur við slíka frumrannsókn að meina þurfi manni burtför úr lögsagnarumdæminu, meðan á rannsókn stendur, þá er honum rétt að fá um það formlegan úrskurð eftir reglum um sakamálsmeðferð. Að öðru leyti, eins og ég áður sagði, lýtur frumrannsókn réttarfarsreglum einkamála. Þegar skiptaráðandi telur svo ekki ástæðu til frekari aðgerða, lætur hann rannsókn lokið, boðar til skiptafundar, sendir síðan saksóknara endurrit af fundargerð og því, sem fram hefur komið, og sem telja má að máli skipti. Telji hann hins vegar, að rannsókn hafi bent til saknæms atferlis, sendir hann saksóknara um það skýrslu og gögn málsins.

Í 2. gr. frv. er fjallað um það, að þegar saksóknari hefur fengið í hendur skýrslur og gögn frá skiptaráðanda, tekur hann ákvörðun um, hvort mál skuli höfðað, framhaldsrannsókn fram fara, eða við svo búið skuli standa. Ákveði saksóknari framhaldsrannsókn, fer hún þá einnig fram í skiptarétti, en úr því lýtur meðferð málsins réttarfarsreglum sakamála. Skiptaréttur nefnist svo, þegar hann fer með slíka framhaldsrannsókn, rannsóknardeild skiptaréttar, og skiptaráðandi hefur þá sömu réttarstöðu og rannsóknardómari í opinberu máli hefur samkvæmt ákvæðum laga um rannsókn opinberra mála, áður en ákæruskjal hefur verið útgefið. Þegar svo saksóknari telur málið nægilega rannsakað, þá tekur hann ákvörðun um, hvort mál skuli höfðað. Verði málshöfðun þá ákveðin, verður málið úr því tekið fyrir í sakadómi, enda oft í sambandi við gjaldþrot um að ræða brot á öðrum lögum svo sem skatta- og bókhaldslögum, sem eðlilegt er talið, að sakadómur fari með.

Ég hef þá rakið í stórum dráttum aðalefni frv. Um aðrar þær breytingar, sem í því felast frá núgildandi lögum, þar á meðal 4.—6. gr. vísa ég til grg., og skal ekki lengja mál mitt með því að víkja að þeim. Ég leyfi mér þá, hæstv. forseti, að óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Þjóðleikhús.

Á 66. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Þjóðleikhús [298. mál] (stjfrv., A. 667).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þjóðleikhúsið hóf starf sitt vorið 1950 og hefur nú starfað í 21 ár. Löggjöfin um Þjóðleikhús hafði verið sett nokkru áður og er frá árinu 1947, en reglugerðir hafa verið gefnar út 1949, 1951, 1953 og 1958. Á þessum tveggja áratuga starfstíma Þjóðleikhússins hefur fengizt mikilvæg reynsla um það, með hverjum hætti málum þess yrði haganlega skipað, og hefur nú þótt tími til kominn að endurskoða lög og síðan reglugerð um Þjóðleikhús. Til þess að endurskoða lögin skipaði menntmrn. hinn 6. febrúar 1970 n., og voru skipaðir í hana Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri í menntmrn., sem var formaður n., Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Leikfélags Reykjavíkur, og dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Hafa þessir 3 menn samið það frv., sem hér er um að ræða, en mjög náið samstarf hefur verið haft við leikara Þjóðleikhússins, þjóðleikhúsráð og þjóðleikhússtjóra.

Þær breytingar, sem felast í þessu frv. frá gildandi lögum um Þjóðleikhús, eru margar og mikilvægar. Þar er kveðið skýrar á um það en í gildandi lögum, að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, beri því einnig að sýna óperur og listdans að staðaldri, og að á hverju ári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Þá er skipan þjóðleikhúsráðs gerbreytt, en skipan þess hefur verið eitt þeirra atriða, sem einkum hafa verið gagnrýnd í núgildandi lögum um Þjóðleikhús. Starfstímabil þess er nú tímabundið, en var áður ótímabundið, og fulltrúum í því hefur verið fjölgað, til þess að það geti orðið vettvangur sem flestra þeirra, sem leikhúsreksturinn varðar. Starfstímabil þjóðleikhúsráðs er ákveðið allt að 4 ár, en Alþ. kýs nýtt ráð eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar. Fráfarandi þjóðleikhúsráð held-

ur þó umboði sínu, þangað til nýtt ráð er fullskipað.

Verkefni þjóðleikhúsráðs samkvæmt frv. er að hafa eftirlit með starfsemi leikhússins. Það á að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár og staðfesta hana með þeim breytingum, sem því þykir rétt að gera. En áætlunina á þjóðleikhússtjóri að semja með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar, og framkvæmdaráð á að hafa samþykkt hana.

Í þjóðleikhúsráði er með þessu frv. gert ráð fyrir, að eigi sæti þessir aðilar: Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar á hver þingflokkur að tilnefna einn fulltrúa fyrir hverja 10 þm. í flokknum eða brot úr þeirri tölu. Þá á Bandalag ísl. listamanna að kjósa 3 fulltrúa, einn tónlistarmann, einn listdansara og einn rithöfund. Félag leikara Þjóðleikhússins einn fulltrúa, menntmrh. skipar einn fulltrúa, en þjóðleikhúsráðið sjálft á að kjósa sér formann. Þar sem hér er um að ræða mjög mikla fjölgun á meðlimum þjóðleikhúsráðs frá því, sem nú er, er gert ráð fyrir því, að við Þjóðleikhúsið skuli starfa 5 manna framkvæmdaráð, og er það í raun og veru hliðstæðara því þjóðleikhúsráði, sem nú starfar. Í því eiga sæti formaður þjóðleikhúsráðs, sem jafnframt er formaður framkvæmdaráðs, þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi Þjóðleikhússins, sá af fulltrúum Félags ísl. leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður, og fulltrúi leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði.

Eins og hér kemur fram, er hér um gerbreytingu að ræða á yfirstjórn leikhússins frá því, sem nú er. Reglunum um skipan þjóðleikhússtjóra er einnig gerbreytt. Þjóðleikhússtjóra á nú samkvæmt frv. að ráða til 4 ára í senn og má endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessum starfa lengur en 8 ár. Þá er og það nýmæli í frv., að ráða skal að leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut, listdansstjóra og tónlistarráðunaut.

Ákvæði er í frv. um það, að miða skuli við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að sinna. Það er gert ráð fyrir, að það verði lögfest, að blandaður kór starfi við Þjóðleikhúsið. Tímaskeiði leikársins er og breytt. Það á framvegis að vera frá 1. september til 1. ágúst, en ekki frá júlíbyrjun til júníloka, eins og nú á sér stað. Þá er gert ráð fyrir því, að Þjóðleikhús og Sjónvarp komi saman á fót leikmunasafni, er önnur leikfélög geti gerzt aðilar að. Þetta safn leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga. Lögð er áherzla á það, að um aukið samstarf verði að ræða milli Þjóðleikhússins og leikfélaga áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjórn og gestaleikara. Fyrirmæli er í frv. um það að fara skuli í leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins, að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og að síðustu, að komið skuli á fót öðru leiksviði til eflingar starfsemi hússins.

Í þessu eru fólgnar þær meginbreytingar, sem á gildandi lögum eru ráðgerðar. Þær lúta fyrst og fremst að miklu nánari ákvæðum um hlutverk Þjóðleikhússins og verkefni þess en eru í gildandi lögum, gerbreytingu á skipan þjóðleikhúsráðs og breyttri tilhögun á ráðningu þjóðleikhússtjóra, en þau ákvæði mundu koma til framkvæmda, þegar þjóðleikhússtjóri yrði ráðinn næst. Ákvæðin um þjóðleikhúsráðið mundu koma til framkvæmda þegar á fyrsta þingi eftir kosningar, eftir að frv. hefði verið samþ.

Með þessu móti vona ég, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir kjarnanum í þeim breytingum, sem þetta frv. fæli í sér, ef að lögum yrði, og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði, að lokinni 1. umr., vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt að breyta þurfi lögum um Þjóðleikhús, sem eru frá 1947 og þar af leiðandi 24 ára gömul, og til greina þurfi að taka þá reynslu, sem fengizt hefur á þessu tímabili. Þess vegna vil ég leyfa mér að fagna því, að frv. er nú komið fram til endurskipulagningar á þessum málum. Hins vegar vil ég mjög kvarta undan því, hversu naumur tími er hér ætlaður til athugunar á þessu stórmáli, sem ég vil nefna svo. Ég vonast til þess, að hæstv. menntmrh. ætlist ekki til þess, að Alþ. afgreiði þetta mál á þeim skamma tíma, sem eftir er til umráða, því þegar ég sá dagskrá þessa fundar, sem yfir stendur, í morgun, þá sá ég, að fram var komið frv. um Þjóðleikhús, og fór hingað niður í alþingishús til þess að fá að sjá þetta frv. En þá var það ekki til. Þetta var kl. 10. Þegar menn komu svo hingað til þingfundar, þá lá þetta frv. að vísu hér á borðum manna, en af sjálfu leiðir, að enginn tími hefur gefizt til athugunar á þessu frv. nú, og tæplega er við því að búast, að hann gefist á þeim skamma tíma, sem eftir er af þinghaldi, sem nú mun fullráðið, að ljúki fyrir páska. Ég óska eftir því, að það komi fram hér við þessa umr., hvort til þess er ætlazt, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi.

Það eru mörg nýmæli í þessu frv. og talsvert margar breytingar. Það er breytt skipan þjóðleikhúsráðs, fjölgað í því og það skipað með öðru móti en nú er. Þjóðleikhússtjóra skal t. d. ráða til 4 ára í senn. Ég hygg, að það sé nú til bóta, og legg ég þó engan dóm á starf núverandi þjóðleikhússtjóra með þeim orðum. En ég hygg, að það sé rétt stefna að miða að því, að menn verði ekki alltaf ellidauðir í embættum sínum, heldur gefist valdhöfum hverju sinni kostur á að skipta þar um, eftir því sem þurfa þykir. Og ekki á það sjálfsagt sízt við störf að listamálum, eins og hér um teflir, þar sem breytingar eru hraðar og kröfur tímanna breytilegar og breytast ört.

Ég skal nú ekki þreyta hv. þdm. á langri ræðu um þetta atriði, en ég sé, að inn í þetta frv. er sett nánast alveg utan úr heiðloftinu, að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins. Um þetta hef ég og við nokkrir þm. flutt æðioft frv., sem raunverulega miðaði að því að stofna þennan skóla, en ég sé ekki, að til móts við þá

hugmynd sé komið nema að mjög óverulegu leyti með þeim ákvæðum 20. gr., þar sem segir, að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla og að menntmrn. setji nánari ákvæði um hann í reglugerð. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég held, að þingið verði að glíma við það að setja þessum skóla lög. En ég skal ekki ræða þetta frekar, ef svo er, sem mér virðist, að þetta mál sé aðeins sýnt á þessu þingi, en eigi ekki að ganga fram. Annars mun ég þá segja eitthvað fleira um það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. um það, hvort ég eða ríkisstj. ætlumst til þess, að frv. verði afgreitt á þessu þingi, skal ég upplýsa, að ríkisstj. getur að sjálfsögðu ekki ætlazt til þess, að málið verði afgreitt á svo skömmum tíma, sem eftir er af þessu þingi. Engu að síður þótti mér rétt, að störfum n. lyki fyrir þinglok, þannig að hægt væri að útbýta málinu og það síðan verði til athugunar til næsta þings hjá þeim fjölmörgu aðilum, sem vitað er að hafa áhuga á þessu máli. En ég tel það að öllu leyti vera heppilegri og skynsamlegri vinnubrögð að afgreiðsla málsins bíði næsta þings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Mannanöfn.

Á 92. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um mannanöfn [308. mál] (stjfrv., A. 835).

Á 94. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

18. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 92. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar [309. mál] (stjfrv., A. 836).

Á 95. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er allmikill bálkur, og hefði verið ástæða til að fylgja því úr hlaði með ýtarlegri ræðu. En vegna anna þingsins og naums tíma nú á þessum næstsíðasta degi þinghaldsins skal ég stytta mjög mál mitt.

Frv. hefur orðið nokkuð síðbúið vegna þess, að n. sú, sem það samdi, gerði á því nokkrar breytingar við síðustu yfirferð. Má þó segja, að það komi ekki að sök, því að það var aldrei ætlunin að ýta eftir afgreiðslu málsins á þessu þingi, þó að fyrr hefði tekizt að leggja það fram.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er það samið af íslenzku sifjalaganefndinni. Formaður hennar er Ármann Snævarr, fyrrum háskólarektor, en í n. eiga sæti auk hans Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmrn., og ég, sem var þriðji nm.

Núgildandi lög um stofnun og slit hjúskapar eru frá árinu 1921, og eru því orðin hálfrar aldar gömul. Þau voru á sínum tíma sniðin að fyrirmynd frv., sem samið hafði verið af n. frá Norðurlöndunum þremur, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, sem hóf störf upp úr 1910. Þessi lög okkar um stofnun og slit hjúskapar hafa tekið nokkrum breytingum síðan, ekki miklum þó, og þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum hinna Norðurlandanna um þessi efni, hafa verið veigameiri. En í þeim löndum voru ný lög um stofnun og slit hjúskapar lögleidd á árunum 1914—1929.

Á fundi Norðurlandaráðs 1955 var samþ. að beina því til aðildarríkjanna, að fram yrði látin fara endurskoðun á hjúskaparlögum landanna, — endurskoðun, sem beindist að því að samræma þau, að svo miklu leyti sem mögulegt væri, í hinum ýmsu löndum og fella þau að þeim breytingum, sem orðið höfðu í þjóðfélögunum á þessum langa tíma, sem liðinn var frá fyrstu setningu l. Á hinum Norðurlöndunum hafa nú á allra seinustu árum ýmist verið samþ. ný lög um stofnun og slit hjúskapar eða gerðar verulegar breytingar á eldri l., og hefur það orðið í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem unnið var að á árunum frá 1960—1968 og við höfum tekið þátt í. Við Íslendingar erum síðastir í röðinni til að setja ný lög um stofnun og slit hjúskapar. Íslenzka n. vildi fara sér hægt, bíða og sjá, hver yrði niðurstaðan í hinum löndunum, og hver yrðu viðbrögð og afgreiðsla þjóðþinga þeirra landa á frv. frá sifjalaganefndunum.

Ég skal svo stikla á stóru og minnast aðeins á nokkur aðalatriðin til breytinga, sem þetta frv. hefur að geyma. Ég skal þá í upphafi geta þess, að úr frv. eru felld niður þau ákvæði núgildandi l., sem fjalla annars vegar um festar og hins vegar um lýsingu. Um festar er talið, að rétt sé að gildi ákvæðin um bætur vegna festaslita, en ákvæði núgildandi l. fjalla eiginlega eingöngu um það. Í þeim efnum er talið eðlilegt, að farið sé eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Það má geta þess, að t. d. í norsku l. um stofnun og slit hjúskapar hafa aldrei verið nein ákvæði um festar. Þá er einnig sleppt hér ákvæðum núgildandi l. um lýsingar. Lýsingar tíðkast yfirleitt alls ekki, og má heita, að undantekning sé, að lýsingarákvæðunum sé beitt nú, heldur kaupa menn sig undan lýsingarskyldu með leyfisbréfi.

I. kafli fjallar um hjónavígsluskilyrðin, og er

þá fyrst að geta um hjónavígslualdurinn. Hann er nú, eins og menn vita, 18 ár fyrir konur, en 20 fyrir karla. Með frv. er lagt til, að hann verði samur fyrir bæði kynin, 18 ár. Í Noregi og Svíþjóð hefur það þegar verið lögleitt. Í Finnlandi hins vegar er hjúskaparaldurinn 17 ár fyrir konur, 18 fyrir karla. Danir hafa enn ekki breytt því, sem gilt hefur hjá þeim eins og hér, 18 og 20 ár, en eins og ég síðar vík að eru lögin, þó að þau séu nýlega sett, til meðferðar hjá nýrri endurskoðunarnefnd, og kemur þá sjálfsagt hjúskaparaldurinn þar til athugunar meðal annarra ákvæða.

Þá eru í núgildandi l. tilteknir sjúkdómar sem hjúskapartálmar. Þeir eru smitandi berklaveiki, holdsveiki, flogaveiki og kynsjúkdómar. Þessi ákvæði slíkra hjúskapartálma hafa verið felld niður á öllum Norðurlöndunum, að því undanskildu, að í Noregi er í l. áskilin skylda til þess að tilkynna eða skýra tilvonandi maka frá, ef aðili er haldinn kynsjúkdómi. Þetta ákvæði er ekki tekið upp í frv. Bann við vígslu geðveikra manna og hálfvita, sem er í núgildandi l. og er fortakslaust, svo sem einnig er um líkamlega sjúkdóma, er samkv. frv. gert undantækt. Gildir sú regla alls staðar á hinum Norðurlöndunum. Þá er í núgildandi l. lagt bann við því að vígja aðila og skyldmenni þess, er hann áður átti, í beinan legg. Þetta bann er fortakslaust í okkar hjúskaparlögum nú, en með frv. er lagt til, að það sé gert undantækt. Hins vegar er ekki tekið í frv. það ákvæði, sem er í núgildandi lögum, að bannað sé að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi dómsmrn. komi til. Þetta hefur verið fellt niður á hinum Norðurlöndunum, og þykir sjálfsagt, að svo sé einnig gert hér, þannig að skyldmenni, sem stofna til slíks hjúskapar, þurfa nú ekki að sækja til þess um leyfi.

Í III. kafla frv. er fjallað um hjónavígsluna og hverjir hana framkvæmi. Það er kveðið svo á, eins og einnig er í núgildandi l., að kirkjulega hjónavígslu annist prestar þjóðkirkjunnar og forstöðumenn hérlendra trúfélaga, sem til þess hafa fengið löggildingu rn. Þá er gert ráð fyrir því, að kirkjumálarn. setji, að fengnum till. biskups, reglur um, hvaða prestar innan þjóðkirkjunnar hafi heimild til að framkvæma hjónavígslu. Nú er það svo, eins og hv. alþm. er kunnugt, að prestsþjónustu gegna ekki eingöngu þjónandi þjóðkirkjuprestar, heldur höfum við, t. d. með l. frá síðasta þingi, fengið í lög tekin ákvæði um fangelsispresta og sjúkrahúsapresta, og er sem sé í þessari 16. gr. frv. gert ráð fyrir, að reglur séu settar um, hvaða prestar skuli hafa heimild til að framkvæma hjónavígslur.

Þá er í niðurlagi þessarar gr. ákvæði, sem rétt er að vekja athygli á, þar sem segir, að frá 1. janúar 1972 skuli telja þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslur. Þetta mun, að ég ætla, hvergi tíðkast nú í okkar nágrannalöndum, að prestar, sem látið hafa af embætti, framkvæmi hjónavígslur, þó að hins vegar þetta sé orðin löghelguð venja hjá okkur. Þess er skemmst að minnast, að fyrir Hæstarétti féll dómur í máli, sem einmitt snerist um þetta atriði — heimild presta, sem látið hafa af embætti, til þess að framkvæma hjónavígslur, og leit Hæstiréttur svo á, að þetta væri orðin löghelguð venja, og var því talið, að til þess hjónabands, sem þar var um að ræða, væri löglega stofnað. Hinu verður ekki unnt að líta framhjá, að það verður að teljast heldur óeðlilegt, að embættismenn, sem látið hafa af störfum, geti framkvæmt embættisathafnir, sem hafa slíkar réttarverkanir sem stofnun hjúskapar hefur, og engum mundi sjálfsagt detta í hug, að embættismenn, sem framkvæma borgaralega vígslu, sýslumenn og bæjarfógetar, hefðu heimild til slíks, eftir að þeir hafa hætt sem embættismenn.

Þá eru í 19. gr. nokkur nýmæli. Það er nú fyrst, að kirkjumrn. geti löggilt íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis, og síðan, að utanrrn. geti, að höfðu samráði við dómsmrn., sett reglur um heimild starfsmanna í íslenzkum sendiráðum, sem hafa diplómatiska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, og einnig um heimild ræðismanna Íslands erlendis til hins sama. Borgaralegar hjónavígslur annast sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar. Eins og nú er, mundi þetta því ná til lögreglustjórans í Bolungarvík. Þá mun ekki vera fleira í þessum kafla, sem ég sé ástæðu sérstaklega til þess að minnast á.

IV. kaflinn fjallar um ógildingu hjúskapar. Það var nokkuð um það rætt í n., hvort halda skyldi þessum kafla inni í l., því að það hefur aldrei komið til þess hér á landi, að ákvæðum kaflans væri beitt og hjúskapur ógiltur. Þó þótti eftir atvikum rétt að halda kaflanum í l. með smávægilegum breytingum. Þar með eru m. a. ákvæði 27. gr., sem geta skipt máli í öðru sambandi, sem ég mun síðar koma að.

Þá kem ég að V. kafla frv., sem er um hjónaskilnaði. Í honum felast nokkrar breytingar frá því, sem er í núgildandi l. Það er yfirleitt horfið frá því að láta sakaratriði skipta máli um skilnaðarleyfi eða skilnaðarskilmála, enda að sjálfsögðu oft erfitt að staðreyna slík atriði. Skilnaðarfrestir eru samkv. núgildandi l. þeir, að þegar ár er liðið frá skilnaði að borði og sæng, geta hjón fengið lögskilnað, ef bæði eru sammála um það. Setji annað hvort hjóna sig á móti lögskilnaði, þá getur hann ekki orðið veittur fyrr en 2 ár eru liðin, frá því að skilnaður frá borði og sæng varð. Með frv. er lagt til, að aðeins gildi einn frestur, eitt ár, og að þeim tíma liðnum verði lögskilnaður veittur, þó að hjón séu ekki um það sammála.

Þá er þess að geta, að ákvæði um hjúskaparbrot, sem eru lögskilnaðarástæða, eru nokkuð breytt í frv. Samkv. núgildandi l. skal veita lögskilnað, þegar um slíkt er að ræða, en eftir frv. er heimilt að kveða svo á, að eingöngu skuli veita heimild til skilnaðar að borði og sæng, þó að brot sé staðreynd. Þar um veldur mestu tillitið til barna, sem eru sá aðilinn, sem oft og einatt líður kannske mest við hjónaskilnað, en skilnaðarmál í sambandi við hjúskaparbrot eru oft svo mikið tilfinningamál, að fólk rasar oft um ráð fram, eða sá aðilinn, sem misgert er við. Er þessi heimild til þess að staðnæmast við

skilnað að borði og sæng því hugsuð sem leið til þess að fyrirbyggja fljótráðnar ákvarðanir í þessum efnum.

Þá er í 47. gr. frv. nýmæli, þar sem kveðið er á um umgengnisrétt foreldra við börn. Slíkt ákvæði er ekki í okkar núgildandi l., en hins vegar í l. ýmissa Norðurlandanna, ef ekki allra. Mér er ekki fullkunnugt um það. Að lokum skal þess svo getið, að í 49. gr. í þessum kafla er rýmkað nokkuð um heimildir til þess að úrskurða framfærslueyri, eftir að lögskilnaður hefur farið fram.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um fjárskipti við hjónaskilnað. Í sambandi við skipti koma þá til greina ákvæði l. um réttindi og skyldur hjóna frá 1923 og ákvæði skiptalaga, enda til þeirra vísað í 1. gr. í þessum kafla, þ. e. a. s. 51. gr. Rétt þótti að taka inn í þennan kafla nokkur önnur ákvæði, og það er alveg sérstök ástæða til þess að kveða svo á, að um skipti skuli fara eftir 27. gr. l., þ. e. a. s. eins og þegar skipt er búi, þegar hjúskapur hefur verið ógiltur. Aðalreglan um réttarstöðu hjóna í hjúskapnum og við skilnaðinn er sú, að ef ekki er öðruvísi ákveðið með kaupmála eða af hálfu gefenda eða arfleifenda, sem hjónin hafa fengið frá gjafir eða arf, þá sé um sameign að ræða, sem skiptist til helminga við skilnaðinn. Í þessari gr. er sem sé kveðið svo á, að frá þessu sé heimilt að víkja, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, t. d. að helmingaskipti væru bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hefur staðið skamma stund og hefur ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu hjónanna. Þá er einnig í 60. gr. nýmæli varðandi íbúðarhúsnæði, sem hjón hafa á leigu, hvernig um leigurétt skuli fara við skilnað.

VII. kaflinn fjallar um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl. Ég sé ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að ákvæðum þess kafla.

Ég hef nú hér drepið á nokkur atriði frv., sem hafa að geyma breytingar frá núgildandi l., en vil að öðru leyti vísa til frv. og þeirrar mjög svo ýtarlegu grg., sem því fylgir.

Lög um stofnun og slit hjúskapar hljóta óhjákvæmilega að tengjast mjög ákvæðum l. um réttarstöðu hjóna — um fjármál hjóna, eins og fólk nefnir þau mál í daglegu tali, og notar þá nafn á eldri löggjöf um þessi efni. L. um réttindi og skyldur hjóna, sem eru, eins og ég áður sagði, frá 1923, eru einnig í endurskoðun hjá sifjalaganefndinni, og ég vil láta þess hér getið, að væntanlega verður þeirri endurskoðun lokið í haust, svo að unnt verði að leggja fram frv. um það efni fyrir næsta þing.

Ég skal svo að lokum geta þess, að Svíar og Danir, sem nú á allra síðustu árum hafa ýmist breytt verulega sínum hjúskaparlögum eða sett sér ný hjúskaparlög, hafa talið, að þar hafi vart verið nógu langt gengið til þess að samræma lögin því breytta þjóðfélagi, sem við lifum í nú á tímum. Þeir hafa því skipað hjá sér nýjar sifjalaganefndir, og ég ætla, að Finnar hafi þegar gerzt aðilar að því samstarfi. Það er enn óráðið, hvort við munum taka virkan þátt í þeirri endurskoðun, eða hvort við munum, að dæmi Norðmanna, fylgjast með þeirri endurskoðun og því samstarfi með áheyrnarfulltrúa.

Herra forseti. Ég sé ekki að svo komnu ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Fiskiðnskóli.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Fiskiðnskóla [11. mál] (þmfrv., A. 11).

Á 3., 4., 5. og 7. fundi í Nd., 19., 22., 26. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikið verið um það rætt að stofna þyrfti fiskiðnskóla hér á landi. Mér telst svo til, að nýlega sé afstaðið 10 ára afmæli fiskiðnskólamálsins hér á hv. Alþ., og má með nokkrum sanni segja, að það sé þá við hæfi nú á 10 ára afmælinu að minnast þess á verðugan hátt. Okkur flm. fannst vel viðeigandi að minnast afmælisins með flutningi frv. til l. um fiskiðnskóla.

Það er upphaf fiskiðnskólamálsins hér á hv. Alþ., að við flm. þessa frv., hv. þm. Jón Skaftason og ég, fluttum á þinginu 1959—60 till. til þál. um þetta mikilsverða efni, að Alþ. og ríkisstj. beittu sér fyrir stofnun skóla fyrir fiskiðnaðarmenn. Á næstu þingum, 1960, 1961, 1962 og 1963 var málið flutt enn og aftur, og svo fór að lokum, að Alþ. samþykkti 30. apríl 1964 till. til þál., sem þannig hljóðar með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa n. í samráði við Fiskmat ríkisins, Fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal n. m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum."

Samkv. þessari ályktun var gert ráð fyrir, að n. yrði skipuð svo tímanlega, að hún gæti lagt till. sínar fyrir næsta Alþ. Af því gat þó ekki orðið, þar sem n. var ekki skipuð fyrr en 27. nóvember 1964 og tók til starfa seint í janúar 1965. Þessi fiskiðnskólanefnd lauk störfum 8. des. 1966 og lét þá ríkisstj. í té álit og till. Mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi formlega kynnt Alþ. þessar till., og þaðan af síður, að ríkisstj. hafi flutt þetta mál hér í frv.-formi.

Það er því sízt ofmælt, sem segir í grg. fyrir þessu frv. nú, að ríkisstj. hafi haft till. fiskiðnskólanefndar að engu og virðist staðráðin í að láta sitja við algert aðgerðaleysi í fræðslumálum fiskiðnaðarmanna. Ef ríkisstj. ætlar að hafa það sér til afbötunar í þessu máli, að efnt hafi verið til tiltekinna námskeiða á þessu sviði að undanförnu, þá held ég, að það sé næsta fátæklegt framlag til þessa mikla máls að koma upp raunverulegum fiskiðnskóla. Í leiðurum stjórnarblaða hefur nýlega mátt sjá þá fullyrðingu viðhafða, að námskeið þessi væru vísir að fiskiðnskóla. Ég held, að slík fullyrðing fái ekki staðizt. Fiskiðnaðarnámskeiðin, sem haldin eru á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eru ekki vísir að fiskiðnskóla frekar en verknámskeiðin, sem kennd voru við sjútvmrn. og haldin voru hér fyrst 1947 og síðan um fjölda ára allt fram undir þennan dag undir yfirstjórn fiskmatsstjóra. Hvorug þessara námskeiða eru eða voru vísir að fiskiðnskóla. Námskeið sjútvmrn. voru virðingarverð tilraun til þess að bæta úr brýnni þörf á þeim tímum, þegar skilningur á föstu skólastarfi var minni en nú er, en námskeið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eru varla annað en mjög lítilfjörlegt kák, sem verður eingöngu til þess að tefja nauðsynlegan undirbúning að stofnun myndarlegs og gagnlegs fiskiðnskóla, t. d. með því skipulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég hef sagt, þá er þetta frv. samið af fiskiðnskólanefnd, sem ríkisstj. skipaði samkv. till. eða ályktun Alþ. á árinu 1964, og nm. voru ekki af verri endanum. Þetta voru allt sérfræðingar í fiskiðnaði eða starfandi að fiskiðnaði og fiskframleiðslumálum með einum eða öðrum hætti. Formaður n. var Hjalti Einarsson verkfræðingur, sem þá var starfsmaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og er kannske enn, og ég hygg, að hann sé að allra dómi einn færasti sérfræðingur okkar í fiskvinnslufræðum. Aðrir nm. voru Bergsteinn Bergsteinsson fiskmatsstjóri, Jón Árnason alþm. og útgerðarmaður, Jón Skaftason alþm. og fulltrúi í síldarútvegsnefnd, Margeir Jónsson útgerðarmaður, dr. Sigurður Pétursson gerlafræðingur, dr. Þórður Þorbjarnarson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Tryggvi Jónsson forstjóri niðursuðuverksmiðju í Kópavogi, Leó Jónsson síldarmatsstjóri og Sveinn Björnsson forstjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Það voru þessir menn, sem fyrir 4 árum urðu sammála um að leggja til við ríkisstj., að stofnaður yrði fiskiðnskóli á Íslandi. Þetta eru menn-irnir, sem sömdu frv. það, sem hér liggur fyrir. Í álitsgerð þeirri, sem n. sendi frá sér ásamt till. að lagafrv. um fiskiðnskóla, segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Það er samdóma álit fiskiðnskólanefndar, að fiskvinnslufræði sé orðið mjög sérhæft fag og tilfinnanlegur skortur sé á kunnáttumönnum í þeirri grein. Fjölbreytni í framleiðslu er þegar orðin mikil. Hún mun fara vaxandi og stofnun fiskiðnskóla er því að verða knýjandi nauðsyn. Það skal því ítrekað, að það er skoðun n., að ábyrgðarstöður í fiskiðnaði þurfi að verða eftirsóknarverðar í þjóðfélaginu og þær eigi að skipa vel menntaðir fiskvinnslufræðingar. Undirstöðukunnáttuna eiga þeir að fá í fiskiðnskólanum.“

Þannig mælti fiskiðnskólanefnd og einnig sagði nefndin með leyfi hæstv. forseta:

„N. telur nauðsynlegt, að þeir, sem fiskvinnslu stjórna og fisk meta, hafi góða alhliða menntun, sem sé ekki minni en menntun þeirra, sem vinna önnur hliðstæð ábyrgðarstörf í þjóðfélaginu. Í nútíma þjóðfélagi er fiskvinnsla flókin atvinnugrein, sem krefst æ meiri kunnáttu og vísindalegra starfsaðferða. Slík kunnátta og vinnubrögð verða ekki lærð til hlítar nema í skóla.“ Og enn heldur n. áfram: „Fyrir 20—30 árum var venjan sú í fiskvinnslu, að kennslan fór fram í fiskvinnslustöðvunum, þannig að ungir menn lærðu af þeim eldri. Enda þótt slík vinnubrögð hafi oft gefizt vel, verður að telja, að slíkar kennsluaðferðir fullnægi ekki þörfum nútímans á þjálfuðum og menntuðum starfskröftum.“

Síðan greinir n. frá því, að sérskólar í fiskiðnaði hafi verið stofnaðir víða um lönd og nefnir í því sambandi Noreg, Japan og Kanada, en ég vildi bæta við, t. d. Sovétríkjunum, en ég þykist mega fullyrða, að Sovétmenn séu framarlega, að því er tekur til menntunar fiskvinnslu- og fiskiðnfræðinga, og þar leggja menn ekki síður áherzlu á hagnýtt fiskvinnslunám en æðri fiskiðnaðarvísindi og háskólanám í þessum greinum.

Eins og sjá má, þá er þetta frv. í alls fimm köflum og 14 greinum. Í 1. gr. frv. er minnzt á, hvert sé aðalmarkmið skólans, en það er að veita fræðslu í fiskiðngreinum og útskrifa fiskvinnslufræðinga, eins og fiskiðnskólanefndin hefur túlkað það orð og viljað orða það. Þá er gert ráð fyrir því, að þessi skóli sé sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðh. og skuli vera í eigin húsakynnum, og gert ráð fyrir því, að þarna fari fram bæði bókleg og verkleg kennsla í tvö ár og við skólann sé sjálfstæð heimavist. Síðan er gerð grein fyrir því, hvernig stjórn skólans skuli skipuð, þar sem gert er ráð fyrir 8 manna skólanefnd, sem skipuð sé eftir sérstökum tilnefningum af ráðh.

Í III. kaflanum er minnzt á, hvert sé markmið skólans, og þar segir, að nemendur skuli að afloknu prófi öðlast undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega, til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórn fiskvinnslustöðva og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaðinum. Þetta eru í raun og veru þær stöður, sem fiskvinnslufræðingarnir eiga helzt að skipa, og sýnist mér, að þarna sé upp talið flest af því, sem til greina kemur af þeim störfum, sem hér eru í fiskiðnaði.

Eins og ég sagði áðan, þá er gert ráð fyrir því, að skólatíminn sé full tvö ár samkv. þessu frv. fiskiðnskólanefndarinnar, og gert ráð fyrir því, að umsækjendur hafi gagnfræðapróf og séu orðnir 17 ára. Síðan er gerð nánari grein fyrir því, hvaða námsgreinar skuli stunda í skólanum, og í 12. gr. er það upp talið, hverjar séu helztu verklegu greinarnar. Það er meðferð á nýjum fiski, ísun fisks, flökun, frysting, söltun, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmat, vinnurannsókn-

ir og svo ýmsar aðrar námsgreinar, sem skólastjóri eða skólastjórn teldi nauðsynlegt að kenna. Einnig er gert ráð fyrir bóklegu námi. Eitt fagið er þar kallað fiskvinnslufræði og auk þess efnafræði, eðlisfræði, fiskifræði, gerlafræði og vinnurannsóknir, verzlunar- og landafræði, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat og svo ýmsar aðrar námsgreinar, sem skólastjórn kynni að telja heppilegt, að stundaðar yrðu í skólanum.

Þetta er nú í höfuðatriðum efni þessa frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Ég held, að nauðsyn fiskiðnskólanámsins liggi alveg í augum uppi og þess gerist í rauninni engin þörf að fara að tíunda öll þau rök, sem annars mæla með þessu máli. Þetta er eitt þeirra mála, sem mæla með sér sjálf. Hins vegar verður ekki komizt hjá því að gagnrýna ríkisstj. fyrir afskipti hennar af málinu, eins og nú er komið. Ég hef leyft mér að hafa uppi slíka gagnrýni að nokkru og beini henni fyrst og fremst til ríkisstj. sjálfrar, því að augljóst er, að hún hefur legið á þessu máli árum saman og tafið allar nauðsynlegar aðgerðir í því. Þessi gagnrýni mín beinist miklu síður að hv. stuðningsmönnum ríkisstj. innan þings og utan. Mér er vel kunnugt, að ýmsir mætir menn í stjórnarflokkunum hafa lagt þessu máli lið bæði í ræðu og riti, þó að þeir virðist ekki hafa haft afl til þess að knýja hæstv. ríkisstj. til aðgerða. Ég er viss um það, að allir þm., sem sæti eiga í þessari hv. d., eru í hjarta sínu jafn sannfærðir um nauðsyn þessa máls og við flm. frv. Ég er viss um, að allir hv. þdm. taka undir röksemd fiskiðnskólanefndar um það, að stofnun fiskiðnskóla á Íslandi sé knýjandi nauðsyn. Og ef það er knýjandi nauðsyn, þá er það jafnbrýnt, að Alþingi láti til sín taka í málinu. **Alþingi getur haft úrslitaáhrif í þessu máli.** Það er á valdi Alþingis að ákveða stofnun fiskiðnskóla. Alþ. getur lagt fyrir ríkisstj. að hefjast handa, enda er í rauninni fyrir hendi ákveðinn vilji Alþ. í þessu máli, þar sem er þál. frá 1964. Það er þegar búið að vinna undirbúningsstarf að stofnun fiskiðnskólans með starfi fiskiðnskólanefndar, og það verður ekki séð, að miklu verði bætt við það starf. Það er þegar fyrir hendi nægilega traustur grundvöllur undir stofnun skólans og því ekki eftir neinu að bíða. Eða eftir hverju eru menn að bíða? Eins og ég hef sagt, er ég viss um, að þetta mál á mikið fylgi hér á hv. Alþ., ekki síður hjá fylgismönnum ríkisstj. en hjá okkur í stjórnarandstöðu. Ég held m. a., að það sé sönnun fyrir því, að við höfum ekki hreyft þessu máli ófyrirsynju, að einn af þm. ríkisstj., hv. 3. þm. Sunnl., hefur flutt frv. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Mér er kunnugt um áhuga þessa hv. þm. á þessu máli.

Ég ætla ekki að ræða ýtarlega um efni þessa frv. hv. 3. þm. Sunnl. Við fljótan yfirlestur virðist mér lítið bera á milli um höfuðatriði málsins. Hv. þm. leggur til, eins og gert er í þessu frv., að stofnaður verði sérstakur ríkisrekinn skóli, sem hafi það hlutverk að brautskrá fiskvinnslufræðinga, og námið sé bæði bóklegt og verklegt. Það, sem á milli ber, eru allt minni háttar atriði, sem ég geri ekki að umræðuefni. Ég geri ráð fyrir, að frv. hv. 3. þm. Sunnl. verði tekið til umr. fljótlega, e. t. v. í dag, því að það er nú á dagskrá, og mér finnst eðlilegt, að bæði frv. fari til sömu þn. Ég mun leggja það til, að þessu frv. verði nú að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., og beini því hér með til hæstv. forseta. Þangað ætti frv. hv. 3. þm. Sunnl. að minum dómi einnig að ganga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fiskiðnfræðslumálin hafa ekki verið í verkahring menntmrn. nema síðan um síðustu áramót. Þau voru áður í verkahring sjútvrn., og með hliðsjón af því mundi ég óska eftir því við hv. flm. þessa frv. og flm. frv. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, að þeir breyti till. sinni og leggi til, að frv. fari til menntmn. Það er í samræmi við núgildandi lagaákvæði um Stjórnarráðið. Hin till. virðist mér vera byggð á eldri skipun, sem breytt hefur verið með nýjum l. um Stjórnarráðið. Nú heyra allir skólar í landinu nema búnaðarskólar undir menntmrn. Þessi skóli mundi, ef og þegar hann verður stofnaður, heyra undir menntmrn. og mér finnst tvímælalaust eðlilegt, að sú n., sem fjallar um önnur frv. um skóla, sem undir menntmrn. heyra, fjalli líka um þetta frv. Ég skýt þessu hér með að hv. flm.

Annars kvaddi ég mér aðallega hljóðs til þess að segja nokkur orð um það, sem gerzt hefur í þessu máli síðan menntmrn. var falið að fjalla um það. Þegar á s.l. vetri kynntum við í rn. okkur rækilega það, sem þegar hafði verið gert í þessu máli, nál., sem fyrir lá, og annan undirbúning. Við komumst að þeirri niðurstöðu, að málið hefði ekki enn hlotið fullnægjandi undirbúning til þess að við í rn. treystum okkur til þess að undirbúa frv. í sumar til þess að leggja fyrir þetta þing.

Í raun og veru er allt fiskiðnfræðslumálið tvíþætt. Annars vegar er um það að ræða, hvernig eigi að mennta verkstjóra og aðra, sem verkstjórn og eftirlits- og matsstörf hafa á hendi í frystiiðnaðinum. Það er um þetta mál, sem þessi tvö frv. fjalla. En vandamálið er stærra og víðtækara en þetta. Það er líka spurningin um það, hvernig eigi að koma fræðslu um fiskiðnað og fiskverkun inn í verknám almenna skólakerfisins og gagnfræðaskólana. Það er ekki síður mikilvægt, að í sjálfu skólakerfinu, jafnvel á skyldustiginu, en þó einkum á framhaldsstiginu, í verknáminu og framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna, þar komist inn einhver fræðsla um fiskverkun og jafnvel fiskveiðar. Þetta mál hefur enn verið tiltölulega lítið athugað, en það gefur auga leið, að það þarf auðvitað að samræma bæði slíkt nýtt nám í skólum, sem nú eru fyrir hendi, og nýjan fiskiðnskóla fyrir verkstjóra og matsmenn og samræma hann skólakerfinu að öðru leyti.

Ein spurningin er sú, hvort fela ætti þessa verkstjóra- og matsmannafræðslu Tækniskólanum, sem þegar starfar, í stað þess að stofna alveg nýjan skóla, sem tækist þessa fræðslu á hendur. Ef matsmannafræðslan ætti að vera í Reykjavík, þá kemur þetta atriði til sérstakrar athugunar, að fela hana beinlínis Tækniskólanum, þ. e. a. s. að stofna nýja deild við Tækniskólann, sem hefði þessa fræðslu með höndum,

líkt og t. d. Tækniskólinn hefur tekið að sér kennslu meinatækna og þar fram eftir götunum. Ef hins vegar fiskiðnskólinn á að vera í Vestmannaeyjum t. d. eða annars staðar en í Reykjavík, þá gefur auga leið, að hann verður að vera sjálfstæður. Allt þetta hefur verið athugað talsvert. En ég sá það í vor, eða við vorum sammála um það í menntmrn., að málið hefði alls ekki hlotið þann undirbúning, að við gætum í rn. gert till., sem frambærilegar væru fyrir Alþ., á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu. Þess vegna skipaði ég á s.l. sumri sérstaka n. til þess að kanna stöðu tæknimenntunarinnar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga. Og þessari n. var sérstaklega falið að kanna fiskiðnfræðsluvandamálið, bæði möguleika á fiskiðnfræðslu innan núverandi skólakerfis og athugun á menntun verkstjóra og matsmanna í fiskiðnaði, og þá um leið að athuga, hvort stofna ætti sérstakan skóla í þessu skyni, eða hvort fela ætti þessa fræðslu Tækniskólanum. Þessi n. er starfandi núna, henni tókst ekki að ljúka störfum, áður en þing kom saman. Í n. eiga sæti Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntmrn.; forseti Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Þorbjörn Sigurgeirsson; skólastjóri Tækniskóla Íslands, Bjarni Kristjánsson; skólastjóri Gagnfræðaskóla verknáms, Magnús Jónsson; formaður iðnfræðsluráðs, Óskar Hallgrímsson; skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, Þór Sandholt; skólastjóri Vélskólans, Gunnar Bjarnason og formaður Félags tæknifræðinga, Stefán Guðjohnsen tæknifræðingur. Ég óskaði eftir því í skipunarbréfinu, að þessi n. hraðaði störfum sem allra mest og hefði samstarf við n. þá, sem í bréfinu segir, að nú starfi að endurskoðun laga um fræðslu barna og laga um gagnfræðanám, en sú n. hefur þegar eða er þessa dagana endanlega að ljúka störfum. Ég á von á því, að þessi n. ljúki störfum í haust eða í öllu falli fyrir jól og þá muni þar koma till. um fiskiðnskólamálið og fiskiðnfræðslumálið í skólunum, sem ég vona, vegna þess hve málið er lengi búið að vera á döfinni, að verði loksins í því formi, að unnt verði að sýna þær hinu háa Alþingi. Ég vil skjóta þessu til þeirrar n., sem fær þessi frv. bæði til meðferðar, að hún kynni sér, hvað þessu máli líður hjá þessari tæknimenntunarnefnd, og ég hygg, að það væri bezt og farsælast fyrir góða framgöngu málsins, að menntmn. afgreiddi málið ekki fyrr en hún fær að sjá hugmyndir eða till. tæknimenntunarn. í þessu mjög svo mikilsverða máli.

Ég skal með ánægju lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel hina brýnustu nauðsyn vera á því, að verkstjóra- og matsmannafræðslu verði komið upp. Um það skal ég ekkert segja á þessu stigi, hvort æskilegt sé, að hún sé í sérstökum skóla, ekkert segja, hvort æskilegt sé, að hún sé í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða í Tækniskólanum. Aðalatriðið er það, að þessari fræðslu verður að koma á og það fyrr en seinna. Og ég tel rétt að stefna að því, að hún geti hafizt strax næsta haust. En jafnframt, og það er líka verkefni þessarar n., er nauðsynlegt að auka fræðslu um fiskveiðar og sérstaklega fiskvinnslu innan verknámsfræðslunnar, sem nú fer fram í skólakerfinu, og gefa þessum höfuðatvinnuvegi okkar aukið rúm frá því, sem nú er. Að því tel ég tvímælalaust, að beri að stefna.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það vantar ekki, að þegar um þetta mál er talað, bæði hér innan sala hv. Alþ. og eins á mannfundum annars staðar, þá séu allir sammála um, að hér sé um mikilvægt og brýnt hagsmunamál þjóðarinnar að ræða. En það stingur allmjög í stúf við þá reynslu, sem við höfum af framkvæmdum í þessum efnum, og þá sérstaklega nú seinustu 6—7 árin, eftir að skriður komst á þetta mál með skipun þeirrar n., sem hér hefur verið vikið að, og framlagningu þess frv., sem hún samdi. En frá þeim tíma og allt til þessa dags hefur raunverulega lítið sem ekkert gerzt í þessum málum, sem umtalsvert er.

Sú ræða, sem hæstv. menntmrh. hélt áðan, var mér að nokkru kunn, af því að ég minnist þess, að hann flutti svo að segja nákvæmlega sömu ræðu, þegar þetta mál var til umr. á síðasta þingi vegna fsp. frá mér um það efni. Þá staðhæfði hæstv. ráðh., eins og hann reyndar gerir nú, að málið hefði engan veginn hlotið þá athugun og þá rannsókn, sem nauðsynleg væri til þess að frambærilegt væri að leggja það fyrir hv. Alþ. Nú er hæstv. ráðh. vafalaust manna kunnugastur því, að með þessu er hann að fella áfellisdóm um samráðh. sinn og samflokksmann, hæstv. núv. sjútvmrh., sem hefur haft frv. frá fiskiðnskólanefndinni undir höndum allt frá árinu 1966, án þess, að því er virðist, að gera nokkurn hlut í því að kynna það, hvað þá að koma því á framfæri á hv. Alþ. En það er ekki sízt þeirra mál, flokksbræðranna, hvernig frammistaða hæstv. sjútvrh. í þessu máli er metin, og hygg ég, að betri eða óvilhallari dóm um frammistöðu hæstv. sjútvrh. í þessu efni verði tæpast hægt að fá en þann, sem hæstv. menntmrh. lét uppi áðan um undirbúningsleysi málsins.

Hæstv. menntmrh. er með þá afsökun, sem hann raunar hafði í fyrra, að ekki væri ljóst, hvort heppilegt væri, að fiskiðnskóli væri sjálfstæð stofnun, sjálfstæður skóli í skólakerfi okkar, eins og fiskiðnskólanefndin var öll sammála um, að heppilegt væri, — allir þeir menn, sem í fiskiðnskólanefndinni sátu, voru um það sammála — eða hvort bregða bæri á það ráð að setja þetta mikilvæga nám inn í Tækniskólann. Hann talaði enn fremur um, að það þyrfti að vera samhengi í þessari menntun í hinu almenna skólakerfi og það þyrfti að taka afstöðu til þess, hvernig ætti að koma kennslu í fiskvinnslumálefnum inn í hið almenna skyldunám skólanna. Nú vil ég halda því fram, að þótt segja megi, að viss rök hnígi að því, að ekki væri óeðlilegt, að sumir þættir fiskiðnfræðslunnar færu fram í Tækniskóla Íslands, þá séu þau rök þó þyngri á metunum og hafi augljósa kosti umfram það, að stofna til sjálfstæðs fiskiðnskóla, eins og fiskiðnskólanefndin var öll sammála um. Þetta leiðir m. a. af því, að allir kunnugir þessum málefnum eru sammála um, að fiskiðnskóla

þurfi að reka í sambandi og samvinnu við starfandi frystihús. Bezt væri að sjálfsögðu, að það yrði gert í sama húsnæðinu, ef það einhvers staðar væri fyrir hendi, a. m. k. í næsta nágrenni þess. Í öðru lagi kemur svo það, sem við hér á hv. Alþ., hvar í flokki sem við erum, höfum verið með miklar áhyggjur af og segjumst allir vilja í einhverju um breyta, og það er sú þróun, að yfirleitt hafa skólar landsmanna allir komið hingað til Reykjavíkur, eða svo til allir. Tækniskólinn er hér, eins og menn vita, og það eru engin rök, nema síður væri, að það sé nauðsyn á því, að fiskiðnskóli eða kennsla á þeim fræðum þurfi líka að vera í Reykjavík til viðbótar allri þeirri skólastarfsemi, sem hér fer fram. Við í fiskiðnskólanefndinni vorum allir sammála um, og það er í frv. því, sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. flytjum hér, sem er algerlega í samræmi við það frv., sem fiskiðnskólanefndin undirbjó — í því er ákveðið, að skólinn skuli vera á Suðvesturlandi. Og ég fyrir mína parta og fleiri í fiskiðnskólanefndinni höfum látið þá skoðun okkar uppi, að við teljum, að þessum skóla sé bezt fyrir komið í Keflavík af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki að rökstyðja hér, af því að ég vil ekki lengja umr. með því að fara að telja þau augljósu rök, sem til þess liggja.

Ég held, að þetta stóra mál undirstriki vel, að ekki einungis á æðstu stöðum meðal ráðamanna, heldur og víðast um þjóðfélagið þurfi að knýja fram gjörbyltingu á því hugarfari, sem landsmenn almennt því miður hafa eða virðast hafa til fræðslu í sambandi við fiskvinnslu. Við vitum, að kröfur markaðanna um vöruvöndun eru sífellt harðnandi og fiskvinnsla og fiskiðja í víðtækustu merkingu er, eins og fyrri flm. vék hér að áðan, er að verða sérgreint skólafag víðast hvar með þjóðum, sem vilja starfa af skynsemi að þessum málefnum. Það hlýtur að koma að því hér fyrr en síðar, að sá hugsunarháttur lúti í lægra haldi með þjóðinni almennt, að það sé nægilegt í þessum efnum, að t. d. eldri matsmaður, sem starfar við frystihús, kenni yngri manni, sem kemur inn algerlega ómenntaður, það, sem hann hefur lært vegna starfa síns undanfarandi ár. Þessum málum verður aldrei kippt í lag, ef sá hugsunarháttur á að verða viðurkenndur í verki, að ekki sé öðruvísi staðið að þessum fræðslumálum sjávarútvegsins en gert hefur verið til þessa. Við fengum smáaðvörun um, hvað það getur kostað þjóðina sem heild, ef við ætlum að halda áfram sama sofandahættinum um þetta og verið hefur. Ég á hér við þá skemmdu vöru, sem upplýst var, að seld var á Bandaríkjamarkaði nú fyrir nokkru síðan, og vakti talsvert umtal og blaðaskrif hér.

Þessi afskiptasemi eða þessi léttúð í sambandi við framleiðslumál okkar í sjávarútveginum speglast víðar í þjóðlífinu. Það er t. d. eftirtektarvert, að í íslenzkri fræðslulöggjöf, skilst mér, að til séu um 60 löggiltar iðngreinar. En í allri fræðslulöggjöfinni er ekki viðurkennt, að til sé iðngrein, sem heitir fiskiðnaður. Það mun ekki vera stafkrók að finna, er lýtur að þeim mikilvæga málaflokki. Og þó á þessi þjóð kannske ekki meira undir öðru um langa framtíð en því að okkur takist að þjálfa og fræða starfsfólk fiskiðnaðarins það vel, að við getum í krafti þeirrar þekkingar, sem þetta fólk hefur, og vegna þess að við eigum að geta fengið gott hráefni hér við land, framleitt betri vöru, sem við seldum dýrar en aðrir keppinautar okkar, og á þann hátt haldið uppi þeim lífskjörum, sem við höfum kynnzt á Íslandi síðustu tvo áratugina og viljum allir reyna að halda. Það eru engir smáræðis hagsmunir, sem eru í húfi, að eitthvað sé gert í þessum málum, svo að um muni.

Ég athugaði lítillega, hvað þau fyrirtæki væru mörg, sem þyrftu nauðsynlega á því að halda, að menntaðir yrðu bæði verkstjórar og matsmenn og jafnvel framkvæmdastjórar í sambandi við fiskiðnaðarmálefni. Mér sýnist, að í landinu muni nú vera starfandi á milli 90—100 hraðfrystihús, um 200 aðilar, sem framleiða saltfisk á marga markaði, um 180—190 skreiðarframleiðendur, eða þeir voru það til skamms tíma, það hefur kannske eitthvað breytzt í þeim efnum, vegna borgarastyrjaldarinnar í Nígeríu. Við munum hafa um 60—70 síldar- og fiskimjölsverksmiðjur í landinu. Við höfum um 15 niðursuðuverksmiðjur í landinu, við höfum tvær lýsishreinsunarstöðvar í landinu og eina lýsisherzlustöð, og þar á ofan höfum við upp undir 200 söltunarstöðvar í landinu. Sú mikilvæga starfsemi, sem fram fer í öllum þessum fyrirtækjum og er að langmestu leyti undirstaða þeirra lífskjara, sem við Íslendingar njótum, hún líður öll fyrir það, að það vantar sérþjálfað kunnáttufólk til þess að vinna að þessum verkum. Og fiskiðnskólinn er fyrsta og veigamesta skrefið, sem við getum stigið til þess að bæta úr í þessum efnum.

Nú munu vera starfandi í sambandi við fiskiðnaðinn um 20 verkfræðimenntaðir menn. Flestir þeirra, eða rúmur helmingur, starfar á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Við þyrftum vissulega að hafa fleiri verkfræðinga og verkfræðimenntaða menn, sem störfuðu á þessu sviði, af því að við þyrftum að hafa fleiri rannsóknastofnanir en þá einu, þar sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er. En hlutverk fiskiðnskólans hefur ekki af okkur flm. eða þeim, sem t. d. skipuðu fiskiðnskólanefndina á sínum tíma, verið hugsað slíkt, að þar yrðu framleiddir háskólamenntaðir menn eða þar væru verkefni fyrir háskólamenntaða menn. Hlutverk hans er fyrst og fremst, eins og vikið hefur verið að áður, að mennta menn til þess að geta orðið matsmenn, verkstjórar, framkvæmdastjórar og eftirlitsmenn í þessum fræðum. Það er þar, sem kreppir fyrst og fremst að í þessum efnum. Það er þar, sem slysin geta orðið stærst og okkur dýrust, og það er að þessu hlutverki, sem fiskiðnskólinn mundi fyrst og fremst vinna. Hitt er svo annað mál, að víða með þjóðum, sem lengra eru komnar og eru ríkari en við, fer mikill og verulegur hluti fiskiðnfræðslunnar fram í háskólunum. Og það væri hugsanlegt, að hér við okkar háskóla, Háskóla Íslands, þar sem hefur verið stofnaður vísir að efnafræðideild, mætti taka inn í þá deild eða í samvinnu við hana vissan þátt menntunar í fiskiðnfræðslu og þá fyrst og fremst fyrir fólk, sem ætlaði að starfa í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða

öðrum hliðstæðum stofnunum, ef þær verða til hér í landinu.

Ég vil svo ekki lengja þessar umr. Ég vil undirstrika, að hér er um mjög mikilvægt málefni að tefla, sem af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur verið sýnt vítavert afskiptaleysi á undanförnum árum. Hún hefur algerlega sofið á verðinum, og afsakanir eins og þær, sem hæstv. menntmrh. hafði hér frammi áðan, verða ekki teknar lengur gildar af hugsandi mönnum um þessi mál. Nú er það krafa stærri hóps en nokkru sinni í þessu þjóðfélagi, að einhverjar framkvæmdir verði í þessum efnum, af því að mönnum dugir ekki lengur óljóst tal um eitthvert undirbúningsleysi, sem sagt er, að sé þröskuldur í vegi þessa máls.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel það vel, að þetta mál um fiskiðnskóla sé komið hér inn á hv. Alþ. til umr. og væntanlega til einhverrar endanlegrar afgreiðslu. Ég get vel tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að þetta mál hefur legið allt of lengi niðri. Það komst á það hreyfing, sem hér hefur verið skýrt frá, er fyrir nokkrum árum síðan var skipuð n., sem vann að mínum dómi mjög gott starf og skilaði ýtarlegu áliti, að ég hygg fyrir 4 árum. En síðan hefur ekki neitt um málið heyrzt síðan á síðasta þingi, að fsp. var gerð um það, og aftur nú, að þessu hefur verið hreyft í því frv. til l., sem hér er til umr.

Ég þarf ekki að þessu sinni að tala lengi um málið, vegna þess að eins og fram hefur komið, þá er ég með annað frv. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum og mun að sjálfsögðu gera grein fyrir málinu, þegar það kemur til umr. En mér þótti rétt nú við þessa 1. umr. um þetta mál að gera stutta grein fyrir því, hvers vegna ég kom fram með sérstakt frv., en flutti ekki brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég las þetta frv. mjög gaumgæfilega, þegar það var afhent þm., og sá, að ef ég ætti að geta fylgt því, þá þyrfti að gera á því að mínum dómi mjög víðtækar breytingar, ef það ætti að þjóna því markmiði, sem Vestmannaeyingar hafa gert sér hugmyndir um í sambandi við fiskiðnskóla. Ég er t. d. ekki sammála flm. eða þeirri n., sem skilaði því áliti, sem frv. þetta er byggt á, að það skuli endilega vera í l., að skólinn skuli starfa í eigin húsakynnum, þar sem fram fari bæði bókleg og verkleg menntun, og þar sé einnig aðstaða til heimavistar fyrir nemendur. Ég hygg, að það sé kannske þetta ákvæði, sem mjög hefur orðið til þess, að frv. eða álit n., sem afhent var sjútvrh. á sínum tíma, hefur ekki séð dagsins ljós hér í sölum Alþ. — það sé kannske þetta ákvæði, sem þar hefur nokkuð tafið, því að ef það á að vera fyrsta skrefið að byggja slíka stofnun, eins og þarna er gert ráð fyrir í 3. gr. þessa frv., þá hygg ég, að allir, sem nokkuð hafa kynnt sér þetta mál, sjái, að þá erum við komnir með stofnun, sem kostar a. m. k. tugi millj. ef ekki stærri upphæð. Ég tel, að þetta mál sé orðið það aðkallandi, að fiskiðnskóli verði að fara af stað við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru, bæði til kennslu í bóklegu námi og einnig í verklegu námi. Ég tel, að það megi ekki bíða eftir því að hafizt verði handa um byggingu fyrir skólann, þó að það sé að sjálfsögðu mjög æskilegt, og þó að ég sé sannfærður um, að það komi á síðari stigum málsins, en þá endar það með því, að byggt verður sérstakt fiskvinnsluhús fyrir slíkan skóla sem við erum hér um að ræða. Og ég tel, að það þurfi ekki endilega að byrja á slíkri byggingu, heldur eigi skólinn að fara af stað við þær aðstæður, sem eru við hendi víða á landinu, bæði hér á Suðvesturlandi, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að skólinn verið staðsettur, og í Vestmannaeyjum og víðar.

Það má að sjálfsögðu fara margar leiðir í sambandi við stjórn skólans. Ég tel það ekkert atriði, en einhvern veginn finnst mér, að 8 manna skólanefnd, skipuð mönnum frá ýmsum hagsmunasamtökum útgerðarinnar, sé ekki sú skólanefnd, sem ég hefði talið eðlilegasta. Við vitum það vel, að innan fiskiðnaðarins er nokkur togstreita á milli ýmissa greina. Það otar þar að sjálfsögðu hver sinni iðngrein fram, og ég tel, að í frv. um fiskiðnskóla eigi ekki að fara inn á þá braut að telja það sjálfsagt, að skólanefnd fiskiðnskólans sé skipuð mönnum úr hinum ýmsu greinum. Þetta verður skólamál, og þó að það að sjálfsögðu verði alltaf í mjög nánum tengslum við fiskiðnaðinn og þá menn, sem þar starfa, þá tel ég þó ekki, að það sé endilega nauðsynlegt, að skólanefndir séu skipaðar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir.

Varðandi staðsetningu skólans, þá vita allir um mína afstöðu til þess hluta málsins. Ég hef áður látið það koma fram hér á Alþ., að ég tel, að skólinn eigi að vera staðsettur í þeirri verstöð, sem langstærst er, hvað útgerð vélbáta og fiskvinnslu áhrærir, en það er eins og kunnugt er í Vestmannaeyjum. En ég ætla þó ekki að fara að rökstyðja það nánar. Ég mun gera það, þegar það frv. verður tekið til umr. hér, sem ég hef flutt um sérstakan fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Það er ósköp eðlilegt, að við séum ekki sammála um þetta í öllum atriðum, þeir menn, sem áhuga hafa fyrir þessu máli, og þarf það ekki að valda neinum töfum á afgreiðslu málsins að mínum dómi. Ég tel t. d., að 9. gr., sem gerir ráð fyrir tveggja ára skóla í frv., ætti að vera nokkuð á annan veg, og kemur það fram í því frv., sem ég hef lagt fram, að ég tel þetta of stuttan tíma. Fyrir 17 ára pilta, sem koma út úr gagnfræðaskóla, tel ég, að 6 mánaða verkleg þjálfun og það bóklega nám, sem gert er ráð fyrir, sé ekki nægileg undirstaða til að útskrifast úr þessum skóla. Þeir hafa ekki orðið nægilega verkþjálfun eða reynslu, og það mundi kannske valda þeim erfiðleikum að fá stöðu, sem þeir mundu telja við sitt hæfi, ef þeir útskrifuðust úr skólanum aðeins 19 ára gamlir með ekki nema 6 mánaða verklegt nám á baki sér. Það hefði verið að mínum dómi æskilegt, að menn hefðu beinlínis þurft að skila vottorðum um, að þeir hefðu unnið svo og svo lengi við fiskiðnað, áður en þeir væru teknir gildir sem nemendur í fiskiðnskólann. En ég hef fallizt á þau rök, sem bent hefur verið á í þessu sambandi, að það getur verið verra að slíta námið þannig í sundur, þó að þetta sé að

vísu ekki gert í sumum iðngreinum öðrum. Það geti verið verra að slíta námið í sundur, þannig að heppilegra mætti telja, að þeir, sem áhuga hafa haft fyrir að fara í fiskiðnskóla, færu þar í áframhaldandi nám, þegar þeir hafa lokið sínu námi í gagnfræðaskólum.

En það, sem hæstv. ráðh. kom hér inn á, er hann gerði grein fyrir störfum þeirrar n., sem hann hefur skipað til að skoða þetta mál betur, þá er það án efa mjög gott, að slík n. skuli vera starfandi og hugmyndir séu um það að fella þetta inn í æðri menntun. En ég tel, að það sé bara næsta stig fiskiðnskólamálsins, en það þurfi fyrst og fremst að koma á nú þegar — ég mundi segja þegar á næsta hausti — fiskiðnskóla, sem útskrifaði menn með þá fræðslu, bæði bóklega og verklega, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og því frv., sem ég hef einnig lagt fram. Hitt kemur að sjálfsögðu á síðara stigi að fella fiskiðnfræðsluna inn í æðra menntakerfi landsins, og ég tel, að sú hugmynd, sem ráðh. er með, megi ekki verða til þess að tefja fiskiðnskólamálið, sem nú hefur verið hreyft hér á Alþingi.

Hæstv. ráðh. lagði til, að frv. yrði vísað til menntmn., ekki sjútvn. Þó að skólamálin almennt heyri að sjálfsögðu undir menntmn., þá tel ég, að þetta mál sé þess eðlis, að það sé eðlilegra, að það fái athugun í sjútvn., því að þar eru þó aðilar, sem kunnugir eru fiskiðnaðinum, þekkja allar aðstæður þar og ættu að vera mjög dómbærir um það, inn á hvaða leið skuli fara í þessum málum. Þannig að ég vil láta það koma fram, að ég tel að bæði þetta frv., sem hér hefur verið til umr., og einnig það frv., sem ég hef lagt fram, eigi að fá athugun í sjútvn. frekar heldur en í menntmn.

Eins og ég sagði í upphafi, þá skal ég ekki fjölyrða meira um málið að þessu sinni, ég mun gera það, þegar að því kemur, að ég geri grein fyrir því frv., sem ég hef lagt hér fram, um sérstakan fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Út af því máli, sem hér er til umr., langar mig að segja nokkur orð. Mér finnst það mjög miður, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera í salnum til að hlusta á, hvað þm. segja um þetta mál, en hann getur að sjálfsögðu lesið það, sem sagt verður, en það er nú svo, að sumir hafa heyrnarminni og aðrir sjónminni. Það hefur komið fram hjá flm. þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., að það séu 10 ár, síðan þessu var fyrst hér hreyft á þinginu, og það mun rétt vera. Ég man það, að áður en ég kom á þing fyrir 7 árum, þá var ég í fiskmatsráði, fiskimálanefnd og Landssambandi ísl. útvegsmanna — á þessum þremur stöðum — búinn að mæla eindregið með því og af fullum hug, að það yrði athugað um að setja á stofn fiskiðnskóla á landinu. Þáltill. var svo ekki samþ. fyrr en á þinginu 1963—1964, og var ég einmitt í allshn. Sþ., þegar gengið var frá þessu máli.

Ég hef satt að segja alltaf vænzt þess, að það mundi verða meira en nefndaskipanir og álitsgerðir, sem út úr þessu kæmi. Vissulega er stórt og mikið álit frá fiskiðnskólanefnd, sem ég skal ekki segja, að sé í öllum atriðum það, sem við treystum okkur til að samþykkja í dag, en það er áreiðanlega mikill fróðleikur í því, sem hægt er að vinna úr og getur verið undirstaða þess, sem gera þarf. Ég segi það, að ég er því mjög fylgjandi, að þetta mál komist af athugunarstigi fyrr en seinna. En aðeins til þess að undirstrika, að þetta er ekki það, sem mér hefur komið í hug í dag, þá vil ég lesa hér upp kafla úr ræðu, sem ég flutti fyrir rúmu ári á landsfundi Sjálfstfl. um sjávarútvegsmál og þess háttar og kom þar inn á iðnskóla. Ég sagði m. a.:

„Menn hafa mjög mikið um það rætt, að skólakerfi landsins væri ekki í nógu góðum tengslum við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, og hafa þeir nokkuð til síns máls, ekki hvað sízt, að því er varðar kennslu í þéttbýli. Að mínu viti gegnir nokkru öðru máli í smærri byggðarlögum, þar sem unglingarnir alast upp við að vinna þessi verkefni, og í sveit, þar sem verkefnin eru alltaf við höndina. Ég man, hvað ég varð undrandi fyrir nokkrum árum, þegar háttsettur háskólaborgari sagði mér, að hann hefði aldrei séð lóðaröngul. Ég tel, að það sé brýn nauðsyn, að hagnýt fræði um undirstöðuatvinnuvegi okkar verði í það minnsta meira kennd og kynnt t. d. í gagnfræðaskólunum en verið hefur til þessa, m. ö. o. að hagnýt verknámskennsla verði tekin upp í ríkari mæli en verið hefur. Í framhaldi af þessum hugleiðingum mínum um sjávarútveginn og framtíðarverkefni, er þar bíða úrlausnar, tel ég, að sjávarútvegurinn þurfi í mjög ríkum mæli í framtíðinni á vel menntuðum háskólagengnum mönnum að halda við úrlausn hinna mörgu tækni- og vinnsluverkefna, svo sem á sviði skipatækni, fiskifræði, fiskiðnfræði, haffræði, efnaverkfræði, véla- og kælitæknifræði og ýmissa rannsóknarfræða. En á það vil ég leggja áherzlu, sem ég hef drepið á áður, að allir þessir aðilar þurfa að hafa sem nánasta samvinnu og samstarf við þá menn, sem um árabil hafa alizt upp við þessi störf og vita oft ótrúlega mikið um það, sem við í dag köllum vísindi, og þá vil ég einnig á það benda, að í þessum efnum dugar engin 30—36 tíma vinna. En eitt vil ég þó láta koma fram, að við þessar 200 þús. sálir, sem byggjum þetta land, skulum ekki vera svo miklir draumóramenn að halda, að við getum í nánustu framtíð sett á stofn við Háskóla Íslands allar námsgreinar, sem þörf er á til að veita atvinnuvegum okkar alla tækni- og vísindamenntun og þjónustu, sem þeir þarfnast. Þar verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti og leita í nánustu framtíð til vizkubrunna nágrannaþjóðanna, eins og hingað til. Aftur á móti tel ég, að full þörf sé á, að fiskiðnskóli verði settur á stofn hér á landi, svo fljótt sem kostur er á, en hann þarf ekki nauðsynlega að vera reistur í þéttbýliskjarnanum, og hef ég nú um sinn verið með í huga stað, þar sem byggja mætti á fiskiðnfræði, sem fyrir er, og ætti að koma að góðum notum. Fiskiðnskóli mundi að sjálfsögðu taka við því hlutverki, sem fiskmat ríkisins hefur af veikum mætti staðið fyrir um nokkur undanfarin ár og verður þá framhald af

þeirri viðleitni, sem sjútvmrn. hefur falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að koma á stofn nú í haust og veita forstöðu.

Það væri að vísu freistandi að ræða þetta nánar, en tímans vegna verð ég að láta hér staðar numið."

Þetta sagði ég þá, og það var við þær aðstæður. En það kemur einmitt fram þarna, að það sé mikil þörf á því að mennta þjóðina í sambandi við þetta, en það þarf einnig að byrja á byrjuninni. Ég segi: að byrja á byrjuninni. Enda þótt það séu ýmsar brotalamir í sambandi við þetta, þá hefur meðferð á fiski verið kennd aðilum, sem sjá um rekstur vinnslustöðva. Fisksölufyrirtækin eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandið, S.Í.S. og fleiri og fleiri hafa einmitt lagt fram mikla fjármuni til þess að kenna þetta. Það breytir því ekki, að það þarf einmitt að byrja á því að innræta bæði góða meðferð, eins og hv. 2. þm. Reykn. minntist á hér áðan, í gagnfræðaskólum. Ég viðurkenni það, að þetta kom fram hjá hæstv. menntmrh., þessar hugsanir, að það þyrfti að taka þetta allt föstum tökum og byrja á því stigi, en ég get ekki varizt þeirri hugsun eftir þá ræðu, sem hann flutti hér í fyrra sem svar við fsp. um þetta mál, og við yfirlestur á þeirri ræðu, sem ég las núna um daginn, að þá finnst mér, að það sé raunverulega ekki alveg hinn rétti andi í sambandi við athugun á þessu máli. Ég er ekki að segja, að í öllum atriðum sé hægt að fara eftir því frv., sem hér liggur fyrir frá hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, og einnig má vel vera að það frv., sem hv. 3. þm. Sunnl. hefur flutt og minntist á hér áðan, það þurfi eitthvað að samræma í þessu og athuga það. En á framkvæmdastig þarf þetta að koma fyrr en síðar. Við vitum það, að hv. þm. Guðlaugur Gíslason mun hafa flutt þetta m. a. vegna þess, að í Vestmannaeyjum hefur verið samþ. að leggja fé til þess að koma á stofn svona skóla. Ég veit það, að í Reykjaneskjördæmi og sérstaklega í Keflavík er einnig mikill áhugi fyrir þessu, og iðnskólanemendur héldu fund um þetta í fyrra og vilja mjög vel, að þetta sé athugað. Nú skýrði hæstv. menntmrh. frá því, að það væri ný n., sem hefði verið skipuð til þess að athuga um þetta frekar, og ég verð að segja það, að ég saknaði þess mjög, að hvorki fiskmatsstjóri né nokkur frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var í þeirri n. Það er ekki af því, að ég beri neitt vantraust til þessara aðila, þeir eru áreiðanlega vel hæfir til sinna verka, en að mínu viti þá mundu þeir þurfa að fá leiðbeiningu frá þeim, sem hafa verið í sem nánustum tengslum við sjávarútveginn.

Ég skal ekki við þessa umr. orðlengja þetta mjög mikið, en ég held, að í huga hæstv. menntmrh. sé meira um það að ræða að veita æðri menntun í þessum efnum. Við þurfum vissulega á að halda mönnum með æðri menntun, fiskiðnfræðingum og doktorum og verkfræðingum, og það má vel vera að það verði, áður en mjög langt um líður, hægt að stofna embætti við verkfræðideild Háskólans til þess að kenna þessi efni. En þetta er mjög langt og mikið nám. Við Íslendingar eigum t. d. fiskiðnfræðing, sem var hvorki meira né minna en 8 ár að læra þessar fræðigreinar vestur í Ameríku fyrir mörgum árum. Það, sem var í mínum huga, var, að það yrði stofnaður fiskiðnskóli, sem veitti undirstöðukennslu við meðferð fisks, svo kunnátta í þessum efnum mundi verða almennari en nú er hjá ungu fólki, þegar það kemur út í vinnslustöðvarnar. Ég veit, að það eru uppi hugmyndir um, að það eigi að stefna að því að setja á stofn fiskiðnskóla, fiskiðnfræðingaskóla o. s. frv., og það eru vissulega athyglisverðar hugmyndir, sem ég hef séð um það, að það verði byrjað á byrjuninni og námið verði í 5 liðum og það verði viss réttindi, sem hvert námsár veitir, eftir að komið er á annað eða þriðja námsár. Ég held, að við verðum að sjálfsögðu að leita talsvert til Norðmanna og það væri alls ekki úr vegi, að við tækjum þá okkur til fyrirmyndar í sambandi við kennslu í fiskiðnaðinum.

Ég sagði í þessari ræðu, sem ég vitnaði í áðan, að ég teldi það ekki endilega víst, að það væri nauðsynlegt að þetta væri í þéttbýlinu. Ég skal ekki halda fast við það, og ef sveitungar mínir í Keflavík mynduðu aðstöðu til þess að koma þessu upp, þá mundi ég fagna því mjög. Ég hef kannske verið með það í huga, að Norðmenn hafa þann hátt á, að þeir hafa fiskiðnskóla í Vardö, sem er á 70. breiddargráðu og er 4—5 þús. manna bær. Þar kenna þeir í fyrsta lagi verkstjórum 4 mánuði, og þar er aldursmarkið 35 ár til þess að fá inngöngu í skólann. Það er aðeins til þess, að þeir geti fullkomnað sig í sinni þekkingu í sambandi við þau störf, sem þeir hafa unnið. Það mætti kannske einmitt líkja þessu við þau námskeið, sem haldin hafa verið á vegum sjútvmrn. á undanförnum árum. Í fyrra var settur á stofn skóli undir skólastjórn Sigurðar Haraldssonar. Milli 30 og 40 menn munu hafa sótt hann, og hafa þeir áreiðanlega haft gott af, þótt stuttur tími væri.

En svo er næsta stigið, þ. e. 10 mánaða námskeið, og það fær enginn að fara á það yngri en 18 ára. Það námskeið veitir ekki svo ýkjamikil réttindi. Það kennir meðhöndlun á fiski, bæði skreið, saltfiski, skelfiski o. s. frv., og helmingur tímans fer í bóklegt nám. Síðan er sex mánaða námskeið, sem þessir aðilar geta farið í í þessum skóla, og veitir það þeim þá rétt til verkstjórnar, matsréttindi o. s. frv. Það eru 10 Íslendingar, sem hafa sótt þennan skóla. Það munu vera 3 Íslendingar þar núna, en 10 munu í það heila hafa sótt þennan skóla. Hafa allir þeir, sem ég hef hitt af þessum aðilum, lokið upp einum munni um það, að þeir hafi haft mjög gott af þessu og þetta sé ágætur skóli. Eftir því sem mér er tjáð, þá eru núna uppi hugmyndir um það, að þessi skólaganga veiti aðilunum rétt að fara í matvælaiðnskóla, og ég veit, að það er einn skóli í Þrándheimi í Noregi, sem útskrifar matvælaiðnfræðinga, ekki eingöngu í fiski, heldur einnig í kjöti og þess háttar. Það má segja að þetta allt saman þarf tíma til athugunar, en þeir, sem taka að sér athugun á þessu, verða að kafa verulega ofan í það. Ég hef í mínum huga álitið, að þessi skóli væri einmitt líkur tækniskóla, en mér

finnst hæstv. menntmrh. leggja höfuðáherzlu á, að þessi fræði verði kennd þar. Nei, það þarf að byrja á byrjuninni, það er mitt álit. Þessir skólar tveir, sem ég hef minnzt á, eru ríkisskólar, en í Stavanger er skóli, sem kennir niðursuðufræði, og það eru einstaklingar, sem reka hann. Það er náttúrlega alls ekki hægt fyrir okkur að gera þetta allt undir einu þaki og koma þessu öllu fyrir á einum og sama stað. Það þarf að byrja á byrjuninni. Til viðbótar við þetta hefur mér verið tjáð, að í Lófóten í Noregi væri verið að gera tilraun með iðnfræðslu í fiskmeðferð, og það er ekki langt síðan það byrjaði, en það er kannske næst þeirri hugmynd, sem iðnskólanemendur í Keflavík voru með í huga í fyrra, þegar þeir héldu sinn fund. Þetta þarf vissulega að athuga, en það er náttúrlega orðinn langur tími, sem þetta er búið að vera í athugun, og ég segi það, að í heild er ég því mjög fylgjandi, að til framkvæmda komi. Ég er ekki að segja, að ég sé fylgjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir, algjörlega eins og það liggur fyrir, og ekki kannske frekar frv. hv. 3. þm. Sunnl. eins og það liggur fyrir, en að málið komist af umræðustiginu, mundi ég telja mjög mikla nauðsyn og það fyrr en síðar.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég tel, að þessar umr., sem hafa orðið nokkuð langar, hafi líka orðið gagnlegar, þó að eitt og annað skorti á niðurstöðurnar, til þess að við getum verið ánægðir með þær. Það kannske sannar bezt, það sem ég sagði hér í frumræðu minni um áhuga ríkisstj., að það hefur lengst af verið þannig, meðan þessar umr. hafa staðið nú, á annan klukkutíma, að hér hefur varla sézt nokkur ráðherra í salnum. Lengst mun þó, held ég, hæstv. landbrh. hafa setið undir þessum umr., en auðvitað var hann búinn að fá nóg af þeim, eins og hæstv. menntmrh. virtist líka gera, þó hann hafi í upphafi tekið þátt í umr., en mér skilst, að hann fari með þessi mál núna. Nú sé ég, að hæstv. utanrrh. er kominn í salinn og líklega þá sem fulltrúi ríkisstj. til þess að fylgjast með þessu mikilsverða máli. Ég man nú ekki, hvort hann fór með þetta mál á sínum tíma, þó minnir mig það, að sem sjútvmrh. hafi hann e. t. v. skipað n., sem upphaflega fór með þetta mál hér á vegum Alþ., fiskiðnskólanefndina frá 1964. Ég man ekki betur en að hann hafi þá verið sjútvmrh., en fljótlega upp úr því tók eftirmaður hans, hæstv. ráðh. Eggert G. Þorsteinsson, við þessum málum, og líklega hafa þau lengst af verið á hans vegum, en nú vill svo til að hæstv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason kvað vera búinn að taka við þessum málum, og hann er að vísu búinn að flytja hér eina ræðu um þetta efni, en svo er hann farinn út úr þingsalnum, áður en umr. er lokið og nokkur niðurstaða fæst í þessu máli. Þó hafa komið hér fram margs konar sjónarmið, sem vissulega hefði verið hollt fyrir ráðh. að hlusta á.

Það er náttúrlega erfitt að fara að taka til umr. ræðu hæstv. menntmrh., að honum fjarstöddum, en því fer fjarri, að ég hafi verið ánægður með margt af því, sem hann hafði að segja. Þó virtist mér það vera niðurstaðan af ræðu hans, að það væri stefnt að því af hálfu hans og ríkisstj., að hægt yrði að taka upp kennslu í fiskiðnfræðum, þ. e. a. s. verkþjálfun fyrir verkstjóra og slíka, á næsta hausti. Gott er, ef satt er. Hins vegar virtist mér af ræðu hæstv. ráðh., að hann og ráðunautar hans vissu ekki enn, í hvaða formi þessi kennsla skyldi vera. Ég held þess vegna, að það standi í öllum aðalatriðum, það sem við höfum lagt til hér, við hv. 2. þm. Reykn., að heppilegast muni vera að halda sig að áliti fiskiðnskólanefndarinnar. Það er áreiðanlega sá bezti undirbúningur, sem þetta mál hefur fengið hingað til, og eins og ég sagði í frumræðu minni, þá hef ég enga trú á því, að þetta mál breytist verulega til batnaðar, þó að því verði hent á milli n. og rn. og stofnana nú næstu misseri eða e. t. v. ár. Ég sé ekki, að svo verði, því eins og ég segi, þá hefur þetta mál fengið mjög góðan undirbúning og verið rækilega kynnt stjórnvöldum, og það er raunverulega ekki verið að gera annað nú en flækja þetta mál, draga það á langinn og drepa því á dreif.

Hæstv. menntmrh. minntist á það, að það þyrfti að gera eitt og annað hér í verkmenntun eða verknámi á gagnfræðastigi o. s. frv. Þessi skóli, sem við flytjum frv. um, fjallar engan veginn um það, hvaða nám skuli stunda á gagnfræðastigi. Það er mál út af fyrir sig. Ég er því alveg sammála, að það er mikil nauðsyn á því að taka verknámið til endurskoðunar og að gera verknámsdeildir gagnfræðaskólanna miklu virkari en þær eru og raunverulegar verknámsdeildir, en ekki að þær séu kannske bekkir fyrir tornæmari nemendur, eins og nú virðist vera framkvæmt í ýmsum gagnfræðaskólum. Vissulega er þörf á því að breyta þarna til, en þessar vangaveltur mega ekki verða til þess, að menn horfi fram hjá aðalmálinu, sem vitanlega er það, að við fáum það þjálfaða starfslið í frystihúsin og fiskvinnslustöðvarnar, sem brýn nauðsyn er til. Við erum áreiðanlega að því leyti til mjög á eftir öðrum þjóðum, sem reka slíkan iðnað, og hljótum og verðum að taka þær til fyrirmyndar í þessu efni. Það hefur líka komið fram hér, eins og raunar oft áður, að við stöndum ekki vel að vígi með menntun starfsfólks í fiskiðnaðinum, sem er þó okkar höfuðatvinnugrein.

Hv. 3. þm. Sunnl. flytur frv. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Ég minntist á það í ræðu minni áðan, og taldi þá, að það væri mjög lítill munur á þessum frv., því, sem við flytjum, hv. 2. þm. Reykn. og ég, og því frv., sem hann flytur, og ég hygg nú, að ég breyti ekki skoðun minni um það, að þessi munur er ekki meiri en svo, að ef hans till., þar sem á milli ber, þykja fýsilegri, þá held ég, að það væri fyllilega á valdi þn. að breyta því. Það ber nú ekki meira á milli en svo, því um öll höfuðatriðin, markmið skólans o. s. frv., ber lítið eða ekkert á milli. Um það atriði, hvort skólinn eigi að starfa í eigin húsakynnum eða kannske í leiguhúsnæði til að byrja með, þá finnst mér þetta ekki skipta öllu máli, en þó hygg ég, og raunar kom það fram í ræðu hv. þm., að vitanlega verði að lokum svo, að skólinn hljóti að starfa

í sínum eigin húsakynnum og hafa sína eigin fiskvinnslustöð — ráða sem sagt sínum húsum og sinni aðstöðu að öllu leyti sjálfur. Það tel ég ákaflega mikið atriði, og ég held, að þó auðvitað sé rétt að fara af stað með allri gætni og skynsemi, þá verðum við þó að hafa hug til þess, Íslendingar að búa þannig að þessum skóla frá upphafi, ef við á annað borð reisum hann, að það sé sómasamlegt miðað við það, hvað í húfi er, og miðað við það hlutverk, sem honum er ætlað, en það er að efla fiskiðnað okkar, sem er undirstöðuatvinnugreinin í landinu.

Um staðsetningu þessa skóla skal ég ekki verða fjölorður. Við flm. þessa frv. ákváðum það að leggja til grundvallar að öllu leyti álit fiskiðnskólanefndarinnar og þar á meðal að leggja þetta frv. fyrir óbreytt, eins og hún hafði samið það. Ég tel, að það sé það góður nauturinn að þessu frv., að við þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir það að bjóða upp á það, og ég vil endurtaka það, að ég hef enga trú á því, að það muni neitt lagast eða breytast svo til batnaðar, þó að það gangi nú á milli nýrra n., að það svari kostnaði að láta málið bíða. Hvað varðar staðsetningu þessa skóla, þá breyttum við heldur ekki þeirri grein frv., sem um það fjallar. Og þó að ég sé þm. Norðlendinga, þá sé ég enga ástæðu til þess að fara að gera það að neinu sérstöku kappsmáli, að þessi skóli verði þar niður settur út af fyrir sig. Ég tel það höfuðatriðið, að við fáum slíkan skóla í landið og vissulega þyrfti hann að vera þar í sveit settur, þar sem fjölbreytt fiskframleiðsla á sér stað. Það er án efa mikið atriði og vissulega eru slíkir staðir víða um landið, og þeir eru hér suðvestanlands rétt sem annars staðar, ekki endilega í Reykjavík. Það eru til fleiri staðir. Hins vegar ef Sunnlendingar geta ekki komið sér saman um staðarvalið, þá get ég bent þeim á, að við fyrir norðan mundum vel þiggja það að fá fiskiðnskólann settan niður þar.

Ég skal nú ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. En í tilefni af því, að hæstv. menntmrh. lagði til, að þetta mál gengi til menntmn., þá vil ég fyrir mitt leyti segja það, að ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því. Þó tel ég, að sú till., sem ég gerði, um að málið gengi til sjútvn., sé fullt eins eðlileg. En ég skal ekki gera þetta að ágreiningsefni og jafnvel fela það á vald hæstv. forseta að skera úr því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Námskostnaðarsjóður.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um námskostnaðarsjóð [15. mál] (þmfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. það, sem við hv. 3. þm. Norðurl. v. flytjum á þskj. 15, fluttum við einnig á síðasta þingi, en það varð þá ekki útrætt. Efni frv. er í fáum orðum eftirfarandi:

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist Námskostnaðarsjóður. Hlutverk sjóðsins á að vera að veita þeim skólanemendum námsstyrki, sem dvelja fjarri heimili sínu við nám. Tekjustofnar sjóðsins eiga að vera annars vegar framlag á fjárlögum, hins vegar 5% gjald á söluvörur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og á öl og gosdrykki. Stjórn sjóðsins á að vera kosin af Alþ. Hún á m. a. að annast fjármál sjóðsins og úthluta námsstyrkjum. Það á að vera meginsjónarmið við úthlutun námsstyrkja að jafna svo sem verða má námskostnað þeirra nemenda, sem dvelja fjarri heimilum sínum, og hinna, sem nám stunda heiman frá sér daglega. Þetta er aðalefni frv.

Það munu flestir viðurkenna það, að menntun er lífsnauðsyn. Æskufólk hvar sem er í landinu á að hafa jafnan rétt til náms í þeim menntastofnunum, sem þjóðfélagið hefur komið upp. Þar á ekki einn að hafa forréttindi fram yfir annan og þar á heldur enginn að vera hornreka, sem hæfileika hefur til náms. En skólunum verður ekki dreift um landið eins og einhverjum líkamlegum nauðsynjum manna. Alltaf verður mikill fjöldi æskufólks að sæta því að vistast að heiman verulegan hluta árs til skólanáms. Þetta veldur þeim nemendum miklum kostnaði umfram hina, sem nám stunda í heimangönguskóla. Þegar þessi kostnaður er orðinn slíkur, að foreldrar neyðast til þess að neita börnum sínum um skólamenntun, er mikil alvara á ferð, þá er þjóðfélagið farið að bregðast þeirri skyldu sinni að sjá öllum ungmennum fyrir sama rétti til þessara andlegu lífsnauðsynja — til skólanáms.

Á síðasta þingi sendi menntmn. þessarar hv. d. frv. um Námskostnaðarsjóð nokkrum aðilum til umsagnar. Það var mjög liðið á þing, og ég ætla, að það hafi aðeins verið komnar umsagnir frá Stúdentaráði Háskólans og Búnaðarfélagi Íslands, áður en þingi lauk. Báðar þessar umsagnir voru jákvæðar og mæltu með frv. Auk þess sendi Búnaðarfélag Íslands samþykkt, sem gerð hafði verið á Búnaðarþingi á s.l. vori, þar sem einnig var mælt með frv. Þá hafa verið gerðar fundarsamþykktir víða um land, þar sem lýst er nauðsyn þess að jafna þennan fjárhagslega aðstöðumun nemenda við nám, þ. á m. hafði þing Sambands ísl. sveitarfélaga gert slíka samþykkt nú á s.l. sumri.

Það virðist því vera almenn skoðun manna utan þings, að hér sé um aðkallandi réttlætismál að ræða að koma á námsstyrkjakerfi þeim

skólanemendum til handa, sem engra styrkja njóta, en bera þungar fjárhagsbyrðar umfram aðra skólanemendur í landinu. Og Alþ. sjálft hefur reyndar viðurkennt þessa þörf á námsstyrkjum með smávægilegri fjárveitingu, sem tekin var upp á síðasta þingi, þótt sú fjárveiting sé reyndar varla nema viðurkenningin ein. Það er nú senn komið heilt ár síðan sú fjárveiting var samþykkt, en námsstyrkjum er engum farið að úthluta enn, og mér er tjáð af fulltrúa í menntmrn., að þeim verði ekki úthlutað, fyrr en til komi önnur fjárveiting á þessu þingi, og þá báðum fjárveitingunum úthlutað í einu.

Ég gat þess í þingræðu í fyrra, að sú 10 millj. kr. fjárveiting, sem þá var samþykkt til að jafna aðstöðumun nemenda, væri svo lítilfjörleg, að enginn yrði öfundsverður af því að eiga að skipta henni milli allra þeirra skólanemenda í landinu, sem síðferðilegan rétt ættu til námsstyrkja. Ég hef orðið helzt til sannspár um þetta atriði, þar sem nú þarf að draga saman tveggja ára fjárveitingu, svo að unnt sé að skipta. En í ofanálag á að útiloka alla nemendur skyldunámsstigsins frá námsstyrkjum og auk þess alla nemendur í öðrum skólum, ef þeir eru í heimavist, að því einu undanteknu, að þeir geta komið til greina að fá einhvern smávægilegan ferðastyrk. En þeim, sem þessari tilhögun ráða, er ekkert láandi, og ég er ekki að saka þá um neitt í þessu efni. Fjárveitingin er nefnilega svo lítil, að það verður að grípa til einhverra slíkra ráða sem þessara, til þess að það sé hægt að skipta þessari upphæð. En þetta ætti að vera nægileg vísbending um það, hvort fjárhagsleg vandamál skólanemenda verða leyst með slíkri fjárveitingu sem þessari.

Sá mikli mismunur, sem er á námskostnaði skólanemenda eftir því, hvort þeir eru búsettir langt frá skólum, svo að þeir verði að hverfa að heiman, eða þeir eru búsettir mjög nálægt skólaveggjunum — sá mismunur er fyrir löngu farinn að hafa þau áhrif, að í hið lengra og dýrara nám fara fyrst og fremst þeir, sem gengið geta í skólana heiman frá sér daglega, af því að þeim verður námið miklu ódýrara en hinum. Og því lengur, sem þróunin helzt í þessa átt með sívaxandi námskostnaði á verðbólgutímum, því hraðar nálgast sú skipan alveg sjálfkrafa, að skólarnir verði aðallega fyrir þá, sem búa í næsta nágrenni við þá. Hins vegar munu þó allir viðurkenna, að skólarnir eigi að vera jafnt fyrir allt æskufólk í landinu, hvar sem það er búsett. En það er ekki nóg að viðurkenna þetta, þegar þróunin gengur í öfuga átt, án þess að ráðin sé bót á því.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það nú á þessu hausti, hvernig nemendur menntaskólanna skiptast í byrjun þessa skólaárs nú í haust í heimangöngunemendur, þ. e. a. s. þá sem geta sótt skólana daglega heiman frá sér, og í dvalarnemendur, sem ég kalla, þ. e. þá, sem verða að vistast að heiman, meðan þeir eru við námið. Þeir skólastjórar, sem ég hef leitað til í þessum efnum, hafa verið mjög fljótir og greiðir í því að láta mér í té sem allra beztar upplýsingar um þetta efni, og á örfáum dögum tókst mér að fá þær frá mjög mörgum skólum, fyrst og fremst öllum menntaskólunum og auk þess frá Háskóla Íslands og frá allmörgum skólum öðrum hér í Reykjavík. Af þessari athugun kemur margt athugavert í ljós. Í menntaskólum Reykjavíkur, þar með talin menntadeild Kennaraskólans og lærdómsdeild Verzlunarskólans, eru nú í haust 2248 nemendur af 2941 menntaskólanemanda í öllu landinu, eða 76%. Þegar þess er nú gætt, að utan Reykjavíkur býr um 60% þjóðarinnar, en þar er ekki skólarými fyrir menntaskólanemendur nema fyrir 24% af þeim, sem stunda það nám, þá verður ekki sagt, að landsbyggðin utan höfuðborgarinnar sé of hlaðin af menntaskólum og því engin vanþörf á, að fram komi till. um menntaskóla annars staðar en í höfuðstaðnum einum. Af þessum 2248 menntaskólanemendum í Reykjavík er 1891 nemandi, eða 84%, af svokölluðu Reykjavíkursvæði, þ. e. a. s. úr höfuðstaðnum og því nágrenni hans, þar sem nemendur geta sótt skólana daglega og þurfa þess vegna ekki að vista sig að heiman við nám. 84% af öllum þessum menntaskólanemendum eru af þessu svæði. Í Háskóla Íslands eru hlutföllin þau, að samtals eru þeir stúdentar nú í haust, sem stunda nám hér heima, 1555, en með þeim, sem stunda nám erlendis, 1619. Og af þessum 1555 nemendum, sem stunda nám hér heima, eru af Reykjavíkursvæðinu, þessu sem ég nefndi áðan, 1182, eða 76%. En rektor háskólans getur þess í bréfi, sem fylgdi þessum upplýsingum til mín, að tölurnar virðist gefa til kynna, að stúdentar taki sér lögheimili í Reykjavík, eftir að nám er hafið, m. a. af þeirri ástæðu, að nærri helmingur þeirra sé í hjónabandi.

Háskólastúdentar hafa notið námslána um alllangt árabil, en áður voru það námsstyrkir. Auk þeirra njóta nú námslána nemendur í menntadeild Kennaraskólans, nemendur í Tækniskóla Íslands og nemendur í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, þ. e. a. s. þegar þessir nemendur eru að komast á lokastig í náminu. Eftir þeim upplýsingum að dæma, sem ég hef fengið frá skrifstofu Lánasjóðs ísl. námsmanna, hafa námslán á síðasta skólaári handa einhleypum stúdentum við nám hér heima á fyrsta námsári numið um 25—40 þús. eftir ástæðum. Það eru algengustu upphæðirnar og er þá miðað við 40% umframfjárþarfar þeirra, sem svo er kölluð. Stundum hafa þessi lán þó verið mun hærri en þetta, og í örfáum tilvikum hafa þau verið lægri. Þessi námslán hafa reynzt stúdentum algerlega ófullnægjandi, um það munu allir kunnugir menn hafa verið sammála. Mér sýnist, að stjórnvöld séu þessarar skoðunar líka, því að nú á að hækka þessi námslán verulega, enda hefur líka náms- og framfærslukostnaður stúdentanna hækkað mikið frá í fyrra. Eftir þessum upplýsingum frá skrifstofu Lánasjóðs ísl. námsmanna virðist mér, að gert sé ráð fyrir, að námslán stúdenta á þessu nýbyrjaða skólaári geti orðið um það bil 60% af umframfjárþörf á 1. og 2. námsári, 65% á 3. og 4. námsári, 70% á því 5., 80% á því 6. og 90% af umframfjárþörfinni á 7. námsári. Það er því mjög líklegt, að námslán handa einhleypum stúdent við nám hér heima geti þess vegna orðið á þessu nýbyrjaða skólaári um 60—100 þús. kr., eftir því

hve langt hann er kominn í námi. Hafi svo stúdentinn aftur á móti barn á framfæri, hækka námslánin verulega. Ég ætla, að þau geti hækkað um ein 20—30 þús., ef stúdent hefur eitt barn á framfæri. En þrátt fyrir þessa hækkun námslánanna er það vafalaust, að stúdentar verða ekkert ofhaldnir eins og nú er komið dýrtíð. En þegar litið er á þessar staðreyndir, hvernig þó er búið að stúdentum við nám, hvernig er þá komið hag nemenda í öðrum skólum landsins, sem engin námslán hafa og enga námsstyrki hafa og ekkert hafa upp á að hlaupa nema sínar eigin tekjur, ef foreldrarnir hafa ekki ráð á að hlaupa undir bagga? Ég held, að það þurfi ekki að fjölyrða um það, að þeirra hagur er næsta bágborinn.

Þegar þetta mál var til umr. á síðasta þingi, lét ég þess getið, að ekki lægju fyrir upplýsingar um það, hversu margir skólanemendur í landinu yrðu að vistast að heiman, og þess vegna væri örðugt að gera áætlun um fjárþörf til námsstyrkja í heild. Við flm. töldum þá, og við teljum enn í grg. þessa frv., að líklegt megi telja, að þessir nemendur séu um eða yfir 6 þús. í landinu öllu. Eftir að þessu frv. var nú útbýtt á Alþ., barst mér bréf frá menntmrn. Var rn. að svara bréfi frá mér frá 30. júní s.l., þar sem ég spurði m. a. um þetta, hvað þessir skólanemendur, sem þurfa að vistast að heiman, mundu vera margir í landinu í heild. Og í svarinu kemur fram, að á skólaárinu 1968—1969 voru þessir nemendur, sem dvöldu fjarri heimilum sínum við nám, 5847. Eru þá nemendur í Háskóla Íslands ekki meðtaldir og ekki nemendur, er njóta launa á starfstímanum né þeir, sem sóttu stutt námskeið. Þar sem þetta eru tveggja ára gamlar upplýsingar, er sýnilegt, að nú er fjöldi þessara nemenda sjálfsagt yfir 6000, eins og við flm. gerðum ráð fyrir.

Svo er um þetta mál eins og mörg önnur, að mest veltur á því, að fé sé fyrir hendi til námsstyrkjakerfisins, og það fé sé til frambúðar. Þess vegna er hér gert ráð fyrir föstum tekjustofni til handa Námskostnaðarsjóði. Fjárþörf er mikil, því er ekki að neita. Þótt allir nemendur barnaskóla væru strikaðir út úr þessu frv., sem ég tel þó ekki rétt að gera, hefði samt fjöldi annarra skólanemenda, er rétt til námsstyrkja ættu samkv. þessu frv., verið um 3640 fyrir tveimur árum, en sennilega nálægt 4000 núna. Og þótt hver nemandi í þessum skólum fengi námsstyrk að meðaltali ekki nema ⅓ hluta þeirrar upphæðar, sem stúdentar fá á þessu skólaári í námslán, yrði heildarupphæðin samt um 100—110 millj. kr.

Að sjálfsögðu er eðlismunur á námsstyrk og námsláni, en meðan á náminu stendur, kemur hvort tveggja nemandanum að sama gagni, því að það er fyrst að námi loknu, sem stúdentar þurfa að fara að greiða vexti og afborganir af námslánum. Vextir eru 5% og lánin greiðast upp á 15 árum eftir að náminu er lokið. Þar sem það eru háskólalærðir menn, sem verða að endurgreiða námslánin, er ekki ósennilegt, að þeir búi við eitthvað betri launakjör en allur þorri annarra manna og eigi þeir því eitthvað hægara um hönd með greiðslu lánanna. Og þó er því ekki að neita, að endurgreiðsla námslána getur orðið mönnum þung í skauti. Ákvæði þessa frv. um tekjustofna Námskostnaðarsjóðs eru þau sömu og voru í frv. á síðasta þingi. Ekki hefur bólað á nokkurri gagnrýni á þá tekjuöflun, enda munu menn ekki kvarta undan 5% gjaldi á munaðarvörur, þar sem þær hafa ekki hækkað í verði nema um 50—60% á sama árafjölda og helztu matvörutegundir hafa hækkað um 150—200%.

Herra forseti. Ég hef nú gert hér grein fyrir efni þessa frv. og sýnt hér fram á þá miklu nauðsyn að koma á námsstyrkjum handa þeim nemendum í skólum landsins, sem verst eru settir. Þar sem frv. er nú flutt í byrjun þings, má vænta þess, að það fái þinglega afgreiðslu, enda verður áherzla á það lögð. Utan þings hefur málið mikinn stuðning, og ég vænti þess, að svo muni einnig reynast hér innan þings. Ég vona því fastlega, að efnislega nái þetta frv. samþykki þingsins, en breytingar á frv. geta að sjálfsögðu komið til greina.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 55., 56., 58., 59., 60., 61., 63., 64. *og 66. fundi* í Nd., 3., 4., 8., 11., 15., 17., 18. og 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 23. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 15, n. 380 og 403, 404).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi, að ég hef rökstudda von um það, að menntmrh. geti mjög fljótlega komið hér, af því að hann hefur sjálfur áhuga á að vera við þessa umr. og taka þátt í *henni.*

Frv. það, sem hér er um að ræða, er um Námskostnaðarsjóð. Nú á síðustu árum hefur athygli Alþ. og raunar þjóðarinnar allrar mjög beinzt að því, að ungmenni hafa mismunandi góða aðstöðu til að sækja skóla eftir því, hvar búseta þeirra er á landinu. Alþ. hefur sýnt áhuga sinn með því að veita fyrst á fjárl. 1970 10 millj. kr. til að styrkja námsfólk, sem varð að sækja skóla fjarri heimilum sínum, og á fjárl. fyrir 1971 voru 15 millj. veittar í sama skyni. Ekki fylgdi það ákvörðunum Alþ., hvernig ætti að úthluta þessu, nema hin almenna skilgreining, til hvers fé væri ætlað, og hefur því menntmrn. orðið að þreifa sig áfram um leiðir til þess að úthluta þessu fé. Hefur komið í ljós, að það er engan veginn einfalt mál að finna leiðir til þess að úthluta slíkum fjármunum, hvort sem það eru 10—15 millj. eða meira, og má segja,

að það sé unnið að þessu á algeru byrjunarstigi nú á öðru ári, sem slíkar fjárveitingar eru veittar.

Hv. flm. þessa frv. eru samt það stórhuga, að þeir vilja nú þegar ákveða allmikla fjáröflun, sem að vísu er nú m. a. með því að taka hluta af ágóða Áfengisverzlunarinnar, svo og að ríkissjóður leggi fram ákveðna upphæð fyrir hvern íbúa landsins, og verður því ekki sagt, að hér sé um sérlega frumlegar eða nýjar fjáröflunarleiðir að ræða, heldur tvær þær lindir, sem sótt er í fyrir svo að segja öll góð mál, sem hér eru rædd. Þeir hafa enn fremur viljað setja upp ákveðinn sjóð til þess að annast þetta hlutverk.

Menntmn. hefur klofnað í afstöðu sinni til þessa máls, og eins og svo oft áður, er ekki ágreiningur um þá þörf, sem þarna er fyrir hendi, og ekki ágreiningur um það, að Alþ. eigi að gera það, sem það framast getur til þess að bæta úr þeirri þörf. Meiri hl. menntmn. hefur tekið þá afstöðu, að það sé of snemmt að ákveða framtíðarskipan þessara mála með lagasetningu um sjóð og starfsemi hans. Nú sé verið í annað skipti að úthluta fé í þessum tilgangi, það sé að fást í fyrsta skipti örlítil reynsla af fangbrögðum við þetta erfiða viðfangsefni og það sé rétt að hinkra við og sjá, hver þessi reynsla verður, áður en mál þessi eru sett í það fast form að mynda sjóð og setja um hann löggjöf. Á þessum grundvelli er það till. meiri hl., að frv. sé vísað til ríkisstj.

Nú hefur það gerzt, eftir að það kom í ljós í n., að hún mundi klofna um málið, að þar var ekki þörf á frekari umr. og eftir að meiri hl. skilaði sínu áliti skilaði minni hl. ekki aðeins álitsgerð, heldur og till. Og í þessari till. er málinu breytt frá því að fjalla um erfiðleika þeirra nemenda, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum meðan á námi stendur, í það að bæta þar við „eða eiga við erfiðar fjárhagsástæður að búa af öðrum ástæðum.“ Upphaflega er málið flutt eingöngu um þá nemendur, sem eiga í erfiðleikum vegna þess, að þeir verða að dveljast fjarri heimilum sínum. En með þessari einu till., sem kemur fram svona seint, er málinu raunverulega gerbreytt og það er stækkað margfaldlega með því, að þar eru teknir með allir þeir, sem eiga við erfiðar fjárhagsaðstæður að búa af öðrum ástæðum.

Nú skal ég síðar en svo andmæla því, að þetta sé kannske kjarninn í málinu öllu, það er, hvernig eigi að jafna aðstöðu manna, hvort sem aðstöðumunurinn stafar af búsetu eða öðrum ástæðum. Það hafa að vísu verið í l. alllengi ákvæði, sem fyrirskipa ríkisvaldinu, eða heimila því a. m. k., að jafna slíkan mun, en þau ákvæði hefur aldrei verið unnt að framkvæma. Og eitt af stóru atriðunum í sambandi við lagasetningu um skipan skólamála, sem bíður næstu þinga verður að finna þessu einhvert form. En ég vil benda á það, hversu lausar hugmyndir flm. þeirra, sem skipa minni hl. menntmn., eru í sambandi við þetta, að málið skuli geta vaxið svona gífurlega í höndum þeirra, svona rétt á meðan þeir skrifa niður fjögurra línu till., eftir að búið er að afgreiða málið í n., og eftir að meiri hl. er búinn að skila áliti sínu. Þetta er sem sagt kjarni ágreiningsins.

Þetta frv. er sett fram af mjög góðum vilja, það efast ég ekkert um. Það er sett fram af mjög einlægri ósk um það að reyna að ýta áfram allri viðleitni til að jafna aðstöðu nemenda. En þegar málið vex svo í höndum flm., sem hér sýnir, þá tek ég það sem dæmi þess, að hugmyndir þeirra séu ekki verulega fast mótaðar og hitt muni vera hyggilegra, sem við leggjum til, að mál þetta verði örlítið betur athugað, bæði af yfirvöldum og hér á Alþ. — að það verði fengin meiri reynsla, áður en við setjum lög um það, á hvern hátt við ætlum að glíma við þessi verkefni. Það er þegar, eins og ég sagði í upphafi, búið að veita á tveimur árum 25 millj. kr. í fyrsta skipti til þess að koma til móts við þetta vandamál, og það er þegar verið að vinna að því, og það er þegar verið að safna saman reynslu og þekkingu, þannig að málið stendur engan veginn kyrrt. Það er sem sagt till. meiri hl. menntmn., að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. um Námskostnaðarsjóð er eitt af fyrstu málum þingsins. Frv. var útbýtt 13. okt., þ. e. annan fundardag þessa þings. Því var vísað til hv. menntmn. 27. okt., og nál. var síðan útbýtt tæpum fjórum mánuðum síðar, eða 22. og 25. febr. Málið hefur verið síðan hér á dagskrá 10 daga í röð, en kemur nú fyrst til umr.

Um nokkurt skeið hafa menn trúað því, að það væri sameiginleg skoðun landsmanna, að æskufólk eigi að búa við sem jafnasta aðstöðu til menntunar, hvar sem það er búsett á landinu. Það eigi engin ungmenni að gjalda þess, að þau búi svo langt frá þeim skóla, sem þau vilja sækja, að heimangöngu verði ekki við komið. En þeir nemendur, sem verða að hverfa að heiman og dveljast 7—9 mánuði ársins ár eftir ár við nám fjarri heimili sínu, verða að sjálfsögðu að bera miklu meiri námskostnað en hinir, sem geta stundað skólanámið án þess að flytja að heiman. Jafnrétti æskufólks til menntunar viðurkenna allir í orði — bókstaflega allir, sem ræða eða rita um þessi mál. Ég sagði: þeir viðurkenna það allir í orði. En nú virðist vera að koma í ljós, að það ætla sér ekki allir að viðurkenna þetta jafnrétti í verki. Það geta hv. þm. séð á þeim tveimur nál. í þessu máli, sem liggja nú hér fyrir. Eins og hv. þm. er kunnugt, er meginefni þessa frv. það, að stofnaður verði sjóður, er hafi það hlutverk að veita námsstyrki því æskufólki, er verður að dveljast fjarri heimilum sínum við nám. Með brtt., sem minni hl. menntmn. flytur á þskj. 404 við þetta frv., er lagt til, að þessar styrkveitingar nái einnig til skólanemenda, sem eiga við örðugan fjárhag að búa af öðrum ástæðum en búsetu. Nú hefur hv. frsm. meiri hl. menntmn. gert að sérstöku umtalsefni þessa brtt. og telur, að hún valdi því, að það komi ekki til greina að fara að samþykkja frv. núna. En það vill nú svo til, að þessi brtt. var ekki komin fram, þegar hann og aðrir í meiri hl. n. mæltu gegn því, að frv. yrði samþ. svo að það er einkennileg afstaða, sem hv. frsm. tekur nú, að hann taldi fyrst ástæðu til þess

nú að vera á móti frv., af því að þessi brtt. kom fram, en var samt á móti því, áður en hún kom fram. Þetta er alveg sérstakt viðhorf. Þessa nauðsyn á jafnrétti æskufólks, sem ég minntist á, hefur hæstv. ríkisstj. orðað mjög skilmerkilega að mínum dómi í grg. með frv. sínu um skólakerfi, en þar segir hæstv. ríkisstj. á þessa leið í grg. þess frv., með leyfi forseta:

„Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd í landinu, bæði af almenningi og kjörnum leiðtogum þjóðarinnar.“

Þetta er fallega sagt, það vantar ekki. Og meira að segja ríkisstj. segir, að það þurfi líka að taka þarna með þá sem eiga við erfiðar fjárhagsástæður að búa, og það er í samræmi við brtt. okkar í minni hl. n. Já, það er fallega orðað þetta í grg. hjá hæstv. ríkisstj. Ég er ekki viss um, að aðrir orði þetta betur. En þá er eftir að vita, hvað hæstv. ríkisstj. meinar með þessum hátíðlegu ummælum sínum. Ætlar hún að kappkosta að ná þessu jafnrétti, sem hún er að tala um? Og ef hún ætlar sér það, hvernig ætlar hún sér að gera það? Fulltrúar stjórnarflokkanna í menntmn. leggja til, að þessu frv. verði vísað frá. Og þeir gerðu enga tilraun til að fá frv. breytt, þrátt fyrir það að frv. lá hjá n. í hér um bil fjóra mánuði. Ég efast svo sem ekkert um, að nm. meiri hl. n. eru að framkvæma vilja ríkisstj. Það mun varla fara á milli mála, a. m. k. ættu menn að geta tekið eftir því, ef hæstv. menntmrh. tekur hér til máls, hvort hann muni ekki tala alveg í samræmi við meiri hl. n. um þetta mál. En hvað ætlast þá ríkisstj. fyrir til þess að afstýra þessu misrétti, sem æskufólk býr við? Þessu misrétti, sem hún gerði að sérstöku umtalsefni í grg. með frv. sínu um skólakerfið? Hún segir, að það sé afdráttarlaus skylda ríkis og sveitarfélaga að afstýra þessu misrétti — afdráttarlaus skylda. Og hvað gerir hún til þess að afstýra því?

Ég sé ekki, að það geti verið nema um tvennt að ræða, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Annaðhvort telji hún alveg fullnægjandi þá málamyndanámsstyrki, sem teknir voru upp í fjárlög í fyrra og nú aftur á þessu ári, eða hún meini bókstaflega ekkert með þessu tali sínu um jafnrétti æskufólks til menntunar. En þá er rétt að spyrja: Eru þá ekki núverandi námsstyrkir fullnægjandi? Þarf nokkuð meira? Það er kannske þetta, sem meiri hl. n. og ríkisstj. á við. Upphæðin var 10 millj. kr. á fjárl. í fyrra. Hún er 15 millj. kr. á þessu ári, þó að ríkisstj. ætlaðist reyndar ekki til, að hún yrði nema 12 millj. Fyrir tveimur árum voru nemendur í skólum landsins öðrum en háskóla, þeir sem urðu að dvelja fjarri heimilum sínum við nám, 5847, samkv. skýrslu frá menntmrn. Af þessum 5847 nemendum voru 2209 í barnaskólum. Þetta var fyrir tveimur árum. Þessi fjöldi er að sjálfsögðu kominn eitthvað á sjöunda þús. nú. Hvað kemur í hlut að meðaltali, ef skipta á 15 millj. kr. á milli þeirra? Það verður í hæsta lagi um 2500 kr. á nemanda. Ef nemendur í heimavistarbarnaskólum eru strikaðir út, eins og gert var með orðalagi fjárveitingarinnar, gætu þessi námsstyrkir orðið um 3800 kr. að meðaltali á nemanda, miðað við núv. fjölda þessara nemenda í landinu.

Ég býst við, að ríkisstj. hafi þótt þetta heldur lágt, eða ég gizka á það, að henni hafi þótt þetta heldur lágt, því að hún fann upp reglu, sem skyldi gilda við úthlutun þessara námsstyrkja. Og aðalreglan er sú, að engir nemendur í heimavistum skólanna á landinu, hvar sem þeir eru, skyldu fá dvalarstyrki — engir. Hins vegar mátti veita þeim dálitla ferðastyrki, ef ferðakostnaðurinn fór yfir ákveðið lágmark. Þessi regla, sem ríkisstj. setti, hefur gert strik í reikninginn. Með henni voru hreinlega útilokaðir frá dvalarstyrkjum ¾ hlutar þeirra nemenda í framhaldsskólum landsins, sem dveljast fjarri heimilum sínum við nám. Það munar ekki um það. Nú leit þetta allt betur út með deilinguna. 10 millj., sem átti með réttu að úthluta s.l. vor fyrir tæpu ári síðan, þeim var úthlutað nú um síðustu áramót, og þó ekki alveg að fullu. Og þá reyndist það svo, að 984 nemendur fengu námsstyrki. Þessum námsstyrkjum var reyndar skipt í tvennt, þó að manni finnist nú, að það sé erfitt að vera að skipta í tvennt þessum námsstyrkjum, en þeir eru kallaðir bæði ferðastyrkir og dvalarstyrkir, rétt eins og ferðakostnaður sé ekki námskostnaður. En sem sagt, 984 fengu þessa styrki, og var upphæðin að meðaltali á nemanda 9214 kr. (Gripið fram í.) Það var með ferðastyrknum, það munaði ekki um það, það voru tveir styrkir, 9214 kr. En samt leit nú þetta ekki nógu vel út, að einn fjórði hluti þessara þurfandi nemenda fengi styrki og hinir ekki neitt. Þá kom það til að veita ferðastyrki hinum, sem ekkert fengu. Þá var farið að úthluta ferðastyrkjum, þeim sem ekkert höfðu fengið, og þeir reyndust 387 nemendurnir, sem fengu þá, en sjálfsagt hefur fjöldi slíkra nemenda verið eitthvað um eða yfir 3000. Þeir reyndust 387, sem urðu þessarar rausnar aðnjótandi. Og hver var svo upphæðin að meðaltali á nemanda í þessum hóp? Það urðu 1323 kr. á nemanda — segi og skrifa 1323 kr. á nemanda.

Það er afdráttarlaus skylda að tryggja æskufólki jafnrétti til menntunar, segir ríkisstj. Hún er að rækja það með 1323 kr. Þetta voru 10 millj. í fyrra, nú er upphæðin 15 millj. á þessu ári, en á móti því kemur mikil hækkun á námskostnaði nemenda annars vegar og svo fjölgun nemenda í landinu hins vegar, svo að það er ekki víst, að úthlutunin verði miklu glæsilegri á þessu ári en hún var í fyrra.

Nú hlýtur maður að spyrja: Er þetta námsstyrkjakerfi þá nægjanlegt að dómi hæstv. ríkisstj. og að dómi hv. alþm. til að tryggja æskufólki jafna aðstöðu til menntunar í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, svo að notað sé orðalag ríkisstj. sjálfrar? Eru þeir alþm., sem vilja vísa þessu frv. frá, þeirrar skoðunar? Ef þeir eru ekki þeirrar skoðunar, hverrar skoðunar eru þeir þá?

Eins og ég nefndi, var það um einn fjórði hluti

nemenda í framhaldsskólum, sem dvöldust fjarri heimilum sínum við nám, er fékk námsstyrki, ef námsstyrki skyldi kalla nú um síðustu áramót. Og upphæðin var rúmar 9000 kr. að meðaltali á nemanda. Ekki bólar á nokkurri viðleitni af hálfu stjórnarvalda til að breyta þessari stefnu, til að rækja þessa afdráttarlausu skyldu sína, að tryggja æskufólki jafnrétti til menntunar. Þvert á móti vísa stjórnarsinnar á bug þeim till., sem felast í þessu frv.

En hvernig metur þá hæstv. ríkisstj. fjárþörf háskólastúdenta, sem stunda nám hérna heima? Ekki eru þeir í eðli sínu neitt öðruvísi menn en nemendur annarra skóla. Háskólastúdentar áttu lengi í baráttu fyrir auknum námslánum, enda voru kjör þeirra harla bágborin. Loks kom að því á s.l. ári, að hæstv. ríkisstj. sannfærðist um, að námslánin yrðu að hækka verulega. Nýjar reglur voru svo settar um þessi námslán þeirra. Aðalreglan er sú, að náms- og framfærslukostnaður háskólanemandans við nám hér heima, ef hann er einhleypur, er áætlaður á þessu ári, 1971, 155 þús. kr., en auk þess 35 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri hans. Eigin tekjur nemandans eru síðan dregnar frá áætluðum námskostnaði, og er þá fundin svokölluð umframfjárþörf. Geta stúdentar fengið námslán, 60—90% af þeirri upphæð, eftir því hversu langt er komið náminu. Við þetta bætast sérreglur um umreikning og niðurfærslu á eigin tekjum, ef stúdent hefur börn á framfæri, eða ef hann hefur hraðað námi sínu. Verða þá námslánin hærri en aðalreglur segja til um. Í des. s. l. var úthlutað námslánum til 22 háskólastúdenta. 17 þeirra fengu lán vegna eins árs náms, og var upphæð námslána þessi: einn fékk 25 þús. kr. námslán, annar 30 þús., þriðji 70 þús., fjórði 75 þús., fimmti 80 þús., tveir fengu 85 þús. kr. hvor, tveir fengu 90 þús. kr. hvor, tveir fengu 95 þús. kr. hvor, tveir fengu 100 þús. kr. hvor, tveir fengu 115 þús. kr., einn fékk 150 og einn fékk 175 þús. kr. Þá fengu 5 stúdentar námslán vegna hálfs árs náms og voru upphæðirnar þessar: Einn þeirra fékk 35 þús. kr., annar fékk 40 þús., tveir fengu 50 þús. kr. hvor og einn fékk 65 þús. Meðaltal námslánanna vegna eins árs náms var þess vegna 92 þús. og 600 kr. á nemanda.

Þrátt fyrir þessi námslán eru háskólastúdentar sannarlega ekki of haldnir, því að náms- og framfærslukostnaður þeirra er mun meiri en námslánin og eigin tekjur til samans, hvernig sem þeir fara svo að því að brúa það bil. En séu menn þeirrar skoðunar, að háskólastúdentar megi halda vel á sínu til þess að komast af, hvernig eru þá fjárhagsástæður nemenda í öðrum framhaldsskólum landsins, sem fá um 9 eða 10 þús. eða kannske 12 þús. kr. námsstyrk, að maður nú ekki tali um alla hina, sem fá enga fjárhagsaðstoð af neinu tagi, og það er meginþorri framhaldsskólanemenda í landinu? Á nú þetta að vera framkvæmdin á þeim fagurmælum ríkisstj. í grg. frv. um skólakerfið, að lýðræðisríki beri afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur æskufólks valdi ekki misrétti í aðstöðu til mennta? Ætlar ríkisstj. og stuðningslið hennar að rækja þessa afdráttarlausu skyldu sína með því t. d. að vísa þessu frv. frá, þessari einu alvarlegu tilraun, sem gerð hefur verið til þess að draga úr því misrétti, sem æskufólk á nú við að búa?

Meiri hl. menntmn. segir í nál. sínu, og það tók hv. frsm. meiri hl. n. fram hér áðan, að nú sé að fást fyrsta reynsla af framkvæmd þessa réttlætismáls að veita æskufólki námsstyrki til að jafna aðstöðumun þess til menntunar. Það sé of snemmt, eiginlega alltof snemmt, að ákveða framtíðarskipan þessara mála, eins og hv. frsm. orðaði það hér áðan, og bezt að öðlast meiri reynslu af því, hvernig þetta gerist. Það er eins og meiri hl. n. sé með eitthvert lítt þekkt og hættulegt læknislyf í höndunum, sem þeir nm. vilja að vísu reyna á sjúklingum, en aðeins örlitla inntöku í einu, svona í tilraunaskyni. Samt kalla þeir þetta réttlætismál. Þeir vilja sannarlega fara varlega með réttlætið. Þeir vilja ekki hafa það í of stórum skömmtum. Þannig var það líka haft með háskólastúdentana, þar var smáskammtaréttlætinu beitt árum saman, þar til stúdentar voru orðnir svo aðþrengdir, að ríkisstj. lét undan og hækkaði verulega námslánin. Það þarf að öðlast meiri reynslu af núv. námsstyrkjum, segir meiri hl. n. Er ekki komin reynsla á það, hversu mikla fjárhagsaðstoð háskólastúdentar þurfa? Er sú reynsla ekki nægjanleg til þess að vita, hversu mikið nemendur annarra skóla þurfa? Þarf einhverja sérstaka rannsókn á það, þegar um menn er að ræða í sams konar skólum og á sama stað? Ætli það þurfi sérstaka reynslu, kannske nokkurra ára reynslu á það, hvort 9 þús. eða 10 þús. eða 12 þús. kr. styrkur sé ekki meira en nóg til dæmis handa nemanda í Reykjavík utan af landi, þegar háskólastúdent við hliðina á honum fær 100 þús. og dugir honum skammt? Þarf að bíða einhvern ákveðinn tíma til að fá vitneskju um þetta? Þarf einhverja sérstaka rannsókn á það, hvort heimavistarnemandi þurfi nokkurn námsstyrk, hvort hann sé ekki vel settur með það að fá ekki einn einasta eyri í dvalarstyrk, eins og menntmrn. hefur úrskurðað og auglýst á s. l. sumri um úthlutun lánanna s. l. ár? Hvað getur annars valdið því, að stjórnarsinnar vilja heldur viðhalda þessu misrétti, sem ríkjandi er í aðstöðu æskufólks til menntunar, en að fallast á efnisatriði þessa frv. til að draga verulega úr þessu misrétti? Þeir hefðu auðveldlega getað breytt frv. að eigin vild, ekkert var því til fyrirstöðu. En þeir báru það ekki við, þrátt fyrir fjögurra mánaða umhugsun. Frv. var meira að segja aldrei lesið yfir í menntmn. Svo ákveðnir voru stjórnarsinnar í því frá upphafi, að það skyldi ekki ganga fram. Þá gátu þeir auðvitað flutt eigið frv. svipaðs efnis, ef þeir vildu eitthvað gera í málinu, til þess að þurfa ekki að samþykkja frv. frá framsóknarmönnum. Þeir gerðu það ekki heldur. Þá hefur mér dottið í hug, að þeir vilji heldur halda í misréttið en að missa af peningunum, sem til námsstyrkjanna eiga að fara. En hvaðan eiga þessir peningar að koma? Hv. frsm. meiri hl. n. gat um það hér áðan og hneykslaðist á því, að það skyldi eiga að taka af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins. Það á nú ekki að fara að taka neitt af núv. ágóða, því að það eru ákvæði í frv. um það

að leggja 5% álag á þessar vörur. Þessi aðaltekjustofn Námskostnaðarsjóðs samkv. frv. á að vera 5% álag á áfengi og tóbak. Er það þá þessi 5% hækkun, sem úrslitunum á að ráða um afgreiðslu frv.? Ríkisstj. hefur reyndar gætt vel hagsmuna neytenda þessara vara í heilan áratug. Frá 1. jan. 1960 til 1. jan. 1970 var meðaltals verðhækkun á helztu tegundum áfengis og tóbaks 127%. Á þessum sömu 10 árum hækkuðu hins vegar matvörur í verði um 303%. Þarna hefur þess verið vandlega gætt, að neyzla þessara munaðarvara drægist ekki saman, enda hefur neyzla Íslendinga á áfengi s. l. ár orðið sú mesta, sem verið hefur á þessari öld. Það er von, að þeir vilji slá skjaldborg um þann hagnað, sem þessi mikla neyzla færir ríkisstj., og þá verði jafnrétti æskufólks að lúta í lægra haldi, þegar um svo dýrmæta hluti er að ræða. Ég skal játa, að það er erfitt að trúa því, að svona lágkúruleg sé afstaða stjórnarsinna til jafnréttis æskufólks, að þetta hafi ráðið andstöðu þeirra gegn þessu frv., en einhverju verður maður að trúa.

Ég hef um nokkurt skeið álitið, að innan Sjálfstfl. væru þm., sem mundu vilja veita þessu máli lið, og ég hafði fulla ástæðu til þess vegna blaðaskrifa, sem hafa ótvírætt bent í þessa átt. Ég minni sérstaklega á leiðara í Morgunbl. 15. jan. s. l. Það er ekki langt síðan. Og yfirskriftin á þessum leiðara var „Réttlætismál.“ Í þessum leiðara segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt því, að stórt átak verður að gera í byggingamálum menntaskólastigsins á næstunni, svo og fjölga námsleiðum á framhaldsskólastiginu, eins og þegar er byrjað á, er þýðingarmesta verkefni í menntamálum okkar vafalaust það að jafna menntunaraðstöðuna, þannig að námsfólk hafi jafna aðstöðu til menntunar, hvar sem það er búsett á landinu. Því miður hefur mjög skort á, að svo hafi verið um langt árabil. Það er augljóst, að það kostar verulega fjármuni að taka sig upp og flytjast að heiman til framhaldsnáms, hvort sem er í menntaskóla, háskóla eða aðra framhaldsskóla. Margir foreldrar úti á landsbyggðinni hafa tekið þann kostinn að flytjast búferlum til höfuðborgarinnar, þegar börnin þeirra hafa verið komin á þann aldur, að þau voru að hefja menntaskólanám. Þessi staðreynd á vafalaust meiri þátt í fólksflutningum frá hinum dreifðari byggðum en margan grunar. Á fjárlögum ársins 1970 var í fyrsta sinn tekin inn fjárveiting til að jafna þennan aðstöðumun. Sú fjárveiting nam 10 millj. kr. En í ár verður varið í sama skyni 15 millj. kr. Þetta er talsvert fé, en vafalaust þarf að gera enn betur, ef vel á að vera. Jöfnun á aðstöðumun til menntunar verður framkvæmd með ýmsum hætti. En jöfnuði er hægt að ná með styrkveitingu til námsfólks utan af landsbyggðinni. Það er einnig hægt að ná þessu sama marki með því að fjölga framhaldsskólum úti um land, koma þar upp heimavistum og tryggja nemendum þannig húsnæði og mat með viðunandi hætti. En hvernig sem það er gert, er augljóst, að hér er á ferðinni réttlætismál, sem þjóðin verður að veita fyllstu athygli á næstu árum.“

Þetta er um réttlætismálin og hæstv. ríkisstj. kallar þetta líka réttlætismál. Þannig hljóðaði þessi kafli í leiðara Morgunbl. Nú liggur þetta réttlætismál fyrir, og við sjáum bráðum, hvernig höfundarnir að þessari miklu hugsjón, sem fram kemur í grg. stjórnarfrv., framkvæma það að framfylgja þessu réttlætismáli.

En Morgunbl. skrifaði oftar en einu sinni um þetta, því að hálfum mánuði seinna, 29. jan., birtist leiðari í Morgunbl. með yfirskriftinni: „Ranglæti, sem verður að leiðrétta.“ Moggginn var ekki af baki dottinn. Hann sá, hversu málið var alvarlegt. Já, ranglæti, sem verður að leiðrétta, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nær allir þeir þm., sem þátt tóku í umr. um skólamálafrv. ríkisstj. á Alþ. í fyrradag, fögnuðu sérstaklega þeim ákvæðum, sem varða jafna menntunaraðstöðu unglinga, hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Var lögð rík áherzla á, að þessi ákvæði mættu ekki vera nafnið tómt, heldur yrði að fylgja þeim eftir í framkvæmd. Gunnar Gíslason gerði þessi mál sérstaklega að umtalsefni í ræðu, er hann flutti í umr. Hann komst m. a. svo að orði: „Við, sem búum í sveit, höfum orðið að sæta því, að börn okkar hafa ekki sótt skóla nema 3 mánuði á vetri. Að vísu fá sveitabörn á margan hátt menntun, með því að komast í snertingu við móður jörð og dýralíf, en börn okkar hafa farið á mis við ýmislegt nám, sem börn í þéttbýli hafa notið, t. d. söngkennslu og tónlistarnám, íþróttakennslu og handíða. Ég legg ríka áherzlu á það, að öll ungmenni í landinu eigi þess jafnan kost að stunda nám og öðlast fræðslu.“

Þetta var haft eftir Gunnari Gíslasyni. Svo heldur leiðarinn áfram:

„Sú staðreynd, að menntunaraðstaða ungs fólks er mjög mismunandi eftir því, hvar það býr á landinu, hefur verið mjög til umræðu síðasta misseri, og menn hafa vaknað til vitundar um það, að í þessum efnum hefur mikið ranglæti viðgengizt árum saman. Fyrir rúmu ári veitti Alþ. í fyrsta skipti fé til að jafna þennan aðstöðumun með styrkveitingu til nemenda, sem stunda framhaldsnám, og fjárveiting til þess var hækkuð talsvert við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. En þetta er aðeins fyrsta sporið til þess, að allir búi við það sama. Hvað sem líður fjárhag foreldra eða búsetu, þarf mjög mikið átak. Þetta misrétti hefur ekki aðeins ríkt í framhaldsnámi. Eins og Gunnar Gíslason benti á, hafa börn í sveitum alls ekki fengið sömu kennslu í skyldunámi og þau, sem í þéttbýli búa. Hér er bæði um að kenna skorti á skólahúsnæði og skorti á góðum kennurum og margt fleira mætti tilnefna. En óhætt er að fullyrða, að það er eitthvert stærsta verkefnið á sviði menntamála okkar í dag að þurrka út þetta misrétti. Þess vegna er það fagnaðarefni, að á þetta er lögð mjög rík áherzla í skólamálafrv. ríkisstj., og þess verður að vænta, að ríkisstj. og Alþ. muni fylgja þessari stefnuyfirlýsingu eftir í reynd með myndarlegum og raunhæfum aðgerðum.“ Svona hljóðaði nú þessi leiðari.

Ég treysti mér ekki til þess að orða ályktun um þessi mál öllu gleggra en hér er gert í leiðurum Morgunbl. og grg. ríkisstj. fyrir skólafrv.

sínu. Nú hafa hv. þm. tækifæri til að sýna, hvernig þeir vilja afnema þetta ranglæti, sem viðgengizt hefur árum saman, hvernig þeir ætla að þurrka út misréttið, sem þeir hafa réttilega talað um. Ætla þeir að gera það með því að vísa þessu frv. frá, án þess að gera tilraun til að koma með nokkrar till. í staðinn? Vegna þeirra ræðuhalda og blaðaskrifa um þessi mál, sem átt hafa sér stað að undanförnu, eru foreldrar skólanemenda víðs vegar um land þeirrar skoðunar, að á Alþ. sé enginn ágreiningur um að afnema ranglætið, að þurrka út misréttið. Ég er viss um, að fólkið í landinu lítur svo á, að á Alþ. séu allir sammála um að gera það. En hvað ætli þessir foreldrar segi nú, þegar þeir sjá það svart á hvítu, hvernig stjórnarsinnarnir snúast í þessu máli?

Um brtt. okkar í minni hl. n. á þskj. 404 þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Með henni er lagt til að veita skuli námsstyrki nemendum, sem búa við erfiðan fjárhag, þó að ekki sé það vegna óhagstæðrar búsetu. Það ætti öllum að vera ljóst, að þar sem þrjú, fjögur eða kannske fimm börn í sömu fjölskyldu þurfa að sækja skóla samtímis, geta fjárhagsástæður valdið því, að neita verður börnunum um skólagöngu að meira eða minna leyti. Og slíku má þjóðfélagið ekki una. Þar sem hv. frsm. meiri hl. n. var að tala um, að þessi brtt. kollvarpaði eiginlega öllu, þá er það ósköp fjarri lagi, því að ef þessi sjóður kæmist á, eins og hann er hugsaður í þessu frv., hefði hann veruleg fjárráð og gæti hlaupið auðveldlega undir bagga, þar sem lakastar væru ástæður hjá barnmörgum fjölskyldum. Þetta er því ekkert annað en tylliástæða, enda var hann og allt hans lið í menntmn. á móti frv. frá upphafi, áður en hann hafði hugmynd um þessa brtt.

Ég skal svo, herra forseti, ekki orðlengja meira um þetta mál að sinni, það verður kannske tækifæri til að taka til máls aftur. En ég vil að lokum láta í ljós þá von, að það hneyksli gerist ekki, að þessu máli verði vísað frá, svo alvarlegum augum lít ég á málið í heild.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er hreyft mjög merkilegu nauðsynjamáli — því máli, hvernig hægt sé að stuðla að því, að ekkert ungmenni þurfi að fara á mis við menntun vegna bágborins efnahags eða slæmrar aðstöðu til þess að sækja skóla. Hins vegar er þetta mál mun flóknara en fram kemur í frv., brtt., sem fram við það er komin, og grg., og segi ég þetta vegna þess, að þessi mál hafa verið til mjög rækilegrar athugunar í menntmrn. undanfarin tvö ár og eru enn, án þess þó að rn. hafi, enn sem komið er, tilbúnar endanlegar hugmyndir eða till. um, hvernig úr þessum vanda skuli bæta og tryggja sem bezt réttlæti. Að málið er flókið og vandasamt kemur ekki hvað sízt fram í því, að 1. flm. frv., hv. 1. þm. Vestf. Sigurvin Einarsson, hefur sjálfur ásamt fleiri hv. þm. í menntmn. flutt brtt. við sitt eigið frv. Í frv. var gert ráð fyrir því, að hlutverk Námskostnaðarsjóðs skyldi vera að veita námsstyrki þeim nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum meðan á námi stendur, m. ö. o. markmið frv. var einvörðungu að stefna að því að bæta úr skorti eða kostnaðarauka, sem þeir verða fyrir, sem hafa erfiða aðstöðu til þess að sækja skóla. Hins vegar er vandamálið auðvitað miklu stærra og víðtækara. Það þarf einnig að huga að þeim áhrifum, sem mismunandi efnahagur hefur á aðstöðu manna til þess að sækja skóla, og miðar brtt. að því að betrumbæta frv. að því leyti.

Það er nokkuð óvenjulegt, að aðalflm. frv. flytji brtt. við sitt eigið frv. Það er afar lítill vandi að halda smáræðustúf um þetta, en ég geri það ekki. Ég tel málið vera miklu vandasamara og í rauninni meira alvörumál en svo, að ástæða sé til þess að viðhafa nokkurt gamanmál í því sambandi eða gera nokkra tilraun til þess að efna til umr. af því tagi, sem af því mundi hljótast. Erindi mitt er að segja frá því, að þetta mál allt í heild er í athugun í menntmrn. í framhaldi af því, að fyrir tveimur árum var tekin upp fjárveiting í tilraunaskyni, 10 millj. kr., til þess að nota til námsstyrkja, sem áttu að jafna aðstöðu manna til þess að sækja skóla. Samdar voru umfangsmiklar reglur til þess að tryggja það, að þessi litla fjárveiting kæmi að sem beztum notum. Við samning þeirra reglna og framkvæmd þeirra komu í ljós margvísleg og mjög flókin vandamál. Það reyndist afar erfitt að nota þessar 10 millj. þannig, að viðunandi mætti teljast, ekki aðeins vegna þess, að upphæðin var lítil, heldur komu ótal framkvæmdaörðugleikar í ljós — m. ö. o., hugmyndir manna um það, hvað væri jöfnuður á aðstöðu til þess að hljóta menntun, gátu verið mismunandi og mátti færa rök fyrir mismunandi skoðunum í því efni. Þessi upphæð var aukin í 15 millj. á þessu ári, og er nú verið að semja reglur um það, hvernig þessum 15 millj. skuli úthlutað. Það verður án efa unnt að sníða ýmsa agnúa af þeim reglum, sem settar voru í fyrra, af því að upphæðin jókst úr 10 millj. í 15 millj., en það verður engan veginn hægt að tryggja það réttlæti í þessum efnum, sem æskilegt er talið, með þessari upphæð. Og jafnvel þó að hún yrði tvöfölduð, yrði samt um að ræða ótalmörg álitamál, sem taka þyrfti ákvörðun um, og er þetta mál allt í rækilegri athugun.

Þetta vildi ég láta koma fram, að það er fullur vilji af hálfu menntmrn. og af hálfu ríkisstj. til þess að halda áfram á þeirri braut, sem þegar hefur verið lagt út á — stíga hvert sporið á fætur öðru í þá átt, sem við teljum, að stefni að auknum jöfnuði, ekki aðeins á aðstöðunni til þess að sækja skóla, heldur einnig til þess að bæta úr því misrétti, sem mismunandi efnahagur kann að valda á getu ungmenna til þess að sækja skóla.

Ég vil geta þess, að núverandi þjóðfélagskerfi gerir ýmsar ráðstafanir til þess að jafna þann mun, sem er á efnahag manna, og þann mun,

sem er á aðstöðu manna til þess að sækja skóla. Þar vil ég fyrst og fremst vekja athygli á því, að hér er skólavist ókeypis frá því, að skyldunám hefst og þangað til lengsta háskólanámi lýkur. Þetta á sér engan veginn stað í öllum nálægum löndum og raunar færri nálægum löndum en fleiri. Í þessu er fólgið meginframlag íslenzka ríkisins til þess að gefa öllum, sem hug hafa á skólanámi, kost á því að hljóta það nám. En það er engan veginn svo, að við þetta sé látið sitja. Um er að ræða ýmiss konar ráðstafanir á félagsmálasviðinu, sem m. a. er ætlað að auðvelda fjölskyldum, sem hafa fyrir börnum að sjá, það að láta þau hljóta skólamenntun. Tilgangur fjölskyldubóta, sem greiddar eru til og með 15 ára aldri, og tilgangur barnalífeyris, sem nú er ætlunin að hefja að greiða allt að 16 ára aldri, er m. a. sá að auðvelda barnmörgum fjölskyldum að láta börn sín sækja skóla. En í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að þegar fjölskyldubætur á sínum tíma og barnalífeyrir voru miðaðar við 15 ára aldur, hefur án efa þar verið höfð hliðsjón af því, að skólaskylda var þá til 15 ára aldurs og er það enn. Nú eru uppi áætlanir um, eins og hv. þm. er kunnugt, að lengja skólaskyldu til 16 ára aldurs. Ég tel alveg rökrétta afleiðingu af því vera, að bæði barnalífeyrir og fjölskyldubætur séu lengd um eitt ár, eins og nú er raunar fyrirhugað, og nái þannig a. m. k. til skólaskyldunnar.

En meira er gert en þetta til þess að jafna efnahagsmun í þessu sambandi, og það er atriði, sem almenningi og jafnvel alþm. virðist ekki vera fullkunnugt um. Gildandi skattalög veita heimild til verulegs frádráttar vegna barna, sem eru í skóla, og getur sá frádráttur orðið allt að 39 þús. kr. vegna hvers skólanemanda, sem foreldrar hafa á framfæri í skóla. Hér er auðvitað um að ræða mjög mikilvægt framlag af hálfu ríkisins til þess að jafna efnahagsmun foreldra, sem eiga börn í skóla. Það er líka um að ræða verulegar ráðstafanir nú þegar til þess að jafna aðstöðumuninn, og vil ég í því sambandi nefna niðurgreiðslu á fæði í heimavistum og greiðslu á flutningi nemenda frá heimili til skóla. Þetta er sú aðstoð til jöfnunar á aðstöðumun, sem var í gildi, áður en 15 millj. kr. styrkurinn kom til skjalanna. Hann kemur síðan til viðbótar því. Að því er snertir það nám, sem er lengst og dýrast, háskólanámið, þá er, eins og allir vita, í gildi mjög víðtækt kerfi til námslána og námsstyrkja til þess að bæta úr efnahagsmun, sem kann að vera hjá þeim aðilum, sem vilja stunda háskólanám.

Ég bendi á, að nú þegar hafa verið gerðar og eru gerðar margvíslegar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til þess að jafna efnahagsmun og aðstöðumun þeirra, sem vilja sækja skóla allt frá barnaskóla og til loka háskólanáms. Engu að síður er mér algerlega ljóst, að það, sem þegar hefur verið gert, er ekki nóg, og þess vegna hefur athugunum á þessu máli verið haldið áfram í menntmrn. og þess vegna get ég í sjálfu sér mjög vel skilið og læt í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga, sem kemur fram á þessu máli með flutningi þessa frv. og þeirrar brtt., sem við það hefur þegar verið flutt. Þær hugmyndir, sem fyrst og fremst eru uppi um þetta efni, eru þær að láta greiðslu fjölskyldubóta og barnalífeyris fylgja skólaskyldunni, eins og þegar hefur fyrsta sporið verið stigið í áttina að. Það er í alla staði eðlilegt, að menn njóti bæði fjölskyldubóta og barnalífeyris fyrir börn, meðan þau eru í skylduskóla, og það ætti að vera verulegt framlag til þess að auðvelda foreldrum þá fjárhagsbyrði, sem af því er að hafa börn á skyldunámsstigi, og raunar er ekki nema sjálfsagt, að ríkið komi til móts við barnmargar fjölskyldur í þessu efni, þegar það skyldar börn og unglinga til þess að vera í ríkisskóla.

Ég tel, að mjög sómasamlega hafi verið séð fyrir þörfum háskólastúdenta, eins og ástand lána- og styrkjamála er nú, og þó sérstaklega miðað við þær áætlanir, sem uppi eru um áframhald á aukningu á opinberum framlögum í Lánasjóð ísl. námsmanna, þ. e. a. s. að gefnar hafa verið bindandi yfirlýsingar um það, hver stefna ríkisvaldsins skuli vera í þeim efnum, og ég tel, að þar þurfi ekki um að bæta. En eftir stendur framhaldsskólastigið, þ. e. a. s. nemendur, sem eru í framhaldsskólum eftir að hafa lokið skyldunámi og þangað til þeir kunna að hefja háskólanám. Það er vandinn. Og þetta stig mundi vera þriggja ára stig, ef frv. um grunnskóla og skólakerfi nær fram að ganga á næsta þingi, sem ég vona, að verði. Og þá tel ég, að samfara lögfestingu þeirra frv. um lengingu skólaskyldunnar um eitt ár þurfi að koma sérstakar ráðstafanir til þess að aðstoða þá nemendur, sem stunda vilja framhaldsnám, sem gera má ráð fyrir að verði í framtíðinni enn þá fleiri en þeir hafa verið að undanförnu.

Þessi vandi um stuðning við framhaldsskólanemendurna hefur farið vaxandi á undanförnum árum vegna þess, að tala framhaldsskólanemendanna hefur farið vaxandi á undanförnum árum, stórvaxandi, og það hefur auðvitað kallað á auknar ráðstafanir gegn vandanum og aukið stærð hans. En það má hins vegar ekki verða til þess, að menn hrökkvi frá því að gera tilraun til þess að leysa hann. Þetta mætti gera með ýmsu móti. Ég skal ekki ræða það í einstökum atriðum, en aðeins nefna þær hugmyndir, sem helzt hafa verið uppi í því sambandi. En þær eru að gera ráð fyrir, að í raun og veru haldi greiðsla fjölskyldubóta og barnalífeyris áfram allt til loka þess tíma, sem þeir eru í skóla, m. ö. o., að allir nemendur í framhaldsskólum skuli hljóta hliðstæða aðstoð og felst í greiðslu fjölskyldubóta til barna og unglinga, meðan þeir eru í skylduskólanum, og greiðsla barnalífeyris fari fram, á meðan menn eru í skylduskólunum, og þá geri ég ráð fyrir því, að næsta spor verði að færa greiðslu fjölskyldubóta upp um eitt ár, þ. e. a. s. samræma greiðslu fjölskyldubóta skólaskyldualdrinum. Síðan tel ég, að í stað þess að heimila þann skattafrádrátt, sem nú er heimilaður vegna nemenda í skóla, þá eigi að hætta honum, en ríkið að taka tilsvarandi fjárhæð og sparast við það og leggja í Námskostnaðarsjóð ásamt upphæð, sem svarar til fjölskyldubóta og barnalífeyris fyrir nemendur á framhaldsskólastiginu, og hefja síðan sjálfstæðar fjárveitingar í sjóðinn, ef þetta þrennt dugir

ekki, upphæð, sem svarar til fjölskyldubóta á nemendur, sem eru í framhaldsskólum, upphæð, sem svarar til barnalífeyris til nemenda, sem eru í framhaldsskólum, og upphæð, sem svarar til þess, sem ríkið sparar við það, að skattfrádrætti er hætt vegna nemenda í framhaldsskólum. Það hafa þegar verið gerðar áætlanir um, hversu miklum fjárhæðum þetta mundi nema. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara svo ýtarlega út í málið að nefna það hér, en þær eru verulegar. Og þeim mætti síðan jafna á alla nemendur, sem eru við nám í framhaldsskólum. Þar vaknar sú mjög viðkvæma spurning, hvort jafna eigi slíkri upphæð jafnt á alla nemendur í framhaldsskólum eða taka tillit til efnahags foreldranna. Eins og menn vita er ekki tekið tillit til efnahags foreldranna eða aðstandenda við úthlutun lána og styrkja úr Lánasjóði ísl. námsmanna. En það er mjög umdeilt atriði. Stefna stúdentanna sjálfra hefur verið sú að taka ekki tillit til efnahags aðstandenda, en svo mörg rök, sem má færa fyrir báðum sjónarmiðum í því tilliti, má færa enn fleiri rök fyrir ólíkum sjónarmiðum í þessu efni, ef um væri að ræða styrk eða laun til framhaldsskólanemenda, svo að ég skal ekki fara lengra út í það að ræða það efni hér.

Grundvallarhugmyndin, sem verið er að fjalla um og hugleiða alla kosti og galla við, er sem sagt þessi, að eftir að skólaskylda hefur verið lengd um eitt ár og eftir að einu ári hefur verið bætt við fjölskyldubætur, eins og nú er meiningin að gera við barnalífeyrinn, þá verði tekið að greiða til framhaldsskólanemenda hliðstæðar upphæðir og fjölskyldubætur, barnalífeyrir og skattahlunnindi nú nema auk fjárveitinga úr ríkissjóði, sem mundu verða ákveðnar hverju sinni. Ástæðan til þess, að ég tel miklu réttlátara að hætta við skattafrádrátt vegna nemenda, sem nú á sér stað og nemur verulegum upphæðum, en taka í staðinn upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til nemendanna, er sú, að nú hagnast menn þeim mun meir á skattfrádrættinum, sem þeir hafa hærri tekjur. Núverandi kerfi ívilnar í raun og veru þeim tekjuhærri miðað við hina tekjulægri, vegna þess að frádrátturinn lækkar skattinn hlutfallslega meira, eftir því sem tekjurnar eru hærri og menn komast hærra í skattstigann, svo að sú upphæð, sem ríkið núna ver til námsfólks í formi skattfrádráttar, nýtist að mínu viti miklu, miklu verr en hún ætti að nýtast.

Þetta eru þær grundvallarhugmyndir, sem á döfinni eru um þetta efni, og ég er sannfærður um, að ef þær komast til framkvæmda í einu eða öðru formi, yrði bætt úr þeirri gloppu, sem er á núverandi kerfi til aðstoðar við nemendur, þ. e. a. s. annars vegar við nemendur á skyldustiginu og hins vegar við nemendur á háskólastiginu. Ég geri mér vonir um, að fullnaðarathugun á þessum efnum geti verið lokið eftir nokkrar vikur, og þá munu að sjálfsögðu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir í rn. til ráðstöfunar fyrir þá, sem þar fara með foráð, þegar kosningu er lokið. Málið er ekki nógu vel undirbúið til þess, að við getum mælt með því, að þetta þing taki afstöðu til þess, og þess vegna hefur meiri hl. menntmn. lagt til, að þessu máli yrði vísað til ríkisstj., en ég tel, að málið geti fyrir næsta þing orðið svo rækilega undirbúið, að hverjir þeir, sem þá fara með völd, geti lagt fram um það mjög rökstuddar og ýtarlegar till. A. m. k. er unnið að því, að svo geti orðið. Það er m. ö. o. málið sjálft, sem í mínum og okkar augum skiptir mestu máli, að sé rækilega kannað og skynsamleg og ábyrg lausn á því undirbúin.

Ég skal að síðustu lýsa yfir því, að verði þessu máli vísað til ríkisstj., mun hún skoða það sem staðfestingu Alþ. á því, að þeim athugunum, sem þegar eru í gangi á þessu mikilvæga máli, skuli haldið áfram, og hverjir svo sem fara með völd í rn., skulu undirbúnar till. lagðar fyrir næsta þing um lausn á þessu vandamáli. M. ö. o., ég vil undirstrika það, að verði málinu vísað til ríkisstj., felst í því jákvæð afstaða Alþ. og áskorun á ríkisvaldið um það að finna jákvæða lausn á þessu vandamáli.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið til 2. umr. um sinn og eitt og annað verið sagt í því sambandi. Nú hefur hæstv. menntmrh. flutt hér ræðu, þar sem hann vill leysa þetta mikla mál, sem hér er formað í frv. um Námskostnaðarsjóð, með auknum fjölskyldubótum og barnalífeyri. Að öðru leyti tók hæstv. ráðh. jákvætt undir höfuðefni þessa máls eða það markmið, sem þetta frv. stefnir að. Því miður er þessi lausn hæstv. ráðh. um það að leysa þessi mál með auknum fjölskyldubótum og barnalífeyri svo nýlega tilkomin hugmynd, að það er dálítið erfitt að ætla sér að ræða hana. Vel má vera, að í þessu felist einhver lausn, en fljótt á litið sé ég ekki, að þar sé um heppilegri aðferð að ræða en við flm. frv. bendum á með stofnun sérstaks Námskostnaðarsjóðs, sem hefði það markmið að greiða beinlínis þann kostnað, sem sannanlega hlýzt af því, að börn og unglingar verða að sækja skóla fjarri heimilum sínum, auk þess sem nýtt kæmi til, ef samþ. yrði brtt. frá minni hl. menntmn. um það að gera nemendum kleift að sækja skóla, sem af fjárhagsástæðum geta ekki sótt skóla, þó að þeir búi nálægt þeim. Sem sagt, ég hygg, að það þurfi að athuga mjög gaumgæfilega og nánar þessa hugmynd hæstv. ráðh. um það að leysa málin með fjölskyldubótum og barnalífeyri. Mér lízt þannig á, að þar sé sízt um færari leið eða betri að ræða fyrir almenning en það, sem við höfum bent á.

Þetta mál um að jafna aðstöðumun til náms hefur verið til umr. hér á hv. Alþ. nú um langt skeið og víða verið rætt í þjóðfélaginu, og það má segja, að hér sé um viðurkennt vandamál að ræða, sem úr þurfi að bæta. Þetta mál var fyrst vakið hér á Alþ. árið 1965, þegar þrír þm. Framsfl. fluttu till. til þál. um ráðstafanir til þess að draga úr þessum mun. Síðan hefur málið verið til umr. með einum eða öðrum hætti hér á hv. Alþ. öll þessi ár, og nú síðast er þess að minnast, að þetta mál er sérstaklega tekið fyrir í skólamálafrv. ríkisstj., sem fram komu í vetur, og þar er lögð á það sérstök áherzla, að nauðsynlegt sé að stefna að því að jafna þennan aðstöðumun, og má telja, að það sé eitt höfuðatriði þessara frv. Að vísu eru ýmsar leiðir til úrbóta í því að jafna aðstöðumun nemenda til

náms, og hæstv. ráðh. hefur komið hér inn á sumar þeirra, eins og það að byggja skóla sem víðast um landið. Það er að sjálfsögðu ein leiðin og sú leið er yfirleitt farin hér á landi og hefur verið farin ætíð. En einnig er hægt að jafna hinn fjárhagslega aðstöðumun, sem leiðir af því, að nemendur verða að sækja skóla utan heimilis, með beinum fjárframlögum. Og þriðja atriðið er svo það, sem minni hl. menntmn. bendi ir á, það er að styrkja þá nemendur til náms, sem ekki geta stundað nám vegna fátæktar.

Það er búið að ræða svo mikið og almennt um þetta mál, að ég veit ekki, hvort ástæða sé til að fara um það fleiri orðum að því leyti. En mig langar til í sambandi við þessar umr. að minna á það, að námsaðstoð hér á landi er mun minni en nú tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, a. m. k. á þeim Norðurlandanna, sem búa við svipuð skilyrði og við, sem eru þá fyrst og fremst Noregur og Svíþjóð. Þar nær námsaðstoð til miklu fleiri námsmanna en gerist hér á landi. Það má segja, að við séum alltaf í sama farinu að því leyti, að námsaðstoðin nær fyrst og fremst til háskólastúdentanna og þeirra, sem eru í lengra námi, en aftur á móti verða aðrir nemendur, og hinn fjölmennari hópurinn, þarna út undan. Og það er einmitt það, sem við höfum viljað leiða athygli að með þessu frv., að úr þessu þurfi að bæta. Námsaðstoðarkerfið þarf að vaxa, og það þarf að ná til miklu fleiri sviða en nú gerist. Að því leyti getum við lært af frændum okkar á Norðurlöndum, ekki síst af Svíum og Norðmönnum, því að báðar þessar þjóðir eru komnar mjög langt á þessu sviði og Svíar líklega manna lengst. Þeir hafa verið frumkvæðisþjóð í þessum efnum, að jafna aðstöðumun til náms, og forustuþjóð. Um allmörg ár hafa gilt lög og reglur í Svíþjóð um mjög víðtæka námsaðstoð, sem ekki nær aðeins til háskólastúdenta og annarra langskólamanna, heldur til allra framhaldsskólanemenda og raunar nemenda á lægri skólastigum. Og þarna er um að ræða bæði námslán og bein námslaun samkv. þeim l., sem gilda í Svíþjóð um þessi efni. Eins og eðlilegt má teljast, þá njóta háskólastúdentar og þeir, sem eru líkt settir og háskólastúdentar, hvað beztra kjara í þessu sambandi og þar er beinlínis gert ráð fyrir því, að samanlögð lán og laun svari normal námskostnaði, þannig að nemandi geti gefið sig óskiptan að náminu. Þetta er um þær reglur eða þau lög, er gilda um námsaðstoð í Svíþjóð, að segja.

En ef við lítum líka til Noregs, því að Norðmenn hafa sett sér mjög víðtækar reglur um þessi efni, þá er um það að segja, að þar hefur orðið gerbreyting nú á síðustu árum, og Norðmenn hafa tekið þessi mál mjög föstum tökum. Þeir hafa sífellt verið að byggja ofan á námsaðstoðarkerfi sitt. Þar var byrjað svipað og hjá okkur, að styrkja háskólastúdenta, og námslánasjóður Noregs var stofnaður fyrir um það bil 25 árum og var þá fyrst og fremst til styrktar háskólastúdentum, en eftir 1956 hefur þessi sjóður verið stórefldur, og hann hefur smám saman verið látinn ná til fleiri námsmanna. Og það síðasta, sem ég veit til að gerzt hafi í Noregi í þessum efnum, er það, að í júlí 1969 voru sett ný lög um námsaðstoð til nemenda, sem stunda nám í framhaldsskólum og sérskólum, auk þess sem í hinum almennu fræðslulögum eru ákvæði um það, að allur aukakostnaður vegna náms barna og unglinga á skyldunámsstigi sé greiddur af hinu opinbera, þ. e. a. s. dvalarkostnaður, ferðakostnaður og fæðiskostnaður.

Af þessu má sjá, að námsaðstoð í Noregi er miklu víðtækari en gerist hér á landi, og er það ekkert sambærilegt. Þannig að fólk, sem stundar nám í gagnfræðaskólum, í lýðháskólum, í menntaskólum, á ýmsum tæknilegum undirbúningsnámskeiðum, — slíkir nemendur geta notið námsaðstoðar, og einnig koma undir þetta margs konar sérskólar, eins og húsmæðraskólar, fóstruskólar, búnaðar-, garðyrkju- og skógræktarskólar, námskeið í meðferð landbúnaðarvéla, stýrimannaskólar, loftskeytaskólar, vélstjóraskólar, matsveinaskólar, verkstæðisskólar, norski niðursuðuskólinn, listiðnskólinn, eða handíðaskólinn norski, listaskólar, verzlunarskólar og kennaraskólar einnig. Þess er líka að geta, að Norðmenn hafa í sínum lögum ákvæði um það, að styrkja megi efnalitla nemendur af þessum sjóði. Það er heimilt að styrkja nemendur, sem eiga efnalitla foreldra, svo að ákvæðið sé tekið beint upp: sem eiga efnalitla foreldra, þótt þeir búi hjá þeim. Á þetta fyrst og fremst við nemendur upp að 12. skólaári. Einnig er heimilt að styrkja efnalitla háskólastúdenta og sérskólanemendur eftir þessari grein, ef þeir eiga við sérstaklega erfiðan fjárhag að stríða og þunga framfærslubyrði. Og þetta er til viðbótar þeim möguleikum, sem stúdentarnir hafa til lána úr námslánasjóði. En þessi norsku lög, frá 10. júní 1969, sem ég var að minnast á, heita í lélegri þýðingu: Lög um stuðning við æskufólk, sem stundar framhaldsnám. Og þetta eru mjög víðtæk lög. En eins og ég sagði áðan, þá er einnig gert ráð fyrir því í grunnskólalögunum norsku, að börn og unglingar á skyldunámsstigi njóti ókeypis skólanáms að öllu leyti. En samkvæmt lögunum um stuðning við æskufólk, sem stundar framhaldsnám, eru þar bæði ákvæði um styrki og námslán. Þar er að finna ákvæði um ferðastyrki til nemenda, um dvalarstyrki þeirra, sem verða að sækja skóla utan heimilis, styrk til efnalítilla, styrk vegna skólagjalda og bókakaupa o. s. frv., styrk til listnáms, námslán og fleira, sem geta mætti um. Þannig að augljóst er, að námsaðstoðarkerfið í Noregi er mun víðtækara en gerist hjá okkur, og ég fæ ekki betur séð en Norðmenn séu komnir miklu lengra á því sviði að greiða allan aukakostnað, sem leiðir af skyldunámi. En það er einmitt sú hugsun, sem ekki sízt liggur á bak við það frv., sem hér er flutt, að allur slíkur aukakostnaður verði greiddur af hinu opinbera, og fyrr getum við ekki talað um ókeypis skólavist á Íslandi eða um fullkomið lýðræði, demókratiseringu, í okkar fræðslukerfi.

Svo að ég víki beint að frv. um Námskostnaðarsjóð, sem hér liggur fyrir, þá er efni þess það, að lagt er til að lögfesta reglur um jöfnun aðstöðumunar í námi, og er lagt til að afla fjár í þessu skyni með sérstökum hætti. Það er ekki meiningin að leggja byrði á ríkissjóð alfarið, án þess að sjá fyrir tekjum í þennan sjóð. 1. flm.

frv. hefur gert mjög rækilega grein fyrir því, en svo virðist sem meiri hl. hv. menntmn. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu atriði, að þarna er um að ræða sérstaka fjáröflun, sem full ástæða er til þess að vekja athygli á og ræða. En sú fjáröflun, sem þarna er um rætt, er annars vegar sérstakt álag á áfengis- og tóbaksvörur og á öl og gosdrykki. Með þessu álagi má gera ráð fyrir, að fá megi verulegt fé, líklega svo að skiptir tugum milljóna. Þá er einnig gert ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði, sem mundi nema um 30 millj. kr., ef þessi ákvæði yrðu lögfest. Nú er þegar búið að ákveða að greiða úr ríkissjóði 15 millj. kr. þannig að hækkunin á beinu framlagi ríkissjóðs yrði þá ekki nema um þessar 15 millj., og fæ ég ekki séð, að þar sé um neina sérstaka ofrausn að ræða.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál almennt, en ég tel það miður farið, að hv. menntmn. skyldi ekki taka frv. öðrum tökum og ræða það með öðrum hætti. Það má vel vera, eins og oft er um frv., sem fram eru lögð, að þau eru ekki alfullkomin, og það getur verið ástæða til að breyta þeim, og oft er það svo, að þegar n. leggja sig fram, tekst þeim að bæta frv., sem fram eru lögð. Við höfum fyrir okkur ýmis dæmi um það, án þess að ég ætli að nefna nokkur sérstök. Þó vil ég nefna frv. um Fiskvinnsluskólann, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram um daginn. Það hefur gengið með miklum hraða, ánægjulegum hraða, í gegnum þá þn., sem hafði málið til meðferðar, og með þeim hætti, að ég tel, að frv. hafi stórlega batnað í meðförum n. Sama held ég, að hefði mátt ske í hv. menntmn., að hefði þetta frv. okkar um Námskostnaðarsjóð verið rætt með sama hugarfari, hefði sjálfsagt mátt bæta úr einhverjum ágöllum, sem á því kynnu að vera, og afgreiða það hér jákvætt og samhljóða út úr deildinni.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð að sinni, en endurtek það, að mér þykir miður, að hv. menntmn. skyldi ekki sjá sér fært að mæla með samþykkt frv.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. menntmn. og hæstv. menntmrh. hafa vakið athygli á því, að frá minni hl. menntmn. hafi komið fram brtt. við það frv., sem upphaflega lá fyrir, og tel ég, að með þeirri brtt., hafi eðli málsins verið breytt mjög verulega. Mér þykir rétt að segja um þetta nokkur orð, vegna þess að þessi brtt. er frá mér komin. Ég bar það upp við hv. alþm. Sigurvin Einarsson og Eystein Jónsson, hvort þeir gætu ekki fallizt á að breyta frv. á þá lund, að hlutverk Námskostnaðarsjóðs yrði ekki aðeins það að veita námsstyrki nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum, meðan á námi stendur, heldur yrði þar bætt við, að þeir nemendur, sem eiga við erfiðar fjárhagsaðstæður að búa af öðrum ástæðum, ættu einnig rétt á framlögum úr þessum sjóði. Þessir tveir hv. þm. féllust á þetta sjónarmið, og við flytjum þessa till. sameiginlega. Hins vegar taldi ég það mikið prinsipmál, að þetta atriði yrði fellt inn í frv. einnig. Það er grundvallaratriði í lýðræði á Íslandi að tryggja öllum jafnan rétt til náms. Það eru margar aðstæður, sem torvelda það, að hægt sé að tryggja mönnum þennan rétt. Það er þetta ástand, sem menn þekkja, að fjölmargir nemendur verða að fara langar leiðir brott frá heimilum sínum til þess að stunda skóla, en það er einnig þannig ástatt í okkar þjóðfélagi, að nemendur, sem búa í nágrenni við skólann, hafi ekki alltaf efni á að stunda þar nám.

Ég hef nokkrum sinnum spurt um það hér á þingi og raunar einnig í menntmn., hvort ekki hafi verið framkvæmd einhver könnun á því, hvernig aðstæður stúdenta eru, þ. e. a. s. úr hvaða stétt stúdentinn er kominn. Mér hefur skilizt, að einhver gögn um þetta muni vera til í menntmrn., en mér hefur ekki tekizt að fá neina vitneskju um þetta. Samt hygg ég, að þetta mundi koma í ljós, ef þetta væri kannað gaumgæfilega, en því fer mjög fjarri, að t. d. Reykvíkingar hafi raunverulegt jafnrétti til náms í menntaskólum hér af þessum ástæðum, að það er stór hópur af fjölskyldum, þar sem svo er ástatt fjárhagslega, að þeir hafa ekki efni á, að ungt fólk geti stundað nám, eftir að skyldunámi lýkur. Það verður auðvitað að leiðrétta þetta misrétti engu síður en það misrétti, sem stafar af því, að ýmsir búa mjög fjarri þeim skólum, sem börn eða unglingar verða að sækja.

Ég skal segja það hreinskilnislega, að ég tel ekki, að þetta frv. til l. um Námskostnaðarsjóð leysi þann mikla vanda, sem við okkur blasir. Ég tel ekki, að það gangi of langt, eins og hæstv. ríkisstj. eða þeir flokkar, sem hana styðja, virðast ætla, heldur að það gangi til muna of skammt. Ég hef ekki trú á því, að þó að þetta frv. yrði samþ., mundi það leysa þann stóra vanda, sem hér er við að eiga. Hann er miklu stærri en svo. Engu að síður væri þetta ákaflega mikilvægt skref, og mér finnst það furðumikið fálæti hjá stjórnarflokkunum að afgreiða þetta mál algerlega á neikvæðan hátt án þess að sýna nokkra tilburði til þess að koma til móts við sjónarmið flm.

Ég vil minna á það, að fyrir nokkrum vikum hafnaði meiri hl. þessarar d. frv., sem ég hafði flutt ásamt hv. alþm. Þórarni Þórarinssyni um framlög í Lánasjóð ísl. námsmanna. Það frv. var einvörðungu flutt til þess að Alþ. staðfesti stefnu, sem hæstv. menntmrh. hafði gert grein fyrir hér á þingi, þ. e. a. s. að auka þennan sjóð svo á þremur árum, að hann næði upphaflegu markmiði sínu. Hæstv. ráðh. hafði sagt, að þetta væri stefna ríkisstj., en engu að síður var því hafnað, að þetta yrði fellt hér í lög, og meðal þeirra, sem höfnuðu því, var hæstv. ráðh. sjálfur. En aðalröksemdin, sem þá kom fram frá frsm. menntmn., var sú, að þeir, sem fá lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna, væru þrátt fyrir allt miklu betur settir en ýmsir aðrir, sem ekki hefðu aðgang að þeim sjóði. Og hann minntist á þá nemendur, sem væru í námi milli skyldunámsstigsins og háskólastigsins. Hann taldi, að það væri ekki hægt að leggja fram meira fé í þessu skyni vegna þess, að þeir væru að hjálpa þessum mönnum. En núna örskömmu síðar koma þessir sömu menn og hafna því, að nokkuð nýtt sé gert til stuðnings við þetta fólk. Þetta eru ekki heilindi. Það er ósköp auðvelt að standa

hér og mæla fögur og hjartnæm orð. En þegar á reynir, þá kemur í ljós, hvað er á bak við orðin, og því miður er það ekki neitt í þessu dæmi.

Ég hygg, að það sé nærri því áratugur, sem þetta mál hefur verið rætt hér á þingi — á hverju einasta þingi — og þar hafa þm. úr dreifbýlinu haft forustu og lagt sérstaka áherzlu á aðstöðumun vegna búsetu. Það eina, sem komið hefur verið til móts við þessi sjónarmið, er upphæð, sem tvívegis hefur verið á fjárl., fyrst 10 millj. kr. og nú 15 millj. Við heyrðum hæstv. menntmrh. lýsa því áðan, hversu erfitt verk hefði verið að úthluta þessum 10 millj. af nokkru skynsamlegu viti, og það skil ég ákaflega vel. Til þess að úthluta slíkri upphæð, þannig að til gagns mætti koma, þyrfti hæstv. menntmrh. að búa yfir svipaðri kraftaverkaorku og Jesús Kristur, því að þessi upphæð er svo fjarri allri þeirri nauðsyn, sem við blasir á þessu sviði.

En þó að lítið hafi fengizt gert í þessu máli hér á Íslandi, hefur verið mikið í þessu gert í nágrannalöndunum, eins og raunar hefur verið minnzt á hér áður í ræðu Ingvars Gíslasonar hv. alþm. Ég hef kynnt mér dálítið, hvernig þetta kerfi er, t. d. í Svíþjóð. Þar er um að ræða aðstoð við námsmenn, sem skipt er í tvo þætti. Annars vegar er aðstoð við námsmenn undir 20 ára aldri, þ. e. a. s. námsmenn á menntaskólastigi eða þar undir. Þar er um að ræða menntaskóla, og aðra skóla af ýmsu tagi, sem koma á eftir skyldunámsstiginu. Síðan, þar fyrir ofan, er um að ræða aðstoð á háskólastigi, en munurinn á þessum tveimur þáttum er sá, að undir 20 ára aldri er fyrst og fremst um styrki að ræða, en eftir 20 ára aldur eykst hlutfall lánanna.

Það kom fram hér hjá hæstv. ráðh. áðan, að sú hugmynd væri uppi, að barnalífeyrir og fjölskyldubætur héldu áfram, þegar ungt fólk væri við nám. Þetta kerfi er búið að vera í Svíþjóð frá því 1965. Það er haldið áfram að greiða fjölskyldubætur með börnum, sem stunda nám í menntaskólum eða öðrum hliðstæðum skólum og raunar upp á háskólastig einnig. Og þessa aðstoð fá allir. Þar er um að ræða 100 sænskar kr. á mánuði, eða um 1700 kr. íslenzkar á mánuði. Auk þess eru í skólum á þessu stigi ókeypis bækur, og þar er um verulega upphæð að ræða, eins og menn vita. Og það er einnig mjög algengt í skólum í Svíþjóð, að þar er ein máltíð á dag ókeypis. Auk þess er í Svíþjóð lagður fram ferðakostnaður, og hann er þannig, að hann á að geta staðið undir öllum ferðalögum þeirra nemenda, sem verða að sækja nám utan heimabyggðar sinnar. Það eru settar um þetta sérstakar reglur miðað við það, hvað fjarlægðin er mikil, allt niður í 6 km. Auk þess er um að ræða sérstaka styrki, þar sem farið er eftir efnahag aðstandenda námsmanna. Það eru um þetta flóknar reglur, sem ég vil ekki fara að rekja hér, en þar er aðalreglan sú, að þeir, sem fá þennan rétt, fá 100 sænskar kr. aukalega á mánuði, eða 1700 íslenzkar kr. Og á árinu 1969—1970 voru það 197 þús. nemendur á þessu stigi, menntaskólastigi eða hliðstæðu stigi, sem fengu þennan styrk, og nam upphæðin yfir 2000 millj. ísl. kr. Þarna er um að ræða mjög umfangsmikla styrktarstarfsemi, eins og menn sjá. Auk þess er svo greiddur sérstakur dvalarkostnaður fyrir þá nemendur, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum, og það er reiknað með því, að sá dvalarkostnaður hrökkvi bæði fyrir mat og húsnæði. Þar er um að ræða 125 kr. sænskar á hvern námsmánuð, eða um 2400 ísl. kr. Við þetta bætast svo sérstakir styrkir, sem veittir eru, ef um mjög erfiðar fjárhagsaðstæður er að ræða, og þeir geta komizt upp í 75 sænskar kr. á mánuði, eða 1275 kr. Þessa sérstöku styrki fengu á árinu 1968—1969 11300 nemendur á þessu stigi og þetta nam um 119 millj. ísl. kr. Og enn er til í þessu kerfi sá möguleiki, að nemendur undir 20 ára aldri geti einnig fengið námslán, svo að hér er um að ræða kerfi, sem er orðið býsna fullkomið og hefur verið í Svíþjóð frá 1965.

Það er sannarlega ekki þannig ástatt, að við þurfum að ganga hér um í einhverri þoku og getum ekki áttað okkur á því, hvernig eigi að taka á þessum vandamálum. Við höfum reynslu annarra þjóða, þ. á m. þeirra þjóða, sem eru mjög nálægar okkur og við höfum mikil samskipti við. Ég trúi ekki öðru en hæstv. menntmrh. og embættismenn hans hafi fulla vitneskju um þetta sænska kerfi. Hliðstætt kerfi er einnig í Noregi, eins og greint var frá hér áðan, og á síðasta ári voru sett ný lög í Danmörku um mjög víðtækt styrktarkerfi eða stuðningskerfi við námsmenn, sem byggt er á sömu grundvallarreglum og í Svíþjóð, þ. e. a. s. umskipti eru við 20 ára aldur. Á milli skyldunámsins og 20 ára koma til styrkir, en eftir 20 ára aldur koma meira til lán. Þessi lög eru tiltölulega ný. Þau voru sett seint á síðasta ári, og það er enn verið að semja við þau reglugerðir, og því verður ekki lokið fyrr en um mitt þetta ár, en það er talið, að þarna verði um mjög umfangsmikla bót að ræða. Samt hygg ég, að t. d. Danir eigi mun auðveldara með að sækja framhaldsskóla en Íslendingar, vegna þess hvernig byggð er háttað í landi þeirra. Þetta er mun alvarlegra vandamál hér hjá okkur, og það er mikil grundvallarnauðsyn, að tekið verði á þessu máli af fullri alvöru.

Ég verð því miður að segja það eins og er, að ég legg ekki mikið upp úr þeim fögru orðum, sem hæstv. menntmrh. mælti hér áðan um nauðsyn umbóta á þessu sviði og lýsingum hans á því, hve mikið hefur verið að þessu unnið innan rn. Menn segja margt fagurt, þegar kosningar eru framundan, og ég held, að það sé sérstök ástæða til þess að gjalda varhug við loforðum, sem gefin eru fyrir kosningar, en ekki á að efna fyrr en eftir þær. Hæstv. ráðh. hefur enga möguleika til þess núna að tala um það, hvað það merki að vísa máli til ríkisstj. Það eru engar líkur á því, að hann gegni húsbóndastörfum í menntmrn. eftir nokkra mánuði. Ef hann hefði haft hug á því, að Alþ. hefði markað einhverja stefnu, sem hefði getað bundið þá ríkisstj., sem tæki við eftir kosningar, þá er tækifæri til að gera það núna. Og ef hann hefði haft þann raunverulega áhuga, sem hann talar um, hefði hann átt að hlutast til um það, þegar þetta frv. kom

fram í upphafi þingsins, að þessir sérfræðingar, sem hann telur hafa verið að fjalla um þetta mál, könnuðu þetta frv., gerðu við það brtt., umsteyptu því, ef þeir vildu, en gerðu eitthvað til þess að leysa málið og létu sér ekki aðeins nægja að vera með fögur orð.

Jónas Árnason: Herra forseti. Sennilega hefur hv. síðasti ræðumaður ekki gert sér ljóst, að hæstv. menntmrh. er ekki staddur í salnum og raunar enginn hæstv. ráðh., því að hann beindi máli sínu í lok ræðu sinnar beint til ráðh. Það er ekki við því að búast, þegar menn standa hér í ræðustól, að menn geri sér ljóst, hve margir ráðh. eru staddir í salnum. Við höfum ekki augu í hnakkanum. En ég verð að segja það, að mér finnst ástæða til þess að víta það, að við þurfum að standa sér og halda ræður og hlusta á ræður dag eftir dag og iðulega langtímum saman, án þess að nokkur hæstv. ráðh. sé staddur í salnum. Að sjálfsögðu flytjum við ræður okkar ekki hvað sízt til þess að hafa áhrif á þá. — Ég biðst nú afsökunar, ég sé, að hæstv. utanrrh. situr hér í hliðarherbergi — en við flytjum að sjálfsögðu ræður okkar ekki hvað sízt til þess að hafa áhrif á þá, sem mestu ráða um stjórn landsins. Menn segja kannske, að hæstv. ráðh. séu að stjórna landinu. En ég spyr þá, hvað erum við að gera hér? Er þetta orðinn einhvers konar málfundaklúbbur?

Ég vek máls á þessu hér, vegna þess að ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er ekki sú, að ég ætli enn einu sinni að fara að halda ræðu um það mál, sem hér er til umr., þ. e. a. s. mismunandi aðstöðu ungs fólks til náms á Íslandi. Það hef ég margsinnis gert eins og við margir fleiri þm. utan úr dreifbýlinu, sem þekkjum vel þetta vandamál. Ég sakna þess, að hæstv. menntmrh. er ekki í salnum, vegna þess að ástæðan til þess, að ég stend hér upp núna, er fyrst og fremst sú ræða, sem hann flutti hér áðan. Þetta var ein af þeim ræðum hæstv. ráðh., sem einkennast mjög af orðinu „rækilegur“. Þetta orð kom fyrir aftur og aftur í ræðu hæstv. ráðh., bæði sem lýsingarorð í öllum kynjum, — það hafði farið fram rækileg athugun í málinu, rækilegt mat á mismunandi aðstöðu ungs fólks til náms, átt sér stað rækilegur undirbúningur, og einnig kom það oft fyrir sem atviksorð — málið hafði verið rækilega athugað, og ekki bara í eina viku eða einn mánuð, því málið hefur verið rækilega athugað undanfarin tvö ár. Og þessi rækilega athugun stendur enn.

Ég stend hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi við það frv., sem hér liggur fyrir. En ég hefði látið nægja að greiða því atkv., ef ekki hefði verið þessi ræða. Mér hefur nefnilega virzt, að þegar hæstv. ráðh. ræðir mál, sem þannig hafa verið unnin, að það nálgist hvergi nærri merkingu þessa orðs, „rækilegur“, þá noti hann þetta orð þeim mun meira í ræðum sínum um þau. Og eins og við vitum, þá er síður en svo, að þeir, sem eiga að njóta góðs af þessari rækilegu athugun, hafi fengið að sanna það í reynd, að hún hafi borið rækilegan árangur. Ég vil sem sé endurtaka það, að mér virðist yfirleitt, að það sé maðkur í mysunni, þegar hæstv. ráðh. flytur þessar ræður sínar. Og það er að mínum dómi vægast sagt hlálegt, þegar verið er að tala um þessar 10 millj. í fyrra og 15 millj. núna, sem einhverja lausn á þessu máli. Því fer svo víðs fjarri, að með þessum 10 millj. í fyrra eða 15 millj. nú í ár hafi komið í ljós rækilegur árangur af hinni rækilegu athugun.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. og þær brtt., sem hv. minni hl. flytur við það. En svona til fróðleiks fyrir hæstv. menntmrh., sem nú er kominn í salinn, þá flutti ég þessa ræðu vegna þess, að mér virðist, að slælega hafi verið unnið að máli þessu, árangurinn af hinni rækilegu athugun hafi alls ekki verið í hlutfalli við það, hversu oft þetta orð kemur fyrir í ræðum hæstv. ráðh. um málið. Og þegar hæstv. ráðh. segir í lok ræðu sinnar, að með því að samþykkja till. hv. meiri hl. n. að vísa málinu til ríkisstj., þá mundu alþm. vera að staðfesta það, að þeir vilji, að þessi rækilega athugun haldi áfram, þá virðist mér, að fengizt hafi sönnunin fyrir því, hve mikil þörfin er einmitt fyrir samþykkt þessa frv. og þá um leið þörfin fyrir áminningu til hæstv. ráðh. af hálfu hv. þm. um það, að þeim finnist, að ekki hafi nógu rækilega verið að þessum málum unnið.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að hæstv. menntmrh. var í einu og öllu sammála meiri hl. menntmn., enda lét ég þess getið hér áður, að þessi meiri hl. n. mundi hafa tekið þessa afstöðu í samræmi við vilja hæstv. ráðh. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók réttilega fram, þá lagði hæstv. ráðh. ákaflega mikla áherzlu á að skýra fyrir þm., hversu rækilega hann hefði látið rannsaka málið frá upphafi, og hversu rækilega eigi að rannsaka málið eftir kosningar. Nú er málið ekki alveg nýtt. Fyrir tveimur árum eða á þinginu 1969 fluttum við 4 framsóknarmenn till. til þál. um, að Alþ. skori á ríkisstj. að skipa mþn., er geri till. um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma fjarri heimilum sínum o. s. frv. Málið er því ekki nýtt og hæstv. ráðh. hefur þess vegna haft tækifæri til þess að hugsa rækilega um málið og undirbúa það vel. Í þessari till. var lagt til, að sett yrði mþn. í málið. Nú eru menn kannske farnir að sjá, hvaða þýðingu það hafði, að meiri hl. allshn., sem afgreiddi þá till., breytti henni þannig, að það var engin n. sett í málið og ekki heldur þetta höfuðverkefni, sem í till. okkar stóð, að henni væri ætlað að vinna, heldur var ríkisstj. falið að kanna eða gera yfirlit um kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla sundurliðað við heimavistarskóla og aðra skóla. Þessi hluti till. mun hafa komið frá hæstv. ráðh., eftir því sem ég veit bezt. En í endi till. var þó sagt: „Einnig komi fram af yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist.“ Þannig var till. samþ., og af því að þessi endir varð þó á henni, vildu

flm. till. sætta sig heldur við að fá þetta samþykkt en ekki neitt.

En ef hæstv. ráðh. hefur kynnt sér þessa þál., sem samþ. var 14. maí 1969, eða fyrir tæpum tveimur árum, get ég ekki betur séð en hann hafi alveg vanrækt það, sem stendur í till. — gersamlega vanrækt það. Það átti að koma fram yfirlit, sem sýndi aðstöðumun nemenda við nám. Það hefur aldrei verið gert. Hæstv. ráðh. lagði mikið kapp á að sýna fram á, hvað það væri geysilega flókið og erfitt verk að kanna það, hvernig ætti að veita skólanemendum í landinu fjárhagslegan stuðning. Á þessu væru svo margir agnúar, svo mörg tilbrigði og erfiðleikar á alla lund, að það þyrfti langan tíma að undirbúa slíkt. Hvernig var það með námslánin til háskólastúdenta, reglurnar sem tóku gildi núna í haust? Ég held, að það hafi ekki valdið neinum afskaplegum erfiðleikum að koma þeim reglum á, og ekki eru stúdentar neitt öðruvísi menn en aðrir. Og hafi verið hægt að koma tiltölulega fljótlega á reglum um úthlutun námslána til stúdentanna, af hverju var þá ekki hægt á tveimur árum að setja reglur um úthlutun námsstyrkja handa framhaldsskólanemendum í landinu? Ég held, að það sé bókstaflega út í hött, sem hæstv. ráðh. er að mikla svona fyrir öðrum. Hann er ekkert að mikla það fyrir sér. Hann veit það sjálfur, að þetta er mjög auðvelt verk, ef nokkur vilji er fyrir því að gera það. En viljinn er enginn til hjá honum. Það vitum við náttúrlega allir, og það, sem verra er, hann veit það sjálfur.

Hæstv. ráðh. taldi það einkennilegt og eiginlega alveg nýtt fyrirbrigði, að flm. frv. flytji brtt. við sitt eigið frv. Ég held, að þetta hafi gerzt á hverju einasta þingi í þau 15 ár, sem ég er búinn að vera á þingi. Og mér er sagt, að núna fyrir fáum dögum hafi ríkisstj. komið á framfæri við fjhn. Nd. 30—40 brtt. við skattafrv. hennar sjálfrar. Það munar ekkert um það, enda er ekkert við það að athuga. Ég held, að það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh. að koma með slíkar till. og biðja n. að flytja þær eða flytja þær sjálfur. Nei, það er ekkert merkilegt við það, þó að minni hl. n. flytji brtt. við frv., og nú er það ekki minni hl. n., sem flytur frv., svo að þetta er líka rangt hjá hæstv. ráðh. Það er minni hl. menntmn., sem flytur brtt. við frv., sem flutt er af öðrum en n. Það er alveg sama, hvar maður drepur niður fingri, það er eins og ekkert geti haldið hjá hæstv. ráðh. í þessum ræðum hans.

Þá tíundaði hann það sérstaklega, að nú hefði fjárveitingin verið aukin úr 10 millj. í 15 millj., og ég sé frétt í blaði, sem var kastað inn í forstofuna hjá mér fyrir nokkrum dögum og var gefið út fyrir norðan, það heitir Norðanfari. Þar er fréttaklausa, þar sem stendur, að 1400 nemendur hlutu styrki núna um áramótin. Ég skal taka það fram, að ég er ekki kaupandi blaðsins, því var bara fleygt inn þarna, og ég fór að gæta að, hvað þetta væri. Ég hugsa helzt, að það hafi verið látið þarna inn í þeirri von, að ég kysi flokkinn, en ég er ekki farinn að kaupa blaðið enn þá. Ég sakna þess, að í þessari fréttatilkynningu var ekki sagt frá því, hvað þriðjungur þessara, sem hlutu styrkinn, fengi mikið. Ef einhver góður sjálfstæðismaður er nú hér inni, sem gæti komið þessari leiðréttingu til blaðsins, þá væri það gott. Það voru nefnilega 1323 kr., sem þriðjungurinn af nemendunum fengu. Mikið væri nú gott, ef blaðið segði frá því næst. Þá segir í þessari fréttatilkynningu: „Við umr. um fjárlagafrv. kom fram brtt. frá meiri hl. fjvn. þess efnis, að þessi liður yrði enn hækkaður um 3 millj., úr 12 millj. í 15 millj.“ Það var ríkisstj., sem lagði til, að styrkurinn yrði ekki nema 12, en meiri hl. fjvn. kom því upp í 15. Er það ekki rétt, að minni hl. fjvn. hafi lagt til, að styrkurinn yrði 25 millj.? Mig minnir þetta.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þetta frv. er flutt. Þetta frv. fluttum við sömu flm. á síðasta þingi, þá var það svæft og hefði sennilega verið svæft núna líka, hefði ég ekki gengið dálítið hart eftir því, að það kæmi til umr. Á fjárl. fyrir árið 1970, sem voru afgreidd í desember árið 1969, var þetta mál afgreitt og var þá búið að vera mjög til umr. almennt í blöðum og hér á hv. Alþ. vegna till., sem við höfðum flutt um þetta. Þá flutti ég þá brtt. við fjárl., að þessar 10 millj., sem þá var ætlunin að samþykkja, skyldu hækka upp í 25 og það var nafnakall um till., ef ég man rétt. Allir stjórnarsinnar felldu þá till., þ. á m. hæstv. menntmrh., og þess vegna urðu það ekki nema 10 millj. þá. Ég held þess vegna, að það sé ekki neinum blöðum um það að fletta, að tvö þing í röð er stjórnarliðið búið að koma í veg fyrir, að þessi fjárveiting verði meiri en hún hefur verið, 10 millj. í fyrra og 15 millj. núna í ár.

Þá nefndi hæstv. menntmrh. þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar til þess að jafna aðstöðumun æskufólks til menntunar í landinu, og hann nefndi, að skólavist væri ókeypis í landinu. Er það ekki jafnt fyrir alla, hvort sem þeir eru fátækir eða ríkir? Ég hélt, að þetta væri ekki til þess að jafna aðstöðumun, þ. e. a. s. í ríkisskólunum er sjálf kennslan náttúrlega ókeypis. Þá nefnir hann barnalífeyri. Hverjir fá barnalífeyrinn? Það eru ekkjur, sem fá hann, ekki ekkjumenn, sem t. d. fá ekki enn í dag einn einasta eyri í barnalífeyri. Og þetta á að hafa verið til þess að greiða fyrir menntun barna að láta feður þeirra aldrei fá einn eyri í barnalífeyri. Eitthvað er nú þetta vafasamt hjá hæstv. ráðh.

Loks nefndi hann það þriðja, sem gert væri til þess að börnin geti gengið í skóla. Það voru fjölskyldubætur. Eru þær ekki jafnar, hvar sem menn eru í landinu? Er það nokkur jöfnun á aðstöðumun? Fékk hæstv. ráðh. ekki fjölskyldubætur með sínum börnum, þegar þau voru á þeim aldri, alveg eins og ég með mínum? Ég held, að það hljóti að vera. Hann bjó reyndar hérna við skólavegginn. Að fjölskyldubæturnar hafi verið til þess að jafna aðstöðumun æskufólks til menntunar, það er fjarri sanni.

Loks nefndi hann það fjórða. Það var skattfrádráttur vegna menntunar barna. Ég skal viðurkenna það, að ég man ekki eftir ákvæðum skattalaga um þetta atriði. Ég held, að þau séu þó ekki ákveðnari en það, að það sé heimilt að

taka tillit til þess, ef börn eru við nám, en skattstjóri er alls ekki skyldur að gera það. Er það ekki rétt? Jú, ég hélt það. En hvað hefur nú þetta að segja? Ætli verkamaður hafi ekki 16—17 þús. kr. laun á mánuði? Það hefur nú einn ágætur þm. sagt mér, að þeir komist eiginlega margir upp í 20 þús. kr. á mánuði. Ef það væri, að verkamaður eða láglaunamaðurinn kæmist upp í 20 þús. kr. meðaltal á mánuði og hefði 240 þús. kr. tekjur, brúttótekjur, hvað ætli það verði mikill skattafrádrátturinn hjá honum vegna námskostnaðar barnanna? Hann kemst ekki í neinn skatt og vantar mikið til. Persónufrádráttur hjóna með 4 börn er núna, ef ég hef reiknað rétt, 296 þús. En þó að þessi húsbóndi hafi 240 þús. kr. árslaun, er langt frá því, að hann komist í neinn skatt. Hvaða gagn hefur hann þá af þessum skattfrádrætti? Það eru þeir, sem eru hálaunaðir, sem hafa gagn af því, ekki hinir. Ekki er þetta til að jafna aðstöðuna, heldur þvert á móti.

Annað er það, sem mér þótti einna merkilegast við ræðu hæstv. ráðherra, og það var það, hvað hann lagði mikla áherzlu á það, að hann hefði áhuga á þessu máli. Það yrði að jafna þennan aðstöðumun, það yrði að auka styrki, og hann bókstaflega kom hér með hátíðleg loforð um, að þetta skyldi rannsakað rækilega eftir kosningar. Gat hæstv. ráðh. ómögulega gert þetta fyrir kosningar? Dugðu honum ekki þessi tvö ár til þess að koma sér niður á reglur um úthlutun styrkja, og hve mikið þyrfti, til þess að það munaði eitthvað verulega um þá? Nei, hann gat það ekki, hann varð að geyma það, þangað til eftir kosningar. Hann hugsar sjálfsagt sem svo: „Ef Guð lofar, að ég sé áfram ráðherra," því að annars þarf hann ekki að vera að lofa neinu. Hann getur ekki lofað neinu fyrir aðra.

Ég sagði það í ræðu minni hér síðast, að ég hefði gert mér vonir um stuðning við þetta mál frá a. m. k. sumum sjálfstæðismönnum hér í hv. d. Og ég gat þess, að ég byggði það á blaðaskrifum, sem hefðu orðið um þessi mál og birtust í Morgunblaðinu. Því miður voru fáir á fundi þá, nú eru fleiri á fundi og ég ætla aðeins að endurtaka örfá orð upp úr Morgunblaðinu til glöggvunar þeim hv. sjálfstæðismönnum, sem hér eru viðstaddir.

Í leiðara Morgunblaðsins, 15. jan. s. l., er því lýst mjög rækilega, hversu þörfin sé mikil á að jafna aðstöðumun ungmenna til náms, og leiðarinn endar á þessum orðum, með leyfi forseta: ...„en hvernig sem það er gert, er augljóst, að hér er á ferðinni réttlætismál, sem þjóðin verður að veita fyllstu athygli á sex næstu árum." Það er að jafna með þeim aðstöðumuninn. En enn þá betur finnst mér, að Morgunblaðið hafi komizt að orði í leiðara, sem birtist 29. jan., fyrir tæpum mánuði, þar sem segir, þegar búið er að lýsa þessari misjöfnu aðstöðu æskufólks til náms: „Menn hafa vaknað til vitundar um það, að í þessum efnum hefur mikið ranglæti viðgengizt árum saman." Og enn fremur: „en þetta er aðeins fyrsta sporið," þ. e. a. s. styrkveitingarnar til þess, að allir búi við það sama, hvað sem líður fjárhag foreldra eða búsetu. Enn fremur segir í þessum leiðara: „En óhætt er að fullyrða, að það er eitthvert stærsta verkefni á sviði menntamála okkar í dag að þurrka út þetta misrétti." Ég sagði það þá og endurtek það enn, að mér finnst þetta vel mælt og réttilega á allan hátt, en það er kannske vert að minna á síðustu orðin í þessum leiðara: „og þess verður að vænta, að ríkisstj. og Alþ. muni fylgja þessari stefnuyfirlýsingu eftir í reynd með myndarlegum og raunhæfum aðgerðum."

Ég mun ekki trúa því, fyrr en atkvgr. fer hér fram, að allir sjálfstæðismenn rétti upp höndina með því að vísa þessu máli til hæstv. menntmrh. Ég mun ekki trúa því. Og ég á ákaflega erfitt með að skilja það, að flokkur, sem hefur lagt svo mikla áherzlu á að kynna það fyrir þjóðinni, hvað honum sé það mikið hjartans mál að koma á meiri jafnrétti við menntun æskufólks í landinu en nú er, fari eftir einhverjum fyrirmælum hæstv. menntmrh. um það að vísa þessu máli frá. Ég á bágt með að trúa því, segi ég, og ég mun ekki gera það, fyrr en ég sé, hvernig atkv. falla. Ég skal svo ekki tefja þessar umr. lengur, nema þá sérstakt tilefni gefist til.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi upplýsa vegna þess, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vestf. í sambandi við frásögn blaðsins Norðanfara af afgreiðslu á þeirri fjárveitingu, sem ákveðin var til styrktar nemendum úr strjálbýli við fjarlagaafgreiðsluna fyrir jólin í vetur. Á þskj. 279 fluttum við í minni hl. fjvn. till. um það, að hækka þessa fjárveitingu úr 12 millj. kr. í 25. Í framsöguræðu, sem ég flutti hér í hv. Alþ. fyrir þessari till. okkar, skýrði ég m. a. frá því, að á fundi sveitarstjórnarmanna, sem haldinn var í sept. s. l., hefði hæstv. menntmrh. sagt frá því, að 12 millj. kr. væru ætlaðar til þessa verks, en áreiðanlega mundi það verða hækkað í meðförum Alþ. Við í minni hl. höfðum reynt að fá þessu þokað nokkuð til betri vegar í fjvn., en það tókst ekki, og kenndi ég hæstv. ríkisstj. um það. Ég lét orð að því liggja, að ég treysti hæstv. menntmrh. til þess að standa við orð sín um þessa fjárveitingu. Undir umr. bauð hann okkur minnihlutamönnum samkomulag í þessu máli, að ef við vildum taka till. okkar til baka, skyldi hann beita sér fyrir því, að þessi fjárveiting yrði hækkuð úr 12 millj. í 15 millj. kr. og fjvn. flytti þá till.

Þar sem okkur var ljóst, minnihlutamönnum í fjvn., að ekki var um betri kost að velja en að þoka þessu til um 3 millj. kr., varð það að samkomulagi, að við drægjum okkar till. til baka og fjvn. í heild flytti till. um 15 millj. kr. fjárveitingu. Þetta gerði fjvn. og samkvæmt þskj. 286 er þessi brtt. sú fyrsta á því þskj. frá fjvn. í heild, en ekki frá meiri hl., eins og Norðanfari sagði frá. Ég sá þetta í blaðinu Norðanfara, því að þeir, sem að þeirri útgáfu standa, hafa sýnt mér þá vinsemd að senda mér þetta blað, og ég hafði nú hugsað mér að senda þeim leiðréttingu, sem ég því miður hef gleymt, en ætla

þó að gera það hér eftir og treysti því, að þeir vilji hafa það, sem sannara reynist, og birta leiðréttingu á þessari frásögn, sem því miður er röng.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Inn í þessar umr. hefur blandazt tal um störf n., sem fjallað hefur um úthlutun þeirra 10 millj., sem á síðasta ári voru ætlaðar til þess að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli, og síðasti hv. ræðumaður gerði einnig grein fyrir, að þessi fjárhæð hefur nú verið hækkuð í fjárl. yfirstandandi árs í 15 millj. Hv. 1. þm. Vestf. vék að störfum n., sem úthlutar þessu fé, og gerði heldur lítið úr þeim styrkjum, sem þarna koma fram. Hv. þm. nefndi, að þriðjungur þeirra nemenda, sem hlotið hefðu styrk, hefðu einungis fengið kr. 1323 hver. Með því að hv. þm. nefndi ekki annað en þennan hluta styrkþega, má skilja þetta á þann veg, að með þessu væri gerð tilraun til að halla réttu máli, því að auðvitað hefði hann átt að geta einnig hinna, sem hærra fengu. Hið rétta er, að alls var úthlutað til nálægt 1500 nemenda, en skýrsla um það liggur ekki endanlega fyrir enn þá, vegna þess að styrkbeiðnir, sem komu fram seint og allt fram á þetta ár, hafa verið afgreiddar allt til þessa, en nú verður þó að segja, að það fé, sem til þessa var ætlað, er þrotið. Til mótvægis við það, sem hv. þm. nefndi, má nefna, að helmingur styrkþega hlaut 10.647 kr. í styrk, en meðaltal allra styrkja var rúmlega 7000 kr. Styrkirnir voru, sem kunnugt er, bæði ferðastyrkir og dvalarstyrkir, og það leiðir af sjálfu sér, að þeir, sem fengu einungis ferðastyrki, hlutu mun lægri fjárhæð.

Á yfirstandandi ári er ætlað að verja 15 millj. til þessara hluta, og hafa þegar verið send út umsóknareyðublöð. Umsóknir eru að berast til rn., og úthlutun er þegar hafin til þeirra skóla, sem ljúka kennslu fyrr en almennt gerist. Stefnt verður að því af hálfu n. að ljúka þessari úthlutun það tímanlega, að nemendur geti fengið þessa styrki áður en þeir hverfa heim úr skólum í vor. Reglum um úthlutun hefur nokkuð verið breytt. Þar er gert ráð fyrir að taka upp ferðastyrki til tveggja ferða í stað einnar áður, þannig að nemendur fái nú ferðastyrk fyrir ferð heim í jólaleyfi. Enn fremur er ferðastyrkur hækkaður um 20% vegna hækkana á fargjöldum. Dvalarstyrkur verður hins vegar óbreyttur eða 1200 kr. á mánuði, en með því að hækka ferðastyrkina umfram dvalarstyrkina, þá má ætla, að komið sé meir til móts við þá nemendur, sem langt þurfa að sækja og hafa þar með erfiðustu aðstöðuna til þess að sækja skólanám. Reglunum hefur auk þess nokkuð verið breytt á þann veg, að þetta fé nýtist sem bezt í samræmi við hinn eiginlega tilgang þess, þ. e. a. s. til þess að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem verst skilyrði hafa til þess að sækja skóla og leggja í mestan kostnað við það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, vegna þess að ég á sæti í þeirri n., sem fjallar um úthlutun þessa fjár, og með tilliti til þeirra orða, sem ég greip úr ræðu hv. 1. þm. Vestf.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nema aðeins um nokkur orð. Ég vil taka það fram, að ég er einn þeirra þm., sem vilja stefna að því að jafna þann aðstöðumun, sem er fyrir nemendur í strjálbýli að stunda nám, og ég er í meginefnum sammála því, að það sé stefnt að því að stofna Námskostnaðarsjóð. En ég er ekki sammála því að lögbinda þetta nú á þessu þingi, það er annað árið, sem framlagið er veitt á fjárl. til greiðslu námskostnaðar, og það hefur verið, eins og hefur komið fram hér áður í þessum umr., 10 millj. fyrra árið og 15 millj. á yfirstandandi ári, en það þarf auðvitað að hugsa betur fyrir tekjum slíks sjóðs eða tekjustofni. En það er eitt, sem ég er algerlega á móti, sem er í þessu frv., og ég vil láta það koma fram. Ég er á móti því að lögbinda það, að 5% af söluverði allra vara Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins fari í Námskostnaðarsjóð. Í raun og veru er ég undrandi yfir því, að þeir menn, sem eru algjörir reglumenn bæði á vín og tóbak og vilja alls ekki, að slík verzlun eða starfsemi sé í okkar landi, skuli blanda hugsjónarmálum sínum saman við það að láta brennivín og tóbak standa að meginhluta undir þessari fjáröflun. Og ég veit það, að jafnfróðir menn og 1. flm. þessa frv. er, gætu vel fundið betri og eðlilegri tekjustofn en þennan.

Ef við athugum, hvernig þessi mál standa núna, hver framlögin eru, sem eru 15 millj., og hvað hv. flm. leggja til, að sé lögboðið framlag samkv. þessu frv., þá er stökkið úr 15 millj. í 92 millj. Miðað við söluverð á áfengi og tóbaki árið 1969 samkv. ríkisreikningum, er það um 1235 millj., sem mundi jafngilda um 62 millj. í sjóðinn, sennilega meira núna, og nálægt 30 millj. kr. í framlag ríkisins, 150 kr. á hvern íbúa landsins. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég tel það á engan hátt óeðlilegt og mjög athugunarvert að lögbinda framlag ríkissjóðs við ákveðna upphæð, sem væri miðuð við íbúatölu landsins, til að greiða í slíkan sjóð, sem stofnaður yrði. Ég er ekki sammála 1. flm. frv. í þeim efnum, að það sé hægt án þess að taka jafnframt til athugunar og það rækilegrar athugunar, svo að við notum margumrætt orð menntmrh., öflun tekna til þess að standa bæði undir þessum útgjöldum ríkissjóðs og öðrum. Í raun og veru deilum við alls ekki um þörf þessa sjóðs, en ég held, að það sé nauðsynlegt bæði í þessum efnum og öðrum, sem við stefnum til aukinna framfara á, að stiga ekki of stór skref í einu, þannig að við þurfum þá kannske næsta ár eða næstu ár að stiga skrefið til baka.

Ég er að mörgu leyti þakklátur hv. 1. flm. þessa frv. fyrir að hafa flutt það. Það verður auðvitað til þess að ýta undir framgang þessa máls, og ég segi fyrir mitt leyti, að þótt ég geti ekki fallizt á þetta frv. af þessum ástæðum nú, þá er það ekki af illvilja til málsins, en ég tek það fram, að ég get greitt atkv. með því að vísa þessu máli til ríkisstj. í fullu trausti þess, að hún taki málið — hvort sem það verður þessi ríkisstj. eða sú sem við tekur — til rækilegrar athugunar og undirbúi löggjöf, sem hún leggi fyrir næsta Alþ. Ég hygg, að þegar menn vilja

vera sanngjarnir í þessum málum, eigi þeir að geta fellt sig við þessa afgreiðslu, en þó því aðeins að þetta sé fyrir hendi. Mín meining er alls ekki að vísa þessu máli til ríkisstj. upp á það, að það yrði lagzt á það og ekkert gert meira í þessum efnum. Ég tel, að með þessari tveggja ára reynslu, sem fengin er af námsstyrkjunum, sé komið að því, að það eigi að undirbúa löggjöf. En ég vildi aðeins, að þetta sjónarmið mitt kæmi hér fram og sömuleiðis andúð mín á fyrri tekjuöflunarleiðinni, sem er í þessu frumvarpi.

Umr. frestað.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það hefur orðið að samkomulagi milli ríkisstj. og flm. þessa frv., að ríkisstj. skipi n. til þess að gera till. um það mál, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. aðstoð hins opinbera við námsmenn til þess að jafna aðstöðu þeirra til náms. Gert er ráð fyrir því, að í n. eigi sæti fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum 5, auk fulltrúa frá menntmrn., og skal það vera hlutverk n. að undirbúa frv. um þetta efni, sem unnt verði að leggja fyrir næsta Alþingi.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Að fenginni þessari yfirlýsingu frá hæstv. menntmrh. um skipan mþn. til að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um námsstyrkjakerfi til að jafna aðstöðumun æskufólks til menntunar, þá teljum við flm. svo sterkar líkur fyrir því, að slík löggjöf verði sett á næsta þingi, að úr því sem komið er, getum við sætt okkur við þessa lausn að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Söluskattur.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [21. mál] (þmfrv., A. 21).

Á 4. og 5. fundi í Nd., 22. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 21 hef ég ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt. Efni þessa frv. er það að undanþiggja álagningu söluskatts mestu nauðsynjavörur almennings, svo sem nauðsynlegustu matvörur, raforku og vatn til húsahitunar. Svipað frv. var flutt á síðasta Alþ., en náði þá ekki fram að ganga. Hins vegar vona ég, að hv. þm. hafi nú lært það mikið af reynslunni, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Frv. er flutt til þess að undirstrika það atriði í stefnu okkar framsóknarmanna, að ekki eigi að leggja skatta á mestu nauðsynjar og þeir eigi ekki að bera þyngstu skattana, sem minnst hafa gjaldþolið, eins og nú er, þar sem söluskattur er orðinn hæsti tekjustofn ríkisins. Í öðru lagi viljum við undirstrika það, að söluskattur á nauðsynjar er mikill verðbólgugjafi. Það eykur verulega verðbólguna í landinu að leggja á svo háan söluskatt eins og hér er lagður á allar vörur og ekki sízt þær, sem allir þurfa að nota. Verðbólgan ógnar nú atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar og nokkrar umr. eru um það manna á meðal, hvernig við henni skuli snúast. Það er skoðun okkar flm., að ef þetta frv. eða frv. um svipað efni, sem flutt var hér á síðasta þingi, hefði verið samþ., þá mundi verðbólgan ekki ógna nú atvinnu- og efnahagslífinu eins og raun ber vitni um. Það skiptir verulegu máli um vöxt verðbólgunnar, hvort 11% söluskattur er greiddur af öllu því, sem fólkið í landinu verður að neyta. Þetta frv. er því fyrsta og eina raunverulega málið, sem liggur fyrir þessu hv. Alþ. nú um baráttu gegn verðbólgu. Þetta er tilraun til þess að verjast verðbólgunni og koma í veg fyrir það, að hún vaxi og æði jafnört áfram eins og nú er.

Að því var spurt hér á hv. Alþ. í fyrra, ef þessi breyting yrði gerð á tekjuöflun ríkissjóðs, hvernig ætti þá að afla teknanna. Ég vil svara því til, eins og greinilega kemur fram í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1971, að einmitt vegna þess, hvað verðbólgan hefur vaxið gífurlega, þá hækka útgjöld fjárlagafrv. eins og þau gera. Þess vegna vil ég undirstrika það, að þó að mér sé ljóst, að þetta rýri tekjur ríkissjóðs, þá dregur það úr vexti verðbólgunnar, og það er betra fyrir ríkissjóð að láta af nokkrum hundruðum millj. kr. í tekjur heldur en þurfa að hækka útgjöldin um milljarða eins og nú á sér stað. Þess vegna undirstrika ég það og legg áherzlu á það, að auk þess sem hér er stefnt í rétta átt hvað stefnumarki viðvíkur, þá er einnig unnið að því að draga úr verðbólgunni með samþykkt þessa frv. Ég treysti því á fylgi hv. alþm. við það.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BP).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands. Frv. er í fjórum greinum eða fimm greinum raunar. Ég flutti þetta frv. í fyrra og hélt þá framsöguræðu ítarlega um þetta. Ég ætla þess vegna ekki að vera langorður nú, vegna þess að ég veit, að langar ræður þreyta þm. og bæta ekkert fyrir málefninu.

Efni frv. er í stuttu máli það, að það er breytt um stjórn hjá Fiskveiðasjóði. Með þessu frv. er miðað við það, að þarna verði sjálfstæð stjórn, svipuð og hjá hinum bönkunum, og þeir ráði svo framkvæmdastjóra, einn eða tvo. En nú er það þannig, að Landsbankinn kýs tvo, Útvegsbankinn tvo og Seðlabankinn einn. Ég veit ekki hvernig það er, hvort það eru bankaráðin, sem kjósa þessa menn, eða hvort bankastjórarnir sjálfir ákveða þetta, það skiptir ekki öllu, en staðreyndin er sú, að það eru 5 bankastjórar, sem sitja í stjórn Fiskveiðasjóðs, og þeir ráða framkvæmdastjóra. Verði þetta frv. að lögum, þá er ætlazt til þess, að þingið kjósi tvo, Seðlabankinn einn, LÍÚ einn og Sjómannasambandið einn. Satt að segja finnst mér ekki nema eðlilegt, þegar tekið er af óskiptum hlut, eins og gert er nú, að sjómannasamtökin eigi þarna einn fulltrúa. Mér finnst enn fremur ekki nema eðlilegt, að útvegsmenn eigi einn fulltrúa. Meginhluti af því fé, sem Fiskveiðasjóður hefur, sem er orðið sennilega hátt í hálfan annan milljarð, er kominn beint eða óbeint frá útvegsmönnum. Það er þess vegna ekki til mikils mælzt, þó að þeir eigi þarna fulltrúa. Ég legg til í þessu frv., að Alþ. kjósi tvo. Um það má náttúrlega deila, en það er í samræmi við það, sem er í hinum bönkunum. Ríkissjóður á, eða telur sig eiga að ráða yfir Fiskveiðasjóðnum, og ég get ekki skilið það, að alþm. séu á móti því, að þingið kjósi tvo menn. Annar gæti verið úr stjórnarliðinu og hinn þá úr stjórnarandstöðunni og þá hafa báðir aðstöðu til að koma fram tillögum og hafa eftirlit með rekstri sjóðsins. Ég legg til, að Seðlabankinn hafi einn mann. Mér finnst það ekki ósanngjarnt. Ég lít á Seðlabankann sem fulltrúa ríkisstj. í fjármálunum, og það er vitanlega ekki nema gott um það að segja, að ríkisstj. hafi einn fulltrúa. Hann getur þá gefið upplýsingar um þá hluti, sem snerta framkvæmdaatriði viðvíkjandi fjármálum af hendi ríkisvaldsins, og það hefur oft orðið að leita til ríkisvaldsins með þessi mál.

Þó að ég flytji þetta frv., þá get ég búizt við, að það taki breytingum í meðferð, ef þetta verður að lögum. Og satt að segja, þá eru umdeilanleg atriði í frumvarpinu eins og það, hvort sjómannasamtökin eiga að eiga fulltrúa eða hvort útvegsmenn ættu að eiga tvo, o. s. frv. Það má vel vera, að það taki einhverjum breytingum, og ég fyrir mitt leyti get vel gengið inn á það að vera með frv., þó að því yrði breytt. En aðalatriðið er þetta, að Fiskveiðasjóður fái sjálfstæða og óháða stjórn. Mér finnst engin ástæða til annars. Ég veit ekki betur en að verzlunarmenn landsins hafi sérstakan banka. Ég veit ekki betur en að iðnaðarmennirnir hafi sérstakan banka. Ég veit ekki betur en að bændurnir hafi sérstakan banka. Þetta er stærsti sjóður landsins. Sjávarútvegur er á margan hátt þýðingarmesti atvinnuvegur landsins og hvers á hann þá að gjalda að geta ekki haft sjálfstæða lánastofnun? Ég vil enn fremur benda á það, að það er ákaflega óhagkvæmt fyrir útvegsmennina sjálfa, þegar þeir þurfa að reka erindi sín hér, að þeir koma upp í Fiskveiðasjóð, þeir tala við framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðsins, en hann getur engin svör gefið, því að hann ræður engu. Það er stjórnin, sem ræður. Ég álít, að framkvæmdastjórar þessa sjóðs eigi að hafa sama vald og bankastjórar, þannig að menn geti talað við þá eins og ráðandi menn. Þetta er miklu auðveldara fyrir þá, sem þurfa að fá þar lán, ef þeir hafa meiri völd. Nú er það svo, að það er verið að stofna ótal sjóði hér á landi. Þessir sjóðir eru farnir að lána meira og minna, t. d. ef á að ráðast í að kaupa skip eða reisa fiskvinnslustöð eða eitthvað slíkt, þannig að völdin eru að dragast úr höndum lánastofnana og til þessara sjóða, sem hafa aðallega tekið til starfa á þessu svonefnda viðreisnarskeiði. Ég hygg, að bankastjórunum sé heldur lítið um það gefið, þeim finnist völdin vera að dragast úr sínum höndum til þessara sjóða. Það hefur komið fram í blaðaviðtali hjá einum bankastjóranum, að hann var að gera grín að þessum sjóðastofnunum. Persónulega hef ég heyrt þetta á sumum þeirra. Það er tvennt, sem þreytir og lamar þessa blessaða bankastjóra. Það er Seðlabankinn, sem er settur yfir þá og býr til lánsfjárkreppur og er víst á leiðinni með eina nú. Mér skilst, að bankastjórarnir megi ekki lána nema takmarkað nú. Og bankarnir bera sig frekar illa, þykjast hafa lítil fjárráð. Svo eru það þessir blessaðir sjóðir. Bankarnir eru eiginlega á milli tveggja elda. Þeir eru farnir að ráða minna en þeir gerðu. En hvað sem því líður, — það má deila um þetta, — þá virðist mér óþolandi, að útvegsmenn eigi ekki nokkurn veginn sjálfstæða stofnun og að framkvæmdastjórar hennar hafi ekki svipuð völd og aðrir bankastjórar í landinu.

Ég veit ekki, hvað varð þess valdandi, að það var farið að breyta þessum lögum upphaflega. Yfirleitt var Fiskveiðasjóður vel látinn hjá útvegsmönnum. Bankastjórar Útvegsbankans höfðu einhverja yfirstjórn, en ég varð aldrei var við, að Elías Halldórsson — hann var framkvæmdastjóri — réði ekki því, sem hann vildi. Ég held a. m. k., að samkomulagið hafi verið mjög gott milli þessara manna og ég dreg í efa, að það hafi yfirleitt verið tekin af honum ráðin, en þetta breyttist, þegar þessi nýja stjórn kom. Þá fór það

að koma í ljós hjá Eliasi, að hann hafði ekki endanlegar ákvarðanir og gaf ekkert út á það, þegar menn töluðu við hann. Ég skal ekkert fullyrða um, hvað hefur valdið þessu, en mér hefur skilizt eftir ýmsum leiðum, að þarna hafi komið til, að Landsbankinn þóttist eitthvað vera fyrir borð borinn og Útvegsbankinn réði meiru heldur en eðlilegt væri. Milli bankanna varð víst einhver togstreita út úr þessu og endaði með samkomulagi, þannig að Landsbankinn fékk tvo menn í stjórnina, Útvegsbankinn tvo og Seðlabankinn einn, en sannleikurinn er sá, að í framkvæmdinni mun Seðlabankinn hafa ráðið hér um bil öllu þarna.

Þannig er þetta nú, þannig að út úr þessu varð hálfgerður óskapnaður. Nú hafa þessir menn unnið sér ýmislegt til ágætis. 16. gr. í fiskveiðasjóðslögunum er um gengistryggingar og hún hljóðar svo:

„Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytingar, þannig að vaxta- og afborgunargreiðslur hækki og lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.“

Þarna er alveg skýrt fram tekið, að það má ekki lána með gengisáhættu peninga nema erlent fé. Eins og þið munið, þá gerði ég fsp. viðvíkjandi þessu atriði í fyrra og fékk greinargóða skýrslu frá framkvæmdastjóranum og bókhaldaranum, og þar er sagt, að þegar gengisbreytingin er gerð 1961 þá skuldar Fiskveiðasjóður erlendis 105 millj. 229 þús., en er gengisbreytingin fer fram 1967, 87 millj. M. ö. o., að erlendar skuldir hafa lækkað um 18 millj. á þessum tíma. En allan þennan tíma lána þeir með gengisáhættu 3/5 af andvirði skipanna, þannig að ég lít svo á, að þarna hafi verið alveg ólöglega að farið. Það hafi verið lánaðir með gengisáhættu íslenzkir peningar. Í ársbyrjun 1967 er hætt að lána með gengisáhættu og þannig er það þangað til í maí 1968, en erlendar skuldir hækka á þessu tímabili úr 87 millj. upp í 172. En þá er lánað án gengisáhættu. Maður getur tæplega þverfótað, þegar maður kemur inn í þessa banka, fyrir lögfræðingum, og m. a. er það þannig í Fiskveiðasjóði. Þeir eru í hverri holu, ég held, að þeir séu einir þrír. Nú gæti maður ætlazt til þess, að löglærðir menn — og nóg er af þeim í bönkunum — gerðu ekki ólöglega hluti. En ég sé ekki annað en að þarna hafi verið framið algert lögbrot.

Það var birt í útvarpi fyrir skömmu frásögn um einn vesalings kaupmann. Það var út af söluskatti og undandrætti. Hann varð að borga eitthvað á aðra millj. kr. fyrir undandrátt, vangoldinn söluskatt og ýmiss konar útgjöld. Svo varð hann að borga í sekt 650 þús. kr. og þar að auki er hann dæmdur til að vera í 3 mánuði í tukthúsi, óskilorðsbundið. Ég er nú heldur góður í mér og mér fannst þetta of langt gengið og eiginlega nóg fyrir manntetrið að borga 650 þús. í sekt, þó að hann ætti ekki að vera 3 mánuði í tukthúsinu, af því að það er líka takmarkað húsrými hjá ríkisstj. Það er nóg af prófessorum, en eiginlega of lítið af tukthúsum, þannig að ég held, að það hefði nú verið hyggilegra fyrir báða, að manngreyið hefði fengið að verzla áfram og borga sína sekt, en sleppa við tukthúsið, ef hann borgaði sektina. Þeir eru nú strangir, þessir herrar. En þegar menn gera miklar kröfur til annarra, eins og ríkisstj. virðist gera og ríkisvaldið hér á landi, — og er ekki nema gott um það að segja, að menn brjóti ekki lögin — þá þurfa menn líka að gera kröfur til sjálfs sín og þeirra fyrirtækja, sem þeir stjórna.

Nú hefur þetta skeð hjá þessum 5 bankastjórum og þessum óteljandi lögfræðingum, að þeir hafa reiknað út gengistap, 122 milljónir, og deilt því niður á menn, sem tóku lán frá árinu 1961 og til 1967, deilt niður á okkur, sem tókum lánið á þessum tíma, 122 millj. króna. Það var ekkert erlent fé lánað á þessum tíma, það voru borgaðar niður erlendar skuldir. En það voru komnar erlendar skuldir áður, 105 millj. M. ö. o., það er alveg farið öfugt að og þeir látnir borga, sem ekkert áttu að greiða. Það er ekki hægt að fá hæstv. sjútvrh. til þess að vera hér inni, eiginlega þyrfti ég að snúa máli mínu til hans. Hann er yfirmaður þessa sjóðs. Það er sennilega ekki hægt að fá hann til að vera hér, hann hefur ekki aðstöðu til þess.

Ég spurðist fyrir um þetta hér í fyrra hjá ráðherrum og þeir skrifuðu víst Fiskveiðasjóði. Ég veit ekki, hvernig svarbréfið var, en þarna hefur það skeð, að þeir hafa verið látnir borga gengismuninn, sem ekki áttu að borga hann, en hinir, sem raunverulega hefðu átt að borga hann eftir anda og bókstaf laganna, þeir sleppa alveg. Og ég veit ekki, hvort er réttlátara: að setja þennan kaupmannsgarm í tukthúsið eða þá menn í tukthúsið, sem deila þarna ranglega niður 122 millj. Þetta er ekkert aukaatriði. Magnús Gamalíelsson á Ólafsfirði sagði mér, að hann hefði fengið 4 millj. kr. hækkun á fyrsta skipið, sem hann keypti. Næsta skip á eftir slapp alveg — ég skal ekki fara með, hvað verðið var, það skipti samt milljónum — en það slapp alveg. Nú eru þetta ill laun hjá fjmrh. og ósanngjörn, því að þetta hefur alltaf verið dyggur stuðningsmaður hans. Mér fyndist það eðlilegt, að hann gengi fram fyrir skjöldu til þess að þetta væri lagað.

Ég hef ekkert gaman af að standa í málaferlum, þó að ég hafi stundum neyðzt til þess og satt að segja vildi ég helzt komast hjá því. En þegar fimm bankastjórar koma saman og hafa sér til aðstoðar a. m. k. þrjá lögfræðinga, þá hefði ekki verið ofverkið þeirra að athuga, hvað væru lög og hvað ekki lög, og náttúrlega nær það engri átt að láta kúga menn til að skrifa undir samning um, að 3/5 af láninu sé gengistryggt, þegar enginn eyrir af erlendu fé er tekinn til þess að lána í þessi skip. Þetta er algert lögbrot. En þeir, sem tóku lánin, vissu ekki, hve mikið erlent fé fór í það. Þeim var ekki hleypt í reikninga Útvegsbankans eða Fiskveiðasjóðsins. Þannig að þegar ég t. d. tók lánið, þá hafði ég ekki hugmynd um, hve mikið fé erlent var notað, eða hvort það var notað eða ekki. Þarna hefur því verið framið freklegt lögbrot og algerlega snúið við hlutunum. Ég hygg, að þetta hefði ekki komið fyrir, ef útvegsmenn

hefðu haft þarna fulltrúa, a. m. k. ef einhver dugur hefði verið í honum.

Ég geri nú ráð fyrir því, af því að sjútvrh. er ekki hér, að ég neyðist til þess að leggja fram fsp. um það í þinginu, hvort ríkisstj. ætli ekkert að gera í þessu máli. Eðlilegast er náttúrlega, ef einhverjum af stofnunum ríkisins verður eitthvað á, lagalega eða á annan hátt, að það sé lagað, án þess að um það þurfi málaferli eða miklar deilur, en ég hef ekki séð bóla neitt á því. Svo er það mál út af fyrir sig, þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og sannleikurinn er sá, að útvegsmenn geta sér um kennt. Vextirnir voru hækkaðir upp í 6,5% og dráttarvextirnir upp í 12%. Það er síður hér, að ef einhver á erfitt, þá er honum refsað fyrir það. Nú gera menn það ekki að gamni sínu að borga ekki á réttum tíma afborganir og vexti af gjöldum sínum. En þeim, sem eiga í örðugleikum, á að hjálpa á þann hátt að láta þá borga 12% í dráttarvexti. Þetta er algerlega andstætt því, sem skynsamlegt er og réttlátt, og ég hygg satt að segja, að sjóðsstjórninni hafi sjálfri ofboðið þetta svo, að þessu hafi ekki verið framfylgt. En við getum ekki þakkað okkur það. Við settum þessi vitlausu lög, eða réttara sagt stjórnarliðið, það ber ábyrgð á þessum lögum, og það er ógerlegt að reka útgerð með þessum háu vöxtum. Það er ekki hægt og mun tæpast vera gert í nokkru landi. Og að bæta svo gráu ofan á svart með því að refsa þeim, sem eru í örðugleikum, með því að láta þá greiða okurvexti, það nær náttúrlega ekki neinni átt. Ég skal játa það, að gengislækkun hefur verkað jákvætt fyrir þá menn, sem ekkert gengistap hafa orðið að borga, en þessi mikla hækkun, sem kemur á þá, sem höfðu gengistryggðu lánin, hún getur ráðið úrslitum um, hvort viðkomandi útgerð ber sig.

Svo er annað atriði með þau skip, sem við erum að kaupa nú. Ég býst við, að það séu sæmilega gefnir menn, sem að því standa, en mér dettur ekki í hug, að þeir geri ráð fyrir því að þau verði nokkurn tíma borguð. Ég reikna ekki með, að þeim, sem eru að kaupa togara nú fyrir 150 millj. og jafnvel 200 með þeim vaxtakjörum, sem þeir verða við að búa, og með gengisáhættunni, að þeim detti í hug, að útgerðin borgi þetta. Hitt er svo annað mál, að bæjarfélögin verða að hafa einhver tæki til að afla hráefnis, til að fólkið geti unnið, og það er ekkert um annað að tala en að ráðast í þetta. En þessum mönnum, sem standa að þessum skipakaupum nú, þeim dettur vitanlega ekki í hug — með þeim sköttum, sem hvíla á útgerðinni, og með þeim vaxtakjörum, sem hún býr við, — þeim dettur ekki í hug, að hún geti borgað kaupverð skipanna. Það er fjármálastefna, sem er að aukast fylgi, að taka lánin, ráðast í framkvæmdirnar, hvað sem það kostar. Ég geri ráð fyrir, að fólk sé neytt til þess, það er ekki um annað að tala. En þetta er dálítið hættuleg stefna.

Ég hef haldið því fram, að það væri réttast að búa eins vel að útgerðinni og hægt er, skattleggja hana eins lítið og hægt er, hafa vaxtakjörin eins hagkvæm og hægt er, en segja þeim svo, að þeir verði að standa á eigin fótum. En það hefur alltaf verið þannig, þegar verið er að semja fyrir hönd útgerðarinnar, að þá hafa alltaf komið einhverjir fleygar, aðrir skattar komið gegn eftirgjöf á kaupi, en svo koma bara kaupkröfurnar á eftir. Og þannig standa útgerðarmenn á eftir með fleiri skatta og jafnhátt kaup og þannig er þetta að verða nú. Það er búið að bæta síðan 1964 þremur eða fjórum stórum sköttum á útgerðina, en það mun líða að því, að hásetarnir nái sömu kjörum og þeir höfðu, og raunar verða þeir búnir að ná sömu kjörum, þegar lífeyrissjóðurinn er tekinn með, þannig að þarna er farið inn á vafasama leið. Ég held því satt að segja, að það veiti ekkert af því, að stjórn Fiskveiðasjóðsins sé skipuð þannig, að útvegsmenn eigi þar fulltrúa, sem þeir geti treyst. Sjómannasamtökin geta gjarnan átt einn. Þingmenn ættu að vera færir um að kjósa tvo fulltrúa. Svo getur ríkisstj. haft sinn fulltrúa. Það má vera, að það séu skiptar skoðanir um þetta. Sumir vilja vafalaust, að Seðlabankinn hafi engan o. s. frv. Og út af fyrir sig, þó að ég leggi þetta frv. fram, tel ég víst, að því verði eitthvað breytt, svo framarlega sem það verður samþ. En ég fullyrði, að það er vilji útgerðarmanna að eiga einhverja hlutdeild í stjórn sjóðsins. Ég hef margoft orðið var við það, bæði persónulega í samtölum við þá og eins hef ég orðið var við það á fundum. Hitt er svo annað mál — og þar geta útgerðarmenn sjálfum sér um kennt, þeir hafa ekki staðið nógu vel saman. Það er annar hlutur, sem er dálítið hættulegur, og það er það, að stjórn þessara samtaka sé þeim megin, sem ríkisstj. er, því að þá verður alltaf þessi auðmýktartónn, þeir þora aldrei að setja hnefann í borðið eða hlífast við því. Ég er sannfærður um, að útvegsmennirnir, ef þeir hefðu verið nógu harðir í horn að taka, hefðu þeir fengið vextina lækkaða. Þeim hefði tekizt það, þegar Eysteinn Jónsson var fjmrh. Sannleikurinn er sá, að þótt Eysteinn Jónsson hafi aldrei gert út skip eða fengizt við útgerð, þá var meira vit í stjórninni á útgerðarmálum þá. Það voru allt að því helmingi færri skattar á útgerðinni og miklu lægri og þar að auki voru vextirnir miklu lægri. Ég fékkst við útgerð bæði þessi tímabil, og sannleikurinn var sá, að þó maður fengi færri krónur fyrir fiskinn, þá var betra að láta útgerðina bera sig þá heldur en nú. En þetta hefur orðið ofan á, fjölga sköttunum og hækka vextina. Svo koma útvegsmenn og segja við ríkisstj.: „Við getum ekki gert út.“ Þá er hlaupið til og fellt gengið, stolið af sparifjáreigendum, og allt kerfið skekkt og traust íslenzku krónunnar eyðilagt.

Mín skoðun er sú, eins og ég tók fram áðan: Eins lítla skatta og mögulegt er, eins lága vexti og hægt er og segja útgerðarmönnum að spjara sig, segja bara við þá: „Gengið verður ekki fellt ykkar vegna,“ fyrir utan það, að síðast var nú gengið fellt vegna ríkissjóðs, en ekki útgerðarinnar. Það vantaði aura í ríkissjóðinn, sem komu með fleiri krónum í söluskatti og innflutningsgjöldum. En þetta eyðist aftur, þegar launin hækka og öll hringrásin á fullri ferð. Það er þegar farið að tala um þessa verðbólgu nú, þetta er afleiðing af gengislækkuninni. Það er búið að tefja, að skriðan komi, í eitt til tvö ár og

svo hlaut hún auðvitað að koma, þegar launasamtökin eru búin að sækja í sig veðrið. Það er engin sérstök verðbólguskriða á annan hátt en þann, að það er allt að breytast í samræmi við gengisfellinguna 1968. Það er það, sem er að gerast, þannig að ef við viljum stjórna okkar fjármálum af viti, þá verðum við að fara aðrar leiðir heldur en við höfum farið nú undanfarin ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Þetta er ekki það flókið mál, að ég efast ekki um, að þm. geri sér grein fyrir því. Ég lít ekki á þetta sem pólitískt mál. Það er ekki fyrir neinn sérstakan flokk unnið. Þetta snertir ekki pólitík, og ég álít, að allir flokkar gætu í raun og veru komið sér saman um svona hluti. En þarna er bara um það að ræða, að þessi á margan hátt þýðingarmesta stofnun okkar verði sjálfstæð stofnun, þar sem þeir aðilar, sem mest hafa til hennar að sækja, hafi a. m. k. tillögurétt, þó að þeir ráði ekki úrslitum. Og þetta er sú stofnunin, sem á mesta fjármuni í landinu. Ég hygg, að eignirnar nálgist hálfan annan milljarð, en það er eitthvað svipuð eign og allir bankarnir eiga nettó í landinu, þannig að ég sé enga ástæðu til, að Fiskveiðasjóður sé undirlægja hjá helztu viðskiptabönkum landsins. Ég álít, að við eigum að efla þessa stofnun. Ég álít, að það mættu gjarnan renna ýmsir sjóðir til hennar, sem eru notaðir til þess að lána sjávarútveginum, og við eigum að gera hana að sjálfstæðri og vel stjórnaðri stofnun. Þessar 122 milljónir, sem var ranglega jafnað niður á útvegsmenn, það er eins og dropi í hafið fyrir Fiskveiðasjóð, þó að hann borgaði þær. Sannleikurinn er sá, að það þýðir ekkert að fjasa yfir því, þó að þeir lánuðu þessum aðilum ógengistryggt í ársbyrjun 1967. Það er mál út af fyrir sig. En þeir áttu bara ekki að láta aðra borga fyrir þá. Það var þeirra mál, hvort þeir lánuðu ógengistryggt. Þeir hafa e. t. v. haft lagalega heimild til þess, þó að það væri ekki gáfulega gert, þegar um erlent fé var að ræða. En þeir áttu bara ekki að láta saklausa menn borga það. Það eru rangindi. Þeir, sem tóku lánin frá 1961—1966, þeir eru látnir borga gengistapið af lánum, sem voru lánuð fyrir árslok 1961.

Sannleikurinn er sá, að þessir bankastjórar og lögfræðingar, — það eru líklega þrír lögfræðingar og fimm bankastjórar, sem hafa verið þarna hver öðrum til aðstoðar, — þeir líta svo á, að þeir megi gera hvað sem þeim sýnist, það muni enginn segja neitt. Og sannleikurinn er sá, að útgerðarmenn eru svo kúgaðir, að þeir segja ekki neitt. Það er eingöngu af því, að ég þarf ekkert til þessara herra að sækja og ekkert lán að fá hjá þeim, að ég hef kjark til þess að standa hér og segja sannleikann, en flestir eru það skuldugir og kúgaðir, að þeir þora ekki að hreyfa sig, hvernig sem með þá er farið. Ég veit, að sjútvrh. hefur engan þátt átt í þessu. Ég veit líka, að Sverrir Júlíusson, væntanlegur forstjóri, hefur engan þátt átt í þessu. En þeir hafa tækifæri til þess að laga þetta, án þess að staðið sé í málaferlum. Og eins og ég sagði áðan, ég er friðsamur maður og leiðist öll málaferli og vil helzt aldrei fara í mál, en ef nauðsynlegt er — þó að ég sé farinn að eldast, þá býst ég við, að ég treysti mér til þess að stefna þessum herrum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil gjarnan láta í ljós þá skoðun mína á þessu frv., að ég er í meginatriðum samþykkur því, en hins vegar er það ekki sama og að vera samþykkur að öllu leyti ræðu hv. flm., því að þegar ég kærði mig um og vildi eyða tíma þingsins, þá mundi ég nú geta leyft mér að gera allmargar aths. við þessa ræðu. En framsöguræðan fyrir frv. var í töluvert öðrum dúr heldur en frv. sjálft. Lögin um Fiskveiðasjóð, sem í gildi eru, eru frá 1966 og þá var gerð veruleg breyting á stjórn sjóðsins. Áður var stjórn sjóðsins í höndum bankastjórnar Útvegsbanka Íslands, en með þessum lögum frá 1966 var sú breyting gerð á, að stjórnin var skipuð fimm fulltrúum, tveim frá hvorum viðskiptabankanna, Útvegsbanka Íslands og Landsbanka Íslands, og einum frá Seðlabanka Íslands, og er hann formaður sjóðsstjórnar. Rökin fyrir þessari breytingu á þessum tíma voru þau, að það mundi verða betri samvinna á milli viðskiptabankanna og Seðlabankans um stjórn Fiskveiðasjóðs heldur en áður var. Hins vegar kom þá fram sú skoðun, að eðlilegt væri, að útvegsmenn ættu fulltrúa í stjórn sjóðsins. Ég hef fyrir mitt leyti talið, að það hafi sýnt sig, að það hafi verið röng stefna, sem upp var tekin, að hafa fimm bankastjóra í stjórn Fiskveiðasjóðs, og það sé mjög eðlilegt, að útvegurinn sjálfur eigi fulltrúa í stjórn stærsta framkvæmdasjóðs síns, og þess vegna styð ég þetta frv. Og ég fagna því, að hv. flm. hefur gerzt örlítið róttækari í þessari breytingu heldur en hann var á s. l. ári, því að þá var hans kjarkur ekki meiri en það, að hann vildi aðeins fækka um tvo bankastjóra í stjórn sjóðsins, en hann hefur nú, þrátt fyrir það, að hann sé nú kominn af léttasta skeiði, sótt í sig veðrið og vill nú moka öðrum tveimur út samkvæmt þessu frv. og fagna ég þeirri breytingu sérstaklega hjá honum. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að fulltrúar sjómanna eigi aðild að stjórninni og ég tel líka eðlilegt, að Alþ. kjósi tvo fulltrúa, og þess vegna er nú frv. mjög nálægt þeirri skoðun, sem ég setti fram við umræður um þetta mál á síðasta þingi.

Það hefur orðið breyting á Fiskveiðasjóði síðan lögin voru sett 1966 með tilkomu stofnfjársjóðsins, en í hann leggja útvegsmenn og sjómenn fram 10% af andvirði fiskafurða og það eitt út af fyrir sig gerir bæði eðlilegt og skylt að breyta stjórn sjóðsins. Ég tel, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, ætti að fara mjög vandlega yfir gildandi lög og gera allmargar fleiri breytingar á lögunum um Fiskveiðasjóð, en ég hirði ekki að rekja þær hér á þessu stigi málsins, en ég fagna því, að bankastjórarnir fimm í stjórn Fiskveiðasjóðs báru þó gæfu til þess, þegar framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs, sem verið hefur í áratugi, fer nú að láta af störfum, að velja mann til að veita Fiskveiðasjóði forstöðu, sem hefur verið í for-

ustu fyrir sjávarútvegimn í áratugi og þekkir sennilega betur en flestir, ef ekki allir aðrir, hvar skórinn kreppir að í sjávarútvegi, og ég virði það við núverandi stjórn Fiskveiðasjóðs að hafa tekið hann fram yfir aðra úr hópi umsækjenda, án þess að ég ætli á nokkurn hátt **að segja misjafnt orð um aðra umsækjendur** eða efast um hæfni þeirra til þessa starfs. En mér finnst það koma úr hörðustu átt að heyra ávallt mótmæli við stöðuveitingum, eins og einhver ákveðin stétt eigi einkarétt á því að eignast forustumenn á þessum sviðum. Starfsmannafélag bankamanna hefur mótmælt þessari ráðningu. Ég get ekki skilið, að það eigi að vera einhver sérréttindi fyrir bankamannastéttina að sitja fyrir í starf eins og forstjórastarf fyrir stærstu stofnun sjávarútvegsins í landinu. Ég tel það ekki síður eðlilegt, að forustumenn, menn með þekkingu á sjávarútvegsmálum, sitji að öðru jöfnu fyrir um slík störf. Mér finnst rétt, að þessi skoðun komi hér fram á Alþ., og þrátt fyrir þá skoðun, sem ég hef haft á stjórn Fiskveiðasjóðs, hvernig hún hafði verið skipuð, þá tel ég, að þetta hafi verið eitt það allra bezta, sem stjórnin gat gert, og trygging fyrir því, að það verður litið á málefni sjávarútvegsins af réttsýni og skilningi í framtíðinni, eins og Fiskveiðasjóður hefur jafnan gert frá fyrstu tíð, enda er Fiskveiðasjóður óskabarn útvegsmanna almennt í landinu og sjávarútvegsins. Hann hefur verið ein þarfasta stofnun, sem sjávarútvegurinn hefur átt.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, afgreiði það, því að ég tel, að þessi höfuðbreyting á lögum um stjórn Fiskveiðasjóðs eigi fullkomlega rétt á sér og eigi að fara í gegn á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 66., 67., 68., 69., 70., 71., 75., 82. og 87. fundi í Nd., 22., 23., 24., 25., 26. og 29. marz og 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 414, 580 og 591, 590).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Verðstöðvun.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um verðstöðvun [30. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 4. og 5. fundi í Nd., 22. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með frv. á þskj. 30 leggjum við þm. Alþb. í Nd. til, að nú þegar verði sett löggjöf um verðstöðvun. Meginefni frv. er í rauninni tekið upp úr eldri verðstöðvunarlögum, sem hér hafa verið sett. Þó eru atriðin varðandi verðstöðvun gerð í þessu frv. nokkru ákveðnari. Þarna er um nokkur fyrirmæli að ræða beinlínis um verðstöðvun, þar sem áður var um að ræða heimildir til handa ríkisstj., svo að segja má, að þetta frv. er að öllum búningi nokkuð svipað því, sem hliðstæð frv. hafa verið samþykkt um áður hér á landi.

En aðalefnið er hins vegar það, eins og skýrt kemur fram í grg. frv., að gengið er út frá því, að ákveðin verði almenn verðstöðvun, sem miðist við 15. október nú á þessu ári og skuli gilda fram til 1. september á næsta ári. Það er þó gengið út frá því, að verðlagsyfirvöld og stjórnarvöld geti í einstaka tilfellum vikið frá þessari verðstöðvun, þar sem óhjákvæmilegt þykir. Það er einnig gert ráð fyrir því í frv., að breytingar á ýmsum opinberum gjöldum skuli falla undir verðstöðvunina, þar skuli sem sagt gilda hliðstæðar reglur og áður hafa gilt um álagningu nokkurra opinberra gjalda. Það fer væntanlega ekki fram hjá neinum hv. alþm., hvaða ástæður liggja til þess, að frv. sem þetta er nú flutt. Á þessu ári hafa gengið *yfir óvenjulega miklar verðhækkanir*, og þessar verðhækkanir eru enn að ganga yfir og það er í rauninni öllum kunnugt, að fjöldamargir aðilar bíða enn eftir því að fá leyfi til þess að hækka verðlag á vörum og þjónustu, en hafa ekki fengið sín mál afgreidd enn að fullu, svo að það má enn búast við áframhaldandi verðhækkunum til viðbótar við það, sem komið er, nú á næstunni, verði ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til til þess að koma í veg fyrir þær. Glöggt dæmi um það, hvað þessar verðhækkanir hafa að segja, er það, sem nefnt er hér í þessu frv. eða í grg., að það er talið, að breytingar á almennu kaupgjaldi í landinu verði svo miklar, að sé miðað við það kaupgjald, sem almennt var greitt í maímánuði á þessu ári og síðan aftur við það kaup, sem sennilegt er, að eigi að greiða, þegar kemur fram í desembermánuð á þessu ári, þá má búast við því, að kauphækkunin verði í krónum talið í kringum 32% hækkun. Þó liggur það fyrir, að almennt kaupgjald verkafólks hefur ekki verið hækkað nema sem nemur 15—18% og þrátt fyrir svona mikla hækkun á kaupi í krónum talið, er sem sagt ekki um að ræða hækkaðar rauntekjur þessa vinnandi fólks nema sem nemur kringum 15, 16 eða kannske í **mesta lagi 18%. En kaupgjaldsbreytingar**, sem verða á ekki lengri tíma en þessum og nema kringum 32%, hljóta vitanlega að hafa sín áhrif í ýmsum greinum atvinnulífsins og er ákaflega hætt við, að það leiði til þess, að í vissum greinum geti orðið hér um vandræði að ræða.

Það er enginn vafi á því, að þær kauphækkanir, sem samið var um í júnímánuði á s. l. sumri og námu, eins og ég hef sagt, í kringum 15—18%, voru ekki meiri en rétt til þess að jafna þá kauplækkun, sem knúin hafði verið fram á árunum 1968 og 1969, en talið var, að á þeim tíma hefði raunkaup eða kaupmáttur launa raunverulega lækkað í kringum 18% hjá mjög mörgum aðilum,

auðvitað nokkuð mismunandi eftir því, hvar þeir voru í launastiga. Þegar það er nú einnig haft í huga, hvernig aðstæður voru í okkar efnahagslífi um það leyti, sem þessar kauphækkanir voru gerðar, þá held ég, að það ætti ekki að leika neinn vafi á því, að það voru öll skilyrði til þess að geta staðið undir þessari kauphækkun, sem þá var samið um, án þess að til meiri háttar efnahagsörðugleika hefði átt að koma. Það lá þá fyrir, að um mjög verulega framleiðsluaukningu var að ræða í þýðingarmestu framleiðslugreinum þjóðarinnar, og það lá einnig fyrir, að þýðingarmestu útflutningsvörur okkar höfðu hækkað mjög verulega í verði. Þessi bætta ytri aðstaða í efnahagslífinu átti að veita möguleika til þess að tryggja í reynd kauphækkunina. Og menn höfðu gert sér vonir um það, að atvinnureksturinn í landinu almennt séð gæti tekið á sig þessa kauphækkun, bæði með tilliti til þess, að kaupið hafði áður verið lækkað sem þessu nam og svo vegna breyttra ytri aðstæðna í efnahagsmálum, þá gæti atvinnureksturinn tekið á sig þessa kauphækkun, án þess að hann þyrfti yfirleitt að heimta meira sér til handa en áður var. En reynslan hefur hins vegar orðið þessi, sem allir vita, að verðlag hefur hækkað í flestum greinum mjög mikið frá því að þessir kaupgjaldssamningar voru gerðir. Verðlagsyfirvöldin í landinu hafa veitt heimild til verðhækkana, opinberir aðilar hafa breytt verði á vörum og þjónustu í ýmsum tilfellum, sem þeir ráða yfir, og svo hafa þeir aðrir, sem ekki eru beint undir neinu verðlagseftirliti, ákveðið sjálfir verðhækkun sér til handa. Og því stöndum við nú frammi fyrir þessum miklu verðhækkunum og þeim vanda, sem þeim fylgir.

Við, sem stöndum að þessu frv., gerum okkur fyllilega grein fyrir því, að verðstöðvun ein út af fyrir sig leysir ekki allan þann vanda, sem við er að glíma í þessum verðbólgumálum. Hún er í eðli sínu aðeins frestun á tilteknum vanda. En við álítum, að þannig sé nú ástatt, að það sé nauðsynlegt að taka þennan frest, stöðva með beinu banni frekari verðhækkanir og snúa sér síðan að því að reyna að setja ákveðnari um varanlegri ráðstafanir, sem gætu miðað að því að hamla gegn verðbólguvexti eða jafnvel að því að lækka verðlag í ýmsum tilfellum. Það er enginn vafi á því, að það eru uppi misjafnar skoðanir um það, til hvaða ráðstafana eigi helzt að grípa í þessum efnum. Í grg. frv. bendum við á nokkrar ráðstafanir, sem við teljum, að ætti að grípa til. Við nefnum t. d. það, að það þurfi að setja hér lagaákvæði, sem miði að því, að það sé hægt að skattleggja verðbólgugróða. Á meðan það stendur, að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu geta sannanlega stórgrætt á verðbólgunni, þá er mjög hætt við því, að þá verði þrýstingurinn á það, að verðbólgan fái að halda áfram, æðimikill. Það er að vísu rétt, að það getur verið nokkrum vanda bundið að setja réttlátar reglur um það, hvernig skuli skattleggja verðbólgugróðann og hvað skuli í rauninni í hverju einstöku tilviki flokkast undir verðbólgugróðann. En eigi að síður þarf að setja um þetta reglur, sem miði sterklega að því að koma í veg fyrir það, að einstaka aðilar geti grætt verulega á verðbólgunni. Við teljum, sem flytjum þetta frv., að það sé mjög erfitt að setja reglur í þessu skyni án þess að fyrst fari fram almenn eignakönnun í landinu og fyrir geti legið nokkuð rétt mat á því, hverjar eignir hinna einstöku aðila í landinu raunverulega eru. Ef slík eignakönnun færi fram, þá hefði þar með skapazt grundvöllur til þess að skattleggja á eftir verðbólgugróða, sem til kynni að falla í einstaka tilfellum. Við bendum einnig á það í grg. frv., að við teljum, að það þurfi að setja ný lagafyrirmæli og nýjar reglugerðir, sem miði að því að koma í veg fyrir skattsvik eða að veita aðstöðu til þess að skattleggja þann hagnað, sem nú er skotið undan skattlagningu. Það fer ekkert á milli mála og verður varla vefengt hér af nokkrum, að um það er að ræða í allstórum stíl í okkar þjóðfélagi, að hagnaði sé skotið undan, þannig að hann komi ekki til skattlagningar. Ef snúið væri sér að því verkefni að koma í veg fyrir þessi skattsvik eða skapa aðstöðu til þess að skattleggja þennan hagnað, sem nú er skotið undan, þá mundi á þennan hátt falla til allmikið fé, allmiklar skattatekjur, sem hið opinbera gæti notað til þess að létta af öðrum sköttum, sem nú eru á lagðir og eiga sinn þátt í of háu verðlagi í landinu. Eða þá að þetta fjármagn yrði notað til beinna niðurgreiðslna á verðlagi eða á annan hátt til þess að reyna að standa gegn verðhækkunum. Þá bendum við á þá ráðstöfun í þriðja lagi, að það sé rétt að lækka eða sumpart fella að öllu leyti niður söluskatt og tolla á helztu nauðsynjavörum. Ef það væri gert, væri hægt að lækka verðlagið allverulega frá því, sem nú er. Á því er enginn vafi, að hinn síhækkandi söluskattur, sem á hefur verið lagður hin síðari ár, hefur orðið til þess að almennar nauðsynjavörur hafa hækkað óhóflega mikið í verði. Við teljum, að það sé hægt að fara inn á þessa braut, þó að hér yrði um það að ræða, að tekjur ríkisins mundu að sjálfsögðu minnka við þetta, vegna þess að við álítum, að það sé hægt að afla þessara tekna á annan og hagkvæmari hátt og eðlilegri hátt jafnhliða því, sem við álítum einnig, að það sé hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á ýmsum sviðum.

Þá bendum við á það, að það ætti að gera núverandi verðlagseftirlit haldbetra og virkara í framkvæmd en það er. Það er okkar skoðun, að á undanförnum árum hafi verðlagseftirlitið sífellt verið að slappast og stefna stjórnarvalda hafi beinlínis miðað að því að gera verðlagseftirlitið allt lakara og lakara, en við álítum, að eins og nú er ástatt í okkar verðlagsmálum, þurfi einmitt að herða þar á ýmsum ákvæðum, það þurfi að gera heildarkerfið, verðlagseftirlitið, mun virkara en það er nú. Og þeir, sem hafa þar yfirumsjón með verðlagsákvörðunum og verðlagseftirliti, þurfi að hafa þar fullnaðarvald yfir enn þá fleiri verðákvörðunum en nú er.

Í fimmta lagi bendum við á þá ráðstöfun, sem þurfi að vinna að, að afnema sem mest eða lækka verulega hina fjölmörgu núverandi nefskatta, en það er enginn vafi á því, að þessir skattar eru í eðli sínu ósanngjarnir og orðnir óbærilega háir fyrir hinn óbreytta mann að greiða og þeir eru einn liðurinn í því að gera útgjöld hins almenna manns svo há, að það hlýtur vitanlega að segja til sín aftur í sambandi við annað, það, sem

snertir þessi verðlagsmál almennt. Það er auðvitað enginn vafi á því, að ef ætti að fella niður nefskattana alla, þá er þar um verulega háa fjárhæð að ræða. Ég hygg, að gert sé ráð fyrir í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, að þessir skattar nemi í kringum 800 millj. kr. eða rúmlega 700 millj. kr., og þá kemur auðvitað upp sú spurning, hvernig eigi að afla nýrra tekna í staðinn fyrir þessa, en þar bendum við m. a. á það, að við álítum, að hækka eigi skatta á hæstu eignum eða mestu eignum og það sé einnig hægt að hækka skatta til ríkisins, þar sem er um mestan beinan gróða að ræða í atvinnurekstrinum.

Í sjötta lagi bendum við á það, að það þurfi að fara fram gaumgæfileg athugun á núgildandi verðlagi almennt. Við teljum, að í mörgum greinum hafi verðlag það, sem nú gildir, verið ákveðið án þess að full rök hafi staðið til þess að ákveða það eins og það er. Við álítum því, að það eigi að rannsaka það mjög vandlega, þetta verðlag, sem nú gildir, og færa það niður í öllum þeim tilvikum, þar sem unnt er. Við erum ekki á þeirri skoðun, að það eigi að slá því föstu, að það verðlag, sem nú gildir, sé rétt. Við álítum, að það sé einnig hægt með nákvæmri athugun á þessum málum að vinna þarna nokkuð til verðlækkana, sem gætu þá hamlað gegn verðhækkunum almennt séð eða öðrum hækkunum.

Við höfum í þessum efnum tilnefnt hér sex atriði. Við vitum, að miklu fleiri geta hér vissulega komið til greina, en við álítum, að ef Alþ. sneri sér að því að setja lög og reglur t. d. um öll þessi atriði, þá væri stefnt í rétta átt til þess að hamla gegn hækkandi verðlagi og þá væri stefnt í þá átt að miða að verðlækkunum í ýmsum tilfellum. Þetta álítum við, að eigi að gera. Það eigi að vinna að því að setja lög og reglur um þetta á þeim tíma, sem vinnst á meðan verðstöðvunin er í gildi. Það er einnig okkar skoðun, að verðstöðvunin hefði það almennt gildi, eins og nú er ástatt, að þeir fjölmörgu aðilar, sem nú reyna eftir öllum hugsanlegum leiðum að fá samþykki fyrir því að hækka sitt verðlag, hættu þessum mikla þrýstingi sínum, þeir féllu frá kröfum sínum og yrðu að sætta sig við að bíða a. m. k. fram yfir verðstöðvunartímann með frekari kröfur. Þannig mundi verðstöðvunin verða til þess að slá nokkuð á þessa sívaxandi bylgju, sem alltaf er að rísa hærra og hærra í þessum efnum.

Það er í rauninni furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa gert Alþ. enn grein fyrir því, hvað hún ætlast fyrir í þessum málum. Frá ríkisstj. hefur lítið ákveðið enn þá heyrzt um það, hvað til stendur að gera. Það er talað um það með óljósum orðum af hálfu ríkisstj., að það þurfi að stefna að verðstöðvun í áföngum, sem sagt, það er verið að reikna með því, að það megi nú bæta nokkru við enn af verðhækkunum, áður en numið sé alveg staðar. Það er mikið talað um það af hálfu ríkisstj., að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir víxlhækkanir. En hvers konar víxlhækkanir er hér verið að tala um? Spurningin mikla er sú, gáfu kauphækkanirnar á s. l. sumri, þar sem var um að ræða kauphækkun, sem miðaði að því að jafna kaupið við það, sem það hafði áður verið eða fyrir kauplækkunina, gáfu þessar kauphækkanir tilefni til þess að miklar verðhækkanir ættu að ganga hér yfir? Eru menn á þeirri skoðun, að þær verðhækkanir, sem síðan hafa gengið yfir, séu þess eðlis, að það sé þá ekki réttmætt, að launþegar fái þær verðhækkanir bættar með hækkandi kaupi? Ef menn eru á þeirri skoðun, að það eigi nú að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það, að launþegar fái í gegnum visitöluuppbætur á laun hækkanir á sínu kaupi vegna þeirra verðhækkana, sem nú hafa orðið að undanförnu, þá hafa þeir raunverulega álitið, að sú kauphækkun, sem um var samið í sumar, hafi þá verið of mikil og það þurfi að taka hana til baka aftur með hækkandi verðlagi. Þá hefur það einnig heyrzt frá hæstv. ríkisstj., að hún gæti hugsað sér, að þessi verðstöðvun í áföngum, sem ætti að koma, gæti verið framkvæmd jafnhliða framkvæmd á verðgæzlufrv., sem lagt var hér fyrir síðasta Alþ., en það frv. gerði beinlínis ráð fyrir því, að þeir, sem með sölu á varningi og þjónustu hafa að gera, fengju til muna frjálsari hendur um verðákvarðanir en verið hefur. Dettur nokkrum manni það til hugar í alvöru, að ráðstöfun í þá átt að veita þessum aðilum enn þá meiri rétt til ákvörðunar um verðlag og verð á þjónustu, muni draga úr verðhækkunum frá því, sem nú er?

En í sambandi við þessi mál þykir mér ástæða til þess að beina nú sérstökum spurningum til forsvarsmanna stjórnmálaflokkanna hér á Alþ. um afstöðu þeirra til þessa þýðingarmikla máls. Hver er í raun og veru afstaða stjórnmálaflokkanna á Alþ. nú til þessara verðlagsmála? Hver er afstaða Sjálfstfl.? Vill hann stöðva verðlagið, þar sem það er komið nú, um einhvern tíma eða treystir hann sér ekki til þess? Og hvaða ráðstafanir vill þá Sjálfstfl. gera í þá átt að hamla gegn hækkandi verðlagi og þeim afleiðingum, sem af því mundu leiða? Ja, ég spyr einnig: Hver er afstaða Alþfl. til þessa máls? Mér hefur skilizt það, að Alþfl. hafi gert um það samþykkt á sínu síðasta flokksþingi, að hann væri með verðstöðvun. En mér finnst full ástæða til þess að spyrja um það hér, þegar þetta mál er til umr., spyrja hæstv. viðskrh., formann Alþfl., um það, hver er afstaða Alþfl.? Er hann með því, að sett verði lög nú þegar um verðstöðvun, eins og mér skilst, að samþykktir Alþýðuflokksþingsins hafi borið vitni um, eða er eitthvert hik á Alþfl. í þessum efnum? Og hvaða tillögur hefur þá Alþfl. um viðnám gegn sívaxandi verðbólgu? Hvað vill hann gera? Getur það verið tilfellið, að Alþfl. líti svo á, að það væri gagnlegt í þessum efnum að samþykkja frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþ. um nýskipan verðgæzlumála? Telur hann, að það mundi gagna í þessum efnum? Eða getur það verið, að Alþfl. telji, að það verði eins og nú standa sakir að koma í veg fyrir víxlhækkanir á kaupgjaldi og verðlagi í þeirri merkingu, að það megi ekki hækka kaupið frá því, sem nú er orðið, til þess að vega upp á móti þeim verðhækkunum, sem samþykktar hafa verið að undanförnu? Ég vil einnig beina mínum spurningum í þessum efnum til talsmanna Framsfl. Hvað vill Framsfl. gera í þessum efnum? Styður hann það, að nú þegar verði ákveðin verðstöðvun um einhvern

tiltekinn tíma og sá tími síðan notaður til þess að gera ráðstafanir, sem gætu miðað að því að koma í veg fyrir sífellt vaxandi verðbólgu eða draga úr verðbólguvextinum? Eða hikar Framsfl. eitthvað í þessum efnum og telur ekki rétt að samþykkja verðstöðvun fyrr en búið sé að gera ýmsar aðrar ráðstafanir? Það væri einnig kannske ástæða til þess að beina hér þessum spurningum til talsmanna flokks Frjálslyndra og vinstri manna. Styðja þeir verðstöðvun nú þegar eða er eitthvert hik á þeim? Telja þeir, að það sé betra að láta verðlagið nokkurn veginn laust, eins og það hefur verið í reynd, á meðan sé verið að leita að öðrum ráðum, sem gætu unnið gegn verðbólgu?

Við Alþb.-menn lítum þannig á málið, að það sé nú þegar búið að heimila allt of miklar verðhækkanir og því eigi nú að nema staðar, stöðva frekari verðhækkanir með öllu, en við viðurkennum, að þetta er engin varanleg lausn á vandamálinu og því viljum við, að sá tími, sem vinnst í verðstöðvun, verði notaður til þess að settar verði reglur, sem mundu í reynd draga úr verðbólguhraðanum. Og við höfum reynt að gera hér nokkra grein fyrir því, á hvað við bendum sem tiltækustu úrræðin í þessum efnum.

Það, sem sérstaklega vekur athygli manna, þegar þessi mál eru rædd, er það, að það er alveg augljóst mál, að ýmsir helztu talsmenn ríkisstj. láta mjög að því liggja í röksemdafærslu sinni, að sá verðbólguvandi, sem nú sé við að glíma hér á landi, stafi raunverulega af tvennu: Annars vegar af því, að kaupgjald hafi verið hækkað um of á s. l. sumri, það kaupgjald, sem verkalýðsfélögin þá sömdu um, og hins vegar af hinu, að verð á landbúnaðarafurðum hafi hækkað of mikið nú í haust. Ég er á þeirri skoðun, að kenningar, sem fari í þessa átt, séu algerlega rangar. Það var veruleg þörf á því að hækka laun hinna lægst launuðu í sumar og það voru allar aðstæður til þess í hagkerfinu að tryggja á varanlegan hátt þessar kauphækkanir. Og það er einnig mín skoðun, að á því hafi heldur ekki leikið neinn vafi, að bændastéttin í landinu átti að fá sambærilegar eða sams konar kauphækkanir sér til handa, og það hafi ekki verið ástæður til þess, að hér yrðu meiri verðhækkanir almennt séð í landinu, þrátt fyrir þessar breytingar, hækkun á launum verkamanna og bænda en svo, að það hefði ekki átt að skapa neitt vandamál í íslenzku efnahagslífi. Hitt er svo allt annað mál, hvort verð á landbúnaðarafurðum hefur hækkað á s. l. hausti verulega miklð meira en sem nam eðlilegri hækkun á kaupi bóndans og það hafi verið vegna þess, að ýmsar rekstrarvörur búanna hafa að undanförnu hækkað í öllu verðbólguflóðinu, það er allt annað mál. Það flokkast undir þær verðlagshækkanir, sem ég tel, að hafi verið óeðlilegar og átt hafi að koma í veg fyrir og hafi verið skylda stjórnarvalda að hamla gegn, en sem ekki var gert.

Ég vildi spyrja þá, sem efast um það, að það hafi verið samið um réttláta og eðlilega kauphækkun til verkamanna á s. l. sumri um það, hvers konar ástand þurfi í raun og veru þá að vera til staðar í efnahagslífinu, ef ekki hefur verið grundvöllur til þess að veita raunhæfar kauphækkanir til hinna lægst launuðu á s. l. sumri. Eða eru menn virkilega komnir á það stig að halda því fram, að í hvert skipti, sem um er að ræða kauphækkun, verði sú kauphækkun að ganga áfram út í hækkandi verðlag. Ég efast ekkert um það, að þetta sjónarmið er ríkjandi hjá ýmsum atvinnurekendum. Þeirra sjónarmið er einfaldlega það, að hafi þeir í eitt skipti fengið þá aðstöðu, að fyrirtæki þeirra hafi verið rekið með verulegum gróða, þá eigi þeir ekki að láta af þeim gróða á neinn hátt, þá eigi þeir að haga sínum vinnubrögðum þannig. Komi þá til kauphækkunar, þá eigi þeir áfram að halda sömu gróðaaðstöðu og þeir áður höfðu og velta hinum nýju útgjöldum, hinu hækkaða kaupi aðeins af sér og út í hið almenna verðlag. Það hefur t. d. komið hér fram í umr. á þessu þingi, að olíufélögin þrjú hafi haft góðan eða hagstæðan rekstur á s. l. ári og jafnvel nefndar hér upphæðir um það, að þau hafi þá haft í gróða um eða yfir 100 millj. kr. Ef sú upphæð er rétt tilfærð og þá sennilega miðuð við reikninga fyrirtækjanna, þá tel ég nú alveg víst, að gróðinn sé miklum mun meiri en þar er skráð í reynd. Þá kemur þetta þannig fram, t. d. hjá þessum þremur stóru fyrirtækjum, að þau vilja halda þessari stöðu sinni um rekstrarafkomu og krefjast þess með nýrri verðlagningu að losna við öll óþægindi af hækkuðu kaupgjaldi eða yfirleitt öðrum kostnaði, sem kunni á þau að falla til hækkunar frá því, sem áður var, og þau heimta því nýja verðlagningu, sem gefur þeim aðstöðu áfram til a. m. k. jafngóðrar afkomu og áður var. Það er mín skoðun, að það verði að brjóta á bak aftur kenningar, sem fara í þessa átt. Það verði að sannfæra atvinnureksturinn almennt um það, að til þess er ætlazt, að sá hagnaður, sem til fellur, t. d. fyrir hagstæð ytri áhrif, falli ekki síður til vinnandi fólks við fyrirtækin en til fyrirtækjanna sjálfra og þau verði því að taka hér á sig nokkurn hluta af eðlilegum kauphækkunum, en þau eigi ekki að fá aðstöðu til þess að velta af sér kauphækkuninni út í verðlagið með þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa fyrr en síðar fyrir atvinnulífið sem heild.

Eins og ég sagði, voru hér og hafa verið hér á þessu ári allar aðstæður til þess, að hægt væri að veita kauphækkanir, án þess að til meiri háttar erfiðleika hefði átt að koma í okkar hagkerfi. Verðhækkanirnar á útflutningsvörum þjóðarinnar hafa verið gífurlega miklar, og í gegnum þær verðhækkanir hafa okkur áskotnazt fjárhæðir, sem eru svo miklar, að það var full aðstaða til þess að þær yrðu nýttar til kauphækkana. Eins og því var haldið fram áður, að það þyrfti að lækka launin, þegar hinar ytri aðstæður voru óhagstæðar, eins voru vitanlega sams konar rök fyrir því eða eru nú á þessu ári fyrir því að hækka kaupið um leið og þessar ytri aðstæður breytast okkur í hag. Í þessum efnum tel ég alveg nauðsynlegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því, hvernig okkar verðmyndunarkerfi raunverulega er í framkvæmd. Það er enginn vafi á því, að eins og háttar hér hjá okkur, þá ráða ýmis stórfyrirtæki og ýmsar stofnanir nokkurn veginn ein verðlaginu á þýðingarmiklum vörum og þjónustu í landinu. Það er t. d. ekkert um það

að villast, að það verð, sem olíufélögin ákveða á hverjum tíma og fá samþykki verðlagsyfirvalda fyrir, það er alveg gildandi verð í landinu, það er ekki um neina samkeppni á milli þeirra að ræða. Þessu er líka svona varið með ýmis þýðingarmikil samgöngufyrirtæki í landinu. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að hafi Flugfélag Íslands ákveðið hækkun á fluggjöldum innanlands, þá ræður það verðlaginu í þeim efnum algerlega og á svipaðan hátt ræður raunverulega Eimskipafélag Íslands alveg flutningsgjöldunum á ýmsum eða flestum vörum hér til landsins. Að því leyti til, sem erlend skipafélög taka þátt í því að flytja hér vörur að og frá landinu, þá notfæra þau sér í öllum aðalefnum þau flutningsgjöld, sem þetta tiltölulega sterka félag hér á landi hefur ákveðið. Það eru því svona aðilar, sem hafa gífurlega mikið að segja um það að ákveða verðmyndunina í landinu. Eins ráða hér ýmsir opinberir aðilar mjög miklu um verðmyndunarkerfið. Það eru stjórnarvöldin sjálf, sem ákveða það að hækka síma- og póstgjöld hér, hækka gjöld á rafmagni, heitu vatni o. s. frv. eða hækka tryggingagjöld. Það eru þessir aðilar, sem hafa hér gífurlega mikið vald á því, hvernig til tekst með alla verðmyndun í landinu, með verðlag almennt. Og svo koma einnig til í mörgum öðrum greinum bein samtök þeirra aðila, sem fást t. d. við vörudreifingu. Þeir koma sér saman um það, að verðlag skuli ekki vera lægra en eitthvað tiltekið eða álagning ekki minni en einhver tiltekin prósenta. Og það eru mörg dæmi um það, að þessi samtök — það verður upplýst um það — megi reyna að beita þá vissum refsiráðstöfunum, sem brjótast undan þessum samþykktum. Það er því enginn vafi á því, að á því er brýn nauðsyn hér í okkar litla hagkerfi, að yfirvöld landsins hafi nánar gætur á því, hvernig verðlagið í landinu þróast, hvernig verðmynduninni er háttað á hverjum tíma, og allar kenningar um það, að frjálst framboð og eftirspurn ráði verðlaginu hér, fá ekki staðizt. Þær eru í eðli sínu rangar, eins og málum er háttað hér hjá okkur. Og engar yfirborðskenndar reglur um eftirlit með hringamyndunum eða annað þess háttar mundi breyta neinu í þessum efnum. Hér þarf strangt verðlagseftirlit, stofnun, sem getur gripið inn í varðandi verðákvörðun, ef á að vera hægt að halda verðlagsþróuninni innan eðlilegra marka. Það er heldur enginn vafi á því, að auk þessara aðila, sem ég nefndi nú og hafa hér gífurlega mikil áhrif á ákvörðun verðlagsins, kemur svo ríkisvaldið sjálft, t. d. með ákvarðanir sínar um beina skattheimtu, inn í þetta dæmi. Það fer t. d. ekki á milli mála, að sú stefna, sem miðar að því að lækka nokkuð tolla á ýmsum þeim varningi, sem tæplega eða að litlu leyti getur flokkazt undir nauðsynjavarning, en að hækka að sama skapi söluskattinn, sem liggur með jöfnum þunga á nauðsynlegustu vörum og hinum, sem telja má jafnvel sem lúxusvörur í vissum tilvikum, það er enginn vafi á því, að þegar þessi stefna er tekin upp um skattheimtu, þá miðar hún að því að hækka verðlagið í landinu og skapa hér vanda í okkar verðlagsmálum.

Ég hef nú gert hér í stórum dráttum grein fyrir þessu frv. okkar Alþb.-manna. Það er skoðun okkar, að það hefði átt að vinna þannig að þessu máli, að um leið og þetta frv. kom hér fram á Alþ. hefði átt að taka það til sérstakrar meðferðar og afgreiða það fljótlega sem lög frá þinginu. Við erum á þeirri skoðun, að nú ætti Alþ. að taka þetta frv. og snúa sér að því að afgreiða það mjög fljótlega, en það ætti ekki að vísa þessu frv. til n. með því hugarfari, sem oftast er nú gert með þau frv., sem koma frá okkur í stjórnarandstöðunni, að senda það þangað til þess, að frv. hreyfist þar ekki meir og meira heyrist ekki af því. Hér er gripið á slíku vandamáli, að það er í rauninni ekki forsvaranlegt að afgreiða frv. eins og þetta á þennan hátt, sem gert er oft með frv. frá stjórnarandstöðunni. Ríkisstj. getur auðvitað tekið þann kost að koma fram með sínar eigin tillögur undir meðferð þessa máls, en á meðan hún ekki gerir það, verður að ganga út frá því, að þetta sé eina raunhæfa tillagan, sem liggur fyrir til lausnar á málinu, og þá á að afgreiða þá tillögu. Ég vil nú vænta þess, að forsvarsmenn annarra flokka hér á þingi lýsi alveg afdráttarlaust yfir sinni afstöðu til þessa frv. og til þessa vandamáls, svo að það fari hér ekkert á milli, hver afstaða þeirra er og þeir geti verið okkur samþykkir um það, að það sé nauðsynlegt að afgreiða þetta mál á raunhæfan hátt hér út úr þinginu sem allra fyrst.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. flm. þessa frv. beindi hér nokkrum spurningum til stjórnmálaflokkanna eða þingflokkanna og þá að sjálfsögðu til stjórnarflokkanna fyrst og fremst. Ég tel það nú víst, að þeir láti ekki hjá líða, og sérstaklega ekki hæstv. viðskrh., að svara, en svona rétt á meðan þeir eru að hugsa sig um, finnst mér rétt að verða við þeirri áskorun hv. flm. að svara fsp. hans nokkrum orðum varðandi afstöðu Framsfl. til verðstöðvunar. Ég held, að ég geti gert það bezt á þann hátt að vísa til þeirra ummæla, sem formaður Framsfl. lét falla um þetta efni, þegar rædd var stefnuyfirlýsing ríkisstj.

Það má segja, að niðurstaða hans hafi verið að mörgu leyti lík og hjá hv. flm. Hv. flm. tók það fram, að þó að verðstöðvun gæti verið góður þáttur eða liður í heildarráðstöfunum um stuttan tíma, þá þyrfti að sjálfsögðu margt fleira að koma til, ef leysa ætti þetta vandamál á réttan og hagkvæman hátt. Og það var nákvæmlega þetta sama, sem kom fram í því, sem formaður Framsfl. sagði hér við áðurnefndar umr. og get ég þess vegna vísað til þess. Við höfum reynslu fyrir því og það er rétt að hafa hana í huga, að einhliða verðstöðvun, ef ekki fylgja margar aðrar víðtækar ráðstafanir, leysir oft og tíðum lítinn vanda, heldur aðeins frestar því, að farið sé að fást við viðfangsefnin og þá er vandinn oft orðinn meiri heldur en áður en verðstöðvunin hófst. Mér finnst rétt í þessum efnum að vísa til reynslunnar á árinu 1959, fyrir kosningarnar þá. Þá var komin hér á verðstöðvun, en sú verðstöðvun reyndist í raun og veru ekkert annað en svikaaðgerð, sökum þess að vandinn jókst á með-

an hún stóð yfir og svo að kosningum loknum taldi núv. ríkisstj. ekki annað fært heldur en grípa til mjög stórfelldrar gengisfellingar. Það var aftur farið út á þessa sömu braut fyrir kosningarnar 1967. Þá hafði ríkisstj. verðstöðvun hér í nokkurn tíma eða nokkra mánuði, en það reyndist þá alveg eins og 1959, að hér var um að ræða víxil á framtíðina og rétt eftir kosningarnar var farið út í hina stórfelldustu gengisfellingu, og ekki aðeins þá, heldur líka næsta ár á eftir. Mér finnst rétt að rifja þetta upp til þess að sýna það, að einhliða verðstöðvanir, sem eru gerðar nokkrum mánuðum fyrir kosningar, leysa ekki vandann, heldur þarf margt fleira að koma til. Með þessu er ég ekki að segja það, að það geti ekki verið eðlilegt að grípa til einhvers konar verðstöðvunar nú, ef jafnframt eru gerðar margar aðrar ráðstafanir til að tryggja það, að það geti verið um heildarlausn að ræða. Ég held, að um þetta sé enginn ágreiningur á milli mín og hv. flm., því að mér virtist það, sem hann var að segja hér um verðstöðvun eina út af fyrir sig, mjög í sama anda og formaður Framsfl. sagði hér við áðurnefndar umr., sem ég vísaði til. Hann taldi m. a. s. fram margar aðrar ráðstafanir, sem hann áleit, að þyrftu að koma til jafnhliða, ef verðstöðvunin ætti að koma að fullum notum.

Mér finnst líka rétt að benda á það í þessu sambandi, að það er ekki rétt hjá hv. flm., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé eina tillagan, sem hafi komið fram að undanförnu um þetta mál. Ég held, að það hafi komið fram hér á Alþ. og einnig í blöðum, að af hálfu Alþýðusambands Íslands hafi verið lagðar fram mjög ýtarlegar tillögur um lausn þessara mála eða a. m. k. bráðabirgðaaðgerðir í þessum málum, og málin standa, að því er ég bezt veit, þannig, að um þetta efni fara enn fram viðræður á milli ríkisstj. og alþýðusamtakanna. Og það, að alþýðusamtökin eða verkalýðssamtökin halda þessum viðræðum áfram, hlýtur að stafa af því, að þau gera sér einhverja von um árangur af þessum viðræðum. Annars mundi ég ekki telja það afsakanlegt af verkalýðshreyfingunni að halda þessum viðræðum áfram viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, ef hún teldi sig ekki hafa vonir um einhvern árangur. Ég held, að þessar viðræður séu búnar að standa svo lengi, að það sé tími til kominn að einhver niðurstaða fáist, annaðhvort að það verði einhver jákvæður árangur af þessum viðræðum, þannig að ríkisstj. gangi að verulegu leyti inn á tillögur verkalýðssamtakanna ellegar þá að verkalýðssamtökin láti ekki teygjast lengur á þessum asnaeyrum og segi þessum viðræðum hætt, ef hún álítur, að ríkisstj. meini ekkert annað með þeim heldur en reyna að vinna sér tíma og eyða því, að nokkuð sé gert. En það er áreiðanlegt, að það, hve lengi þessar viðræður hafa staðið yfir, á orðið sinn þátt í því, að enn hefur ekki verið hafizt handa í þessum málum, því að það hefði að sjálfsögðu rekið á eftir hæstv. ríkisstj., ef þessar viðræður hefðu ekki dregizt svona mikið á langinn. Þá hefði hún orðið að sýna eitthvað af eða á í þessum efnum. Þess vegna finnst mér rétt nú við þessar umr. að leggja áherzlu á það bæði við ríkisstj. og verkalýðssamtökin, að það verði einhver endir bundinn á þessar viðræður og það komi í ljós, hvort þær hafi af hálfu ríkisstj. verið alvöruleysi frá upphafi ellegar hún hafi eitthvað meint með þeim. En lengur finnst mér, að verkalýðshreyfingin geti ekki tekið þátt í þessum umr. nema eitthvað jákvætt fari að koma í ljós.

Um dýrtíðarmálin almennt eða verðlagsmálin almennt sé ég ekki ástæðu til þess að ræða öllu frekar á þessu stigi. Mér finnst þó rétt að benda á það, að ef t. d. hefði verið farið að tillögum okkar framsóknarmanna á síðasta þingi, hefði þróunin orðið allt önnur í þessum málum heldur en raun hefur á orðið. Við lögðum það þá til t. d., að söluskattur á helztu nauðsynjavörum yrði felldur niður, að fjölskyldubætur yrðu verulega hækkaðar, að skattvísitalan yrði leiðrétt og gerðar yrðu ýmsar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu atvinnuveganna. Það er alveg víst, að ef þessar ráðstafanir hefðu verið gerðar á síðasta þingi og í framhaldi af ákvörðunum, sem þar hefðu verið teknar, þá mundi ástandið í þessum málum vera allt annað og betra heldur en það nú raunverulega er. Ég vil t. d. aðeins benda á það, að tillögur okkar um afnám söluskatts á nauðsynjavörum og hækkun fjölskyldubóta hefðu komið í veg fyrir þriggja stiga hækkun á vísitölunni, en þó komið að sjálfsögðu launþegum að sama gagni og meira, þó að sú leið hefði verið farin. Vegna þess að ekki var farið að þessu ráði okkar og vísitalan hækkaði um sín þrjú stig, þá hefur það svo aftur leitt til hækkana á kaupgjaldi og svo aftur á verðlagi, þannig að ekki er kannske fjarri lagi að áætla, að þetta eitt nemi orðið nú um 5—6 vísitölustigum. Þetta er aðeins dæmi um það, hvernig þróunin hefði orðið allt önnur, ef fylgt hefði verið þeim ráðum og tillögum, sem við framsóknarmenn fluttum á síðasta þingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur að sjálfsögðu til n. og ég er alveg sammála flm. um það, að um slík mál sem þessi á að hraða ákvörðunum í n., en ekki láta þau sofna þar, hver svo sem afstaða nm. þar kann að vera.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. flm. lýsti eftir afstöðu stjórnmálaflokkanna til þessa máls, til þessa mikilvæga máls, sem frv. hans og hinna annarra flm. fjallar um. Af þessu tilefni vil ég aðeins láta þess getið, sem raunar hv. þdm. er áreiðanlega fullkunnugt, að undanfarnar vikur hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa ríkisstj., launþegasamtaka, atvinnurekendasamtaka og bændasamtaka um það, hvaða ráð væru tiltækileg og skynsamleg til þess að koma í veg fyrir þá víxlhækkun verðlags og kaupgjalds, sem fyrirsjáanleg er, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hana. Og mér skilst, að allir skynsamir menn séu á einu máli um, að enginn muni græða, en allir skaðast á þeirri þróun. Ríkisstj. hefur undanfarið verið að ræða þetta mikla vandamál og þingflokkar stjórnarflokkanna munu ræða það allra næstu daga. Ég get fullvissað hv. flm. um það, að ríkisstj. og stjórnarflokkunum er ekki síður ljóst en flokkum stjórnarandstöðunnar, að hér er um alvarlegt vandamál að ræða, sem nauðsynlegt er að taka föstum tökum. Það

er sameiginlegt hagsmunamál allra stétta, það er hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að verðstöðvun verði komið á í einu eða öðru formi, og það mál mun áreiðanlega koma til afgreiðslu innan tíðar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég var nú farinn að halda, að hæstv. viðskrh. ætlaði að sitja hér þegjandi þrátt fyrir þær brýningar, sem hann fékk hér í framsöguræðu hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar áðan, og raunar var sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf, ákaflega efnislítil og raunar fólst ekki í henni neitt efni annað en þetta almenna umtal um það, að ríkisstj. sé að ræða þessi mál efnislega við aðra aðila en Alþingi Íslendinga, þ. e. við fulltrúa Alþýðusambandsins, atvinnurekenda og bænda.

Nú hef ég ekkert á móti því í sjálfu sér, að hæstv. ríkisstj. ræði við þessa aðila og það er áreiðanlega mjög gagnlegt. En ég vil vara ákaflega mikið við því viðhorfi, sem hefur farið vaxandi að undanförnu, að slík mál sem þessi megi alls ekki ræða á Alþ., fyrr en hæstv. ríkisstj. er búin að taka endanlega ákvörðun og þarf að keyra málið í gegn á nokkrum dögum. Einmitt með þessu er verið að sýna Alþ. fullkomna óvirðingu og slík vinnubrögð hafa vaxið mjög á undanförnum árum. Ég held, að það sé skylda hæstv. ríkisstj., og hafi verið skylda ríkisstj. að gera Alþ. málefnalega grein fyrir stöðu þessara mála strax, þegar þing kom saman í haust og greina frá meginviðhorfum sínum um þau efni. Og raunar hefði hæstv. ríkisstj., ef hún hefði haft vald á viðfangsefnum sínum, átt að hafa tiltækar ráðstafanir til þess að gera tillögur um, þegar þing kom saman. Ástæðan til þess, að verið er að ræða við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, er varla sú, að hæstv. ríkisstj. telji þá ágætu menn, sem þar mæta á fundum, hafa svo mikla yfirburði fram yfir alþm., að betra sé við þá að ræða heldur en þá, sem sæti eiga hér í þessari stofnun. Ástæðan til þess, að verið er að ræða við þessa aðila, er sú, að hæstv. ríkisstj. ætlar að fara fram á vissa hluti við þessa aðila. Þetta vita allir. Og fyrst hæstv. ráðh. fór að víkja að þessum umr., þá hefði mér þótt ákaflega fróðlegt, að hann hefði svarað hér lítilli spurningu, sem býsna margir hafa velt fyrir sér að undanförnu. Það er þó nokkuð liðið síðan stjórn Alþýðusambandsins birti opinbera yfirlýsingu. Í þessari yfirlýsingu var það sagt í upphafi, að frá hálfu stjórnar Alþýðusambandsins væri það forsenda fyrir frekari viðræðum, að ríkisstj. lýsti yfir því, að hún mundi ekki beita neinum lögþvingunum til þess að takmarka þá samninga, sem gerðir voru í vor. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. að því, hvort ríkisstj. er reiðubúin til að gefa slíka yfirlýsingu, því að sé hæstv. ríkisstj. það ekki, þá finnst mér, að þessar viðræður séu þar með búnar að vera. En ég hef ekki séð þessa yfirlýsingu neins staðar. Hins vegar hef ég heyrt, og það hafa býsna margir heyrt, að áform hæstv. ríkisstj. séu þau að koma í veg fyrir, að sú vísitöluuppbót, sem launamenn eiga rétt á 1. desember n. k., komi til framkvæmda með aðgerðum, sem fyrst og fremst verði gerðar á kostnað launamanna. Þ. e. a. s., þarna verði klipin út úr vísitölukerfinu þau 5—6—7 vísitölustig — að því er mér skilst, að sérfræðingar telji — með ráðstöfunum, sem raunverulega skerða þá samninga, sem gerðir voru í vor.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þetta séu áformin. Það er ekkert betra, hæstv. ráðh., að láta fólk út um allt land vera að ræða þessi mál, en standa svo hér og segjast ekki geta sagt neitt við hv. alþm.

Raunar er það óljósa umtal, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft nú um skeið, og ekki sízt hæstv. forsrh., um nauðsyn verðstöðvunar einhvern tíma síðar, ákaflega annarleg vinnubrögð. Verðstöðvun er ráðstöfun af svipuðu tagi eins og gengislækkun og ýmsar aðrar ráðstafanir. Hún hefur ákaflega víðtæk áhrif á hag margra aðila, og það er þeim mikið hagsmunamál að vita slíka hluti fyrirfram. Einmitt þess vegna tíðkast það alls staðar í þjóðfélögum, að það er gripið til ráðstafananna í verki, áður en farið er að kvisast um þær. En að ráðh. standi upp og tilkynni, að það eigi að gera slíkar ráðstafanir einhvern tíma seinna, það er algerlega fráleitt. Og ég satt að segja efast um, að ráðherrum, sem þannig hegðuðu sér, væri talið vært í ráðherrastólum hér í nágrannalöndum okkar. Þetta er svo ósiðlegt athæfi og furðulegt og óskynsamlegt, að það tekur engu tali.

Mér hefur virzt það dálítið furðulegt að undanförnu, þegar hæstv. ráðh. hafa verið spurðir um verðbólgumál, til að mynda í sjónvarpi, að fylgjast með viðbrögðum þeirra. Þeir hafa sett upp svona vinsamlegt bros og sagt: „Ja, þetta er nú vandamál, sem flestum hefur gengið illa að ráða við síðustu 20—30 árin.“ Þeir virðast vera búnir að gleyma því, þessir ágætu ráðherrar, að þeir tilkynntu fyrir rúmum áratug, að þeir hefðu fundið ráðin, sem dygðu. Þeir bjuggu til í viðreisnarkerfinu alveg tiltekna aðferð og ég vil leyfa mér að rifja hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta, fyrst hæstv. ráðh. eru alveg hættir að nefna hana. Í þeirri ágætu bók Viðreisn segir svo á bls. 23 um það ástand, sem upp muni koma eftir viðreisnarráðstafanirnar:

„Ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Þrátt fyrir þetta getur ekki hjá því farið, að viðhorfið í launamálum verði annað að lokinni framkvæmd þeirra ráðstafana, sem hér er gert ráð fyrir, heldur en það hefur verið um langt skeið undanfarið. Útflytjendur hafa um margra ára skeið talið öruggt, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun, er þeir veittu starfsmönnum sínum, jafnaða með hækkun útflutningsbóta. Á sama hátt hafa aðrir atvinnurekendur miðað við það, að þeir gætu fengið sérhverja launahækkun endurgreidda í hækkuðu verði á vörum sínum og þjónustu. Þetta hefur orðið til þess, að æ ofan í æ hefur verið samið um launahækkanir, sem ekki áttu sér stoð í auknum framleiðslutekjum og ekki gátu heldur leitt til breyttrar tekjuskiptingar þjóðarinnar. Slíkar launahækkanir eru launþegum gagnslausar, en leiða hins vegar til verðbólgu og hafa þannig hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir efnahagslíf landsins, þegar til lengdar lætur.

Ríkisstj. telur, að með þeim ráðstöfunum í

efnahagsmálum, sem tillögur hennar fela í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapazt grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþeginn njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkuðu kaupi. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta."

Þetta var sú einfalda aðferð, sem viðreisnarstjórnin hafði fundið, sem sé sú, að atvinnurekendur yrðu sjálfir að standa við þá kjarasamninga, sem þeir gerðu, og sjálfir að greiða þær kauphækkanir, sem þeir semdu um, en þeim yrði ekki leyft að velta kauphækkununum aftur út í verðlagið, þeim, sem það geta hér innanlands, og útflutningsiðnaðurinn gæti ekki treyst því að fá beinar eða óbeinar gengislækkanir til þess að aðstoða sig. Þetta var stefna hæstv. ríkisstj. og ég get sagt það alveg hreinskilnislega, að þetta er í eðli sínu alveg rétt stefna. Það er að vísu ekki hægt að framkvæma hana eins og einhverja kreddu. Atvinnurekendur eru oft mismunandi vel undir það búnir að standa við slíka samninga og það mun þurfa að gripa til ýmissa efnahagsráðstafana til þess að jafna þau met. En engu að síður er það algert grundvallaratriði, að kjarasamninga verður að gera þannig, að atvinnurekendur standi við þá sjálfir, því að sú aðferð, sem tíðkast nú, að menn velti af sér því, sem þeir semja um, út í verðlagið, leiðir ekki til neins annars en þess, að nýjar kollsteypur blasa við, fyrst óðaverðbólga innanlands og síðan gengislækkanir.

Ríkisstj. sagði í viðreisnarplaggi sínu, að grundvöllur fyrir launahækkunum þurfi að vera aukning framleiðslutekna. Það vita allir, að um slíka aukningu var að ræða í vor og um það eru *ótvíræðar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj.* Því var fyllsta ástæða til þess að krefjast þess, að þessi stefna viðreisnarstjórnarinnar yrði framkvæmd í vor og að í vor yrðu gerðar ráðstafanir til þess að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana, eins og þarna er komizt að orði. Þessi stefna, sem ég er hér með, er, eins og ég sagði áðan, á engan hátt tilbúningur minn. Þetta er sjálf hin hvíta bók viðreisnarinnar.

En aðalerindi mitt hér upp í ræðustólinn var þetta, að fá svör hæstv. ráðh. við þeim spurningum, sem ég bar fram, annars vegar um það, hverju ríkisstj. ætlar að svara skilyrði Alþýðusambands Íslands, og í annan stað, hvort það sé rétt, að ríkisstj. hugsi sér að svara því í verki á neitandi hátt og ætli í staðinn að skerða þá samninga, sem gerðir voru í sumar, með því að taka af 5—6 eða 7 vísitölustig, fyrst og fremst á kostnað launamanna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að hv. þm. skuli vera ríkisstj. sammála um það, að það hafi verið gagnlegt og skynsamlegt að efna til viðræðna á milli fulltrúa ríkisvaldsins og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og bænda um það mikla vandamál, sem við erum væntanlega alveg sammála um, að við er að etja á þessu hausti í íslenzkum efnahagsmálum. Það er rétt að taka það alveg skýrt fram, að fyrir ríkisstj. vakti aldrei í þessu sambandi, að hér gæti orðið um neins konar samninga að ræða milli ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúa vinnumarkaðarins og bænda hins vegar. Okkur var að sjálfsögðu algerlega ljóst, að Alþýðusambandið fer ekki með neinn samningsrétt fyrir hönd þeirra verkalýðsfélaga, sem gerðu kaupgjaldssamninga á s. l. sumri, og aldrei hefur verið eitt orð um það sagt, munnlega né skriflega, af hálfu nokkurs málsvara ríkisstj., að það væri meiningin með þessum viðræðum að komast að neins konar bindandi samkomulagi milli ríkisvalds annars vegar og fulltrúa launþega hins vegar um neins konar breytingu á þeim kjarasamningum, sem þegar hafa verið gerðir. Þeir eru gerðir af réttum aðilum og við höfum aldrei ætlað okkur þá dul, að þessi vettvangur væri vettvangur til þess að gera þar neins konar breytingu á. Tilgangurinn með viðræðunum var auðvitað sá, eins og margyfirlýst hefur verið, að safna upplýsingum, safna ræki legum upplýsingum um vandann, sem við blasir, þannig að það auðveldaði öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, skynsamlega skoðanamyndun um málið. Og ef menn hefðu með athugunum sérfræðinga og hvers konar rannsóknum komizt að raun um það, hver vandinn væri og ef menn vefengdu ekki þær upplýsingar, sem til grundvallar lægju mati á vandanum, þá væri gagnlegt að skiptast á skoðunum um þær hugsanlegu leiðir, sem kæmu til greina til þess að ráða bót á honum. Það er sjálfsagt að segja það algerlega opinskátt, að fyrir ríkisstj. hefur með þessu það eitt vakað, að ef um mismunandi leiðir væri að ræða til þess að ráða bót á vandanum, þá vildi hún helzt velja þá leið, sem fulltrúum launþega fyrst og fremst væri að skapi eða þeir kysu helzt, eða eins og einhvern tíma *hefur verið orðað, væri minnst á móti skapi,* sem er í raun og veru bara mismunandi orðalag sömu hugsunar. M. ö. o., það er um það að ræða og hlýtur að vera um að ræða margs konar valkosti og við töldum það vera skynsamlegt fyrir ríkisstj., eins og það væri skynsamlegt fyrir launþega, vinnuveitendur og bændur, að gera sér grein fyrir skoðunum hvers þessara fjögurra aðila á þeim leiðum, sem til greina kæmu.

Hann spurði um, hvort ríkisstj. hefði gefið einhverja ákveðna yfirlýsingu í tilefni af bréfi Alþýðusambandsins. Hún hefur ekki gert það, en hins vegar er mér ánægja að geta sagt frá því, að þær lausafregnir, sem hv. þm. hefur haft af því, hvað ríkisstj. hafi lagt til í þessum málum, eru staðlausir stafir, hún hefur enn ekkert lagt til. Þær lausafregnir, að hún hafi lagt til, að lausnin yrði fólgin í því að stífa vísitöluna um 5—6—7 stig, þ. e. a. s. að gera ráðstafanir til þess að launþegar fengju ekki bætt 5—6—7 stig af orðinni eða væntanlegri vísitöluhækkun, þessar lausafregnir eru algerlega úr lausu lofti gripnar, eins og allir, sem hér eiga hlut að máli, mundu geta borið vitni um, ef til þess kæmi.

Hv. þm. átelur ríkisstj. fyrir það að hafa ekki lagt fram tillögur enn fyrir hið háa Alþ., það hefði átt að ræða við Alþ. vandamálin í heild frekar en ræða þau við aðila utan Alþ. Það var áður búið að lýsa því yfir, að það hafi verið skynsamlegt að efna til viðræðna við aðila utan Alþ. Þær hafa staðið yfir í margar vikur. Hins vegar hefur Alþ. aðeins setið í tvær vikur, og ég tel það nú ekki sanngjarna gagnrýni að átelja ríkisstj. fyrir það að hafa ekki skýrt frá hugsanlegum hugmyndum sínum, þegar aðeins tvær vikur eru liðnar frá því að Alþ. kom saman. Ríkisstj. þarf auðvitað að ráðgast við sína stuðningsmenn um þetta vandamál. Það er skylda hennar, áður en hún varpar fram hugmyndum fyrir Alþ., og í þau mörgu ár, sem ég hef setið hér, minnist ég þess aldrei, að venja hafi verið að hefja málefnalegar umr. um flókin vandamál fyrr en málavextir liggja fyrir, fyrr en ríkisstj. er tilbúin til þess að segja sína skoðun á málinu og koma fram með sínar hugmyndir um málið. Þá er eðlilegur tími og eðlilegur vettvangur til þess að ræða efni málsins. En að þetta mál er flókið og vandasamt, kemur bezt og greinilegast fram í því frv., sem hv. Alþb.-menn hafa lagt fram. Ég skil ekki í, að nokkrir nema þá þeir sjálfir telji það vera fullnægjandi lausn á vandanum. Það þarf að taka á málinu með meiri yfirsýn og með meiri alvöru heldur en gert er í því frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Iðnfræðsla (frv. ÞÞ og IG).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu [33. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Iðnfræðsluráð sér um framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnskóla. Það sér um, að fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, t. d. varðandi skólahald og verknám. Nú er iðnfræðsluráð skipað 9 mönnum, sem eru tilnefndir á þennan hátt: Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir 2, Alþýðusambandið tilnefnir 3, og skulu 2 þeirra vera iðnsveinar og 1 fulltrúi iðnverkafólks, Iðnnemasamband Íslands tilnefnir 1. Svo er einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Það er efalaust, að af þessum aðilum, sem tilnefna fulltrúa í iðnfræðsluráð, snertir það engan meira heldur en iðnnema, hvernig iðnfræðslan er framkvæmd. Þetta sjónarmið var viðurkennt að nokkru á Alþ. 1965, þegar samþ. var, að einn fulltrúi frá Iðnnemasambandi Íslands skyldi eiga sæti í iðnfræðsluráði. En það liggur hins vegar í augum uppi, að það getur verið erfitt fyrir einn fulltrúa í 9 manna ráði að halda fullkomlega uppi málflutningi fyrir þá þar og rétti þeirra og þess vegna er lagt til í þessu frv., að Iðnnemasambandið tilnefni 3 fulltrúa í iðnfræðsluráð í stað eins nú og fulltrúatölu í iðnfræðsluráði fjölgi samkv. því, þannig að það verði skipað 11 mönnum í stað 9 nú. Þessi breyting, ef á hana yrði fallizt, er mjög í samræmi við þá stefnu, sem nú ryður sér hvarvetna til rúms og fólgin er í því að tryggja aukinn hlut nemenda til áhrifa á kennsluhætti og fræðslumál. Ég legg svo til, að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/1965 [34. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í grg. frv., þá fjallar það um þá breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum, að persónufrádráttur einstaklinga og hjóna, frádráttur vegna barns og frádráttur vegna heimilisstofnunar, og svo þrepin í skattstiganum, skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við framfærsluvísitöluna. Nú er sá háttur á þessu, að fjmrh. ákveður breytingar á skattvísitölunni án þess að vera bundinn af nokkrum ákveðnum reglum um það, hvernig hann framkvæmir þær breytingar.

Mér finnst rétt að rifja upp í stuttu máli sögu skattvísitölunnar. Það má segja, að hún hafi komið fyrst til framkvæmda á þingi 1953, en þá var gerð mjög víðtæk breyting á lögum um tekju-

og eignarskatt, sem þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, beitti sér fyrir. Þá var það ákvæði sett í lögin, að tölur tekjuskattsstiga, þ. e. a. s. frádrættirnir og skattþrepin, skyldu breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu, en á þeim tíma var kaupgjaldsvísitalan og framfærsluvísitalan í raun og veru eitt og hið sama. Ástæðan til þess, að þetta ákvæði var sett í lög, var sú, að laun höfðu þá hækkað mjög að undanförnu, ekki vegna þess að rauntekjur hefðu aukizt, heldur vegna þess að dýrtíð hafði aukizt í landinu og laun hækkað samkv. dýrtíðarvísitölu og þess vegna voru skattstigarnir í raun og veru komnir úr öllu samræmi við það, sem löggjafinn hafði upprunalega ætlazt til, þegar þeir voru settir, og þess vegna þótti rétt, að það ákvæði yrði sett í lögin, að skattþrepin og frádrættirnir skyldu breytast í samræmi við þær breytingar, sem yrðu á kaupgjaldsvísitölu eða framfærsluvísitölu, þannig að það yrði tryggt, að skattar hækkuðu ekki nema því aðeins að hækkun yrði á rauntekjum.

Mér finnst rétt að geta þess í þessu sambandi, að þó að þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, ætti frumkvæði að því á þinginu 1953, að þessi regla var sett í skattalögin, þá var búið að hreyfa þessari hugmynd áður hér á Alþ. og það gerðu tveir þáv. þm. Sjálfstfl. og núv. ráðh., Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson. Þeir fluttu þá sérstakt frv., sem hét ekki „um breytingar á tekju- og eignarskattslögum", heldur „um lækkun skatta í lágtekjum", og eitt höfuðatriði í því frv. var einmitt það, að skattstigarnir skyldu breytast í samræmi við framfærsluvísitölu. Hæstv. núv. forsrh., en þáv. þm., Jóhann Hafstein, flutti þá merka ræðu um þetta mál á Alþ. og lýsti því mjög rækilega, hvernig skattarnir hefðu farið hækkandi á undanförnum árum, án þess að Alþ. hefði gert nokkra breytingu á skattstigunum, heldur hefði það verið dýrtíðin, sem hefði alltaf verið að hækka þá, án þess að rauntekjur hefðu nokkuð aukizt. Og það var af þeirri ástæðu, sem hann og hv. meðflm. hans, Magnús Jónsson núv. fjmrh., fluttu þetta frv., sem þeir kölluðu ekki frv. um breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögunum, heldur frv. um lækkun skatta á lágtekjum, því að sjálfsögðu voru það lágtekjumennirnir, sem þeir voru fyrst og fremst að hugsa um, eins og reyndar er gert af okkur, sem stöndum að þessu frv.

Framhaldandi saga þessa máls var sú, að þetta ákvæði hélzt allt til ársins 1960 eða allan þann tíma, sem Eysteinn Jónsson var fjmrh. eftir að lögin voru sett, en þá var komin hér til valda ný ríkisstj., viðreisnarstjórnin svokallaða, og það var eitt af aðalloforðum hennar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Og í samræmi við það voru sett ný skattalög, þar sem skattstigum var verulega breytt frá því, sem var í gildandi lögum, á þann hátt, að það átti að vera nokkurn veginn tryggt, að því er talið var, að tekjuskattur yrði ekki lagður á almennar launatekjur eða meðallaun. Hins vegar var sú breyting jafnframt gerð, að skattvísitalan var alveg felld niður, og það mun hafa verið gert í trausti þess, að ríkisstj. mun hafa treyst á, að hún væri alveg búin að ráða niðurlögum verðbólgunnar og dýrtíðarinnar og þess vegna væri óþarft að hafa þetta ákvæði áfram í lögum. En þetta fór nú á aðra leið. Dýrtíðin hefur sjaldan eða aldrei aukizt meira en á þessum tíma og þess vegna sótti hér í sama horfið og áður, að skattar fóru stórhækkandi vegna dýrtíðaruppbótanna, án þess að rauntekjur ykjust nokkuð. Og þess vegna var svo komið á árinu 1964, að skattar, tekjuskattur og útsvör, voru orðnir svo háir, að fram var látin fara athugun á því af hálfu ríkisstj. og sérstakra sérfræðinga, hvað ætti að gera til þess að auðvelda skattgreiðendum skattabyrðina. Niðurstaðan varð sú, að sérfræðingarnir lögðu til, að skattgreiðendum yrðu veitt sérstök lán, tveggja eða þriggja ára lán, til þess að geta greitt skattana. Ég skal nú ekki segja, hvort framkvæmd varð í þessum efnum, en þetta sýnir hins vegar ljóslega, í hvert óefni var hér komið. Þetta leiddi svo til þess, að á næsta þingi voru skattalögin tekin til gagngerðrar endurskoðunar og þá var skattstigum breytt í það horf, að það átti að vera talið nokkurn veginn tryggt, að almennar launatekjur væru undanþegnar tekjuskatti. Og ég er ekki fjarri því, að það hafi nokkurn veginn náðst með skattstigunum, sem þá voru settir, miðað við það ástand, sem þá var í þjóðfélaginu. Þá þótti rétt að taka upp hið gamla fyrirkomulag, skattvísitöluna, en í stað þess að hún hafði áður verið miðuð við kaupgjaldsvísitöluna eða framfærsluvísitöluna, þá var það ákvæði sett, að hún skyldi ákveðin af fjmrh. hverju sinni að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra. Þetta mun nú hafa verið framkvæmt þannig, að tillagna kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra mun aldrei hafa verið leitað, og verður það að teljast ákaflega undarlegt og óviðeigandi, að lagaákvæðum um jafnmikilsvert mál skuli ekki hafa verið framfylgt hvað þetta atriði snertir, því að það gæti að sjálfsögðu haft veruleg áhrif á ákvörðun skattvísitölunnar af hálfu fjmrh., ef fyrir lægju ákveðnar tillögur frá kauplagsnefnd, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra um það, hver hún ætti að vera, og þó sérstaklega frá kauplagsnefndinni. En þetta er sú óvenja, sem mjög er farin að tíðkast hér, að það er látið ógert af yfirvöldum og ekki sízt af ráðh. að fara nokkuð eftir því, sem lög mæla fyrir um, hvernig framkvæmd vissra mála skuli vera háttað. Fjmrh. hefur ekki aðeins vanrækt að leita álits þessara aðila, heldur hefur hann ákveðið skattvísitöluna.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er að koma hér í salinn og mér finnst því rétt að endurtaka það með nokkrum orðum, sem ég var að segja hér rétt áðan varðandi framkvæmd skattvísitölunnar, en ég var að átelja ráðh. fyrir það, að hann hefði ekki farið eftir gildandi ákvæðum skattalaganna um það, að aflað sé tillagna kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra um það, hver skattvísitalan ætti að vera hverju sinni. En það er ekki aðeins óviðeigandi, heldur í raun og veru alveg óverjandi af ráðh. eða hvaða embættismanni, sem þar á hlut að máli, ef hann fer ekki að eins og lög gera ráð fyrir í sambandi við . . . (Gripið fram í.) Ja, ég hef leitað upplýsinga hjá þessum aðilum, t. d. hagstofustjóra, og hann kannast ekki við það, að hans álits hafi nokkurn tíma verið leitað um þessi efni, hver kaupgjaldsvísitalan ætti að vera. Ég hygg, að sama gildi um

kauplagsnefnd. En ef ég fer hér með rangt mál, þá vona ég það, að hæstv. ráðh. upplýsi það með því að gefa mér og hv. þm. upplýsingar um það, hverjar hafi verið tillögur kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra um þessi efni á undanförnum árum. Ef það er rétt, að hæstv. ráðh. hefur leitað umsagna þessara aðila, ættu þær að geta legið fyrir og þá ættu þm. að geta haft aðgang að því að kynna sér, hverjar þær hafi verið. Ég vona, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. segir um þessi efni, en ekki ég, en hann sannar þá mál sitt með því að leggja fram skriflegar upplýsingar um tillögur þessara aðila á undanförnum árum um það, hver skattvísitalan hafi verið og hvernig þeir hafa lagt til, að það yrði gert. Því miður óttast ég það, að hæstv. ráðh. eigi ekki auðvelt með að útvega þessar skýrslur. En hann hefur sagt það hér, að þær lægju fyrir, og þá mun hann að sjálfsögðu gera það. Ég skal svo ekki ræða þetta atriði frekar að sinni, en ég vænti þess, að við framhaldsumræður málsins gefi hæstv. ráðh. upplýsingar og leggi fram gögn, sem staðfesti það, að hann hafi hér farið með rétt mál. En mig minnir hins vegar, að svör hans um þetta efni væru nokkuð önnur í fyrra og hann hafi þá færzt undan því að halda því fram, að slíkra tillagna hafi alltaf verið leitað. En ef þetta er rangt með farið hjá mér, sem stafar af því, að þeir aðilar, sem ég hef leitað til, hafi ekki gefið mér réttar upplýsingar um þetta, þá skal ég að sinni sleppa ádeilu á hæstv. ráðh. fyrir þetta atriði og bíða þangað til hann leggur umrædd plögg fyrir Alþ.

En það, sem ég vildi svo segja áfram, er þetta, og því getur hæstv. ráðh. ekki mótmælt, að hann hefur ákveðið skattvísitöluna af algeru handahófi á undanförnum árum og án þess að fara eftir nokkrum ákveðnum reglum. Það sést bezt á skattvísitölunni sjálfri, hvernig hún hefur verið frá ári til árs. En ég held, að hæstv. ráðh. geti ekki bent á neina reglu, sem hefur verið farið eftir í þeim efnum, heldur hreint handahóf. Fyrstu árin, sem hæstv. ráðh. tók ákvörðun um þetta, var það þannig, að þá virðist hann hafa fylgt nokkurn veginn framfærsluvísitölunni, en eftir að erfiðleikarnir ganga hér í garð eftir 1967 tekur hann ekki minnsta tillit til þess, hver kaupgjalds- eða verðlagsþróun hefur orðið í landinu, og ég má segja, að eitt eða tvö árin hafi sama og engar breytingar orðið á skattvísitölunni, þrátt fyrir það að verulegar hækkanir yrðu á framfærsluvísitölunni og kaupgjaldsvísitölunni, og þetta þýddi það, að menn urðu að taka á sig verulega auknar skattabyrðar án þess að rauntekjur þeirra hefðu nokkuð aukizt, og í sumum tilfellum höfðu rauntekjurnar verulega rýrnað eins og sést á skýrslum viðkomandi aðila um það á árunum 1968 og 1969, vegna þess að þá fóru launatekjur eða rauntekjur verulega minnkandi. En á þessum árum hækkuðu bæði útsvörin og tekjuskatturinn eigi að síður, a. m. k. hvað einstaklinga snerti. Þess vegna var líka svo komið á s. l. vetri, að skattvísitalan var ekki ákveðin nema 140 stig, en hefði átt að vera 173 stig, ef framfærsluvísitölunni hefði verið fylgt og miðað við meðaltal hennar árið 1964, þegar skattalögin voru sett á sínum tíma. Það vantaði sem sagt hvorki meira né minna en 33 stig til þess að skattvísitalan fylgdi framfærsluvísitölunni.

Nú hefur skattvísitalan fyrir næsta ár enn ekki verið ákveðin, en það hefur verið gefið til kynna í grg. fjárlagafrv., með óákveðnu orðalagi þó, að það muni verða tekið eitthvert tillit til hækkunar á meðaltekjum eða framfærsluvísitölu á þessu ári. En jafnvel þó að svo færi, að það yrði gert, og teknar til greina þær verðhækkanir, sem orðið hafa á þessu ári, við ákvörðun skattvísitölunnar fyrir næsta ár, þá mundi samt vanta 33 stig upp á það, að hún fylgdi framfærsluvísitölunni miðað við grundvöllinn frá 1964. Og þessi mismunur mun verða mjög örlagaríkur við ákvörðun skatta á næsta ári, því að hann mundi þýða það, ef hann fengist ekki neitt leiðréttur, að meginhluti eða allt að 60% þeirra launahækkana, sem almenningur hefur fengið á þessu ári, mundi lenda í skatti, ef engin breyting fengist á þessu, eða m. ö. o. meginhlutinn af þessum tekjum mundi komast í það skattþrep, sem greidd eru af 27% í tekjuskatt og 30% í útsvar. Það mundu sem sagt fara nær 60% af launahækkunum þessa árs í tekjuskatt og útsvar, ef ekki fengist frekari breyting á skattvísitölunni en boðað er í fjárlagafrv. Og það er m. a. til þess að fá leiðréttingu á þessu og til þess að koma í veg fyrir þetta, sem þetta frv. er flutt.

Ég hygg, að ég þurfi svo ekki að rekja þetta mál öllu meira að sinni. Ég held, að öllum hljóti að vera það ljóst, að það sé bæði réttlætismál og hagsmunamál fyrir skattþegna, að skattvísitalan á þessum verðbólgutímum sé látin fylgja einhverri ákveðinni reglu. Það sé ekki ákveðið af handahófi hjá fjmrh. hverju sinni, hver hún eigi að vera.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Sú ræða, sem hv. 4. þm. Reykv. flutti hér áðan, er gamalkunn. Hann flutti hana, held ég, svona að nokkru leyti óbreytta frá því að hann flutti hana í fyrra. Það þarf ekkert að sanna, að hún sé ekki út af fyrir sig góð, hún var a. m. k. ekkert verri núna en þá, en ég held sannast sagna, að það sé nú ekki ástæða til þess að fara að eyða tíma hv. d. í langar umr. um þetta mál. Það er grundvallarskoðanamunur á milli okkar hv. þm. um viss atriði málsins. Hann lýsti alveg réttilega þróun skattvísitölunnar og hann lýsti réttilega frv. okkar hæstv. núv. forsrh. og skoðun mín frá þeim tíma er alveg óbreytt. En þegar kom aftur að því að ræða um það, hvernig ætti að ákvarða skattvísitölu, þá skilur á með okkur, vegna þess að það er sá grundvallarmunur á okkar skoðunum í því efni, að hv. þm. heldur því fram, að það sé sjálfsagt að binda skattvísitölu við framfærsluvísitölu. Ég held því hins vegar ákveðið fram, að það sé nær lagi að miða hana við kaupgjaldsvísitölu og það hafi alltaf verið hugsunin með ákvörðun vísitölunnar, þegar hún var sett í lög, að það ætti að miða við það, að til aukins kaupgjalds, sem menn fá til þess að mæta kjararýrnun vegna aukins framfærslukostnaðar, skuli

vera tekið tillit, en ekki með hinum hættinum, sem raunar liggur alveg ljóst fyrir, að hefði verið ógerlegt á síðustu árum, að veita skattgreiðendum beinlínis fríðindi með lækkuðum sköttum, þó að framfærsluvísitala hækkaði. Það hefur aldrei verið hugsunin með þessu ákvæði að mínu viti og ég mun ekki, meðan ég framkvæmi það, framkvæma það með þeim hætti, nema að sjálfsögðu hið háa Alþ. ákveði annað, það er annað mál. Hitt er svo einnig annar þáttur málsins, að ég tel það mjög óæskilegt, að Alþ. festi ákveðna reglu um það, hvernig þessi vísitala verði ákveðin. Ég held, að í öllum tilfellum hljóti það að vera áhugamál fjmrh. að ákveða hana eins háa og hann getur, vegna þess að það er að sjálfsögðu því vinsælla sem hann gerir það og þó að fjmrh. verði að sæta því oft að vera harla óvinsælir, þá vilja þeir nú samt eftir beztu getu, að ég hygg, reyna að gera það, sem líklegt er til að bæta þá úr þeim óvinsældum, þannig að ég held, að enginn fjmrh. hafi löngun til þess að leggja á þyngri skatta heldur en þörf er á, þannig að mín skoðun er sú ákveðið, að þetta eigi að vera tiltölulega opið.

Varðandi hitt atriði málsins, að það hefði aldrei verið fullnægt ákvæðum laganna um að leita álits hagstofustjóra og kauplagsnefndar um skattvísitöluna, þá skaut ég því fram, að það væri ekki rétt, það hefði alltaf verið gert. En það er annað mál, að þessir aðilar hafa ekki alltaf gefið umsögn um það, svoleiðis að ég á erfitt með að skjalfesta það. Það liggur að vísu fyrir skjalfest í einu eða tveimur tilfellum, að þeir hafa gefið slíka umsögn, en þá hefur það verið með það óljósum hætti, þar eð þeir telja, að það sé svo erfitt vegna óákveðins orðalags í lögunum að gefa í rauninni um það nokkra umsögn, að þeir hafa í rauninni smeygt sér undan því. En það er ekki vegna þess, að ég hafi ekki sem fjmrh. uppfyllt þau skilyrði að óska eftir því, að þessir aðilar gæfu umsögn, en ég get að sjálfsögðu ekki knúið þá til þess.

Þetta er í rauninni það, sem ég vildi sagt hafa í þessu máli og sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. meira eða fara að rekja þá ræðu, sem ég flutti hér í fyrra til þess að útskýra nánar afstöðu mína, en í stuttu máli sagt tel ég, að ekki sé með neinu móti auðið að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, þó að það geti vitanlega komið til athugunar, hvort það eigi að setja einhver *skýrari* ákvæði í lög um skattvísitölu. Ég bendi t. d. á eina hugsanlega leið í því efni, sem er eðlileg vegna þess, að hún leiðir í rauninni af eðli málsins, og óhjákvæmilegt, að það verði tekin um það ákvörðun í sambandi við samþykkt fjárlaga, hver skattvísitala skuli vera. Það liggur þá ljóst fyrir og fjárhagsáætlunin er að sjálfsögðu miðuð við einhverja ákveðna skattvísitölu, þannig að í rauninni gæfist Alþ. kostur á að ákveða það hverju sinni með þeim hætti og það teldi ég eðlilegra heldur en lögbinda það, svo sem hér er lagt til.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. komst hér að þeirri niðurstöðu, að það væri óeðlilegt að binda saman skattvísitöluna og framfærsluvísitöluna. Ég gat nú ekki fundið það út, á hverju hann byggði þessa staðhæfingu sína. En hins vegar finnst mér rétt að benda á það, að bæði hann og hæstv. forsrh. litu allt öðruvísi á þetta mál fyrir 18 árum, þegar þeir fluttu tillögu um þetta á Alþ., því að sú tillaga var fyrst og fremst fólgin í því að láta skattvísitöluna fylgja framfærsluvísitölunni, því að þannig yrði það bezt tryggt, að skattar hækkuðu ekki nema því aðeins að raunveruleg hækkun hefði orðið á launum, að rauntekjur hefðu hækkað. Og ég skal til sanninda um þetta lesa hér upp ummæli, sem hæstv. núv. forsrh. viðhafði um þessa tillögu og hver væri tilgangur hennar á þingi 1952. Hæstv. forsrh. fórust þá þannig orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta ákvæði“ — þ. e. tillaga hans og núv. fjmrh. Magnúsar Jónssonar um skattvísitöluna — „þetta ákvæði á að miða að því, að verðbreytingar, hækkandi dýrtíð í landinu verki ekki ein út af fyrir sig sem stórkostleg skattahækkun á þegnana, þó að skattalöggjöfin að öðru leyti breytist ekki neitt, heldur að skattaálagningin að þessu leyti hreyfist til og frá eftir því sem verðhækkanir eða verðlækkanir kunna að verða í þjóðfélaginu.“

Þetta er nákvæmlega sama reglan og felst í því frv., sem hér liggur fyrir, að skattvísitalan eigi að breytast eftir því til hækkunar eða lækkunar, hvort það verða verðhækkanir eða verðlækkanir í þjóðfélaginu. Þannig er auðveldast að mæla það, hvort raunveruleg hækkun hefur orðið á rauntekjum eða ekki. Mér finnst mjög leitt að heyra það, að hæstv. fjmrh. hefur skipt um skoðun frá því að hann sem ungur þm. flutti þetta mál hér á þingi og bar þá sérstaklega hag láglaunafólks fyrir brjósti, vegna þess að hans frv. hét ekki breyting á skattalögum, heldur um lækkun skatta á lágtekjum. Og ég vil nú vænta, að þetta verði til þess, að hæstv. ráðh. íhugi þetta mál að nýju og geri sér grein fyrir því, hvort hann hafi nú ekki haft þarna rétt fyrir sér, þegar hann var ungur og a. m. k. réttara heldur en nú, þegar hann er að hugsa kannske um annan aðila meira heldur en skattþegnana.

Hæstv. fjmrh. taldi, að það væri eðlileg regla, að fjmrh. fengi að ákveða skattvísitöluna eftir því, sem honum þætti bezt henta hverju sinni. Ég held, að þetta sé ákaflega óeðlileg regla. Í raun og veru þýddi þetta í þessu tilfelli sama og það, að fjmrh. sé gefið vald til að ákveða skattstiga og skattinnheimtu án þess að þurfa að bera það undir Alþ., því að með skattvísitölunni er raunverulega verið að ákveða skattstigana hverju sinni, hverjir þeir eru hvert ár fyrir sig. Þetta þýðir það, að ráðh. fær vald til þess að hækka skattstigana án þess að það sé nokkuð borið undir Alþ., og það er ákaflega óeðlilegt að gefa fjmrh. slíkt vald. Það er alveg rökrétt afleiðing af þessu, að t. d. hæstv. fjmrh. yrði gefið vald til að ákveða, hver söluskatturinn eigi að vera, eins og honum er raunverulega með þessu gefið vald til þess að ákveða, hver skattstiginn eigi að vera, hverjir frádrættirnir eigi að vera. En með því að ákveða skattvísitöluna fær hann raunverulega vald til þess að ákveða hvort tveggja, hverjir frádrættirnir eigi að vera og hverjir skattstigarnir eiga að vera eða skattþrepin. Og

það væri ekki nema bara að segja b eftir að búið er að segja a, að gefa hæstv. fjmrh. vald til þess að ákveða, hver söluskatturinn ætti að vera og ýmsir aðrir skattar. Þess vegna er það algerlega óeðlilegt, að fjmrh., hver sem hann er, sé gefið þannig vald til þess að ákveða, hvaða skattareglur eigi raunverulega að gilda á hverjum tíma í landinu án þess að bera það nokkuð undir Alþ. eða hafa nokkra reglu frá Alþ. til þess að fara eftir. Þess vegna er sjálfsagt, burtséð frá öllum deilum um það, hver skattvísitalan eigi að vera, að þetta vald sé tekið af fjmrh., það sé ekki í höndum hans. Mér skilst líka, m. a. á því, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. hér áðan, að hann og hans ráðunautar séu að hugleiða það að hverfa frá þessari fjarstæðu reglu að láta fjmrh. ákveða skattvísitöluna og þeir séu að hugsa um að leggja til, að í staðinn fyrir að skattvísitalan sé ákveðin af fjmrh., þá verði hún ákveðin af Alþ. hverju sinni í sambandi við fjárlög. Ég verð að segja það, að ég tel það líka ákaflega óeðlilegt, að skattvísitalan sé ákveðin í fjárlagafrv. Það mætti alveg eins fara að ákveða aðra skattstiga í fjárlagafrv. Það má vel vera, að það sé eðlileg regla og ég skal taka það til athugunar, að Alþ. eigi að ákveða skattvísitöluna hverju sinni. En þá á Alþ. að sjálfsögðu að gera það í sérstökum lögum, en ekki í fjárlagafrv. Við eigum ekki að fara að skapa þá hefð, að skattstigar séu ákveðnir í fjárlagafrv. og blanda þeim þar inn í allt annað mál, því að þá gæti orðið skammt til þess, að fjárlagafrv. yrði orðinn eins konar skattabandormur, þar sem væru eiginlega ákveðnir allir skattar í einu, söluskattur, eignarskattur o. s. frv. Þess vegna tel ég, að það eigi að halda skattvísitölunni aðskildri frá fjárlögum og ef á að afgreiða hana á Alþ. hverju sinni, þá sé miklu eðlilegra að gera það í sérstökum lögum, heldur en að gera það í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og hafa ákvæði um það í fjárlögum.

Ég held, að ég sjái svo ekki ástæðu til þess að segja fleira í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt er loksins lokið fasteignamati hér á landinu og ég ætla, að það fasteignamat eigi að taka gildi 1. jan. n. k. Þar sem þessi mál eru nú hér til umr., vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. fjmrh.: Þarf ekki að breyta ýmsum lögum, sem nú eru í gildi, vegna þess að nú tekur gildi nýtt fasteignamat? Mér skilst, að það séu fjöldamörg gjöld í þjóðfélaginu, sem eru miðuð við fasteignamat, gjöld bæði til ríkis og bæja og jafnvel fleiri aðila. Eins og menn hafa sjálfsagt séð eða heyrt, hefur fasteignamat hækkað nú eða réttara sagt margfaldazt frá því, sem var. Ég sé t. d., að ýmsar íbúðir hér í bænum munu tífaldast eða tólffaldast í fasteignamati og það, sem mér þótti enn þá merkilegra, var það, að jörð ein, sem ég á vestur á landi, hefur 25-faldazt í fasteignamati. Til viðbótar þessu eru í gildi lög, sem mæla svo fyrir, að fasteignamat skuli nífaldast í bæjarfélögum og í sveitum 4.5-faldast til eignarskatts og þar með líka til eignarútsvars, svo að ég get ímyndað mér, að ef jarðir í landinu eru nú farnar að 25-faldast í fasteignamati og haldið verður áfram með lög, sem eru í gildi um að nífalda það, svo að ég taki dæmi, þá fara skattarnir að verða allriflegir hjá einhverjum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti nú svarað þessu, því að ég er með því að spara fsp. í Sþ. og finnst þetta miklu eðlilegri leið, og er ég þá að gera hæstv. forseta til geðs, þ. e. a. s. forseta Sþ.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég vík að þessari fsp., sem sjálfsagt er að svara, þá ætla ég aðeins að segja örfá orð í sambandi við síðustu ummæli hv. 4. þm. Reykv., þar sem hann vildi nú kveða mig í kútinn endanlega, að vísu ekki með mínum eigin ummælum, en ummælum meðflm. míns að því frv., sem hann vísaði til og taldi, að bryti algerlega í bága við það, sem ég hef hér sagt. Það kann nú vel að vera, að menn verði eitthvað íhaldssamari með aldrinum, ég skal ekki um það segja, það er mál út af fyrir sig. En í þessu tilfelli hefur það ekki orðið. Ég veit, að hv. þm. veit það jafn vel eins og ég, að þegar þetta frv. var flutt, var ekki munur á kaupgreiðslu- og framfærsluvísitölu, þannig að það er ljóst, að það verður ekki dregin nein ályktun í sambandi við það, sem um málið er sagt af þeirri ástæðu, og í rauninni verður þó dregin ályktun af því, vegna þess að hann vitnaði til ummæla hæstv. núv. forsrh. í framsöguræðu þá, — eða hvort það var í grg. frv., ég man það nú ekki nákvæmlega, það skiptir ekki máli, — að það væri fráleitt, að það verkaði beinlínis til skattahækkunar, þó að menn fengju greitt hækkað kaup til að mæta auknum tilkostnaði. Þessu er ég nákvæmlega sammála. Það á ekki að verka til skattahækkunar. En ef það hefði gerzt, sem hv. þm. lagði til, núna undanfarin ár, þegar okkar efnahagserfiðleikaástand var, þá hefði það leitt til þess, að skattar hefðu stórkostlega lækkað í krónum talið, vegna þess að framfærsluvísitala hækkaði meira heldur en auðið var að bæta upp með kauphækkunum og það er auðvitað alveg grundvallarmunur á því. En nóg um það.

Hv. þm. líkaði ekki, að þetta yrði ákveðið í fjárlagafrv. og taldi fráleitt að ákveða slíkt sem þetta í fjárlagafrv. Sannleikurinn er auðvitað sá, að flestallir skattar eru ákveðnir í fjárlagafrv. efnislega, þó að það sé að formi til í öðrum lögum, vegna þess að fjárlagafrv. er afgerandi um fjárhagsafgreiðslu Alþ. hverju sinni. Það getur oft og tíðum þurft að breyta hinum ýmsu lögum, hvort sem þau eru um söluskatt eða annað. En ég veit ekki, hvort það væri svo fjarstætt, að það væru viðtækari heimildir til þess að ákveða skatta með fjárlagafrv. sjálfu, heldur en þurfa að breyta ótal mörgum sérlögum í því sambandi. Ég held, að það sé a. m. k. ekki atriði, sem menn eiga að varpa fyrir borð sem fásinnu.

Ég skal svo ekki orðlengja, herra forseti, um þetta mál og tel ekki þörf á því. En varðandi fsp. hv. 1. þm. Vestf., þá vil ég fyrst nota tækifærið til þess að óska honum til hamingju með það, að hann er margfalt ríkari en hann hélt. Það er alltaf gott að uppgötva það svona óvænt. En að öðru leyti varðandi fsp. hans um fast-

eignamatið, að það taki gildi 1. jan., þá skal ég í fyrsta lagi taka það fram, að það er engin vissa fyrir, að það taki gildi 1. jan. og raunar mjög hæpið, að það geti gert það, vegna þess að frestir þeir, sem gert er ráð fyrir í lögum og reglugerð um matið, eru býsna knappir, og það er mjög hæpið, að yfir- eða landsnefndin nái að ganga í tæka tíð frá matinu, þannig að það geti tekið gildi 1. jan. Þetta skal ég þó ekki um segja. Ég skýrði frá því í fjárlagaræðunni, að það mundi taka gildi um áramótin. En það veltur sem sagt á tímasetningum, hvort það geti orðið 1. jan., 1. febr. eða 1. marz, það skal ég ekki nákvæmlega um segja. En það skiptir heldur ekki meginmáli í sambandi við fsp. hv. þm., vegna þess að hann spurðist fyrir um, hvort ekki yrðu endurskoðuð hin ýmsu gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, og það verður að sjálfsögðu gert, því að hér er um slíka stórkostlega hækkun á mati fasteigna að ræða, að það kemur ekki til álita að miða gjöldin óbreytt prósentvís við hið nýja mat eins og þau eru í dag og miðuð voru við hið gamla mat. Og vitanlega hefur engum hugkvæmzt það, að það ákvæði gildi áfram, sem ákveðið er í eignarskattslögum, að fasteignir skuli til eignarskattsákvörðunar metnar á níföldu fasteignamati, það verði nífalt nýja matið. Frá því hef ég margoft áður skýrt í sambandi við umr. um það frv., að slíkt kæmi ekki til álita. Þessi lög öll — og það eru ekki eingöngu lög, heldur ýmsar reglugerðir, — eru í athugun. Meiri hl. þeirra snertir sveitarfélögin, en ekki ríkið og er í athugun hjá félmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga, en að því leyti, sem þetta snertir löggjöf, sem fjmrn. hefur með að gera og raunar önnur rn., þá hefur fjmrn. haft forgöngu um það, að þessi mál öll hafa verið tekin til athugunar og eru í endurskoðun hjá rn., og vitanlega verður að því stefnt, að allar nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögunum, áður en hið nýja mat tekur gildi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir góð og skýr svör, en því aðeins spurði ég, að mér þótti það merkilegt, að nú í októberlok bólar ekki á einu einasta af öllum þeim frv., sem ríkisstj. þarf að leggja fram, ef hún ætlar að koma þessu fram fyrir jól. Og það mega vera hröð vinnubrögð, ef þetta tekst, jafnvel þó að ekki líði langt héðan frá, þangað til frv. sýna sig hér á hv. Alþ. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann óski mér til hamingju með það, hvað ég sé orðinn ríkur, þá má hann líklega óska einhverjum fleiri slíks. Ég held samt sjálfur, að ég sé ekkert ríkari í október en ég var í september eða ég hef ekki komið auga á það. Eða heldur hæstv. ráðh. virkilega, að stjórnin sé alltaf að gera fólkið í landinu ríkara með verðbólgunni? Nei, það held ég, að sé einhver skekkja. Það er vitanlegt, að í krónutali hlýtur mat á eignum að breytast, ef þær á annað borð eru metnar eftir því, sem krónurnar minnka, en að menn verði ríkari fyrir að eiga tíeyringa eða fimmeyringa núna, sem áður voru krónur, það held ég, að sé ekki ríkidæmi, a. m. k. mundu fáir af hinum kapítalisku einstaklingum hér í landi sætta sig við það ríkidæmi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Siglingalög (frv. SvJ og MB).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963 [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. nr. 35 flyt ég ásamt 2. þm. Vestf. frv. til l. um breyt. á siglingalögum nr. 66 31. des. 1963. Samhljóða frv. því, sem nú er flutt, fluttum við á síðasta þingi, en þar sem var orðið nokkuð áliðið þings, varð það ekki útrætt og kom ekki úr n. Það, sem hér er lagt til með frv. þessu, er það, að öll íslenzk skip, varðskip og öll fiskiskip, séu skyldug til að veita hvert öðru aðstoð, þegar um tjón er að ræða og skip þarf að draga inn til hafnar. Er hér átt við skip yfir 100 rúmlestir að stærð, því að allt frá 1938 hafa þessi ákvæði gilt um skip, sem eru tryggð hjá Samábyrgð Íslands og væri þetta til samræmis við það. Ég vil skýra frá því, eins og reyndar kemur hér fram í grg., að frv. þetta var samið af nefnd, sem sjútvrh. skipaði til þess að athuga, á hvern hátt væri hægt að draga úr kostnaði við tryggingar fiskiskipa. Þessu verkefni þeirrar nefndar var skilað í nóv. 1968 til sjútvrn., en um það var ekki flutt stjfrv. Eins og segir í grg., er þetta frv. flutt með vitund sjútvrh. Ég vil aðeins skýra frá því, að allir aðrir þættir, sem þessi svokölluð tryggingamálanefnd lagði til, sem voru raunverulega auknar kvaðir á útvegsmenn eða að dregið var úr þeim réttindum, sem þeir fengu í gegnum tryggingarnar, hafa komið til framkvæmda, en þessi eini þáttur var eftir. Nú mætti spyrja: Er þetta svo stórt, að það sé ástæða til að flytja frv. um það þing eftir þing? Samkv. upplýsingum, sem lágu fyrir frá tryggingafélögunum, námu bætur vegna greiðslu fyrir svokallaða björgun og aðstoð á árunum 1964, 1966 og 1967 til jafnaðar á ári 2 millj. 556 þús. Nei, fyrirgefið, ég tók hér vitlausar tölur, nei, tjónið, sem þetta nam á þessu árabili nam 38 millj. 303 þús. og greiðslur vátryggingafélaganna námu 15.6% af þeirra útgjöldum. Það gefur auga leið, að þetta atriði verður til þess að auka mjög iðgjöldin, þegar tekið er tillit til tjónabóta við ákvörðun iðgjalda. Ég veit það, að þótt frv. þetta yrði

samþ., mundi þessi upphæð að sjálfsögðu ekki hverfa, en það væri ekki langt úr vegi að áætla, að hún gæti kannske minnkað um þriðjung eða jafnvel 40% af þessu, þegar um það væri að ræða.

Nú hef ég fengið upplýsingar frá Íslenzkri endurtryggingu um það, að á árunum 1968 og 1969 námu þessar greiðslur fyrir aðstoð í 376 skipti 24 millj. 390 þús. kr. Og er þá miðað við verðgildi peninganna í árslok 1969. Hjá endurtryggjendum eru 188 bátar endurtryggðir og af þeim hluta eru 87 bátar, sem fengið hafa aðstoð í þessu skyni í 139 skipti, sem nálgast það að um 40% af flotanum hafi fengið þarna aðstoð. En sagan er ekki öll sögð enn. Og hún er sú, að það liggja 300—400 kröfur hjá endurtryggjendum óafgreiddar og nema þær kröfur um 2—15% af vátryggingarverði skipanna. Ef allar þessar kröfur væru greiddar eins og þær liggja fyrir, þá mundi það þýða 0.8% í iðgjöldum, og þá sjá allir, hversu geigvænleg hækkun mundi verða, þegar til ákvörðunar kemur á iðgjöldum síðar. Það má vel vera, að í hugum manna sé það mikið atriði, að ekki megi skerða þann rétt, sem þriðji aðili hefur í sambandi við björgun. Í því sambandi leitaði nefnd sú, sem ég minntist á og Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var formaður fyrir, álits Magnúsar Torfasonar og frumvarpsgreinin er raunverulega samin af honum. Ég vil taka það fram, að hann var því ekki að öllu leyti sammála, að þetta væri kannske hin rétta leið. En ég vil í þessu sambandi benda á það, að þetta er sama ákvæði og gilt hefur allt síðan 1938, eins og ég sagði áðan, á skipum, sem eru tryggð hjá Samábyrgðinni, innbyrðis. Hér er talað um að útvíkka það til allra fiskiskipa og varðskipanna. Það er enginn að tala um það, að aðilum verði ekki vel greitt fyrir, þegar þeir veita aðstoð, og það er einnig í frvgr. gert ráð fyrir því, að ef um vafaatriði er að ræða, þá sé nefnd manna, sem fjalli um það og leggi sinn dóm á það, en ef menn vilja ekki við una, þá geta þeir leitað réttar síns hjá dómstólunum.

Með tilliti til þess, að þetta frv. var flutt hér í fyrra og þá reifað og umr. urðu nokkrar um það við 1. umr., þótt það kæmi ekki úr n., sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, en ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum (frv. EðS og MK).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum [43. mál] (þmfrv., A. 43).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 43 flyt ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1970 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. Efni þessa frv. er, að við 5. gr. laganna bætist svo hljóðandi mgr.: „Eftirlaun skulu aldrei vera lægri en kr. 2000 á mánuði að viðbættri vísitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970."

Þegar verkalýðsfélögin gerðu kjarasamninga í maí 1969, sömdu þau um stofnun lífeyrissjóða almennu verkalýðsfélaganna. En fram að þeim tíma höfðu almennu verkalýðsfélögin hér á landi ekki haft neina lífeyrissjóði. Stofnun þessara lífeyrissjóða var langstærsta atriði samninganna frá 1969 og með stærri réttindamálum, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um. Samtímis var einnig samið um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum í Alþýðusambandi Íslands, þ. e. til þeirra félagsmanna, sem ekki geta notið hinna nýju lífeyrissjóða sökum aldurs. Aðalreglan var hugsuð þannig, að þetta aldraða fólk nyti eftirlauna eins og þeir, sem verið hefðu í lífeyrissjóði í 15 ár. Kostnað vegna þessara sérstöku eftirlauna skyldi atvinnuleysistryggingasjóður bera að ¾ hlutum og ríkissjóður að ¼ hluta. Þetta samkomulag var birt í yfirlýsingu ríkisstj., sem fylgdi samningunum í maí 1969, og lög til staðfestingar þessu samkomulagi voru samþ. hér á Alþingi í marz í fyrravetur.

Ég vil sérstaklega undirstrika, að með þessu samkomulagi fékkst dýrmæt viðurkenning á rétti þessa aldraða fólks til eftirlauna. Þetta er fólk, sem búið er að slíta út kröftum sínum og í flestum tilfellum við hin arðbærustu störf fyrir þjóðfélagið.

Við framkvæmd þessara laga hafa hins vegar komið fram miklir gallar, svo að segja má, að í mörgum tilvikum sé hér aðeins um formlegan rétt að ræða, en að sjálf eftirlaunin vanti. Það var áreiðanlega ekki ætlun neins þess aðila, sem að samkomulaginu í fyrra stóð, að svo yrði. Reglan, sem eftirlaunin eru ákvörðuð eftir, er í fyrsta lagi, að viðkomandi sé orðinn 70 ára og hættur störfum og hafi verið í starfi í síðasta lagi í árslok 1967. Og síðan eru tekjur síðustu 5 starfsára hans lagðar til grundvallar við útreikning eftirlauna. Þessar reglur eru að mestu leyti og má segja einvörðungu reglur eldri lífeyrissjóða og þeir lífeyrissjóðir byggðu fyrst og fremst á þeim reglum, sem embættismannasjóðirnir hafa byggt upp. En þar er reglan sú, að þeir, sem hætta störfum sökum aldurs, eru þá

komnir í hæstu möguleg laun og hafa ekki verið á hærri launum fyrr í sínu starfi. Þegar hugsað var til reglugerða fyrir hina nýju sjóði, sem stofnaðir voru með samningunum 1969, var augljóst, að þessar reglur gátu ekki gilt fyrir þá sjóði, einfaldlega af þeirri ástæðu, að tekjur þessa fólks, sem hér um ræðir, þess almenna verkafólks, fara mjög lækkandi eftir aldri. Í staðinn fyrir að embættismennirnir eru í hámarki launa, þegar þeir hætta störfum, þá er þessu öfugt farið um hið almenna verkafólk. Þar er margt, sem kemur til og ég hirði ekki að fara að tíunda það neitt nákvæmlega. Hinir nýju sjóðir komust sem sagt að þeirri niðurstöðu, að þetta kerfi gætu þeir ekki notað og þá var fundið út eins konar stigakerfi, þar sem menn fá ákveðið stig fyrir hvert starfsár og með þeim hætti verða beztu starfsár ævinnar lögð til grundvallar við útreikning eftirlaunanna. Þetta kerfi var hins vegar ekki til, þegar samkomulagið var gert 1969, og menn höfðu þá máske ekki nægjanlega komið auga á, að hinar eldri reglur, sem miðaðar voru við fasta starfsmenn eða embættismenn, gátu ekki átt hér við. Reynslan hefur því orðið sú við framkvæmd þessara laga, að eftirlaunin hafa orðið miklu lægri en reiknað var með.

Ég vil geta þess, að nú fyrir nokkrum dögum síðan var búið að afgreiða eftirlaun til þessara öldruðu félaga í verkalýðsfélögunum fyrir upphæð, sem nam 2.5 millj., þó tæpum, og er þó miðað við greiðslur allt þetta ár til þeirra manna. Hins vegar var áætlað, að á fyrsta ári mundi kostnaður vegna framkvæmdar þessara laga, þ. e. a. s. greiðslur eftirlauna, nema 25 millj. kr. á árinu 1970. Það skakkar hér ákaflega miklu og er í raun og veru ekki nein skynsamleg ástæða til þess, að áætlanir, sem hér um voru gerðar og voru byggðar á aldri fólks í verkalýðsfélögunum, skuli bresta svo gersamlega. Þó að mönnum finnist nú oft gott, að áætlanir fari ekki fram úr því fjármagni, sem var ætlað til þeirra, þá mundi ég nú segja, að hér væri þessu alveg öfugt farið. Þetta stafar að sjálfsögðu að töluverðu leyti af því, að það eru færri, sem hafa sótt, en ætlað var. Hvort tveggja kemur þá til, að menn eru enn þá í starfi, þótt gamlir séu, og eins hitt, að eftirlaunin hafa reynzt svo lág, að menn hafa allt frekar viljað gera heldur en þurfa að sækja um þau og hvað lítið starf, sem hægt er að vera við, var það þó alltaf betra. Ég vil einnig geta þess, að af þeim fjölda, sem nú hefur verið afgreiddur, — ég þori ekki alveg að fara með, hve margir þeir eru, en það eru einhvers staðar á milli 200—300 manns, — þá eru það 10 til 20, en sennilega þó nær 10, sem ná því að fá 2000 kr. á mánuði. Það er alveg augljóst, eins og hinum almenna ellilífeyri er nú háttað hér á landi, að þetta eru náttúrlega engar bætur og það liggur við, að sárindin, sem fólk verður fyrir, þegar það finnur, að rétturinn er í raun og veru aðeins á pappírnum eða lítið meira, þau verði svo mikil og tilfinnanleg, að manni liggur við næstum því að óska þess, að skrefið hefði ekki verið stigið. En það, sem náttúrlega liggur fyrir, er að reyna að bæta hér um.

Ein höfuðástæðan fyrir því, að þetta samkomulag var gert, var sú, að á árunum 1966 og 1967 var farið að segja upp hér í Reykjavík mönnum, þegar þeir náðu sjötugs aldri. Það var sérstaklega í hafnarvinnunni, þó einkum hjá Eimskipafélagi Íslands, sem þessum mönnum var sagt upp. Að mörgu leyti verður það að teljast eðlilegt, að sjötugir menn hætti störfum við jafnerfiða og að mörgu leyti áhættusama vinnu eins og hafnarvinnan er. En hins vegar getur þjóðfélagið náttúrlega ekki verið þekkt fyrir það og ekki atvinnurekendur heldur að henda þessum mönnum frá sér eins og notuðu verkfæri, án þess að neitt sé séð fyrir því, að þeir geti lifað sómasamlegu lífi. Þeir hafnarverkamenn, sem voru driffjöðrin í því, að þetta samkomulag náðist fram, geta nú sem hámark fengið tæpar 1400 kr. á mánuði. Ég held, að það sjái allir, að þetta er ekki hægt. Ég vil einnig geta þess, að einmitt þessir menn áttu hvað drýgstan þátt í því fyrir 15 árum síðan, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn var stofnaður, og ¾ hlutar af því fjármagni, sem ætlað er til þessara eftirlauna, koma frá atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er aðeins tekið á einu atriði þessarar löggjafar eða samkomulagsins frá 1969 og það er það atriði, sem langmestum vonbrigðum hefur valdið. En það eru tvímælalaust mörg önnur atriði, sem þarf að athuga gaumgæfilega og breyta. Við meðferð málsins hér á Alþ. í fyrra kom ýmislegt fram, sem menn vildu hafa á annan veg. Það var sett ákvæði til bráðabirgða í lögin og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á lögum þessum eftir nokkra byrjunarreynslu af lögunum, ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna."

Mín afstaða var alltaf sú, að það hefði ekki átt að festa þessi ákvæði í lög. Hér er um alveg hrein samningamál að ræða og hefði verið miklu auðveldara að breyta þeim í framkvæmd með samkomulagi aðilanna. En þetta var nú gert og því verður að breyta lögunum. Ég vil engan veginn segja það, að þessi tillaga okkar flm. frv. sé það eina, sem til mála komi til að lagfæra upphæðir eftirlaunanna. Mér er fullvel ljóst, að þar eru ýmis vandamál, sem þarf að íhuga gaumgæfilega, og það hefur að sumu leyti verið gert af ýmsum aðilum, en það, sem er mjög brýnt og má ekki slá á frest, er að lögin verði endurskoðuð. Og ég tel, að hvorki aðilar samkomulagsins frá 1969 né hið háa Alþ. geti staðið sig við annað en að lögin verði nú tafarlaust endurskoðuð.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Menntaskólar.

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1970, um menntaskóla [46. mál] (þmfrv., A. 46).

Á 6., 7. og 11. fundi í Nd., 27. og 29. okt. og 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það var á Alþ. 1964—1965, sem lagt var hér fram stjfrv., þar sem menntaskóli á Austurlandi skyldi tekinn í lög. Og þetta frv. varð að lögum á þinginu 1964—1965. Ég hafði mikinn áhuga fyrir því, að þetta fengist lögfest, en menntaskólinn á Austurlandi er samt ekki enn þá orðinn að veruleika. Þess vegna hef ég nú flutt frv. um breyt. á menntaskólalögunum á þskj. 46, sem gerir ráð fyrir því, að í stað þess, að svo er til orða tekið í gildandi lögum, að menntaskóli skuli vera einn á Austurlandi, þá verði honum ákveðinn staður á Eiðum á Fljótsdalshéraði. Það þarf vafalaust ekki að fara mörgum orðum um það nú, og ég held, að það sé almennt viðurkennt, að þetta er mjög mikilvægt mál fyrir byggðarlögin og landshlutana, að menntaskólar séu sem víðast starfandi. Þetta er, ef svo mætti segja, sjálfstæðismál, og það er nú einu sinni þannig, að landshlutarnir og byggðarlögin — Austurland í þessu tilfelli, — þau eru heildir í þjóðfélaginu, — það eru ekki aðeins kjördæmin, ekki aðeins vegna kjördæmaskiptingarinnar, það er landfræðileg skipting og stjórnarfarsleg og stundum kannske ein eða fleiri heildir innan kjördæmanna. En landshlutarnir eiga sín sjálfstæðismál og þau eru einhver hin þýðingarmestu fyrir líf og framtíð byggðarlaganna víðs vegar, og ég vildi jafnframt segja, að sem sjálfstæðust landsvæði eru líka lífsnauðsyn fyrir þjóðfélögin. Ég orðaði þetta einu sinni þannig á raforkuráðstefnu, sem haldin var á s. l. sumri, að þessar heildir væru „líffræðileg nauðsyn" þjóðfélags. Ég býst ekki við að það þurfi að fjölyrða mikið um þennan þátt. Ég held, að það sé almennt að verða viðurkennt, hversu mikilvægt einmitt þetta atriði er. Og meðal þeirra mála, sem þarna eru mjög mikilvæg, eru einmitt skólamálin. Skólakerfi hverrar heildar þarf að spanna sem mest af menntabrautinni, ella er hætt við, að vanmáttarkennd skapist, sem er versta dauðamark byggðarlags eða landshluta. Menntaskóli á Austurlandi er þess vegna sjálfstæðis- og jafnréttismál. Nú er það staðreynd, að hann er í lögum. En það hefur samt sem áður skort nokkuð á. — Það, sem þarf að ske áður en skólinn verður veruleiki, er að ákveða, hvar hann skuli reistur. Ég hef frá upphafi verið þeirrar skoðunar, að á Eiðum á Fljótsdalshéraði, sem er elzta menntasetur á Austurlandi, — ætti þessi skóli að rísa. En ástæðan til þess — eða sú er a. m. k. meginástæðan til þess, að staðarvalið er enn óútkljáð, er verulegur ágreiningur um þetta mál í heimabyggðunum.

Mig langar til í þessari framsögu að vitna hér í kafla úr skólasetningarræðu á Eiðum frá 13. október 1968, sem skólastjórinn þar, Þorkell Steinar Ellertsson, flutti. Með leyfi hæstv. forseta, þá segir svo í þessum kafla ræðunnar:

„Þá langar mig að víkja nokkrum orðum að menntaskólamálinu og sérstaklega vegna þess, að Eiðar eru einatt nefndir í því sambandi. Til þess að gera sér sem ljósasta grein fyrir því öllu nægir ekki að einblína á einn stað og eina sögu, heldur verður að skyggnast til allra átta. Fyrst er nauðsynlegt að gefa gaum þeirri almennu þróun, sem átt hefur sér stað í skólamálum hér á landi hin síðari ár, og síðan að kanna, hvað væntanlegt er á næstunni. Það mun allur almenningur sjá, að nú stefnir að því hröðum skrefum, að skyldunámið færist heim í viðkomandi sveitarfélög eða byggðarlög. Alls staðar í þéttbýli er þetta nú þegar staðreynd. Borgarfjörður eystri mun hafa rekið lestina, en í sumar tóku þeir þá ávörðun að hafa 2. bekk í vetur, og verður svo væntanlega áfram." Ég vek athygli á því, að þetta er sagt fyrir tveimur árum, haustið 1968. — „Margir hreppar hafa einnig leyst sín mál á viðunandi hátt, eins og t. d. Hallormsstaðarskólinn ber vitni um. Þetta er að sjálfsögðu gleðileg þróun og eðlileg. Og að því dregur innan örfárra ára, að fræðsluskyldunni verður fullnægt í öllum sveitarfélögum í fjórðungnum, annaðhvort upp á eigin spýtur eða með samstarfi við aðra. Það sjá líka allir, að fleiri bekki verður að leggja niður á Eiðum en þann fyrsta." — Ég vil skjóta hér inn í, að einmitt þá var kennsla 1. bekkjar lögð niður, en áður höfðu verið fjórir bekkir á hverjum vetri. — „Forsendan fyrir rekstri 2. bekkjar er þá líka horfin. Reyndar sjáum við þess ótal merki í dag, hvert stefnir, t. d. eru í vetur aðeins tólf nemendur í 2. bekk hér að Eiðum (þ. e. 1968—1969).

Berum þróunina hér saman við það, sem er að gerast á Norðurlöndum, enda er það yfirlýst stefna Norðurlandaráðs, að skólamál Norðurlandanna beri að samræma og fella að mestu í svipaðan ramma. Er þar skemmst af að segja, að fræðslukerfi frændþjóða okkar hefur breytzt mikið að innri gerð hin seinni árin, og alls staðar á Norðurlöndum er nú komin 9 ára skólaskylda. Skyldunámi þar lýkur upp úr 3. bekk unglingaskóla og samsvarar það nokkurn veginn 3. bekk gagnfræðaskóla hjá okkur. Nemendur geta þá valið um framhaldsskóla af ýmsu tagi, eins og tækniskóla, verzlunarskóla, menntaskóla, iðnskóla o. fl. 4. bekkur gagnfræðastigsins er þar ekki til lengur nema á örfáum stöðum í Danmörku. Allt bendir til þess, að gangurinn verði svipaður hjá okkur. Fljótlega eftir að fræðsluskyldunni verður fullnægt um meiri hluta landsins, verður skyldan lengd um eitt ár. Sennilegt er, að um það leyti verði kennsla á barnaskólastiginu orðin það örugg og námið það samfellt, að hægt verði að fella niður 4. bekk gagnfræðastigsins og nemendur ljúki sambærilegu námi ári fyrr en tíðkast í dag. Þegar að því dregur, að við þurfum að bæta við þessum 9. bekk skyldunámsins, og það verður langtum fyrr en okkur sjálfsagt öll grunar, verður varla um það rætt að flytja nemendur í sérstaka skóla til að ljúka þeim vetri. Þeim bekkjardeildum verður einfaldlega

bætt við skylduskólann í heimasveitinni og það verður lítið vandamál. Á mörgum stöðum er aðstaða fyrir hendi þegar í dag, og annars staðar verður bætt við húsakynni því, sem á vantar. Með því að renna huganum á þennan hátt fram í tímann má sjá, að hrepparnir munu ekki einvörðungu taka að sér fræðsluskyldu fyrir 1. og 2. bekk, heldur einnig þann 3. Og með bættum skólaháttum verður 4. bekkur lagður niður og íslenzka skólakerfið samræmt því, sem gerist á Norðurlöndum. Þá verður hinni 9 ára fræðsluskyldu fullnægt í öllum hreppum á Austurlandi, og fólk á Borgarfirði, Seyðisfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum, Hallormsstað og öðrum skólastöðum í fjórðungnum þarf ekki að senda unglinga sína langar leiðir til þess að ljúka hinu almenna undirbúningsnámi. Það verður kennt í heimabyggð. Í sérskólana verður eftir sem áður að sækja, en um það gegnir öðru máli. Unglingarnir eru þá orðnir þroskaðir og ærinn munur er það fyrir foreldra að senda slíkt fólk að heiman í famhaldsskóla eða 13 ára reynslulítinn ungling í 8 mánaða heimavist.

Ef þróun mála verður sú, sem hér að framan greinir og allar líkur benda til, liggur í augum uppi, að Eiðaskóli mun láta af því hlutverki, sem verið hefur hans á undanförnum áratugum. Og það er tómt mál um að tala að byggja nýjan héraðsskóla á Austurlandi. Hér þarf fyrst og fremst að koma hinni almennu fræðsluskyldu í viðunandi horf, bæta við 9. skyldunárinu og vinna að stofnun framhalds- og sérskóla fyrir fjórðunginn. Og sá framhaldsskóli, sem helzt ber á góma um þessar mundir, er menntaskóli Austurlands. Nokkuð hefur borið á því undanfarið, að vissir hreppar hafi af hagsmunaástæðum lagt sig fram um að toga menntaskólann inn á sitt yfirráðasvæði, en slíkt er málefnum fjórðungsheildarinnar hreint ekki til framdráttar. Sjónarmið einkahagsmuna mega aldrei verða til þess að ráða staðsetningu mikilvægra stofnana, hverju nafni sem nefnast. Þeirri upphæð, sem bygging nýs menntaskóla mundi kosta, ætti að verja til þess að bæta þá góðu aðstöðu, sem fyrir er á Eiðum, en afgangi upphæðarinnar til uppbyggingar skólamála í fjórðungnum almennt. T. d. þarf á næstu árum að stofna til miðskóladeilda á Egilsstöðum, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og víðar. Möguleiki er á því hvenær sem er að koma upp menntadeildum við Eiðaskóla. Til þess þarf aðeins samþykki viðkomandi yfirvalda. Síðar yrði að stofna menntaskólann formlega, ráða honum forráðamenn og starfslið. Fjölmörg rök önnur, tilfinningalegs, landfræðilegs, menningar- og sögulegs eðlis hníga að því, að Eiðaskóli verði áfram í framtíðinni sú menningarmiðstöð fyrir Austurland, sem upphaflega var til ætlazt, en þau rök munu ekki rakin hér. Aðeins hefur verið drepið á þann þáttinn, sem hvað minnst hefur verið um fjallað og sem e. t. v. skiptir langmestu máli."

Hér lýkur tilvitnuninni í þennan kafla úr skólasetningarræðunni frá því haustið 1968. Og ég hef kosið að kynna hann hér vegna þess að mér sýnist, að allt það, sem þar kemur fram, hafi reynsla þessara tveggja ára, sem liðin eru síðan, staðfest enn þá betur. T. d. eru nú þegar komnar miðskóladeildir í flestöllum þessum þéttbýlisstöðum á Austurlandi. Það má að vísu segja, að enn þá sé ekki fram komin sú spá í þessari ræðu, sem ég var að vitna hér til, að skólaskyldan verði 9 ár, en mér er nær að halda, að það muni þegar á þessu yfirstandandi Alþ. koma fram í frumvarpsformi. Í öllu falli virðist mér af mínum kynnum af skólamönnum, að þá sé einmitt þessi breyting á fræðsluskyldunni á næsta leiti. Og það er verulegt atriði í þessu máli. Ég ætla ekki að halda langa ræðu hér við framsögu þessa máls, en mér er það nokkur þyrnir í augum og fleinn í holdi, að ekki skuli miða betur áfram en raun ber vitni þessu menntaskólamáli Austurlands. Það er engan veginn, að ég beri nokkra öfund til Vestfirðinga, þó að þeir hafi komið sínum skóla á stofn, heldur þvert á móti samgleðst ég þeim yfir því, að skólinn er þar orðinn að veruleika. En eins og fram kemur í þeirri grg., sem ég lét fylgja með frv., þá sýnist mér, að sú ósamstaða, sem er heima fyrir um staðarvalið, muni jafnvel enn geta tafið þetta mál, og þess vegna vil ég freista þess að leysa þann hnút með því að Alþ. geri það og ég tel í raun og veru að það sé skylda þess að gera það.

Málum er þannig háttað í vetur á Eiðum, að þar er komin framhaldsdeild, sem er í samræmi við þá breytingu, sem gerð var með brbl. á s. l. ári eða sumarið 1969, og ég held, að Eiðaskóli sé eini alþýðuskólinn, sem hefur tekið þessa deild upp, og það var einfaldlega vegna þess, að það var rúm fyrir hana, möguleiki til að koma henni á. Í öðrum héraðsskólum mun hins vegar hafa verið þannig ástatt, að þeir bekkir, sem hingað til hafa verið í skólunum, — þeirra skólarými hefur verið fullsetið. Þetta gefur líka bendingu um, hvert stefnir. Það er enginn vafi á því, að í huga Austfirðinga yfirleitt er viss ljómi yfir Eiðaskóla, og allir viðurkenna, hversu mikils virði hann hefur verið fyrir Austurland alla sína tíð. En menn greinir á um það, hvort ekki sé þörf fyrir hann eftirleiðis í því formi, sem hann hefur starfað, alveg eins og hingað til. Einnig eru nokkrar raddir uppi um það, þegar rætt er um staðsetningu, að það sé ekki heppilegt, að menntaskólinn sé ekki settur í nokkurt þéttbýli. Ég vil upplýsa það, að vegalengd t. d. frá Egilsstöðum er ca. 14—15 km og ég hef oft bent á það í viðræðum við menn, að a. m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu væri slík vegalengd ekki talin mjög mikilvæg, og eins og hefur skeð, ef við lítum ögn til baka, þá hafa allar fjarlægðir raunverulega farið minnkandi og ég held, að svo verði einnig á næstu árum, þannig að þessi ástæða, eða þessi röksemd, er í mínum augum mjög léttvæg.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til hv. menntmn. og ég vænti þess, að hún leiti þá jafnframt umsagna, þar sem hún telur ástæðu til, um þetta mál, ef þær kynnu að geta upplýst eitthvað betur heldur en mér hefur tekizt í þessum fáu framsöguorðum og í þeirri grg., sem frv. fylgdi. En ég vil jafnframt láta í ljós þá ósk til hv. n. og til Alþ., að það afgreiði þetta mál á þessu þingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós nú við 1. umr. þessa máls, að ég tel, að menntaskóli Austurlands eigi að rísa á Egilsstöðum. Ég er ekki einn um þá skoðun. Ég tel óhætt að fullyrða, að mikill meiri hluti manna á Austurlandi vill að menntaskólinn verði þar, telur það hagfelldast og á allan hátt eðlilegast eins og málið er vaxið. Ég vil biðja menn að taka eftir því, að hv. flm. færir engin rök fyrir því að taka Eiða fram yfir Egilsstaði nema þau, að það sé skóli á Eiðum, sem mætti leggja niður, gagnfræðaskóli á Eiðum, sem mætti rýma, og þangað væri hægt að setja inn menntaskóla í þau húsakynni. Það var einhliða þessi ástæða, auk þess, að það hefði áður verið skóli á Eiðum langa hríð. Öllum er kunnugt, að Eiðar eru merkur skólastaður og þýðingarmikill í sögu Austurlands, en rökin voru eingöngu þau, að þar væri pláss, sem væri að losna, og því væri hægt að notfæra sér það. Því væri það hagfellt. En alls ekki hitt, að Eiðar hefðu nokkuð fram yfir aðra staði sem menntaskólasetur. Að þessu kem ég síðar.

Það er skoðun þeirra flestra, sem þessi mál hafa skoðað, þ. á m. kom það greinilega fram á aðalfundi sveitarstjórnasambands Austurlands, þar sem lögð var fram áætlun fyrir næstu ár um uppbygging menntamála í Austfirðingafjórðungi, að það verði að halda Eiðaskóla áfram um ófyrirsjáanlega framtíð og það gæti því alls ekki verið um að ræða að rýma þar neitt pláss fyrir eitt né annað. Kennsla á gagnfræðastiginu yrði að vera þar áfram fyrir þau byggðarlög, sem ekki geta haft gagnfræðaskóla heima hjá sér, og fyrir framhaldsnám gagnfræðinga hliðstætt því, sem sett hefur verið upp utan menntaskóla í öðrum byggðarlögum og raunar er aðeins byrjað á Eiðum. Þessu hlutverki yrði Eiðaskóli að sinna. Það var í þeirri áætlun, sem þar var rædd og ítarlega skoðuð, gert ráð fyrir því, að 3 skólar yrðu á Austurlandi hliðstæðir, jöfnum höndum gagnfræðaskólar og skólar fyrir framhaldsnám gagnfræðinga, með svokölluðum fjölfræðideildum, þ. e. í Neskaupstað, á Höfn í Hornafirði og á Eiðum. Skyldunámið verði fært heim í byggðarlögin eins og hægt væri, en sameiginlegur menntaskóli fyrir allt Austurland.

Ég vil skýra frá, að það hefur farið fram könnun á viðhorfi sveitarstjórna á Austurlandi um skólastað fyrir menntaskóla, sem nefnd sú, er skipuð var á sínum tíma til þess að íhuga þetta mál, stóð fyrir. En sú nefnd var m. a. sett á fót fyrir frumkvæði alþingismanna af Austurlandi. Samkvæmt þeirri skoðanakönnun voru það forráðamenn 19 sveitarfélaga, sem vildu hafa menntaskólann á Egilsstöðum. Að baki þeim standa 4009 íbúar. Forráðamenn 4 sveitarfélaga mæltu með Eiðum, og er íbúatala þeirra 2251. 2 sveitarfélög mæltu með Neskaupstað, og er íbúatala þeirra sveitarfélaga 1654. En 8 sveitarstjórnir mæla með Egilsstöðum eða Eiðum, og er íbúatala þeirra sveitarfélaga, sem stóðu að baki þeirra forráðamanna, 1496. Eitt sveitarfélag, þ. e. a. s. Reyðarfjörður, mælti með Reyðarfirði. En það var Neskaupstaður og Norðfjörður, sem mæltu með Neskaupstað. Af þessu sést, að forráðamenn 19 sveitarfélaga mæla með Egilsstöðum, en 4 með Eiðum og 8 með báðum þessum stöðum, þ. e. a. s. gera ekki upp á milli þeirra. Það kemur einnig fram, að það eru einungis forráðamenn þriggja sveitarfélaga á Austurlandi, sem ekki mæla með Egilsstöðum sem skólastað. Forráðamenn allra sveitarfélaga á Austurlandi utan þriggja hafa því mælt með Egilsstöðum sem skólastað fyrir menntaskóla. Má segja, að vilji Austfirðinga sé sæmilega skýr í þessu máli. Það er aldrei hægt að gera ráð fyrir því, að allir séu sammála um málefni eins og þetta. Það er ekki við slíku að búast. Það koma svo mörg sjónarmið þarna til greina. Ég fullyrði, að þær sveitarstjórnir, sem mæltu með Eiðum, muni yfirleitt ekki hafa gert ráð fyrir því, að bygging menntaskóla á Eiðum þýddi, að gagnfræðaskólinn yrði lagður niður. Þeir hafa hugsað sér, að það yrði byggður nýr skóli á Eiðum, en gagnfræðaskólinn ekki lagður niður. Ég efast um, að slíkt hafi hvarflað að þeim, þegar þessi skoðanakönnun fór fram.

Ég vildi að það kæmi hér fram, hvernig þessi eftirgrennslan varð um þetta efni, en síðan vil ég færa nokkur rök fyrir því, hvers vegna ég og mjög margir fleiri viljum, að menntaskólinn komi á Egilsstaði. Egilsstaðir eru þannig í sveit settir, að þar um liggja allar leiðir, að segja má, innan Austfirðingafjórðungs og inn í fjórðunginn. Egilsstaðir liggja fast við góðan og batnandi flugvöll, einn af beztu flugvöllum landsins, sem einnig tengir staðinn við aðra landshluta. Egilsstaðir eru ekki aðeins tengdir traustum böndum við öll byggðarlög á Austurlandi, heldur einnig við aðra landshluta, og það er vitanlega gífurlega mikið atriði, vegna þess að menntaskóli af þessu tagi á að vera þannig, að hann geti verið eftirsóttur af fólki hvaðanæva af landinu. Egilsstaðir eru orðnir stórt kauptún og stórvaxandi og það er vitaskuld stórfelldur kostur að geta sett menntaskóla á slíkan stað. En t. d. um vöxt Egilsstaðakauptúns má geta þess, að það er nýbúið að samþykkja lánveitingu þangað í 16 íbúða blokk og allar íbúðirnar seldar fyrirfram. Það leikur enginn vafi á því, að Egilsstaðir eru stórvaxandi byggðarlag. Þetta þýðir, að aðstaða til félagslífs fyrir nemendur skóla af þessu tagi er mjög góð einmitt á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum er örugg læknaþjónusta, það er verið að byggja fullkomna læknamiðstöð einmitt á Egilsstöðum. Þar er fullkomin verzlunarþjónusta og margs konar önnur þjónusta í bezta lagi. Það er mjög aðlaðandi fyrir kennaralið og aðra, sem þurfa að starfa við menntaskóla, að eiga heima á Egilsstöðum, og yrði ólíkt léttara að fá vel hæfa kennara á slíkan stað en þann, sem væri að meira eða minna leyti einangraður frá því fjölbýlislífi, sem verður á stað eins og Egilsstöðum. Um þetta er ekkert að efast. Fyrir heimilin er þarna góð þjónusta, þarna eru barnaleikvellir, dagheimili og annað, sem mikið er lagt upp úr, að sé í fullkomnu lagi. Þá er það ákaflega stór þáttur í þessu máli, að á Egilsstöðum mundi verða hægt að fá leiguhúsnæði fyrir fjölda aðkomunemenda, einstök herbergi. Það væri því hægt að komast af með miklu minni heimavistir á Egilsstöðum en ef skólinn væri á Eiðum, það er alveg augljóst mál. Íþróttahúsi og sundlaug

þarf að koma upp á Egilsstöðum hvort sem er, og væri þess vegna mjög mikil hagræðing að koma þeim stofnunum upp í einu lagi fyrir byggðina sjálfa og menntaskólann. Á Egilsstöðum eru nú þegar búsettir nokkrir menn með háskólapróf og sem ráða yfir annarri þekkingu, menn sem hægt væri að fá til þess að vinna að stundakennslu við menntaskólann. Þannig má í raun og veru nálega endalaust telja fram atriði, sem sýna, að það er bæði eðlilegra og hagfelldara að reisa menntaskólann á Egilsstöðum en á Eiðum, þótt sá staður hafi ýmislegt til síns ágætis.

Loks má geta þess, að á Egilsstöðum mundi skólinn liggja alveg sérstaklega vel við til afnota á sumrin til þess að taka á móti gestum, ferðafólki, og mætti reka þar gistihús til stuðnings þeirri stórfelldu umferð, sem er á þessum slóðum og sífellt vaxandi. Þannig væri hægt að slá fleiri en eina flugu í sama höggi með því að velja skólanum stað í þessu stórvaxandi þéttbýlissvæði á miðju Austurlandi. Þetta munu vera nokkrar helztu ástæðurnar fyrir því, að svo margir telja sjálfsagt og eðlilegt að reisa skólann á Egilsstöðum.

Ég skal ekki fremur en hv. flm. tala langt mál um þetta efni, heldur aðeins drepa á örfá aðalatriði og kem að lokum að því aftur, hvort á Eiðum verði laust húsnæði fyrir menntaskóla. En það var einmitt á því, sem hv. flm. byggði sinn málflutning og sína till. Ég vísa í því efni til þeirrar athugunar, sem farið hefur fram á vegum sveitarstjórnasambandsins, og ég vil taka það upp hér aftur, að nefnd sú, sem hefur unnið að þessum málum á vegum sambandsins, telur, að það verði í framtíðinni að vera 3 fullkomnir gagnfræðaskólar með heimavist á Austurlandi, sem sé á Eiðum, í Neskaupstað og á Höfn í Hornafirði, og nefndin leggur áherzlu á, alveg stórkostlega áherzlu á, að Eiðaskóla megi þess vegna alls ekki leggja niður. Enn fremur leggur nefndin mikla áherzlu á, að framvegis verði að vera hægt að taka upp framhaldsnám fyrir gagnfræðinga á öllum þessum stöðum. Nefndin sýnir einnig fram á það með alveg óyggjandi rökum, að það er óhugsandi, að hægt sé í öllum byggðum Austurlands að koma í framkvæmd heima fyrir því námi, sem nú fer fram á Eiðum. Það sé með öllu óhugsandi. Það kemur greinilega fram, að um ófyrirsjáanlegan tíma verði að vera á Eiðum a. m. k. 2 deildir 3. bekkjar miðskóla og ein landsprófsdeild og tvær gagnfræðadeildir a. m. k. og helzt 2 framhaldsdeildir eftir gagnfræðapróf, og þó enn meira í framtíðinni. Við verðum að gæta þess, að það er ekki hægt að hugsa sér, að allir, sem vilja fara í framhaldsnám, fari í menntaskóla. Það þarf að koma upp í fjórðungum landsins einnig framhaldsnámi með öðrum hætti.

Og til þess þurfum við að sjálfsögðu skóla, eins og ég hef komið hér inn á. Það er því ljóst, að yrði Eiðaskóla kippt í burt í núverandi mynd, eða í þeirri mynd, sem hann færist í með einhvað breyttri skipan skyldunáms, hlyti að skapast algert öngþveiti á þeim skólastigum á Austurlandi. Það breytir engu í þessu sambandi og var vel skoðað á aðalfundi sveitarstjórnasambandsins í sumar, þar sem þessi mál voru ítarlega rædd, — það breytir engu í þessu sambandi, þó skyldunámið verði lengt um eitt ár. Það losar ekki Eiðaskóla frá því að starfa áfram fyrir framhaldsnám, sumpart á því stigi, sem við nú köllum gagnfræðastig, og sumpart að framhaldsnámi fyrir gagnfræðinga.

Ég er hræddur um, að þessi hugmynd, sem hv. flm. er talsmaður fyrir, að hægt sé að losa Eiðaskóla og setja menntaskóla Austfirðinga þar inn, hafi orðið málinu óþörf að því leyti til, að hún hefur tafið, að það yrði tekin ákvörðun um staðinn. Og ég tek undir það einmitt með hv. flm., að það hefur dregizt of lengi að taka ákvörðun um skólastaðinn, því að það er sannast að segja ekkert hægt að gera fyrr en búið er að ákveða, hvar skólinn skuli vera. Þess vegna er meira en mál til komið, að ákvörðun verði tekin um það efni. En ég tel, eins og ég hef þegar sagt í þessum orðum, að það eigi að ákveða menntaskólanum stað á Egilsstöðum.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég tel rétt að gera nokkrar aths. við ræðu hv. 1. þm. Austf., þó að ég segi það hér í hreinskilni, að mér þótti mjög vænt um, að hann kom hér upp. Og sérstaklega vegna þess, að ég hef nú ekki heyrt fyrr úr hans munni ákveðna afstöðu með ákveðnum stað í þessu menntaskólamáli. En það er alveg ómótmælanleg staðreynd, að það er engin hreyfing á menntaskólamálinu á Austurlandi vegna þess, að samstaða hefur ekki náðst um það, hvar skólinn skuli vera. Ég vissi vel um þá könnun, sem gerð var fyrir 2 árum af hálfu svokallaðrar menntaskólanefndar á Austurlandi um skoðanir sveitarstjórna á svæðinu. Ég hef þessa skýrslu fyrir framan mig. Það má túlka hana svolítið eftir því, sem mönnum þykir þægilegt. Hitt er staðreynd, að það voru langflestar hreppsnefndirnar eða sveitarstjórnirnar, sem lýstu sig samþykkar því, að skólastaðurinn yrði Egilsstaðir. Hins vegar voru allmargir, og sérstaklega voru það fjölmennari staðirnir, sem voru ýmist með Eiðum eða annaðhvort Eiðum eða Egilsstöðum. Og ég vil þá vekja athygli á því um þær sveitarstjórnir, sem lögðu ekki svo mikið upp úr, eða ákvörðuðu sig ekki með annan hvorn staðinn, þá er ég alveg sannfærður um það, að þeim er það ákaflega vel ljóst, að það er af mörgum gert allt of mikið úr því, hvaða munur sé á aðstöðunni, eftir því, hvort skólinn er settur á Egilsstaði eða Eiða. Ég get tekið undir flest af því, sem hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Austf., var að telja upp sem kosti Egilsstaðakauptúns, en hann gerir bara allt of mikið úr því, að þessir kostir heyri aðeins til Egilsstöðum. Flestir þessir kostir eru líka kostir fyrir Eiða, vegalengdin er ekki það mikil þar á milli. Það er alveg rétt, að höfuðrökin fyrir því, að lagt er til, að skólinn verði að Eiðum, eru þau, að þar er skólastaður fyrir. Hitt er misskilningur hjá hv. 1. þm. Austf., að það þurfi endilega að felast í því að leggja niður það gagnfræðanám, sem nú er fyrir, að því leyti, sem nauðsyn verður á því fyrir strjálbýlustu svæðin austanlands. En sá maður, sem ég held alveg tvímælalaust að sé kunnugastur og sjái bezt hvað framundan er fyrir alþýðuskólann á Eiðum, skólastjórinn þar, hefur lagt á það

áherzlu, að það stefni í þá átt, að umsóknum um skólann fækki og þetta húsnæði, sem þar er, verði ekki nýtt og það enn þá frekar, ef það verður að staðreynd, sem nú eru mestar líkur til, að skólakerfinu og námstilhöguninni verði breytt í það horf, sem ég var áðan að lýsa. Ég verð nú að segja það, eftir að hv. þm. var búinn að kynna það og halda því fram, að það væru raunverulega svo til allir Austfirðingar með því, að skólinn yrði á Egilsstöðum: Af hverju er þá ekki búið að láta uppi þessa skoðun og gera kröfuna til Alþ. um það að setja skólann á stofn? Nei, málið er nú ekki svona einfalt. Það er allt of mikill ágreiningur um málið heima fyrir og það er fyrst og fremst þess vegna, sem ég hef kosið að leggja það hér fyrir Alþ., af því að ég vil, að það skeri úr um það atriði, sem eingöngu hefur til þessa verið í vegi fyrir því, að skólinn yrði að veruleika, því það sjá það allir menn, að á meðan honum er ekki valinn staður, þá þýðir ekki að knýja á dyr Alþ. um fjárveitingu fyrir slíkan skóla.

Það er alls ekki meining mín, — og ég vil undirstrika það, sem ég var að nefna hér — að það þurfi nauðsynlega að leggja niður allt gagnfræðanám á Eiðum. Mér er það alveg ljóst, að það eru nokkrir hreppar, sveitahreppar, sem munu þurfa a. m. k. á næstunni á slíkri námsaðstöðu, kennsluaðstöðu að halda, og þá á heldur ekkert að þurfa að vera í veginum fyrir því, að slík námsaðstaða verði veitt á Eiðum, þó að menntaskólinn verði tekinn þar á staðinn. Það þarf kannske engan að undra, þó að hv. 1. þm. Austf. hafi breytt um skoðun frá því sem var fyrir nokkrum árum. En ég man ekki betur en að hann og Einar Sigurðsson, sem þá voru hér alþm., flyttu einmitt frv. hér um það, að menntaskóli yrði settur að Eiðum. En ég segi það hiklaust hér, að ef það kemur nú í ljós, að yfirgnæfandi meiri hluti Austfirðinga og kannske flestallir eru orðnir sammála um það, að skólinn verði settur á Egilsstöðum, þá er auðvitað sjálfsagt að beygja sig fyrir þeirri staðreynd, og ég veit að Alþ. muni gera það. En ég held bara, að málið liggi ekki þannig fyrir enn þá, og eitt er víst og það hefur verið talsvert í mínum huga, að það þarf miklu meira fé til að koma honum á laggir, ef hann verður settur upp, byggður upp að nýju á Egilsstöðum, heldur en með því að setja hann í Eiða, því að þar er hægt að byrja eiginlega svo að segja nú þegar, t. d. á 1. bekk og láta hann smátt og smátt vaxa eins og yfirleitt hefur verið, — þannig hefur verið farið yfirleitt með alla menntaskóla í landinu. Ég get bent á hér til sannindamerkis um það, að nokkur ágreiningur hefur verið á Austurlandi, að ég hef hér í höndum ljómandi fallega bók, sem gefin var út um heljarmikið menntasvæði í Neskaupstað. Enda er það staðreynd, sem ég hef verið að leggja áherzlu á, að það er einmitt ágreiningurinn um staðinn, sem hefur orðið þess valdandi, að Austfirðingar hafa orðið aftur úr með menntaskólann. En ég held, að hv. þm. hafi gert allt of mikið úr því, — og einnig þótt hann vitnaði til þess nefndarálits, sem svokölluð skólanefnd sveitarstjórnasambandsins á Austurlandi lagði fram á aðalfundi þar á s.l. sumri, — ég held, að hann hafi gert allt of mikið úr því, hver nauðsyn væri á Eiðaskóla í svo að segja óbreyttu hlutverki á næstunni. Hitt er rétt, eins og fram kom í þeirri tilvitnun, sem ég las úr ræðu skólastjórans á Eiðum, að það eru fleiri framhaldsstig, sem þurfa að koma heldur en bara menntaskóli. En ég held, að það sé þó fjær lagi að hugsa sér t. d. að breyta Eiðaskóla að einhverju leyti í iðnskóla eða tækniskóla en að þar verði menntaskóli. Þetta eru námssvið, sem líka þurfa að koma. Ég ætla samt sem áður ekki að deila við hv. þm. Það var gott að það kom fram, sem hann sagði, og sérstaklega vil ég endurtaka, að ég fagna því, að hann hefur nú lýst ákveðinni afstöðu í þessu máli, en ég vil enn sem fyrr leggja á það áherzlu, að Alþ. skiljist ekki svo við þetta mál í vetur, að það verði ekki ákveðið, hvar menntaskólinn á Austurlandi skuli vera.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja, að þegar ég sá þetta frv., sem hér er til umr., þá varð ég nokkuð undrandi á því, að þetta mál væri flutt hér inn á Alþ. og það á þann hátt, sem þarna er gert. Það er ekki aðeins það, að hér er lagt til af einum þm. af Austurlandi, að menntaskólanum skuli vera ákveðinn staður á Eiðum, heldur er það einnig, að í grg. frv. er sterklega látið að því liggja og ekki gat ég betur heyrt en hins sama gætti í þeim málflutningi, sem hv. flm. hafði hér í frammi, að í rauninni væri menntaskólamálið á Austurlandi stöðvað vegna óeiningar á Austurlandi um staðarval fyrir skólann. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla þessu algerlega. Það er allt annað, sem á stendur, og skal ég nú víkja nokkru nánar að því. Það gefur náttúrlega alveg auga leið, þegar um það er að ræða, að koma eigi upp menntaskóla í heilum landsfjórðungi eins og Austurlandi, þar sem slíkur skóli hefur ekki verið fyrir, þá hljóta vitanlega á slíku landsvæði að vera uppi nokkuð mismunandi skoðanir um það, hvar hagkvæmast væri að byggja skólann. Skoðanir falla ekki svo gersamlega saman hjá mönnum í heilum landshlutum. En það er eitt, sem hefur komið alveg greinilega fram hjá þeim Austfirðingum öllum, sem um þetta mál hafa talað, þar sem ég hef verið mættur, fulltrúum hinna einstöku byggðarlaga, að þar hafa menn sagt allir einum rómi: „Við viljum fá menntaskóla á Austurland, og við munum standa allir sem einn með honum, þar sem honum verður ákveðinn staður.“ Málið er þannig, að það er ekki á valdi okkar Austfirðinga að ákveða það, að ríkið skuli byggja skóla á einhverjum tilteknum stað. Sveitarstjórnirnar á Austurlandi geta ekki ákveðið það, að skólinn skuli vera á Eiðum. Vitanlega er hér um hreinan ríkisskóla að ræða, og það er auðvitað ríkið sjálft, það er auðvitað ráðh. eða þá Alþ., sem verður að ákveða það, hvar á að byggja skólana. Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi geta vitanlega látið uppi sínar skoðanir um það, hvar þeir teldu hagkvæmast að byggja skólann. Eins og hér hefur verið sagt, þá hafa fjórir staðir verið tilnefndir, þegar leitað hefur verið eftir hugmyndum manna á Austurlandi um það, hvar bezt væri að byggja skólann. Og þess-

ir staðir eru, eins og kemur fram í grg. frv., Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Eiðar og Egilsstaðir. Þeir, sem tilnefndu Reyðarfjörð, voru Reyðfirðingar sjálfir og ekki aðrir ,og lái þeim hver sem vill, að þeir telja sinn stað vel fallinn til þess að rúma menntaskóla. En það kom ekki fram frekari stuðningur við þá tillögu í þessari könnun. Í Neskaupstað, þar sem er stærsta byggðarlagið á Austurlandi og þar sem er nú langstærsti gagnfræðaskólinn á Austurlandi, héldu skólamenn því fram, að það væri á margan hátt eðlilegast að byggja við þann skóla og byggja hann upp, en það vildu ekki aðrir styðja það, að menntaskólinn yrði þar, en íbúarnir í Neskaupstað og í Norðfjarðarhreppi, sem liggur þar rétt innar. En fólk frá öðrum stöðum, þeir, sem báru ábyrgð á svörum sveitarfélaganna, þeir mæltu ekki með því. Hver vill lá þeim í Neskaupstað, skólamönnum þar, að þeir töldu fram ýmsa kosti, sem þar voru til staðar, því til framdráttar, að skólinn yrði staðsettur þar? En ég vil undirstrika það, að þessir skólamenn í Neskaupstað, sem mættu við umræður um þessi mál, þeir tóku skýrt fram: Við munum styðja að vexti og gengi skólans á allan hátt, hvar sem honum verður ákveðinn staður. Nokkrir mæltu með Eiðum, en þeir voru mjög fáir, mjög fá sveitarfélög líka. Langsamlega flestir sveitarstjórnarfulltrúarnir mæltu með því, að skólinn yrði á Egilsstöðum. Á það var bent af einhverjum snjöllum manni, sem hafði einhvern áhuga á Eiðum, að ef t. d. ætti að reikna höfðatöluna, sem stæði á bak við sveitarstjórnarsamþykktirnar, og ef t. d. Neskaupstaðarbúar vildu nú allir snúast til fylgis við þá, sem studdu Eiða, þá færu nú að verða álíka margir íbúar á bak við þá tillögu eins og hinir, sem studdu Egilsstaði. En fulltrúar frá Neskaupstað sögðu alveg hiklaust, að þeir hefðu enga löngun til slíks. Ég hef litið þannig á, að Austfirðingar væru búnir í þessu máli að gera þá eðlilegu könnun, sem þeir eiga að gera. Þeir eru búnir að leggja þessa spurningu fyrir alla sveitarstjórnarmenn um allt svæðið og það er búið að tilkynna menntmrh. fyrir löngu síðan um niðurstöðu þessara athugana. Svo er það vitanlega ráðh. að ákveða, hvar skuli byggja skólann.

Ég vil í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt, þar sem menn reyna að gera upp á milli þessara tveggja staða, Egilsstaða og Eiða, hiklaust segja það sem mína skoðun, að ég hef persónulega hug á því, að skólinn verði frekar á Egilsstöðum en á Eiðum. Og miðað við allar aðstæður, ef málið verður lagt fyrir mig, hvort sem það verður hér á Alþ. eða annars staðar, þá mun ég hiklaust greiða atkv. með því, að menntaskólinn verði byggður á Egilsstöðum. Mér dettur ekki til hugar, eða okkur í Neskaupstað, þó margir þar áliti, að það væri vel til fallið að hafa hann þar, að gera nokkrum manni það til geðs að tefja það á einn eða neinn hátt, að ráðizt sé í byggingu menntaskóla á Austurlandi. Því fer víðs fjarri. Það standa engar deilur á milli okkar eða nokkurra annarra um staðarval. Hitt var aðeins það eðlilega, að það komu fram mismunandi sjónarmið á því, hvar hagkvæmast væri að koma skólanum upp. Ég held líka, að flestir þeir, sem studdu hugmyndir um það, að skólinn yrði byggður á Eiðum, hafi raunverulega haldið, að á þann hátt mætti koma skólanum í gagnið með minnstum fjármunum. Það væri tiltækilegast að leysa vandann á þann hátt. En það er mín skoðun, að Eiðaskóli hafi ákveðnu hlutverki að gegna og við megum ekki missa hann úr gagnfræðaskólakeðjunni þar fyrir austan. Nú eru aðeins tveir gagnfræðaskólar starfandi á öllu Austurlandi, þ. e. a. s. gagnfræðaskólinn í Neskaupstað og gagnfræðaskólinn eða alþýðuskólinn á Eiðum. Og það er enginn vafi á því, að þessa skóla þarf báða að reka áfram jafnhliða því, sem það kemur upp menntaskóli.

Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé fyrir löngu kominn tími til þess, að menntmrn. og menntmrh. ákveði þessum skóla stað. Hann hefur fengið umsögn Austfirðinga um það, hvert þeirra álit er, þeirra rök liggja fyrir á borðinu og ég álít fyrir mitt leyti, að það sé engin ástæða til þess — nema þá að menntmrh. lýsi því yfir, að hann sé í algerum vandræðum með það að finna út, hvar hinn rétti staður eigi að vera, — engin ástæða til þess að fara að leggja þetta fyrir Alþ. og láta Alþ. segja til um það, hvort skuli byggja skólann á þessari lóð eða hinni. Ég álít, að þm. séu ekkert betur til þess fallnir að ákveða það heldur en menntmrh. sjálfur og hans starfsmenn, hafandi umsögn Austfirðinga í eins skýru máli og hægt er. Ein leið væri auðvitað fyrir menntmrh. í þessu efni. Það væri að varpa málinu til einhverra samtaka á Austurlandi og segja við þau: Viljið þið ekki bara ákveða — og gefa þeim þá leyfi til að ákveða staðinn. Þá mundu Austfirðingar gera það og vera búnir að því. En við skulum ekki láta það heyrast, því að það er rangt — og það veit ég, að hv. flm. frv. þekkir mæta vel — það er alveg röng hugmynd, að því sé þannig farið, að það hafi dregizt að ákveða menntaskólanum á Austurlandi stað og það hafi dregizt með framkvæmdir í málinu, af því að Austfirðingar geti ómögulega komið sér saman um staðarval. Þeir eiga ekki samkv. neinum lögum rétt til þess að ákveða staðinn. Þeir hafa aðeins getað sagt það, þegar þeir hafa verið að spurðir í hinum ýmsu sveitarfélögum, hvar þeir teldu eðlilegast að hafa skólann. Og þetta hefur komið mjög skýrt fram í þeirra svörum. Ég held því, að hv. flm. frv. sé að villa hér um fyrir þm., þegar hann segir í sinni grg. um þetta mál, ein setningin er á þessa leið: „Mér leiðist þóf þetta“, rétt eins og við stöndum í einhverju eilífðarþófi fyrir austan og tefjum allt málið, og af því þurfi hér að koma til, eins og þar stendur: „Hér þarf að höggva á hnút“ og við virðumst, Austfirðingar, hafa búið til einhvern rembihnút á þetta. Þetta er alrangt. Þannig liggur málið ekki fyrir. Nei, því miður er nú þetta mál þannig, að það er ekki nægilegur vilji eða skilningur til þess að ráðast í framkvæmdir við byggingu þessa skóla og það þykir kannske ýmsum gott að láta að því liggja, að það standi á öðrum en þeim að taka ákvörðun. En af því að ég heyrði, að hv. þm. gladdist yfir því, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefði hér tekið afstöðu til þess, hvar skólinn ætti að vera, þá vonast ég til þess, að

hann gleðjist líka yfir því og ekki síður, þegar hann heyrir það, að ég mun styðja það alveg ákveðið, að menntaskólinn verði byggður á Egilsstöðum, alveg ákveðið, og geri það hreinlega út frá þeim forsendum, sem fyrir liggja. Ég met það það mikils að fá menntaskóla í fjórðunginn, og ég veit, að það er ekki á mínu valdi eins eða skólamanna í Neskaupstað að ákveða neitt um þetta efni og get því prýðilega stutt það, að skólinn verði byggður þar. Ég álít því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, leysi engan hnút. Ef það gerir nokkuð, þá mun það veita þeim tækifæri, sem ekki eru viðbúnir að halda áfram með framkvæmd í þessu máli, þá mun það veita þeim rök fyrir því, að við Austfirðingar séum enn í hörðum deilum út af staðarvali um skólann. En það er það ekki. Það kann að vera, að það séu einhverjir örfáir menn, sem ég hef aðallega heyrt um getið nú í seinni tíð, sem virðast hafa einhverja mikla trú á því, að skólinn eigi frekar að vera á Eiðum en annars staðar, en það hefur ekki komið fram í umræðum á Austurlandi um þetta mál fram til þessa, að þarna séu neinar harðar deilur á milli. Ég hefði nú því í rauninni viljað mælast til þess, að hv. þm., sem ég veit, að vill, að menntaskóli geti komið upp á Austurlandi sem fyrst, dragi þetta mál til baka og vinni með öðrum þm. Austf. að því að fá menntmrh. til þess að ákveða skólanum stað og þá fjárveitingu á komandi fjárlögum, sem þarf til þess, að hægt sé að fara að hefjast handa um það að koma skólanum upp.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, að hann styðji Egilsstaði sem skólastað, og tel það dálitinn atburð, að yfirlýsing hans í þá átt hefur komið hér fram. Hv. 3. þm. Austf. sagðist ekki hafa heyrt áður af mínum munni hreina afstöðu um það, hvar ég vildi hafa menntaskólann. Það undrar mig stórlega, að hv. þm. skuli segja þetta og mér þykir það stórum miður, að hann skuli segja þetta, því að hann hlýtur að vita betur. Hann hlýtur að vita, að ég hef undanfarið einmitt verið að reyna að fá hann, þegar tækifæri hefur gefizt, til þess að fallast á að styðja Egilsstaði sem skólastað. Það hefur aldrei verið neinn vafi á því, hvar ég hef staðið í þeim ágreiningi, sem um það hefur verið. Ég hygg, að ég hafi látið það uppi á einhverjum allra fyrsta fundinum, sem við áttum með menntaskólanefndinni eystra. Hitt er annað mál, að upphaflega fannst mér, eins og kom fram í frv., sem ég flutti með Einari Sigurðssyni, að Eiðar væru kannske eðlilegasti staðurinn. En undir eins og ég heyrði þau rök, sem fram voru færð fyrir því, að Egilsstaðir væru heppilegri, þá sannfærðist ég um, að svo væri og það væri á allan hátt sjálfsagt að reisa slíkan skóla á Egilsstöðum, og ég hef reynt að vinna að því að fá sem flesta til þess að sameinast um það sjónarmið. Hv. þm. sagðist geta tekið undir margt af því, sem ég sagði um kosti Egilsstaðakauptúns sem skólastaðar, en síðan bætti hann við, að flestir kostirnir ættu líka við Eiða. En það er auðvitað algerlega rangt. Það, sem ég nefndi, var einmitt það, sem Egilsstaðir hafa fram yfir Eiða, og ég þarf ekki að endurtaka það hér. Egilsstaðir eru orðnir mikið og vænlegt þéttbýlissvæði, stórvaxandi, þar er læknamiðstöð, flugvöllur inni í byggðinni, samgöngumiðstöð og alls konar þjónusta fyrir það fólk, sem á heima á þessu þéttbýlissvæði, sem ekki er hægt að veita á Eiðum, og stórum léttara að fá kennaralið að skólanum þar. Hægt að komast af með miklu, miklu minni heimavistir en á Eiðum, sem er stórfelldur kostnaður o. s. frv. Ég fer ekki að endurtaka allt, sem ég sagði um þetta.

Hv. þm. sagði, að það þyrfti meira fé til þess að koma skólanum upp á Egilsstöðum en á Eiðum, en ég tel, að þetta standi algerlega öfugt. Það þurfi mun minna fé til þess að koma skólanum upp á Egilsstöðum í hæfilegt horf en á Eiðum. Og þar kemur einmitt til þetta stórfellda atriði, að það má hafa miklu minni heimavist á Egilsstöðum en á Eiðum og raunar miklu minni búnað fyrir félagsmálastarf í skólanum, því að þar geta komið til sameiginlegar stofnanir fyrir skólann og byggðarlagið, t. d. eins og íþróttahús, sundlaug o. s. frv. Það er sem sé miklu ódýrara að koma upp góðum menntaskóla á Egilsstöðum en á Eiðum. Það er ómögulegt að komast fram hjá þessum rökum. Þess er enginn kostur.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. hér, en mér þótti vænt um, að hv. þm. hörfaði nokkuð með þann málflutning sinn, að hægt væri að leggja gagnfræðanámið á Eiðum niður, enda hlýtur hann að sjá, skynsamur maður eins og hann er, þegar nánar er að gáð, að þess er ekki nokkur kostur. Hann fór því að gera því skóna í seinni ræðunni, að það þyrfti að hafa áfram eitthvert gagnfræðanám á Eiðum. Og það er einmitt það, sem þarf. Það þarf að hafa þar gagnfræðanám, sízt minna en verið hefur. Og helzt þyrfti að stórauka við á Eiðum, t. d. framhaldsnámi fyrir gagnfræðinga. Eins og ég benti á í minni fyrri ræðu, þá varð það niðurstaða skólamálanefndarinnar austfirzku, að það yrði að hafa slíkt nám a. m. k. á þremur stöðum á Austurlandi, Neskaupstað, Eiðum og Höfn í Hornafirði. Það fara ekki allir í menntaskóla, sem ætla sér að fara í framhaldsnám. Fjöldi fólks fer í annað nám og því verður að koma upp á Austurlandi. Það verður því ekki hægt að rýma neitt húsnæði á Eiðum fyrir menntaskóla og það er sorglegt, að þessi meinloka, sem sumir hafa verið haldnir undanfarið um það, að hægt sé að rýma þar fyrir menntaskóla, skuli hafa tafið fyrir því, að skynsamleg ákvörðun yrði tekin um staðarval fyrir menntaskóla á Austurlandi og þar með tafið fyrir málinu.

Hv. þm. sagði, að skólastjórinn á Eiðum mundi sjá betur þessi mál en aðrir á Austurlandi. Ég vil ekki á nokkurn hátt gera lítið úr því, að skólastjórinn á Eiðum sjái ýmsa þætti þessara mála skýrt, en ég vil þó með allri virðingu fyrir honum benda á, að það eru einnig fjöldamargir aðrir á Austurlandi, sem sinna skólamálum, og þeir hafa komizt að allt annarri niðurstöðu um væntanlega þróun í þessu efni en skólastjórinn á Eiðum, alveg allt annarri niðurstöðu. Og ég

þekki engan skólamann á Austurlandi, ég þekki ekki einn einasta skólamann á Austurlandi, og ekki kom neinn fram á sveitarstjórnaráðstefnunni í sumar, sem hefur sama álit á þessu og skólastjórinn á Eiðum. Allir hinir kepptust við að leggja áherzlu á, að þessu væri einmitt alveg þveröfugt farið. Það mætti alls ekki gera ráð fyrir því, að Eiðaskóli gæti dregið saman seglin, þvert á móti yrði hann að magnast, enda er það augljóst mál, að eigi Eiðaskóli að verða einnig framhaldsskóli fyrir gagnfræðinga, þá verður skólastarfsemi þar að vaxa í stað þess að minnka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (frv. SV o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins [52. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 7., 11. og 12. fundi í Nd., 29. okt., 2. og 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að bera hér fram frv. um breyt. á l. nr. 89 frá 17. des. 1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Flm. með mér að þessu frv. eru þeir hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Magnús H. Gíslason og Sigurvin Einarsson. 1. gr. frv. er þannig, með leyfi forseta:

Á eftir 3. málsl. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.

2. gr. Í stað „⅓“ í 3. gr. laganna komi: ⅝.

Í 3. gr. laganna er þetta ákvæði um það, að það megi láta ⅓ af því ráðstöfunarfé, sem sjóðurinn hefur hverju sinni til styrkveitinga, en með tilliti til þess, að sjóðurinn fari í vaxandi mæli að sinna rannsóknarverkefnum og enn fremur til þess að stuðla að uppbyggingu og endurbyggingu sláturhúsanna, þá finnst okkur, að þessi heimild sé of þröng eins og hún er í lögunum og leggjum til, að þessu sé breytt þannig, að nú verði það ⅝ hlutar.

3. gr. leggjum við til að verði þannig, að 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 25 millj. kr. á ári. Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjvn. gerir tillögur sínar til Alþ. um framlög til sjóðsins.

Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi og var þá ekki meiri áhugi fyrir framgangi þess en svo, að það komst aldrei úr n. En það hefur svo gerzt, að hæstv. *ríkisstj. hefur flutt hér frv. um breytingu* á þessum lögum, sem felur þó ekki í sér neina greiðslu til sjóðsins á næsta ári, enda þótt það væri upplýst í frv., að sjóðurinn hefði aðeins til ráðstöfunar á árinu 1970 8 millj. kr. og þá náttúrlega ekkert á næsta ári, ef þetta væri notað árið 1970. En miðað við það verkefni, sem sjóðurinn hefur, þá hljóta allir hv. þm. að sjá, hvers hann er megnugur með slíku fjármagni.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkv. l. í des. 1966. Stofnframlag ríkissjóðs var 50 millj. kr., sem skyldu greiðast á fjórum árum. Fyrsta greiðslan fór til þess að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutningssjóði árið 1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 millj. kr. Miðað við þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð lögum samkv., ná þeir fjármunir skammt til þess, sem til umráða eru, og því mikið nauðsynjamál að efla hann nú. Það hefur komið glöggt fram á liðnum árum, hvað bændur eru vanbúnir að mæta misjöfnu veðurfari, þrátt fyrir mikla ræktun og góðan tækniútbúnað víðast hvar. Í miklum óþurrkum eins og voru hér sumarið 1969 stórskemmdist og eyðilagðist með öllu mikið af heyi í stærstu landbúnaðarhéruðum landsins. Og nú á haustnóttum horfa margir bændur upp á það að verða að skerða bústofn sinn og það verulega vegna kalskemmda og sprettuleysis á liðnu sumri, en þrátt fyrir kalda veðráttu spratt víðast hvar grænfóður, a. m. k. hafrar, ef þeim var sáð nógu snemma.

Það er ekki mál bændanna einna, eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun fóðurs handa búpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins eru. Gæði afurðanna eru að mestu undir því komin, hvernig fóðrið er. Og enginn vafi leikur á því, að það hefur veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin, sé í sem beztu lagi. Þar sem afkomuöryggi landbúnaðarins og gæði búvaranna byggjast fyrst og fremst á þessum tveimur þáttum, verður ekki séð, að önnur verkefni séu meira aðkallandi fyrir þjóðina að leysa, og þar sem tilgangur Framleiðnisjóðs er að vinna að hagræðingu og framleiðniaukningu í landbúnaði, lítum við flm. svo á, að þótt mörg verkefni séu brýn, sem sjóðurinn þurfi að hjálpa til að leysa, þá eigi þetta verkefni að *ganga fyrir öllu öðru*. Á þessum sviðum er mörgum spurningum ósvarað og verður ekki svarað á viðhlítandi hátt, nema að undangengnum umfangsmiklum rannsóknum. T. d. er hraðþurrkun á heyi og grænfóðri á byrjunarstigi. Margir

bændur tengja við hana miklar vonir, ekki síst þar sem jarðhiti er fyrir hendi eða í næsta nágrenni. Sumir telja einnig, að það muni svara kostnaði að hraðþurrka hey og grænfóður með raf- eða olíuhitun. Það munu vera mörg atriði í þessu sambandi, sem þarf að kanna af gaumgæfni og gera samanburðartilraunir með til að fá ódýrustu lausnina fram. Reynist þessi heyverkun hagkvæm við venjuleg skilyrði, mun hún valda gerbyltingu í landbúnaði okkar og skapa honum öryggi. Á sviði votheysverkunar þarf líka að gera umfangsmiklar tilraunir með verkunaraðferðir, bæði um tæknibúnað og byggingu, og einnig um gæði fóðursins og bera saman þessar rannsóknir allar. Sumir telja, að það sé jafnvel hægt að verka vothey með því að hlaða því upp og setja plast utan um, en það vantar allar rannsóknir á þessu sviði, og eins og árferðið hefur verið undanfarið, er það sýnilegt, að því þarf að hraða.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, hvað þá Alþingis, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með víðtækum rannsóknum og leiðbeiningarstarfsemi, sem kostar verulegt fjármagn. En til þess að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra verður varið, nýtist sem bezt, komum við ekki auga á heppilegri eða eðlilegri leið en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda í fullu samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 1. gr. laganna. Með því stofnframlagi, sem ríkissjóður lagði fram til Framleiðnisjóðs, er þess ekki að vænta, að hann geti valdið þeim verkefnum, sem í eðli sínu eru þannig vaxin, að hann ætti að sinna þeim, miðað við tilgang hans, markmið og þarfir. Óðaverðbólgan hefur minnkað framkvæmdamátt sjóðsins um meira en helming. Áföllin í landbúnaðinum síðustu árin kalla nú á mjög aukna starfsemi hans. Annars er hætt við, að heil byggðarlög leggist í auðn, verði tíðarfar með líkum hætti og síðustu ár og öflun fóðurs og verkun þess eins háð veðurfari og verið hefur. Þau verkefni, sem sjóðurinn hefur aðallega sinnt fram að þessu, eru endurbygging sláturhúsanna og að koma upp mjólkurtönkum. Mörg sláturhúsanna eru í þannig ástandi, að þau uppfylla engan veginn þær kröfur, sem nú eru gerðar til slíkra húsa miðað við kröfur erlendra aðila. Uppbyggingu sláturhúsanna og í sumum tilfellum endurbyggingu þarf að ljúka á fáum árum, en það verður ekki framkvæmanlegt nema verulegur hluti þess fjármagns, sem til þess þarf, verði veittur í óafturkræfum framlögum. Að öðrum kosti mundi slík fjárfesting hækka kjötverðið til neytendanna óhæfilega mikið. Það þarf einnig að stuðla að því að ljúka sem fyrst tankvæðingu í öllum stærri mjólkurframleiðsluhéruðum landsins. Það mundi lækka flutningskostnaðinn og auka hreinlætið. Margt fleira mætti nefna, sem er þess eðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita því stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinna að neinu ráði á næstunni, er varla ástæða til þess að ræða þau frekar að þessu sinni.

Okkur flm. er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þótt samþ. verði sú fjárveiting til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en ekki þótti vænlegt til árangurs að gera till. um hærri upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef meiri hl. fæst fyrir því hér í meðförum þingsins.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Hafnalög (frv. GuðlG).

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967 [54. mál] (þmfrv., A. 54).

Á 11., 12., 13. og 14. fundi í Nd., 2., 4., 5. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 54 frv. til l. um breyt. á hafnalögum. Efni frv. er, að inn í 4. gr. nefndra laga verði framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum landsins tilgreindar sem styrkhæfar úr ríkissjóði eins og aðrar hafnarframkvæmdir, sem þar eru taldar upp. Mengun sjávar er vaxandi vandamál víða um heim, eins og kunnugt er, og þó að Íslendingar séu e. t. v. enn sem komið er betur settir í þeim efnum en margar þjóðir aðrar, hlýtur það að teljast sjálfsagt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að forðast hugsanlegt tjón, sem af mengun sjávar getur stafað. Ég hygg, að það liggi ljóst fyrir, að mengun sjávar við strendur landsins er mest áberandi inni í höfnunum sjálfum. Stafar þetta af því, að í mjög mörgum tilfellum er frárennsli frá fiskiðjuverum og lýsis- og mjölverksmiðjum látið renna út í höfnina. Auk þess hagar víða svo til, að frárennslið, sem fer í gegnum holræsakerfi viðkomandi byggðarlaga, er einnig oft að mestu látið renna í höfnina. Veldur þetta óhóflegri og óviðunandi mengun sjávar í allt of mörgum höfnum landsins. Og þegar þess er gætt, að í flestum höfnum á sér stað meiri eða minni löndun fisks og allt of víða er það svo, að ekki er aðstaða til

að ná í ferskt vatn eða hreinan sjó til að hreinsa fiskibátana, þegar aflanum hefur verið landað, þá freistast menn til að nota hinn mengaða sjó úr höfninni, sem allir geta verið sammála um, að ekki má eiga sér stað og ekki er í neinu samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um aukið hreinlæti í sambandi við vinnslu sjávarafurða. Ég tel því, að augljóst sé, að ráða verði bót á þessu ástandi, enda alveg sjálfsagt, að Íslendingar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að firra sig öllum hugsanlegum aðfinnslum í sambandi við þessa helztu útflutningsframleiðslu sína.

Sums staðar kunna framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum að vera litlum vandkvæðum bundnar, en annars staðar getur orðið um allfjárfrekar framkvæmdir að ræða, og í sumum stærri fiskihöfnum landsins mun aðstaða vera þannig, að ekki er annað ráð fyrir hendi en að safna öllu frárennsli, sem í höfnina hefði annars farið, í eina þró og dæla því síðan út fyrir hafnarsvæðið, þangað sem talið er, að það valdi sem minnstu tjóni. Einhverjir kunna að segja, að þeir, sem hafnamálum hafi ráðið, bæði heima í héraði og af hendi ríkisvaldsins, hefðu átt að sjá fyrir, hvert stefndi í þessum efnum. Ég vil engan ásaka í þessu sambandi. Hér er um að ræða þróun, sem menn sáu ekki fyrir, hvert stefndi og gerðu sér ekki grein fyrir, að valdið gæti erfiðleikum eða tjóni í sambandi við framleiðslu sjávarafurða. En þegar þetta nú liggur augljóslega fyrir, er að mínum dómi ekki um annað að ræða en ráða bót á þessu eftir þeim leiðum, sem tiltækar eru, og tel ég, að ef framkvæmdir til varnar mengun sjávar í höfnum landsins verða gerðar styrkhæfar úr ríkissjóði eins og aðrar hafnarframkvæmdir, þá leggi það sveitarstjórnarmönnum nokkrar skyldur á herðar og verði þeim hvatning til úrbóta í þessum efnum. Af þeirri ástæðu er frv. það, sem hér liggur fyrir, flutt, og tel ég, að það, sem stefna beri að í þessum efnum, séu hreinar hafnir með ómenguðum sjó.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HS o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [55. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 11., 12., 13. og 14. fundi í Nd., 2., 4., 5. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 56 höfum við þrír þm. Framsfl. leyft okkur að flytja frv. til l. til breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Efni frv. er það, að þegar unnið er að framtölum, skuli það gert með þeim hætti, að 10% af framtölunum sé dregið út samkv. reglum, er skattstofan semur, og þau athuguð sérstaklega. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er sú, að það er kunnara en frá þurfi að segja, að skattaframtöl eru ekki talin svo örugg sem skyldi og nauðsyn ber til. Þegar skattaframtöl eru óörugg, leiðir það til þess, t. d. í sveitarfélögunum, að þeir, sem rétt telja fram, taka á sig að greiða meira af gjöldum til sveitarfélagsins heldur en annars hefði verið, ef allir þegnar hefðu gert það. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til þess að bæta úr þessu og m. a. var því haldið fram hér á hv. Alþ., að þegar horfið var frá þeirri vinnuaðferð, sem áður var hér, að skattanefndir voru í öllum sveitum landsins, og skattstofurnar voru settar upp, mundi verða breyting til batnaðar, sem mundi skapa meiri festu og öryggi um gerð framtala. Ég mun áður hafa sagt það hér á hv. Alþ., að ég var á þeirri skoðun, að það gæti verið rétt, að þetta form gæti skapað meiri festu og öryggi um úrvinnslu framtala heldur en áður hafði verið.

Nú er nokkur reynsla fengin af störfum skattstofanna og því miður hefur hún ekki orðið sú, sem búizt var við eða a. m. k. þeir bjartsýnustu reiknuðu með.

Eitt af því, sem fundið var að hjá skattstofunum, var það, hvað framtölin komu seint frá þeim og það seinkaði svo allri álagningu í sveitarfélögunum, að hún var ekki framkvæmd fyrr en á haustin. Nú á síðari árum hefur orðið breyting á þessu, en hún hefur orðið með þeim hætti, að vinna eða endurskoðun skattstofanna á framtölunum hefur að minnstu leyti farið fram, áður en álagning hefur átt sér stað. Skattstofurnar hafa lauslega farið yfir framtölin, lagt þau saman eins og framteljandi hefur gengið frá þeim. Þær hafa ekki borið saman launamiða eða neitt það, sem áður var gert í endurskoðun og ætlazt var til, að endurskoðað yrði. Þetta hefur orðið til þess, að skattstofurnar hafa svo tekið framtölin til sín síðar á árinu, venjulega ekki fyrr en á haustin, til þess að framkvæma þá endurskoðun, sem þeim er ætlað að vinna í upphafi, og svo hafa þær sent út um héruðin endurskoðun skattframtalanna, stundum um og eftir næstu áramót. Þeir, sem hafa viljað hagnýta sér það, sem út úr þeirri endurskoðun hefur komið, hafa því orðið að legga tvisvar til þrisvar á sama gjaldanda á hverju gjaldaári. Þessi vinnubrögð geta ekki staðizt og hafa orðið til þess, a. m. k. í smærri sveitarfélögum, að sveitarstjórnir hafa ekki lagt í það að endurleggja á útsvör vegna aths., sem hafa fram komið, nema um stórfelldan mismun væri að ræða. Þess vegna hefur þetta orðið á þann veg, að endurskoðunin, sem skattstofurnar áttu að framkvæma, hefur í rauninni ekki verið unnin fyrr en það seint, að hún hefur ekki komið að

notum, og ríkissjóður eða þeir, sem tekju- og eignarskattsálagningu annast og innheimtu, hafa orðið að innheimta hjá sumum aðilunum mörgum sinnum álögur af sömu tekjunum vegna þeirra breytinga, sem fram hafa komið við síðari endurskoðun. Þessi vinnubrögð eiga sér ekki framtíð, og hygg ég, að allir séu sammála um, að hér verði að gera breytingu á. Ástæðan fyrir því, að þetta er svona, er talin vera sú, að skattstofurnar hafi ekki mannskap til að inna af höndum þessa eðlilegu endurskoðun á réttum tíma. Þess vegna er þetta frv. flutt til þess að reyna að láta breyta þessari vinnuaðferð í þeirri von, að hún gæfi þá raun, að hún gæti útilokað þó nokkuð af vinnu skattstofanna, vegna þess að hún er það mikið aðhald í framtali, þar sem öllum er það ljóst, að þeir geta lent í þessari nákvæmu endurskoðun, sem yrði hjá 10% af gjaldendunum, og enginn vildi því hætta á það að hagræða framtali sínu á annan veg en rétt er. Ég minnist þess í sambandi við þetta frv., sem var flutt einnig á síðasta þingi, að ég sá grg., sem kom frá ríkisskattrannsóknarstjóranum til fjhn. þessarar hv. d. út af þessu frv., og taldi hann ýmis vandkvæði á því. En það, sem þar var um að ræða og ríkisskattrannsóknarstjórinn hafði við þetta að athuga, var allt hugsað út frá hans starfi. Þetta frv. er ekki hugsað út frá starfi ríkisskattrannsóknarstjóra, sem á að sjá um þá sakfelldu, heldur er þetta miðað við það, að vinnubrögð skattstofanna fari inn á þessa braut til þess að draga úr þeim ofsastörfum, sem er verið að vinna í sambandi við framtölin, sem verða svo ekki að meira gagni heldur en ég hef hér lýst. Það, sem aftur fer fram hjá skattrannsóknardómaranum, er annars eðlis og það er ekki verið að setja honum vinnuaðferðir með þessu frv. Það er trú okkar flm., að með þessari vinnuaðferð, sem við leggjum hér til, verði vinnubrögðin gerð hagfelldari heldur en þau eru nú á skattstofum, verði gerð öruggari og það muni skapa meiri festu í skattaframtölunum heldur en nú er. Ég vil því undirstrika það og treysta því, að hv. alþm. taki á þessu máli hleypidómalaust og með fullri sanngirni og geri sér grein fyrir því, að vinnuaðferðir á skattstofunum, eins og þær eru nú, eru ónothæfar og það er ekki hægt að hugsa sér það að leggja á bæði skatt og útsvör samkv. framtölum, sem raunverulega eru ekki endurskoðuð, en þannig er framkvæmdin nú. Ég vil því treysta því, að hv. alþm. taki þetta mál til fullkominnar athugunar og geri sér grein fyrir því, hvort þessi vinnuaðferð getur ekki skapað þá festu og það öryggi, sem hér er ætlazt til.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Orkulög (frv. VH o. fl. um endurgreiðslu vaxta).

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 1967 [57. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í framsöguræðu minni hér áðan fyrir þskj. 32 gerði ég grein fyrir þessu máli og vitna til þess og leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Fiskiðnskóli í Vestmannaeyjum.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum [62. mál] (þmfrv., A. 64).

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. nr. 62 frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Eins og segir í grg. með frv. er mikill áhugi ríkjandi í Eyjum fyrir því, að þar verði stofnaður fiskiðnskóli. Málið hefur verið rætt þar að undanförnu, bæði í bæjarstjórn og hjá ýmsum félagasamtökum, og hafa þegar bæði stofnanir og einstaklingar gefið allverulegt fé til kaupa á nauðsynlegum tækjum og áhöldum til þess að koma skólanum á fót. Ég tel, að engan þurfi að undra, þótt Vestmanneyingar sæki það fast, að stofnaður verði þar fiskiðnskóli og það þegar á næsta hausti, hvað sem líður stofnun slíks skóla annars staðar á landinu, og þeir telja, að mikilvæg rök mæli með því, að fyrsti fiskiðnskólinn, sem stofnað verður til hér á landi, verði þar staðsettur.

Um áratugabil hafa verið meiri umsvif í útgerð og fiskiðnaði í Vestmannaeyjum heldur en nokk-

urri annarri útgerðarstöð hér á landi. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Eyjum nam árið 1969 rúmlega 920 millj. kr. og mun í ár verða eitthvað yfir 1 milljarður kr. Fiskvinnsla er þar samfelld allt árið og munu fiskiðjuverin þar fá til úrvinnslu allar tegundir nytjafiska, sem þekkjast hér á landi, og verður því fiskiðnaður eins fjölbreyttur í Vestmannaeyjum og hann getur orðið hér á landi. Nú eru staðsett 5 frystihús í Eyjum og eru 4 þeirra í hópi hinna stærstu og bezt útbúnu hraðfrystihúsa á landinu. Auk þess eru þar mjög vel búnar saltfiskvinnslustöðvar og þurrkhús fyrir saltfiskverkun, tvær stórar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur eru þar einnig staðsettar og mjög vel útbúin vinnslustöð til framleiðslu á lýsi úr lifur, niðursuðuverksmiðja og síldarsöltunarstöðvar. Af þessu má sjá, að þar er aðstaða til framleiðslu allra tegunda sjávarafurða, sem Íslendingar framleiða til sölu á erlendum markaði.

Vestmanneyingar hafa fyrir löngu gert sér það ljóst, að aukin þekking og menntun í sambandi við fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn er höfuðnauðsyn og þeir hafa sýnt það í verki. Þar er nú starfandi stýrimannaskóli, sem útskrifar skipstjórnarmenn með sömu réttindum til skipstjórnar á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og stýrimannaskólinn hér í Reykjavík. Þar er einnig starfandi vélskóli, sem veitir full réttindi 1. og 2. stigs vélskólanámsins, eins og lög um vélskólanám gera ráð fyrir. Matsveinanámskeið hafa einnig verið starfrækt þar undanfarin ár og veita þau tiltekin réttindi lögum samkv.

Af þessu sést, að í Vestmannaeyjum er þegar orðin aðstaða fyrir þá, sem vilja afla sér fullkominnar menntunar og réttinda í sambandi við fiskveiðarnar, og verður að telja það vel farið, og meta Vestmanneyingar þá aðstoð og fyrirgreiðslu, sem Alþ. og stjórnarvöld hafa veitt í því sambandi. Hins vegar er ekki þar frekar en annars staðar hér á landi nein aðstaða fyrir þá, sem vilja afla sér aukinnar þekkingar og menntunar og einhverra réttinda í sambandi við fiskiðnaðinn, og telja Vestmanneyingar, að við svo búið verði ekki unað lengur. Alveg sérstaklega þegar höfð er hliðsjón af hinum auknu kröfum, sem gerðar eru í sambandi við meðferð og vinnslu sjávarafurða.

Alþ. hefur á undanförnum árum samþ. stofnun og starfrækslu menntaskóla í öllum landsfjórðungum. Vestmanneyingar hafa lítið haft sig í frammi í því sambandi, heldur sætt sig við enn sem komið er, að nemendur þaðan, sem æðri menntun vilja hljóta á því sviði, afli sér hennar í einhverjum þeirra menntaskóla, sem þegar hefur verið komið á fót. Hins vegar hafa þeir beitt sér fyrir að skapa aðstöðu til aukinnar fræðslu og menntunar í sambandi við aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, en ekki einasta fyrir íbúa byggðarlagsins, heldur einnig fyrir aðra landsmenn, sem þangað vilja sækja, og hafa Vestmanneyingar sjálfir lagt af mörkum verulegt fé til að skapa þessa aðstöðu.

Ég hef hér áður minnzt á tvær stofnanir í þessu sambandi, þ. e. stýrimannaskólann og vélstjóraskólann. Báðar eru þessar stofnanir ordnar fastmótaðar og vaxandi, og sækja þangað nemendur hvaðanæva af landinu. Fyrir báðar þessar stofnanir hafa valizt til forustu vel menntaðir menn og hæfir til starfa auk ágætra kennslukrafta, enda hefur árangur af báðum þessum stofnunum orðið ágætur. En eins og áður er sagt, veita þessar stofnanir einvörðungu fræðslu og menntun í sambandi við fiskveiðarnar, en ekki úrvinnslu þess afla, sem í land kemur. Það, hve vel hefur tekizt til með þessar stofnanir, hefur mjög orðið til þess að auka áhuga Vestmanneyinga fyrir stofnun fiskiðnskóla og telja þeir, að þegar hann er orðinn að veruleika, sé orðinn fastmótaður grundvöllur fyrir stofnun, sem veitt geti alhliða fræðslu og menntun jafnt þeim, sem fiskveiðarnar stunda, og fyrir þá, sem að úrvinnslu aflans vinna í landi og gera hann að söluhæfri framleiðslu á erlendum markaði. Að þessu marki stefna Vestmanneyingar ákveðið og telja því ekki náð, fyrr en fiskiðnskóla hefur þar einnig verið komið á fót. Hníga einnig öll rök að því, að með þessu móti mætti koma við nokkrum fjárhagslegum sparnaði í sambandi við húsnæði og kennslu í bóklegum fræðum.

Þá er komið að þeim rökum, sem ég tel vera fyrir hendi fyrir því, að hinn fyrsti fiskiðnskóli, sem stofnað verði til hér á landi, verði staðsettur í Vestmannaeyjum, en þau eru þessi helzt. Eins og áður hefur verið á bent, eru meiri og fjölbreyttari umsvif í fiskiðnaði í Vestmannaeyjum en á nokkrum öðrum stað hér á landi öðrum. Þar á sér stað samfelld vinnsla sjávarafurða allt árið í öllum greinum fiskiðnaðar og aðstaða er þar fyrir hendi til verklegrar kennslu í öllum greinum úrvinnslu sjávarafurða, og því er alveg ástæðulaust að ráðast í mjög kostnaðarsama byggingu til verklegrar kennslu nema þá á síðara stigi, ef það þykir þá henta. Þar er mjög góð aðstaða til bóklegrar kennslu, hvort heldur væri í iðnskólabyggingunni eða öðru húsnæði, sem fyrir hendi er, og aðstaða til heimavistar er þar einnig, ef óskað er. Í athugun er hjá forustumönnum fiskiðnaðarins að koma upp í Eyjum fullkominni rannsóknarstofu, sem þá mundi starfa í nánum tengslum við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Reykjavík. Og þó að af því yrði ekki, er ég alveg sannfærður um, að Vestmanneyingar mundu nokkuð vilja á sig leggja til að koma upp fullkominni rannsóknarstofu fyrir fyrirhugaðan fiskiðnskóla. Og að lokum vil ég benda á, að málið hefur verið mjög mikið rætt í Eyjum að undanförnu og stofnun skólans nokkuð undirbúin með fjárframlögum og öðru, og tel ég ekkert að vanbúnaði, að skólinn gæti tekið til starfa þegar á næsta hausti, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþykkt. Þá vil ég einnig benda á og undirstrika, að sem betur fer á sú skoðun vaxandi fylgi að fagna hér á hinu háa Alþ., að þær menntastofnanir, sem með eðlilegum hætti verði við komið, skuli frekar staðsettar úti á landsbyggðinni heldur en í höfuðstað landsins eða á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, og mönnum er almennt að verða það ljóst, að þetta er eitt af grundvallaratriðum í sambandi við hugmyndina um jafnvægi í byggð landsins.

Að lokum vil ég benda á það, sem fram kemur í grg. með frv., að í öllum athugunum um stofnun fiskiðnskóla hér á landi hefur mjög verið stuðzt

við upplýsingar, sem fengizt hafa um fiskiðnskólann í Vardö í Noregi. En skóli þessi er einmitt staðsettur á eyju norðarlega við Noreg, þar sem búa 4000 manns. Allir, sem til þekkja, munu vita og viðurkenna, að þessi skóli hefur þegar sannað tilverurétt sinn og staðsetning hans langt utan þéttbýlissvæðanna í Noregi hefur síður en svo orðið honum fjötur um fót, og gæti því staðsetning fyrsta íslenzka fiskiðnskólans í Vestmannaeyjum talizt mjög eðlileg og mjög sambærileg staðsetning og átti sér stað með fyrsta fiskiðnskólann í Noregi, sem staðsettur var í Vardö, eins og ég hef áður greint frá.

Mér þykir rétt, áður en lengra er haldið, að gera nokkra grein fyrir efni þess frv., sem ég flyt hér. I. kafli frv. er um markmið skólans og hvaða réttindi hann veitir að afloknu námi og vil ég í því sambandi vísa til 1., 2. og 3. gr. frv.

II. kafli frv. er um skipulagsatriði, og er þar gert ráð fyrir, að ráðh. skipi þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn og skuli einn tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einn tilnefndur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn skipaður af ráðh. og skal hann vera formaður nefndarinnar. Gera verður ráð fyrir, að þeir aðilar, sem skipaðir kunna að verða í skólanefndina, hafi nokkra sérþekkingu á hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins.

III. kafli frv. er um skólatíma, inntökuskilyrði og námsefni. Gert er ráð fyrir, að skólatíminn verði 3 ár, bóklegt nám fyrstu tvö árin á tímabilinu frá 1. sept. til 31. marz eða samanlagt 14 mánuðir, en verklegt nám á tímabilinu 1. apríl til 31. júlí og auk þess verkleg þjálfun í 12 mánuði að námi loknu og gætu þá nemendur sérhæft sig í þeirri grein eða greinum, sem þeir helzt vildu sérhæfa sig í.

8. og 9. gr. fjalla um námsefni, bóklegt og verklegt, og er þar stuðzt í aðalatriðum við ábendingu þeirrar nefndar, sem á sínum tíma var skipuð til að gera tillögur um stofnun fiskiðnskóla hér á landi, og mun hún hafa byggt tillögur sínar á upplýsingum um námsefni fiskiðnskólans í Vardö í Noregi. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir, að á árunum 1971—1972 skuli haldin þriggja mánaða námskeið fyrir starfandi verkstjórnarmenn í fiskiðnaðinum, þar sem þeim verði veitt aukin fræðsla í sambandi við starf þeirra. Er þetta ákvæði sett inn til þess að veita þeim verkstjórnarmönnum, sem ekki treysta sér til skólagöngu, aukna fræðslu í starfi þeirra, þeim og fiskiðnaðinum í heild til styrktar.

Ég hafði grg. með frv. allítarlega og sé því ekki ástæðu til lengri framsögu. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, leyfa mér að benda á, að Vestmanneyingar hafa á undanförnum áratugum haft forgöngu um ýmis málefni til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Má í því sambandi benda á Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, sem stofnað var á árinu 1862 og er elzta innlenda vátryggingarfélag sinnar tegundar. Þá má benda á Björgunarfélag Vestmannaeyja, sem nú er rúmlega hálfrar aldar gamalt og var á sínum tíma upphaf skipulagðrar björgunarstarfsemi hér á landi og einnig upphaf landhelgisgæzlunnar, því að björgunarskip þess, Þór, var vopnum búið, meðan það enn var í eigu félagsins, og varði suðurströnd landsins fyrir ágengni erlendra fiskiskipa auk björgunarstarfsins. Þá má benda á Fiskisölusamlag Vestmannaeyja, sem um árabil annaðist alla sölu fisks, sem fluttur var út frá Eyjum, og var undanfari Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem síðar var stofnað til.

Öll eru þessi félög enn við lýði, þó að tvö hin síðarnefndu hafi vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu talið eðlilegra að gerast jafnhliða aðilar að þeim landssamtökum, sem síðar var stofnað til og sama markmið höfðu. Þá má benda á Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum sem fyrstu menntastofnun skipstjórnarmanna utan höfuðstaðarins. Ég tel þetta einnig nokkurn rökstuðning fyrir því, að fyrsti fiskiðnskólinn, sem stofnað verður til hér á landi, verði staðsettur í Vestmannaeyjum. Ég tel, að það mundi verða traust stofnun, sem lengi yrði við lýði og til gagns fyrir þjóðarheildina.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef nú raunar ekki margt að segja um þetta mál og hef lítið út á að setja a. m. k. málflutning hv. flm., því að ég var honum í svo marga grein sammála, að það er engin ástæða til þess að fara að fetta fingur út í það, sem hann hafði að segja. En mig langar þó til þess að minna á það hér í þessu sambandi, að það er annað frv. um fiskiðnskóla, sem liggur hér fyrir hv. þd. og það var afgr. til sjútvn. nú fyrr á þessum fundi, að lokinni 1. umr., og nú gerir hv. flm. till. um, að þetta frv. fari til sömu n. og ég vil þá í því sambandi minna á það hér, sem ég hef áður gert í framsögu fyrir því frv., sem ég er flm. að ásamt hv. 2. þm. Reykn. Ég vil þá minna á það, að þessi frv. eru á margan hátt ákaflega lík og það er mikil nauðsyn á því að skoða þessi frv. saman og vega og meta í n., hvort ekki sé skynsamlegt að samræma þau, að svo miklu leyti sem þess kann að vera kostur, enda ber ekki mikið á milli um það, sem telja má höfuðatriði frv. Ég ætla ekki sem sagt að fara að halda hér neina langa ræðu um þetta efni, enda hef ég gert því skil áður nú í vikunni, þegar ég ræddi um frv. okkar hv. 2. þm. Reykn., en hins vegar var eitt og annað í ræðu hv. frsm. hér áðan, sem væri ástæða til þess að ræða, eða taka undir með honum, eins og t. d. þegar hann kemur inn á nauðsyn þess að dreifa skólastofnunum meira um landið heldur en gert hefur verið, og þar sem hann lagði réttilega áherzlu á, að þetta er ákaflega mikilvægt atriði í sambandi við það, sem við höfum kallað jafnvægi í byggð landsins, og um eðlilega uppbyggingu landsbyggðarinnar, þá er ég honum vissulega mjög sammála um þetta og það mætti gjarnan ræða þessi mál meira hér á hv. Alþ. Ég vil þá jafnframt minna á það, að ég hef á undanförnum árum verið mikill talsmaður þessa máls og flutt um það sérstök þingmál oftar en einu sinni, og ég má segja, að yfirleitt hafi þetta fengið góðar undirtektir, þetta málefni, m. a. hjá þessum hv. þm., sem ég veit að hefur tekið þátt í umr. um þetta áður fyrr og raunar síðar, og ég vil líka taka undir það, að mér er það gleðiefni sem áhugamanni einmitt um þessi efni, að dreifa skólastofnunum. Mér er það ánægjuefni,

að Vestmanneyingar hafa gerzt að mörgu leyti frumkvæðismenn í þessum efnum, m. a. með stofnun stýrimannaskólans og nú með þeim áhuga, sem þeir hafa sýnt á stofnun fiskiðnskóla þar. Vil ég á engan hátt gera lítið úr nauðsyn þeirrar stofnunar eins og hv. flm. þessa frv. gerir ráð fyrir, en vil þó enn minna í þessu sambandi á það frv., sem við flytjum, hv. 2. þm. Reykn. og ég. Ég vil minna á það í þessu sambandi, þegar þetta mál er til umr. og minna á, að rétt er að skoða þessi mál saman í sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (frv. BrS).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 12. maí 1970, um breyt. á l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [63. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 13. og 14. fundi í Nd., 5. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef borið fram frv. um breyt. á l. um aflatryggingasjóð og fjallar það um greiðslu fæðiskostnaðar til sjómanna á bátum, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, eins og segir hér í 1. gr.: „Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal og greiða eigendum fiskibáta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann.“ 2. gr. fjallar um það, að lög þessi taki gildi frá og með 19. febr. 1969.

Eftir að lögum um aflatryggingasjóð var breytt 1969, bar þegar á því, að sjómenn á smærri bátum voru óánægðir með þær reglur, sem giltu um fæðiskostnað. Til þess að bæta nokkuð úr þessu var flutt á Alþ. í fyrravetur frv. til l. um breyt. á þessum lögum og þá gert ráð fyrir, að sjómenn á bátum, sem ekki var lögskráð á, en höfðu þilfar, fengju greiddan fæðiskostnað eða fæðispening. Þetta þótti nokkur kjarabót, en þó komu fljótlega fram óánægjuraddir frá þeim sjómönnum, sem voru á bátum, sem voru kannske stærri en þilfarsbátarnir, og nú er með þessu frv. lagt til, að sporið sé tekið hreint út, þ. e. a. s. fæðispeningur sé greiddur til allra báta, þótt ekki sé lögskráð á þá, ef aðeins þeir fullnægja reglunum í aflatryggingasjóðslögunum varðandi tryggingar og atvinnu af sjósókn. Ástæðan til þess, að ég legg til, að þetta taki gildi frá og með 19. febr. 1969, er svo sú, að sjómenn á smáum bátum með þilfari fengu þessa kjarabót frá þeim tíma, og þykir mér því rétt að leggja til, að aðrir sjómenn á litlum bátum fái kjarabótina einnig frá þeim tíma. Ég vona, að þetta mál valdi engum ágreiningi, því að hér er aðeins verið að reyna að leiðrétta það misrétti, sem mér sýnist, að þarna hafi verið haft uppi, og hef ég ekki fleiri orð um þetta, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Velferð aldraðra.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um velferð aldraðra [71. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 12., 13. og 16. fundi í Nd., 4., 5. og 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Það er endurflutt að þessu sinni óbreytt. Hv. 1. flm. frv., 5. þm. Vesturl., talaði ítarlega fyrir frv., þegar það var flutt hér á seinasta þingi, og gæti ég þess vegna í sjálfu sér látið nægja að vísa til ræðu hans þá. Ég vil þó aðeins með örfáum orðum rifja upp, hvert er efni þessa frv. og tilgangur. Tilgangur frv. er að samhæfa og efla samstarf allra opinberra og einkaaðila, sem vinna að velferð aldraðra. Lagt er til, að í stað þeirra nefnda, sem fjallað hafa um þessi mál, komi föst stofnun, í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta kemur m. a. fram í 1. og 2. gr. frv., en í 3. gr. þess er verkefni Velferðarstofnunar aldraðra nánar skilgreint á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

1. Að halda uppi stöðugum rannsóknum á vandamálum aldraðra í landinu, þ. á m. fjárhagslegri afkomu þeirra.
2. Að gera tillögur um lausn þeirra vandamála til allra aðila, sem láta sig þau skipta eða gætu stuðlað að lausn þeirra.
3. Að gera tillögur um lausn vandamála, sem einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar beina til stofnunarinnar.

4. Að örva og styðja hvers konar félagsstarfsemi fyrir aldraða.
5. Að annast fræðslu um nútímaviðhorf til vandamála aldraðra og þróun þeirra mála erlendis.
6. Að gefa út leiðbeiningarit fyrir aldraða um vandamál ellinnar og lausn þeirra.
7. Að efna til námskeiða í félagslegu og öðru starfi, sem vinna þarf fyrir aldraða.

Í 4. gr. frv. er síðan nánar kveðið á um, hvernig stjórn velferðarstofnunarinnar skuli skipuð.

Síðustu áratugi hefur sú skoðun fest rætur hér á landi, sem og í mörgum öðrum löndum, að þjóðfélaginu beri að sjá farborða þeim einstaklingum, sem af einhverjum ófyrirsjáanlegum ástæðum standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Fyrst í stað var þessi hugsjón framkvæmd með stofnun sjúkrasamlaga og almannatrygginga, aðstoð við íbúðarbyggingar og ráðstöfunum til að greiða götu æskunnar til náms. Síðar hefur vaknað skilningur á því, að gera þurfi margvíslegar félagslegar og fjárhagslegar ráðstafanir til aðstoðar við þá aldursflokka, sem ýmist eru að búa sig undir starfsárin eða hafa lokið þeim, þar eð þeir hafa misst starfsorku að meira eða minna leyti vegna elli. Undanfarin ár hafa málefni unga fólksins verið mjög í sviðsljósi, en það hefur einnig vaknað nýr áhugi og nýr skilningur á vandamálum aldraðra, þótt minna hafi á því borið. Hér á landi hefur ríkisvaldið skipað nefndir til að fjalla um þau mál, og hefur verið unnið gott starf á vegum þeirra, svo og ýmissa stofnana og félaga. Slíkar stofnanir eru til víða erlendis og þykja hafa unnið gott starf. Má nefna The National Old Peoples Committee í Englandi, sem starfað hefur síðan 1940, og á Norðurlöndum eru til stofnanir, þar sem saman koma ýmis frjáls samtök og opinberir aðilar, er vinna að málefnum aldraðra. Þann vísi, sem til er að slíku starfi hér á landi, er ætlunin að notfæra með þessu frv., þannig að það verði sett á fót stofnun, sem samhæfi starfsemi þessara aðila. Fyrr á árum var það trú manna, að fátt þyrfti að gera fyrir aldraða annað en að koma upp elliheimilum. Nú hafa gerólíkar og miklu mannúðlegri skoðanir rutt sér til rúms. Þær byggjast á því, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur verði einnig að bæta lífi við árin. Aldraðir eiga að búa á eðlilegan hátt með yngra fólki og börnum eins lengi og unnt er. Slíkt hlýtur ávallt að geta orðið til þess að bæta sambúð ungra og gamalla. En á þeim tímum, sem við lifum nú, er mikil þörf á því. Þeir öldruðu þurfa að hafa vel fyrir nauðþurftum og létt starf eða áhugamál að fást við. Yngra fólk þarf að aðstoða þá eldri, þegar þrekið minnkar, en getur þegið margvíslega aðstoð af öldungunum í staðinn. Að sjálfsögðu verða að vera til sjúkradeildir og hjúkrunarheimili fyrir þá öldruðu, sem þess þurfa. Nú eru á mörgum stöðum í öðrum löndum reyndar ýmsar hugmyndir á þessu sviði og er okkur mikils virði að fylgjast með þeim og læra af þeim. Þess vegna er nauðsynlegt að til sé sérstök stofnun, sem um þessi mál fjallar og safnar saman vitneskju og sérþekkingu á málefnum aldraðra, veitir sveitarfélögum og öðrum aðilum ráð og minnir á þessi mál með því að birta niðurstöður af sífelldum athugunum og halda uppi fræðslu. Þessi atriði, sem ég hef nú drepið á, eru ítarlegar rakin í grg. með frv. Því fylgir enn fremur ítarleg grg. frá Erlendi Vilhjálmssyni um vandamál aldraðra, og leyfi ég mér að vísa til þeirrar grg. að öðru leyti varðandi efni þessa frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um frv. fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af fjórum þm. Alþfl., annars stjórnarflokksins. Og það fjallar, eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, um velferð aldraðra. Og þarna er vikið að ákaflega viðtæku og mikilvægu vandamáli í nútíma þjóðfélagi eins og allir vita. Gamlar hugmyndir um aðstöðu aldraðra í þjóðfélögum hafa verið mjög að breytast, og á því er enginn vafi, að þetta er mál, sem taka verður mjög fastari tökum en gert hefur verið til þessa. Tökum, sem vissulega munu kosta býsna mikið fé, og langt umfram það, sem nú er veitt til þessara málefna, en er engu að síður ákaflega mikilvægt. Flm. leggja til, að þannig verði unnið að þessu máli, að komið verði á laggirnar nýrri stofnun, Velferðarstofnun aldraðra, sem starfi í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins og hafi með höndum ýmiss konar rannsóknarverkefni og aðstöðu til þess að gera tillögur og styðja að ýmiss konar félagsstarfsemi og fræðslu og þess háttar verkefnum, eins og rakið er í frv. Og þessa starfsemi á að annast sjö manna stjórn, sem skipuð verði samkvæmt tilnefningu frá jafnmörgum stofnunum, eða réttara sagt sex stofnunum og einn stjórnarmaður á að vera skipaður af ráðh. Nú veit ég ekki, hvað mönnum kann að finnast um kerfi eins og þetta. Þetta er rammi, og gagnsemin fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig sá rammi verður fylltur út. Það er augljóst, að þarna er um að ræða stofnun, þar sem komið verður á laggirnar æðimörgum nýjum embættum, og stundum hefur mönnum fundizt, að áhugi á tryggingarmálum væri býsna mikið bundinn því, að hægt væri að koma á laggirnar nýjum embættum. En það er nú svo með ákvarðanir Alþ. á mörgum sviðum, að Alþ. getur lítið annað gert en að ganga frá ramma og síðan er það verkefni þeirra, sem að málinu vinna, að fylla þann ramma af lífi og hreyfingu. Og vissulega virðist mér, að stofnun eins og þessa væri hægt að forma á þann hátt einnig. Það er hins vegar eitt atriði í sambandi við þetta, sem ég held að athuga þyrfti nánar, og það er það, að ég sakna þess, að í stjórn þessarar stofnunar skuli ekki vera neinir fulltrúar fyrir gamla fólkið sjálft. Ég held, að það hefði verið hægt að finna leiðir til þess, að aldraða fólkið hefði átt sína fulltrúa í þessari stofnun og ég held, að það væri mikil nauðsyn.

En ég kvaddi mér nú ekki hljóðs til þess að ræða málefnalega um þetta frv. hér við umr., heldur vildi ég beina þeirri spurningu til hv. flm., hvað það er, sem fyrir þeim vaki með því að flytja þetta frv. Það er alkunna, að Alþfl. hefur nú um meira en 10 ára skeið verið í stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. Í þeirri samvinnu hefur Alþfl. haft þann hátt á, að hann hefur reynt að koma áhugamálum sínum fram innan ramma stjórnar-

samvinnunnar. Hann hefur farið fram á það við samvinnuflokk sinn, að þeir vinni saman að tilteknum áhugamálum Alþfl. og síðan hafa þau mál verið flutt, sem flokkurinn hefur komið fram, hafa verið flutt hér á þingi sem stjórnarfrv. Og Alþfl. hefur verið mjög fastur á þessum vinnubrögðum, sem ég er ekki að segja að séu neitt óeðlileg eða óvenjuleg, og hann hefur verið svo fastur á þeim, að hann hefur hafnað því, að teknar séu ákvarðanir hér á þingi af þingmeirihluta, ef þær hafa brotið í bága við sameiginlegar ákvarðanir stjórnarflokkanna. M. a. hefur Alþfl. greitt atkv. gegn tillögum um tryggingarmál, vegna þess að þær tillögur voru ekki í samræmi við það, sem ríkisstj. hafði ákveðið, og það enda þótt þm. Alþfl. hafi lýst yfir því, að þeir væru í hjarta sínu sammála þeim tillögum, sem þeir greiddu atkv. á móti. Ég geri ráð fyrir því, að Alþfl. hafi gert tilraun til þess að koma þessu frv. fram innan stjórnarsamvinnunnar, að Alþfl. hafi farið fram á það, að ríkisstj. sem slík flytti þetta frv. og að því hafi verið hafnað, Sjálfstfl. hafi ekki viljað á það fallast. Þá er mér spurn: Er það ætlun flm., að þetta frv. yrði samþ. hér á þingi, ef þeir yrðu í þingmeirihluta, jafnvel þótt Sjálfstfl. sé andvígur því? Eru þm. Alþfl. reiðubúnir til að vinna að framgangi þessa máls í samvinnu við þm. Alþb. og Framsfl., annaðhvort í því formi, sem frv. liggur hér fyrir, eða í einhverju breyttu formi, sem samkomulag yrði um? Eru þeir sammála því, að þannig verði að þessu unnið, og eru þeir reiðubúnir til þess að standa að samþykkt þessa máls á þann hátt? Ég tel, að við þm. eigum heimtingu á að vita þetta, hvort þessi er raunin, því ef það liggur fyrir, að þeir séu reiðubúnir til slíkrar samvinnu við stjórnarandstöðuna, þá hygg ég, að stjórnarandstaðan væri reiðubúin til þess að hefja um það sérstaka samvinnu, hvernig hægt væri að koma þessu máli fram. En liggi þetta hins vegar ekki fyrir, sé Alþfl. ekki reiðubúinn til að afgreiða þetta mál á þennan hátt, þá hlýt ég að líta á flutning þessa frv. sem algera sýndarmennsku. Þá er frv. einvörðungu til þess flutt, að hægt sé að hæla sér af því utan þingveggjanna, en ekki til þess að koma málinu fram. Og það er því miður ekki að ástæðulausu, sem maður notar orðið sýndarmennsku í sambandi við vissa þætti í afskiptum Alþfl. af tryggingarmálum. Alþfl. hefur hælt sér mikið af forystu sinni í þeim málum, og ég hef ekki nokkra löngun til þess að hafa af honum þann heiður, sem hann á í sambandi við þau mál. Hitt virðist mér vera staðreynd, að Alþfl. hefur á undanförnum árum sinnt þessum málum allt of laklega. Einmitt á þeim árum, þegar afkoma var sem bezt á Íslandi og þjóðartekjur hvað hæstar, þá drógust tryggingarmálin ákaflega mikið aftur úr, og nú er svo komið, að í tryggingarmálum erum við orðnir miklir eftirbátar t. a. m. annarra Norðurlandaþjóða.

Ég tel það mikinn ljóð á ráði Alþfl. í stjórnarsamvinnunni, hvað hann hefur sinnt þessum málum ákaflega laklega. Og mér hefur oft virzt, að Alþfl. hefði miklu meiri umhyggju fyrir samvinnunni við Sjálfstfl. en fyrir málstað hinna öldruðu og annarra þeirra, sem þurfa á aðstoð Tryggingastofnunarinnar að halda. Mér líður það sennilega ekki úr minni, þegar ég var hér viðstaddur í fyrra og þm. Alþfl. greiddu allir sem einn atkv. gegn lágmarkshækkun á bótum til aldraðs fólks og öryrkja, algerri lágmarksbót og greiddu síðan atkv. með hreinum smánarbótum, sem allir viðurkenndu að voru óviðunandi með öllu. Þeir réttlættu sig að vísu með því, að þessi mál yrðu tekin til endurskoðunar, þau yrðu tekin upp innan stjórnarsamvinnunnar. En það var ekki Alþfl., sem kom síðar fram með nokkra úrbót á þessu sviði. Það voru verkalýðsfélögin, það var einn árangurinn af baráttu verkalýðsfélaganna fyrr á þessu ári, að bætur almannatrygginga voru loksins hækkaðar svo að svolitið munaði um það.

Ég verð að segja það, að mér kom það mjög á óvart, þegar frv. hæstv. ríkisstj. um svokallaða verðstöðvun var hér lagt fyrir, og þar inni reyndist vera grein um greiðslur frá Tryggingastofnuninni, að Alþfl. skyldi fallast á að leggja slíkt frv. fram, án þess að þar væri einnig um að ræða hækkun á bótum til aldraðs fólks og öryrkja og annarra þeirra, sem viðskipti eiga við Tryggingastofnunina. Það frv. hefur mætt fullri andstöðu meðal fulltrúa verkalýðsfélaganna innan Alþfl. Það hlýtur að hafa verið dálitið erfið ákvörðun fyrir stjórnmálamennina í þeim flokki að brjóta þannig gegn félögum sínum í verkalýðshreyfingunni og það hefði þá verið hægt að milda þau átök með því að taka þarna inn nauðsynlegar umbætur á starfsemi Tryggingastofnunarinnar. En þetta var ekki gert. Þarna er ekki orð um þau atriði. Hins vegar er okkur enn sagt, að þetta sé í endurskoðun innan ramma stjórnarsamvinnunnar, þetta sé í höndum sérstakrar nefndar. Ég vildi leyfa mér að bera fram fsp. um það, hvað líði störfum þessarar nefndar. Ég spyr um það m. a. vegna þess, að Alþfl. taldi ekki ástæðu til þess, að neinn fulltrúi frá Alþb. ætti sæti í þeirri nefnd. Það virðist svo sem Alþfl. telji, að þar eigi önnur sjónarmið að eiga meiri rétt á sér heldur en sá ótvíræði stuðningur við málefni aldraðs fólks og öryrkja, sem er innan Alþb. En þess vegna vitum við ekki, hvað störfum þessarar nefndar líður. Ég vænti þess, að flm. þessa frv. geti greint mér frá því og enn fremur greint frá því, hvenær frv. um þetta efni verði lagt fyrir þing. Og mér þætti einnig fróðlegt, að þeir skýrðu okkur frá því nú þegar, hvort þeir hyggjast halda þannig á málum í þessari nefnd, að þeir verði bundnir af niðurstöðum hennar. Þar á ég við það, að þó það kæmi svo í ljós, að hér kynni að vera þingmeirihluti fyrir hærri greiðslum til aldraða fólksins og öryrkja og annarra heldur en nefndin kemst að samkomulagi um, ef Alþfl. stæði t. d. með stjórnarandstöðunni, mundi Alþfl. þá bregðast gamla fólkinu til þess að halda sér í stjórnarsamvinnuna? Einnig þetta mundi ég óska eftir að fá að vita.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að það frv., sem hér er til umr., er fyrst og fremst frv. til setningar laga um ramma utan um þá starfsemi, sem ráðgert er að fari fram á vegum Velferðarstofnunar aldraðra. Það er einnig rétt, að þetta frv. er frumsmíð, og má þess vegna reikna með, að á því þurfi að gera einhverjar breytingar. Sú

aths. hv. þm., að ekki sé gert ráð fyrir í frv. neinum fulltrúa í stjórn velferðarstofnunarinnar frá aldraða fólkinu er sennilega einnig réttmæt og sjálfsagt að taka hana til athugunar. Þá beindi hv. 6. þm. Reykv. til flm. frv. þeirri spurningu, hvað þeir meintu með því, hvort þeir væru búnir að semja um það fyrirfram við Sjálfstfl. að koma frv. í gegn, eða hvort þeir hefðu óbundnar hendur um að fylgja því eftir, ef ekki tækist samstaða um þetta við Sjálfstfl. Það er nú svo, eins og ég reikna með að hv. 6. þm. Reykv. sé vel ljóst, að í stjórnarsamstarfinu er ekki samið um öll mál, og það kemur fyrir á báða bóga, að stjórnarflokkarnir flytja mál í þinginu, án þess að um þau hafi verið samið fyrirfram. Þetta þarf þó ekki nauðsynlega að þýða, að annar hvor stjórnarflokkurinn verði á móti málinu. Á það reynir í meðferð þingsins. Ég geri ekki ráð fyrir því, að við, sem stöndum að flutningi þessa frv., þurfum sérstaklega að óttast það, að samstarfsflokkur okkar í ríkisstj. verði málinu mótfallinn. Þarna er heldur ekki um það að ræða, eins og hv. 6. þm. Reykv. lét liggja að, að stofna fjölmennt embættismannabákn. Það sést, þegar litið er á 4. gr. frv., hvernig nefnd þessi á að vera skipuð. Hún skal skipuð fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Húsnæðismálastofnun ríkisins, Læknafélagi Íslands, Dvalarheimili aldraðra sjómanna og Þjóðkirkjunni. Það verður náttúrlega ekki fullt starf, sem þessir aðilar inna af hendi, heldur verður þetta eins konar yfirnefnd, sem skipuleggja á það starf, sem fram fer á vegum margra einstakra aðila, og reynir þá að samræma það eftir beztu getu. Að sjálfsögðu mundi þetta kosta það, að ráða þyrfti þessari stjórn einn starfsmann eða framkvæmdastjóra, en meira embættisbákn held ég að ætti ekki að þurfa að koma út úr þessu.

Hv. 6. þm. Reykv. vék að hækkun tryggingabótanna á þessu ári, fyrst þeirri hækkun, sem var afgreidd í sambandi við fjárlög, og svo þeirri hækkun, sem ákveðin var síðar á árinu, eða eftir að kjarasamningar verkalýðsfélaganna höfðu tekizt. Ég sé nú ekki ástæðu til að karpa neitt við hv. 6. þm. Reykv. út af þessu. Staðreyndin er sú, og það vænti ég, að allir hv. þdm. geri sér ljóst, að þegar hækkun tryggingabóta er ákveðin, þá þarf auðvitað um leið að ákveða, hvernig eigi að afla tekna til að standa undir þeirri hækkun. Við stóðum frammi fyrir þessu vandamáli í stjórnarflokkunum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár, og niðurstaðan varð sú, að það var ekki talið fært að hækka fjárlögin nema sem svaraði til þess að greiða rúmlega 5% hækkun á tryggingabæturnar. Það samsvaraði hækkun eins og þeirri, sem verkalýðsfélögin fengu á árinu 1969 í uppbætur á sína kauptaxta, og svaraði til hæstu launauppbóta, sem þá voru greiddar. Hins vegar get ég sagt það hér og er reiðubúinn að standa við það hvar sem er og hvenær sem er, að í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu á s. l. vetri var það fastmælum bundið milli stjórnarflokkanna, að síðar á árinu yrðu tryggingabæturnar endurskoðaðar með hliðsjón af því, sem gerðist í launamálum í þjóðfélaginu. Það var svo gert eftir að kjarasamningar höfðu tekizt í vor. Þá var ákveðið að hækka tryggingabæturnar um 20%. Um það var ekki samið af verkalýðshreyfingunni. Um þetta var samið af stjórnarflokkunum í beinu framhaldi af því, sem gerðist í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna á s. l. vetri. Ég sé svo ekki ástæðu til að svara frekar ræðu hv. 6. þm. Reykv. *Ég veit, að hann er bæði skilningsríkur og* velviljaður maður, og ég vænti, að það standi ekki á honum að hjálpa til að koma þessu litla frv. okkar í gegnum þingið.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Heldur þótti mér það nú daufleg svör, sem hv. flm. gaf mér um það, hvernig hefði verið staðið að þessu máli áður en það var hér lagt fram í frumvarpsformi. Mér skildist helzt á ummælum hans, að Alþfl. hefði ekki reynt að koma þessu máli fram í gegnum ríkisstj., þannig að það yrði flutt sem stjfrv. Þannig hefur þá Alþfl. haldið á þeim málum, sem hann hefur lagt áherzlu á, og þó er mér kunnugt um það af viðtölum við einstaka þm., að þeir telja sig mjög bundna af því, sem ákveðið er *sameiginlega innan ríkisstj. Ef Alþfl. hefði í* rauninni viljað koma þessu máli fram þannig, þá hefði hann lagt áherzlu á það, að ríkisstj. flytti það. Og ég á svolítið erfitt með að átta mig á því, þegar flm. stendur hér og segir, að ekkert hafi á það reynt, hver hafi verið afstaða Sjálfstfl. til þessa máls. Það finnst mér vera dálítið dularfull vinnubrögð meðan Alþfl. er í náinni stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl., að flm., sem telja sig hafa mikinn áhuga á þessu máli, skuli ekki einu sinni hafa kannað það, hvernig samstarfsflokkurinn lítur á mál eins og þetta. Og satt að segja, ef þetta er rétt, að þessir hv. fjórir flm. flytji málið án þess að ræða það við samstarfsflokk sinn, þá er nú stutt í þá ályktun, að þarna sé ekki á bak við sérstaklega mikil alvara.

Ég vék áðan að upphæðum tryggingabóta og í sjálfu sér eru þær náttúrlega aðalatriðið, þegar við ræðum um aðbúð og kjör gamals fólks á Íslandi. Það er aðalatriði, að þetta fólk hafi það rúm fjárráð, að það geti eitthvað leyft sér. En því fer ákaflega fjarri, að þetta sé svona. Og þarna hefur orðið, eins og ég sagði áðan, um mjög mikla afturför að ræða. Ég bar saman fyrir nokkrum dögum þessar greiðslur hér annars vegar og í Danmörku hins vegar. Og mér sýndist það láta mjög nærri, að það, sem við greiðum öldruðu fólki á Íslandi, sé u. þ. b. helmingur þess, sem Danir greiða öldruðu fólki hjá sér. Og þessar bætur eru svo herfilega lágar, að það gerðist t. d. í vetur, — ég vænti þess, að hv. þm. hafi tekið eftir því, — að örorkuþegi sendi bréf til Vísis og sagðist nýlega hafa orðið að fara til læknis og læknirinn sagði við hann: Það, sem að þér er, er næringarskortur. Þessar upphæðir eru svo lágar, að hafi fólk ekki aðra aðstoð, þá er ekki hægt að draga fram lífið á þeim án þess að missa heilsuna. Og það er þetta, sem er það stóra vandamál, sem við okkur blasir, að svona ástandi megum við hreinlega ekki una. Og það alvarlega í þessu er það, að þetta ákvæði skuli ekki hafa verið bætt stig af stigi á undanförnum árum, heldur látið drabbast svona niður. Því það er miklu erfiðara að taka stórar stökkbreytingar í málum eins og þessum, í stað þess að vinna að þeim ötullega og jafnt og þétt. Þess vegna er ég ákaflega hræddur

um það, að sú stofnun, sem flm. tala um að setja á laggirnar og eflaust gæti látið margt gott af sér leiða, ég er hræddur um, að hún verði til lítils á meðan fjárráðin, sem aldraða fólkið hefur, eru eins hrakleg og dæmin sanna. Og einmitt þess vegna hefði ég gert mér vonir um það, að hv. þm. Birgir Finnsson hefði svarað einhverjum af þeim fsp., sem ég beindi til hans um það, hvað liði þeirri endurskoðun, sem lofað hefur verið á starfsemi tryggingganna og bótagreiðslum frá þeim. Ég spurði að því í lok ræðu minnar, hvað því starfi liði, hvenær mætti vænta þeirra tillagna. Og enn fremur um það, hvort þm. Alþfl. ætluðu þá að binda sig við það einvörðungu, sem þeir fengju samkomulag um við Sjálfstfl., án þess að láta á það reyna, hvort hægt væri að ná samstöðu hér á þingi um betri lausn. En þessu svaraði hv. þm. því miður ekki, hvernig sem á þeirri þögn stendur.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég get að vissu leyti fallizt á, að það sé rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að heildarendurskoðun tryggingakerfisins sé miklu veigameira og viðameira mál heldur en þetta litla frv., sem hér liggur til umr., og skiptir að sjálfsögðu enn þá meira máli, hvernig tekst til um þá endurskoðun, sem er hafin og nú stendur yfir. Ég get því miður ekki svarað fsp. hans um það, hvenær þeirri endurskoðun verður lokið. Ég hef ekki aðstöðu til þess, og mér finnst til nokkuð mikils ætlazt af hv. 6. þm. Reykv., þegar hann heimtar yfirlýsingu af okkur Alþfl.-mönnum hér í deildinni um það, hvort við ætlum fyrirfram að binda okkur við niðurstöðu tillagna, sem ekki eru til enn þá og við vitum ekki, hvað hafa inni að halda. Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. er það vel viti borinn maður, að hann ætlast alls ekki til þess, að við svörum þessu. Auðvitað tökum við afstöðu til niðurstöðu þeirrar nefndar, sem hefur endurskoðunina með höndum, þegar hún liggur fyrir, en fyrr ekki. Því miður þá er það ekki á mínu færi að svara því, hvenær þeirri endurskoðun verði lokið. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. segir, að tryggingabætur hér á landi hafa, a. m. k. í sumum greinum, dregizt aftur úr því, sem gengur og gerist á Norðurlöndum, en ég er ekki viss um, að svo sé í öllum greinum. Ég hef samt sem áður ekki fulla sannfæringu fyrir því, að það heildarfjármagn, sem þjóðin ver til tryggingamála, gæti ekki verið nægilegt, ef því væri varið öðruvísi heldur en er í dag. Þetta er auðvitað mjög veigamikið atriði, sem hlýtur að koma til álita í sambandi við þá endurskoðun tryggingalöggjafarinnar, sem nú er hafin. Ef það væri svo, að heildarupphæðin mætti teljast vera allt að því fullnægjandi og það væri fyrst og fremst um það að ræða að breyta reglum um skiptingu hennar, þá værum við að sjálfsögðu ekki í raun og veru komnir svo langt aftur úr í þessum efnum eins og í fljótu bragði kann að virðast. Um þetta vil ég ekki fullyrða á þessu stigi málsins. Þetta kemur allt á daginn, þegar endurskoðun tryggingalöggjafarinnar er lokið, og get ég aðeins sagt það eitt um þá endurskoðun, að Alþfl. leggur á það mikla áherzlu, að vel verði til hennar vandað og að henni verði hraðað eftir föngum. En þarna er þó um mjög yfirgripsmikið og vandasamt verk að ræða, sem ekki er við að búast að verði lokið á skömmum tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Stjórnarskipunarlög.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [72. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er nú ámóta þunnskipað hér í þingsölum eins og þegar hv. þm. Gísli Guðmundsson mælti fyrir till. sinni um stjórnarskrána á dögunum, en um það er raunar ekkert að sakast, það er á valdi þm. sjálfra, hvernig þeir rækja þingstörf sín.

Það hefur um mjög langa hríð, eins og menn vita, verið rætt mikið um nauðsyn þess að breyta stjórnarskránni og koma á laggirnar raunverulegri lýðveldisstjórnarskrá. Menn höfðu á þessu mikinn áhuga eins og oft hefur verið rakið hér, eftir að lýðveldið var stofnað, en þær umr. runnu út í sandinn af ýmsum ástæðum, en aðalástæðan hefur án efa verið viðkvæmni út af kjördæmaskipaninni, sem snertir mjög valdaaðstöðu flokka, og ágreiningur um það efni hefur staðið í vegi fyrir því, að fjallað yrði um önnur mál stjórnarskrárinnar. Hér hafa á hverju þingi verið fluttar till. um þetta efni, en lítið annað hefur gerzt og ekki orðið vart við neinn raunverulegan, sameiginlegan vilja til þess að vinna að þessum mikilvægu verkefnum. Þó virðist mér, að nú sé að vakna slíkur áhugi aftur. Núna ekki alls fyrir löngu flutti einn af núv. forustumönnum Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, erindi um þetta mál á fundi hjá lögfræðingum, og það vakti allmikla athygli, að um það mál skyldi fjallað af þeim manni og á þann hátt. Og hér fyrir skömmu, þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir stefnu og fyrirætlunum ríkisstj., þá lét hann þess getið, að hann mundi beita sér fyrir því, að haft yrði samráð milli þingflokka um þetta verkefni, breytingar á stjórnarskránni, og eins og við höfum heyrt hjá hæstv. forsrh. einmitt á þessum fundi

og núna fyrir tiltölulega stuttu, þá leggur hann áherzlu á það, að það, sem hann hefur sagt í þessari ræðu, sé í rauninni gulls ígildi og muni allt standa, svo að það má væntanlega gera ráð fyrir því, að þetta mál verði tekið til raunverulegrar athugunar nú á næstunni. Og í sjálfu sér væri það ákaflega æskilegt, að slík samvinna þingflokka hefjist fljótlega. En samhliða því er einnig æskilegt, að það verði fjallað um þetta mál einnig utan þingsalanna af almenningi og af hvers konar almannasamtökum. Og þess vegna tel ég það vera ákaflega mikilvægt að koma á framfæri hvers konar hugmyndum, sem menn gera sér um stjórnarskráratriði, svo að hægt sé að ræða þau og fjalla um þau og lýsa afstöðu til þeirra sem víðast manna á meðal. Og þessi till., sem ég mæli hér fyrir, þetta frv. til stjórnskipunarlaga, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni, hefur fyrst og fremst þennan tilgang, að vekja athygli á allmörgum efnisliðum, sem við teljum, að verði að fjalla um í sambandi við nýja stjórnarskrá, þó að frv. okkar feli ekki í sér neina heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Við teljum, að það séu fjölmörg atriði önnur, sem einnig verði að fjalla um og breyta og munum taka þátt í þeim störfum, eftir því sem til okkar verður leitað um það, en við viljum vekja athygli á þeim atriðum, sem hér eru talin, til þess að vekja um það almennar umræður í landinu og hjálpa þeim, sem áhuga hafa á þessu máli. Og ég vildi með nokkrum orðum gera grein fyrir efni þessara tillagna, sem í frv. felast.

Í 1. gr. er nýtt ákvæði tengt útgáfu brbl. Það er alkunna, að ríkisstj. hér á landi hafa gert mjög mikið af því að gefa út brbl. og raunar engin ríkisstj. í jafnríkum mæli og núv. stjórn, sem hefur stundum stjórnað mjög mikilvægum þáttum með tilskipunum á þennan hátt. Hvarvetna í þingræðisríkjum þykir ástæða til þess að takmarka mjög þennan rétt ríkisstjórna og í sumum löndum hafa þær raunar alls ekki þennan rétt. Við flm. erum þeirrar skoðunar, að þessi réttur til útgáfu brbl. hafi verið misnotaður mjög, af núv. ríkisstj. sérstaklega, og að þarna sé um að ræða forn ákvæði, sem ekki eigi við lengur. Slíkur réttur til útgáfu á brbl. var í sjálfu sér eðlilegur meðan þing kom örsjaldan saman, annað hvert ár og sat ekki nema 6—8 vikur, þá var slíkur réttur til útgáfu brbl. nauðsynlegur. Eins og þingstörfum er nú háttað, er þessi nauðsyn orðin mun minni. Þess vegna er hér lagt til að tryggja rétt Alþ. að því er þetta atriði snertir á þann hátt, að þriðjungur þm. geti krafizt þess, að Alþ. sé þegar kvatt til aukafundar í tilefni af útgáfu brbl., þ. e. a. s. ef ríkisstj. hverju sinni gefur út brbl., sem menn hafa ástæðu til þess að ætla, að ekki sé eðlilegur þingmeirihluti fyrir, þá geti þriðjungur alþm. gert kröfu um, að þing verði kvatt saman til að fjalla um málið.

Í 2. gr. er fjallað um kosningarrétt. Þar er haldið ákvæðum núgildandi laga um, að kosningaraldur sé 20 ár, enda þótt það sé skoðun mín og okkar flm. raunar, að þróunin muni verða sú, að kosningaraldurinn verði færður ofan í 18 ár og það sé mjög eðlileg þróun. Þar verða þau umskipti í lífi manna, að menn fá þar bæði réttindi og skyldur, sem eru þess eðlis, að það væri mjög eðlilegt, að kosningarrétturinn yrði miðaður við 18 ár. En við leggjum til, að það verði gert auðvelt að breyta þessu atriði með ákvæði um, að lækka megi kosningaraldur með lögum. Að öðru leyti eru felld niður úr þessari grein ákvæði, sem við teljum óeðlileg í sambandi við jafnmikilvægan rétt eins og kosningarrétt. Það eru sem sagt felld burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráðir og hafa óflekkað mannorð. Það er mjög hæpið, að það sé rétt, að hægt skuli með dómi að dæma af mönnum mannréttindi á borð við kosningarrétt.

Í 3. gr. er fjallað um þjóðaratkvæði. Það er alkunna, að í stjórnarskránni eru engin almenn ákvæði um þjóðaratkvæði, enda þótt þjóðaratkvæði sé mjög mikilvæg aðferð víða um lönd til þess að kanna hug fólks og tryggja lýðræðislegan bakhjarl fyrir ákvörðunum. Þau einu atriði, sem um það efni fjalla í stjórnarskránni, eru þau, að ef breyting verður gerð á kirkjuskipan ríkisins, þá verði að leggja það atriði undir þjóðaratkvæði og eins eru þar þau ákvæði, að ef forseti neitar að staðfesta lög, þá verði að bera þau lög undir þjóðaratkvæði, og er það í samræmi við það, að forseti er þjóðkjörinn og mjög eðlilegt, að hann hafi þennan rétt. Hins vegar hefur þróunin orðið sú, að forsetar Íslands hafa aldrei hagnýtt þennan rétt, jafnvel þótt um hafi verið að ræða stórmál, þar sem uppi hafa verið ákaflega almennar kröfur um þjóðaratkvæði. En rétturinn hefur sem sé aldrei verið notaður. Hér er lagt til í tillögum okkar, að það ákvæði verði sett í stjórnarskrá, að 20 þm. eða fimmti hluti kjósenda geti krafizt þjóðaratkvæðis um sérhvert mál, sem samþykkt er á Alþ., og ráði sú atkvæðagreiðsla úrslitum. Enn fremur er lagt til, að 25% kjósenda eða 15 þm. geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni, þó þannig, að úrslit slíkrar atkvæðagreiðslu verði hugsuð þannig, að þau verði ráðgefandi, en ekki bindandi. Hér er sem sé verið að opna leiðir til þess, að unnt sé bæði að skírskota til þjóðarinnar í miklu ríkara mæli en nú er gert og einnig að leita til þjóðarinnar um endanlegan úrskurð, ef upp koma mjög örlagarík mál, þar sem ástæða er til að ætla, að meiri hluti þjóðarinnar geti haft aðra skoðun en meiri hluti Alþingis. Þessi ákvæði eru samt ekki rýmkuð svo mjög samkv. tillögum okkar, að ástæða sé til að óttast, að um misnotkun yrði að ræða. Það þarf býsna mikið til, t. d. til þess að fá 20% kjósenda til þess að gera formlega kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Slíkt gerist ekki nema í sambandi við stórmál, sem grípa hugi manna. Og hið sama mun eiga sér stað um þm. Ef 20 þm. eiga að fást til að standa saman að slíkri kröfu, þá mun það ekki gerast nema í sambandi við stórmál. En við teljum, að þetta atriði um þjóðaratkvæði sé ákaflega mikilvægt og þróunin hljóti að verða í þá átt.

Í 4. gr. gerum við ráð fyrir, að felld verði inn í stjórnarskrána ný grein, sem fjallar um samskipti Íslendinga við alþjóðlegar stofnanir. Og þar er ákveðið, að frv. til l. eða þál., sem feli það í sér, að ríkisvaldið sé að einhverju leyti sett í hendur alþjóðlegrar stofnunar, teljist ekki samþ., nema hlotið hafi ⅔ hluta greiddra atkv. í báðum deildum Alþ. Ef slíkt mál fær einfaldan meiri hluta,

þá getur ríkisstj. borið frv. undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Og ef a. m. k. 50% landsmanna taka þátt í atkvæðagreiðslu og ⅔ hlutar þeirra greiða atkvæði með frv., þá telst það samþykkt. Einnig hér er um mjög mikilvægt ákvæði að ræða að okkar hyggju. Sjálfstæði þjóðarinnar er dýrmætasta eign hennar, og það verður að tryggja það með ótvíræðum ákvæðum, að knappur meiri hluti Alþingis geti ekki takmarkað það sjálfstæði með því að setja ríkisvaldið að einhverju leyti í hendur alþjóðlegum stofnunum eða ríkjabandalögum. Sú aðferð, sem við bendum á, er, að til þess þurfi aukinn meiri hluta, einfaldur meiri hluti nægi ekki, hvort sem um er að ræða að taka slíka ákvörðun á þingi eða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Slík ákvæði að því er varðar atriði, sem snerta sjálfstæði þjóða, eru víða í stjórnarskrám, ákvæði um, að það þurfi talsvert miklu meira til en einfaldan meiri hluta til þess að taka slíkar ákvarðanir, sem geta skipt sköpum um framtíð þjóða.

Í 5. gr. frv. okkar er gert ráð fyrir því, að breyting verði gerð á 68. gr. stjórnarskrárinnar, og tilgangur hennar er sá að tryggja það, að Íslendingar einir ráði yfir auðlindum hér á landi til frambúðar og það verði fest í stjórnarskrá, og í annan stað leggjum við til, að ákvæði um það verði einnig látin gilda um fasteignir með tilteknum undantekningum, sem greint er frá í frv. okkar, undanþágum, sem sendiráð, alþjóðastofnanir og erlendir menn, sem hér eiga lögheimili, geta fengið með tilteknum lögum frá Alþingi.

Í 6. gr. frv. okkar er lagt til, að felld verði inn í stjórnarskrána ný lagagr., sem fjalli um óbyggðir landsins, afréttir og aðrar lendur og svæði, sem ekki hafa verið í byggð undanfarin 20 ár. Svo sem kunnugt er, hefur eignarrétturinn að óbyggðum landsins verið umdeildur, og það er nauðsynlegt, að tekin verði af öll tvímæli um það, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru, séu ævinlega eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem einstaklingar geti ekki sölsað undir sig með neinum ráðum. Þeir, sem nú eiga óbeinan eignarrétt á þessum svæðum, svo sem beitirétt, veiðirétt eða annan hefðbundinn afnotarétt, mundu þá að sjálfsögðu fá að halda réttindum sínum og um það yrði að kveða á í sérstökum lögum, bæði um takmörkun slíkra svæða og um réttindi yfir þeim.

Í 7. gr. frv. er fjallað um málefni, sem rætt er um í 69. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er ákvæði um það, að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Hér er um að ræða ákvæði, sem ekki skipta ýkjamiklu máli, eins og menn sjá, því að löggjafinn hefur haft fullnaðarmat um það, hvenær almenningsheill krefjist þess, að atvinnufrelsi sé skert, þannig að í þessari lagagrein felst enginn raunverulegur réttur. Við leggjum til, að í stað þessara ákvæða komi þarna annar réttur, sem er mikið stórmál í lífi nútímamanna. Það er rétturinn til atvinnu. Við leggjum til, að greinin verði svo hljóðandi:

„Hver maður á rétt á atvinnu. Ríkið skal stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu. Með lögum skal skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun.“

Hér er sem sé lagt til, að skráður verði í stjórnarskrána þessi mikilvægi réttur, rétturinn til vinnu, sem er undirstöðuréttur í lífi allra manna.

Í 8. gr. gerum við breytingu á 70. gr. stjórnarskrárinnar. Mér þykir rétt að lesa þá grein upp eins og hún er nú í stjórnarskránni, til þess að minna menn á, hvað ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar eru orðin fjarlæg okkar tíma. Þessi grein stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum og sé ei öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.“

Þetta er miðað við annað þjóðfélag og önnur viðhorf heldur en nú eru á Íslandi. Og við leggjum til, að í þessari grein verði sett ákvæði, sem samrýmast núgildandi tryggingalöggjöf og núverandi hugmyndum manna um öryggi, og mælum með því, að greinin verði svo hljóðandi:

„Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, er slys, sjúkdóma, örorku og elli ber að höndum, að nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.“

Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál, stórmál, sem hlýtur að verða skráð á þennan hátt eða hliðstæðan hátt í nýja stjórnarskrá, þegar hún verður gerð.

Í 9. gr. gerum við tillögu um breytingu á 71. gr. stjórnarskrárinnar. Mér þykir rétt að lesa hana einnig til þess að minna menn á þetta sama og ég var að minnast á áðan, hvað ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar eru orðin fjarlæg okkur. Hún er nú svo hljóðandi:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.“

Þarna er um að að ræða ákvæði, sem eru ákaflega fjarlæg þjóðfélagi okkar tíma, og er óhjákvæmilegt að gera þarna breytingu, bæði til samræmis við þann rétt, sem Íslendingar njóta nú þegar, og þær hugmyndir, sem við gerum okkur um það, hvaða varanlegan rétt við viljum tryggja. Þarna leggjum við til, að greinin orðist á þessa leið:

„Öll börn og unglingar á aldrinum 7—16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“

Þetta ákvæði um efnahagslegt jafnrétti til menntunar er mjög ofarlega á baugi um þessar mundir eins og við vitum. Um það er rætt hér á þinginu ár eftir ár, hvað gera skuli í þessu skyni, og það er undirstöðuatriði í þjóðfélagi, sem stefnir að jafnri aðstöðu allra manna, að þar verði jafnrétti til menntunar einnig tryggt, og því teljum við, að slíkt ákvæði þurfi að vera í stjórnarskrá lýðveldisins.

10. tillaga okkar er breyting á 75. gr. stjórnarskrárinnar. Sú grein er upphaflega tekin orðrétt

upp úr dönsku stjórnarskránni frá 1848 og fjallar um það, að sérhver vopnfær maður sé skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum. Þetta ákvæði hefur sem kunnugt er ekki haft neitt raunverulegt gildi á Íslandi, vegna þess að sem betur fer hefur aldrei verið neinn almennur áhugi fyrir því, að stofnaður yrði innlendur her. Slíkar hugmyndir hafa að vísu stundum skotið upp kollinum, en aldrei haft neinn þann almennan hljómgrunn, að það þætti tiltækilegt að flytja frv. um það efni, og ég hugsa, að það sé fjarlægara Íslendingum nú en nokkru sinni fyrr að ímynda sér, að hér verði stofnaður innlendur her, vegna þess að eins og vopnabúnaði er nú komið í heiminum, þá mundi slíkt minna einvörðungu á fráleitasta skop, en enga alvöru. Því leggjum við til, að í staðinn verði tekin upp í stjórnarskrána þessi einföldu ákvæði: „Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Ég hygg, að slík ákvæði séu mjög í samræmi við viðhorf mikils meiri hluta þjóðarinnar og kröfur um, að slíkt viðhorf Íslendinga verði fest í stjórnarskrá, muni fá mjög almennan stuðning.

Ég hef hér, herra forseti, í örfáum orðum gert grein fyrir efni þessa frv. til stjórnskipunarlaga. Ég geri ekki ráð fyrir því, eins og ég gat um í upphafi, að þm. væru reiðubúnir til þess að taka þátt í almennum umr. um þetta efni eins og nú standa sakir, ekki síst vegna þess, að hæstv. forsrh. lét þess getið hér í upphafi þings, að hann mundi beita sér fyrir því, að málið yrði kannað á einhvern hátt sameiginlega af þingflokkunum. Og þegar hæstv. ráðh. beitir sér fyrir því, að sú könnun verði hafin, þá munum við að sjálfsögðu leggja þessar tillögur fram þar til athugunar ásamt öðrum og fjalla þá einnig um önnur vandamál tengd stjórnarskránni, sem við gerum okkur fullkomlega ljóst að verður að breyta, þó að við höfum ekki gert um það formlegar tillögur enn þá. En á það vil ég leggja mikla áherzlu, sem ég nefndi í upphafi, að ég tel það vera nauðsynlega forsendu allra breytinga á stjórnarskránni, að um þetta mál verði almenn umræða meðal þjóðarinnar, sem allra víðtækust umræða. En hitt held ég að væri vel gerlegt, að framkvæma þá hugmynd, sem Gunnar Thoroddsen gerði grein fyrir, að endurskoðun stjórnarskrárinnar yrði lokið 1974. Ég held, að þetta sé vel framkvæmanlegt. Ég held, að ótti manna við að fjalla um þetta efni núna um alllangt skeið sé að nokkru leyti annarlegur. Ég hef trú á því, að það væri hægt að fá almenna samstöðu um jákvæðar breytingar á stjórnarskránni, jafnvel þó að þar yrði að beita málamiðlunum eins og alltaf vill verða, þannig að ég vil lýsa eindregnum stuðningi við það, að nú verði tekið til við það af fullri alvöru að fjalla um þetta mikilvæga mál.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv. ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 66., 67., 68., 69., 70., 71., 75. og 87. fundi í Nd., 22., 23., 24., 25., 26., 29. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 574 og 598).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Jarðræktarlög.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965 [78. mál] (þmfrv., A. 80).

Á 12., 13., 14., 16. og 17. fundi í Nd., 4., 5., 9., 11. og 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er nú tekið til umr., var lagt fram nú á þinginu fyrir nokkrum vikum síðan. Fyrsti flm. að þessu frv. var hv. þm. Magnús H. Gíslason, sem var hér um hálfs mánaðar skeið fyrir hv. þm. Björn Pálsson. Aðrir flm. með okkur að þessu frv. voru þeir hv. þm. Tómas Árnason og hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson. Þetta frv. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„1. gr. Síðari málsgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árunum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótor og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk ⅓ kostnaðar eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanlega vél að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótor. Á sama tímabili skal veita styrk út á sláttutætara, ⅓ af kaupverði.

2. gr. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ríkisframlag vegna þeirra framkvæmda, sem taldar eru í stafliðum a., b. og c., svo sem hér segir:

a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðursræktunar (sbr. 10. gr. III. a.) 2400 kr. á ha.

b. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis (sbr. 10. gr. III. e.) kr. 2400 á ha.

c. Votheyshlöður úr varanlegu efni (sbr. 10. gr. VII. b.) kr. 180 á m^3.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag samkv. þeim á árinu 1971 vegna framkvæmda, sem þau taka til og gerðar eru á árinu 1970.“

Eins og fram kemur í þessum frumvarpsgreinum, þá er hér gert ráð fyrir tímabundnum framlögum, sem eru miðuð við að draga úr því mikla tjóni, sem bændur hafa orðið fyrir af völdum

kalskemmda, og hamla gegn því, að jarðir fari í eyði af þeim sökum. Á meðan þekking okkar eykst ekki á orsökum gróðurdauðans og hvernig hægt er að koma í veg fyrir hann, verður ekki hjá því komizt að stórauka grænfóðursræktun og gera hana almennari, en það leiðir af sér, að auka þarf þá votheysgerð, a. m. k. þar til hraðþurrkun ryður sér til rúms, en rannsóknir á því sviði eru enn þá á frumstigi. Af þessum ástæðum leggjum við til, að þessi aukna aðstoð verði öll ákvæði til brb. Og þau eru, eins og áður segir:

1. Að það aukaframlag, sem verið hefur til að koma upp súgþurrkunartækjum, standi áfram óbreytt, en það átti að falla úr gildi á þessu ári.

2. Að styrkur verði veittur út á kaup á sláttutætara, ⅓ af kaupverði.

3. Styrkur á frumvinnslu lands vegna grænfóðursræktunar hækki úr 800 kr. í 2400 kr.

4. Styrkur til endurvinnslu vegna kals eða þýfis hækki úr 1225 kr. í 2400 kr.

5. Styrkur til byggingar votheysgeymslna hækki úr 60 kr. á m^3 í 180 kr. á m^3.

Afkoma landbúnaðarins er flestu öðru fremur undir því komin, hversu til tekst með heimafengna fóðuröflun ár hvert. Sé unnt að afla nægs og góðs fóðurs, er það mikilsverðasta tryggingin fyrir sæmilegri afkomu bóndans, verði hann ekki fyrir áföllum annarrar tegundar. Bregðist hins vegar fóðuröflunin, er ávallt vá fyrir dyrum og hún því meiri og afdrifarikari sem fleiri slík áföll ganga yfir hvert á fætur öðru.

Nú hefur það hent undanfarin ár, að grasspretta í túnum hefur að miklu leyti brugðizt í heilum landshlutum. Hefur víða svo rammt að því kveðið vegna kalskemmda, að gróður hefur með öllu horfið af stórum svæðum hins ræktaða lands. Sérfróðir menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að í sumum túnum hafi gróður eyðzt allt að 95%. Verst hefur þetta ástand verið á Austfjörðum og Norðurlandi, en það hefur herjað á alla landshluta, eins og hv. alþm. er kunnugt. Bændur, sem standa frammi fyrir þessum ógnvaldi ár eftir ár, eiga ekki annars úrkosta en að ganga frá búum sínum meira eða minna slyppir og snauðir og láta ævistörf sín eftir í sviðinni jörð og verðlitlum byggingum, nema skilningur og aðstoð hins opinbera komi til.

Viðurkenna ber, að ýmislegt hefur verið gert til þess að grafast fyrir um orsakir gróðureyðingarinnar, en um árangursríkar mótaðgerðir verður naumast að ræða, nema rætur meinsins séu þekktar. Án alls efa leggjast hér ýmsar orsakir á eina sveif. Staðreynd er, að veðurfar hefur farið kólnandi á síðari árum, en þó ekki svo, að nein úrslitaáhrif ætti að hafa, ef annað væri með felldu. Innlendu túngrösin, „kynbætt af þúsund þrautum“, hafa líka mun betur haldið velli en hin innfluttu, sem nú eru orðin megingróðurstofninn í miklum meiri hluta íslenzkra túna, en reynast þola illa viðmót íslenzkrar veðráttu og hafa víðast veslazt upp á fáum árum. Sumir kenna um misheppnaðri vinnslu ræktunarlandsins, aðrir óheppilegri áburðarnotkun, og fleira mætti nefna.

Allt hefur þetta verið — og er — til athugunar hjá íslenzkum sérfræðingum, en engin von er til þess, að í einum svip verði fundin viðhlítandi og örugg lausn á svo viðtæku og margþættu vandamáli sem hér er óefað um að ræða. En eftir þeirri lausn geta þó þeir bændur ekki beðið, sem horft hafa á mikinn hluta túna sinna dauðkalinn ár eftir ár. Þeir þurfa, á meðan ólagið ríður yfir, á aukinni aðstoð hins opinbera að halda, og þá aðstoð má ekki dragast að veita. Nái þetta frv. fram að ganga, sem verður ekki efað að óreyndu, geta ákvæði þess orðið til nokkurs stuðnings þeim fjölmörgu bændum, sem nú standa höllum fæti í viðureigninni við þann vágest, sem herjað hefur á ræktunarlönd þeirra undanfarin ár með svo áhrifa- og afleiðingaríkum hætti.

Sú aukna aðstoð við bændur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er fyrst og fremst í því skyni að örva grænfóðursræktun og votheysgerð. Grænfóðursræktun hefur færzt í aukana með ári hverju, aðallega til beitar, en einnig til vetrargjafar hin síðari ár. En þar sem eina úrræðið virðist vera að auka grænfóðursræktun í svipinn, þar sem gróðureyðingin hefur orðið, og grænfóður verður ekki fyrst um sinn verkað nema í votheý, þá leiðir það af sér, að byggja þarf votheysgeymslur og kaupa sláttutætara, svo að þessi breyting fóðuröflunar geti átt sér stað.

Flm. þessa frv. telja eðlilegt og raunar óumflýjanlegt, að þjóðfélagið leggi hér ögn af mörkum, til þess að þessi breyting geti átt sér stað.

Súgþurrkunin hefur fullkomlega sannað gildi sitt, en hún er enn þá fjarri því að vera svo útbreidd sem skyldi, og er það eflaust vegna kostnaðarins við að koma henni upp og ört versnandi afkomu bændastéttarinnar á liðnum árum. Er því lagt til, að sá styrkur, sem verið hefur og fellur úr gildi samkvæmt gildandi lögum nú í árslok, verði framlengdur óbreyttur.

Ætlazt er til, að breytingar þær á jarðræktarlögunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, gildi næstu fjögur ár. Vonandi verður þá farið að rofa til í baráttunni við kalið og kemur þá til kasta Alþ. að meta það, hvort ákvæði frv. skuli gilda áfram eða ekki.

Frekari rök fyrir þessu frv. ættu að vera óþörf, þar sem flestir hv. alþm. ættu að þekkja af eigin raun þá erfiðleika, sem steðjað hafa að landbúnaði undanfarin ár, og þó aldrei leikið hann verr en nú á þessu ári, ef á að líta á bændastéttina sem eina heild. Um landbúnaðarmálin og þá sérstaklega stefnu hæstv. ríkisstj. mun ég síðar í sambandi við annað mál hér ræða mjög bráðlega.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu, en að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Þingsköp Alþingis.

Á 11. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [80. mál] (þmfrv., A. 82).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á undanförnum áratugum hefur Alþingi leitt íslenzku þjóðina inn í mesta framfara- og breytingatímabil í sögu landsins. En á sama tíma hefur þingið sýnt furðulegt skeytingarleysi um sín eigin málefni, og er nú svo komið, að almennt er viðurkennt, að starfsaðstaða þingsins sé með öllu óviðunandi og starfshættir þess margir orðnir gersamlega úreltir.

Á hverju ári veitir Alþ. mörg hundruð millj. kr. til byggingar húsnæðis yfir hinar ólíkustu stofnanir um land allt, en sínum eigin byggingarmálum hefur þingið varla sinnt á sama tíma.

Ýmsir starfshættir þingsins eru greinilega orðnir úreltir og óhjákvæmilegt að taka þá til gagngerðrar endurskoðunar. Má raunar geta þess hér, að nú situr sérstök n. til þess að endurskoða starfshætti þingsins og það er fyrir hennar áeggjan, að frv. það, sem hér er til umr., er nú flutt í fjórða skipti.

Saga málsins er sú, að Alþ. samþykkti 29. apríl 1966 svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að 7 manna mþn., kosin af Sþ., skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis".

Kosnir voru 7 alþm. í þessa n., þeir Sigurður Bjarnason, Þórarinn Þórarinsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Jónas G. Rafnar, Jón Skaftason, Lúðvík Jósefsson og Benedikt Gröndal. N. skilaði frv., sem síðan var lagt fyrir þingið, en hlaut ekki afgreiðslu, og hefur það endurtekið sig þrjú ár í röð, að þetta mál hefur verið flutt. Því hefur verið vísað til n., en þaðan hefur það ekki komið.

Nú er mikill áhugi á því, að málið fái endanlega afgreiðslu, og þess vegna er það flutt enn einu sinni. Ákveðið hefur verið að flytja frv. óbreytt, eins og það hefur verið, en hins vegar er ljóst, að hugmyndir manna taka breytingum með árunum, og má búast við því, að n. sú, sem fær þetta til meðferðar, sjái ástæðu til þess að gera á því meiri eða minni breytingar, og er sjálfsagt, að málið taki þeim breytingum, sem þingið vill samþykkja.

Helztu nýmæli varðandi þingsköp, sem gert er ráð fyrir að breyta með frv., ef að lögum verður, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.

2. Lagt er til, að ef sæti Ed.-þm. losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til Ed.

3. Lagt er til, að nm. í utanrmn. verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður eða ráðh. óskar þess.

4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðh. óska að gefa Alþ., og um rétt þm. til þess að óska eftir slíkum skýrslum.

5. Sett eru ný ákvæði um fsp. í Sþ. og eru þau ákvæði fyllri en nú eru í lögum og stefnt að því að gera umr. um fsp., styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fsp. verði teknar fyrir á sérstökum fundi í Sþ., þannig að þær dragi ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þm. geti borið fram skriflegar fsp., en ráðh. svari síðan skriflega.

Ég vil taka það fram út af þessum ákvæðum, að mér hefur heyrzt á máli þm., að fleiri og fleiri hallist að því, að gera þurfi enn róttækari breytingar, jafnvel ganga svo langt, að um fsp. fái ekki aðrir að tala en fyrirspyrjandi og sá ráðh., sem svarar. Ég vil benda á það, að ef áhugi er á því að gera slíka breytingu, og mér heyrist hún hafa allmikinn hljómgrunn, þá væri vel hugsanlegt fyrir formenn þingflokkanna og forseta Sþ. að gera um það munnlegt samkomulag og láta það koma fljótlega til framkvæmda. Ég hygg, að það yrði mikil bót og mundi greiða fyrir þingstörfum, og má raunar geta þess, að þess sáust nokkur merki í spurningatímanum í gær, að þm. eru að reyna að hegða sér í samræmi við þessa hugsun.

6. Gerðar eru í frv. allmiklar breytingar í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumr. Lagt er til það nýmæli, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umr. komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umr. um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumr., er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umr. koma í staðinn fyrir eldhúsdagsumr. og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.

Hér eru lagðar til verulegar umbætur á útvarpi umr. frá Alþ., sem ég hygg, að allir geti verið sammála um að fari nú eftir steinrunnum ákvæðum, sem voru sett fyrir annan tíma, en eigi illa við nú á dögum. Þetta ákvæði, sem er í frv., er málamiðlun. Ýmsir vildu ganga allmiklu lengra heldur en gert er í frv., aðrir heldur skemmra, og tókst n. að sameinast um þær till., sem í frv. koma fram. Þá vil ég geta þess, að gert er ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið geti sjálft haft frumkvæði og óskað eftir því að fá að útvarpa umr., sem fram fara á þingi, og þær umr. mundu þá lúta venjulegum þingsköpum, ræðutími væri ekki skammtaður, heldur væri engin breyting gerð á umr. eins og hún fer fram hér í sölum þingsins. Þó er gert ráð fyrir, að slíkt útvarp geti ekki orðið, nema forsetar þingsins leyfi það.

Í n., sem fjallaði um þetta mál, var rætt um ýmis önnur atriði í þingsköpunum, en ekki varð þó samkomulag um að gera fleiri till. heldur en hér eru. Ég hygg, að þær breytingar, sem gert er ráð fyrir að gera á þingsköpum eftir þessu frv., mundu verða til verulegra bóta; og ég flyt eindregna ósk nm., sem um þetta hafa fjallað, til þingsins um það, að þetta mál verði nú afgreitt, en menn athugi frv. að sjálfsögðu og geri á því þær breytingar, sem óskað er eftir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 82, hefur, eins og hv.

frummælandi sagði, verið áður til meðferðar hér á hinu háa Alþ. og er um breytingu á þingsköpum Alþingis. Hv. þm. sagði, að ýmis atriði þingskapa væru orðin úrelt eða steinrunnin, eins og hann nefndi svo, og skyldi maður ætla, að það væru þá hin elztu ákvæði þingskapanna, sem væru farin að steinrenna. En geta má þess til gamans, að þau ákvæði, sem lagt er til í frv., að breytt verði, eru einkum hin yngstu ákvæði þingskapanna, t. d. um útvarp og um fsp. og því líkt, en þessi fyrirbrigði eru frá síðustu áratugum, bæði útvarpið og fsp. í því formi, sem þær eru, og ákvæðin um þetta því meðal yngstu ákvæða þingskapanna. Ég vek aðeins athygli á þessu, að það lítur út fyrir, að það séu ekki fyrst og fremst hin elztu ákvæði, sem n. telur, að þurfi að breyta, heldur fremur hin yngri.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða efni frv. Ég hef áður athugað það nokkuð, þegar það hefur legið fyrir þingum og sýnist mér, að ýmislegt í því sé til bóta, en annað kunni að orka tvímælis. En mig langar til að spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm., hvort það hafi nokkuð komið til orða í n., sem endurskoðaði þingsköpin, að nota útvarpið til þess beinlínis að opna þingið meira en nú er gert. Nú er þingið opið á þann hátt, að þeir geta hlustað á umr. hér og séð, sem komast fyrir á þingpöllunum, og svo kynnzt því, sem þar hefur farið fram með aðstoð blaða og þingfréttamanns útvarps, en mér er tjáð, að til séu dæmi um það í veröldinni, að þessi mikli fjölmiðill, útvarpið, sé notað beinlínis til þess að opna þingið að meira eða minna leyti og láta útvarpa því, sem þar fer fram. Nú er það orðið svo, að útvarpið okkar hér á Íslandi er starfandi mikinn hluta sólarhringsins frá því snemma á morgnana og seint á kvöldin, þannig að þetta ætti í sjálfu sér að vera vel gerlegt, að útvarpa t. d. tveggja tíma fundi, þingfundi, en þó auðvitað ekki nema frá annarri d. eða Sþ. í einu. Ég er aðeins að spyrja um þetta, hvort þetta hafi komið til orða í n. og hvort hún hafi kynnt sér fordæmi um þetta erlendis. Ég fékk einhvern tíma þær fréttir, að þetta tíðkaðist t. d. í Ástralíu, sem er að ýmsu leyti mikið nýtízkuland.

Það er nú aðallega þetta, sem mig langaði til að spyrja hv. frsm. um, en í öðru lagi langar mig til að spyrja hann um það, hvort ekki hefur komið til mála í n. að breyta eitthvað fastanefndum Alþ., og á ég þá einkum við Sþ. En þannig er ástatt þar, að þegar fjallað er um vissa tegund samgöngumála, þá kemur þar saman nefndarsamkoma, sem kölluð er samvinnunefnd samgöngumála, og eru það nefndir úr þingdeildunum, úr samgmn. Ed. og Nd. Þær koma saman í Sþ. og kalla sig samvinnunefnd samgöngumála og gera till. um sérstakan afmarkaðan þátt samgöngumálanna. Þetta hefur mér lengi fundizt undarleg tilhögun og ég hef nú talið, að þetta ætti í raun og veru ekki stoð í þingsköpum, þótt hins vegar hafi myndazt um það nokkuð löng venja, og væri þá e. t. v. ástæða til þess að setja á laggirnar sérstaka n., samgöngumálanefnd í Sþ., ef ástæða þykir til að fjalla um þennan þátt samgöngumála utan fjárveitinganefndar, eins og gert hefur verið.

Það er þetta tvennt, sem ég vildi beina til hv. frsm. og væri gott að fá upplýsingar um núna, en ég vil vænta þess eins og hann, að á þessu þingi gefi menn sér tíma til þess að ganga frá þessu þingskapamáli, en því er ekki að neita, að hér er um mjög mikið vandamál að ræða, þar sem þingsköpin eru.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Mér er ánægja að svara þessum tveimur fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. e. N., sem undirbjó þetta frv., kynnti sér eins ítarlega og hún gat, hvernig hagað væri útvarpi frá löggjafarþingum í öðrum löndum. Um þetta skrifaði ég síðan allítarlega skýrslu, og var hún prentuð sem fskj. með þessu frv. í fyrstu 3 skiptin, sem það var flutt, en af hagkvæmnis- og sparnaðarástæðum var þessi skýrsla felld niður nú, enda er hún orðin 4 ára gömul.

Í þessari skýrslu kemur fram, að við fundum 2 dæmi þess í heiminum, að útvarpað væri beint úr þingsölum öllum fundum frá byrjun til enda. Þetta er gert á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu. Þetta mun hafa gefið heldur misjafna raun þar syðra. Er allalgengt, að þm. þar ávarpi ekki þingheim, heldur séu í raun og veru að tala til kjósenda, sem þeir vonast til að hlusti, og það er ekki talið greiða fyrir þingstörfum. Er áætlað þarna suður frá, að 2—3% af þjóðunum hlustaði að jafnaði töluvert á þetta beina útvarp.

Hins vegar er það hugmyndin með till. um að heimila ríkisútvarpinu að óska eftir umr., — sem gætu þá farið fram, ef forsetar þingsins leyfa það, — þá er það hugmyndin, að hægt sé að grípa til þess að útvarpa umr., sem fara fram eftir venjulegum þingsköpum, en ekki eftir þessum sérstöku reglum um útvarp frá Alþ. Það er hugmyndin, að slíkt mundi gerast, þegar ástæða er til að ætla, að allur almenningur hafi sérstakan áhuga á því að heyra umræður um mál í heild. Það er reynsla í nágrannalöndum okkar, að slíkt útvarp, beint frá umr., hefur verið hið bezta útvarp frá þjóðþingunum, það sem vakið hefur mesta athygli.

Í sambandi við þingið og útvarpið vil ég skjóta því hér inn, þó að það komi þessu máli raunverulega ekki við, að í útvarpsráði hafa í mörg ár verið fluttar till. um að taka upp vikulegan þátt, sem héti „Þingið þessa viku“ eða eitthvað slíkt, þar sem alþm. kæmu einn í einu og segðu frá þingstörfum, eins og þau líta út frá þeirra sjónarhól þá viku. Þessi hugmynd er ættuð frá Bretlandi. Slíkur þáttur hefur verið í brezka útvarpinu árum saman og þykir mjög góður. Hugmyndin er að fá í þetta þá þm., sem ekki eru ráðh. eða flokksformenn og koma þar af leiðandi minna fram í sviðsljósið. Þessi hugmynd hefur ekki fengizt samþ. í útvarpsráði, því að einn af stjórnmálaflokkunum hefur beitt sér gegn henni, en hún er þess eðlis, að það er ekki hægt að framkvæma hana, nema flokkarnir vilji allir taka þátt í því. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur er það?) Það eru fulltrúar Sjálfstfl., sem hafa ekki fengizt til að samþykkja þetta. En ég hygg, að þetta væri gott ráð til þess að bæta sambúð þings og þjóðar og auka á þær upplýsingar, sem þjóðin fær um það, hvað er unnið hér og hvernig.

Hv. þm. spurði einnig um, hvort rætt hefði verið um að breyta fastanefndum. N. fór í gegn-

um þingsköpin, grein fyrir grein, og ræddi þær allar. Þetta atriði kom vissulega til umræðu. En það hefur, eins og öllum er kunnugt, legið í loftinu allmikill áhugi á að breyta Alþ. í eina málstofu. Ef það yrði gert, mundi koma af sjálfu sér alger endurskoðun á nefndakerfi. Af þeim sökum var ekki hreyft við þessu máli. Ef það yrði niðurstaða úr þeim umr., sem nú standa yfir og hafa staðið yfir í nokkur ár, að breyta Alþ. ekki í eina málstofu, finnst mér að það verði fljótlega að leiðrétta nefndaskipulag í samgöngumálum, þar sem tvær n. úr deildum koma saman í eina n. og flytja till. í Sþ. Þetta er að vísu ekki brot á þingsköpum, því að till. er flutt af nm. sem einstökum þingmönnum. Þannig er þetta fóðrað, en í raun og veru er þetta klaufalegt skipulag, eins og hv. þm. bendir á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefnarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Hafnalög (frv. FÞ og ÁS).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967 [86. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj nr. 90 flyt ég frv. til l. um breyt. á hafnalögum, ásamt hv. 4. þm. Vestf. Frv. þetta gengur út á að rýmka nokkuð heimild laga til útgáfu á reglugerðum. Málið er skýrt allsæmilega í grg. og þarf því ekki að fara um það mörgum orðum. En eins og mönnum er kunnugt, þá þurfa allar reglugerðir að eiga stoð í lögum, en málefnum er ýmist skipað með lögum eða reglugerð. Að því er þetta efni varðar, þá var sá háttur lengi á hafður, að sett voru lög um hverja einstaka höfn. Urðu slík lög því æði mörg. En með lögum um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 frá 1946 var frá þessu horfið og sett ein allsherjar löggjöf um hafnargerðir og lendingarbætur, en jafnframt numin úr gildi eigi færri en 49 sérlög um þessi efni. Í 15. gr. þeirra laga var ákveðið, að með reglugerð mætti setja nánari ákvæði, sem giltu fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig, og mátti setja þar ákvæði um eitt og annað, sem þurfa þótti á þessu sviði. Hafnalög þau, sem nú gilda, eru nr. 48 frá 1967. Þar er samsvarandi ákvæði í 25. gr., en hvort sem það hefur verið gert viljandi eða óviljandi, þá hefur heimild laga til þess að gefa út reglugerðir verið þrengd nokkuð. Það hefur komið í ljós, að þetta er óheppileg ráðstöfun, og fyrir þær sakir þykir nauðsyn til bera að flytja þetta frv., sem gengur í þá átt, eins og ég sagði áðan, að rýmka ákvæði laga til þess að gefa út reglugerð og færa það til samræmis við ákvæði fyrri laga og einnig við ákvæði í lögum um landshafnir, en um þær gilda sérstök lög. Ég hygg, að þetta sé nokkuð augljóst mál. Meðan venja var að setja lög fyrir hverja höfn fyrir sig, hvar sem hún var á landinu, þá var hægt að taka tillit til staðhátta og setja þau ákvæði, sem þurfa þótti, en þegar búið er að breyta þessu fyrirkomulagi þannig, að ein allsherjar hafnalög gilda, en reglugerðir samkvæmt þeim um hverja einstaka höfn, þá er nauðsynlegt að hafa þau ákvæði laga mjög rúm, sem heimila hinum einstöku hafnarnefndum og sveitarstjórnum að gera ráðstafanir á eigin hafnarsvæði, enda er ekkert við þetta að athuga og engin hætta á ferðum, þar sem allar slíkar reglugerðir verða í fyrsta lagi að samþykkjast heima fyrir, en staðfestast síðan af rn. áður en þær öðlast gildi. Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til, að þessu máli verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 32 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 415).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til athugunar og fengið um það umsagnir m. a. frá hafnamálastjóra og frá hafnasambandi sveitarfélaga. Umsagnirnar hnigu að vísu í þátt átt, að frv. væri óþarft, en að athuguðu máli féllst sjútvn. á að mæla með samþykkt þess, þar sem það gæti tekið af tvímæli í vissum tilvikum. Aðalbreytingin, sem í frv. felst, er sú, að heimilt sé að kveða nánar á í hafnareglugerðum um allt það, er lýtur að nýtingu verðmæta á hafnarsvæðunum. Það er höfuðefni þessa frv., og sjútvn. mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 57. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. SV o. fl.).

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [88. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 13., 16., 17. og 19. fundi í Nd., 5., 11., 12. og 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að leggja hér fram frv. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

1. gr. orðast svo:
Á eftir orðunum „sem svarar framlaginu“ í 7. gr. laganna komi: nema til votheysgeymslna.

2. gr. Í stað 60 þús. í 48 gr. laganna komi: 150 þús.

3. gr. 60. gr. laganna orðist svo:
Á tímabilinu 1971—1974, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 40 ha., óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðum og komið í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, 60% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Nú hefur brugðizt grasvöxtur á túni vegna kals, svo að nauðsyn ber til að dómi Búnaðarfélags Íslands að endurrækta túnið til þess að tryggja viðunandi lífsafkomu á jörðinni, koma í veg fyrir, að hún fari í eyði, og vinna að því, að véltækt tún jarðarinnar verði allt að 40 ha., og er nýbýlastjórn þá heimilt að veita óafturkræft framlag til endurræktunar. Það má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert. Framlag þetta til endurræktunar er þó bundið því skilyrði, að farið sé eftir fyrirmælum ræktunarráðunautar um vinnslu lands, áburðargjöf og val frætegunda.

Framlag samkv. þessari grein til ræktunar á lögbýlisjörð greiðist hvort sem ábúandi stendur einn að ræktuninni eða í félagi með öðrum.

Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

4. gr. 64. gr. laganna orðist svo:
Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkissjóður 60 millj. kr. á árunum 1971—1974, að báðum árum meðtöldum.“

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að lánveitingar til votheysgeymslna megi vera allt að 60% af kostnaðarverði, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., að ef framkvæmdir njóti framlags samkv. jarðræktarlögum, lækki lánsupphæðin sem framlaginu nemur. Það er mjög mikilvægt nú að gera bændum kleift að byggja votheysgeymslur, ekki síst í þeim byggðarlögum, sem verst hafa orðið úti af völdum kalskemmda. Búrekstur verður ekki stundaður til lengdar með því að kaupa mikið fóður. Líklegasta leiðin til úrbóta er stóraukin grænfóðursræktun og e. t. v. aukin ræktun einærra jurta. Í kalskellunum hefur víðast hvar sprottið mikill arfi, sem í flestum tilfellum er ekki hægt að þurrka, en hefur gefizt sæmilega að nýta hann í vothey.

Í frv. um breytingu á jarðræktarlögum, sem lagt hefur verið fram á Alþ. af sömu flm., er lagt til, að styrkur til byggingar votheysgeymslu verði hækkaður verulega, með það í huga, að gera bændum kleift að koma upp slíkum geymslum. En það mundi ekki leysa neinn vanda, ef lánsmöguleikar minnkuðu til að koma upp slíkum byggingum í sama hlutfalli og styrkurinn hækkaði. Því er þessi breyting fram borin.

Í öðru lagi leggjum við til, að framlag til íbúðarhúsa verði hækkað til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði í landinu, síðan þetta framlag var síðast ákveðið, en þá var það miðað við byggingarvísitölu í októbermánuði 1963. 1957 var fyrst ákveðið að veita styrk eða óafturkræft framlag til byggingar íbúðarhúsa í sveitum. Þá var þetta framlag 25 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan 117 stig, eða talið, að rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði kostaði 1085 kr. Næst þegar þetta framlag var hækkað, var byggingarvísitalan komin upp í 150 stig, eða rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði talinn kosta 1396 kr. Það var 1960, og þá var framlagið hækkað í 40 þús. kr. 1962 var þetta framlag enn hækkað upp í 50 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan komin upp í 180 stig, eða byggingarkostnaður í íbúðarhúsnæði í 1674 kr. Og 25. apríl 1964 voru ný lög frá Alþ. um þetta efni staðfest, þess efnis að hækka þetta framlag í 60 þús. kr. Þá var byggingarvísitalan 197 stig eða 1834 kr. byggingarkostnaður í íbúðarhúsnæði. Síðan í apríl 1964 hefur þetta framlag ekki verið hækkað. En byggingarvísitalan hefur ekki staðið í stað. Í júní s. l. var byggingarvísitalan komin upp í 480 stig eða vísitala byggingarkostnaðar í íbúðarhúsnæði 4459 kr., en 1. nóv. s. l. kemur enn ný byggingarvísitala og þá er hún orðin 524 stig eða 4874 kr. rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði.

Ef framkvæmdamáttur styrksins ætti að vera

nú sá sami og þegar hann var síðast hækkaður, þyrfti að hækka þetta framlag upp í um 160 þús. kr.

Í þriðja lagi leggjum við til, að landnámið veiti óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að véltækt tún nái 40 ha. stærð. Í gildandi lögum eru þessi stærðarmörk 25 ha., en það hefur sýnt sig, að tún af þeirri stærð bera ekki þá bústærð, sem getur gefið fjölskyldu þolanlega lífsafkomu, miðað við þann stakk, sem landbúnaðinum er nú búinn. Bændur hafa í vaxandi mæli beitt á ræktað land, þó sérstaklega kúm. Af því leiðir, að túnstærðin þarf að vera miklu meiri, miðað við sömu bústærð, en áður var talið að nægði. Að yfirveguðu máli leggjum við til, að þessi stærðarmörk verði nú færð upp um 15 ha. og að framlagið verði miðað við 60% af ræktunar- og girðingarkostnaði, en í gildandi lögum er þetta 50%.

Í fjórða lagi gerir frv. ráð fyrir, að landnámið styrki þá, sem illa hafa orðið úti vegna gróðureyðingar af völdum kals og hafa ekki nægilegt heimafengið fóður til þess að fleyta áfram það stóru búi, að það tryggi sæmilega lífsafkomu. Framlag landnámsins sé miðað við, að framlagið geti orðið allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði hvers árs, enda sé framkvæmdin öll eftir fyrirmælum jarðræktarráðunauts viðkomandi héraðs, sem hafi fullt samráð við Búnaðarfélag Íslands, t. d. um, hvernig eigi að haga endurvinnslu á skemmdum túnum eða hvort taka eigi fremur ný lönd til ræktunar, um áburðargjöf, val fræ tegunda o. s. frv. Er þessi aðstoð þó veitt að því marki, að hver bóndi hafi allt að 40 ha. véltækt tún, og gildir þessi aðstoð landnámsins jafnt, hvort sem einstaklingar eiga í hlut eða félagsræktun er hér um að ræða.

Eins og nú er komið fyrir mörgum bændum, er ekkert líklegra en að margar jarðir fari í eyði, ef þjóðfélagið réttir nú ekki fram hjálparhönd til að endurrækta þau tún, sem eru að verulegu leyti gróðurlaus af völdum kals. Hafi hlíðstætt áfall dunið yfir í sjávarútvegi, hafa fjármunir verið teknir úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til að bæta slíkt tjón, t. d. þegar þurrafúinn kom upp í fiskiskipum á öndverðum 6. tug aldarinnar. Í sambandi við það mál voru höfuðrökin þau fyrir því, að ríkið greiddi þurrafúatjónin að fullu, að verðuppbætur til útvegsins hefðu ekki verið miðaðar við það, að útvegsmenn gætu tekið á sig slík áföll, enda afkoma útvegsins ekki slík, að hægt væri að ætlast til þess. En hefur verðlagning landbúnaðarvara verið gerð með það fyrir augum, að bændur gætu tekið á sig slík áföll sem nú hafa átt sér stað, a. m. k. frekar en þá hjá útvegsbændum?

4. gr. framleiðsluráðslaga landbúnaðarins er þannig, með leyfi forseta:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Þrátt fyrir að löggjafinn hefur ætlazt til, að bændur bæru úr býtum svipað og aðrar stéttir, þá hefur orðið allt annað í reynd. Ef athugaðar eru meðaltekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á árunum 1963—1969, að báðum árum meðtöldum, og hins vegar meðaltekjur bænda á sama tíma, þá kemur í ljós, að meðaltekjur bænda þessi 7 ár reyndust vera 148 þús. kr., en viðmiðunarstéttanna 235.400 kr. og vantaði því 87.400 kr. á hverju ári á tekjur bændanna til þess að ná þessu viðmiðunarkaupi eða 612 þús. á 7 árum, sem er 59%. Ekki verður því séð, að verðlagning búvara hafi farið fram með þeim hætti, að hægt sé að ætlast til, að bændur geti tekið á sig tjón, sem kalið hefur valdið, fremur en t. d. útvegsbændur í sambandi við þurrafúatjón fiskiskipa, nema síður sé.

Við munum flytja fjögur frv. vegna þessara erfiðleika bændastéttarinnar. Þrjú þeirra eru komin fram, þ. e. um breyt. á l. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, um breyt. á jarðræktarlögum og þetta, sem er nú hér til umr. og er þriðja frv., og bráðlega mun fjórða frv. verða lagt hér fram í hv. d. En þó að öll þessi frv. yrðu samþ. óbreytt, er fjarri því, að allt tjónið af völdum kalskemmda verði greitt af opinberu fé, og það mundi vanta mikið á slíkt. Hins vegar mundi lögfesting þeirra gefa bændum vonir um auknar rannsóknir á orsökum kalskemmda og mundi leiða til þess, að orsakirnar verði mönnum ljósari en nú, svo að hægt verði að koma frekar í veg fyrir slík tjón. Auknar rannsóknir á hraðþurrkun og votheysgerð gefa vonir um, að landbúnaðurinn verði ekki eins háður veðurfari á þeim tíma, sem fóðuröflunin fer fram á, eins og nú er. Aukin framlög ríkisins til grænfóðurs- og endurræktunar hinna dauðu túna mundu koma í veg fyrir eyðingu byggðar. Samþykkt þessara frv. mundi gefa bændastéttinni vonir um, að hún komist út úr aðsteðjandi erfiðleikum, og eyða þeim grunsemdum, að ráðandi öfl í þjóðfélaginu vanmeti í vaxandi mæli þá þýðingu, sem landbúnaðurinn hefur fyrir þjóðfélagið.

Nú eru rúmar fimm vikur liðnar síðan þetta þing hóf störf sín. Mikill fjöldi frv. hefur verið lagður fram á þessum tíma, þ. á m. mörg stjfrv. Þess hefði mátt vænta, að meðal þessara frv., er hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, væri að finna, hvaða ráðstafanir hún ætlar að gera vegna þeirra áfalla og erfiðleika, sem nú steðja að bændastéttinni. Eins og vænta mátti, hafa tvö frv. verið lögð fram af hæstv. ríkisstj., sem flokka mætti þannig, að þau hafi verið flutt af þessu tilefni. Líklega eru þessi frv. rismikil í augum stjórnarliðsins miðað við þau viðfangsefni, sem við er að stríða, a. m. k. hefur ekki annað frá þessum herrum enn komið fram. Hins vegar er ekki líklegt, að bændur og fjölskyldur þeirra telji, að stórmannlega sé staðið að málum landbúnaðarins, enda í engu samræmi við ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, þegar svipuð stóráföll hafa dunið yfir, t. d. hjá útvegsbændum. Þessi frv., sem ég á við, er annars vegar breyt. á l. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, en í því frv. er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til sjóðsins á næsta ári og þó er sjóðurinn algerlega fjárvana, en hins vegar böðunarfrv. Á því var nú hálfgerð afturlappafæðing, því að það var lagt fram tveimur vikum eftir að lögboðinn böðunartími var hafinn og þá ekki gerðar neinar ráðstafanir til að láta bændur vita, að lögskylda um böðun á þessum vetri yrði felld niður. Og þá er allt upp talið. Það má margt af

þessu læra, og þetta sýnir, svo að ekki verður um villzt, hvaða mat hæstv. ríkisstj. hefur á gildi landbúnaðarins fyrir þjóðarheildina. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. landbrh. mundi bæta þessum frv. inn á afrekaskrá sína og þó einkanlega böðunarfrv. ásamt framlaginu til veðdeildar Búnaðarbankans, sem vilyrði var gefið um að kæmi á þessu ári, en hefur trassazt eða gleymzt, enn sem komið er a. m. k., þó að veðdeildin sé gersamlega fjárvana og óstarfhæf. Hins vegar hafa margir rekið augun í það, að Iðnlánasjóður fær framlag í fjárlögum, þrátt fyrir allan iðnþróunarsjóðinn, en aftur á móti er þar hvergi að finna neitt framlag til veðdeildar Búnaðarbankans.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. og því frv., sem hér er til umr., þykir mér rétt að segja örfá orð. Ég vil þó taka það fram, að ég tel ekki, að ég þurfi á neinn hátt að taka upp hanzkann fyrir hæstv. ríkisstj. eða hæstv. landbrh., sem lokin í ræðu hv. þm. beindust fyrst og fremst að. En vegna efnisatriða í þessu frv. vildi ég láta það koma hér fram, að sú endurskoðun, sem nú fer fram á stofnlánadeildarlögunum, er að komast á lokastig. Þess má vænta, að frv., sem byggist á þeirri endurskoðun, verði lagt fyrir hv. Alþ. á næstu vikum og þar verða tekin til meðferðar hin ýmsu viðfangsefni, sem ætlað er, að í framtíðinni falli undir þau lög. Í endurskoðunarnefndinni hafa verið rædd hin ýmsu efnisatriði laganna, eins og þau eru og þær breytingar, sem æskilegt sýnist að gera á þeim. Þar hafa verið rædd ýmis ný svið, sem æskilegt er, að ríkið í gegnum þessi lög taki upp stuðning sinn við. Þar hafa vissulega verið rædd öll þau atriði, sem á er minnzt í þessu frv. Þó að svo sé, tel ég ekki tímabært nú að skýra frá einstökum atriðum, því að eins og sagði áðan er endurskoðun laganna hjá nefndinni að komast á lokastig og það mun koma fram á sínum tíma, hvað hún leggur til. Ýmislegt af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. gat um, var hér réttilega sagt. Hins vegar er það nú háttur þessa hv. þm. að taka munninn stundum nokkuð fullan, eins og hv. dm. kannast við og skal ég samt ekki fara að rekja dæmi um það, en ég vil taka það fram, að t. d. um það atriði, sem hér er minnzt á í frv., hækkun íbúðarhúsastyrksins, þá er það ljóst, að hann þarf ekki einungis að miða við vísitölu, heldur einnig við það, hver lánsupphæðin er til íbúðarhúsa, og þetta samanlagt, lánsupphæð og styrkur, þarf að vera nokkuð sambærilegt við þau lán, sem veitt eru eftir hinu almenna veðlánakerfi ríkisins til þeirra, sem byggja á skipulagsskyldum svæðum. Það er rétt, að styrkurinn hefur dregizt mjög aftur úr og hann þarf að hækka. Hvort hann þarf að hækka í 150 þús. kr. eða einhverja aðra fjárhæð, skal ég láta liggja á milli hluta að þessu sinni, en ég tek það fram, að í því sambandi þarf einnig að hafa hliðsjón af þeim lánsupphæðum, sem bankastjórn Búnaðarbanka Íslands ákveður.

Um þau önnur atriði, sem á er minnzt í þessu frv., skal ég ekki hafa mörg orð. En varðandi það, er segir um aukinn stuðning við endurræktun túna og það, er segir í frv., sem þessi sami hv. þm. mælti fyrir, um breytingar á jarðræktarlögunum, hér í gær, þá hafa þau efnisatriði öll verið rædd í endurskoðunarnefndinni, og má vænta þess, að Landnámi ríkisins verði falið að taka upp aukinn stuðning til þessara þátta og ýmissa fleiri atriða, sem hv. þm. minntist ekki á. En endurskoðun laganna er mikið verk. Þau eru að meginstofni með orðalagi, sem tilheyrir gömlum tíma. Þó að þau hafi verið endurskoðuð með tiltölulega fárra ára millibili síðan þau voru fyrst samin, þá er andi þeirra og megintilgangur enn að mestu leyti við hæfi þess tíma, er þau voru í upphafi samin á. Og þess vegna hefur endurskoðunin tekið nokkuð langan tíma, því að nú verður ekki lengur hjá því komizt að aðhæfa lögin viðhorfum nútímans.

Ég vil taka það fram að lokum, að að sjálfsögðu mun þetta frv., sem hér liggur fyrir, fá sína athugun í n. Þess má vænta, að frv., sem byggt verður á athugun mþn., sem fjallar um stofnlánadeildarlögin, verði einnig vísað til sömu n., þ. e. landbn., og þau frv. þá væntanlega skoðuð þar saman, og nægilegt svigrúm mun gefast fyrir hv. flm. þessa frv. til að koma þar að þeim ábendingum, sem hann telur, að þörf sé á að fram komi um einstök efnisatriði.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður hefur sýnilega ekki gert sér það ljóst, hvers vegna þetta frv. hefur verið flutt. Það hefur verið flutt eingöngu vegna þess ástands, sem nú er í landbúnaðinum, og það er allt annað mál um endurskoðunina á þessum lögum, það er allt annað mál. Og þar sem hann segir, að við höfum ekki komið auga á önnur atriði en þessi, þá er það náttúrlega alveg út í hött, vegna þess að þessi frv. öll eru miðuð við það ástand, sem er í landbúnaðinum, og þess vegna á að samþykkja þau, hvað sem svo líður endurskoðun þessarar löggjafar.

Hann gat um það, að lánsupphæð og styrkur í sambandi við íbúðarhúsnæði þyrfti að vera svipað og er hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Ég vona, að hv. þm. hafi tekið eftir því, að ég sagði, að ef hann ætti að fylgja vísitölunni, þá hefði þetta þurft að vera 160 þús. Í frv. er lagt til, að það séu 150 þús. og það er vegna þess, að stofnlánadeildin hefur lánað til íbúðarhúsnæðis á þessu ári 450 þús. og ef styrkurinn væri færður upp í 150 þús., þá er það sama lán eins og Húsnæðismálastofnunin veitir nú á þessu ári, þannig að þetta var athugað alveg og þessi tillaga var einmitt miðuð við, að Húsnæðismálastofnunin hefur lánað 600 þús. og Búnaðarbankinn 450 þús. og þess vegna var þessi tala sett inn þannig, en ekki látin fylgja nákvæmlega þeirri byggingarvísitölu, sem kannske hefðu verið alveg full rök fyrir.

Ég sakna þess nú, að hæstv. landbrh. er ekki hér í d. við þessar umr., og það er ekki sízt vegna þess, að hann gat um það í ræðu hér í Ed. á dögunum, að tekjur bændastéttarinnar miðað við tekjur viðmiðunarstéttanna væru nú á þessu tímabili betri heldur en áður hefði verið. Og í því sambandi sagði hann, að það mundi hafa vantað 60—70% upp á kaup bændanna 1957, — en sannleikurinn er sá, að ef farið er að athuga

þessar tölur, þá er það fjarri lagi, því að samkv. skýrslum voru meðaltekjur bænda 1957 um 50 þús., en viðmiðunarstéttanna 59 þús. Það var því 9 þús. kr. munur, eða vantaði 18% upp á það kaup, sem bændurnir áttu að hafa. Og ef tekin eru árin 1954, 1957 og 1960, þá eru meðaltekjurnar 50 þús. kr. hjá bændastéttinni, en 61 þús. 333 kr. hjá viðmiðunarstéttunum, munurinn er 23%. En ef aftur eru athuguð þessi 7 ár, sem ég gat um áðan í minni fyrri ræðu, þá kemur það þannig út, að 1963 voru meðaltekjur bændanna 118 þús., en viðmiðunarstéttanna 164 þús., munurinn 46 þús. eða vantaði á kaup bændanna 39%. 1964 var meðalkaup bændanna 161 þús., en viðmiðunarstéttanna 204 þús., vantaði 43 þús. eða 27%. 1965 var meðalkaup bændanna 199 þús., en viðmiðunarstéttanna 248 þús., munurinn 49 þús. eða vantaði 25%. 1966 var meðalkaup bændanna 193 þús., en viðmiðunarstéttanna 289 þús., munurinn 96 þús. kr. eða 50%. 1967 voru meðaltekjur bændanna 95 þús., en viðmiðunarstéttanna 228 þús., vantaði 133 þús. á kaup bændanna eða 140%. 1968 voru meðaltekjur bændanna 121 þús., viðmiðunarstéttanna 238 þús. kr., vantaði 117 þús. upp á kaup bændanna eða 97%. 1969 var meðalkaup bændanna 149 þús., viðmiðunarstéttanna 277 þús., vantaði 128 þús. eða 86%. Og sé meðaltal tekið af þessum 7 árum, þá lítur það þannig út, að meðalkaup bændanna er 148 þús., en viðmiðunarstéttanna 235 þús. og 400 kr., vantar 59%, eða á þessum 7 árum, eins og áður getur, 612 þús. eða til jafnaðar á ári 87 þús. og 400 kr., þá sjá menn, hvernig þróunin hefur verið þessi árin. Bezta árið eftir þessu er 1965, þá vantar 25%, en það ár, sem hæstv. landbrh. gat um í sinni ræðu og taldi, að þá hefði vantað 60—70%, eftir þessum skýrslum þá var vöntunin 18% það ár. Þetta ætti að vera okkur öllum þörf lexía.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Hv. 5. þm. Norðurl. e. byrjaði á því að segja, að frv. þau, sem hann flytti hér ásamt meðflm. sínum, ætti að samþykkja, hvað sem liði heildarendurskoðun stofnlánadeildarlaganna. Ég ætla, að þessi fullyrðing sé óþörf, þangað til hv. þm. hefur séð, hvað kemur út úr þessari endurskoðun, enda eðlilegra, að það mat, sem á lögin og tilgang þeirra verður lagt við heildarendurskoðun, verði skoðað, áður en farið er að samþykkja einstaka liði. Um lán og styrki til íbúðarhúsa, sem hann nefndi réttar tölur um, þá sannaði það einmitt það, sem ég vék að hér í minni fyrri ræðu, að það þyrfti, um leið og styrkur til íbúðarhúsa í sveitum er ákveðinn, að hafa hliðsjón af lánsupphæð til þessara framkvæmda og bera það saman við þau lán, sem veitt eru úr Byggingarsjóði ríkisins.

Ég lít svo á, að ef þetta er skoðað, þá þurfi að hafa í huga fleira heldur en upphæðina eina. Það þarf að taka til athugunar lánstíma, það þarf að taka til athugunar vexti, það þarf að taka til athugunar skilmála og það þarf að taka til athugunar, hvað af þessu er óafturkræft framlag og meta það með hliðsjón af því. Þó að ég sé bóndi og telji mig vera mann bændanna, þá lít ég svo á, að ef þeir fá nokkurn hluta af sinni aðstoð til íbúðarhúsabygginga sem beint framlag, þá sé það ekki sambærilegt við það að fá lán eins og er eftir hinu almenna veðlánakerfi ríkisins, en þau eru að nokkru vísitölubundin.

Um þann kafla ræðu hv. þm., sem fjallaði um tekjur bænda, þá er það vissulega rétt, að þær hafa farið hlutfallslega lækkandi nú hin síðari harðindaár. Með því harðæri, sem hér hófst um 1965, veðurfræðingar segja 1963, þá hafa myndazt gersamlega ný viðhorf í landbúnaðinum, og það er eðlilegt, að það taki nokkurn tíma að átta sig á hvernig skuli bregðast við þessum nýju viðhorfum. Að undanförnu hafa verið gerðar athuganir á því, með hvaða hætti helzt mætti við þessu bregðast, og er einn þátturinn í því starfi unninn af þeirri n., sem nú hefur endurskoðun stofnlánadeildarlaganna með höndum. Væntanlega verður sá árangur af þeirri endurskoðun, að þar takist að benda á leiðir til að bregðast við hinu versnandi áferði með þeim hætti, að líkur séu til, að árangur náist af til hagsbóta bændastéttinni, og þegar við tölum um hagsbætur handa bændastéttinni, þá tölum við um hag þjóðarinnar allrar.

Um það, sem hv. þm. bar brigður á úr máli hæstv. landbrh. um tekjur bænda, má geta þess, að á s. l. ári, árinu 1969, hækkuðu tekjur bænda um 18.3%, eftir því sem segir hér í Hagtíðindum, en samandregið tekjumeðaltal allra stétta um 13.8%. Hv. þm. nefndi aðrar tölur um meðaltekjur bænda á árinu 1969 heldur en þær, sem birtar eru hér í skýrslum Hagstofunnar, og það má vera, að hann viti betur, en hv. þm. geta lesið í Hagtíðindum á borðum hjá sér, hvað Hagstofan segir um þetta efni, en þar segir í B. lið, Flokkun eftir atvinnuvegi og vinnustétt: Búrekstur, gróðurhúsabú, garðyrkjubú o. þ. h., meðaltekjur 172 þús.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um ræðu hv. þm. né það frv., sem hér er til umr., að þessu sinni. Það mun fá skoðun í n. þeirri, sem því væntanlega verður vísað til.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður gat um það, að í sambandi við íbúðarhúsalánin yrði að miða við vaxtakjör og annað, þegar þetta væri allt saman athugað og metið. Ef við förum að athuga, hvernig þetta er í sambandi við þær stéttir, sem eru tekjuminnstar, miðað við þau lög, sem voru samþykkt á s.l. ári, þá er þar ákveðið, að vaxtakjörin geti verið í sambandi við þann hluta, sem fátækustu verkamennirnir fá, 2% vextir til 42 ára. En þessi lán, sem við erum með, eru með 6% vöxtum, eins og hv. þm. veit, en aftur hjá Húsnæðismálastofnuninni eru þau með 4¼% vöxtum. Og í flestum tilfellum — þó að Hagstofan eða sumir af hennar sérfræðingum hafi komizt að þeim niðurstöðum, að ódýrara sé að byggja úti í sveitum heldur en í kaupstöðum — er það mín reynsla, að það er alrangt, og það er vegna þess, að það eru vissir liðir, sem bændurnir verða að greiða umfram það, sem fólk í þéttbýlinu þarf að borga í sambandi við sínar byggingar. Það er að vísu rétt, að sums staðað eru allveruleg lóðargjöld, en ég vil benda á það, að t. d. allur flutningskostnaður kemur yfirleitt umfram það, sem er þá í þéttbýlinu, og í öðru lagi: eins og háttar víðast hvar, þá verða bændur að fá vinnuflokka til þess að byggja fyrir

sig og þar sem ég þekki bezt til, þá fara þeir frá og til kaupstaðarins á hverjum degi í vinnutímanum og bóndinn verður að skaffa þeim fæði umfram taxtakaup, þannig að í mörgum tilfellum mun byggingarkostnaður í sveitum a. m. k. ekki verða lægri, heldur frekar hærri en í þéttbýlinu. Á þetta verður líka að líta, þegar verið er að meta þessi mál á alla vegu.

Hv. þm. sagði, að það væru í Hagtíðindum hér á borðinu allar tölur í sambandi við kaup stéttanna. Ég vil bara geta þess, að þessi tala, sem ég hef hér, hún er frá Hagstofunni beint. Ég hef ekki athugað, hvernig hún er fundin, þessi tala, en þessa tölu hef ég beint frá Hagstofunni milliliðalaust og þetta er það, sem hún gefur upp að séu meðaltekjur bóndans, hvernig sem á þessari tölu stendur.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál við þessa umr., nema annað tilefni gefist til.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan. Ég tók eftir því í hans fyrstu ræðu, að þá talaði hann um það, að tjón af þurrafúa í bátum væri bætt af því opinbera. Hann sagði það frekar þrisvar en tvisvar og mér fannst þess vegna ástæða til þess að gefa örlitla skýringu á því. En út af þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 92, þá efast ég ekki um, að Stofnlánadeildin þarf aukið fjármagn til þess að vinna sitt hlutverk, og ég er sannfærður um það, að bæði hv. þm., sem ég nefndi, og öðrum gangi gott eitt til að flytja þetta. Hann minntist á þetta, eins og ég sagði áðan, og einnig er að þessu vikið í grg. á bls. 3, en sannleikurinn er sá, að þetta er reginmisskilningur, að ríkið hafi greitt nokkurn tíma fyrir þurrafúa. Þegar þessi vágestur kom á árunum 1950—1960, þá vissu menn ekki almennilega, hvernig skyldi bregðast við þessu, og það var þannig fyrstu árin, að ríkissjóður veitti ábyrgð fyrir lánum, sem mynduðust vegna þessara hluta. Síðan gerðist það, að löggjafinn samdi tryggingalög, þar sem sérstök trygging var vegna þessa þurrafúa, og hefur tryggingin verið allt upp í 4.3% af því verðmæti, sem hefur verið lagt til grundvallar, sem er hluti af tréskipunum, en hefur farið lækkandi nú síðustu árin. En þeir, sem greiða í þennan tryggingasjóð, — greiða þessi tryggingaiðgjöld, eru engir aðrir en útvegsmennirnir sjálfir, þar sem Tryggingasjóður fær sínar tekjur frá útvegnum, en ekki ríkissjóði. Þetta er mjög útbreiddur misskilningur, svo að hæstv. þm. er vorkunn að halda, að það sé ríkið, sem greiðir þetta, en þetta er reginmisskilningur.

Ég segi þetta vegna þess, að ég veit, að margir, ef ekki allir flm. þessa frv. vilja hafa það, sem sannara reynist, og ég efast ekki um, að frsm. vilji það einnig, en mér fannst ástæða til þess, að þetta kæmi fram. Það ber ekki að skilja orð mín þannig, að ég viti ekki, að það sé mjög mikil þörf á því að aðstoða í sambandi við kal og annað, heldur vildi ég aðeins gera þessa athugasemd eða öllu heldur leiðbeiningar, svo að menn væru ekki alltaf, eins og ákaflega oft kemur fram, að hyggja auð í annars garði og halda aðrar stéttir sitja við betra borð en þeir sitja.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að láta hæstv. fjmrh. svara síðasta ræðumanni með því að lesa upp úr ræðu, sem hann flutti hér á Alþ. 1959, með leyfi forseta:

„Er hér um að ræða heimild fyrir ríkisstj. til að gefa útvegsmönnum eftir þær skuldakröfur, sem ríkissjóður hefur eignazt á þá vegna innlausnar á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

Fyrir nokkrum árum fór að verða vart nokkurra skemmda í ýmsum fiskiskipum af völdum svokallaðs þurrafúa. Hafa ýmsir útvegsmenn orðið fyrir þungum búsifjum af þessum sökum. Óumflýjanlegt var talið að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, og hafa í fjárlögum síðustu ára verið veittar ríkisábyrgðarheimildir fyrir lánum til viðgerðar á skipum þessum. Frá upphafi hefur verið reiknað með því, að ríkissjóður taki að sér greiðslu þessara lána, enda afkoma útvegsins ekki slík, að útvegsmenn gætu tekið á sig slíkt tjón, því að verðuppbætur til útvegsins voru ekki miðaðar við, að auðið væri að mæta slíkum áföllum. Var þetta í rauninni staðfest af fjmrn., þegar ríkisábyrgðin var veitt, enda þótt lánin væru til svo skamms tíma, að þess væri engin von, að viðkomandi útvegsmaður gæti greitt þau á svo skömmum tíma. Síðan hefur verið sett löggjöf um sérstaka tryggingu á fiskiskipum til þess að mæta þessum áföllum hér eftir. Í samningum við útvegsmenn um síðustu áramót féllst ríkisstj. á, að Útflutningssjóður greiddi iðgjöld af þurrafúatryggingum fiskiskipa, svo sem gert hefur verið með önnur tryggingagjöld.

Ef þeir útvegsmenn, sem fengið hafa með ríkisábyrgð lán til þess að greiða með áfallinn kostnað vegna þurrafúaskemmda, yrðu krafðir um þau lán, þá væri hlutur þeirra gerður lakari en hinna, sem hér eftir verða fyrir hliðstæðum áföllum. Af þeim sökum féllst ríkisstj. á þá ósk Landssambands ísl. útvegsmanna, að ríkissjóður tæki að sér greiðslu á þeim þurrafúalánum, sem útvegsmenn þegar hafa tekið vegna þurrafúaskemmda.“

Þetta er úr ræðu hæstv. fjmrh. 1959, og vona ég, að það sé búið að svara síðasta ræðumanni fullkomlega.

Sverrir Júlíusson: Hv. 5. þm. Norðurl. e. vitnaði hér í ræðu frá 1959 og ég efast ekki um, að hann fari rétt með. En sannleikurinn er sá, að þótt hann telji, að þarna hafi hann fengið mjög gott tækifæri til að svara, þá standa mín orð algjörlega eins og áður, því að 1959 var gengið skakkt, þá var einmitt verið að færa tekjur á milli þjóðfélagsþegnanna með svokölluðum uppbótum frá Útflutningssjóði. Það er alveg rétt, að á þeim tíma voru iðgjöldin greidd úr ríkissjóði. (Gripið fram í.) Þegar Alþ. hafði ekki möguleika til þess að breyta genginu, eins og krafa útgerðarmanna var, þá fóru þeir heldur inn á það að greiða iðgjöldin, og það var það, sem gert var, og er þess vegna hluti af þeirri millifærslu, sem átti sér stað. Þess vegna er ekki hægt að segja, að þetta hafi átt sér stað.

Til viðbótar við það, sem ég sagði áðan, vil ég segja það, að vegna þess að maður heldur yfirleitt, að þm. lifi í nútímanum, sagði ég að á árunum 1950—1960 hefði þetta komið upp, og það

voru ábyrgðir, það vissi ég vel um, það voru ábyrgðir, sem ríkissjóður gekk í, en Útflutningssjóður greiddi það eins og ýmsar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir, sem sumir hafa viljað telja styrk til bændanna, aðrir til neytendanna, en var bara eðlileg ráðstöfun vegna þjóðfélagsaðstæðna.

En til viðbótar því, sem ég sagði áðan um greiðslu Tryggingasjóðs, vil ég segja það í sambandi við þurrafúaiðgjöldin, að ekki er hægt að segja, að ríkissjóður greiði nokkurn hlut af þessu, því að í dag er það þannig, að útvegsmenn verða að greiða 23% af iðgjöldunum, en Tryggingasjóður borgar 77%. Ég vona, að hæstv. þm. sé svarað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Fjórðungsdeildir Landsspítala Íslands.

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um fjórðungsdeildir Landsspítala Íslands [102. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 17. og 19. fundi í Nd., 12. og 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um einn þátt heilbrigðismála, þann að bæta og jafna aðstöðu þegnanna í öllum landshlutum varðandi sjúkrahúsaþjónustu. Frv. heitir frv. til l. um fjórðungsdeildir Landsspítala Íslands. Að því miðar frv. að gera Landsspítalann að raunverulegum landsspítala í stað þess að sú stofnun er nú í reynd miklu fremur Reykjavíkurspítali, þó að hann sé kostaður af ríkinu.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að ríkið reki deildir í öllum landsfjórðungum, og þannig sé Landsspítalinn með höfuðspítalann í Reykjavík, en síðan deildir á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, og á Suðurlandi, ef það þætti tryggja betri þjónustu heldur en með öðrum hætti yrði, en Suðurlandið nýtur miklu betri samgangnaaðstöðu heldur en aðrir landshlutar miðað við Reykjavík. Enn fremur er lagt til í frv., að fjórðungsdeildir Landsspítalans skuli vera búnar fullkomnustu lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga bæði í skurðlækningum og lyflækningum. M. ö. o. að tryggja, að þessar fjórðungsdeildir séu líkt búnar og aðalspítalinn, Landsspítalinn í Reykjavík, og geti veitt áþekka þjónustu, og hafi sams konar aðstöðu til þess.

Það er ekki tekið fram í þessu frv., hvaða sjúkrahús í hinum ýmsu landsfjórðungum skuli verða fyrir valinu sem Landsspítaladeildir, heldur skuli þau sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi, sem þannig séu staðsett og þyki það vel búin, að þau séu öðrum fremur hæf til þess að gerast fjórðungsdeildir Landsspítalans, til þess valin, og skuli þá ríkið hefja samninga við eigendur þessara sjúkrahúsa, sem fyrir valinu verða, og freista þess, að ríkið gerist þannig eigandi þessara sjúkrahúsa og geri þau þar með að deild úr Landsspítala Íslands.

Þá er að lokum það atriði í frv., að ríkisstj. sé heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeilda, ef heilbrmrh. óski þess. Einnig mætti hugsa sér, að dagleg stjórn sjúkrahúsa í hinum ýmsu landsfjórðungum lyti e. t. v. stjórn sjúkrasamlags á þeim stað, er sjúkrahúsdeildin starfaði á. Það er vafalaust á færi smærri bæjarfélaga að reka sjúkraskýli og lítt búin sjúkrahús, en þegar kemur að því að eiga að reka vandað og vel útbúið sjúkrahús, þá er þar um að ræða svo umfangsmikinn og dýran rekstur, að reynslan er löngu búin að sýna það, að undir slíkri byrði rísa bæjarfélögin á Íslandi ekki, svo að vel sé. Meginhugsun frv. er sú að reyna að tryggja þegnunum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, eða m. ö. o. án tillits til búsetu þeirra. Mér finnst það ekki réttlátt, að ríkið reki fullkomið sjúkrahús í Reykjavík, algerlega á ríkisins kostnað, en ætli síðan bæjarfélögunum úti á landi að taka á sig þungar byrðar vegna sjúkrahúsreksturs. Þetta er auðsætt misrétti og misrétti, sem ríkisvaldinu ber að leiðrétta. Þarna eru byrðarnar lagðar á fólkið úti á landsbyggðinni umfram það, sem íbúar höfuðborgarinnar verða á sig að taka, eða Reykjavíkurborg sem bæjarfélag.

Í gildandi löggjöf er það viðurkennt, að það sé skynsamlegt að efla eitt sjúkrahús öðrum fremur í sérhverjum landsfjórðungi. Þannig eru til komin hin svokölluðu fjórðungssjúkrahús, og ég veit ekki annað heldur en þetta hafi þótt vera sanngjarnt og réttlátt og vel gefast. Þau hafa verið efld umfram önnur sjúkrahús í landsfjórðungunum, þessi fjórðungssjúkrahús, og með auknum ríkisstyrk hefur sveitarfélögunum verið gert kleift að rísa undir þessari annars þungu byrði. En samt sem áður hefur það komið í ljós, að bæjarfélögin orka ekki að lyfta þeirri byrði, sem þeim er með þessu ætlað. Það vill fara svo, að hin minni bæjarfélög, sem þessa byrði hafa, geta ekki annast viðhald sjúkrahúss og sjúkrahússtækja, þannig að vel sé, og geta ekki heldur risið undir kostnaði af að tryggja sjúkrahúsunum nægilega fullkomna og fjölbreytta sérfræðiþjónustu. Þessi fjórðungssjúkrahús eru rekin með geysilega miklum rekstrshalla frá ári til árs og þar með er lögð mjög þung byrði á gjaldendur viðkomandi bæjarfélags. Þetta væri kannske afsakanlegt, ef þessi sjúkrahús væru eingöngu heilbrigðisstofnanir fyrir viðkomandi bæjarfélag, en það eru ekkert þeirra. Skýrslur sýna, að í þeim öllum eru sjúklingarnir að meiri hluta utanbæjarsjúklingar, og þannig er byrði lögð ranglega á íbúa og skattþegna þess bæjarfélags eingöngu, sem sjúkrahúsið er í. Að vísu mun vera heimild

í lögum um það, að slíkt sjúkrahús hafi rétt til þess að reikna hærri daggjöld af utanbæjarsjúklingum, en slíkt er, þegar til framkvæmda kemur, lítt framkvæmanlegt.

Þá er eitt atriði, sem ég vil vekja athygli hv. þm. á, og það er það, að það væri eðlilegast, að þau bæjarfélög, sem þessi þunga byrði er á lögð að hafa hin fullkomnari sjúkrahús og reka þau, réðu sjálf fjárhagslegum grundvelli þeirra og gætu ákveðið að eigin vild upphæð daggjalds, gjaldsins, sem greitt skal fyrir hvern legudag sjúklings á slíku sjúkrahúsi. En það fá þau ekki, það er ríkisvaldið, sem það skammtar. Stjórnvöld taka ákvörðun um það, hvað Landsspítalinn skuli fá í gjöld fyrir veitta þjónustu frá sjúklingunum, en síðan er ákveðið, að ríkið beri þar ákveðinn, vissan, ríflegan hluta, og bera fjárlögin þess merki, að þar er ekki um neina smáupphæð að ræða. En sjúkrahúsin úti á landi verða síðan að sætta sig við þá ákvörðun, sem stjórnvöld taka varðandi dagpeningana, sem þau verða að byggja fjárhagsafkomu sjúkrahússins á.

Ég tel, að það megi telja til kosta þess fyrirkomulags, sem hér er lagt til, að væri Landsspítali Íslands rekinn með deildir í öllum landsfjórðungum, þá væru deildirnar augljóslega hluti af einni og sömu stofnun. Það mundi opna leiðir til þess, að Landsspítalinn gæti sent sína beztu sérfræðinga, þegar þörfin kallaði, út í fjórðungsdeildirnar, til Norðurlandsdeildarinnar í þetta skipti, í annað skipti kannske annan sérfræðing til Ísafjarðarspítala, eða fjórðungsdeildarinnar á Vestfjörðum, og með sama hætti til Austfjarða. Færa þannig hina hæfustu og fullkomnustu sérfræðiþjónustu til, eftir því sem þörfin kallaði á, og ætti það að vera sem sjálfsagður hlutur, þegar aðeins væri að ræða um tilfærslu sérþekkingarinnar milli ákveðinna deilda einnar og sömu stofnunar. Ég tel, að þetta væri líka betri nýting á dýrum sérfræðilegum kröftum þjóðarinnar. Þetta gildir síður, þegar um er að ræða sérstakar bæjarreknar stofnanir úti um landið og aftur ríkisrekna stofnun í Reykjavík. Ég held líka, að það megi færa það fram sem rök í þessu máli, að tregða lækna til þess að fara út á landsbyggðina er stundum rökstudd af læknunum sjálfum með því, að það sé full hætta á því, að þeir forpokist með því að starfa langtímum saman, kannske alla ævina, úti á landi. Þeir þurfi endurnýjunar við í sínum flóknu fræðum, og þetta má rétt vera. En ég tel einmitt, að þessi flutningur manna frá fjórðungsdeildunum til aðalspítalans og öfugt geti gert það að verkum, að læknarnir fái miklu fremur að flytja sig til, eftir því sem verkefnin gera það mögulegt.

Nú upp á síðkastið hafa menn, sérstaklega innan læknastéttarinnar, barizt fyrir þeirri breytingu á læknaskipan í landinu, að komið væri á fót læknamiðstöðvum, sem réttara væri þó að kalla lækningamiðstöðvar. Þessi hugmynd mundi mjög þjóna því markmiði, að læknarnir settust margir saman á þau þéttbýlissvæði, þar sem þeim væri sköpuð bezt starfsaðstaða. Það þýðir t. d. ekkert að setja fjóra, fimm eða sex lækna á Ísafjörð, ef þeir hafa svo ekki starfsaðstöðu. En þá þyrfti fjórðungssjúkrahús Ísafjarðar að vera ekki aðeins leguspítali langlegusjúklinga, ekki aðeins lyfja- og handlækningadeild, heldur og rannsóknarspítali, til þess að þessir menn gætu innt sín störf af hendi á fullnægjandi hátt og að sjúkrahúsið yrði ekki aðeins millistöð, sem sjúklingarnir úr byggðunum í kringum Ísafjörð yrðu fluttir á í bili, en síðan sendir áfram til Reykjavíkur til frekari rannsókna og til þess að njóta þeirra möguleika að fá sérfræðilega meðferð af fyrstu gráðu. Ég held, að þetta frv. komi því alveg heim við hugmyndina um læknamiðstöðvar. Það mætti þannig alveg vera, að höfuðstöðvarnar yrðu a. m. k. ein í landsfjórðungi. Þetta frv. gerir raunar ráð fyrir því, að vel kæmi til mála, að fjórðungsdeildirnar væru hafðar tvær í hinu víðlenda og fjölmenna Norðurlandi, og það yrði þannig sennilegast sín fjórðungsdeildin í hvoru kjördæmi, Norðurl. v. og Norðurl. e., enda um allfullkomin sjúkrahús að ræða í báðum þessum kjördæmum.

Í umr. nú nýskeð vestur á Ísafirði um læknamiðstöð þar fyrir Ísafjarðarsvæðið, mun það mjög hafa komið fram og verið gerðar um það ályktanir, eftir því sem mér er bezt kunnugt, að nauðsynlegt væri þá jafnframt, ef þar væru orðnir staðsettir fjórir til sex læknar, að þeirra starfsaðstaða væri að öllu leyti betur tryggð en hægt væri að gera í núverandi sjúkrahúsi á Ísafirði. Þannig finnst mér, að hugmyndirnar um læknamiðstöðvar og hugmyndirnar um deildaskiptingu Landsspítalans takist í hendur og mætist á miðri leið.

Ég held, að ég hafi með þessum orðum gert nægilega ljóst, hvaða nýmæli hér er á ferðinni varðandi sjúkrahúsaþjónustuna, heilbrigðisþjónustuna, og meginefnið er það, að aðstaða þegnanna sé gerð sem jöfnust til þess að njóta fullkominnar heilbrigðisþjónustu úti um landsbyggðina, og það sé að mjög verulegu leyti hægt að gera með því, að starfandi séu fullkomnar deildir frá Landsspítala Íslands í öllum landsfjórðungum. Hins vegar má segja það, að fullkomnu jafnrétti á landsbyggðinni verði ekki náð með neinu öðru en því, að ríkið kosti öll sjúkrahús og það væri vitanlega endanlega jafnréttisskrefið. En skref í áttina er það, og millispor, að efla eitt fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi og hafa það undir sameiginlegri yfirstjórn með hinum fullkomna Landsspítala, sem hefur yfir að ráða allri þeirri sérfræðiþjónustu í heilbrigðismálum, sem Íslendingar yfirleitt eiga kost á.

Ég legg til, herra forseti, að frv. sé vísað til heilbr.- og félmn., er umr. lýkur.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en byrja á því að benda hv. flm. á, að það mun hafa slæðzt prentvilla inn í 5. línu 1. gr. frv., sem skiptir ekki máli efnislega, en þyrfti að leiðréttast við upprentun. Ég hygg, að hv. þm. hafi áður flutt frv. svipaðs efnis og þetta. Þó kann að vera, að það hafi ekki verið alveg sams konar, og minnir mig, að fleiri þm. stæðu þá að flutningi frv., þ. á m. einn af þm. Norðurl. e., ef ég man rétt. En í stuttu máli sagt vil ég lýsa yfir því, að ég tel þetta frv. mjög athyglisvert, og ég vil beina því til þeirrar hv. n., sem fær það e. t. v. til meðferðar, að hún gefi þessu máli

gaum og þeim viðfangsefnum, sem þarna er um að ræða.

Það er vitanlega svo, að það er engan veginn sjálfsagt, að ríkið reki landsspítala eingöngu í Reykjavík. Og ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það ætti að taka til athugunar, að landsspítalar yrðu reknir víðar en í Reykjavík. Hins vegar vil ég leyfa mér að benda á það, að ég held að það væri heppilegra að reka landsspítala annars staðar á landinu eða landsspítaladeildir þannig, að þar væru sérstakar stjórnir eða stjórnarnefndir, sem fjölluðu um rekstur þeirra spítala, skipaðir mönnum úr þeim landshluta, sem þar á hlut að máli. Ég held, að það væri heppilegra en að láta slíkan landsspítala eða landsspítaladeild heyra undir stjórn Ríkisspítalanna hér í Reykjavík. Mætti þá gjarnan vera beint samband á milli slíkrar landsspítalastjórnar í landshluta og þess rn., sem fer með þessi mál. Ég held, að slíkar sérstjórnir mundu tryggja það betur en ella yrði gert, að svona spítalar yrðu ekki útundan og að fullnægt yrði ákvæði 2. gr. þessa frv. um fullkomin lækningatæki og vel menntaða sérfræðinga, svo og húsakost.

Ég held, að ég hafi bent á það einhvern tíma hér á hinu háa Alþ. í sambandi við læknaskortinn, sem einkum er tilfinnanlegur í strjálbýlinu, að mér sýndist það ekki ólíkleg leið til að bæta úr þessum læknaskorti, a. m. k. um stundarsakir, að aðstoðarlæknum við Landsspítalann eða aðra spítala, sem kynni að semjast við, væri falið að þjóna þessum héruðum um stundarsakir eða jafnvel um það samið við þá, þegar þeir eru ráðnir til spítalanna, sem auðvitað mundi þýða það, að þessir læknar yrðu að inna af hendi þessa þjónustu, en hefðu þá jafnframt tryggingu fyrir því, að þeir gætu horfið aftur að sínu aðstoðarlæknisstarfi. Þetta mundi þýða það, að það yrði að ráða fleiri aðstoðarlækna en ella að Landsspítalanum og öðrum spítölum, sem hér er um að ræða. Ég er hv. flm. alveg sammála um það, að ef stofnaðir yrðu svona landsspítalar í öðrum landshlutum eða landsspítaladeildir, þá væri það mjög athugandi, að þeir inntu af hendi slíka þjónustu, hver í sínum landshluta, þar sem læknislaust verður í héraði.

Fleiri orð skal ég svo ekki um þetta hafa, en það er alveg rétt, sem ég held, að hv. frsm. hafi minnzt á í framsöguræðunni, að sums staðar þykir það ekki með öllu eðlilegt, hvernig daggjaldanefndin hefur ákveðið dagpeninga í hinum einstöku sjúkrahúsum, og virðist þetta ekki vera í fullu samræmi við þá þjónustu, sem hlutaðeigandi sjúkrahús veita, eða geta veitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna [106. mál] (þmfrv., A. 113).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna hefur verið margflutt á hv. Alþ. og margsinnis fyrir því mælt, margsinnis gert hv. þm. ljóst, hvað í frv. fælist og hvílík þörf sé fyrir að fá það lögfest. Málið hefur ekki verið nákvæmlega í þessu formi flutt alltaf, en að meginstofni til er það þó eins og það var upphaflega flutt, en síðar gerðar á því í samráði við breytilega meðflm. breytingar í einstökum atriðum, einkum til samræmis við kröfur til fræðslumála innan verkalýðshreyfingarinnar á líðandi stund og í næstu framtíð. Að þessu sinni er frv. flutt auk mín af hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vesturl. Meginefni þess er það, svo að ég fari fljótt yfir sögu, að stofnaður verði félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna og skuli hann starfa í tveimur vetrarnámskeiðum og einnig reka og starfrækja styttri fræðslunámskeið eftir þörfum. Um námsgreinar, einkanlega á vetrarnámskeiðunum, er talað í 2. gr. frv., en margvísleg fræðslustarfsemi og nánast öll, sem verkalýðshreyfingin teldi sér og sínum málum til framdráttar, eigi að vera rækt í styttri námskeiðum. Það er ætlazt til þess, að stjórn skólans sé í höndum 5 manna skólanefndar og skuli 4 nm. skipaðir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félmrh. tilnefni fimmta manninn og sé þessi fulltrúi ríkisvaldsins formaður skólanefndar, en tilætlunin er sú, að hið opinbera, ríkissjóður, kosti skólahaldið, sökum þess að það sé í þjóðfélagsþágu, að slík fræðslustarfsemi sé veitt. Tilgangur með frv. er orðaður mjög stuttlega, en skýrt í grg., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, endurtaka það. Hann er sá að skapa starfandi og verðandi forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félagsmanni hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi verkalýðssamtakanna. Ég held, að það sé varla hægt í samanþjappaðra máli að gera grein fyrir tilgangi frv. En þar næst vil ég svo víkja örfáum orðum að þjóðfélagsþörfinni fyrir slíka stofnun.

Við flm. teljum það tvímælalausa skyldu þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina, hina fjölmennustu atvinnustétt þjóðarinnar, að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt og eflt samtök sín og þroskað þau. Þessi skylda hefur verið viðurkennd til fulls af nágrannaþjóðfélögum okkar, Norðurlandaþjóðunum, því að þau hafa um langt skeið rekið slíka skóla á vegum verkalýðssamtakanna og borið uppi meginþungann af rekstri þeirra. Þessir skólar eru fleiri en einn hjá hverri Norðurlandaþjóð og

miklu stærri í sniðum heldur en hér er ætlazt til. Samkv. þessu frv. er ætlun forráðamanna verkalýðshreyfingarinnar að fara smátt af stað, þannig að fræðslustarfsemin verði eðlilegt framhald af þeirri fræðslustarfsemi, sem verkalýðshreyfingin hefur þegar hrundið af stað með námskeiðahaldi á s. l. vetri og þessum vetri. Nýtt námskeið á að hefjast núna á vegum Alþýðusambands Íslands þann 4. des. n. k. Hvers vegna hyggst þá verkalýðshreyfingin ekki halda þessari fræðslustarfsemi áfram á eigin spýtur? Það er fljótsagt. Það er af því, að hana skortir til þess fjárhagslega getu. Enda teljum við, að það sé í þjónustu íslenzks atvinnulífs, að þeir menn, sem fara með hið vandasama hlutverk að ákveða kaup og kjör verkalýðsins í landinu, fara með samningamálin meðal margra annarra vandasamra hlutverka, það muni margfaldlega borga sig fyrir þjóðfélagið, að þeir menn séu sem beztri þekkingu brynjaðir til þess vandasama hlutverks, og það hlutverk verður æ vandasamara, eftir því sem lengra líður. Það er orðin flókin sérgrein að standa svo sem þörf er á í því hlutverki að fara með samninga verkalýðssamtakanna gagnvart gagnaðilanum á vinnumarkaðinum. Og það varðar ekkert litlu fyrir þjóðfélagið, að þessi störf séu af þekkingu og samvizkusemi af hendi leyst. Við teljum því, flm., að það sé ekkert síður mál þjóðfélagsins í heild heldur en sérmál verkalýðshreyfingarinnar, að slíkri fræðslustofnun sé komið á fót, sem þetta frv. fjallar um.

Eru þess nokkur dæmi í íslenzku þjóðfélagi, að sérfræðslustofnanir fyrir einstakar stéttir séu reknar á ríkisins kostnað? Jú, svo sannarlega. Þar er hægt að nefna marga sérskóla hinna ýmsu vinnustétta, og þarf ekki annað en að nefna bændaskóla eða sjómannaskóla, en einnig eru komnir upp skólar fyrir miklu fámennari stéttir heldur en þær, og hefur ríkið látið sig þau mál nokkru varða, því að það ber uppi verulegan hluta af kostnaði við rekstur slíkra skóla. Hví þá ekki einnig sérskóla og einkanlega félagsmálaskóla fyrir eina fjölmennustu atvinnustétt þjóðarinnar, verkalýðsstéttina? Ég tel ástæðulaust að endurtaka enn þá einu sinni í langri framsögu efni þessa frv. að öðru leyti en því, sem ég nú hef gert og vil leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Verkfræðiskrifstofa Vestfjarðakjördæmis.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis [111. mál] (þmfrv., A. 118).

Á 17. og 19. fundi í Nd., 12. og 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorður um þetta mál, það skýrir sig að mestu leyti sjálft. En það er af þeim rótum runnið, að bæjarstjórn Ísafjarðar gerði fyrir nokkrum árum samþykkt í þá átt, að þessi hugsun væri borin fram í lagaformi á Alþ. Það er skoðun okkar flm., hv. 1. þm. Vestf. og mín, að þá stefnu eigi að taka upp að dreifa ýmiss konar mikilvægum þjónustustofnunum um landsbyggðina, en fram til þessa hafa þær flestar eða nálega allar verið staðsettar í Reykjavík. Þessu frv. er aðeins ætlað það að tryggja bætta sérfræðiþjónustu í verklegum efnum á Vestfjörðum, og gefur að skilja, að ef sú hugsun hlyti undirtektir, þá væri ákaflega eðlilegt, að dreifingu þjónustustofnana á þessu sviði, varðandi aðra landshluta, yrði einnig skipað með sama hætti. Og það er vissulega svo, að það teldum við, flm. þessa frv., sem eingöngu fjallar um Vestfirði, við teldum það mjög eðlilegt. Efni frv. er það, að stofnuð skuli verkfræðiskrifstofa á Ísafirði til þess að annast þar verkfræðilegan undirbúning og fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda, mannvirkjagerðar í Vestfjarðakjördæmi. Skrifstofa þessi skuli vera ríkisstofnun og aðalverkefni hennar það að annast verkfræðilegan undirbúning vega- og brúargerða, hafnargerða og lendingarbóta, svo og undirbúning skipulagsmála í þessu kjördæmi, allt undir yfirstjórn þeirra manna í þjónustu ríkisins, sem nú stjórna þessum málum í heild frá skrifstofu sinni í Reykjavík, þ. e. a. s. vegamálastjórinn, vita- og hafnarmálastjórinn og skipulagsstjórinn.

Hér er því um að ræða tillögu um það, að verkefnum þessara skrifstofubákna í Reykjavík verði skipt upp og dreift út um landsbyggðina, og að því er varðar þetta mál, eins og það er flutt í þessu frv., þá verði deildir úr þessum skrifstofum ríkisins öllum staðsettar vestur á Ísafirði og þjónusta varðandi alla slíka opinbera mannvirkjagerð innt þar af hendi í heimahéraði. Þá er enn fremur ætlazt til þess, að skrifstofan annist hvers konar verkefni fyrir sveitarfélögin í landshlutanum og enn fremur fyrir einstaklinga, sem óski fyrirgreiðslu af hennar hendi, og séu þá gjöld greidd af sveitarfélögunum fyrir þá þjónustu, sem þau njóti frá skrifstofunni, og full greiðsla frá einstaklingum fyrir þá fyrirgreiðslu, sem skrifstofan veiti þeim við þeirra framkvæmdir. Enn fremur er það tekið fram í 2. gr., að skrifstofan skuli einnig annast önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem til sé stofnað á vegum ríkisins eða ríkisstofnana að einhverju eða öllu leyti, svo sem byggingu skóla, sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv. Ég held, að það sé þess vegna ekkert álitamál, að fyrir slíka verkfræðiskrifstofu væru ærin verkefni.

Því verður vafalaust varpað fram, hvort þetta mundi ekki verða miklu dýrara í framkvæmd

heldur en með því að hafa skrifstofu vegamálastjórnarinnar, vitamálastjórnarinnar og skipulagsstjórans eingöngu hér í Reykjavík, allt á einum stað, og skal ég ekkert um það fullyrða, mér finnst það geta orkað tvímælis. Ég held, að sending sérfræðinga út um landsbyggðina til eftirlitsferða og til þess að veita verkfræðilega aðstoð, stundum til langrar dvalar á hinum ýmsu stöðum, þar sem framkvæmdir eru á döfinni, geti verið ærið dýrar og kannske slagað upp í það skrifstofuhald í landshlutunum, sem hér er lagt til að upp verði tekið. Hitt er, finnst mér, meginatriðið, að það eru allar líkur til þess, að verkfræðileg þjónusta héðan sunnan úr Reykjavík, þegar um er að ræða mannvirkjagerð og framkvæmdir úti á landi, hún er fjarlæg, hún er ófullkomin, hún er dýr, og þetta leiðir oftlega til þess, að stofnað er til mannvirkjagerðar úti á landi án nægilegs sérfræðilegs undirbúnings og án þess að hafa sérfræðilega þekkingu svo við hendina sem æskilegt væri. Þar af geta sprottið margs konar mistök, og að mannvirkin sjálf verði í senn ófullkomnari og dýrari, og það er mikill ljóður á ríkjandi fyrirkomulagi, sem ég held, að líkur væru til að færi betur úr hendi og sparaði kannske of fjár, ef vel tækist til um þessa hugmynd, sem hér er borin fram. Það fer ekkert á milli mála, að fólkið í þessum byggðarlögum telur þessa mikla þörf. Bæjarstjórn Ísafjarðar lagði á málið þunga áherzlu á sinni tíð, þegar það beindi því til mín og annarra þáverandi þm. Vestf. En einstaklingar í verkfræðingastétt hafa komið auga á þessi verkefni, og t. d. er það svo, að verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen hefur haft einn mann þarna, a. m. k. hluta úr árinu, til að koma til móts við þessa miklu og fjölþættu þörf. En þessu væri miklu betur borgið, ef ríkið tæki þetta verkefni að sér og þá ekki aðeins í þessum landshluta. Fyrir mér vakir það, að slíkt væri gert í öllum landshlutum, þó að við höfum eingöngu einskorðað okkar frumvarpsflutning við Vestfirðina.

Aðalatriðið er það að skipta upp vitamálaskrifstofu, vegamálaskrifstofu og skipulagsstjóraskrifstofunni eftir landshlutum og inna þjónustuna þar af hendi. Það veiti betri þjónustu, tryggi betur verkfræðilegan undirbúning undir mannvirkjagerð og auki kannske byggingarhraða eða framkvæmdahraða, af því að sérþekkingin er nærtæk, og það finnst mér vera aðalatriðið, og það er a. m. k. sú hugsun, sem vakir fyrir okkur flm. Við teljum líka mjög mikla þörf á því, að sveitarfélögin eigi kost á slíkri sérfræðilegri aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, og einstaklingarnir mundu vissulega kunna að meta slíka bætta aðstöðu í sínum framkvæmdastörfum. Það er að minni hyggju of þunglamalegt og stirt að verða að sækja alla verkfræðilega aðstoð til Reykjavíkur. Það er mjög bagalegt oft og tíðum, þegar mannvirkjagerð er hafin. Þetta væri eitt með öðru ráðstöfun í þá átt að gera landsbyggðina byggilegri. Þetta er þess vegna byggðajafnvægismál öðrum þræði.

Ég veit ekki alveg fyrir víst, til hvaða n. eðlilegast væri, að þetta frv. færi, ætli það sé ekki bara fjhn. Já, ég held, að ég leggi það til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. fjhn., þegar umr. lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga [116. mál] (þmfrv., A. 125).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Enn flytjum við nokkrir þm. Framsfl. frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga, að þessu sinni á þskj. 125. Ég skal ekki vera margorður um þetta frv., en leyfi mér að vísa til þeirrar ýtarlegu grg., sem fylgir því, og þess, sem um það hefur verið sagt og tilgang þess á fyrri þingum, en þetta mál er margþætt. Mér þykir þó rétt að geta þess, að í frv. á þskj. 125 eru tvö nýmæli, sem ekki voru í frv. í fyrra.

Annað er í 11. gr. frv., þess efnis, að Byggðajafnvægissjóði sé heimilt að greiða sem óafturkræft framlag vexti af bráðabirgðalánum, sem tekin eru til að flýta fyrir opinberum framkvæmdum, sem búið er að gera ráð fyrir og veita fé til síðar, t. d. í vegáætlun, og einnig, að sjóðnum sjálfum sé heimilt að veita slík bráðabirgðalán, ef nauðsyn ber til. Þetta ákvæði er í 11. gr., 2. mgr.

Hitt nýmælið er í 17. gr. frv., en samkv. henni er byggðajafnvægisstofnuninni ætlað að gera áætlun um dreifingu ríkisstofnana um landið og eiga þannig frumkvæði í því máli, sem líka hefur oft verið rætt hér á Alþ.

Það er í fáum orðum sagt meginefni og tilgangur þessa lagafrv., að komið verði á fót sjálfstæðri og fjárhagslega öflugri ríkisstofnun, sem einbeiti sér að því viðfangsefni einu að stuðla að jafnvægi milli landshlutanna og halda landinu í byggð. En til þess að byggð haldist, hvort sem hún er í þéttbýli eða strjálbýli, í sveit eða við sjó, þá þarf hún að eiga sér vaxtarmöguleika og framtíðarvonir eins og landið eða þjóðin í heild. Slíka vaxtarmöguleika og framtíðarvonir er byggðajafnvægisstofnuninni ætlað að glæða. Hún á ekki eingöngu að hjálpa þeim, sem geta hjálpað sér sjálfir með framtaki eða fjármunum, heldur

einnig að hafa sjálf forgöngu með áætlanagerð og á annan hátt, þar sem þess kann að vera þörf. Gert er ráð fyrir því í frv., að fjármagni hennar verði varið til lánveitinga, en einnig til styrktar og þátttöku í skapandi starfi, skapandi uppbyggingarstarfi, og að opinber skýrsla verði birt um fjármagnsráðstöfun hennar ár hvert. Gert er ráð fyrir, að byggðajafnvægisstofnunin hafi náið samráð og samstarf við sveitar- og sýslufélögin og sambönd þeirra og þegar frá líður, mætti hugsa sér, að landshlutasamtök skipuðu stjórn hennar að meira eða minna leyti, enda hver sínum hnútum kunnugastur.

Í skýrslunni, sem birt er á bls. 4 í grg., um breytingar á fólksfjölda í einstökum landshlutum á tímabilinu 1938—1968, kemur glöggt fram sú blóðtaka, sem flestir landshlutar utan höfuðborgarsvæðisins hafa orðið fyrir á þessum 30 árum, samhliða því, að þjóðin eða mikill hluti hennar hefur verið að hnappast saman á litlu landssvæði hér á milli Straumsvíkur og Kollafjarðar. Skýrslan, þar sem borinn er saman mannfjöldinn 1. des. 1938 og hins vegar 1. des. 1968, sýnir það, hver mannfjöldinn hefði verið í hverjum landshluta, ef fjölgun hefði verið jöfn, þ. e. a. s. fjölgun þjóðarinnar hefði alls staðar verið sami hundraðshluti, og þá einnig, hverjar þessar tölur eru nú. Með því að fara yfir þessar tölur, er glögglega hægt að átta sig á hinum miklu fólksflutningum á þessu 30 ára tímabili. En fyrra árið, sem þarna er valið, er síðasta árið fyrir heimsstyrjöldina síðari, en hún olli svo sem kunnugt er miklu umróti, einnig hér á landi, og síðara árið er svo 30 árum síðar. Nú er svo komið, að við Íslendingar, sem erum ekki nema 200 þús. manna, erum búnir að koma okkur upp stórborg. Manni var nú kennt það í landafræðinni fyrrum, að stórborg væri borg, sem hefði 100 þús. manna og fleiri. Við erum sem sé búnir að koma okkur upp stórborg, þar sem höfuðborgarsvæðið er, og þar á heima þó nokkru meira en helmingur þjóðarinnar. Ég held, að þetta sé einsdæmi í veröldinni, að rúmlega helmingur þjóðar eigi heima í einni borg. Ég man a. m. k. ekki eftir því í svipinn, að það eigi sér stað annars staðar en hér. Og þó erum við þjóð, sem búum í stóru landi og eigum stórt land með miklum landsgæðum. Forustumennirnir, sem beittu sér fyrir sjálfstæði Íslands á öldinni, sem leið, hefðu sennilega haft tilhneigingu til að hugsa sem svo, að því fjölmennari sem þjóðin yrði, því auðveldara yrði henni að byggja þetta land og koma í veg fyrir, að það eyddist að meira eða minna leyti. Það hefði heldur ekki verið fjarri lagi að hugsa sér á sínum tíma, að tæknin, sem þjóðin hefur tekið í þjónustu sína og er að taka í þjónustu sína í vaxandi mæli, mundi hjálpa henni til þess að byggja landið og í baráttunni við þá örðugleika frá náttúrunnar hálfu, sem óneitanlega eru hér til staðar. Og vissulega ætti þetta að vera svo. En það hefur ekki verið svo undanfarna áratugi. Ég held, að það sé af því að þjóðfélagið hefur ekki verið vakandi í þessum málum og hefur látið reka á reiðanum. En mín skoðun er sú, og ég hygg yfirleitt okkar, sem standa að þessu frv. og margra annarra, að það sé eitt stærsta sjálfstæðismál þessarar þjóðar og líklega hið stærsta, að henni mistakist ekki að halda uppi byggð í landinu, því að ef svo fer, að það mistekst og landið verður að meira eða minna leyti autt af mönnum eins og þrjú sveitarfélög eru nú orðin, þá held ég, að sjálfstæði Íslands sé í mikilli hættu og henni bráðri. Það mun koma í ljós, að það líta ekki allir svo á hér á jörð, þó að það sé nú stundum orðað, jafnvel hér á landi, að þetta land sé á mörkum hins byggilega heims. En þetta land er ákaflega vel byggilegt og sennilega á það eftir að koma í ljós á komandi tímum, að það sé eitt af byggilegustu löndum þessa heims. A. m. k. erum við Íslendingar enn sem komið er lausir við ýmislegt af því, sem nú veldur mönnum mestum áhyggjum í þéttbýlum löndum með mildara loftslagi.

Eins og ég sagði í öndverðu, er það meginefni og tilgangur þessa frv. að koma upp sjálfstæðri og fjárhagslega öflugri ríkisstofnun til að vinna að verndun og eflingu landsbyggðarinnar á þann hátt, sem nánar er vikið að hér í grg. Þróunin, sem ég nefndi hér áðan í sambandi við mannfjöldatölurnar, hófst ekki fyrir 30 árum, þó að þetta tímabil hafi nú verið sérstaklega athugað. Það er lengra síðan þessi þróun hófst. En hún hefur verið nokkuð ör síðan í byrjun síðari heimsstyrjaldar. Hún hefur verið nokkuð ör, og nú fyrir örfáum árum gerðust hér atburðir, sem geta orðið vísirinn að því, að hún verði enn þá örari á komandi tímum, ef ekki verður að gert. En þar á ég við stórvirkjunina hér sunnanlands og iðjuverið mikla, sem stofnað var til hér í útjaðri Reykjavíkursvæðisins, en nú eru horfur á, að haldið verði áfram á þessari braut, að hér sunnanlands verði haldið áfram að virkja stórvötn, og fyrir þessu Alþ. liggur frv. þess efnis. Það liggur fyrir þessu Alþ. frv. um vatnsvirkjun, sem er miklu stærri en Búrfellsvirkjunin, tvær vatnsvirkjanir, sem eru samtals miklu stærri en Búrfellsvirkjunin og sem ekki er markaður fyrir í náinni framtíð hér í þessum landshluta. Mér sýnist það auðsætt, að ef þessar virkjanir verða framkvæmdar, hljóti að verða gerðar ráðstafanir til þess að skapa þennan markað og þá sennilega með auknum iðjuverum eða röð iðjuvera á þessu sama svæði. En það gefur auga leið, að ef slíkar ráðstafanir eru gerðar, margföldun raforkuframleiðslunnar og mikil aukning stórra iðjuvera í einum landshluta, þá náttúrlega stuðlar það að því að hraða þeirri þróun, sem við margir köllum óheillaþróun í byggðamálum þjóðarinnar. Þetta mun mönnum hafa verið ljóst ýmsum, þegar Búrfellsvirkjunin var ákveðin og álverið í Straumsvík, því að um það leyti var sett á laggirnar stofnun sú, sem heitir Atvinnujöfnunarsjóður og stendur í beinu sambandi við stofnun álverksmiðjunnar. Henni voru meira að segja ætlaðar tekjur nokkrar af álverksmiðjunni. Ég hef alltaf litið á stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs sem viðurkenningu á því af hálfu ríkisvaldsins eða ráðandi manna, að það, sem ég sagði áðan um áhrif svona framkvæmda á takmörkuðu svæði á byggðaþróunina, viðurkenningu á því, að þau áhrif kynnu að vera fyrir hendi og þyrfti að spyrna þar á móti. Þess vegna var þessi sjóður stofnaður. En stofnun eins og Atvinnujöfnunarsjóður er bara ákaflega máttlítill gagnvart svona gífurlegri fjárfestingu eins og

þeirri, sem þarna er um að ræða og útlit er fyrir, að um verði að ræða á næstu árum, ef svo heldur fram stefnunni. Hér þarf að koma til miklu öflugri stofnun fjárhagslega, stofnun, sem eingöngu sinnir þessum verkefnum, jafnvæginu milli landshlutanna og eflingu landsbyggðarinnar, eins og t. d. hliðstæð stofnun í Noregi gerir, en hefur það ekki sem hjáverk.

Ég sagði í öndverðu, að ég ætlaði ekki að vera margorður um þetta mál og ég skal heldur ekki vera það. Það er ákaflega margt, sem kemur upp í hugann, þegar farið er að ræða um þetta stórmál, þetta mál, sem kannske er stærra og afdrifaríkara fyrir þessa þjóð og framtíð hennar heldur en nokkurt annað mál, sem við höfum með höndum um þetta leyti, þ. e. a. s. hvernig okkur tekst að byggja landið. Það er margt, sem ástæða væri til að ræða um hér á þessum stað í þessu sambandi, og hefur verið rætt áður um sumt af því, en ég ætla ekki að ræða það frekar nú og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., en þangað hefur þessu máli verið vísað á undanförnum þingum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 64., 66., 67., 68., 69., 70., 71., 75. og 87. fundi í Nd., 18., 22., 23., 24., 25., 26., 29. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 511 og 650).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Eyðing refa og minka (frv. GíslG o. fl.).

Á 18. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 1959, um eyðingu refa og minka [122. mál] (þmfrv., A. 137).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim öðrum þm. leyft mér að flytja á þskj. 137 frv. um breyt. á l. um eyðingu refa og minka. Lögin um þetta efni, þ. e. a. s. eyðingu refa og minka, eru frá árinu 1957, nr. 52 það ár, en síðan voru samþ. lög um breytingu á þeim lögum árið 1964, nr. 9 það ár. Í þessum lögum um eyðingu refa og minka er m. a. ákvæði um það, hvað greiða skuli fyrir að vinna slík dýr, og var þeim upphæðum breytt og þær hækkaðar vegna breytinga á verðlagi árið 1964. Þess ber hins vegar að gæta, að síðan á árinu 1964 hefur verðlag farið mjög hækkandi. Það, sem við leggjum til, er, að þessar upphæðir, sem greiddar eru þeim, sem vinna að eyðingu refa og minka, verði hækkaðar frá því, sem var á árinu 1964, og var það ætlun okkar, að sú hækkun yrði svipuð og sú hækkun, sem orðið hefur á kaupgjaldi eða launum á þessum tíma, þannig að þeir, sem að þessari landhreinsun vinna, fái svipaðar greiðslur fyrir sín störf miðað við kaupgetu eins og þeir fengu 1957 og 1964. Ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þessi hlutföll nánar, sem eru milli kaupgjaldsins 1957 og 1964 annars vegar og hins vegar núna. En það er sanngjarnt og eðlilegt, að þessar tölur séu leiðréttar. Það er rétt að taka það fram, að þegar hin síðari lög voru sett 1964, þá var greiðsla fyrir eyðingu minka hækkuð nokkuð minna hlutfallslega en aðrar greiðslur. Og við ætlumst einnig til, að það verði leiðrétt, þannig að greiðsla fyrir hvern unninn mink hækki nú úr 350 kr., eins og hún var ákveðin 1964, upp í 800 kr.

Ég leyfi mér að vekja sérstaka athygli á 3. gr. þessa frv., en hún er um það, að eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. þessum lögum. Nú er það þannig í lögum, að af kostnaði við eyðingu refa og minka greiðir, að ég ætla, ríkissjóður ⅔, hlutaðeigandi sveitarfélag ⅙ og sýslusjóður ⅙. En þetta mun vera framkvæmt þannig, að í öndverðu greiða sveitarstjórnirnar þetta fé af hendi, en síðar fara fram endurgreiðslur. Nú leggjum við til, að þessu verði breytt, að því er minkeyðinguna varðar, þannig, að ríkissjóður greiði að fullu kostnað við útrýmingu minka, þannig að hann verði eftirleiðis ekki að neinu leyti lagður á sveitarfélög eða sýslufélög. Því verður ekki neitað, að það var ríkisvaldið, eða löggjafinn á sínum tíma, sem hleypti þessum óargadýrum í sveitirnar og sýslurnar með því að leyfa innflutning á minkum og minkaeldi. En síðan reyndist það svo, að þessi dýr sluppu úr búrum sínum og urðu villidýr, sem fór fjölgandi og eru hin mesta plága. Það er enginn vafi á því, að minkar hafa valdið verulegu tjóni í veiðivötnum hér á landi, og fuglalíf er nú víða ekki nema svipur hjá sjón frá því, sem áður var. Ég lít svo á, að eyðing þessa aðkomuvargs sé í raun og veru náttúruverndarmál hér á Íslandi og ég vona, að þeir, sem áhuga hafa á náttúruverndarmálum, viðurkenni það. Minkur var ekki landlægur hér. Hann er innfluttur og veldur ósamræmi í íslenzkri náttúru. Refurinn hefur hins vegar verið hér um langan aldur og vita menn ekki gjörla, hvernig hann hefur borizt hingað, en tilgátur eru um það, að hann hafi komið frá Grænlandi með hafís á sínum tíma fyrir löngu. Ég held, að ríkisvaldið eigi að taka afleiðingum af þessum gerðum sínum með því að greiða að fullu þann kostnað, sem verður af því að halda þessum varg í skefjum eða útrýma honum, sem í rauninni þyrfti að vera hægt, en margir óttast nú, að það kunni að verða erfiðara vegna þess, að minkaeldi hefur nú á ný verið leyft í landinu.

Ég tók eftir því, að tveimur eða þremur dögum eftir að þessu frv. var útbýtt, var útbýtt öðru

frv. frá nokkrum þm., sem einnig fjallar um breytingu á gildandi lögum um þetta efni. Ég fagna framkomu þessa frv., því að það fer mjög í sömu átt og frv. okkar á þskj. 137. Þó hygg ég, að það muni vera svo, að þar muni vera skemmra gengið eða gert ráð fyrir lægri upphæðum. Ég gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allan kostnhvað eðlilegt sé og sanngjarnt í þeim efnum, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa á verðlaginu og kaupgjaldinu. Og fyrir okkur vakir í raun og veru ekki annað en það að færa til samræmis, að öðru leyti en því, sem minkana varðar. Þar er 3. gr. í okkar frv. sérlegs eðlis, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allan kostnaðinn og viljum við leggja á það mikla áherzlu, hvort sem gerðar verða till. um breytingar á þessu frv. eða ekki, að það verði tekið til greina og þau rök, sem við nú höfum fært fram fyrir réttmæti þessa ákvæðis.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál, en geri ráð fyrir, að flm. hins frv. um breyt. á l. um eyðingu á minkum muni mæla fyrir sínu frv. og að samstarf geti tekizt um eðlilegar breytingar á þessari löggjöf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Vestfjarðaskip.

Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi [125. mál] (þmfrv., A. 146).

Á 20. og 21. fundi í Nd., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 146 frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi. Við vitum, að samgöngumál hér á landi eru veigamikill þáttur til að halda jafnvægi í byggð landsins. Góðar og greiðar samgöngur eru stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar. Fyrir nokkrum árum fór að bera á miklum fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi þrátt fyrir gott atvinnulíf, og höfðu menn af þessu þungar áhyggjur og reyndu þá að gera sér grein fyrir vandanum og þá fæddist sú hugmynd að fá lánað fjármagn hjá alþjóðastofnun til að sporna við þessari þróun eða fólksflóttanum. Hingað voru fengnir norskir sérfræðingar til að gera athuganir og rammaáætlun, sem síðan hefur verið nefnd Vestfjarðaáætlun, og hugmyndin var, að í þessari áætlun skyldu vera ýmsir þættir, svo sem uppbygging atvinnulífsins, samgöngumál, félagsog heilbrigðismál og skyldi unnið að þessum þáttum í áföngum. Þegar hinir norsku sérfræðingar voru búnir að kynna sér að einhverju leyti málavexti á Vestfjörðum, þá töldu þeir eðlilegt að snúa sér að samgöngumálunum sem fyrsta þætti í þessari áætlun. Í tillögum, sem þeir gerðu, töldu þeir rétt að koma upp tveimur byggðakjörnum, á Ísafirði og Patreksfirði, og byggja þar góða flugvelli og síðan að leggja greiðfæra vegi milli þessara þéttbýliskjarna. Þetta hefur nú verið framkvæmt að mestu leyti, en það er athyglisvert, að í tillögum þessara norsku sérfræðinga var einnig að finna, að þeir töldu bráðnauðsynlegt að halda uppi reglulegum og öruggum sjóferðum yfir vetrarmánuðina. Þessar tillögur sérfræðinganna hafa verið framkvæmdar nema tillaga þeirra um öruggar strandferðir. Þess vegna er ástandið í samgöngumálum Vestfirðinga í dag óviðunandi eins og málin standa. Við vitum, að frá Ísafirði og Patreksfirði eru allreglulegar flugsamgöngur við Reykjavík, en íbúar utan þessara byggðakjarna geta því miður ekki notfært sér þessar flugferðir vegna ófærðar og samgönguleysis yfir vetrarmánuðina.

Hugmyndir um Vestfjarðaskip eru ekki nýjar af nálinni. Ótal samþykktir hafa verið gerðar af heimamönnum, þar sem skorað hefur verið á Alþ. og ríkisstj. að leysa þetta vandamál Vestfirðinga og málið hefur oft áður verið flutt í frumvarpsformi hér á Alþ., en allt situr við það sama. Reynslan hefur sýnt, að vel byggðir vegir tryggja ekki samgöngur að vetrinum milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Þess vegna er ljóst, að ekkert annað en samgöngur á sjó, greiðar og öruggar vikulegar skipsferðir, geta fullnægt þörfum Vestfirðinga varðandi flutninga á milli Vestfjarðahafna og til annarra landshluta. Því miður hefur orðið mikil afturför í sjósamgöngum við Vestfirði og það er bein afleiðing þess samdráttar, sem orðið hefur í rekstri Skipaútgerðar ríkisins og við það hefur skapazt óviðunandi ástand hvað aðdrætti snertir. Þó var það sameiginleg skoðun Vestfirðinga, meðan Skipaútgerðin var ólömuð, að nauðsyn væri á auknum og bættum sjósamgöngum við Vestfirði, en þróun í þessum málum hefur alltaf snúizt á verri veg. Þegar haft er í huga, að einmitt þessir norsku sérfræðingar, sem mótuðu þennan þátt Vestfjarðaáætlunarinnar, lögðu til, að öruggar sjósamgöngur yrðu að vera yfir vetrarmánuðina, þá liggur í augum uppi, að þessum þætti um samgöngumál á Vestfjörðum er ekki lokið fyrr en Vestfirðingar fá sitt skip eða vikulegar skipsferðir til Vestfjarða, bæði á milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta.

Við vitum, að fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að reka sérstakt skip fyrir Vestmannaeyjar til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Reynslan hefur sýnt, að Vestmanneyingar hafa nú hagkvæmar sjósamgöngur við Reykjavík og rekstur skipsins hefur orðið betri en annarra skipa Skipaútgerðarinnar. Þótt Vestmanneyingar hafi allgóðar flugsam-

göngur, þá eru þó bornar fram hér á Alþ. núna margvíslegar tillögur um meiri og betri sjósamgöngur við Vestmannaeyjar og þetta er vissulega eðlileg þróun. En þess vegna þarf engan að undra ósk Vestfirðinga um reglulegar og öruggar strandferðir og við þurfum ekki annað en hlusta á útvarpið síðustu daga. Það hefur gengið óveður yfir Vestfirði og við heyrum daglega í fréttum, að vegna snjóa séu fjallvegir tepptir. Þetta þýðir, að fólkið í sjávarþorpunum er lokað inni og hver og einn hlýtur að gera sér grein fyrir, hvað hér er mikið vandamál á ferðinni.

Eitt af þeim málum, sem fléttast inn í þetta, er læknisskorturinn á Vestfjörðum. Það má segja, að hreint öngþveiti ríki í heilbrigðismálum í mörgum sjávarþorpum, því að ekki er hægt að komast til næsta læknis vegna samgönguleysis. Engar öruggar strandferðir eru heldur, og það hljóta því allir að sjá, að hér er mikil alvara á ferðum og það skyldi einnig haft í huga, að það er einmitt þetta fólk, sem vinnur hörðum höndum að því að skapa gifurleg verðmæti í hið íslenzka þjóðarbú með erfiðri sjósókn og vinnslu sjávaraflans. Það hlýtur því að vera skylda Alþ. og ríkisstj. að leysa þetta vandamál fólksins, því að það er hagur allrar þjóðarinnar, að þetta fólk þurfi ekki að hrökklast frá sínum heimabyggðum vegna öryggisleysis og skorts á öruggum sjóferðum yfir vetrarmánuðina. Það er því alveg ljóst, að ef málið á að fá viðunandi lausn, verður að byggja nýtt strandferðaskip til að annast fólks- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna innbyrðis og við aðra landshluta, og í þessu frv. er lagt til, að svo verði gert, og ég leyfi mér að óska þess, að hv. alþm. íhugi þetta vandamál Vestfirðinga mjög vel.

Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri og ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. flm., að hér sé þarft mál á ferðinni, þar sem um er að ræða byggingu og rekstur Vestfjarðaskips. Ég tel þó ástæðu til að vekja athygli á því, að þetta frv. er engan veginn nýtt hér í þingsölunum, því að á þingi 1962, aftur 1963 og í þriðja sinn 1964 flutti ég þetta frv., ekki frv. eins og þetta, heldur þetta frv., og ég hlýt að játa á mig, að ég er höfundur þessa frv. frá orði til orðs, eins og það er flutt nú á þinginu 1970, að því einu breyttu, að í staðinn fyrir töluna 20 millj. er núna sett talan 60 millj. En að öðru leyti frá orði til orðs með lestrarmerkjum og öllu saman er frv. eins og ég flutti það 1962 og árin þar á eftir ásamt meðflm. frá Framsfl., því að þá höfðu verið gerðar samþykktir um það í samtökum á Vestfjörðum, að gera bæri átak í sjósamgöngunum við Vestfirði. Og þess hafði verið farið á leit við mig sem Vestfjarðaþm. þá og aðra þm. Vestf. að flytja þetta mál, sem ég gerði með því að semja frv. og leitaði síðan til meðflutnings meðþm. minna í kjördæminu. Þá vildi svo til, að sjálfstæðismennirnir sögðust ekki óska eftir því að verða meðflm. að frv., því að þeir hefðu hugsað sér að flytja þáltill. á því þingi um þetta mál og þjóna þannig samþykktum heiman úr kjördæmi, og þeir yrðu því ekki með. Báðir Vestfjarðaþm. Framsóknar voru þá í Ed., Hermann Jónasson og Sigurvin Einarsson, og gátu af þeim sökum ekki orðið meðflm. að minu frv. En þannig réðst það þá, að flokksmaður þeirra hér í d., Jón Skaftason, yrði meðflm. minn að frv. og ber þetta frv., sem ég er hér með í höndum, það með sér, að það var þá flutt af mér og Jóni Skaftasyni, sem menn kynnu kannske ekki skýringu á nema vita um þetta, að Hermann Jónasson og Sigurvin Einarsson voru þá báðir í Ed. Það var því haft allt það samflot, sem hugsazt gat um að flytja á eins breiðum grundvelli og unnt var þetta frv.

Svo var það einu sinni á okkar vegferð, okkar hv. 8. landsk., Steingríms Pálssonar, meðan við vorum flokksbræður, að hann flutti fá mál, en ég nokkuð mörg á þinginu, og þá fól ég honum að flytja þetta frv., en tel mig ekki hafa afhent honum höfundarréttinn að frv. þrátt fyrir það. Við mig var nú, áður en frv. var flutt, ekkert talað og þess ekki getið í framsögu heldur, hvernig frv. væri til komið og þykir mér það heldur miður. En að sjálfsögðu breytir það engu um afstöðu mína til frv. Ég tel þetta gott frv. og gott mál og það er í fullu gildi enn þá fyrir Vestfjarðakjördæmi, því að það er rétt, sem hann sagði, að ekkert hefði verið gert til þess að bæta sjósamgöngurnar við Vestfirði á öllum þessum tíma, sem síðan er liðinn, og þörfin því fullkomlega fyrir hendi enn þann dag í dag, enda hafði ég á þeirri málaskrá, sem ég hafði gert mér í byrjun þings um flutning mála, þar hafði ég ofarlega á blaði frv. um rekstur og byggingu Vestfjarðaskips. En út á eitt kemur, mér gefst þá tækifæri til að leggja málinu það lið, sem ég kann og get og það mun ég sannarlega gera, því að engu breytir, þó að ég telji mig eiga höfundarréttinn að frv., auðvitað fylgi ég því og veiti því allan stuðning. Samt hygg ég nú, að ef leitað væri til t. d. samtakanna STEFs, þá mundi það nú verða talið, að þm. ættu, meðan þeir sitja á þingi, höfundarrétt að sínum þingfrv., a. m. k. ef ekki er vikið frá efni þeirra að meginhluta, hvað þá heldur þegar þau eru orðrétt eins og höfundar hafa frá þeim gengið, eins og í þessu tilfelli.

Ég vil undirstrika það, að hugtakið Vestfjarðaáætlun hefur í framkvæmd orðið allt of einhæft. Það hefur ekki annað verið gert í því máli en taka erlent lán og nú fer að koma að skuldadögum um það lán. Og þessu láni hefur verið varið án allt of mikils samráðs við fólkið á Vestfjörðum eða pólitíska flokka utan stjórnarliðsins, hefur verið varið í þrjá hluti, þ. e. a. s. til að byggja upp aðalveg frá Patreksfjarðarflugvelli til Ísafjarðarflugvallar, að verja nokkru fé til tveggja flugvalla, Ísafjarðarflugvallar og Patreksfjarðarflugvallar, og nokkru fé til nokkurra hafna á Vestfjörðum. En að nokkuð hafi verið hugsað til annarra þátta þess ramma, sem væntanlegri Vestfjarðaáætlun var upphaflega sniðinn, sem sé fyrst og fremst til samgöngubóta á sjó, til þess hefur engu verið varið né til félagsmála eða menningarmála á nokkurn hátt. Það er aðeins þessi eini þáttur, sem til framkvæmda hefur komið, þ. e. varðandi vegi, hafnir og flugvelli, þ. e. a. s. þann þátt samgöngumálanna, en ekki samgöngur á sjó, sem norsku sérfræðingarnir á sínum tíma töldu þó vera eiginlega gildasta þáttinn og þann, sem

mest lægi á í þjónustu fólksins á Vestfjörðum, og það er mín sannfæring enn, að svo hefði verið, að það hefði fyrst og fremst varanlegast árið um kring haft grundvallarþýðingu fyrir atvinnulífið á Vestfjörðum og Vestfirðinga í heild, að þeim þætti samgöngumála hefðu verið gerð myndarleg skil.

Ég skal láta hér staðar numið, ég skal ekki teygja lopann um þetta. Ég vildi aðeins gera það ljóst, sem ég tel ekki góð vinnubrögð hér á Alþ., að taka frv. annarra þm., sem hér eiga sæti, og flytja þau óbreytt án þess að geta heimilda. Ég tel það svona á mörkum þess heiðarlega og tel þá, að viðkomandi höfundum sé a. m. k. frjálst að gera mönnum ljóst, að þeir eru höfundar viðkomandi þingmáls, þó að aðrir hafi gripið þau á lofti í sinni málefnafátækt.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Það var engan veginn hugmynd mín að taka höfundarréttinn af Hannibal Valdimarssyni í sambandi við þetta frv. En ég vil benda honum á, að ég hafði haldið, að þm. ættu ekki neinn einkarétt á því að koma hér með frv. til l. og hann er ekki í dag þm. Vestf.

Nýlega var haldið Alþýðusambandsþing Vestfjarða á Ísafirði og eftirfarandi samþykkt gerð þar, með leyfi hæstv. forseta:

„20. þing Alþýðusambands Vestfjarða, haldið 24. og 25. sept. 1970, leggur þunga áherzlu á margítrekaðar kröfur þess um bættar samgöngur á sjó, bæði milli fjarða innan fjórðungsins og við aðra landshluta. Þó svo að þjónusta Djúpbátsins hafi verið aukin, vegur það ekki á móti þeirri hnignun, sem orðið hefur á þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, en við hana hafa skapazt stórauknir erfiðleikar hvað aðdrætti yfir vetrarmánuðina snertir. Skorar því þingið á þm. kjördæmisins að endurflytja sérstakt frv. um Vestfjarðaskip."

Og ég tel mig hafa gert það. Það má vel segja, að ég hafi kannske farið einförum, en þó bað ég einn þm. Vestf. að vera meðflm., en hann vildi ekki gera það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég þarf engu að bæta við það, sem ég áðan sagði. En ég læt í ljós undrun mína yfir því, að þegar hv. þm. hafði farið bónleiður til búðar hjá einum Vestfjarðaþm., þá skyldi hann ekki láta sér detta í hug að leita til höfundar frv., sem er búsettur í Vestfjarðakjördæmi, þó að hann þessa stundina hafi ekki umboð fyrir Vestfirðinga, það finnst mér ákaflega lítið hugmyndaflug hjá hv. þm., að láta sér þá ekki detta í hug að óska eftir meðflutningi höfundarins að frv. Og læt ég þar við sitja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 75. og 87. fundi í Nd., 29. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 671 og 681).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Orkulög (frv. JJ o. fl.).

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967 [132. mál] (þmfrv., A. 162).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 162 um breyt. á orkulögum, sem ég ásamt meðflm. mínum hef leyft mér að flytja, er flutt með það fyrir augum að koma í veg fyrir stórfelldar deilur á milli orkuaðila og þeirra, sem hafa annarra hagsmuna að gæta og vilja verja margs konar önnur náttúrugæði í landinu. Þessi náttúrugæði, sem ég hef nefnt svo, geta verið af mörgu tagi. Það geta verið hrein náttúruverndarverðmæti eða verðmæti, sem metin eru frá hreinu náttúruverndarsjónarmiði. Það getur verið um náttúrufegurð að ræða, það geta verið margs konar svonefnd útilífsverðmæti eða ferðamálaverðmæti, það geta verið veiðiverðmæti og þarna kemur einnig til greina fjölmargt annað, sem varðar breytingar á náttúru, sem orðið geta við virkjanir. Sem dæmi um þetta má nefna afleiðingar stórfelldra vatnaflutninga, ef vötnum er veitt á milli landshluta eins og fyrirhugað hefur verið, þá getur það komið fram í ýmsum myndum. Það getur komið fram sem þurrkun landssvæða, lækkun grunnvatnsstöðu, þannig að vatn hverfi. Það getur komið fram í flóum landsins, þar sem jökulár falla til sjávar og bera með sér frjó efni og ef þær hverfa, getur það haft áhrif á fiskalíf í þeim flóum. Það getur haft áhrif þannig, að ef grunnvatn hverfur, þá hverfi jarðhiti. Þetta eru nokkur dæmi um þau margvíslegu verðmæti, sem við höfum í frv. nefnt einu nafni náttúrugæði.

Öllum eru kunnugir þeir miklu árekstrar, sem hafa orðið á milli virkjunaraðilanna og þeirra, sem vilja varðveita þessi gæði, annaðhvort beint í eiginhagsmunaskyni, vegna þess að þeir eru eigendur þessara gæða, eða af hugsjónaástæðum. Þessu takmarki að reyna að koma í veg fyrir þessa árekstra hyggjumst við má með því að skipa ráðgjafarnefnd, sem við höfum nefnt náttúrugæðanefnd. Þessi nefnd á að vera eftir frv., eins og kemur fram af 1. gr., skipuð fulltrúum þeirra, sem þarna eiga fyrst og fremst hagsmuna að gæta, eða þeim aðilum, sem helzt eru taldir færir um að varðveita hagsmuni þessara manna, og á þar við báða aðilana, þ. e. a. s. orkuaðilann, sem hefur hagsmuni af því að beizla orkuna og nýta hana, og svo hina, sem varðveita vilja hin önnur gæði, sem við höfum nefnt. Það er tillaga um það, að þessi nefnd sé skipuð orkumálastjóra eða fulltrúa hans, sem fer með yfirstjórn rannsókna á orkumálum og er þess vegna kunnugur því, hvaða verðmæti eru á ferðinni frá þeirri hlið. Hún á að vera í öðru lagi skipuð fulltrúa landssambands ísl. rafveitna. Það er orkuframleiðandinn og orkuseljandinn og er augljóst, hverra hagsmuna þeir hafa að gæta. Þá á hún að vera skipuð fulltrúa frá Rannsóknaráði ríkisins, en það ráð á að hafa yfirlit yfir rannsóknir á öllum landsgæðum og landsverðmætum, hverju nafni sem þau nefnast.

Þá á hún að vera skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, en það er faglegur málsvari bændastéttarinnar og er þess vegna eðlilegast, að það standi í málsvari fyrir þá, sem eru að langmestu leyti eigendur landsins og þeirra gæða, sem þarna verður oftast um að tefla. Þá á hún að vera skipuð fulltrúa veiðimálanefndar, sem á að vera forsvari fyrir þeim gæðum og þeim verðmætum, sem eru fólgin í veiði í vötnum, en það fer auðvitað oft saman, að á rekast veiðihagsmunir og virkjanir, vegna þess að hér virkjum við fyrst og fremst vatnsföll. Um hlutverk nefndarinnar segir svo í 1. gr., með leyfi forseta:

„Ráðh. skipar náttúrugæðanefnd Orkustofnunarinnar, orkumálastjóra til ráðuneytis í þeim efnum, er varða náttúruvernd og varðveizlu annarra náttúrugæða, svo og til að leita sátta, þegar greinir á milli ólíkra sjónarmiða um nýtingu náttúruverðmæta.“ Og enn fremur: „Náttúrugæðanefnd skal fylgjast með rannsóknum Orkustofnunarinnar og gæta þess, að við forrannsóknir og undirbúning virkjana sé tekið tillit til hvers konar náttúrugæða, sem kunna að vera í hættu, og að náttúruverndarsjónarmið séu metin hverju sinni.“

Annar tilgangur með þessu kemur fram í 2. gr. frv., en hann er sá að auðvelda málsmeðferð, þar sem upp koma deilumál, eftir að virkjanir hafa verið gerðar og þeir, sem hagsmuna hafa að gæta, telja sig hafa orðið fyrir skaða og það er æði oft. Það sýnir sagan. Ég hygg, að fáar stærri virkjanir hafi svo verið gerðar hér á landi, að ekki hafi komið einhver eftirmál og nægir þar að minna á Sogsmál. Það má benda á það, að veiðieigendur í Þjórsá t. d. telja sig nú eiga hönk upp í bakið á viðkomandi aðila, Landsvirkjun, og svo mætti lengi telja. Þessi mál eru oft og tíðum erfið að reka fyrir þá aðila, sem telja sig verða fyrir skaða, og það er ekki nema eðlilegt, að reynt sé að koma þeim í þann farveg, að það verði metið hverju sinni, hver hugsanlegur skaði sé og hvernig hann verði bættur og hvernig sé helzt að koma í veg fyrir slíkan skaða. Og því segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Nú telja landeigendur eða aðrir eigendur náttúrugæða sig hafa orðið fyrir skaða eða eiga á hættu að skaðast af völdum virkjana eða annarra orkumannvirkja, vegna framkvæmda eða rekstrar þeirra, og er þeim þá heimilt að vísa málinu til náttúrugæðanefndar. Séu þrír nefndarmenn því samþykkir, lætur nefndin rannsaka málið, þeim að kostnaðarlausu, er ber fram kvörtunina. Að lokinni slíkri rannsókn gerir nefndin tillögur um úrbætur og/eða fébætur. Vilji aðilar ekki una því mati, geta þeir leitað réttar síns eftir venjulegum leiðum.“

Þarna er sem sagt verið að gefa það í skyn, að það sé hægt að fara styttri leið heldur en málssókn hverju sinni og með þessu yrði sett þarna föst matsnefnd, sem smám saman mundi öðlast þekkingu og reynslu af slíkum málum og eiga hægara með að gera eðlilegar tillögur til sátta og til bóta. En tjón, sem landeigendur og eigendur veiðiréttar og ýmissa annarra gæða telja sig verða fyrir, það getur auðvitað verið mjög mikið matsatriði og erfitt að sýna fram á það og raunverulega að kanna það. En það er ekki óeðlilegt, að aðilinn, sem stendur að því, að þetta tjón verði, þó að hann sé jafnframt — og það ber auðvitað að virða — að skapa önnur verðmæti, að hann leggi í nokkurn kostnað til þess að meta þetta og einnig til þess að bæta úr því. Megintilgangur þessa frv. er þó fyrst og fremst sá að skapa hér menningarlegri vinnubrögð í þessum málum og koma þeim í þann farveg, að það sé minni hætta á slíkum alvarlegum árekstrum, sem við þekkjum nú og hér hefur verið vísað til. Það eru tvö slík alvarleg deilumál á ferðinni nú, annars vegar deilumálið um Þjórsárver og hins vegar deilumálin um Gljúfurversvirkjun. Inn á þau deilumál ætla ég alls ekki að fara hér. Þau eru aðeins þau víti, sem ég vona, að verði til varnaðar. Ég vona, að menn geri sér það ljóst, hversu alvarleg þau eru og þess vegna leiði menn hugann meira að því, hve brýnt það er að koma á slíku skipulagi, að það sé hægt að koma í veg fyrir þetta. Og ég hygg, að það sé ekki hægt að mæla því í mót, að ástæðan fyrir þessum árekstrum er sú, að við undirbúning þessara framkvæmda hafa verið of einhliða sjónarmið viðhöfð. Virkjunaraðilunum er falið þetta með lögum og þeir eiga lögum samkvæmt að finna það út, á hvern hátt hægt er að afla sem ódýrastrar orku og það er því eðlilegt, að þeirra sjónarmið sé orkusjónarmiðið. Þeir reyna að finna þær leiðir, sem eru ódýrastar og hagkvæmastar að þeirra mati, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að þeir séu jafnopnir fyrir öðrum sjónarmiðum og því vill þetta gleymast og því hefur farið sem ég hef hér bent á, að það hefur verið of einhliða orkusjónarmið, sem hefur ráðið við undirbúningsrannsóknir og undirbúning allan að þessum stórframkvæmdum.

Ég get aðeins nefnt sem dæmi hér, að á s. l. ári sendir Orkustofnunin frá sér skýrslu, sem var fskj. með fjárveitingabeiðni til fjárveitingavaldsins til forrannsókna á orku Íslands á árunum 1970—1974. Það er beðið um 257 millj. til þessara rannsókna og gefin nákvæm skýring á því, hvernig fénu skuli varið og er sjálfsagt ágætlega unnin skýrsla, en ef maður flettir þessari skýrslu og les hana í gegn, þá er það sláandi, að þess er hvergi nokkurs staðar getið, að það þurfi að eyða einum einasta eyri til rannsókna á öðrum hlutum, sem þarna eru tengdir, rannsókna á því, hvaða önnur náttúrugæði kunna að spillast við nýtingu orkunnar. Það er svo önnur saga, að í þessari skýrslu koma einmitt fram hugmyndir um þá stórfelldu vatnaflutninga — ekki á milli héraða eingöngu, heldur á milli landshluta, þannig að öllum meginvatnahverfum landsins yrði umbylt og umhvolft — og ég hygg, að það muni ekki ofmælt, að það viti enginn, hvaða afleiðingar það kynni að hafa fyrir landið. En á hitt hefur víða verið bent, að slíkar stórfelldar aðgerðir hafa valdið alveg ófyrirsjáanlegum afleiðingum, ég undirstrika ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Í þessari skýrslu um forrannsóknir er tekið fram, hvað er átt við með forrannsóknum og ég leyfi mér að vitna til þess, með leyfi forseta:

„Forrannsóknir eru þetta: 1. Hvort virkjun sé tæknilega framkvæmanleg.

2. Hvort virkjun sé fjárhagslega gerleg, þ. e. hvort orkukostnaður frá henni sé innan þeirra marka, að virkjun komi fjárhagslega til greina.

3. Hver orkukostnaður verði. Forrannsóknir

nægja hins vegar ekki til að ákveða tilhögun og gerð virkjunar í einstökum atriðum. Það verða fullnaðarrannsóknir að greina."

Ég vil biðja menn að taka eftir þessu. Þarna er þetta skilgreint, hvað þurfi að rannsaka. Það veit að tækninni í sambandi við nýtingu orkunnar og það veit að hagkvæmninni í sambandi við beitingu þeirrar tækni, en það veit ekkert að því að rannsaka, hverjar hliðarafleiðingar kunna þarna að vera á ferðinni. Og staðreynd er það, að Orkustofnunin hefur ekki í þjónustu sinni neinn þann mannafla, sem getur framkvæmt slíkar rannsóknir. Það er enginn líffræðingur starfandi eða neinn náttúrufræðingur aðrir en jarðfræðingar, sem ekki eru sérlega hæfir til að rannsaka það, sem viðkemur dýralífi eða plöntulífi En þar er það auðvitað, sem hættan er á ferðum.

Það mætti rekja fleiri dæmi. Ég hef nefnt það, að það er alvarlegt deilumál á ferðinni, þar sem er deilan um Laxárvirkjun. Sú deila hefur nokkuð lengi verið á ferðinni, þó að ekki hafi upp úr soðið fyrr en tiltölulega nýlega. Í kringum 1964 voru farnar að berast af því sögur, að þarna væru stórfelldar virkjanahugmyndir á ferðinni og þá fóru jafnframt að berast mótmæli úr héraði suður til Orkumálastofnunar og orkuaðilans. Orkuaðilinn hefur sjálfsagt haft vilja á því að taka þetta til athugunar og Orkustofnunin skipar nefnd manna 1964, að ég hygg, og í þá nefnd veljast því miður eingöngu einhliða aðilar, þ. e. a. s. það var aðilinn, sem stóð fyrir rannsóknum eða annaðist rannsóknir virkjunarinnar fyrir Orkustofnunina, og tveir starfsmenn Orkustofnunarinnar, sem hvorugur var sérstaklega menntaður til rannsókna á líffræði. Árangurinn varð eftir því. Þar var ekki komið auga á þau líffræðilegu verðmæti, þau búfræðilegu verðmæti, þau náttúruverndarverðmæti, veiðiverðmæti eða ferðamálaverðmæti, sem voru þarna í húfi, og deilan er svo risin raunverulega um þetta og er ákaflega margþætt.

En ég vil undirstrika hér, að meiningin með þessu frv. er ekki nein árás á orkuaðilann, síður en svo. Hún er aðeins sú, að við reynum að taka þessi mál þeim tökum, að við forðumst árekstra. Þeir eru dýrir, það er búið að eyða í þetta stórfelldum verðmætum að rannsaka og undirbúa virkjanir, sem ákaflega hæpið er að verði framkvæmdar eða komi að notum. Þetta er auðvitað öllum til ills og öllum til tjóns. Það er líka stórfellt tjón, sem þeir aðilar hafa orðið fyrir, sem hafa orðið að standa í baráttu við þetta, og það eru ekki menningarlegar aðferðir að þurfa að standa í slíkri baráttu. Auðvitað á það við jafnt um báða aðila. Og ég vil undirstrika það, að með þessu og þó að hér séu auðvitað ráðandi náttúruverndarsjónarmið, þá er ekki verið að vega að því, að orka landsins sé nýtt. Hugmyndin er ekki að koma í veg fyrir nýtingu auðlinda landsins og það er alls ekki verið að leggja neinn stein í þá götu, síður en svo, heldur er verið að reyna að koma í veg fyrir ranga nýtingu á auðlindum landsins. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir það, að það verði hér alvarleg slys, eins og við vitum að hafa orðið í nágrannalöndum okkar, og alvarlegar deilur, og það er meiningin, að með beztu manna yfirsýn, með því að athuga þetta í slíkri nefnd verði komið í veg fyrir deilurnar. Það er ekki hægt að hugsa sér það, að stofnun, sem hefur slíka stórfellda, á okkar mælikvarða, fjármuni til ráðstöfunar og til rannsókna, hún beiti því fjármagni til einhliða rannsókna. Það verður að taka allt með í reikninginn.

Ég vil svo aðeins bæta við eins og að gefnu tilefni í sambandi við náttúruvernd. Náttúruvernd er ekki lengur í hugum manna það að vernda einstök fyrirbæri, hóla, steina, plöntur eða jafnvel einstakar dýrategundir, þó að það sé allt saman náttúruvernd. En hún er bara miklu meira. Hún er það að reyna að vinna að því, að maðurinn lifi í takt við náttúrulögmálin, en ekki á móti þeim, því að það kemur niður á honum sjálfum fyrr eða seinna, og að hann umgangist náttúruna með virðingu og varfærni. En fyrst og fremst er náttúruvernd það að stefna að skynsamlegri meðferð og nýtingu á náttúrugæðum og það frá alhliða sjónarmiði, alhliða sjónarmiði á nýtingu náttúrugæða og þá fyrst og fremst með framtíðarvelferð fólksins í huga. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því, að þó að við getum haft meiri not af landinu í dag, þá kemur það niður á okkur á morgun, ef við brjótum í bág við náttúrulögmálið. Og meðferðin á landinu á að miðast við það, að bæði í nútíð og framtíð verði velferð fólksins sem mest.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Almannatryggingar (frv. HV).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar [137. mál] (þmfrv., A. 169).

Á 23. og 24. fundi í Nd., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum um almannatryggingar. Það hefur, allt frá því að almannatryggingarnar hófu starfsemi sína hér á landi, verið ákveðið, að menn öðluðust rétt til ellilífeyris við 67 ára aldursmarkið. Á þessu hafa engar breytingar verið gerðar síðan og ég minnist ekki, að nokkrar tillögur hafi komið fram í þá átt. En þó er það náttúrlega þannig, að það er engan veginn sjálfgefið, að þetta sé eina sjálfsagða aldursmarkið, sem þarna eigi við. Menn

gætu alveg eins hugsað sér, að menn öðluðust ellilífeyrisrétt við 65 ára aldurinn eða almennt við 60 ára aldurinn, ef menn teldu, að þjóðfélagið risi undir svo fullkomnum tryggingum gagnvart svo öldruðu fólki. Ég hef ekki með þessu frv. lagt til að færa almenna aldursmarkið niður úr 67 árum, t. d. niður í 65 ár, sem hefði þó staðið huga mínum nær, ég hefði talið það mjög æskilegt boð að geta gert það. En ég býst við, að það hefði þurft kannske nokkurrar efnahagslegrar könnunar við, hvort við teldumst geta risið undir slíkri almennri breytingu. Hins vegar ber ég fram í þessu frv. tvær breytingar við almannatryggingarnar varðandi ellilífeyrinn og þær eru í þessu fólgnar, að þeir menn, sem hafa gert sjómennsku að ævistarfi sínu og hafa stundað sjómennsku lengur en í 35 ár, þeir öðlist ellilífeyrisrétt sem eins konar viðurkenningu frá þjóðfélaginu, þegar þeir verða 60 ára. Til þess að ná þessu aldursmarki þurfa þeir í raun og veru að hafa byrjað sjómennsku um 20 ára aldurinn og eru það vissulega nokkuð margir, sem það hafa gert, en hafi þeir verið samfellt við sjómennsku 35 ára tímabil, þá er það svo um allan þorra þeirra, — það er reynsla okkar, því miður, — að þetta eru meira og minna útslitnir menn um 50—55 ára aldur. Og þá þarf þjóðfélagið að koma til móts við þá með einhverjum hætti, þessa menn, sem staðið hafa í framleiðslustarfi fyrir þjóðina við hættusöm störf og erfið fjarri heimilum sínum hálfan fjórða áratug. Ég sé ekki, að það verði betur eða eðlilegar gert með öðru en að veita þeim nokkru fyrr rétt til ellilífeyris heldur en öðru fólki.

Ég hef grennslazt eftir því hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur, hvort þarna muni vera um mjög mikinn fjölda að ræða. Þó að Sjómannafélag Reykjavíkur hafi ekki heildaryfirsýn yfir þetta fyrir landið allt, þá hefur það þó yfirsýn yfir svo mikinn hluta af sjómannastéttinni, að ég legg nokkuð upp úr því, sem framámenn Sjómannafélags Reykjavíkur segja um þetta. Þeir segja, að þetta sé ekki mjög há tala, en hitt sé rétt, að það séu til menn, sem hafi verið samfellt við sjómennsku í yfir 50 ár, upp undir 60 ár, en það séu hinar einstöku undantekningar, þrekskrokkar, sem aldrei geta bilað, og séu örfáir. En hins vegar sé það nokkur fjöldi, sem komi undir þessi mörk, 35—40 ár á sjónum, en ekki mjög há tala.

Ég veit ekki, hvað hv. þm. sýnist um þetta, en mér fannst ekki önnur leið líklegri til þess, að þjóðfélagið bætti þeirra hag en einmitt sú að koma þannig til móts við þá varðandi réttinn til ellilífeyris. Ég veit sannast að segja ekki nein ömurlegri tilfelli um fólk á vinnumarkaðinum heldur en þegar sjómaður, sem alla ævina hefur stundað sjómennsku, t. d. verið lengstum á togurum, þegar hann horfist í augu við það að eiga að fara að afla sér vinnu á landi. Ég hef talað við slíka menn og þeir hafa litið til þessarar stundar, þegar þeir eiga að ganga í síðasta sinn í land af skipinu sínu, þeir hafa horft til þeirrar stundar með kvíða. Þeir hafa sagt sem svo: Við erum og verðum þá eins og fiskar á þurru landi. Og það er ekki öfundsvert hlutskipti.

Þetta er kannske meginatriði frv., að veita þeim mönnum, sem verið hafa 35 ár á sjónum eða lengur fullan lífeyrisrétt, þegar þeir verði 60 ára. En svo segir enn fremur í frv., að þeim, sem verið hafi á sjónum í 40 ár, verði ekki boðið upp á það að draga fram lífið á einföldum ellilífeyri, heldur verði þeim heimilaðar tvöfaldur ellilífeyrir. Það mætti segjast vera eins konar heiðurslaun, og held ég þó, að við gætum ekki sagt, að það hafi verið neitt ofgert við þá, miðað við þau ævistarf, sem þeir hafa skilað.

Þá er þriðja atriðið. Þetta tel ég nú vera eina breytingu hvort tveggja, þetta varðandi sjómennina, en svo er annað atriði í þessu, það er önnur undantekningin frá 67 ára markinu, orðuð á þann veg, að fullan ellilífeyri beri einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára. Ég tel, að ekkjur eigi svo fárra kosta völ, þegar þær eru komnar á þetta aldursstig, varðandi atvinnumöguleika, að það sé ástæða til að láta undantekninguna, sem ég vil láta gilda um sjómennina, taka einnig með líkum hætti til þeirra. Það má segja, að það sé út frá allt annarri röksemdafærslu, máske í flestum tilfellum, en það er þó út frá því sjónarmiði, að þær eigi sannarlega í flestum tilfellum svo fárra kosta völ, að þarna sé ástæða til þess, að þjóðfélagið komi til móts við þær. Hafi þær t. d. innt af hendi sitt móður- og húsmóðurhlutverk innan dyra og verða svo ekkjur um þetta leyti, þá eru þær sannarlega vankunnandi að notfæra sér möguleika hins almenna vinnumarkaðar og illa við því búnar að fara út á hinn almenna vinnumarkað utan heimilisins og tel ég þeirra hlutskipti ekki vera eins gott og vera skyldi á árabilinu frá 60—67 ára aldursins. Ég held, að því verði ekki fram haldið með rökum, að þetta frv. leggi svo þungar byrðar á herðar þjóðfélagsins, að ekki megi undir því rísa, og hins vegar held ég, að því verði ekki á móti mælt með rökum, að það sé eðlilegt og æskilegt, að þetta fólk verði tekið út úr hópnum og látið öðlast rétt til ellilífeyris fyrr heldur en samkvæmt almennu reglunni.

Ég læt svo útrætt um málið, tel, að það skýri sig sjálft og allir hafi hlotið skilning á því, hvað hér er verið um að fjalla og af hvaða tilefni, og legg til, herra forseti, að málinu verði, þegar umr. lýkur, vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessu frv. Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta frv., sem ég tel í alla staði mjög sanngjarnt og eðlilegt. Í því sambandi vil ég aðeins upplýsa það, að ég hef séð það í norskum blöðum, að þar hafa orðið umr. í norska þinginu um það að lækka einmitt aldursmark vegna ellilífeyris til sjómanna. Norsk þingnefnd, fiskerikomité eða sjútvn. hefur lagt það til, að ellilífeyrisaldur norskra sjómanna verði miðaður við 60 ár. Ég hef líka séð það í norskum blöðum, að sjútvrh. Noregs, Monksnes, hefur talið viðmiðun við 62 ár vera eðlilega og sanngjarna. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram til upplýsingar fyrir n. þá, sem mál þetta fær til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

49. Þurrkví í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um þurrkví í Reykjavík [145. mál] (þmfrv., A. 177).

Á 24., 25. og 26. fundi í Nd., 26., 30. nóv. og 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni frv. til l. um þurrkví í Reykjavík. Í frv. er gert ráð fyrir því, að stofnað verði hlutafélag, sem hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að koma upp og starfrækja þurrkví í Reykjavík og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót. Ætlazt er til þess, að ríkið leiti fyrir sér um samvinnu við þessa félagsstofnun og er sérstaklega bent á Reykjavíkurborg í því sambandi og auk þess aðra aðila, sem áhuga kynnu að hafa. Félagi þessu er síðan ætlað að láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þurrkvíar og undirbúnings á því, að hefjast megi handa um stofnun hennar og rekstur. Skal að því stefnt, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn. En endanlegar tillögur um stofnun þurrkvíar verði lagðar fyrir Alþ. Einnig er í frv. ákvæði um fjáröflun handa þessu væntanlega félagi, svo að það geti staðið straum af þeim undirbúningi, sem þarna er rætt um. Fyrirkomulagið er, eins og menn sjá, sniðið eftir þeirri hugmynd, sem áður hefur legið fyrir þessu þingi um undirbúning að olíuhreinsunarstöð. Það er lagt til, að þarna verði sami háttur á hafður, stofnað sérstakt félag til þess að vinna að þessum undirbúningi.

Eins og menn vita, þá hafa hugmyndir um þurrkví lengi verið ræddar á Íslandi. Og einnig hér á þingi hefur aftur og aftur verið rætt um málið. Árið 1943 var samþ. á Alþ. að skipa nefnd til að athuga skilyrði til fullkominnar skipasmíðastöðvar á Íslandi. Nefndin komst m. a. að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að gera þurrkví, og í samráði við hafnarstjórann í Reykjavík var bent sérstaklega á Elliðavoginn, nokkuð fyrir innan Klepp, svipaðar slóðir og rætt er um nú. Þessar athuganir leiddu til þess, að samþ. var einróma hér á þingi að gera breytingar á hafarlögum Reykjavíkur, en þar var kveðið á um framlag ríkisins til þurrkvíar, auk ríkisábyrgðar. En þrátt fyrir þessa einróma afstöðu Alþ. þegar á þessum árum varð ekkert úr framkvæmdum. Samt héldu athuganir áfram á ýmsan hátt, einnig á vegum verkfræðinga. Þannig gerði verkfræðifyrirtækið Höjgård & Schultz áætlun um 6000 tonna þurrkví sunnan við Kleppshöfðann á árinu 1945. Hér á Alþ. var málið tekið upp að nýju árið 1950. Þá flutti Gísli Jónsson alþm. tillögu um þurrkví á Patreksfirði. Í meðförum Alþ. var tillögunni breytt þannig, að framkvæmd skyldi allsherjarathugun á byggingu þurrkvíar og staðarvali og var sú tillaga samþ. einróma. Síðan var framkvæmd mjög gaumgæfileg rannsókn á þessu máli öllu, og annaðist Almenna byggingarfélagið verkfræðilega hlið hennar. Niðurstaðan af þessari rannsókn var ákaflega jákvæð. Ég vil leyfa mér að vitna til þess, sem segir í nál. frá þessum árum, en þar er m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum vill n. leyfa sér að taka fram, að hún er einhuga um að leggja til, að hafinn verði nú þegar undirbúningur undir að hrinda þessu máli í framkvæmd. Mundi þetta verk ekki einasta skapa mjög mikla vinnu í landinu, á meðan á byggingu hennar stendur, er dreifa mætti e. t. v. yfir þá tíma árs, sem hennar væri mest þörf, heldur mundi þurrkviin skapa hér allt önnur og betri skilyrði til viðgerðar á skipastól landsmanna en nú er fyrir hendi, þar sem þá fyrst væru möguleikar fyrir því að nota við þau verk hagkvæmari aðferðir við alla flutninga á efni til og frá en nú er gert og á þann hátt gera viðgerðir ódýrari, fljótlegri og öruggari og skapa jafnframt möguleika fyrir stóraukinni vinnu í landinu í þeirri iðngrein í framtíðinni. Hún telur, að með þeim siglingum, sem nú eru hingað til landsins, sé tæpast forsvaranlegt að eiga engan möguleika til að taka stærri skip á land en nú er hægt að taka í Slippinn, og að úr því verði ekki bætt á neinn annan hátt betur en með byggingu þurrkvíar."

Þetta var sem sé ákaflega jákvæð niðurstaða, og þarna eru raunar taldar upp ýmsar helztu röksemdirnar fyrir því, að ráðizt verði í byggingu þurrkvíar á Íslandi.

Um staðarval var það niðurstaða af þessari athugun, að tveir staðir kæmu langhelzt til greina, Hafnarfjörður og Reykjavík. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu voru því teknar upp viðræður við ráðamenn í Hafnarfirði og Reykjavík á árinu 1954. Svörin urðu í stuttu máli þau, að ráðamenn í Hafnarfirði töldu sig ekki geta gefið nein bindandi svör um þátttöku Hafnarfjarðar eða rekstur á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Ráðamenn í Reykjavík töldu hins vegar nauðsynlegt að fá 90% af kostnaði við þurrkví sem ríkisframlag, án þess að ríkið ætti þó nokkurn hlut í fyrirtækinu. Svo var að sjá sem mönnum hafi þótt þessar undirtektir bæjarfélaganna vera það dauflegar, að það hafi orðið til þess, að frekari athuganir strönduðu þá um skeið. Menn töldu, að ekki hefði fundizt viðunandi lausn á því, hvernig ætti að sjá þessu fyrirtæki fyrir stofnkostnaði og eðlilegum rekstri. Málið var síðan enn tekið upp hér á Alþ. 1961 af þeim mikla áhugamanni, Gísla Jónssyni. Gerði hann þá tillögu um nýjar tekjur handa hafnarbótasjóði, 2% gjald af kostnaðarverði nýrra skipa, og skyldi helmingur þeirra tekna renna til þess að koma upp og reka þurrkví í Reykjavík. Ýmsar aths. voru þá gerðar við þessa

hugmynd Gísla og var hún að lokum afgreidd með rökstuddri dagskrá, þar sem m. a. var vísað til þess, að þurrkvíarmálið væri í athugun hjá ríkisstj., en um þá athugun heyrðist því miður ekkert meira.

Á þessum árum urðu einnig viðtækar umr. um þurrkví utan þingsins. Til að mynda hefur þessi framkvæmd verið mikið áhugamál verkalýðsfélaga í málm- og skipaiðnaði og einnig verið studd af ýmsum atvinnurekendum í þeim greinum. Oft hefur verið fjallað um málið í borgarstjórn Reykjavíkur og í hafnarnefnd. Síðast komst skriður á málið, þegar Alþb.-menn í borgarstjórn báru fram till. 1967 um athugun á þurrkví í tilefni af Sundahöfn, og var af því tilefni samþykkt svofelld ályktun:

„Með því að 1. áfangi Sundahafnar er í byggingu, telur borgarstjórn nauðsynlegt að kanna ýtarlega þörf fyrir dráttarbraut eða þurrkví í tengslum við hina nýju höfn. Felur borgarstjórnin því hafnarstjórn að framkvæma athugun þessa og kanna jafnframt, hverjar áætlanir eru uppi hjá þeim fyrirtækjum í borginni, sem annast skipaviðgerðir og líkleg væru til þess að hefja nýsmíði fiskiskipa, og athuga möguleika á samstarfi þeirra í þessu efni, eftir því sem henta þykir."

Í hafnarstjórn var síðan þremur mönnum falið að vinna sérstaklega að þessu máli, þeim Braga Hannessyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og Gunnari P. Guðmundssyni hafnarstjóra. Árangurinn af því starfi er m. a. rakinn í grg. Gunnars P. Guðmundssonar hafnarstjóra, sem birt er sem fskj. með frv. okkar, og þar má sjá, hvernig málin standa nú.

Sú saga, sem ég hef rakið hér, ber vott um æðimikinn seinagang og vafalaust væri hægt að láta þung orð falla um framtaksleysi. Þó skulum við ekki gleyma því, að allt fram undir þetta hafa aðstæður verið slíkar, að það hefur verið raunverulegt álitamál, hvort þurrkví gæti staðið undir rekstri sínum fjárhagslega, þótt almenn rök fyrir nauðsyn slíkrar stofnunar hafi verið augljós. Hins vegar hafa fjárhagslegar forsendur slíkrar framkvæmdar sífellt verið að batna, eftir því sem farskipastóll okkar hefur aukizt. Í þessu sambandi má minna á það, að þegar fjárhagslegar forsendur voru kannaðar 1955, voru íslenzk flutningaskip 24 talsins, þar af 7 stærri en 2000 brúttólestir og 8 undir 1000 brúttólestum. Nú eru hliðstæð skip hins vegar 40 talsins, þar af 13 stærri en 2000 brúttólestir og 17 minni en 1000. Hliðstæð aukning mun að sjálfsögðu halda áfram á ókomnum árum, ef hér verður eðlileg þróun í atvinnumálum. Auk þess er mikið um ferðir erlendra skipa hingað til lands og á hafsvæðunum umhverfis landið og oft er um það spurt frá erlendum aðilum, hvort viðgerðaraðstaða sé hér á landi. Er því fullkomlega eðlilegt að reikna með nokkrum tekjum af þjónustu við erlend skip.

Í áætlun Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra er sú niðurstaða um rekstur væntanlegrar þurrkvíar, að rekstrartekjur af þjónustu við íslenzk skip ein saman geri ekki mikið umfram að standa undir kostnaði, eins og komizt er að orði. Sé hins vegar bætt við þá áætlun viðgerðum í þágu erlendra skipa, virðist ljóst, að rekstrarafkoma þurrkvíar geti nú þegar verið eðlileg og sæmilega traust og muni fara batnandi á ókomnum árum. En reikningsleg afkoma þurrkvíar segir ekki söguna alla. Óbein áhrif af starfsemi slíks fyrirtækis yrðu mjög mikil. Um þessar mundir er árlegur gjaldeyriskostnaður vegna skipaviðgerða okkar erlendis t. d. um 120 millj. kr., en með tilkomu þurrkvíar mundi verulegur hluti þeirrar upphæðar sparast og atvinna flytjast inn í landið. Þurrkví mundi treysta mjög málm- og skipasmíði innanlands, en þar er um að ræða einhverja mikilvægustu iðngrein Íslendinga, iðngrein, sem er í mjög nánum tengslum við eðlilega atvinnuvegi okkar, fiskveiðar og siglingar. Og einnig ber að minnast þess aukna öryggis í siglingum til landsins, sem þessi framkvæmd hefði í för með sér. Í grg. hafnarstjóra er talið eðlilegt, að 1. áfangi þurrkvíar verði miðaður við 5000—6000 tonna stærð og jafnframt verði gert ráð fyrir stækkun upp í 10—12 þús. tonn. Miðað við núverandi verðlag er áætlað, að 1. áfangi þurrkvíar kosti um 120 millj. kr. En auk þess þarf fjölþætta aðra starfsemi í tengslum við þurrkví. Skiptir þar mestu, að í sambandi við þurrkví þarf að skapa góða aðstöðu fyrir nýsmíði stálskipa til þess að nýta á sem haganlegastan hátt vinnuafl og vélakost. Virðist eðlilegt, að í því sambandi verði athuguð sérstaklega framtíð Landssmiðjunnar, sem verið hefur olnbogabarn hæstv. ríkisstj. árum saman, en gæti fengið mjög mikilvæg verkefni í tengslum við þurrkví. Til þess að hrinda þessum framkvæmdum af stað þarf þannig allmikið fjármagn, þótt okkur sé það á engan hátt ofviða, þegar þjóðartekjur okkar eru komnar yfir 400 milljarða kr. á ári.

Ég hef áður greint frá hugmyndum Gísla Jónssonar um gjald af kostnaðarverði nýrra skipa. Í grg. Gunnars B. Guðmundssonar er rætt um aðra hugmynd, að lagt verði gjald á þau skip stærri en 100 brúttólestir, sem leita hafnar á Íslandi, t. d. 10 kr. á brúttólest, innheimt einu sinni á ári. Slíkt gjald af innlendum og erlendum skipum mundi nema rúmum 9 millj. kr. á ári eins og sakir standa og ætti í upphafi að renna til þess að greiða stofnkostnað þurrkvíar. Vel má vera, að menn sjái annmarka á þessari hugmynd ekki síður en tillögu Gísla Jónssonar. En ég vil leggja áherzlu á, að menn láti ekki slík ágreiningsefni tefja fyrir framkvæmdum. Hvaða fjáröflunarleiðir sem farnar verða að forminu til, mun raunin verða sú að lokum, að upphæðirnar verða teknar úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Hér er um að ræða mjög mikið nauðsynjamál, sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Þeir fjármunir, sem fram verða lagðir, munu skila sér aftur margfaldlega. Þar skiptir mestu máli, að þurrkvíin verði í félagslegri eign og hafi jafnt Reykjavíkurborg sem ríkissjóð að bakhjarli beint og óbeint, auk þess sem einkaaðilar verði kvaddir til sem beztrar samvinnu.

Ég minntist á það í upphafi máls míns, að athugun á þessu máli hefði tekið langan tíma og stundum gengið seint. Ein af ástæðunum fyrir því er að sjálfsögðu sú, að verkefnið er svo stórt, að þeir aðilar, sem um málið hafa fjallað, hafa ekki haft raunverulegt bolmagn til þess að ráða við það. Tillaga okkar hv. þm. Eðvarðs Sigurðs-

sonar er tilraun til þess að rífa málið upp úr þeirri sjálfheldu og tryggja þá vinnu og það fjármagn, sem til þess þarf, að hægt verði að hefjast handa sem fyrst. Eins og ég sagði áðan, leggjum við til, að hafður verði á hliðstæður háttur og rætt er um í sambandi við byggingu hugsanlegrar olíuhreinsunarstöðvar, að stofnað verði sérstakt félag til að ljúka undirbúningsrannsóknum og hrinda málinu í framkvæmd. Við teljum, að þessi aðferð sé skynsamleg, vegna þess hversu umsvifamikið og stórt verkefnið er. Í því sambandi má minna á, að enn er ólokið ýmsum mikilvægum og kostnaðarsömum athugunum á staðarvali þurrkvíar, bæði í landi og neðansjávar. Hins vegar er um það rætt í frv., að félag það, sem við gerum tillögu um, fái kostnað sinn endurgreiddan frá fyrirtækinu, þegar það hefur hafið starfrækslu, þótt raunar sé einnig hugsanlegt, að undirbúningsfélagið verði að hluta til eignaraðili að þurrkvínni og leggi þá fram tilkostnað sinn sem hlutafé. En í sambandi við þessa hugmynd viljum við flm. leggja áherzlu á, að hún er okkur ekkert sáluhjálparatriði. Telji menn eðlilegra að hafa annan hátt á, þá erum við til viðtals um hvers kyns breytingar á þessari tilhögun. Forsendur okkar eru einvörðungu þær, að nú verði teknar ákvarðanir og hafizt handa. Aldarfjórðungs bollaleggingum þarf að ljúka og athafnir þurfa að taka við. Vil ég vænta þess, að sú hugmynd hljóti góðar undirtektir hér á þingi, og ekki sízt vil ég gera mér vonir um, að þetta mál njóti þess, að borgarstjórinn í Reykjavík, hv. þm. Geir Hallgrímsson, er nú í okkar hópi, en hann hefur að sjálfsögðu fylgzt vandlega með þessu máli að undanförnu og látið í ljós áhuga á framgangi þess.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þurrkvíarmálið er rætt hér á hv. Alþ., svo mikilvægt sem það er fyrir landið í heild og fyrir Reykjavík, sem er eðlilegur staður fyrir slíka þurrkví. Þurrkví í Reykjavík verður heldur ekki reist nema með einhvers konar atbeina ríkisvaldsins og þá væntanlega löggjafarvaldsins. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs þegar við 1. umr. málsins, er sú, að ég vildi gjarnan koma fram með nokkrar ábendingar í tilefni af flutningi þessa frv., ábendingar, sem ég vænti, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, taki til athugunar. En áður en ég vík að þeim ábendingum vildi ég aðeins geta um helztu röksemdir fyrir nauðsyn þurrkvíar til viðbótar því, sem hv. flm. gat um hér áðan.

Það er ljóst, að núverandi dráttarbrautir í landinu geta ekki tekið á land nema hluta af skipastóli landsmanna sökum stærðar skipanna. Það er enn fremur ljóst, að hluti af þeim skipastóli, sem hægt er að taka á land, leitar viðgerða erlendis, sumpart sökum þess, að þeir fá viðgerðirnar fljótar unnar og sumpart ódýrari. Einkum var það hér áður fyrr, þegar gengisskráningin var ekki í samræmi við staðreyndir, og á þann hátt flyzt mikil vinna, sem íslenzkir iðnaðarmenn eru færir um að leysa af hendi, úr landi og ekki fæst möguleiki eða sköpuð skilyrði til þess að þjálfa íslenzka iðnaðarmenn þannig, að þeir séu samkeppnisfærir við starfsbræður erlendis.

Þá má leiða töluverðar líkur að því, að nokkur viðgerðarþjónusta umfram það, sem nú er unnin í landinu, mundi verða framkvæmd á erlendum skipum, ef samkeppnisfær viðgerðarstöð risi hér, og þá er það ekki álitamál heldur, að verulegt öryggi mundi það verða allri siglingu um Norður-Atlantshaf, ef slík viðgerðarstöð risi hér, enda munu tryggingafélögum oft berast fyrirspurnir um, hver aðstaða sé hér fyrir hendi til skipaviðgerða.

Það má að vísu spyrjast fyrir um það, hvort sú uppbygging dráttarbrauta, sem átt hefur sér stað fyrir forgöngu hæstv. iðnrh. á undanförnum árum, sé ekki slík, að hún fullnægi að einhverju leyti þeim þörfum, sem þurrkví í Reykjavík mundi eiga að gera.

Ég held, að svo sé ekki. Ef rekstrargrundvöllur er góður fyrir fiskiskipastól landsmanna og annan skipastól, og eðlilegar afskriftir og hagnaður eiga sér stað í þeim atvinnurekstri, þá mun það vera svo, að núverandi dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar anna alls ekki nægilega viðhaldi og endurnýjun skipastólsins, eins og hann nú er, með hagkvæmum rekstri stöðvanna. Og þess vegna mundi þurrkví, sem e. t. v. hefði viðhald helzt að verkefni sínu, þótt samhliða henni væri nauðsyn á nýskipasmíðum, ekki vera óþörf, heldur miklu fremur fullnægði hún þörfum, sem nauðsynlegt er að sinna. Ég sagði fyrst í minni ræðu, að það væri eðlileg staðsetning þurrkvíar í Reykjavík, enda hefur svo verið um talað ávallt, frá því að þessari hugmynd var fyrst hreyft. Það er ekki eingöngu vegna þess, að Reykjavík er heimahöfn flestra hinna stærri skipa siglingaflotans. Hér er og sigling tíðust þeirra erlendra skipa, sem mundu nota þjónustu slíkrar stöðvar. Þá eru og hér þeir iðnaðarmenn og þeir tæknimenn, sem nauðsynlegir eru til að vinna við slíkt fyrirtæki. Aðstæður eru og mjög góðar við Gelgjutanga, þar sem áætlanir hafa verið gerðar um byggingu þurrkvíar.

En um leið og við lítum á allar þessar staðreyndir og um leið og við erum sammála um nauðsyn á byggingu þurrkvíar, þá hljótum við að gera okkur ljósa grein fyrir þeim vanda, sem þarf að ráða við, til þess að þurrkví verði að veruleika. Og sá vandi er, að þrátt fyrir bjartsýnar rekstursáætlanir mun rekstur sjálfrar þurrkvíarinnar ekki gera betur heldur en standa undir rekstrarkostnaði. En óbeinn hagnaður verður slíkur samt sem áður, að hann réttlætir fullkomlega framkvæmdina. Það er ætlunin, að í tengslum við þurrkví verði byggð ýmiss konar iðnaðarver, og þegar fram líða stundir, munu þau e. t. v. að hluta eða jafnvel að öllu leyti geta endurgreitt þjónustu þurrkvíarinnar, en til að byrja með verður að horfast í augu við það, að stofnkostnaður þurrkvíarinnar verður að fást þegar tryggður í upphafi með stofnfjárframlögum, sem ekki er ætlazt til að beri beina vexti eða verði endurgreidd um nokkurt árabil a. m. k. Og það er þessi vandi, sem hefur verið tálmun þess að koma þurrkvíarmálinu fram.

Ég vil til viðbótar því, sem getið er um í grg.

hafnarstjórans í Reykjavík um þær kannanir og athuganir, sem fram hafa farið á byggingu þurrkvíar, geta þess, að töluverð athugun hefur farið fram á möguleikum þess og leiðum til að afla fjár til greiðslu stofnkostnaðar og þá yfirleitt gengið út frá því, að framlag ríkissjóðs eða hafnarbótasjóðs yrði a. m. k. 40% af framkvæmdakostnaði, eins og tíðkazt hefur t. d. um dráttarbrautir í eigu hafnarsjóða úti á landi. Og ýmis rök hníga að því, að hægt væri að fella byggingu þurrkvíar undir 75% stofnframlag ríkissjóðs, eins og gerist um dýpkun hafna og byggingu hafnargarða. Auk þessa gat hv. flm. um ábendingar og tillögur Gísla heitins Jónssonar alþm. um sérstaka skattlagningu á byggingarkostnað skipa. Önnur ábending hefur komið fram um 10 kr. gjald á hverja brúttórúmlest íslenzks skips á ári hverju sem og sams konar skattheimtu af fyrstu komu erlends skips hér í höfn á ári hverju. Seinni fjáröflunaraðferðin mundi gefa 9—10 millj. kr. árlegan tekjustofn, sem mundi vissulega hafa þýðingu í þessu efni.

Nú sem stendur er það helzt á dagskrá, að ljúka verður við jarðvegskannanir til þess að fá endanlega skorið úr, hvort fyrirhuguð staðsetning þurrkvíar er reist á traustum forsendum. Kostnaður við könnun til þessarar ákvörðunar hefur verið talinn frá 500 þús. kr. til 1 millj. kr., og vissulega getur það orðið svo, að þessi könnun leiði í ljós þörf á enn frekari könnun, áður en til framkvæmda kemur. Þetta er vandamál, sem vissulega er alls ekki stórt, og Reykjavíkurhöfn mun út af fyrir sig ein geta séð því borgið, enda hefur hún farið þess á leit við Orkustofnunina að annast þessa könnun fyrir sína hönd. Orkustofnunin hefur þegar hafið nokkra könnun að þessu leyti, en vegna þess að sú könnun, sem gerð var á s. l. sumri, gaf ekki fullnægjandi niðurstöðu, m. a. vegna þess að nauðsynleg tæki voru ekki til staðar, heldur bundin við önnur verkefni inni á öræfum í sambandi við virkjunarframkvæmdir, þá er þessum könnunum ekki endanlega lokið.

Þá þarf í öðru lagi að fá sérfræðinga til þess að gera tillögur um uppbyggingu og áætlun um rekstur stöðvarinnar. Í því skyni hefur stjórn iðnþróunarsjóðs verið ritað og óskað eftir fyrirgreiðslu sjóðsins í þessum efnum, bæði hvað snertir lánsfjárútvegun til þess að framkvæma slíkt verk og sömuleiðis tækniaðstoð við verkið sjálft. Í sama skyni hafa viðræður átt sér stað við hæstv. iðnrh. og iðnrn., sem hafa tekið málinu mjög vel og heitið því fulltingi sínu. Samfara þessari málaleitun hafnarstjórnar til iðnþróunarsjóðs hefur Meistarafélag járniðnaðarmanna á Íslandi óskað eftir því við iðnþróunarsjóð, að fram fari könnun á aðstöðu járniðnaðar á Íslandi og hefur stjórn iðnþróunarsjóðs gert ráðstafanir til þess að fá sænskt ráðgjafarfyrirtæki til þess að hafa slíka tækniaðstoð með höndum. Ég á ekki von á því, að iðnþróunarsjóður muni telja sér fært að lána til þurrkvíarinnar sem slíkrar, en hins vegar hef ég góða von um, að hann sjái sér fært að lána til þess kostnaðar, sem er bundinn við rannsókn á uppbyggingu og rekstri þurrkvíarinnar, hönnun mannvirkisins sem slíks. Og sömuleiðis mun iðnþróunarsjóður væntanlega geta lánað til þeirra fyrirtækja, viðgerðarverkstæða og annarra mannvirkja, sem nauðsynlegt er að reisa í tengslum við slíka þurrkví.

Ég hef talið nauðsynlegt að rekja þessi atriði hér við 1. umr. málsins, til þess að fram komi, að vandamálið í sambandi við þurrkví og til þess að koma því máli á betri rekspöl og hraða framkvæmdum, er e. t. v. ekki skortur á fjármagni við könnun og athugun málsins, heldur blátt áfram fjármagnsskorturinn við það að koma fyrirtækinu sjálfu á fót. Ég skil flutning þessa frv. svo og grg. hv. 1. flm. svo, að flm. hafi sniðið frv. eftir frv. til l. um olíuhreinsunarstöð og vil í því sambandi aðeins geta þess, að þar sem frv. um olíuhreinsunarstöð er flutt af hæstv. iðnrh. með þeirri röksemd, að iðnrn. sem slíkt og stóriðjunefnd áður hafi ekki tök á því að fylgja málinu frekar fram, með því að rn. sé ekki til þess búið, þá sé nauðsynlegt að stofna til sérstaks hlutafélags um könnun málsins, áður en ákveðið er að ráðast í framkvæmdir. Ég hygg, að nokkru öðru máli gegni um könnun og athugun á byggingu þurrkvíar í Reykjavík. Reykjavíkurhöfn hefur í samráði við þá aðila, sem helzt hafa hagsmuna að gæta í sambandi við uppbyggingu þurrkvíar, haft mál þetta með höndum og hefur athugun málsins verið í fullum gangi. En ég vil fagna því hins vegar, ef flutningur slíks frv. og árangur af því verður sá, að ríkisvaldið vill leggja þarna hönd á plóginn og þegar í upphafi skuldbinda sig til þess að standa að lausn þess, sem beinist helzt að fjárútvegun til framkvæmda.

Ég vík þá að þeim ábendingum, sem ég vildi gera við frv., en þær eru helztar, að við 1. gr. teldi ég eðlilegt, að það væri ríkisstj. og Reykjavíkurborg, sem sameiginlega beittu sér fyrir stofnun slíks hlutafélags. Í 2. gr. tel ég óþarfa og e. t. v. til tálmunar að setja það skilyrði að a. m. k. 50% af hlutafé félagsins skuli jafnan vera í eigu ríkisins og varðandi 3. gr. vildi ég mælast til þess við hv. n., að hún kveðji sér til ráðuneytis varðandi afgreiðslu þessa máls hafnarstjóra og aðra þá, sem afskipti hafa af undirbúningi þurrkvíarmálsins og athugi í því sambandi möguleika á því að gera óþarft það millistig, sem frv. gerir ráð fyrir, nefnilega það millistig að stofna félag eingöngu um könnun og athugun á stofnun þurrkvíar í Reykjavík. Ég tel alla möguleika geta verið á því, ef vel er á málum haldið, að unnt sé að kveða á um stofnun félags í því skyni að stofna þurrkví í Reykjavík, og millistig um félagsstofnun, sem eingöngu hefur það á stefnuskrá sinni að athuga þessi mál, sé vonandi óþarft. Um þetta skal ég þó ekki fullyrða eða fjölyrða á þessu stigi málsins. Það er rétt, að fleiri menn fjalli um það og vegi og meti aðstæður allar, á hvaða stigi málið er núna, áður en endanlega er tekin afstaða að því leyti. En að lokum vil ég ítreka þá skoðun mína, að meginvandinn við að koma þessu þjóðnytjamáli í framkvæmd, er fjáröflun til stofnkostnaðar. Ég fagna flutningi þessa frv. í þeim anda, að það verði að liði í þeim efnum að opna skilning manna fyrir nauðsyn þessa máls og skilning manna á að horfast í augu við þetta höfuðvandamál, að með einhverju móti verði að afla óendurkræfs stofnfjárframlags til þurrkvíarinnar.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. alþm. Geir Hallgrímssyni, borgarstjóra í Reykjavík, fyrir mjög eindreginn stuðning við efni þessa máls. Hann flutti í upphafi ræðu sinnar mjög öflugar almennar röksemdir fyrir því, að hér væri hreyft mjög miklu nauðsynjamáli, sem raunar hefur verið unnið að um mjög langt skeið, eins og fram hefur komið. Hv. þm. vék í máli sínu að þróuninni í dráttarbrautarmálum að undanförnu og um það var í rauninni hægt að tala alllangt mál, því að þróunin á þeim sviðum er anzi glöggt dæmi um það, að okkur hættir æði oft við því að byggja upp atvinnutæki hér á Íslandi án eðlilegs samhengis. Ég er hræddur um, að þróunin í þeim málum hafi ekki verið studd við neina heildaráætlun, eins og þörf hefði verið, og að sú þróun hafi jafnvel tafið frekar fyrir þurrkvíarframkvæmdum heldur en að ýta undir þær. En um það atriði ætla ég nú ekki að hafa lengra mál. Og ég lét þess getið í upphaflegu ræðu minni, að við flm. gerðum form þessa frv. ekki að neinu aðalatriði. Hv. þm. Geir Hallgrímsson gerði nokkrar aths. við sjálft frv. M. a. taldi hann, að í 1. gr. hefði verið eðlilegt að tala um, að ríkisstj. og Reykjavíkurborg beittu sér sameiginlega fyrir stofnun slíks félags, sem hefði það verkefni að koma upp þurrkví. Ekki hef ég neitt á móti þessu, en einhvern veginn fannst mér það vera óeðlilegt að setja um það fyrirmæli í lögum frá Alþ. hvað Reykjavíkurborg ætti að gera. Það er talað um það í frv., 2. gr., að sérstaklega skuli leitað samvinnu við Reykjavíkurborg. Ég held, að það sé naumast formlega rétt, að Alþ. geti haft annan hátt á en þann að óska eftir slíkri samvinnu í staðinn fyrir að vera að segja Reykjavíkurborg fyrir verkum á þessu sviði. En þetta er náttúrlega ekki neitt stóratriði.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið hafi næsta óvenjuleg afskipti af þessu máli. Að ríkið leggi fram bæði fjármagn og vinnu í þágu þessa sérstaka málefnis. Og einmitt vegna þess að hér er um óvenjulega aðgerð að ræða, þá taldi ég eðlilegt, að ríkið ætti 50% í þessu félagi, til þess að tryggja sjónarmið sín þar á móti. En ég geri þetta ekki heldur að neinu meginatriði, síður en svo. Það má vel vera, að mál standi þannig, eins og hv. þm. sagði, að það væri hægt að komast fram hjá því millistigi að setja á laggirnar sérstakt félag, sem hefði rannsóknarstörf með höndum. Ef mál standa þannig, þá fagna ég því vissulega. Mér er kunnugt um það, að að þessu hefur verið unnið ötullega, sérstaklega núna seinustu árin, af hafnarnefnd og hafnarstjóra, og ef málin eru í raun og veru komin á þann rekspöl, að ekki þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ljúka undirbúningsrannsóknum, heldur væri hægt að taka ákvörðun um félag, sem hafi svo það verkefni að koma þessu fyrirtæki á laggirnar, þá mundi ég að sjálfsögðu fagna því. Hins vegar var tilgangur okkar flm. með þessu frv. ekki aðeins sá, að þarna væri komið á þessu kerfi, sem við tölum um, heldur að Alþ. lýsti yfir þeim skýlausa vilja sínum, að þurrkví yrði komið upp í Reykjavík, og að Alþ. lýsti yfir þeim vilja sínum, að það vildi stuðla að því að koma þessu fyrirtæki upp. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt atriði. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði, að ríkið verður að vera aðili að þessu fyrirtæki í einhverju formi. Það er vafalaust rétt mat, að fyrstu árin verði rekstur þurrkvíar ekki sérlega arðbær, bókhaldslega séð, en engu að síður hygg ég, að slíkt fyrirtæki yrði mjög arðbært þjóðhagslega séð, og ef hér verður eðlileg þróun, þá tel ég víst, að fyrirtækið geti á ekki afar löngum tíma risið undir þeim kostnaði, sem fram er lagður til þess að koma þessu fyrirtæki á laggirnar.

Ég vildi sem sé fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við málið, og ég vil vænta þess, að hv. iðnn. fjalli um málið á jafn jákvæðan hátt og reyni að komast að niðurstöðu, sem hrekkur a. m. k. til þess, að þetta Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum að vilja stuðla að því að koma upp þurrkví í Reykjavík eins fljótt og þess er kostur. Og að ríkið leggi fram af sinni hálfu þá aðstoð, sem hagkvæm er talin til þess að flýta fyrir þróuninni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Áfengisvarnasjóður.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um áfengisvarnasjóð [149. mál] (þmfrv., A. 182).

Á 24., 25., 26., 28., 29., 30., 31. og 39. fundi í Nd., 26., 30. nóv., 2., 7., 11., 14., 15. des. og 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er, að settur skuli á stofn sérstakur sjóður, áfengisvarnasjóður, er styrki áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Þá er ætlazt til, að sjóðnum verði heimilt að styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra áfengisneyzlu á samkomum sínum. Gert er ráð fyrir því, að tekna til sjóðsins sé aflað á þann hátt, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiði honum árlegt framlag, er nemi 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta árs á undan. Gert er svo ráð fyrir, að áfengisvarnaráð ríkisins stjórni áfengisvarnasjóði og að sjóðurinn standi undir þeim kostnaði, sem nú hlýzt af störfum áfengisvarnaráðunautar, áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefndar, en sá kostnaður er nú greiddur af ríkissjóði.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það, hvers vegna þetta frv. er flutt. Það

er kunnara en svo, að það þurfi að rifja upp hér, að áfengisneyzla hefur farið mjög vaxandi hér í landinu á undanförnum árum og ekki sízt meðal ungs fólks. Þetta rekur að sumu leyti rætur til þess, að það hefur verið dregið úr ýmsum hömlum, sem áður voru gegn vaxandi áfengisneyzlu. Það var m. a. gert með setningu áfengislaganna frá 1954, þegar t. d. var heimiluð verulega aukin vínsala í veitingahúsum. Það var sérstök nefnd, sem undirbjó lögin 1954, og í henni áttu sæti þeir Gústaf A. Jónasson, þáv. ráðuneytisstjóri, Brynleifur Tobíasson áfengisvarnaráðunautur, Jóhann G. Möller forstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor og Pétur Daníelsson hótelstjóri. Og það varð að samkomulagi í þeirri nefnd, að gegn því að rýmkað yrði um ýmsar hömlur, sem þá voru á áfengissölu, yrði bindindisfræðsla aukin í staðinn. Ég er því sammála, að þetta sé rétt stefna að hafa ekki mjög strangar hömlur í þessum efnum, en vinna í staðinn þeim mun kappsamlegar að margvíslegri fræðslu um þessi mál. En því miður, þegar Alþ. fjallaði um þessar tillögur áfengisvarnalaganefndar, þá var sú rýmkun á hömlunum, sem fólst í frv., látin standa í lögunum, en fellt niður framlagið, sem nefndin hafði gert ráð fyrir að yrði veitt árlega til fræðslustarfsemi um áfengismál. En það var tillaga nefndarinnar að af árlegum hagnaði Áfengisverzlunarinnar yrðu lögð 3% í slíkan sjóð eins og þetta frv. fjallar um, svo að hér er raunverulega ekki um annað að ræða heldur en það, að það er tekin upp þessi tillaga áfengislaganefndarinnar frá 1954. Ég held, að það, sem hefur gerzt síðan áfengislögin voru sett 1954, sanni það fullkomlega, að það er nauðsyn mjög mikillar, aukinnar áfengisfræðslu eða fræðslu um áfengismál frá því, sem nú er. Það mætti nefna ýmis dæmi til þess að sanna þetta, en ég tel óþarft að gera það hér, vegna þess að ég veit, að þau eru öllum hv. þm. kunnug.

Í áfengislögunum frá 1954 er gert ráð fyrir ýmissi fræðslustarfsemi. Samkv. þeim var sett á stofn sérstakt áfengisvarnaráð ríkisins. Stofnað var embætti áfengisvarnaráðunautar og ákveðið var, að það skyldu kosnar sérstakar áfengisvarnanefndir í öllum bæjar- og sveitarfélögum. En þrátt fyrir það, að yfirleitt hafi valizt ágætt fólk til þessara starfa, hefur starfið orðið tiltölulega lítið, sem stafar af því, að það hefur vantað fjármagn til framkvæmdanna, fjármagn þeirra framkvæmda, sem þessum aðilum er ætlað að halda uppi. Það var gert ráð fyrir því í lögunum, að árlega yrði veitt ákveðið fé til þessa í fjárlögum, en reynslan hefur nú orðið sú, að það hefur ekki fengizt fram nein veruleg fjárveiting á fjárlögum í þessu skyni. Þess vegna er áreiðanlega nauðsynlegt að binda ákveðið, fast framlag til þessarar starfsemi eins og áfengislaganefndin ætlaðist til upphaflega, og því er það sem hugmynd hennar um áfengisvarnasjóð og ákveðið framlag til hans er hér tekið upp. Ég tel, að hér sé um mál að ræða, sem sé þingheimi svo augljóst, að það sé óþarft að fara um það fleiri orðum. En ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, en hann var á sínum tíma mikill áhugamaður um bindindismál og er það vafalaust enn, svo að ég vil treysta á það, að þessi tillaga hljóti sérstaklega góðar undirtektir hans.

Ég læt svo þetta nægja að sinni, en leyfi mér að leggja til, að að umr. lokinni verði frv. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 786).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu [150. mál] (þmfrv., A. 188).

Á 25., 26., 28., 29., 30., 31., 39. og 40. fundi í Nd., 30. nóv., 2., 7., 11., 14., 15. des., 27. og 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 1. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. S. l. vetur sendi náttúruverndarráð menntmn. þessarar hv. d. frv. það, sem hér er til umr., og flutti n. það, en málið varð þá ekki útrætt. Nú hafa borizt áskoranir um að flytja frv. að nýju, en nm. áskilja sér sem fyrr allan rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim.

N. hafa þegar borizt nokkrar brtt. við frv., en hún telur rétt að athuga þær, er hún fjallar um frv. á ný að lokinni fyrstu umr. Frv. þetta er augljóslega skylt þeim deilum, sem staðið hafa um framhaldsvirkjun í Laxá. Þó hefur menntmn. dregið nokkuð flutning frv. með tilliti til þess, að í vetur hafa verið gerðar tilraunir til að sætta deiluaðila, og vildi n. ekki að neitt kæmi fram, sem hugsanlega kynni að torvelda það verk, þó að ekki horfi vel í þeim efnum nú.

Fyrir fáum árum var náttúruvernd áhugamál fárra manna og þeir oft fyrir þær sakir taldir í hópi sérvitringa. Nú hefur á skömmum tíma orðið sú mikla breyting, að náttúruvernd er orðið áhugamál mikils hluta þjóðarinnar og ein af þeim hugsjónum, sem mest er talað um og barizt fyrir í dag. Komið hefur til hagsmunaárekstra á milli þeirra, sem mesta áherzlu leggja á náttúruvernd, og annarra, sem standa fyrir byggingu mannvirkja. Þrátt fyrir þessar deilur vil ég leyfa mér að fullyrða, að þeir, sem hafa haldið fram hlut mannvirkjanna í þessum deilum, muni allflestir þrátt fyrir það hafa raunverulegan áhuga á náttúruvernd og vilja að náttúra landsins verði varðveitt með sem minnstum spjöllum, ef af verður komizt í lífsbaráttu þjóðarinnar.

Þegar þessi mikli áhugi á náttúruvernd á að flytjast yfir á svið aðgerða, hlýtur mönnum að koma einna fyrst til hugar svæðið umhverfis Mývatn. Vatnakerfi Mývatns og Laxár hefur óvenjulega sérstöðu í íslenzkri náttúru, og raunar þótt víðar væri leitað, og er talið algerlega einstætt hvað snertir gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar er þar meiri en dæmi eru til annars staðar hérlendis og náttúrufegurð víða við brugðið. Þau sérkenni, sem ég hef nefnt, eiga ekki aðeins við um vatnakerfið sjálft, heldur og um landsvæði þau, er að þeim liggja. Mývatn og Mývatnssveit hafa þegar hlotið heimsfrægð vegna náttúruauðlegðar og náttúrufegurðar, enda laðar svæðið til sín mikinn fjölda erlendra fræðimanna og náttúruskoðara og fara heimsóknir þeirra sívaxandi. Efri hluti Laxár er ekki síður merkilegur frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, og náttúrufegurð er þar víða sízt minni en við Mývatn sjálft. Áin fellur þar fram í hvítfreyðandi strengjum milli grænna bakka og hvannhólma. Á þessum kafla Laxár eru aðalheimkynni fugla eins og straumandar og húsandar, a. m. k. á vissum tímum árs, en þetta eru andategundir, sem ekki finnast neins staðar í Evrópu utan Íslands.

Af því, sem nú verður sagt og vafalaust er öllum hv. þm. ljóst, kemur það á daginn, að hér er um stórt svæði að ræða, sem brýna nauðsyn ber til að vernda gegn hvers konar náttúruspjöllum. Það virðist því ekki orka tvímælis, að það sé fullkomlega réttlætanlegt og tímabært að setja sérstök lög um takmarkaða náttúruvernd á þessu svæði, þótt hefðbundnir atvinnuvegir haldist þar áfram, svo sem verið hefur.

Það frv., sem hér er flutt, er tilraun til þess að flytja þann áhuga, sem komið hefur í ljós á síðustu misserum, yfir í aðgerðir á Mývatnssvæðinu í heild. Er meginefni frv. að því leyti mun víðtækara heldur en þær deilur, sem uppi hafa verið um einstök mannvirki á einstökum hlutum þessa landsvæðis.

Um efni frv. þarf ég ekki að verða langorður. 1. gr., sem sjálfsagt verður af ýmsum talin ganga býsna langt, kveður svo á, að óheimilt skuli vera að reisa mannvirki önnur en þau, er eðlileg megi teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs á þessu tiltekna svæði. Þá er í öðru lagi talað um, að hvers kyns jarðrask og efnistaka, sem kynni að raska hinum upprunalega svip landsins, skuli óheimil á hinu umrædda svæði án leyfis, og loks, að hvers konar breytingar vatnsborðs stöðuvatna og fallvatna á þessu svæði svo og hvers kyns breytingar eða truflanir á rennsli fallvatna skuli óheimilar án samþykkis náttúruverndarráðs.

Mörg fleiri ákvæði eru í frv., þ. á m. um að heimilt verði að banna umferð óviðkomandi manna um tiltekin svæði í sveitinni á vissu tímabili. Þá eru ákvæði um heimildir til takmörkunar á tilhögun og magni netaveiða í Mývatni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október. Enn eru heimildir til þess, að gefnar verði út reglugerðir, sem lúta að verndun fugls og fisks í Mývatnssveit og ýmsu fleira, sem gæti orðið til þess að veita þessu héraði og náttúru þess stórum meiri vernd gegn tækni og ýmiss konar hættu en unnt er með gildandi lagaákvæðum í dag.

Loks er ákvæði um það, að svo fljótt sem við verður komið skuli reist rannsóknarstöð við Mývatn og þarf ekki að efast um, að hún mundi vekja athygli og áhuga vísindamanna og náttúrufræðinga langt út fyrir mörk Íslands.

Herra forseti. Frv. þetta er komið frá n. og er því ekki nauðsynlegt að samþykkja formlega að vísa því aftur til n., en ég get lýst því yfir, að það er vilji menntmn. að taka málið aftur til ítarlegrar athugunar. Er það því ósk n., að það verði ekki tekið á dagskrá til 2. umr. fyrr en n. hefur látið frekar frá sér heyra. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. Allir þeir, sem láta sér annt um náttúruvernd, hljóta að fagna því frv., sem hér liggur fyrir, svo langt sem það nær. Þetta er spor í rétta átt, þó hvergi nærri nógu stórt spor, að mínum dómi. Ég mun þó ekki að þessu sinni ræða í einstökum atriðum það, sem á skortir, að frv. geti tryggt viðunandi lausn á því vandamáli, sem knúið hefur á um flutning þess. Hins vegar vil ég ræða annað mál í þessu sambandi.

Hv. framsögumaður sagði hér áðan: „Frv. þetta er augljóslega skylt þeim deilum, sem staðið hafa um framhaldsvirkjanir í Laxá.“ Og þetta er rétt. Ég vildi nota þetta tækifæri til að ítreka það, sem ýmsir hafa áður sagt, að á meðan ríkisvaldið og hið opinbera heldur uppteknum hætti, að sýna lítinn sem engan skilning, lítinn sem engan stuðning, heldur þvert á móti oft og tíðum fullan fjandskap þeim málstað, sem þetta frv. er helgað, horfir ekki vænlega um framgang þessa málstaðar. Afstaða hins opinbera verður að gjörbreytast, ef þessi málstaður á að sigra. Og það er að mínum dómi táknrænt um afstöðu hins opinbera, að á sama tíma og þetta frv. kemur fram, þá stendur hið opinbera í málarekstri gegn 65 Þingeyingum og virðist stefna að því að fá þá dæmda í tukthús fyrir það eitt að berjast af einurð fyrir þessum málstað. Eftir að þessir Þingeyingar höfðu æ ofan í æ árangurslaust krafizt réttar síns gagnvart lögbrotum hins opinbera og yfirgangi, eins og hann birtist í framferði Laxárvirkjunarstjórnar, gripu þeir til þeirra aðgerða norður við Miðkvísl í sumar, sem frægar eru orðnar. Þær aðgerðir voru þrautaráð og studdust við skýlausan rétt þeirra, sem að þeim stóðu. Og þegar þeir fylgdu þessum aðgerðum eftir með formlegri kæru á hendur hinum seka, á hendur hinum raunverulega lögbrjót, þ. e. Laxárvirkjunarstjórn, þá var þeirri kæru vísað frá. Þess í stað hafa þeir Þingeyingarnir verið kærðir sjálfir fyrir lögbrot eða m. ö. o. fyrir að krefjast réttar síns.

Og víkjum þá aftur að málstaðnum. Hver er hann, þessi málstaður þeirra Þingeyinganna? Hann er málstaður allrar þessarar þjóðar og í raun og veru málstaður alls lífsins á þessum hnetti. Það er ekki langt síðan það rann upp fyrir verkfræðingum og hagfræðingum á Vesturlöndum, að þeir eru komnir á fremsta hlunn með að spilla svo þessum hnetti, að öllu lífi verði útrýmt á tiltölulega fáum áratugum. Í stóru iðnaðarlöndunum vestan hafs og austan er ástandið orðið þannig, að sérfræðingar telja, að manninum sjálfum verði varla líft þar nema nokkra áratugi, þó svo

að hann kosti öllu til að tóra. Þar sem harkalegast hefur verið að unnið, svo sem í New York, Chicago, Cleveland og Los Angeles, svo að nefndir séu nokkrir staðir í Ameríku, er talið, að 5—15 ár með sama áframhaldi nægi til þess að eitra andrúmsloft og umhverfi svo, að enginn haldi lífi nema með því að anda í gegnum gasgrímu. Stærstu stöðuvötn N.-Ameríku og helztu fallvötn hafa verið eitruð svo, að þeir fáu fiskar, sem í þeim lifa, eru sjálfir eitraðir. Þannig er það t. d. um Erievatnið, sem áhrifamikil kvikmynd var sýnd um hérna í sjónvarpinu ekki alls fyrir löngu, og Lake Michigan og fleiri stórvötn þar vestra. Og svipaða sögu er að segja frá V.-Evrópu.

Til þess að stöðva þróunina í Ameríku er talið að verja þurfi álíka upphæð árlega og Bandaríkin vörðu til herkostnaðar í síðari heimsstyrjöldinni. Til þess að bæta ástandið, svo að það geti talizt viðunandi á ný eftir svo sem 15 ár, er talið að verja þurfi árlega tvöfaldri þeirri upphæð.

Tæknin hefur leitt mannfólkið í vitahring. Fyrir hvern ávinning, sem mannkynið hefur fengið, hefur það mátt gjalda tvöfalt verð. Það er t. d. athyglisvert núna, þegar hamrað er á því hér á Íslandi, að við þurfum að flýta okkur að virkja fallvötnin og selja orku þeirra fyrirfram fyrir spottprís, vegna þess að kjarnorkurafstöðvar muni framleiða ódýrari orku, þá er það athyglisvert, að Bandaríkjamenn hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að eitrun andrúmslofts frá kjarnorkuverunum sé svo erfitt vandamál, að ekki sé hægt að reikna með því, sem þeir kalla „hagstæðan rekstur“ slíkra raforkustöðva. Kjarnorkuraforkustöðvarnar vestra gefa frá sér svo mikið af geislavirku joði, að krabbamein í skjaldkirtli hefur af þessum sökum margfaldazt vestra á fáum árum. Hreinsun þessa geislavirka joðs úr loftinu frá kjarnorkuverunum er svo dýr, að rafmagnsframleiðslan borgar sig ekki.

Bandarískir hagfræðingar hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að tækniframfarirnar, sem við nefnum svo, hafa, þegar til stykkisins kemur, ekki reynzt neinar framfarir. Þeir telja, að það hafi komið í ljós, svo að ekki verði um villzt, að sjálfur hnötturinn okkar með öllum sínum gögnum og gæðum, standi ekki undir vöxtum að kapítali. Hnötturinn hefur gert uppreisn gegn kerfinu. Menn hafa vaknað af draumi um dásamlegar og óendanlegar tæknilegar framfarir, og við þeim blasir hryllileg tæknileg eyðilegging. Frekja mannsins með reiknistokkinn og vaxtatöfluna hefur raskað jafnvægi lífsins á jörðinni.

Þetta hafa menn uppgötvað úti í heimi og hrokkið upp af blundinum. Og allmargir hér heima á Íslandi hafa líka vaknað við ramakveinin utan úr heimi. En því miður ekki nógu margir enn þá. Nú hafa góðir menn norður í Þingeyjarsýslu unnið að því af dirfsku og því kappi og þeirri orku, sem efnin leyfa, að vekja hina. Og til þess hafa þeir m. a. orðið að nota dínamít norður við Miðkvísl.

Eftir að fulltrúar Þingeyinga höfðu setið á svonefndum sáttafundi í Laxárdeilunni í vetur, fengu þeir bréf undirskrifað af tveimur ráðuneytisstjórum, þar sem þeir eru vittir harðlega fyrir framkomu sína á þessum fundi, fyir afstöðu sína þar og fyrir þau vinnubrögð, sem þeir beita í viðleitni sinni að vernda óspillta íslenzka náttúru. Það mætti vera mönnum umhugsunarefni í þessu sambandi, að annar þeirra ráðuneytisstjóra, sem undirskrifaði þetta bréf og þóttist þess þannig umkominn að vanda um við Þingeyingana, var sjálfur yfirverkfræðingur við virkjun Efra-Falls í Sogi. Og það, sem ég segi hér, kom fram í útvarpi í vor, og það hefur ekki verið borið til baka. Í því starfi leyfði þessi verkfræðingur, að dreift var nokkrum tunnum af skordýraeitrinu DDT á bakka Þingvallavatns og Sogs. Þetta skordýraeitur útrýmdi mýinu við Sogið og heldur sennilega áfram að dauðhreinsa vatnið, — hvað lengi? Það er ekki gott að segja. En það hefur sýnt sig, að DDT-eitrið situr í bökkum þeirra vatna, þar sem því hefur verið dreift, og heldur áfram að drepa skordýr ófyrirsjáanlega lengi, kannske svo öldum skiptir. Og með þessu var sem sé rofin sú hringrás, sem er undirstaða alls lífs við Sogið og í því.

Nú vilja menn e. t. v. spyrja, hver hafi verið tilgangurinn með þessu verki. Ég hef ekki getað fundið aðra skýringu en þá, að viðkomandi verktakar hafi talið nauðsyn á því að útrýma mýinu, svo að það angraði ekki iðnaðarmenn og verkamenn og tefði þá við vinnu sína, enda var þarna um ákvæðisverk að ræða og þar með einhverjir peningar, einhver gróðahlutur, í húfi.

En fyrst ég minnist á Sogið, þá mun það mála sannast, að dæmin þaðan hafi ekki hvað sízt ýtt undir Þingeyingana í baráttu þeirra fyrir lífi í Laxá og Mývatni. Þegar Sogið var virkjað, var því heitið, munnlega að vísu, við veiðimálastjóra, að hætt yrði vatnssveiflum af hálfu virkjunarinnar. Steingrímur Hermannsson, forstjóri Rannsóknaráðs ríkisins, lýsti því í útvarpsþætti í vor, hvernig það loforð hefur verið haldið. Hann stóð með veiðistöng sína á sunnudagsmorgni í hitteðfyrra á eyrunum, þar sem Sogið hefði átt að renna, og eyrarnar voru þaktar dauðum lax- og silungsseiðum.

Og nú er Þingeyingum legið á hálsi fyrir það að trúa ekki munnlegum loforðum iðnaðarmálaráðherra og annarra slíkra opinberra aðila og ekki heldur svardögum þeirra um, að undirstöður, sem verið er að steypa undir stíflugarða, verði ekki notaðar undir stíflugarða, og um það, að jarðgöng, sem verið er að gera fyrir Suðurárveitu, verði alls ekki notuð fyrir Suðurárveitu. Og þeim hefur verið legið á hálsi fyrir það að efast um, að niðurstöður rannsókna á líffræðilegum áhrifum af stíflugerð við Laxá verði látnar ráða, á sama tíma og niðurstöður rannsókna á eitrun frá álverinu í Straumsvík sýndu ótvíræða eitrun, en því var lýst yfir af opinberri hálfu, að eitrunin réttlætti ekki, að komið yrði upp hreinsitækjum. Í slíkan kostnað mætti ekki leggja, fyrr en afleiðingar eitrunarinnar hefðu komið rækilega í ljós. En réttmæti þessara efasemda þeirra Þingeyinganna ætti þó að verða nokkru ljósara núna, þegar allir íslenzkir líffræðingar að undanskildum tveimur, aðeins tveimur, að því er mér skilst, 37 íslenzkir líffræðingar hafa með yfirlýsingu um flúormengun frá álverinu lagt fram enn eina ótvíræða sönnun um það, hvorum megin hjarta ríkisvaldsins slær í þessum átökum öllum.

Vestan hafs og austan hefur eyðilegging tækn-

innar vakið slíka skelfingu, að borgararnir sjálfir hafa tekið til sinna ráða og afsagt óhreinkunarspillingarverksmiðjur eins og álver og olíuhreinsunarstöðvar. Valdhafarnir hafa orðið svo hræddir við reiði fólksins, að þeir hafa horft á það þegjandi, að fólkið rífur niður hálfbyggð verksmiðjuhús þessarar tegundar. Í miðju Atlantshafi, hér hjá okkur, eru hins vegar auglýstar lóðir undir þessar verksmiðjur, og hér stuðla valdhafar bókstaflega að því að eyðileggja náttúruverðmæti, sem hinn hrjáði lýður iðnaðarríkjanna mundi gefa allan sinn tækniauð til þess að eignast aftur. Þar hefur dómurinn verið kveðinn upp, og þar er gildi þeirra verðmæta, sem aðeins verða metin í heilbrigðri lífsnautn og fegurð og hamingju, tekið fram yfir gildi þeirra verðmæta, sem aðeins verða metin í peningum. En þar er þetta orðið of seint. Hér er það hins vegar ekki orðið of seint.

Ég vildi sem sé vekja athygli á þessu, og það skulu vera niðurlagsorð þessarar ræðu minnar, að allir góðir Íslendingar standa í þakkarskuld við Þingeyingana fyrir baráttu þeirra. Það er ekki sízt fyrir áhrif þeirrar baráttu, að það er nú að verða ljóst æ fleiri Íslendingum, hver eru hin raunverulegu verðmæti þessa okkar góða lands.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem fyrir liggur til fyrri umr., um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, er flutt af menntmn. þessarar hv. d. Það var einnig flutt, og þá í fyrsta sinn, á síðasta þingi og hygg ég, að efni þess hafi verið þá nákvæmlega það sama eins og frv., sem nú er flutt. Ég bið afsökunar, ef það er ekki rétt athugað hjá mér, en mér sýnist á grg., að það muni vera ótvírætt, að efni frv. sé hið sama eins og það var í fyrra.

Frv., sem menntmn. flutti í fyrra, var að vísu tekið á dagskrá, en ég man ekki til þess, að það kæmi nokkurn tíma til umr. (**Gripið fram í:** Það kom það aldrei.) Ég man ekki til þess. Og þar af leiðandi var ekkert um það rætt og það fékk þá ekki heldur neina meðferð í n. Hins vegar flutti þessi hv. n. einnig á sama þingi frv. til almennra náttúruverndarlaga fyrir landið í heild, sem var árangur af störfum mþn. og gerði ráð fyrir nýrri náttúruverndarlöggjöf, heildarlöggjöf í stað þeirra náttúruverndarlaga, sem nú gilda. Það frv. kom til umr. og var, ef ég man rétt, flutt framsöguræða af hálfu n. um málið. Síðan var því vísað til n. eða tekið til meðferðar í n., — ég held, að n. hafi tekið það aftur til sín til nánari athugunar, — en frv. hlaut ekki afgreiðslu. Ég hef ekki tekið eftir því, að þetta frv. hafi verið endurflutt nú á þessu þingi, en má vera, að það hafi verið gert núna alveg nýlega, þ. e. a. s. hið almenna náttúruverndarfrv. Hins vegar er þetta frv. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, eins og ég sagði áðan, nú komið fram á ný og að þessu sinni til umr. Talsmaður menntmn. hefur þegar haft framsögu fyrir málinu, stutta en glögga og síðan hefur hv. 4. landsk. þm. (JónasÁ) einnig flutt ræðu, og er ástæða til að þakka honum fyrir það fróðlega erindi um mengunarmál veraldarinnar, sem hann hefur tekið saman í þessu sambandi upp úr blöðum og tímaritum, þar sem um þessi mál hefur verið ritað undanfarið og hefur þar margt merkilegt komið fram um vandamál veraldarinnar á þessu sviði, sem menn hafa ekki haft augun svo opin fyrir sem skyldi fyrr en þá nú, að þessi mikli vandi segir til sín í stærstu borgum heimsins, eins og í Tókíó, Moskvu, New York, Lundúnum og fleiri borgum. En t. d. í Tókíó varð þessi mengun svo mikil á s. l. hausti í miðhluta borgarinnar, — hún mun nú vera talin stærsta borg heimsins, — að það ráð var tekið að banna algerlega umferð bifreiða um miðborgina um nokkurn tíma og var það talið til bóta, en sannast að segja virðist það vera svo, að mengunarhættan í andrúmslofti og vötnum, a. m. k. í andrúmsloftinu, stafi ekki eingöngu af verksmiðjum, þó að hún geri það kannske að verulega miklu leyti, heldur einnig af umferðinni, af útblástursloftinu frá bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem eru á ferð um stórborgirnar. Þess vegna tóku Japanir þetta ráð að banna bílaumferð um miðborg Tókíóborgar. Það er sannarlega tímabært, að við Íslendingar gerum allt, sem okkar valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að þessi svarta blika yfir stórborgunum færist hér yfir okkar land. Þó að sjálfsagt sé um nokkra mengun að ræða hér á Íslandi eins og alls staðar, þar sem menn eiga heima, þá er hún enn þá smáræði miðað við það, sem hún er víðast annars staðar, og það, sem hún gæti orðið hér síðar, ef iðnaður eykst, umferð eykst og fólksfjöldinn margfaldast í landinu. Að öðru leyti ætla ég ekki að bæta við þetta erindi um hið almenna mengunarmál heimsins, sem hv. þm. flutti, en margt af því var orð í tíma töluð og gott, að slíkt sé saman tekið á einum stað. Þetta, sem hann nefndi um Sogið og Þingvallavatn, hef ég einhvers staðar lesið nú alveg nýlega, að það hafi komið í ljós, að seiði hafi drepizt í stórum stíl við þessi vötn, og er það náttúrlega alvarlegt mál. En þegar Sogið var virkjað, og það er ekki langt síðan Sogið var virkjað, það mun hafa verið byrjað að virkja það 1936 eða svo og síðar í tveimur áföngum og síðasti áfanginn ekki fyrr en eftir 1950, en þegar þessar virkjunarframkvæmdir í Soginu stóðu sem hæst, voru menn hér á landi ekki búnir að uppgötva að því er virðist þá hættu, sem stafað gæti af virkjunarframkvæmdunum og ýmsum aðgerðum í því sambandi, eins og t. d. að herja á mýbitið, ekki búnir að gera sér grein fyrir því. Og dómstólar hafa staðfest það núna fyrir ári síðan eða svo, að verulegt tjón hafi orðið af völdum virkjananna á veiði í Soginu og kannske Hvítá, og dæmt skaðabætur í því sambandi. En mönnum var ekki til skamms tíma — og eiga þar nú víst flestir óskilið mál — ekki ljós þessi hætta, sem af virkjununum getur stafað.

Við höfum verið haldin, þessi þjóð, ekki sízt í dreifbýlinu, mikilli ljósþrá, sem kalla mætti, þrá til þess að losna undan óttanum við myrkrið, óttanum við kuldann, og ráðið til þess að leysa þjóðina frá þessum ótta var að virkja fallvötnin. Og ákafinn og gleðin yfir því að virkja fallvötnin og losna frá óttanum við myrkrið og óttanum við kuldann að meira eða minna leyti á þennan hátt, hefur líklega gert okkur sljórri fyrir þeirri hættu, sem í var lagt, heldur en ella hefði orðið.

Það má vel vera, að það sé rétt, sem hér hefur

komið fram, að þeir menn í Suður-Þingeyjarsýslu, sem hófu andmæli gegn hinni svokölluðu Gljúfurversvirkjun eða áætlun um svokallaða Gljúfurversvirkjun, hafi í raun og veru mjög stuðlað að því að vekja athygli þjóðarinnar á þessum hættum jafnframt því, sem fregnir af mengunarvandamálum erlendis hafa auðvitað stuðlað að því. En þessi andmæli gegn hinni fyrirhuguðu stórvirkjun komu í öndverðu frá ýmsum aðilum í Suður-Þingeyjarsýslu, eins og sýslunefnd og búnaðarsambandi og búnaðarfélögum í hreppum og hreppsnefndum. En síðar er það Félag landeigenda við Laxá og Mývatn, sem ekki var, að ég ætla, stofnað fyrr en á s. l. vori, sem hefur haft forgöngu um það að gæta réttar landeigenda við vötnin, þ. e. Laxá og Mývatn, gegn virkjunarfyrirtækinu og yfirvöldum landsins.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða þá deilu, sem staðið hefur um virkjun Laxár. Hún er svo alkunn, og það hefur verið ákaflega mikið ritað um hana í blöð, ákaflega mikið rætt um hana á fundum og annars staðar og margar ályktanir verið um hana gerðar, fjöldi af rökum og mótrökum komið fram. Þetta ætla ég nú ekki að fara að ræða. Að sumu leyti er það leitt, að góðum kröftum, sem þyrfti að sameina í sameiginlegri baráttu fyrir framfaramálum á Norðurlandi, þurfi að eyða í innbyrðis átökum eins og þessum. En við því er ekkert að segja og vonandi leysist þetta mál fyrr eða síðar þannig, að menn megi við una og komast þá kannske að þeirri niðurstöðu, að ýmislegt af því, sem þar gerðist, hafi verið söguleg nauðsyn í okkar þróunarsögu. Ég ætla ekki að ræða um þessa deilu og ég ætla heldur ekki að ræða þau mál, sem dómstólarnir fjalla um, hvorki þau einkamál, sem nú eru fyrir dómi, né kærumál, sem eru fyrir sakadómi. Ég ætla ekki að ræða það. Við sitjum hér á löggjafarþinginu og dómstólar munu íhuga, hvernig þeir skuli fara með sína grein valdsins, en eins og kunnugt er, skiptist ríkisvaldið í þrennt, að talið er af fræðimönnum, framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald.

Ég ætla hins vegar að vikja örfáum orðum að þessu máli, sem hér liggur fyrir og auðvitað er fyrst og fremst til umr., sem er frv. á þskj. 188, um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár. Því hefur verið lýst yfir af hálfu n., sem flytur það, að henni hafi borizt brtt. við málið og að hún vilji taka það aftur til athugunar, m. a. með tilliti til þessara brtt., og ég get sagt það, að á þingi í fyrra, þegar þetta mál kom fram, varð ég var við það, að ýmsir norður þar við Laxá og Mývatn töldu, að það væru ýmis ákvæði í frv., sem ekki væru þaulhugsuð, þegar frv. var borið fram og ekki snertu út af fyrir sig sérstaklega það deilumál um virkjun, sem á döfinni var og er. En þetta frv. fjallar ekki nema að nokkru leyti um virkjunarmálið, heldur fjallar það, eins og nafn þess ber með sér, almennt um náttúruvernd á þessu svæði og ráðstafanir til hennar. Þar eru t. d. atriði, sem lúta að mannvirkjum allt annarrar tegundar en virkjanir eru, og að veiði. Þess vegna vil ég segja það, að mér finnst eðlilegt, að unnið verði áfram í n. að meðferð þessa máls. Ég tel, að þetta sé merkilegt mál og tilgangur þess góður, en það þarf að vinna nánar að frv. og taka tillit til þeirra tillagna, sem fram hafa komið um breytingar á því, m. a. frá sveitarstjórnum og einstaklingum, sem þarna eiga hlut að máli, svo og annars staðar á landinu, því að auðvitað getur þetta frv., ef að lögum verður, um takmarkaða náttúruvernd á einu svæði landsins orðið fyrirmynd að slíkri löggjöf, sem gilti um aðra staði á landinu. Þess vegna þarf vel til þess að vanda.

Eins og hv. frsm. sagði, fjallar þetta mál nokkuð eða kemur nokkuð inn á virkjunardeilurnar, en er þó miklu viðtækara en hún. Hins vegar vil ég minna á það í þessu sambandi, að við höfum, þrír þm. hér í hv. d., flutt frv. á þskj. 202, frv. til l. um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum. Má segja, að það sé líka eins konar náttúruverndarmál, en fjallar eingöngu um atriði, sem varða virkjunarmálin. Það frv. ætla ég heldur ekki að fara að ræða hér, en aðeins að minna á það í leiðinni. 1. umr. um það fór fram fyrir hátíðar og frv. er nú hjá nefnd. Þetta frv. okkar á þskj. 202 var á sínum tíma m. a. flutt vegna þess að við urðum þess varir, sem hv. 4. landsk. þm. (JónasÁ) drap hér á áðan, að landeigendur töldu sig ekki geta verið örugga um það, að sú stefna í virkjunarmálinu, sem var miðlunarstefna og fram kom í ráðherrabréfi frá 13. maí og birt var aðilum, en síðan opinberlega, að framkvæmd þeirrar stefnu yrði tryggð. Þeir töldu sig ekki geta treyst því, sögðu sem svo, að þó að það væri stefna rn., sem þarna væri yfirlýst eins og nú stæðu sakir, gætu orðið breytingar á ráðherrum og ráðuneytum og þetta væri ekki til frambúðar. Þess vegna töldum við, að viss atriði í þessu sambandi þyrfti að staðfesta í lögum, þannig að menn gætu vitað, hvar þeir stæðu.

En í sambandi við þau mörgu málsatriði, sem rædd eru í sambandi við virkjanir hér á landi, þá er rétt að geta þess, að það kom m. a. töluvert fram í umr., þegar rætt var um Búrfellsvirkjun fyrir 5 árum og síðar álverksmiðjuna í Straumsvík, að ástæða væri til þess fyrir Íslendinga að hraða virkjun fallvatna, vegna þess að það gæti komið að því fyrr en varir, að annar orkugjafi yrði ódýrari en vatnsorkan til þess að framleiða raforku. Þetta var nokkuð rætt og hefur sjálfsagt eins og visdómur okkar yfirleitt um mengun og náttúruvernd og annað slíkt, verið byggt á tímaritum, innlendum og erlendum, og blöðunum, sem við lesum um þetta. En því var sem sé haldið fram, að það kynni að fara svo, að ef við biðum í nokkra áratugi með það að virkja kannske meginhlutann af vatnsafli okkar, þá gæti farið svo, að það yrði einskis virði. Það yrði orðið úrelt að virkja vatnsafl til framleiðslu á raforku, eins og það er að verða úrelt að nota kol til þess að knýja verksmiðjur. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég lagði nú alltaf takmarkaðan trúnað á þessa kenningu, því að við vitum það nú, að kjarnorkan er nokkuð vandmeðfarin á ýmsan hátt, kannske dálítið svipuð öndunum, sem töframenn beizluðu stundum hér fyrr á tímum, eins og segir í 1001 nótt, og gátu fengið til þess að gera undur, en andarnir urðu stundum ekki viðráðanlegir, af því að töframaðurinn var ekki nógu góður töframaður og þetta snerist allt til hins verra. Kjarnorkan er nú kannske einmitt slíkur andi, og við jarðar-

búar erum enn þá of litlir töframenn til þess að ráða við andann og niðurstaðan er m. a. sú, að kjarnorkunni fylgja úrgangsefni, og það hefur maður frétt meira um síðan þetta var á dagskrá fyrir 5 árum, úrgangsefni, sem sýnist vera mikill vandi að losna við. Og ég verð nú að segja það, að ég held, að við megum telja það gæfu fyrir okkur Íslendinga, á meðan við þurfum ekki að fara að byggja hér kjarnorkustöðvar. Og ég vil draga það í efa, eins og mér heyrist hv. 4. landsk. þm. gera, að kjarnorkustöðvar verði fyrst um sinn þess umkomnar að útrýma vatnsaflinu sem orkugjafa, m. a. vegna þessara úrgangsefna og vegna hins áður óþekkta í sambandi við beizlun þessa voðaafls, sem alltaf er að koma í ljós og sem við vitum kannske minnst um enn þá. Þó að við höfum kannske ekki vitað það fyrir 5—10 árum, að sá skaði gæti orðið af vatnsvirkjunum, sem nú kemur í ljós, að getur þó orðið, þá vitum við þó enn þá miklu minna um það, hver skaðinn getur orðið af kjarnorkuverum, ef þau eru reist í stórum stíl.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en ég vænti þess, að frv. og þær tillögur um breytingar á því, sem uppi kunna að vera, fái vandaða meðferð í hv. n. og að síðan verði málið afgreitt til d. á ný.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæður til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, eru tvær. Ég vil í fyrsta lagi lýsa því yfir, að ég skoða náttúruvernd sem gott mál svo lengi sem það fer ekki á þær villigötur að torvelda manninum að búa góðu lífi í sínu heimalandi. En þegar náttúruverndin fer út fyrir þau mörk og þegar hún tekur sér óskorað vald, sem kannske fáir menn eru um að nota, þá er ég á móti slíku, og hér í 1. gr. þessa frv., a-lið, er málsgrein, sem hljóðar svo:

„Óheimilt skal að reisa þar mannvirki önnur en þau, er eðlileg megi teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs."

Að einstök nefnd, þótt stjórnskipuð sé, geti tekið slíkar ákvarðanir, finnst mér ekki rétt og ég vil láta það koma hér fram þegar í upphafi, að þessari grein er ég algerlega mótfallinn. Hins vegar var tekið hér fram áðan í framsögu, að þetta mál yrði rannsakað betur og frv. e. t. v. breytt og því sé ég ekki ástæðu til að ræða svo mjög um frv. sem slíkt á þessu stigi málsins, ef það skyldi þá taka verulegum breytingum.

Allir kannast við orðatiltækið „að koma flugu í munn einhverjum" og hér hefur það verið gert með þetta frv. Þar stendur í grg., að það sé samið af náttúruverndarráði og náttúruverndarráð hafi beðið menntmn. Nd. að flytja málið, en þetta er aðeins hálfur sannleikur, ef það er þá bara ekki ¼, því að eftir því sem ég veit bezt, hefur aðeins einn maður úr náttúruverndarráði samið eða lagt blessun sína yfir það, sem hér heitir frv., en það var samið fyrir hann að mestu leyti annars staðar. Þetta finnst mér að koma flugu í munn menntmn., að hún flytji hér frv., sem náttúruverndarráð hafi samið, sem það hefur ekki gert, og telja það að nokkru leyti sitt mál.

En það, sem kom mér þó enn þá fremur af stað að tala hér, var ræða hv. 4. landsk. þm. Hún var enn þá betra og áþreifanlegra dæmi um það, hvernig komið er flugu í munn einhverjum. Laxárvirkjunardeilan svonefnda hefur staðið lengi og ég ætla ekki að rekja hana mikið, en ég vil koma inn á það, að þar hafa komið fram rök og gagnrök, sem svo einkennilega vill til, að oft er haldið hvað hæst á lofti af þeim, sem minnst þekkja til. Hv. 4. landsk. þm. var t. d. að tala um deilur og verk Þingeyinga gegn einhverjum öðrum. Ég tel mig nú ekki minni Þingeying eða síðri Þingeying heldur en marga aðra, en ég vil lýsa því hér yfir, að þetta er alls ekki deila á milli Þingeyinga og einhverra annarra, sem þarna hefur gerzt norður við Laxá. E. t. v. veit ekki hv. þm. og ekki hv. þd. heldur, hve geysileg þörf er orðin fyrir aukið rafmagn á Laxárvirkjunarsvæðinu. Þess vegna ætla ég hér til fróðleiks að leyfa mönnum að heyra, hvernig byggt hefur verið upp orkuverið við Laxá og hvað við norður frá, Akureyringar, Eyfirðingar og Þingeyingar þurfum að nota mikið af dísilrafmagni til þess að sjá fyrir ljósi og hita og iðnaði, og vantar þó verulega á, að þetta sé í góðu lagi og þess vegna er leitað eftir þessari aukningu á Laxárvirkjun.

Fyrst var virkjað í Laxá af hálfu Akureyrarbæjar, og sú virkjun var 4060 kw. Síðan var gerð önnur virkjun, sem var sameign Akureyrarbæjar og ríkisins, upp á 8000 kw. Síðan ekki söguna meir. Eftir það hefur orðið að fá dísilrafstöð, sem fyrst var með 1000 kw., síðan var bætt við öðrum 1000 kw., þar næst 2000 kw. og í fjórða skiptið 3500 kw. Loks var svo gerð gufustöð, rafstöð í Mývatnssveit, sem hefur gefizt að sumu leyti vel og að sumu leyti illa. Hún er upp á 3000 kw.

Eins og ég gat um áðan, þá er óskin um það að virkja áfram í Laxá sprottin af þörf. Allt þetta svæði, öll þessi byggð, sem nú kallast Norðurlandskjördæmi eystra, er í sárri þörf fyrir aukið rafmagn til upphitunar og til iðnaðar og jafnvel ljósa, því að eins og sumir ykkar munu vita vel, þá skortir mjög að raflýsa í N.-Þingeyjarsýslu heil héruð. Hv. 4. landsk. þm. var að flytja hér ræðu um mengun. Mér fannst hún skjóta einkennilega skökku við í sambandi við Laxárvirkjun, vegna þess að hingað til hefur það ekki verið talið og ég held að enginn, sem vit hefur á, telji, að það sé einhver sérstök mengunarhætta af vatnsaflsstöðvum. Og hér er ekki verið að hugsa til þess að virkja upp á einhvern stóriðnað, sem geti stafað mengun af, því að sú virkjun, sem nú a. m. k. er ráðgerð, getur ekki framleitt slíkt rafmagn, sem geti dugað nokkuð til stórvirkjunar. Hún er aðeins, eins og ég tók fram í upphafi, til að bæta úr brýnni neyzluþörf.

Mig langar að lokum til þess að benda hv. þingheimi á eitt, sem mér finnst alls ekki hafa komið nógu vel fram í öllum þeim deilum, sem hafa farið fram í blöðum og heyrzt í útvarpi um Laxárvirkjunina. Ég vil endurtaka það, að þetta er ekki deila á milli Þingeyinga og Akureyringa, ekki deila milli Þingeyinga, Akureyringa og Eyfirðinga. Þetta er deila milli landeigenda við Laxá og hinna fjölmörgu og miklu fleiri íbúa héraðsins, sem vantar aukið rafmagn. Þetta er þó ekki einu sinni deila allra landeigenda við Laxá, því að ríkið á margar jarðirnar, sem liggja að Laxá, m. a. þær jarðir, sem þessi virkjun fer fram á. Það hefur,

held ég, afar óvíða komið fram. Og hér var sagt áðan af hv. 1. þm. Norðurl. e., að landeigendafélag við Laxá hafi verið stofnað í fyrravor. Það var nú ekki stofnað fyrr en í október í haust. Hins vegar kom það fram sem samningsaðili miklu fyrr, þ. e. a. s. kom fram sem samningsaðili áður en það sá raunverulega dagsins ljós.

Og að lokum vildi ég lofa ykkur að vita eitt — það verður þá borið til baka og ég skal þá segja, að ég fari með rangt mál, ef það er ekki rétt, — en ég veit ekki annað en það sé nýlega búið að spyrja hreppsnefndir, sem eiga aðild að þeim hreppum, sem að Laxá standa, þar sem virkjunin verður gerð, hvort þær séu andvígar Laxárvirkjuninni eins og hún er nú hugsuð, hreppsnefndina í Reykjahreppi, hreppsnefndina í Aðaldælahreppi og hreppsnefndina í Reykdælahreppi. Samhljóða sagði hreppsnefndin í Reykjahreppi, að hún væri samþykk því, að Laxárvirkjun nr. 3 yrði framkvæmd. Hreppsnefndarmenn í Aðaldal, 4 af 5, kváðu sig samþykka því, að virkjunin yrði framkvæmd, einn sat hjá. Hreppsnefndarmenn í Reykjadal, 4 af 5, kváðu sig samþykkja virkjunina, einn var á móti. Dettur ykkur nú í hug, að það sé rétt, sem stundum hefur verið haldið fram, að það sé verið að níðast á Þingeyingum í þessu máli, þegar hreppsnefndirnar taka málinu svona? Það er þetta, sem ég vildi koma hér á framfæri, svo að þingheimur léti sér ekki detta í hug, að það væru sannindi í því, sem hv. 4. landsk. þm. var að segja hér um deiluna um Laxárvirkjun.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Eins og framsögumaður þessa máls tók fram hér í upphafi, þá var þetta frv. flutt að ósk náttúruverndarráðs skv. bréfi, sem formaður ráðsins sendi n. í fyrravetur. Það var einnig rétt hjá framsögumanni, að upptök þess, að þetta frv. var samið og síðan flutt, var það mikla mál, sem allir þekkja, deilan um Gljúfurversvirkjun. Nú hefur menntmn. aftur verið beðin að flytja þetta frv. og, að því er ég ætla, kom óskin frá landeigendafélagi við Mývatn og Laxá. Hins vegar var ég ekki á þeim fundi, þegar þetta frv. var lagt fyrir n. og hún beðin að flytja það, en ég hygg nú samt, að þetta sé rétt með farið. Nú tel ég, að það ástand, sem ríkti í fyrra, þegar óskað var að flytja þetta frv., sé að miklu leyti breytt. Það, sem knúði á um samningu þess, var upphaflegt plan um Gljúfurversvirkjun og flutning Suðurár í Bárðardal eða ofan við Bárðardal niður í Laxá og Laxárdal, og síðan 57 metra stífla í Laxárdal. Frá hvoru tveggju þessu er nú horfið. Þar með hefur málið tekið ákaflega miklum breytingum frá því í fyrra. Eigi að síður tel ég, að þetta frv. eigi fullan rétt á sér þrátt fyrir þetta, vegna þess að því var ætlað að ná út yfir miklu fleira heldur en aðeins að stöðva flutning Suðurár niður í Laxárdal og byggingu hinnar miklu stíflu. Hin margþættu náttúruauðæfi við Laxá og Mývatn eru alkunn. Og það er mjög aðkallandi að finna ráð til að varðveita þau sem allra bezt. Það er bæði fuglalífið við Mývatn og alls konar náttúrufyrirbæri önnur á þeim stað, sem eru svo mikils virði, að það verður mikið í sölurnar að leggja til að varðveita þau. Og það er ekki aðeins til þess að varðveita þessi náttúruauðæfi frá utanaðkomandi öflum, svo sem virkjanahugmyndum, heldur mun þetta vera nauðsynlegt til þess að varðveita Mývatn fyrir Mývetningum sjálfum, ef svo mætti segja. Á bökkum Mývatns eru t. d. olíutankar við hvert einasta íbúðarhús, að ég hygg, og það þarf ekki mikið út af að bera, til þess að olíutankar springi og olía flæði út um vatnið og eyðileggi í stórum stíl fuglinn. Það má líka benda á það, að um langan aldur, eða a. m. k. nú um tvo áratugi, hefur netjanotkun í Mývatni gengið ægilega nærri fuglinum þar. Síðan nælonnetin komu og síðan hraðbátar komu á vatnið og silungsveiðar eru stundaðar um allt vatn, þá hefur legið í Mývatni u. þ. b. 10 km löng netjatrossa sumar eftir sumar, 3 mánuði á hverju sumri og lengur, einmitt á þeim tíma, sem unginn er að vaxa upp og mest hættan er á að hann lendi í netjum. Ég skrifaði um þetta mál fyrir rúmum áratug og vakti athygli á þessu, en enn þá situr við það sama í þessu efni.

Það er ýmislegt fleira, sem mætti nefna í sambandi við það, að það sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varðveita Mývatn fyrir fleiru en stórvirkjunum niðri í Laxárdal. Af þessum sökum er ég því jafnt sammála og í fyrra, að þetta frv. verði skoðað í n. og n. gangi frá því með breytingum, sem nauðsynlega þarf á því að gera að vísu. Það hafa komið fram þó nokkrar raddir bæði úr Mývatnssveit og annars staðar úr héraði um breytingar á þessu frv., sem ég tel að hafi við rök að styðjast, og þess vegna þarf að skoða það vandlega og ég álít, að það sé ekki síður ástæða til þess að gera sérstök lög um verndun Mývatnssvæðisins heldur en t. d. lög um verndun Þingvalla og svæðis í kringum Þingvelli, sem sett voru fyrir eitthvað 20 árum og voru talin nauðsynleg.

Enn er það eitt í þessu sambandi, sem vakir fyrir þeim, sem samið hafa þetta frv. og flutt, þ. e. að styðja það, að upp verði sett náttúrurannsóknarstöð við Mývatn, sem hefur lengi verið til umræðu hin síðari ár og náttúruverndarráð hefur haft mikinn áhuga á, að upp kæmist. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að aðgerðir verði studdar í þá átt. Ég tel því, að nú sé alls ekki ástæða til að breyta afstöðu til þessa frv. þrátt fyrir það, að breyting hefur orðið mikil á þeim hugmyndum, sem áður voru um Gljúfurversvirkjun, af þeim ástæðum, sem ég hef nú þegar rakið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar, en mín afstaða núna er ákveðin sú, að það beri að stuðla að því að þetta frv. nái fram að ganga í aðalatriðum eins og það er nú flutt. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að gera á því breytingar. Það mætti að vísu segja, að þetta frv. ætti eðlis síns vegna að renna inn í annað frv., sem lagt var fyrir Alþ. hér í fyrra, frv. um náttúruvernd, en það komst skammt áleiðis í fyrravetur, eins og raunar þetta frv., og enn hefur það ekki fengið byr hér í þinginu, svo að maður veit ekki, hvað því líður, hvenær það muni ná fram að ganga. En ég álít, að það sé mjög merkilegt frv., ég hef lesið það, og er mjög vandað til frágangs á því í milliþinganefnd árum saman að undanförnu, og ég vona fastlega, að það komi fram hér á þinginu og verði afgreitt sem allra fyrst. En þar sem Mývatn og Mývatns-

svæðið er svo sérstætt, þá hallast ég frekar að því, að réttara sé að hafa sérstakt frv. um það, sérstök lög um það, svipað eins og sérstök lög gilda um Þingvelli og það byggðarlag, sem þar er í kring, og þann merkilega stað. Ég hallast frekar að því, að eðlilegra sé, að þetta sé sérstakt, að þetta sé ekki kafli um þessi mál í hinu almenna náttúruverndarlagafrv., sem ég vona, að komi til afgreiðslu á þessu þingi, áður en langt um líður. Þess vegna mun ég styðja að framgangi þessa frv. og að það verði skoðað í n. og að n. skili áliti um það.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér upp aðeins til þess að vekja athygli á fáeinum atriðum í ræðum þeirra manna, sem hér hafa nú talað. Ég vek athygli á því, að hv. 9. landsk. þm. (BrS) tekur hér afstöðu gegn landeigendafélaginu og gegn þeim 65 Þingeyingum, sem nú eru sakfelldir af hálfu hins opinbera fyrir baráttu sína fyrir náttúruvernd þar nyrðra. Hann kemst svo að orði, að barátta þeirra verði að teljast „náttúruvernd á villigötum". Ég skrifaði þetta orðrétt eftir honum. Ég vil láta þess getið í sambandi við upptalningu hans á samþykktum, sem gerðar hafa verið í ýmsum hreppsnefndum þar nyrðra, að mér er kunnugt um það, að í Skútustaðahreppi hefur verið samþykkt ályktun til eindregins stuðnings við málstað landeigendafélagsins, og fullyrðing hans um það t. a. m., að Reykdælahreppur hafi samþykkt ályktun andsnúna landeigendum, er staðlausir stafir. Reykdælahreppur, hreppsnefnd Reykdælahrepps, hefur þvert á móti látið í ljós fögnuð yfir hæstaréttardómi þeim, sem nýfallinn er í þessu máli, og lýst yfir eindregnum stuðningi við baráttu landeigendafélagsins. Þessar upplýsingar hef ég frá formanni landeigendafélagsins, sem staddur er hér í húsinu. Þessi hv. þm. segir réttilega, að raforkuþörf sé allmikil þar fyrir norðan. En það er annað mál. Það er annað mál, hvernig leyst verður úr þeirri raforkuþörf, þ. e. a. s. þó að sú raforkuþörf sé mikil, þá er ekki þar með sagt, að það megi beita lögbrotum til að bæta úr henni, eins og Laxárvirkjunarstjórn hefur gert. En þar fyrir hafa Þingeyingarnir ekki látið lönd og leið þetta vandamál, raforkuþörf fyrir norðan. Þeir hafa þvert á móti bent á leiðir, sem þeir telja, að megi fara til að bæta úr raforkuþörfinni fyrir norðan, t. a. m. að lögð verði háspennulína á vegum Landsvirkjunar norður yfir land frá Búrfellsvirkjun og Norðlendingum á þann hátt tryggð til bráðabirgða nauðsynleg raforka á sama verði og greitt er á Landsvirkjunarsvæðinu. Í þeim viðræðugrundvelli, sem þeir lögðu fram, landeigendafélagið, fyrir þann fund, sem ég nefndi áðan, sáttafundinn svonefnda í vetur, segir í 6. gr.:

„Vér leggjum til, að raforkumál Norðurlands verði leyst með samtengingu við Landsvirkjun eða gufuvirkjun í Námaskarði og hraðað verði undirbúningi virkjana við Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum."

Ég ætla ekki að fjölyrða um ræðu síðasta hv. ræðumanns. En ég tel það svo sem athugunarvert í sambandi við náttúruvernd yfirleitt, hvernig bændur haga sér í þeim efnum. Og það er rétt, sem hann segir, að það er oft óvarlega farið með olíutanka og annað slíkt og af því verður margs konar mengun. En þetta er nú, verð ég næstum að segja, aukaatriði í sambandi við þetta stórmál.

Út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég segja þetta. Hún kom mér á óvart, og hún olli mér vonbrigðum. Hún kom mér á óvart og olli mér vonbrigðum vegna þess, að ég er einn þeirra manna, sem enn gera sér nokkrar vonir um Framsóknarflokkinn, að hann taki einhvern tíma skýra afstöðu. Ég hef gert mér vonir um þetta, vegna þess að þetta er vilji þeirra ágætu framsóknarmanna, sem ég þekki bezt, þ. e. a. s. þeirra í Vesturlandskjördæmi. En ég er hins vegar sannfærður um það, að þessi ummæli hafa ekki komið á óvart ýmsum öðrum, afstaða þessa hv. þm., þessa gamalreynda talsmanns Framsóknarflokksins hér á Alþ., þessi afstaða hans, þ. e. a. s. afstöðuleysi hans. Hann tekur enga afstöðu í þessu stóra deilumáli, þar sem um er að ræða málssókn gegn 65 bændum þingeyskum. Það hefur verið á það bent, að þetta er svona álíka eins og höfðað væri mál gegn 65 þús. bandarískum bændum. Það þætti nú töluvert fyrirtæki. Nei, hann tekur enga afstöðu í þessu deilumáli. Hann ætlar ekki að ræða um það, hann margítrekar það, hann ætlar ekki að ræða það. Og þessi afstaða, segi ég, hún hefur áreiðanlega ekki komið á óvart ýmsum þeim, sem gefið hafa upp alla vonina varðandi Framsókn og telja, að hún sé til þess dæmd endanlega að hafa já-já og nei-nei-stefnu í hverju máli.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Inn í umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, hefur af mjög skiljanlegum ástæðum blandazt hið mikla deilumál, sem mikið hefur verið um talað og skrifað nú að undanförnu, en það eru deilurnar um virkjunina í Laxá. Það var í sambandi við þennan þátt þessara umr., sem ég vildi segja hér nokkur orð, en mér finnst nú, að þegar mál eins og þetta er hér til umr., þ. e. um náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og fyllilega má búast við því, að þessi miklu deilumál, sem þar eru fyrir hendi, komi hér einnig til umr., þá væri ekki óeðlilegt, að þeir ráðh., sem sérstaklega hafa haft með þessi mál að gera og bera af hálfu hins opinbera verulega ábyrgð á þessum málum, væru staddir hérna í þinginu og tækju þátt í umr. um málið. Ég hafði hugsað mér að beina hér í tilefni af þessum þætti málsins fsp. alveg sérstaklega til hæstv. iðnrh., sem jafnframt er forsrh., og ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann gerði tilraun til þess að fá hæstv. ráðh. til að koma hér í salinn og hlýða á mál manna um þetta efni og svara hér fsp. Ef það reynist svo, að það sé ekki hægt að fá hann til þess að mæta hér, þá mundi ég kannske reyna að beina fsp. mínum til annarra ráðh. eða a. m. k. þess ráðh., sem það mál beinlínis heyrir undir, sem hér er nú til umr., þ. e. a. s. þetta náttúruverndarfrv., en það er hæstv. menntmrh., en hann er nú ekki hér staddur heldur. Ég vildi nú óska eftir því, að hæstv. forseti gerði fyrir mig tilraun til þess að iðnrh. mætti hér í d. og svaraði fsp. minni varðandi þetta mál. **(Forseti:** Það er verið að athuga málið.) Ja, fyrst svo er, að það reynist ekki mögulegt ... **(Forseti:** Þá höfum við hæstv. menntmrh. Gæti hv. ræðu-

maður haldið fram sinni ræðu þá?) Jú, hér kemur hæstv. iðnrh. og forsrh. í salinn og það var einmitt til hans, sem ég vildi beina sérstaklega máli mínu.

Eins og ég sagði, hefur dregizt inn í umr. um það mál, sem hér er nú til umr. varðandi náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, hafa dregizt nokkuð þær miklu deilur, sem þar eiga sér stað um virkjun í Laxá á milli bænda, sem landsrétt eiga að Laxá, og Laxárvirkjunarstjórnar. Eins og ég sagði, er mjög eðlilegt, að þetta mikla deilumál, sem mjög er rætt um í landinu nú, dragist inn í umr. um þetta mál og það er kannske seinna en von var á, að málið væri tekið upp í umr. hér á Alþ. og fsp. gerðar hér út af því, sem þar á sér stað. Við höfum heyrt um það, að svo er komið, að ráðstafanir eru gerðar til þess að lögsækja 65 bændur á þessu svæði, og helzt er um það rætt, að e. t. v. verði að hneppa þá alla í fangelsi fyrir meint lögbrot. Það er allalvarlegt mál, þegar slíkt kemur fyrir. Ég hef lagt í það þann skilning, það, sem ég hef heyrt af þessu máli, að Hæstiréttur hafi í úrskurði sínum litið svo á, að Laxárvirkjunarstjórn hefði ekki á fullnægjandi hátt samkv. lögum tryggt sér rétt í sambandi við virkjunarframkvæmdir í Laxá, og á þeim grundvelli hefði verið talið réttmætt, að bændurnir gætu krafizt þess, að tilteknar framkvæmdir þar væru stöðvaðar, a. m. k. á meðan úr því fengist skorið til fullnustu, hver væri réttur bændanna og hver væri réttarstaða þeirra, sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir á þessum stað.

Svo gerist það í þessu máli, að hæstv. forsrh. hefur beitt sér allmikið fyrir því að reyna að leita sátta milli deiluaðila, frá því hefur verið skýrt. Sættir hafa ekki tekizt, og það hefur komið greinilega fram, að mér sýnist, að bændurnir hafi ekki getað sætzt á neina málamiðlunarlausn í þessu máli, á meðan Laxárvirkjunarstjórn heldur áfram fyrirætluðum framkvæmdum sínum. Þetta er svo sem ekki óvenjuleg aðstaða, þar sem deilur af þessu tagi koma upp, að það takist ekki sættir, á meðan annar aðilinn heldur fram sínum hlut og sínu verki eins og ekkert hafi í skorizt, á meðan deilan enn stendur yfir. Manni sýnist í rauninni, að eitt af því sjálfsagðasta væri að stöðva þarna allar framkvæmdir og reyna þannig að skapa grundvöll fyrir sáttum, því að grundvöllurinn sé mjög lítill og hæpinn meðan annar fer sínu fram. Bændurnir fengu í þessu tilfelli verulega viðurkenningu á sínum málstað í úrskurði Hæstaréttar, en þar var þó ekki allur sigur fenginn, vegna þess að þó að svo hafi virzt, að þeir ættu þarna mikinn rétt, bændurnir, þá er sagt við þá: Þið getið ekki stöðvað þetta verk, sem Laxárvirkjunarstjórn stendur í og hefur ekki leitað eftir fyllilegum samningum um, nema þið bændurnir leggið fram 135 millj. kr. tryggingu, til þess að það sé tryggt, að Laxárvirkjunarstjórn biði ekki skaða á einn eða neinn hátt í sambandi við sínar framkvæmdir. Ég vil nú segja, að í mínum augum eru kröfur af þessu tagi svipaðar því, að ofríkismaður vildi sölsa undir sig eignaraðstöðu fátæks manns, hefði m. a. látið jarðýtur sínar eða önnur þungaverkfæri bruna inn á lóð hans, jafnvel brjóta niður hús hans að einhverju leyti, og þegar hinn fátæki maður mótmælir þessu og krefst þess, að ofríkismaðurinn hætti, þá segir ofríkismaðurinn: Ef ég á að bakka ýtunni út úr húsinu, þá verður þú að leggja fram stóra fjárhæð til tryggingar því, að ég verði skaðlaus. Þannig er auðvitað hægt í reynd að gera rétt hins fátæka að engu.

Nú liggur það fyrir í þessu máli, að sjálft ríkið er helmingseignaraðili að Laxárvirkjun og er því allgildur aðili að þessu máli. Ég hefði því talið, að það væri full ástæða til þess, að ríkisvaldið legði hér meira af mörkum en það hefur gert til þess að fá eðlilega lausn á þessu deilumáli. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh., hvort hann teldi ekki, eins og nú er komið, fulla ástæðu vera til þess, að ríkið sem helmingseignaraðili að Laxárvirkjun beitti sér fyrir því að lýsa yfir stöðvun á öllum framkvæmdum við virkjunina þar norður frá um a. m. k. einhvern tiltekinn tíma, á meðan leitað væri sátta í deilunni. Og í öðru lagi vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort honum þætti ekki eðlilegt, eins og þetta mál hefur borið að, að beita sér fyrir því, ef ekki er hægt að stöðva verkið með öðrum hætti, að því yrði lýst yfir, að ríkið sjálft tæki að sér að leggja fram þessa tryggingarupphæð gagnvart Laxárvirkjunarstjórn, 135 millj. kr., á meðan verkið væri stöðvað og úr því skorið, hver ætti réttinn. Ég tel, að það sé með öllu óverjandi að halda áfram þessum deilum á þann hátt, sem gert hefur verið. Þær hljóta að magnast og það fer auðvitað svo, að það verður ekki aðeins ein dínamítsprengja, þær verða miklu fleiri eflaust, ef það á að þjösnast áfram í þessu máli. Það má vel vera, að það sé eitthvað til í því, sem hér kom fram í umr., að tilteknar hreppsnefndir eða tilteknir aðilar á þessu svæði og kannske bændurnir allir gætu sætt sig við einhverja tiltekna virkjunarstærð í Laxá, hvort sem hún heitir Virkjun III eða eitthvað annað, sem hér var nefnt, ef þeir hefðu fullt traust til þess, að það væri verið að framkvæma þá virkjun, sem þar er rætt um. En það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem eitthvað hefur lesið af því, sem fram hefur komið opinberlega um þessi deilumál þar norður frá, að þar er í rauninni enn verið að deila um Gljúfurversvirkjun sem heild. Á meðan undirstöðurnar eru byggðar eins og fyrir heildarvirkjun og meðan tilteknar vélar hafa verið keyptar til virkjunarinnar fyrir miklu stærri mannvirki en talað er um, að nú skuli ráðast í, þá vantar auðvitað trú á það hjá bændunum, að það sé raunverulega verið að segja þeim satt.

Þetta voru þær fsp., sem mig langaði til þess að koma hér fram til hæstv. forsrh. varðandi þann þátt þessara mála, sem hér hefur nokkuð borið á góma, en ég teldi mjög mikilsvert, að hæstv. ráðh. vildi beita sér fyrir því, að framkvæmdir við þessa umdeildu virkjun yrðu stöðvaðar í bili með einum eða öðrum hætti og á þann hátt lagður grundvöllur að því, að hægt væri að ná sáttum í þessari deilu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Inn í umr. hafa nú blandazt deilur um Laxárvirkjun, eins og síðasti hv. ræðumaður vék að. Það yrði allt of langt mál að fara að rifja það mál og þær deilur allar upp hér, en ég vil aðeins í örfáum

orðum víkja að því, sem ég tel skipta mestu máli, af tilefni þeirrar ræðu, sem hv. 4. þm. Austf. (LJós) flutti nú.

Það verður með engu móti sagt, að af stjórnvalda hálfu hafi verið þjösnazt í þessu máli. Það er ótrúlega löng saga, ef raktar væru þær tilraunir, sem af hálfu iðnrn. og af minni hálfu sem iðnrh. hafa verið gerðar á s. l. ári og alveg fram til síðasta dags til þess að reyna að ná sættum í þessu máli milli Laxárvirkjunar og landeigenda. Það hefur því miður ekki tekizt og ég skal ekki rekja það nú. Það getur vel verið, að það þyki ástæða til þess að gefa Alþ. skýrslu um það mál á síðara stigi, því að hér er auðvitað um mjög alvarlegt málefni að ræða, sem valdið hefur mjög leiðum deilum, sem gætu orðið alvarlegar deilur. Sumt af því, sem í kringum þetta hefur spunnizt, er síður en svo lítið alvarlegt. En það var í nóvember, eins og menn muna, í lok nóvembermánaðar s. l., að iðnrn. gerði tilraun til þess að ná samkomulagi um nýja virkjun við Laxá, sem kölluð var þá Laxá III, og með henni var meint af hálfu rn., að það ætti að geta verið alveg ljóst, að hinar upphaflegu ráðagerðir um Gljúfurversvirkjun væru algerlega úr sögunni. Nú náðist ekki samkomulag, eins og kunnugt er, og þó að við hefðum margir gert okkur vonir um það og þó að mér sé kunnugt um það, að í héraði eru margir aðilar og héraðsstjórnir eða sveitarstjórnir, sem telja, að þarna hefði mátt vel við una, — en ég skal ekki dómfella neina, hvorugan aðilann fyrir, að þessi sáttargerð náði ekki fram að ganga, — þá hef ég nú á þessu ári og ekki alls fyrir löngu gert eina tilraun enn. Og ég verð að segja það, að það er einlægt af minni hálfu, að ég bind ákaflega miklar vonir við það, að sú síðasta tilraun, sem nú er verið að vinna að, geti leitt til sátta. Ég skal ekki fara að lýsa henni hér, það er ástæðulaust, en sáttanefndarmennirnir tveir, sýslumennirnir í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, eru með þessar nýju tillögur iðnrn. og þar er alveg tekinn af allur vafi um það, — sem getur vel verið, að sé rétt hjá hv. þm., að menn hafi haft einhverjar ástæður til tortryggni allt fram til þessa um, — að þar er um tiltekna og ákveðna virkjun að ræða og hvorki annað eða meira fyrr eða síðar.

Um árangur af þessum tilraunum get ég ekki sagt núna, en ég get vel skilið það og það er ekkert óeðlilegt, að fram komi fsp. hér í þinginu um þetta, og ég ítreka það, sem ég sagði, að svo kann að vera, að eðlilegt væri, áður en lyki, að iðnrn. gerði hv. þm. grein fyrir málinu, Laxármálinu. Þetta er nú annað mál í raun og veru, sem er hér á dagskrá, en það hefur blandazt inn í það. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé neitt illa tekið upp og til þess að ekkert af því, sem ég segi hér nú, verði til þess að spilla þessari síðustu tilraun, þá skal ég ekki hafa orð mín fleiri. En það er verið að gera alvarlega tilraun til þess að leiða þetta mál núna til sátta, og það verður mjög fljótt úr því skorið, og þá held ég, að það væri æskilegast, að við létum hér við sitja í deilunum um þetta mál.

Ég skal ekki fara út í lögbannsmálið. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, því að þó að lagðar hefðu verið fram tryggingar og væru lagðar fram fjártryggingar, sem beðið er um, þá var aldrei lögbann við þeim framkvæmdum, sem núna er verið að vinna að. En látum það eiga sig. Mínar óskir og vonir eru þær, að það geti fundizt friðsamleg lausn á þessu máli og ég vona, að það verði mjög fljótlega, og þá finnst mér eðlilegt, að það kynni að koma að því, að rn. gerði þinginu nánari grein fyrir því á sérstakan hátt.

Umr. frestað.

Á 42., 43., 44. og 45. fundi í Nd., 3., 4., 8. og 10. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Það mun hafa verið á mánudag í síðustu viku, sem fram fór eða hófst 1. umr. hér í hv. d. um frv. til l. um náttúruvernd á vatnasviði Laxár og Mývatns. Umr. var þá frestað. Síðan hefur málið, að ég hygg, verið á dagskrá á hverjum einasta fundi hv. d., en aldrei komið til umr. Og síðast í gær var það á dagskrá, og þá voru tekin til umr. mál, sem voru fyrir neðan það á dagskránni. Það var sem sé sneitt hjá málinu á fundinum. En nú bregður hins vegar svo við, að málið er alls ekki á dagskrá. Og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forseta: Hverju sætir?

Forseti (BGr): Að svo miklu leyti sem ég ber ábyrgð á dagskrá þessarar d. var reynt á fundinum í gær að taka til umr. og afgreiða til 2. umr. allmörg frv., sérstaklega frv. frá stjórnarandstöðuþingmönnum, sem mörg hver höfðu beðið afgreiðslu jafnvel lengur en þetta mál. Það er af þeim sökum, sem fundurinn í gær var eins og hann var, og ekkert við því að segja, þó að mál, sem búizt er við stuttri umr. um, séu látin ganga fyrir málum, sem vitað er fyrirfram, að langar umr. verða um.

Hvað snertir fundinn í dag eru á dagskrá tvö þýðingarmikil stjfrv., sem búizt er við að taki ásamt atkvgr. fundartíma allan. Þess vegna þótti ekki ástæða til að setja þetta mál á dagskrá. En þar sem ég er einn af flm. málsins, vænti ég þess, að ég sé ekki borinn ásökunum um að reyna að tefja fyrir því á einn eða annan hátt, en það eru fjöldamörg önnur þmfrv., sem áttu fullkominn rétt á því að komast að.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil minna á það, að örlög þess máls, sem við erum hér að ræða um, urðu þau á síðasta þingi, að það var á dagskrá alloft, en það var ekki einu sinni afgreitt til n. Og ég vænti þess, að sá leikur eigi nú ekki að endurtaka sig, og hvet hæstv. forseta, sem jafnframt er formaður menntmn., sem flytur frv., og þar með 1. flm. þess formlega séð, til þess að ýta á um afgreiðslu þessa mjög svo mikilvæga máls.

Forseti (BGr): Það skortir ekkert á áhuga minn að koma þessu máli fram, og ég lagði mig fram um það m. a., að annað náttúruverndarfrv. kæmi til umr. í gær, og urðu um það fróðlegar umræður.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs aftur í umr. um þetta frv., eru nokkur orð, sem féllu varðandi ræðu mína hér á dögunum sérstaklega af munni hv. 4. landsk. þm., sem ég sé, að því miður er ekki hér mættur í þd., og einnig vegna annarra hluta, sem komu fram í sambandi við umr. um málið. Því miður verð ég að biðja afsökunar á *því, að einhverjum kann að finnast, að ég fjalli* ekki nema að takmörkuðu leyti um sjálft frv., en umr., sem urðu um það, gefa einmitt tilefni til þess að fjalla um ýmis önnur atriði.

Hv. 4. landsk. þm. (JónasÁ) lét svo um mælt í ræðu, sem hann flutti eftir mína ræðu, að ég hefði lýst mig andvígan Félagi landeigenda við Laxá og Mývatn og lýst mig samþykkan saksókn gegn 65 Þingeyingum vegna sprenginga á stíflu við Mývatnsósa. Af þessum sökum vil ég taka fram eftirfarandi:

Það er rétt, að ég er andvígur baráttu landeigendafélagsins gegn Laxárvirkjun III og tel hana andstæða hagsmunum alls þorra íbúa í Norðurlandi eystra. Ég vil taka enn dýpra í árinni og staðhæfa, að þessi barátta sé rekin undir fölsku flaggi, þar sem náttúruverndarsjónarmið eru höfð að yfirvarpi, en hagsmunir laxveiðibænda, og þó aðeins fárra, og draumar um hugsanlega hagsmuni af laxarækt og tekjum af veiðileyfum í óljósri framtíð eru aðaldriffjöðrin.

Þá vil ég taka fram, að ég tel meira um vert af tvennu að breyta orku Laxár í ljós, hita og til reksturs iðnaðar og ýmissar þjónustu heldur en ám gleðji nokkra sportveiðimenn, kannske innan tíðar aðeins útlendinga, og verði tekjulind fáeinna veiðibænda. Hitt finnst mér gott og blessað, ef hægt væri að gæta hagsmuna beggja, hvað ég tel gert með Laxárvirkjun III. Ég vil vekja athygli á, að margir landeigendur, sem lönd eiga að Laxá, eru ekki í landeigendafélaginu og hafa ekki viljað í það ganga, þar eð þeir aðhyllast ekki baráttu þess né baráttuaðferðir gegn virkjun Laxár. Ég bendi á, að ríkið og Laxárvirkjunarstjórn eiga það land, sem mannvirki Laxárvirkjunar III eru og verða reist á. Ég bendi enn á, að þær tvær jarðir í Laxárdal, sem hin fyrirhugaða 20 m háa stífla Laxárvirkjunar III getur hugsanlega haft lítillega áhrif á, — þ. e. hækkað í ánni án þess að hún þó gangi á engi, hvað þá tún, — eru báðar í ríkiseign. Ég bendi enn á, að Laxárvirkjun III, eins og hún hefur nú verið hönnuð, gengur hvergi lengra en stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og sýslunefnd hafa fyrir nokkrum árum kveðið sig samþykk. Ég endurtek fyrri ummæli mín, að íbúar orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar eru í mjög sárri þörf fyrir aukið rafmagn. M. a. er iðnrekstri SÍS á Akureyri, annarri aðalundirstöðu atvinnulífs Akureyrarbúa, stefnt í bráða hættu, verði raforkuskortur okkar ekki bættur hið bráðasta. Ég bendi á, að fátt eða ekkert yki öryggi héraðsbúa um Eyjafjörð, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu meir en svo aukið rafmagn, að þar megi hita öll hibýli með raforku, sem hitaveitu geta ekki fengið. Þetta nefni ég vegna hafíshættu um þessar slóðir. Enn bendi ég á, að mikilsvert er, að virkjunin fari fram innan héraðs, sé þess kostur, vegna atvinnuaukningar. Og ég leyfi mér að vekja athygli á, að samkv. nýjustu athugun virðist hver kwst. munu kosta 64—68 aura í Laxá III móti 95—110 aurum frá Lagarfossvirkjun og 105—135 aurum frá Búrfelli, svo að hér eru ekki litlir hagsmunir í húfi fyrir íbúana í Norðurlandskjördæmi eystra.

Enn vil ég vekja athygli á, að nú verðum við að framleiða mikla raforku með dísilvélum, og bara oliukostnaðurinn á kwst. er um 150 aurar. *Þeir, sem berjast á móti Laxárvirkjun III,* vilja viðhalda því, að við verðum að kaupa dýrum dómum dísilraforku og koma í veg fyrir það, að hægt sé að framleiða miklu ódýrari vatnsaflsraforku heldur en við getum fengið annars staðar frá. Það er stundum gott og blessað að geta sungið í samkvæmum „Blessuð sértu, sveitin mín“ eða „Fjalladrottning, móðir mín, mér svo kær og hjartabundin“, en hve djúpt stendur sú ættbyggðaást, þegar menn svo standa gegn því að gera heimabyggð sína byggilega, berjast gegn hagsmunum íbúanna um allt þetta kjördæmi? Þessi orð læt ég falla hér einmitt vegna þeirrar blindu, sem hefur heltekið ýmsa góða Reykvíkinga, sem hingað hafa flutt suður, ekki viljað, ekki getað, kannske ekki nennt að búa í Norðurl. e., en þykjast nú geta sagt okkur fyrir um það, hvernig bezt er að framleiða rafmagn fyrir íbúana þar.

Varðandi saksóknina gegn 65 aðilum, sem að sprengingunni við Mývatnsósa stóðu, tek ég fram, að í augum minum frömdu þeir ofríkisbrot gegn landslögum og gegn hagsmunum sjálfra sín og íbúanna í Norðurl. e. Ég teldi það skort á réttargæzlu, ef þeim væri ekki gert þetta ljóst með saksókn, sem og öllum landsmönnum. Hitt leynist mér ekki, að saksókn þessi nær ekki til þeirra, sem siðferðilega eru sekastir, þeirra, sem með áróðri eggjuðu til ofríkisverkanna. Slíkt er ekki nýtt í þjóðarsögunni.

Ég vil líka koma því að, vegna ummæla hv. 4. þm. Austf., sem ræddi um saksókn gegn 65 bændum, að hér er ekki nema að hálfu um bændur að ræða. Í Tímanum hinn 14. jan. s. l. birtist skrá yfir hina kærðu og var staða tilgreind. Samkv. þeirri skrá er 27 bændum stefnt og tveimur húsfreyjum, þ. e. konum bænda. Aðrir bera aðra titla og gegna öðrum störfum. Í leiðinni vil ég frábiðja mér afskipti hv. 4. þm. Austf. af raforkumálum Norðlendinga, og ætti hann, að ég hygg, fremur að huga að raforkumálum Austfirðinga. Hingað til hef ég a. m. k. ekki talið mér leyfilegt að skipta mér af raforkumálum Austfirðinga gegn þeirra vilja, og þá finnst mér ekki, að Austfirðingar eigi að skipta sér af raforkumálum Norðlendinga gegn þeirra vilja. Hans ummæli fundust mér í ætt við þá, sem hafa hóað í lætin, verið utanaðkomandi og hóað í lætin og tafið fyrir samkomulagi og framgöngu málsins. Undir þá grein vil ég nefna sum dagblöðin, sem hafa oft flutt rangar upplýsingar um mál þessi, svo og vissir aðilar í hljóðvarpi og sjónvarpi, sem undir flaggi hlutlauss fréttaflutnings hafa leyft sér og haldizt uppi endurteknar rangtúlkanir á Laxárvirkjunarmálum. Eitt ágætt dæmi hefur t. d. verið það, að hvenær sem eitthvað er

sagt frá Laxárvirkjunarmálum eins og þau gerast niðri í Laxárdal eða Aðaldal, þá hefur iðulega birzt á sjónvarpsskerminum mynd frá Kálfastrandarvogum, óbeint gefið í skyn, að þetta land eigi nú að sökkva líka, þó að enginn, sem þarna þekkir til, láti sér detta í hug, að Laxárvirkjun III hafi nokkur minnstu áhrif á Kálfastrandarvoga, á Mývatn né Laxá alla götu niður undir Laxárgljúfur. Nú kann einhver að spyrja og segja, að sprengingarmenn hafi verið að svara fyrir ólögmæt spjöll á eignum sínum, svo sem heyrzt hefur. Hver eru þau spjöll? Minnkuð silungsgengd milli Laxár og Mývatns hefur helzt verið nefnd. En nú vill svo til, að til er nokkuð, sem heitir skattframtöl Mývetninga, og þau bera með sér, að tekjur þeirra af silungsveiði hafa farið vaxandi hin síðari ár, einmitt eftir að þessar stíflur voru gerðar. Enn voru þarna fleiri á ferð en þeir, sem nokkurra hagsmuna höfðu að gæta, og hví leituðu ekki þeir menn, sem á sér töldu brotið, til dómstóla með réttingu mála sinna? Hvar yrði þjóðfélag okkar statt innan tíðar, ef menn hyggjast almennt taka réttargæzlu fyrir sjálfa sig í eigin hendur og neituðu að hafa hliðsjón af réttarþörf náunga sinna?

Í lok ræðu minnar síðast gat ég þess, að þrjár hreppsnefndir af fimm, sem mál þetta snerti sérstaklega, hefðu tjáð sig meðmæltar Laxárvirkjun III að meiri hluta eða hreppsnefnd Reykjahrepps einróma, Aðaldælahreppur 4 af 5, 1 setið hjá og Reykdælahreppur 4 af 5. Síðar var sagt hér, að þetta væri rangt hjá mér. Ég hafði þann fyrirvara á, að það yrði leiðrétt, ef ég færi með rangt mál, og ég skal fúslega viðurkenna hér, að það gerði ég, en ekki viljandi. Ég hafði kynnt mér vilja hreppsnefndar Reykdælahrepps og vissi, að þar var meiri hluti fyrir virkjun Laxár III, en seinna frétti ég, að niðurstaða hreppsnefndarinnar hefði verið sú að gera ekki ályktun, þar eð ekki fékkst samróma ályktun gerð, þrír voru með ákveðinni samþykkt, einn taldi hana ekki nógu skorinorða, hann var svo harður af sér, en sá þriðji vildi að vísu ekki vera algerlega á móti, en heldur ekki með. Þetta hygg ég, að sé allur sannleikur í málinu.

Í Laxárvirkjunarmálinu svonefnda hefur einkennileg múgsefjun átt sér stað. Þetta er í rauninni hagsmunaárekstur fárra sérhyggjumanna með náttúruverndarflagg að yfirvarpi við hagsmuni alls þorra íbúa í Norðurl. e., sem skortir sárlega rafmagn. Vegna skefjalauss áróðurs forvígismanna landeigendafélagsins og þekkingarskorts alls þorra landsmanna á staðháttum þarna fyrir norðan, hefur samúðin gengið á hönd ofríkismönnunum fáu, en stimplað félagshyggjumenn, sem berjast fyrir hagsmunum héraðsbúa allra, ofríkismenn. Og svo einkennilega vill til, að nú ætlar Alþb., sem við heyrum hér daglega lýsa félagshyggju sinni fögrum orðum, nú ætlar það að reyna að vinna kosningar norður í Þingeyjarsýslu á því að taka upp merki ofríkismannanna, sérhyggjumannanna, og berjast fyrir þá. Verði þeim að góðu.

Ég vil að lokum láta hér koma skýrt fram, að Laxárvirkjunarstjórn á heiður skilið fyrir þrautseigju sína fyrir framgangi virkjunar Laxár, svo margt ranglátt, sem á henni hefur dunið. Orkumálarn. á líka þakkir skilið og ríkisstj. öll fyrir aðgerðir sínar til lausnar málinu, og sáttanefndin, bæjarfógeti Akureyrar og bæjarfógeti Húsavíkur, eiga heiður skilið fyrir þeirra aðgerðir. Þegar öllu moldviðrinu, sem þyrlað hefur verið upp í kringum þetta mál, slotar, þá er það grunur minn, að margir, sem nú tala hátt og mikið gegn málinu, vildu gjarnan hafa verið hljóðari menn en þeir hafa verið.

Að lokum þetta: Víst skulum við stuðla að náttúruvernd svo sem framast er kostur, en á þann hátt, að hún torveldi ekki heilbrigt líf í landinu, torveldi hvergi íbúum þess að halda héruðum sínum í blómlegri byggð, en til þess þarf stundum að breyta einu, svo að annað náist fram, sem er þýðingarmeira. Þessi mál á aldrei að vefja í kufli sérhyggju, einstrengingsháttar og þröngsýni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér hefði nú fundizt það í raun og veru eðlilegast, að hæstv. forsrh. og iðnrh. hefði verið viðlátinn, verið hér í salnum, þegar þessi umr. færi fram og ég harma það, að þetta skyldi hafa verið tekið fyrir hér í hans fjarveru. En það mun nú ekki skipta því máli, að ég mun flytja ræðu mína þrátt fyrir það, en ég harma þetta.

Þó að ástæða væri til þess að ræða sérstakar greinar þessa frv., þá mun ég ekki gera það að þessu sinni, enda mundi það ekki þjóna neinum tilgangi, þar sem þetta frv. mun fara aftur til hv. menntmn. til frekari skoðunar og fram hefur komið, að vaxandi áhugi er fyrir lagasetningu um þetta málefni, bæði hjá hv. menntmn. og yfirleitt hjá hv. alþm. Mun því gefast kostur á að athuga þetta mál, ef ástæða sýnist til, er það kemur til meðferðar Alþ. á síðari athugunarstigum þess. En að gefnu tilefni vil ég benda á, að þetta frv. er að stefnu til samhljóða frv. því, er við þm. Framsfl. í Norðurl. e. fluttum fyrir jólin um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslu. Munurinn er sá, að í okkar frv. var miðað við að gera tilraun til að leysa deiluna um virkjun Laxár, og töldum við, að það mundi verða til þess, ef lögfest yrði, að eyða þeim ótta, sem hlutaðeigandi íbúar umræddra héraða hafa verið í, þar sem þær framkvæmdir, sem þegar eru hafnar, eru ekki það frábrugðnar hinni upphaflegu Gljúfurversvirkjun, að þær gátu að flestu leyti verið undirstaða hennar. En frv. okkar, ef að lögum verður, mundi taka allan vafa af um það efni. Hins vegar er þetta frv. sem hér er nú til umr., um takmarkaða náttúruvernd alls vatnasviðs Laxár og Mývatns. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki seinna vænna fyrir okkur að hefjast handa á þessu sviði, ef ekki á að henda óbætanlegt slys, ekki síst þegar um er að ræða svæði eins og þetta frv. fjallar um, sem er hvort tveggja eftirsótt fyrir margra hluta sakir og sennilega mjög nærnt fyrir utanaðkomandi áhrifum, sem erfitt gæti verið að bæta fyrir, þó að á því væri fullur vilji. Mér er t. d. tjáð, að sýrustig hafi hækkað mjög í Mývatni að undanförnu, jafnvel svo, að einhverju lífi þar gæti verið hætta búin. Hvað veldur þessu er e. t. v. erfitt að segja um. Hins vegar hefur ýmsum dottið í hug, að ástæður fyrir þessu gæti verið að rekja til borunar eftir heitu vatni og gufu í Mývatns-

sveit, því að allt rennsli frá þeim holum, sem þarna hafa verið gerðar, fer í Mývatn. En allt slíkt er þó enn á huldu. En þetta þarf að rannsaka og koma í veg fyrir tjón, ef rannsókn sýnir, að af þessu gæti stafað hætta og hægt er um að bæta. Í þessu sambandi má benda á, að þegar er búið að byggja a. m. k. einn sumarbústað á þessu svæði og gífurleg hætta á, að fleiri komi á eftir, ef ekki verða þegar reistar skorður við slíkum byggingum, því að ekki mun skorta áhuga á að eignast land og byggja á því sumarbústaði í slíku umhverfi, sem er við Laxá og þó sérstaklega á Mývatnssvæðinu, og alltaf eru einhverjir veikir fyrir peningum, ekki síst, ef fjárhagserfiðleikar eru fyrir hendi eins og hjá mörgu bændafólki nú.

Það er mín bjargfasta trú, að okkar þjóð eigi meiri möguleika á því en flestu öðru að hafa tekjur af því að laða hingað ferðafólk í stórum stíl, ef við getum valdið þeim verkefnum, sem til þess þarf. Í fyrsta lagi að geta tekið á móti þessum gestum svo að vel sé og hér sé eitthvað að sjá, sem er frábrugðið því, sem önnur lönd hafa upp á að bjóða. Og fyrst og fremst er þá það, sem mér sýnist skipta höfuðmáli, að við verðum svo forsjál að varðveita ósnortna náttúru á vissum svæðum í landinu og á einu þessara svæða eru einmitt þeir staðir, sem þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um. Ferðamenn koma tæplega hingað um langan veg til þess að sjá mannvirki, svo sem orkuver, og þó að draumur hæstv. ríkisstj. um að reisa hér á landi 20—30 álver yrði einhvern tíma að veruleika eða aðrar álíka raunhæfar áætlanir, þá hef ég ekki trú á því, að slík mannvirki mundu draga að ferðafólk, heldur hið gagnstæða, því að mér virðist, að í öllum löndum þyki mönnum nóg um slíkt.

Ef á annað borð á að gera okkar land að eftirsóttu ferðamannalandi, þarf að skoða þessi mál og gera sér fulla grein fyrir, hvað þarf að gera og hvað má ekki gera, til þess að það megi verða. Og ber okkur ekki, sem eigum sæti hér á hv. Alþ., að gera viðhlítandi ráðstafanir á meðan ekki er um seinan, til þess að ekki verði gerð spjöll á náttúrufegurð og náttúrufari landsins, þar sem það er sérstæðast og mikilfenglegast og skila því þannig til komandi kynslóða? Verður það ekki veglegri minnisvarði fyrir okkur, sem hér erum, en þó að t. d. breytt sé rennsli fallvatna okkar og samið við erlend auðfélög um að byggja 20—30 álver? Og í þessu sambandi vil ég spyrja hv. alþm. að því, hvað sé alvarlegasta vandamálið, sem stórþjóðirnar hafa nú við að stríða og horfa á með vaxandi ugg. Það dýrmætasta, sem þessi þjóð á, er landið og sjórinn umhverfis það á meðan við getum haldið hvoru tveggja ómenguðu. Fram hjá því skulum við ekki ganga.

Hv. 9. landsk. þm. (BrS) sagði m. a. í umr. um þetta mál hér um daginn, með leyfi forseta:

„Ég skoða náttúruvernd sem gott mál svo lengi sem það fer ekki á þær villigötur að torvelda manninum að búa góðu lífi í sínu heimalandi."

Ég get ekki betur séð en hv. 9. landsk. þm. sé kominn í alvarlega andstöðu við formann Alþfl., hæstv. menntmrh. Ég man ekki betur en ráðh. væri kominn að þeirri niðurstöðu eftir að hafa stjórnað með íhaldinu í öll þessi ár, að það væri ekki allt fengið með hinum veraldlegu verðmætum. Það væri meira virði að lifa fögru mannlífi og að því ættum við að stefna. Sumir tóku þessi ummæli hæstv. menntmrh. á þann veg, að þau bentu til þess, að hann væri farinn að hafa samvizkubit af stjórnarstefnunni og væri nú farinn að hugsa til hreyfings. En hvað um það? Það er enginn vafi á því, að í þessu efni er í mörgum tilfellum fráleitt að láta peningasjónarmið ráða. Peningasjónarmiðið er ekki sú mælistika, sem á að nota í slíku máli.

Það var að heyra á hv. 9. landsk. þm., að það skipti einhverju máli, hvort náttúruverndarráð í heild eða einn af þeim eða einhver annar hefði samið þetta frv. Ég get ekki séð, að frv. sé betra eða verra fyrir það, hvað eða hverjir hafa samið það, það skiptir minnstu, heldur hitt, hvernig það er og eftir því á að meta það. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. 9. landsk. þm., að þörfin fyrir raforku er mjög mikil og brýn í þessum landshluta og það er annað mál. Það sýnir bezt, hvernig forustan hefur verið í þessum málum. En að því mun ég koma betur síðar. Og enn segir hv. 9. landsk. þm., með leyfi forseta:

„Þetta er deila milli landeigenda við Laxá og hinna fjölmörgu og miklu fleiri íbúa héraðsins, sem vantar aukið rafmagn. Þetta er þó ekki einu sinni deila allra landeigenda við Laxá, því að ríkið á margar jarðirnar, sem liggja að Laxá."

Þetta leyfir hv. þm. sér að segja, þó að hann hljóti að vita, að þetta er óralangt, — ég sagði óralangt frá sannleikanum. Og þó virðist hv. þm. vilja leiða sannleikann í ljós í þessu máli, en annað var ekki að heyra á honum, bæði um daginn og hér áðan, þegar hann talaði fyrir stundu. Ja, sannleikurinn virðist taka á sig margvíslegar myndir eftir því, hver á heldur. Og af þessu tilefni vil ég lesa nokkrar ályktanir frá ýmsum aðilum, er ættu að sýna, hvað rétt er í þessu máli, með leyfi forseta. Ég vil þá byrja á því að lesa hér upp samþykkt, sem var gerð á aðalfundi Stéttarsambands bænda á s. l. hausti, en þar eru, eins og hv. þm. vita, mættir fulltrúar bændanna úr öllum héruðum landsins, en þessi ályktun var samþ. samhljóða:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1970 leggur ríka áherzlu á, að náttúru landsins verði ekki spillt með mannvirkjagerð af hálfu einstaklinga, félagasamtaka eða opinberra aðila. Fundurinn gerir þá kröfu, að opinberir aðilar ákveði ekki breytingu á rennsli fallvatna, stíflugerðir eða önnur mannvirki, er áhrif hafa á umhverfi sitt, nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi bænda, sveitarfélaga og náttúruverndarráðs. Fundurinn leggur áherzlu á aukna verndun og ræktun íslenzkra veiðivatna til fjölbreyttari atvinnuhátta í sveitum landsins og þjónustu við ferðamenn. Að gefnu tilefni vill fundurinn vekja sérstaka athygli á einstæðu náttúrufari Mývatns- og Laxársvæðisins. Fundurinn lýsir fullum stuðningi sínum við þau sjónarmið, að þetta svæði beri að verja um aldur og ævi gegn hvers konar náttúruspjöllum af manna völdum og skorar á Alþ. og ríkisstj. að tryggja verndun þess með löggjöf."

Á 13. þingi framsóknarmanna í Norðurl. e., þar sem voru saman komnir fulltrúar úr öllum hrepp-

um og bæjum á þessu svæði, var enn fremur samþykkt samhljóða eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Þá harmar kjördæmisþingið þann undirbúning nýrra virkjana í Laxá, sem reynzt hefur ófullnægjandi og m. a. hefur leitt af sér hinar hörðu deilur milli Laxárvirkjunarstjórnar og Félags landeigenda við Laxá og Mývatn. Þingið hvetur eindregið til sátta milli deiluaðila, lýsir fylgi við þau almennu náttúruverndarsjónarmið og styður þær vatnsborðshækkanir einar í Laxá vegna raforkuöflunar, sem samkomulag næst um milli deiluaðila að undangenginni líffræðilegri rannsókn á vatnasviði Laxár og Mývatns. Kjördæmisþingið telur nauðsynlegt að endurskoða reglur um eignaraðild að Laxárvirkjun og gefa öllum sveitarfélögum á orkusvæðinu kost á aðild".

Þessi samþykkt var samþ. samhljóða á hinu fjölmenna þingi á Akureyri, sem framsóknarmenn héldu í haust sem leið. Og í sambandi við það mál, sem hér er til meðferðar, vil ég leyfa mér að lesa upp ályktanir nokkurra hreppsnefnda, með leyfi forseta. Og hér kemur þá fyrst:

„Grænavatni, 28. 1. 1970.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 6. þ. m. var samþ. svofelld bókun, 2. mál:

Oddviti las upp uppkast að frv. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Sveitarstjórnin lýsir ánægju sinni yfir, að slíkt frv. komi fram, enda áður yfirlýst stefna sveitarstjórnarinnar samkv. fundargerð frá 7. maí 1969. Sveitarstjórnin telur þó nauðsynlegt, að annaðhvort í nefndu frv. eða í reglugerð séu nánari ákvæði um varnir gegn mengunarhættu af völdum olíu, skolps eða af öðrum eiturefnum, svo sem þvottaefni o. s. frv.

Virðingarfyllst,
oddviti Skútustaðahrepps."

Hér kemur annað frá Reykdælahreppi, dags. sama dag, 28. 1. 1970:

„Á fundi hreppsnefndar Reykdælahrepps 29. des. 1969 var tekið fyrir til umr. frv. til l. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár, er hreppsnefnd hafði verið sent til umsagnar. Eftirfarandi bókun var gerð:

Hreppsnefnd Reykdælahrepps mælir með því, að sett verði sérstök lög um takmarkaða friðlýsingu Mývatns- og Laxársvæðisins svipuð og gert er ráð fyrir, sbr. frv. það til l., er fyrir liggur. Þó vill hreppsnefndin benda á, að rétt muni vera að tilgreina nánar, hvað er Laxársvæði."

Og þetta er undirskrifað af oddvitanum, Teiti Björnssyni.

Svo er hér mikil grg., sem ég hef milli handanna og er frá samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi. Í þessari grg., sem er mjög yfirgripsmikil og ítarleg, er mælt með því, að þetta frv. sé samþ., en undir þetta skrifa Helgi Hallgrímsson safnvörður, Akureyri, Hjörtur E. Þórarinsson, bóndi á Tjörn, Árni Sigurðsson sóknarprestur, Blönduósi, Egill Bjarnason ráðunautur, Sauðárkróki, og Jóhann Skaftason sýslumaður, Húsavík.

Hv. 9. landsk. þm. sagði í sinni ræðu um daginn, að hreppsnefndirnar í Reykjahreppi og Aðaldælahreppi og hreppsnefndin í Reykjadal kvæðu sig samþykkar virkjuninni, einn á móti. Og svo segir hv. þm., með leyfi forseta:

„Dettur ykkur nú í hug, að það sé rétt, sem stundum hefur verið haldið fram, að það sé verið að níðast á Þingeyingum í þessu máli, þegar hreppsnefndirnar taka málinu svona?"

Ég fékk hér um daginn frá iðnrn. þær ályktanir, sem því höfðu borizt um þetta mál. Enn fremur barst mér símskeyti frá oddvita Reykdælahrepps með bókun hreppsnefndar þar um málið, sem er frá Jóni Jónssyni á Þverá og staðfest af oddvita, Teiti Björnssyni. Þetta símskeyti er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það vottast hér með, að engin atkvgr. hefur farið fram í hreppsnefnd Reykdælahrepps um svokallaðar miðlunartillögur sáttasemjara í Laxármálunum.

Oddviti Reykdælahrepps,
Teitur Björnsson."

Og hér er bókunin, sem var gerð á sama fundi:

„Árið 1971, 11. jan., kom hreppsnefnd Reykdælahrepps saman til fundar á Brún. Mættir voru aðalmenn aðrir en Ingi Tryggvason, en í stað hans mætti Guðmundur Gunnarsson. Tilefni fundarins voru tilmæli, er borizt höfðu frá iðnrn. um umsögn um virkjunarmál Laxár. Lesin voru og rædd ýmis plögg málinu viðvíkjandi, en ekki varð samkomulag um ályktun. Hins vegar vill hreppsnefndin fagna þeim árangri, er náðst hefur um viðurkenningu á umráðarétti bænda á löndum sínum fyrir baráttu landeigendafélags Laxár og Mývatns."

Þetta er sú bókun, sem gerð var á þessum fundi. Og hér er fyrir framan mig bókun frá hreppsnefnd Reykjahrepps:

„Við undirritaðir hreppsnefndarmenn Reykjahrepps höfum kannað sáttatillögur iðnrn. og önnur gögn, sem okkur hafa verið send, og gert eftirfarandi bókun:

Eins og málið stendur í dag, fögnum við þeirri ákvörðun stjórnar Laxárvirkjunar að vera horfnir frá Gljúfurversvirkjun, þ. e. vatnaflutningi úr Suðurá og Svartá yfir í Kráku og þaðan í Laxá. Jafnframt lýsum við stuðningi okkar við framkomið bréf iðnrn., dags. 13. maí 1970, þar sem það er í nær öllum atriðum í samræmi við samþykkt sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu á sýslufundi á árinu 1969".

Undir þetta skrifa Stefán Óskarsson, Sigtryggur Árnason og Þórarinn R. Jónsson.

Hér er svo umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur tillögur iðnrn. algerlega óaðgengilegar og lýsir undrun sinni á kortinu af Birningsstaðaflóa, sem með fylgir og virðist auðsjáanlega rangt. Sveitarstjórnin lítur svo á, að stjórn landeigendafélagsins sé sá aðili, sem á að fjalla um þessi mál og semja beri við. Hins vegar telur sveitarstjórnin,

að umræðugrundvöllur geti verið fyrir framkvæmdum í Laxá, ef þær rannsóknir, sem nú eru ákveðnar, leiði ótvírætt í ljós, að slíkt sé með öllu hættulaust. Sveitarstjórnin lítur svo á, að óhjákvæmilegt sé að stöðva þær byggingarframkvæmdir, sem nú eru hafnar, meðan rannsóknir standa yfir.“ Rétt afrit vottar Sigurður Þórisson oddviti.

1971, fimmtudaginn 14. jan., boðaði oddviti Aðaldælahrepps hreppsnefndarfund á Sandi skv. kröfu Guðmundar Hallgrímssonar og Kristjáns Ástvaldssonar í bréfi dags. 13. 1. 1971. Allir hreppsnefndarmenn voru mættir. Fundarefni voru tilmæli iðnrn. um það, að hreppsnefnd segði frá áliti sínu um virkjun í Laxá. Málið var allmikið rætt, og kom fram eftirfarandi tillaga, sem var samþykkt með 4 atkv.:

„Vegna tillagna iðnrn. um virkjunarframkvæmdir í Laxá hjá Brúum telur hreppsnefnd Aðaldælahrepps óæskilegt, að hætt sé við 1. áfanga virkjunarinnar með hliðsjón af þeim tilögum, sem sýslumennirnir lögðu fram sem sáttagrundvöll á s. l. ári.“

Friðjón Guðmundsson gerði eftirfarandi grein fyrir sinni skoðun á málinu: „Með tilvísun til þess, að landeigendafélag Laxár og Mývatns sé löglegur samningsaðili við Laxárvirkjunarstjórn um virkjunarframkvæmdir í Laxá, tel ég óeðlilegt, að einstakar hreppsnefndir hafi þar afskipti af. Og þar sem ég fæ ekki séð, að afskipti hreppsnefndar geti stuðlað að lausn deilunnar, tel ég ekki rétt, að hún blandi sér í þetta viðkvæma mál“.“ Undir þetta skrifa allir hreppsnefndarmennirnir.

Þar sem eitt skjal enn hefur borizt iðnrn. og ég er með það hér í höndunum eins og önnur plögg, tel ég rétt að lesa það, en þá eru líka upp taldar þær umsagnir, sem hafa komið um þetta mál:

„Í tilefni af þeim viðræðum, sem nú fara fram um Laxárvirkjun, vil ég ítreka við hið háa rn. ályktun bæjarráðs Húsavíkur 16. marz s. l. um stuðning við frekari virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Stöðvun virkjunarframkvæmda nú mundi hafa mjög alvarleg áhrif á atvinnuástand héraðsins og auka enn röskun á búsetu þess fólks, sem nú starfar eða elst upp í þessum landshluta.

Bæjarstjórinn á Húsavík,
Björn Friðfinnsson.“

Þá hef ég lesið allt, sem borizt hefur iðnrn. vegna tilmæla þess til hreppsnefnda í Suður-Þingeyjarsýslu um umsögn um tillögur sáttanefndarinnar í þessari deilu, og enn fremur bókun og afgreiðslu hreppsnefndar Reykdælahrepps á málinu. Og það hef ég gert vegna ummæla hv. 9. landsk. þm. (BrS) um afstöðu þessara aðila. Ég læt svo hv. alþm. það eftir að draga sínar ályktanir af þessum afgreiðslum og hvort þeir komast að sömu niðurstöðu eða einhverri annarri en hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Ég hef að vísu lesið lítið hér af öllum þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið víðs vegar um land um áskoranir til stjórnarvalda að þyrma Laxár- og Mývatnssvæðinu, enda ætti það að vera óþarfi, því að dagblöðin hafa birt þær undanfarin 2 ár. Og er það ekki í raun og veru merkilegt, að hv. þm. skuli svo halda því fram hér í sölum Alþingis, að þessi deila sé á milli landeigenda, og ekki einu sinni allra landeigenda, annars vegar, en hins vegar allra annarra? Ég verð nú að segja það, að þetta er vægast sagt undarleg niðurstaða, hvaðan svo sem þessi fluga er komin. Deilan stendur á milli landeigenda í raun og veru og ríkisstj., og menn eru svo sjálfráðir að því, hvaða ályktanir þeir draga af því, sem fyrir liggur um þetta mál, með hvorum aðilanum hver og einn telur, að almenningur í landinu standi. Það ætla ég mér ekki að ræða við hv. þm., á því er engin þörf. Hitt vil ég vona, að sem allra fyrst finnist lausn í þessu máli, lausn, sem flestir geta sætt sig við, því að við höfum sannarlega næg verkefni, þó að kröftunum sé ekki eytt á þennan hátt, fyrir utan alla þá fjármuni, sem fara í þann málarekstur, sem deilu þessari fylgir.

Hafa menn hugleitt það í alvöru, á hvaða stig þessi deila er komin, þegar ráðsettir bændur og húsfreyjur telja sig knúin til þess að fjölmenna til slíkra aðgerða, sem unnar voru, þegar stíflan í Miðkvísl var sprengd í sumar? Hefðu þarna verið að verki nokkrir unglingar, væri allt annar svipur á þessu máli. En þegar bændur og húsfreyjur þeirra taka þá ákvörðun að grípa til svo alvarlegra aðgerða að sprengja upp mannvirki og safna um sig fjölmenni af þessu tilefni, hlýtur að liggja í augum uppi, að frá sjónarmiði þessa fólks er meira í húfi hvernig þessari deilu lyktar en spurningin um það, hvað hver kwst. af rafmagni kostar með því að virkja í þessum stað eða hinum. Þetta fólk telur sig vera að verja það, sem því er e. t. v. dýrmætast af öllu, koma í veg fyrir, að áthagarnir verði fyrir raski af völdum hvers konar mannvirkjagerðar umfram það, sem brýnasta þörf er á til þess að lifa eðlilegu lífi fyrir þá, sem byggja þessi héruð. Það er vitað, að menn hafa skiptar skoðanir á því, hvort þessi afstaða þessa fólks sé skynsamleg og jafnvel hvort eigi að taka nokkurt tillit til slíkra sjónarmiða, það sé peningasjónarmiðið, sem eigi að ráða og annað ekki. Hv. 9. landsk. þm. er einn af fulltrúum þeirra sjónarmiða, eins og fram hefur komið í báðum ræðum hans. Eftir hans málflutningi að dæma á ekkert tillit að taka til afstöðu þeirra, sem búa á umræddu svæði og eiga landið og hafa lífsafkomu af því, heldur miklu fremur annarra, sem þó geta tæpast verið beinir aðilar að þessu máli. En hvað um Sjálfstfl., flokkinn, sem þykist berjast fyrir eignarréttinum, flokk hæstv. forsrh. og iðnrh.? Er ekki hans afstaða, a. m. k. eins og hún kemur enn fram í þessu máli, hálfundarleg í ýmissa augum? Eða er Sjálfstfl. e. t. v. hættur að virða eignarréttinn? Og er þá flokkur hv. 4. landsk. þm., Jónasar Árnasonar, búinn að skipta hlutverki við Sjálfstfl. að þessu leyti? Hann virðist vera farinn að berjast fyrir eignarréttinum. Það er margt undarlegt í kýrhausnum og ég held, að ekki veitti af sérfræðingum til að fylgjast með öllum þeim vendingum, sem virðast eiga sér stað í þessum flokkum.

Ég hef haldið því fram frá því í byrjun þessarar deilu, að óhugsandi væri að fara út í svona mannvirkjagerð, nema fyrir lægi áður fullt sam-

komulag um hana á milli aðila. Það sýnir sig nú, að það hefði verið hollast fyrir alla, að ráðamenn þjóðfélagsins hefðu haft sömu skoðun á því máli og farið eftir henni. Það er alveg rétt hjá hv. 9. landsk. þm. (BrS) að þörfin fyrir aukna raforku er mjög mikil á þessu svæði og verður ekki hægt að komast hjá því að bæta úr henni hið bráðasta. Og ef þetta mál er athugað nánar, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvernig forusta stjórnarvalda sé í þessum málum, hvað hafi verið gert af þeirra hendi til að sjá þessu svæði fyrir raforku og eftir hvaða leikreglum sé farið. Var því ekki lýst yfir af stjórnarvöldum, þegar ákvörðun var tekin um Búrfellsvirkjun, að næsta virkjun yrði Dettifossvirkjun? Muni ég þetta rétt, hvað hefur þá verið gert til þess að standa við það fyrirheit? Fyrir tveimur árum, meðan enn var tími til skynsamlegra aðgerða í okkar virkjunarmálum, spurði ég hæstv. fjmrh. hér á Alþ. að því, hvort þess væri ekki að vænta, að rannsóknum á Dettifossvirkjun yrði haldið áfram og hvort ekki væru fyrirhugaðar rannsóknir á Skjálfandafljóti hjá Íshólsvatni. Þá átaldi ég það, að ekki skyldu vera rannsakaðir þeir möguleikar, sem kynnu að vera fyrir hendi í Skjálfandafljóti, áður en gerðar væru áætlanir um vatnaflutning úr því fljóti í Laxá. Ég taldi, að þarna hefði verið farið alveg öfugt að hlutunum. Hæstv. fjmrh. gaf þá þær upplýsingar, að á næsta sumri, þ. e. sumarið 1969, yrðu lagðar 5 millj. í rannsóknir við Dettifoss og mundi sú rannsókn, sem hægt væri að gera á einu sumri fyrir þessa fjárupphæð, leiða í ljós vitneskju um hagkvæmni þessara virkjana umfram það, sem þá lá fyrir. En fullnaðarrannsókn og undirbúningur undir virkjun þarna mundi kosta um 30 millj. og taka 3 ár að sögn fjmrh. Ég veit ekki til, að þessi rannsókn, sem sagt var, að ætti að fara fram á Dettifosssvæðinu sumarið 1969, hafi enn farið fram. Hins vegar hef ég hlerað, að á vegum Orkustofnunar hafi farið fram á síðasta sumri rannsókn á Jökulsá á Fjöllum, ekki á virkjun þar, heldur á því, hvaða möguleikar væru á að veita þessu fljóti austur á land. Og engin athugun hefur farið fram á Skjálfandafljóti, svo að ég viti til. Þannig er unnið að þessum málum og á þessu sést, hvernig forusta þjóðarinnar er í reynd og hvernig fjármunum hennar er varið. Á þessu sést, að það er fyrst og fremst um að kenna forustu þjóðarinnar í þessum málum, hvernig komið er raforkuskortinum á Norðurl. e. Það er enginn undirbúningur fyrir aðra virkjun á þessu svæði en við Laxá og hins vegar liggur það fyrir, að möguleikar til virkjunar eru nægir í þessum landshluta og þarf því ekki að taka Laxá vegna þess, að hún sé síðasti virkjunarmöguleikinn, sem umrætt svæði hefur, en þá ályktun hefði mátt draga af ræðu hv. 9. landsk. þm. (BrS) áðan. Það er sjálf yfirstjórnin, sem hefur brugðizt í þessu máli eins og mörgum öðrum á liðnum árum og þaðan er fyrst og fremst að leita orsaka þess, hvernig þessum málum er komið.

Það væri full ástæða til þess að ræða þetta atriði meira, en ég mun ekki gera það að þessu sinni. Það má að vísu segja, að sá valdi miklu, sem upphafinu veldur. Hverjir eru höfundar Gljúfurversvirkjunar, eða hvaðan er sú hugmyndafræði komin? Er sú stefna upp fundin af okkur framsóknarmönnum? Átti hv. 4. landsk. þm. (JónasÁ) við það, þegar hann talaði um stefnuleysi okkar í geðvonzkukastinu hér um daginn? Hvaðan er þessi óraunhæfa áætlun komin? Er hún komin frá mönnum, sem eru á einhvern hátt skoðanatengdir okkur? Ef það væri, að þessi byltingarkennda áætlun um Gljúfurversvirkjun væri frá okkur komin, sem felur það í sér að gerbreyta heilum héruðum, sem enginn getur sagt um eða séð fyrir, hvað gæti leitt af sér, ef framkvæmd hefði verið, þá væri ekkert undarlegt við það, þó að að okkur væri sótt í þessu máli. Hv. 4. landsk. þm. gæti e. t. v. upplýst það, hvaðan þetta er komið og talað svo um stefnu sinna manna og stefnuleysi okkar þar á eftir. Við vorum ekki spurðir ráða eða til okkar leitað í þessu máli fyrr en það var komið í harðan hnút, og hæstv. ríkisstj. þarf ekki að ganga þess dulin, að ég tel, að hún hafi fyrst og fremst bundið þessa hnúta, sem valdið hafa Laxárdeilunni, og beri því höfuðábyrgðina á því, hvernig málum er komið og beri því að leysa þau, enda ekki á annarra færi.

Hvað sem um þetta — framhald á virkjun í Laxá — verður, þá á að reisa næstu virkjun fyrir norðan, en ekki sunnan. Þar er nú tilfinnanlegur orkuskortur, eins og margoft hefur komið fram í þessum umr. Fyrir því munum við þm. Framsfl. í Norðurl. e. hefja harða baráttu að fá það fram, sé þess nokkur kostur. Ég ætlast ekki til þess, að neinn dragi þær ályktanir af því, sem ég hef sagt hér um þetta mál, að ég slái því föstu, að ekki megi virkja meira en orðið er í Laxá eða það sé óhætt að virkja þar eitthvað ákveðið upp að einhverju vissu marki. Ég hef enga þekkingu á því atriði og því lítið upp úr slíkri fullyrðingu leggjandi. Og ég efast mjög um það, að hv. alþm. hafi það heldur. Um hitt ættum við að geta orðið sammála, að í þessu máli eins og í öllum öðrum verður að fara að lögum og þá ekki sízt hæstv. ríkisstj. En hefur það verið gert? Bendir úrskurður Hæstaréttar til þess? Er ekki sá úrskurður byggður á því, að fyrst og fremst undirbúningi hafi verið ábótt, og átti sá undirbúningur ekki að fara fram, áður en ráðherraleyfið var gefið um framkvæmdir? Það væri ekki úr vegi, að hæstv. forsrh. eða einhver annar ráðh. svaraði þessum spurningum. En þrátt fyrir öll mistök vona ég, að rannsóknir muni leiða í ljós, að ekki sé miklu hætt, þó að takmörkuð virkjun, sem miðuð væri við þær sérstæðu aðstæður, sem þarna eru fyrir hendi, væri gerð í Laxá, á meðan verið er að undirbúa aðra virkjun í Skjálfandafljóti eða Jökulsá á Fjöllum. Hitt undirstrika ég alveg sérstaklega, að ekkert slíkt verður gert nema með fullu samkomulagi við landeigendur, því að ég lít svo á, að þó að menn séu fátækir og eignir þessara landeigenda séu e. t. v. ekki metnar hátt eftir mælistiku valdhafanna, þá er þetta þeirra land, þeirra eign og fátæki maðurinn hefur líka sinn rétt, a. m. k. í minum augum.

Er þjóðin búin að gleyma gamla spakmælinu, sem ætti og verður að vera í fullu gildi hér eftir sem hingað til og enginn má láta sér úr minni falla, jafnvel ekki í hita átakanna? Þar ætti þó hæstv. ríkisstj. að ganga á undan öllum öðrum í

verki og þá mundu spjöld sögunnar e. t. v. minnast hennar með öðrum hætti en nú horfir í þessu máli, en þetta spakmæli er: „Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.“

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. til l. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár. Í raun og veru þarf ég ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., vegna þess að ég er í öllum aðalatriðum sammála því, sem fram kemur í frv. Markmið þessa frv. eða laga, ef frv. verður að lögum, er að vernda hið sérstaka náttúrufar við Mývatn og Laxá í Þingeyjarsýslu. Þetta er höfuðmarkmiðið, að vernda náttúrufar við Mývatn og Laxá. Þess vegna hlýt ég að fagna frv., sem hefur það að markmiði að gera slíkt. Mývatnssveit er, eins og við allir vitum, sem þangað höfum komið, — og ég geri ráð fyrir, að allir þm., sem hér eru inni, hafi komið þangað, — Mývatnssveit er einn mesti unaðsreitur á landinu og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu er líka hin mesta perla. Þess vegna er það alveg ljóst og hlýtur svo að vera, að ég og margir, sem hugsa líkt og ég í þessu máli, munu leggja því lið, að frv. sem þetta nái fram að ganga, frv., sem hefur það að markmiði að vernda líf og gróður á þessu landsvæði.

En inn í umr. um þetta frv. hefur annað mál dregizt nokkuð, þ. e. virkjunaráformið í Laxá, svokölluð Laxárdeila. Og menn hafa yfirleitt talað meira um Laxárdeiluna eða um Laxármálið heldur en um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég tel ekki óeðlilegt, að á þetta mál sé minnzt, því að hér er um skylt mál að ræða. Hins vegar vil ég taka það fram, eftir að hafa hlustað á þær umr., ekki sízt þær umr., sem fram fóru hér um daginn, að það er ekki alveg sama, hvernig um þetta mál er rætt, og sérstaklega tel ég það óforsvaranlegt að ætla sér að fara að ræða þetta mál hér á flokkspólitískum grundvelli eða fara að gera þetta mál að einhverju sérstöku flokksmáli. Ég veit ekki til, að neinn flokkur hafi tekið á sig sérstakt forsvar fyrir þessu virkjunarbrölti öllu saman, né heldur að nokkur sérstakur flokkur hafi tekið að sér andstöðu gegn stórvirkjuninni. Áhuga á stórvirkjun í Laxá má finna meðal fólks í öllum stjórnmálaflokkum. En skilningsleysi á náttúruvernd og þessi ofdýrkun á mannvirkjagerð, sem algeng er, hefur verið skæður faraldur hér á landi um langt skeið og áreiðanlega náð til fólks í öllum stjórnmálaflokkum. Og þegar menn eru núna loksins að ranka við sér og sjá, að við erum á góðri leið með að tortíma sjálfum okkur með eiturefnum, með náttúruspjöllum, þá veit ég ekki til, að það fari eftir stjórnmálaskoðunum, hversu fljótir menn eru að átta sig á því, hvert stefnir í þessum málum. Þó get ég ekki stillt mig um að geta þess, að framsóknarmenn þurfa ekki að bera neinn kinnroða vegna þessara mála almennt. Náttúruverndaráhugi er mikill meðal framsóknarmanna og þeir hafa fullan skilning á nauðsyn mengunarrannsókna og aðgerða til þess að stemma stigu fyrir þeim vágesti og öðrum náttúruspjöllum. Ég vil í þessu sambandi minnast þess, að Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., mun fyrstur manna hafa gert rannsóknir og varnir gegn mengun að sérstöku þingmáli og tillaga frá honum um það efni hefur verið samþ. hér á Alþ. Og ég veit ekki til, að það sé til öllu einlægari náttúruverndarmaður í þessu landi en fyrrv. formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson. Og mér er ekki kunnugt um, að önnur blöð en Tíminn hafi helgað náttúruvernd sérstaka fasta dálka.

Herra forseti. Ég minnist alls ekki á þetta að tilefnislausu. Ég minnist á þetta m. a. að gefnu tilefni frá einum þeirra hv. þm., sem hér töluðu við þessa umr. um daginn, og þessi hv. þm. er 4. landsk. þm., Jónas Árnason. Allur hans málflutningur hafði á sér þann blæ, að Alþb.-menn og Alþb. sem stjórnmálaflokkur — að Alþb.-menn væru sérstakir postular náttúruverndar og þá sérstaklega að því er varðar náttúruvernd við Laxá og Mývatn. Og til þess að undirstrika það var hv. 4. þm. Austf., formaður þingflokks Alþb., látinn taka þátt í umr. Það átti að undirstrika, að Alþb.-menn væru öðrum fremur náttúruverndarmenn og þá alveg sérstaklega flokkur þeirra og þeirra menn hefðu frá upphafi staðið fremst í fylkingu í baráttunni gegn stórvirkjunum í Laxá. Ég skal ekki draga í efa, að meðal ýmissa Alþb.-manna sé mikill áhugi á náttúruvernd yfirleitt og á vernd Laxár og Mývatns sérstaklega, enda má slíkan áhuga finna hjá fólki í öllum stjórnmálaflokkum. Og ég skal ekki og mun ekki draga í efa áhuga ýmissa þm. Alþb. á náttúruverndarmálum yfirleitt, og sízt af öllu ætla ég að efast um áhuga hv. þm. Jónasar Árnasonar persónulega. En af hv. þm. heldur, að hann geti slegið sig til riddara á því, að flokkur hans, Alþb., sé öðrum fremur náttúruverndarflokkur, þá bregzt honum bogalistin. Auðvitað er Alþb. enginn sérstakur náttúruverndarflokkur og Alþb.-menn þar af leiðandi engir sérstakir útvaldir náttúruverndarenglar.

Laxárdeilan er hér mjög til umr. og hún blandast inn í þetta mál. Ég hef mína skoðun á því máli. M. a. hef ég gert mér far um að grafast fyrir upptök deilunnar, a. m. k. reyna fyrir mitt leyti að öðlast skilning á því atriði, enda veldur sá miklu, sem upphafinu veldur, eins og hv. þm., sem hér var að tala áðan, orðaði það. Og hvert er upphaf deilunnar? Upphaf deilunnar er m. a. að rekja til kunnasta mannvirkjafræðings í Reykjavík, Sigurðar Thoroddsen verkfræðings, sem hefur haft af því drjúgt framfæri um margra ára skeið að segja fyrir um það, hvernig hagkvæmast sé að virkja Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Það var þessi alþekkti og stórtæki virkjunarhönnuður, sem bjó til Gljúfurversáætlunina frægu, þá miklu Gljúfurversáætlun, þar sem gert var ráð fyrir því að virkja Laxá í 4 eða 5 áföngum, sökkva Laxárdal undir vatn, flytja ár, sem fyrrum runnu í vestur, í nýjan farveg í austur gegnum Mývatnssveit út í Laxá og auka þannig vatnsmagn þeirrar ár. Það var þessi áætlun, þetta virkjunarbrjálæði Sigurðar Thoroddsen, sem hleypti skriðunni af stað. Því miður gleypti Laxárvirkjunarstjórn þessa flugu helzta virkjunarsérfræðings Alþb. og fór svo að pukrast við það í samráði við einhverja ráðh. að framkvæma þetta plan Sigurðar Thoroddsen. Það var ekki haft fyrir því að spyrja Alþ. um þetta mál og það var ekki haft fyrir því að leita álits einstakra þm. Þess var gætt, að þm. fengju ekkert að vita um þetta fyrr en í óefni var

komið og þá stendur ekki á getsökum og því, sem á eftir fer, þegar óhlutvandir menn eiga í hlut, að reyna að græða pólitískt á þessum óskapnaði öllum saman, sem m. a. á upptök sín í hugvitssömum kolli aðalvirkjunarspekings Alþb.

Ég vil því í fullri vinsemd beina því til Alþb.-manna að leika hér ekki engilhlutverk. Þeim ferst það ekki. Ég ætla ekki að gera hlut okkar þriggja þm. Framsfl. í Norðurl. e. meiri eða stærri en hann er í þessu máli. En ég vil þó, að það komi fram, að við höfum fyrst og fremst leitazt við að gera tvennt í sambandi við Laxárdeiluna. Í fyrsta lagi að beita áhrifum okkar í þá átt, að deiluaðilar mættu sættast. Í öðru lagi að stuðla að því, að mannvirkjagerð yrði ekki til þess að spilla sérstæðri náttúru á vatnasviði Laxár og Mývatns og tryggja, að laxræktarmöguleikar í ánni héldust. Þetta hefur verið okkar stefna í málinu og öll okkar afskipti af Laxárdeilunni hafa farið í þessa átt. Og að þessu miðar m. a. frv. okkar um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslu. Og rauði þráðurinn í því frv., má segja, er náttúruvernd. Við viljum leggja bann við virkjunum, sem spilla sérstæðri náttúru. Það er okkar stefna. Og þess vegna tökum við einnig undir meginstefnu þess frv., sem hér er til umr.

Það er að vísu lofsvert af hv. þm. Jónasi Árnasyni, sem fram kom um daginn, að hugsa með hlýju af og til til okkar framsóknarmanna. En jafnframt verð ég að hryggja hann með því, að við framsóknarmenn munum treysta öðrum betur en honum til þess að dæma um verk okkar og innræti yfirleitt, þ. á m. um heilindi okkar og stefnufestu. Það mál munum við leggja undir dóm kjósenda á Norðurlandi, þegar þar að kemur og spyrja hann í engu ráða, ekki einu sinni í Laxárdeilunni!

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Það hafa nú þrír hv. þm. talað hér á undan mér um frv., sem hér liggur fyrir til umr. um náttúruvernd. En aðalefni í ræðum allra þeirra var þó um annað mál, sem raunar er þessu þó skylt og get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að það sé ekki óeðlilegt, að það blandist nokkuð inn í. Hv. 9. landsk. þm. sagði réttilega, að of miklu moldviðri hefði verið þyrlað upp í kringum Laxárvirkjunarmálið, sem ég vil kalla ofhitamál, eins og nú er komið, og raunar nokkru áður en hér er komið. Ég gat tekið undir ýmislegt í ræðu hans, þó að ég væri öðru ósamþykkur og skal ég ekki fara út í það, því að ég ætlaði ekki að tala um það mál hér, taldi það ekki við eiga, þar sem annað mál er til umr., þó að það sé þessu skylt.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér réttilega og ég vil taka undir það mjög sterklega, að það væri nauðsynlegt að finna lausn á þessu máli, sem allir gætu við unað. Og ég held, að lausnin sé ekki langt frá, þar sem er sú sáttatillaga, sem fyrir lá hér í vetur eða haust frá sáttasemjurum, þó að ég telji hana ekki ná alveg nógu langt. Og vonandi verður áfram haldið að leita hliðstæðrar lausnar og þar var lagt til, og ég vil vænta þess, að hv. 5. þm. Norðurl. e. leggi því lið, að svo megi takast. Hv. 3. þm. Norðurl. e. (IG) talaði hér einnig og vék réttilega að því, hver eru upptök þessa máls, upptök þeirrar deilu, sem orðið hefur um Laxárvirkjun, sem er ákaflega löng og ströng, og ég vil segja einnig, að þar hafi komið fram mikið af villandi frásögnum, bæði í blöðum og útvarpi og jafnvel sjónvarpi. En ég vil taka undir það hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að það er mjög nauðsynlegt að rekja upptök þessa máls, rekja málið frá upptökum til þess dags, sem nú er yfir okkur, hlutlaust, svo að fólk í landinu viti og skilji meira en það veit um þetta mál nú vegna einhliða upplýsinga, vil ég segja, svo að ég kveði ekki fastara að orði, um þetta stóra mál. En þetta er nóg um Laxárvirkjunarmálið sjálft. Þó ætla ég að bæta því við, að ef aldrei hefði komið upp sú fáránlega hugmynd hjá forráðamönnum Laxárvirkjunarstjórnar, sem í upphafi var að gera Gljúfurversvirkjun í öllum fimm áföngum og þar með breyta löndum og vötnum stórkostlega, eigendum til tjóns og einnig að breyta náttúru til mikilla óbóta, ef þessi hugmynd hefði aldrei komið upp, heldur væri nú aðeins verið að ræða um virkjun á borð við þá, sem hönnun Laxárvirkjunar III gerir ráð fyrir, þá mundi enginn maður í héraði hafa sagt neitt.

En út af sjálfu frv. um náttúruvernd við Laxá og Mývatn vil ég segja það, eins og ég sagði raunar hér um daginn við þessa umr., að það kom fram vegna þeirra fyrirhuguðu breytinga á náttúrufari í héraðinu, sem Gljúfurversvirkjunaráformið var, til þess að afstýra náttúruspjöllum af völdum virkjunar. Nú tel ég, að sú ástæða sé ekki mjög fyrir hendi, þar sem málið er komið þar, sem það er komið nú, ekki sízt ef lengra yrði gengið til móts við landeigendur heldur en í tillögum sáttasemjaranna nú í vetur. Eigi að síður er Laxársvæðið allt og Mývatn svo merkilegt, að ég álít, að það sé nauðsynlegt að setja sérstök lög um verndun þess, þó að ekki sé vegna virkjana beinlínis.

Ég minntist á dögunum á olíutankana, sem eru á bökkum Mývatns við hvert hús, sumir stórir og sums staðar fleiri en einn. Ég álít, að það verði að taka þessa tanka í burtu eða tæma þá og hita húsin í kringum Mývatn með rafmagni, en ekki olíu, því að það býður svo gífurlegri hættu heim að hafa olíuna á bökkum þessa merkilega vatns vegna fuglsins. Einnig tel ég, að það sé nauðsynlegt að gera róttækar ráðstafanir til þess að verndа fuglinn fyrir netjunum, sem hafa eyðilagt hann í stórum stíl, því að þeir, sem netin eiga, geta ekki að gert, þó að hann fari í þau, ef lagt er á annað borð á þeim tíma þar í vatnið, sem fuglinn heldur sig, þegar hann er að alast upp. En það er einmitt gert um það bil. Ef flóarnir væru friðaðir fyrir netjaveiði tvo mánuði, jafnvel þó að það væri ekki alveg að öllu leyti, heldur að einhverju leyti og þá með eftirliti, þá væri fuglinum að mestu bjargað frá netjadauðanum. Þá er einnig nauðsynlegt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að verja þetta svæði fyrir mink, en hvergi á landinu mun vera eins erfitt að verja nokkurt svæði fyrir mink eins og Mývatn og Laxá vegna hraunanna. Þetta mundi kosta mikið fé. Svo þarf nauðsynlega að takmarka ferðir hraðbáta um Mývatn og það þarf líka nauðsynlega að takmarka ferðamannaumferð um svæðið fyrri hluta sumars, meðan hreiður eru og ungarnir litlir. Það mætti

fleira upp telja, sem er nauðsynlegt að gera til verndar þessu svæði og mjög eðlilegt, að um það gildi sérstök lög eins og t. d. um Þingvallasvæðið. En þegar kemur að því að afgreiða þetta frv., sem hér liggur fyrir og samið var á vegum náttúruverndarráðs í fyrra, að vísu eftir óskum manna norðan úr landi, þá kemur á daginn, að ýmislegt er í því, sem óhjákvæmilega þarf að breyta. Og mér verður fyrst fyrir að líta á það, hver á að bera kostnaðinn af því að varðveita allt þetta svæði fyrir náttúruspjöllum héðan í frá. Um það er ekki eitt orð í frv. En nær liggur, að þó sé gert ráð fyrir því, að um það gildi sömu reglur eins og um aðra náttúruvernd, að sýslusjóður á viðkomandi stað borgi ¼, en ríkissjóður ¾. Þarna mundi vera um svo gífurlegar upphæðir að ræða, ef þetta ætti að gera á nógu róttækan hátt, að ég sé ekki nokkrar líkur til þess, að sýslusjóður Suður-Þingeyjarsýslu gæti staðið undir því, enda væri það ekki sanngjarnt.

Ýmislegt fleira kemur svo inn, sem breyta þarf, og verður mér þá hugsað til bréfs eða raunar símskeytis, sem ég fékk frá nokkrum merkum Mývetningum í fyrra, þegar þetta frv. var lagt fram, þar sem þeir töldu, að ýmsu þyrfti nauðsynlega að breyta í frv. Ég held, að það hafi staðið nöfn 12 eða 14 merkra Mývetninga undir þessu skeyti, og þeir mótmæltu ýmsu í þessu frv., sem þá kom á daginn, að snerti einmitt einstaka eigendur landa kringum Mývatn. T. d. snerust mótmælin um þessa grein frv., sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt skal að reisa þar mannvirki önnur en þau, er eðlileg mega teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs."

Þessu mótmæltu þessir Mývetningar harðlega, þó að fram kæmi að vísu í ályktun, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. las hér áðan, frá sveitarfundi eða sveitarstjórnarfundi, að ekki var á þetta minnzt. En það gæti svo sem skeð, að þegar ætti að fara að lögbinda ýmis ákvæði í þessu frv., þá kæmi upp einhver ágreiningur meðal Mývetninga sjálfra.

Í öðru lagi mótmæla þessir menn harðlega 4. gr. frv., sem ég vil einnig lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar getur náttúruverndarráð bannað umferð óviðkomandi manna um tiltekin svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Einnig skal heimilt að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili."

Þessu var harðlega mótmælt líka. Ég ætla, að fleira kunni að koma upp, þegar kemur að því að afgreiða þetta frv., sem ég er eindregið samþykkur að reynt verði að gera sem fyrst. Og þess vegna mun það ekki vera lítið vandaverk fyrir þá n., sem um það fjallar, að taka öll atriði þess til greina og ganga vel frá, svo að ekki verði ósanngirni í eða mikil óánægja út af. Skal ég svo ekki eyða meiri tíma í umr. um þetta mál, en tek aftur fram það, sem ég byrjaði á, að það er nauðsynlegt að finna lausn á Laxármálinu án óskapa, og ég held, að hún sé finnanleg, ef góður vilji er til og inn í málið er ekki blandað einhverju og einhverju, sem ætti utan við það að standa, og finnst mér, að nóg sé búið að gera af því áður á umliðnum tíma.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er nú búinn að tala það mikið í þessu máli, að samkv. þingsköpum hef ég aðeins leyfi til þess að gera aths.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. (SV) talaði hér áðan um það geðvonzkukast, sem ég hefði fengið hér um daginn vegna afstöðu Framsfl. í þessum málum, þar sem ég harmaði það, að talsmaður Framsfl. þá hefði enn einu sinni sýnt, að flokkurinn á erfitt með annað en hafa já-já og nei-nei-stefnu í stórmálum. Út af þessari aths. um geðvonzkukastið vil ég nota þetta tækifæri til þess að láta í ljós þakklæti mitt til hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir það notalega andrúmsloft, sem fylgir því hér í salnum, hvað hann er ávallt í sérstaklega góðu skapi, þegar hann heldur ræður.

Ég bendi mönnum á það, að þeir menn, sem talað hafa hér af hálfu Framsfl., hafa uppi allt annan tón en þann, sem fulltrúi Framsfl. hafði hér um daginn. Nú er kveðið miklu sterkara að orði og afstaðan orðin miklu ótvíræðari til þessara mála, sem við erum hér að deila um, þ. e. a. s. Laxárvirkjunarmála. Ég vil í þessu sambandi segja, að viðkunnanlegra hefði mér nú þótt, að sú afstaða hefði komið fram um daginn, áður en haldinn var sá glæsilegi fundur, sem haldinn var í Háskólabíói um þessi mál núna um daginn, þar sem ótvírætt kom í ljós, hver vilji alls þorra almennings er í þessum málum, hver vilji þjóðarinnar er, og þar með náttúrlega hver skylda okkar er hér á þingi varðandi þessi mál. En því miður kom þessi afstaða ekki fram fyrr en núna í dag. Það hefur svona aðeins verið ýjað í þá áttina, að menn væru að tala hér í þeim tilgangi að veiða atkvæði á tilteknum stöðum. Ég vildi skjóta því að hv. framsóknarmönnum, að ég er ekki í framboði í Norðurl e., en beint hefur verið þannig skeytum til mín, að maður skyldi halda það. En út af þessum fullyrðingum, að menn væru að fiska eftir atkvæðum, þá vil ég leyfa mér að láti í ljós grunsemdir um það, að þessi breytta afstaða framsóknarmanna núna í þessum málum stafi af því, að þeir finna, hvar samúðin er og hver vilji manna er og þar með, hvar atkvæðin eru.

Hv. fyrsti ræðumaður hér í dag, Bragi Sigurjónsson, sendi frændum okkar þar nyrðra heldur en ekki kveðjurnar og talaði um múgsefjun í þessu sambandi. Fundurinn t. d. í Háskólabíói er dæmi um múgsefjun, og það er samúðin með ofríkismönnunum, sem hefur orðið ofan á, en ekki með lítilmagnanum, þar sem er Laxárvirkjun og ríkisvaldið. Ég læt í ljós harm minn vegna þessarar afstöðu þessa hv. þm., og ég vil í sambandi við aðra aths., sem hér kom fram varðandi eignarrétt og afstöðu okkar Alþb.-manna til eignarréttarins, láta þess getið, að ég tel ekki, að land okkar, framtíð þess og einstakra hluta þess eigi að vera undir því komin, hvort tilteknir menn eiga það eða eiga það ekki, en í þessu tilfelli læt ég í ljós ánægju mína með það og sannarlega fagna því, að þeir menn, sem eiga þetta land þar nyrðra, skuli vera Þingeyingar af því tagi, sem þeir eru, en ekki Þingeyingar af því tagi, sem sá hv. ræðumaður er, sem hér talaði fyrstur í dag.

Það hefur verið varað við því að gera þetta að flokksmáli. Það hefur verið þjarkað hér um það, að vissir menn væru að reyna að eigna sér þetta

sem flokksmál og þá fyrst og fremst við Alþb.-menn. Það, sem við gerum, er það að taka skýra afstöðu. Reyndar vantar nú enn á skýra afstöðu framsóknarmanna töluvert í sambandi við málaferlin gegn Þingeyingunum 65, þar sem við fullyrðum, Alþb.-menn, að hinn raunverulegi sökudólgur sé látinn sleppa, þ. e. a. s. Laxárvirkjun, en hins vegar höfðað mál gegn þeim mönnum, sem hafa orðið að sæta ofríki af sökudólgnum. Afstaða framsóknarmanna til þessa máls er að mínum dómi enn ekki orðin nógu skýr hér, hvort þeir eru sammála okkur Alþb.-mönnum í þessu, hvort hinn raunverulegi ofríkisaðili þarna er Laxárvirkjun að þeirra dómi eða landeigendur. En ég sé ekki, að neinu máli sé gerður ógreiði með því að jafn ágæt samtök eins og Alþb. láti í ljós eindreginn stuðning við málstaðinn. Og þegar hv. fyrsti ræðumaður í dag, Bragi Sigurjónsson, segir, að við séum að reyna að fiska atkvæði fyrir norðan út á þetta mál, þá vil ég segja honum, að við erum að sjálfsögðu að því, vegna þess að afstaða manna þar nyrðra er okkar megin í þessu máli, alls þorra manna þar nyrðra. Það sakar ekki, að þetta verði flokksmál að þessu leyti, að flokkar taki afstöðu. Að vísu hafa flokkar ekki tekið eins skýra afstöðu eins og við Alþb.-menn höfum gert hér, en fulltrúar allra flokka hafa þó talað í þessu máli nema eins. Þau samtök eða sá flokkur, sem nefnir sig Samtök frjálslyndra og vinstri manna, hefur ekkert látið í sér heyra í þingsölum um þetta mál. Og ég vil leyfa mér að benda á þetta, vegna þess að hér á sæti á Alþ. formaður þeirra samtaka, og það væri sannarlega fróðlegt fyrir okkur og þá ekki síst Þingeyinga að heyra, hver afstaða þeirra samtaka er.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast til umr., þá kvaddi ég mér hljóðs og sagði hér örfá orð, aðallega í þeim tilgangi, að ég beindi tilteknum spurningum til hæstv. forsrh., sem jafnframt er iðnrh. og hefur þar með yfirstjórn raforkumálanna í landinu í sínum höndum. Ég benti á þá einföldu staðreynd, sem allir vissu mætavel um, að upp var risin mjög alvarleg deila í landinu varðandi virkjunarframkvæmdir í Laxá og í þeim efnum hafði ýmislegt gerzt, sem vissulega hafði vakið umtal og deilur manna á meðal, og ég taldi, að það væri nauðsynlegt, þegar slíkt gerðist eins og þetta, að ríkisvaldið legði sig fram um það að koma á sáttum og leysa þá deilu, sem upp væri komin. Og ég taldi, að eina leiðin í þessu máli til þess að hægt yrði að leysa vandann væri að stöðva þær byggingarframkvæmdir, sem fram færu við Laxá. Og ég beindi því sérstaklega til forsrh., hvort hann gæti ekki beitt sér fyrir því, að þessi afstaða yrði tekin, að framkvæmdirnar yrðu stöðvaðar og síðan yrði leitað eftir samkomulagsgrundvelli, þar sem telja mætti alveg augljóst mál, að samkomulag næðist ekki á milli aðila eins og nú væri komið málum, ef framkvæmdunum yrði haldið áfram. Ég benti einnig á það, að ef svo fast yrði staðið á því að heimta, að trygging yrði sett, fjártrygging yrði sett vegna stöðvunarinnar á framkvæmdum, fjártrygging, sem næmi 135 millj. kr. eins og talað hefur verið um, þá kæmi að mínum dómi fyllilega til álita, að ríkið sjálft setti þessa tryggingu gagnvart Laxárvirkjunarstjórn, ef hún ætti á þessu fullan rétt, og síðan yrði snúizt að því að reyna að leysa málið. Þetta var í rauninni allt og sumt, sem ég sagði um þetta mál, að leggja fram fsp. í þessa átt. Ég fékk þau svör hjá hæstv. forsrh., jú, að hann hefði mikinn áhuga á því að leysa þessa deilu. Það hefði hann sýnt á ýmsan hátt, og hann væri nú enn á ný að leita eftir samkomulagsgrundvelli og hann teldi nú miklar líkur vera á því, að nú væri grundvöllurinn að finnast og samkomulag væri e. t. v. að nást og svaraði svo ekki frekar minni fsp. en með þessu að gefa það í skyn, að nú væru komnar upp nýjar og góðar líkur í málinu.

Nú sé ég það og heyri á því, sem gerzt hefur í þessum umr. í dag, að þessi fáu orð mín hafa farið óþyrmilega í taugarnar á ýmsum hv. alþm., jafnvel svo, að fulltrúar frá heilum flokkum hafa ekki fyllilega náð sér enn út af því, að ég sagði þessi fáu orð og um þetta efni. Í fyrsta lagi er það sagt, að í tilefni af ýmsum öðrum orðum, sem flugu manna á milli, hafi ég verið látinn tala sem formaður í þingflokki Alþb. og blanda mér þarna í mál, sem mér kom ekkert við, eins og annar þm. vék að, svona með sínu orðalagi, sýnilega til þess að reyna að lokka einhver saklaus atkvæði frá öðrum flokkum yfir til okkar. Þetta er alveg furðulegt að mínum dómi. Ég hef margsinnis gert það hér á Alþ. að vekja athygli á stórum og þýðingarmiklum málum, ýmist utan dagskrár eða í umr., hef talið mér það skylt sem þm. að benda á það, að þegar upp er kominn stór og mikill vandi, þá hvílir á stjórnarvöldum landsins ákveðin skylda til þess að leysa slíkan vanda og þegar þannig stendur á eins og í þessu tilfelli, að ríkið er beinlínis helmings eignaraðili að Laxárvirkjun, þá hvílir enn þá meiri skylda á ríkisvaldinu að reyna að koma í veg fyrir vandræði í sambandi við þetta mál. Ég tel því, að það, sem ég sagði um þetta, hafi verið af fyllstu ástæðu og aðeins eðlilegt og ég hafi haft jafnan og eins mikinn rétt eins og hver annar til þess að benda á þessa staðreynd, hvort sem það hefur nú fallið betur eða verr í geð sumum þeirra manna, sem sogazt hafa inn í þessar deilur. Það er auðvitað enginn vafi á því og ég efast ekkert um það, að allir hv. alþm., sem fylgzt hafa með umr. um þetta mál, hafa gert sér grein fyrir því, að það er ekki líklegt, eins og komið er, að neinar sættir takist í þessu máli án þess að framkvæmdir við verkið verði stöðvaðar á einhverju tímabili, á meðan verið er að leita að sáttagrundvelli. Þeir, sem ekki vilja fallast á þetta, ætla sér að reyna að ná fram sínu sjónarmiði á einn eða annan hátt með afli. Þeir ætla að reyna að láta meiri hlutann samþykkja, að þeirra skoðun sé rétt. Þeir ætla að þjösnast áfram í málinu, sem ég tel mjög óhyggilegt. Og í þessum efnum vek ég athygli á því, að því miður hefur það ekki komið fram hér í þessum umr., að aðilar, sem hér tala að meira eða minna leyti fyrir stjórnmálaflokk í þessu máli, þeir segðu hug sinn varðandi þetta meginatriði málsins. Eru þeir samþykkir því, að framkvæmdirnar þar fyrir norðan verði stöðvaðar á einn eða annan hátt á einhverju tímabili, á meðan er verið

að leita að sáttagrundvelli? Ég spyr þá hv. þm., sem tala í þessu máli, eru þeir samþykkir því, að fram á það sé farið? Það er að mínum dómi ákaflega haldlítið, eins og komið er, að fjasa fram og til baka um ýmislegt af því, sem fyrr hefur gerzt í þessu máli. Og þó allra furðulegast að fara að tala um það, hvaða verkfræðingur hafi fyrst látið sér detta eitthvað í hug í sambandi við þá útreikninga, sem á pappír hafa verið settir varðandi þessi mál. Spurningin er auðvitað þessi: Vilja menn leysa þá deilu, sem upp er komin og hvernig á að gera það? Ég vil t. d. spyrja þá þm. úr Norðurl. e., sem hér eiga sæti í hv. Nd. og ræða þetta mál og hafa m. a. rætt málið af talsverðum flokkslegum hita, ég vil spyrja þá alveg gagngert um það, eru þeir sammála því að leggja það til við ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að allar framkvæmdir við virkjunarmannvirkin við Laxá verði stöðvaðar á meðan leitað er sátta í málinu? Ég fyrir mitt leyti álít það, að einmitt afstaðan til þessa atriðis skeri alveg úr um það, hver alvara er á bak við það að reyna að leysa þetta mál.

Það er svo, að það dragast inn í málið hér í löngum umr. ýmsir þættir, sem verður auðvitað að telja aukaþætti, en ég ætla þó að víkja hér örlítið að einum þætti málsins að gefnu tilefni. Það var hv. 9. landsk. þm. (BrS), sem sýnilega hafði mjög fundið til undan því sem ég sagði hér, þegar ég bar mínar fsp. fram til hæstv. forsrh. Hann sagðist afbiðja sér öll afskipti mín af raforkumálum þeirra þar norður frá. Það er nú einu sinni svo, að þessi raforkumál þurfa að koma fyrir hér á Alþ. og við þurfum að fjalla um þau og ég á jafnan rétt til þess að fjalla um þau og hann, og hann neitar mér ekki um neinn rétt til þess að láta uppi mínar skoðanir í þeim málum, þegar þau koma hér fyrir.

En í þessum efnum þykir mér rétt að minna á það, að Laxárvirkjunarstjórn, sú stjórn, sem hann tekur hér sérstaklega að sér að verja í þessu máli og hefur verið ærið tengdur við á undanförnum árum, hafði ekki aðeins fjallað um það árum saman að láta reikna út, hvernig ætti að virkja fyrir Norðurland og hvernig ætti að leysa raforkuþörf þeirra, sem þar búa. Nei, hún hafði gert áætlanir um virkjun á Norðurlandi fyrir Austurland upp á heilar bækur og fengið til þess marga menn að standa í slíku og staðið alveg tvímælalaust með vinnubrögðum sínum vitandi vits gegn því, sem var eindreginn vilji manna á Austurlandi í sambandi við raforkumál þeirra. Þá var nú ekki talað um það, að menn ættu ekki að skipta sér af því, hvað gerðist í raforkumálum annarra. Og öll plönin um Gljúfurversvirkjun voru beinlínis byggð á því að haga virkjuninni þannig, að hún ætti að vera ekki aðeins fyrir Norðurl. e., heldur einnig vesturhluta Norðurlands og allt Austurland. Það var grundvöllurinn, sem byggt var á. Við það voru allir útreikningar miðaðir. Tillögur þessarar Laxárvirkjunarstjórnar í þessum efnum og vinnubrögð hennar hafa auðvitað tafið raforkuframkvæmdir á Austurlandi í mörg ár. Það er mál út af fyrir sig, og það var ekki fyrr en allt var komið í stórastrand hjá Laxárvirkjunarstjórn með hennar Gljúfurversframkvæmdir, að fyrst fór að losna um hjá okkur á Austurlandi og við gátum fengið í friði að snúa okkur að okkar virkjunarmálum og fá þar fram samþykktir hjá stjórnarvöldum fyrir því, að við gætum leyst okkar raforkumál. Það var ekki fyrr en þeir höfðu sett allt í harðan hnút með tillögum sínum í sambandi við Gljúfurversvirkjun. Það sakar ekkert, að þessi þáttur komi hér fram í þessum umr., fyrst tilefni er til þess gefið.

Þessi sami hv. þm., hv. 9. landsk. þm. (BrS), komst svo að orði, að deilan, sem upp væri risin í sambandi við Laxárvirkjun, væri deila á milli nokkurra manna, fárra manna, fárra sérhyggjumanna og ofríkismanna og alls þorra þess fólks, sem byggði héruðin þar fyrir norðan. Það munaði nú ekkert um það. Það er svo sem eðlilegt, að þessi hv. þm. sé á þeirri skoðun, að það þurfi í rauninni ekkert annað að gera en lögsækja þessa vandræðamenn, þessa fáu menn, og helzt af öllu að hýsa þá á viðeigandi hátt og þá sé auðvitað allt saman leyst í þessu máli. Það er skiljanlegt, að þegar svona sjónarmið eru ráðandi, þá fari á þann hátt, sem farið hefur í sambandi við þetta mál. Þegar menn eru svona blindir af ofstæki og neita beinlínis að viðurkenna þær staðreyndir, sem þeir ættu að sjá, og þjösnast með þessum hætti, þá hljóta þeir alltaf að lenda í ógöngum, eins og hér hefur farið. Ég ætla þó, að þessi hv. þm. hafi veitt því athygli eins og aðrir, að hæstaréttarúrskurður hefur verið birtur um það, að ekki hafi verið farið að lögum og reglum í sambandi við undirbúning að þessum framkvæmdum, að ekki hafi verið leitað samkv. lögum og reglum eftir þeim heimildum eða gerðir þeir samningar við réttaraðila þessa máls, sem hefði átt að gera samkv. lögum. Hefur þetta farið fram hjá hv. þm. eða skiptir hann þetta engu, þó að það liggi fyrir, að Laxárvirkjunarstjórn hefur efnt til framkvæmda upp á marga tugi, og reyndar líklega frekar hundruð millj. en tugi millj. framkvæmda, án þess að hafa farið að lögum og samið við þá aðila, sem eiga lagalegan rétt í sambandi við málið? Það er auðvitað enginn vafi á því, að þetta deilumál er annars vegar á milli tiltekinna hagsmunaaðila, sem eiga lönd að ánni, — og þeir vilja vitanlega halda fram sínum rétti — og svo þeirra aðila, sem hafa forgöngu um virkjanir á þessu svæði, en þessi deila nær augljóslega langt út fyrir það að ná aðeins til þessara aðila. Hér hefur auðvitað komið upp, að mikill ágreiningur er út frá náttúruverndarsjónarmiðum aðila. Það hefur auðvitað engum manni blandazt hugur um það, að ef átt hefði að framkvæma Gljúfurversvirkjun, eins og áætlanir voru gerðar um, þá var þar um stórkostlega röskun á náttúru þessa svæðis að ræða. Og þegar það liggur svo fyrir, að enn er staðið að framkvæmdunum þannig, að ýmis grundvallaratriðin frá Gljúfurversvirkjun eru enn í fullu gildi, að enn er t. d. verið að sprengja göng, sem eru jafnstór og ráðgerð voru fyrir Gljúfurversvirkjun, — það er rétt, það er þetta, sem hefur opinberlega komið fram — og þar að auki hafa verið keyptar vélar fyrir miklu stærri virkjun en heimildir eru til um. (Gripið fram í.) Ja, ég skal játa það og skal með gleði taka það til baka, ef ég verð sannfærður um annað. Þarna hef ég það aðeins eftir, sem

ég hef séð ritað um málið af aðilum, sem um það hafa skrifað, og ég hef hvergi séð þessu mótmælt á prenti, hvergi. Ég var síðast að lesa það í nýútkomnu blaði rétt núna, Vísi frá í dag, þar sem einn af aðilum þessa máls lýsir þessu einmitt yfir í grg. Ég hlýt svo auðvitað að taka frammíköllum þessa hv. þm. mjög með fyrirvara, m. a. vegna þess, að hér í þessum umr. er búið að lesa það upp yfir honum, að hann hefur farið hér með rangt mál á Alþ., alveg tvímælalaust. Hann hefur staðhæft margt um samþykktir í héraði, sem nú er búið að sanna í þessum umr., að ekki á við rök að styðjast, og þar hefur hann farið tvímælalaust með rangt mál, svo að ég tek hans fullyrðingum í þessum efnum líka með miklum fyrirvara. En ég hef sagt það hér áður, að fyrir mér er þetta mál ekki fyrst og fremst það, að ég hafi ætlað mér að taka hér þátt í einhverjum löngum deilum um málið sem heild eða einstaka þætti þess. Fyrir mér var það aðalatriði, að þarna er á ferðinni alvarleg deila, sem er nauðsynlegt að leysa. Og ég sé ekki, að það sé hægt að leysa hana á annan hátt en þann að stöðva þær framkvæmdir, sem þarna eru í gangi, á einhverju tímabili og leita þannig að sáttagrundvelli. Þetta er það, sem ég tel vera aðalatriði málsins. Ég er andvígur þeirri leið, sem sumir virðast enn vilja halda áfram, að streitast í sífellu í þessu máli, að fara lögsóknarleiðina eða ætla að reyna að dæma af manni eðlilegan rétt með því að krefjast svo hárra fjártrygginga, að bændur almennt geti ekki undir slíku risið. Ég tel það enga leið út úr vandanum að halda slíku áfram.

Ég skil það mætavel, að ekki sízt þm. úr því héraði, þar sem deilan hefur komið upp, séu svolítið viðkvæmir í þessu máli og þeir telji jafnvel, að þessi eða hinn aðilinn tali eins og hann gerir í málinu með það fyrir augum að vinna eitthvað á því pólitískt. Og ég læt mér í léttu rúmi liggja það, sem sagt er um mig í sambandi við slíkar fullyrðingar. Ég endurtek aðeins það, sem ég hef sagt áður, að ég álít, að það eigi að vinna að því að leysa þetta mál fyrst og fremst og ég tek undir þau sjónarmið, sem fram hafa komið, að grundvöllurinn sé þessi, að það eigi að stöðva framkvæmdirnar og síðan eigi að fara fram þær undirstöðurannsóknir á málinu, sem hlaupið hefur verið yfir og sem margir þjóðkunnir náttúruverndarmenn hafa bent á, að þurfi að fara fram í sambandi við virkjanir á þessu svæði. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er auðvelt mál að framleiða raforku með allgóðu móti fyrir Norðurland, þó að aðrar leiðir séu farnar til þess en samkv. þeim tillögum, sem deilt er um í þessum efnum. Þar er um marga aðra kosti að ræða og það þarf vitanlega ekki að setja þetta mál upp þannig, að þeir, sem andvígir eru þessari framkvæmd, vilji skilja Norðlendinga eftir raforkulausa. Slíkt er vitanlega hrein fjarstæða. Mér sýnist sem sagt, að það hafi ekki komið enn þá fram nægilegur áhugi hjá þeim stjórnarvöldum, sem hér geta ráðið öllum úrslitum, fyrir því að vinna að því að leysa deilumálin.

Um frv. sjálft, sem hér liggur fyrir, ætla ég ekki að ræða. Það á eftir að athugast nánar í n. og verður rætt hér síðar. En það er hins vegar ofur eðlilegt, að þetta margumtalaða deilumál í sambandi við virkjunina í Laxá blandist inn í umr. um þetta frv. Það er ofur eðlilegt.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að sinni.

Umr. frestað.

Á 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. fundi í Nd., 18., 22., 24., 25. febr. og 1. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

52. Vinnuvernd.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. [153. mál] (þmfrv., A. 191).

Á 28., 29., 30., 31., 39., 40., 41., 42., 43. og 44. fundi í Nd., 7., 11., 14., 15. des., 27., 28. jan., 1., 3., 4. og 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið flutt nokkrum sinnum áður á Alþ. Þó eru á því nokkrar breytingar gerðar nú frá því, að það var síðast flutt. Það er nú flutt af hv. 5. þm. Vesturl. ásamt mér. Frv. er um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. og er í einum 8 efnisköflum. Að nokkru leyti er efni þess byggt á niðurstöðum samninga milli vinnuveitenda og verkalýðssamtaka, en að meginstofni fjallar það um ýmis atriði, sem lagaákvæði skortir um í íslenzkri löggjöf eða ágreiningur getur risið út af og hefur margsinnis risið út af í samskiptum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, og sá ágreiningur sprottið af óljósum ákvæðum samninga eða skortandi lagaákvæðum. Að langmestu leyti er þetta frv. um vinnuvernd nýsmíði í íslenzkri löggjöf. Það er að vísu svo, að inn á nokkur svið grípur þetta frv., þar sem löggjöf er áður fyrir, og mætti þar t. d. nefna lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þar er fjallað um sama efni eins og í I. kafla þessa frv., en ákvæði þessa frv. eru þó að meginstofni um atriði, sem ekki eru fram tekin í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá má og segja, að lög um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 komi inn á sama svið eins og V. kafli þessa frv. En ákvæði þeirra laga eru að ýmsu leyti vegna breyttra aðstæðna síðan orðin úrelt, vil ég segja, eða a. m. k. ófullnægjandi.

I. kafli frv. fjallar um holl og góð starfsskilyrði á vinnustað. Þar er aðallega vikið að grundvallaratriðum, svo sem að gæta hitastigs og rakastigs andrúmslofts og að loft sé án ryks, óþefs eða reyks eða óheilnæmra lofttegunda eða gufu, að umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg og lýsing í góðu lagi og nægilegt loftrými, þannig að allt þetta, þessi meginatriði um vinnu-

staðinn, fullnægi heilbrigðiskröfum. Þá eru teknir fram sjálfsagðir hlutir eins og um heilnæmt og gott drykkjarvatn, sem þar skuli vera til staðar á vinnustað, þvottavatn og hæfileg tala salerna. En um flestöll þessi atriði verður að segja það, að á mörgum vinnustöðum eru þau öll í ólestri meira eða minna, svo að óviðunandi og ósæmilegt er. Þá skal á hverjum vinnustað vera upphituð og vistleg kaffistofa, matarstaður. Þetta atriði er mjög víða í góðu lagi hjá atvinnurekendum og þeim til sóma, en hins vegar er það líka til, að þessi aðbúnaður sé ekki fullnægjandi og lagaákvæði ekki fyrir hendi um þetta.

Þá er það kannske meginatriði þessa kafla, að ef vinnustaður fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem þessi kafli kveður á um, þá sé heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti heimilt að loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. En því miður verður að segja það, að margvíslegur ágreiningur hefur verið uppi nú að undanförnu vegna aðbúnaðar á vinnustöðum, þar sem t. d. vinnustaðurinn hefur verið talinn algerlega óviðunandi sökum ófullnægjandi aðstöðu, bæði frá heilbrigðis- og öryggissjónarmiði, og atvinnurekendur hafa margsinnis lofað verkalýðsfélögunum úrbótum, en það lent í undandrætti og útideyfu og ekki fengizt úr bætt. Heilbrigðisyfirvöldin hafa svo, ef þau hafa verið til kvödd, ekki talið sig hafa aðstöðu til að loka vinnustað vegna skorts á lagaákvæðum. Það er því nauðsynlegt, til þess að vinnustaðurinn verði sómasamlegur og fullnægi lágmarkskröfum um framleiðslu matvæla t. d., að hægt sé, ef mjög fer úrskeiðis um útbúnað hans frá heilbrigðis- eða hreinlætissjónarmiði og áreiðanlega í þágu íslenzks atvinnulífs og atvinnurekenda ekki síður heldur en fólksins sjálfs, sem við þetta verður að búa, að loka honum, ef ekki fæst úr bætt af hendi atvinnurekenda eða það látið dragast.

Því miður verður að segja það, að margir vinnustaðir á Íslandi eru algerlega óviðunandi, einkanlega í sambandi við matvælaframleiðsluna, og við verðum nú vör við það, að aðrar þjóðir, sem eiga við okkur viðskipti á því sviði, telja, að hér sé mjög margt fyrir neðan lágmarkskröfur og óviðunandi.

Þessi kafli er ekki langur, hann er eingöngu 1. gr. frv., en í honum felast strax mjög þýðingarmikil atriði fyrir verkafólkið, fyrir atvinnurekendur og fyrir framleiðslustarfsemina í landinu.

II. kaflinn er um vinnutíma og vinnutilhögun. Ég skal ekki fara ítarlega út í efni hans að öðru leyti en því, að það eru engin ákvæði í lögum um vinnutíma á Íslandi, aðeins þær venjur, sem skapazt hafa í samskiptum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, og samningsákvæði hafa ákveðið lengd vinnudagsins og kveðið á um vinnutilhögun að öðru leyti. II. kaflinn fjallar um þetta. Hér er því slegið föstu í 8. gr., að almennur dagvinnutími starfsmanna megi ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring og vinnuviku sé lokið eftir 40 vinnustundir. Ég hygg, að menn verði nú að játa það, að það sé nokkuð sjálfsagt, að slíkt lagaákvæði komi til varðandi vinnutíma verkafólks, þegar ríkisvaldið hefur nú fyrir nokkrum vikum gengið frá samningum, víðtækum samningum við aðrar launastéttir um 40 stunda vinnuviku. Þætti mér þá óeðlilegt, að ríkisvaldið gerði upp á milli erfiðismannastéttarinnar og þeirrar stéttar, sem hún hefur samið um þetta við, að 40 stunda vinnuvika skuli vera hið almenna mark um vinnutímann. Þó eru hér í 10. og 11. gr. ákvæði, sem ganga lengra, þ. e. að undir sérstökum skilyrðum skuli vinnuvikan vera styttri. Þar segir: „Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika ekki vera lengri en 36 stundir.“ Og enn fremur má vinnuvika ekki vera lengri en 36 stundir, ef unnið er samfellt í námu eða jarðgöngum. Það er nú ekki mikið um slíka vinnu hér á landi, en þó höfum við þar stigið byrjunarskref, og hygg ég, að það geti varla valdið ágreiningi, að við slíka vinnu er sanngjarnt og rétt, að vinnuvikan væri nokkru styttri heldur en við almenna útivinnu t. d. Þetta er meginefni II. kaflans, en í honum eru þó nokkur önnur ákvæði um vinnutilhögun og vinnutíma, um yfirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, sem eru ekki nýmæli, þegar maður hefur kjarasamninga atvinnurekenda og verkalýðssamtaka í huga.

Þá eru í III. kaflanum sérstök ákvæði um vinnu kvenna og fæðingarorlof þeim til handa, og er þar um réttindi að ræða til kvenna á hinum almenna vinnumarkaði, að þar yrðu þeim helguð sams konar réttindi eins og hið opinbera hefur viðurkennt í mörgum sínum samningum við aðrar stéttir, þ. e. að konur eigi rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi vegna barnsburðar og geti ráðið því, hvort fæðingarorlofið sé tekið að mestum hluta eða öllum fyrir eða eftir barnsburð. Í þessum kafla eru ákvæði um það að auka öryggi konunnar á vinnumarkaðinum, að henni sé ekki sagt upp störfum vegna þessa samfélagslega hlutverks hennar, sem hún má á engan hátt gjalda. E. t. v. væri eðlilegra, að tryggingarákvæði tryggðu konum jafnrétti við karlmenn að því er þetta snertir, svo að byrðin af þessu þjóðfélagshlutverki konunnar lenti ekki eingöngu á þeim atvinnurekendum, sem hefðu konur í þjónustu sinni. Ég játa, að það kæmi jafnar niður þannig, en konunni þarf að veita öryggi af þessu tilefni, það hljótum við að verða sammála um.

Þá er IV. kafli frv. Í honum felast nokkur sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Ég játa það hreinskilnislega, að ég er ekki í hópi þeirra manna, sem vilja, að börn og unglingar komi ekki nálægt athafnalífi þjóðarinnar. Ég vil, að þau taki þátt í athafna- og atvinnulífi þjóðarinnar eins og litlir kraftar þeirra og þol orka, en ég álít, að á þjóðfélaginu hvíli mikil og þung skylda um það, að unglingum sé ekki stofnað í háska í störfum né þoli þeirra og þroska ofboðið. Og til þess að tryggja þetta hafa allar þjóðir hjá sér mismunandi ströng lagaákvæði, bæði um það, hver vinnutími barna á ýmsum aldri megi vera og við hvaða störf þau megi ekki vinna, og er hér áreiðanlega ekki um strangari ákvæði að ræða heldur en hjá flestum öðrum menningarþjóðum tíðkast. Það eru nokkur bönn í þessari grein, t. d. þetta, að börn megi ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum eða verksmiðjum og ekki heldur ráða þau til vinnu við út- eða uppskipun á vörum, vegna þess að þetta samrýmist ekki þroska smárra barna, en börn eru þau,

sem eru yngri en 14 ára að aldri samkv. þessu frv. Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla né aðra vinnu, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu, sem ekki er hægt að reikna með, að börn hafi til að bera. Þá segir almennt, að börn og unglinga megi ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis sé á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska. Hámarksvinnutími unglinga skal vera 7 klukkustundir á dag, en hámarksvinnutími barna frá 4—7 stundir á dag. Sé vinnutími t. d. 10 stundir á vinnustað, þá er ætlunin — og það hygg ég, að sé líka framkvæmanlegast fyrir atvinnureksturinn sjálfan, — að það verði tveir vinnuhópar barna, sem gegni starfi til móts við einn hóp fullorðins fólks. Ég hygg, að í framkvæmdinni væri þetta einna bezt. En börnin kynntust starfi og fengju að taka þátt í framleiðslustörfum þjóðarinnar miðað við sína getu og sitt líkamsþol og þau verði þannig samhæfð þjóðarþörfinni um nýtingu vinnuafls og hafa áreiðanlega af slíkri þátttöku í hvers konar störfum aukinn þroska, jafnvel meiri þroska sum þeirra heldur en þótt þau væru knúin til þess gegn vilja sínum og getu að sitja á skólabekk. Um þessi ákvæði í frv. má vitanlega deila og menn geta haft mjög mismunandi skoðanir á því, hvort við eigum að hafa meira eða minna ströng lagaákvæði um vinnu barna, en hjá því held ég að verði ekki komizt, að við gjöldum varhuga við því, að hægt sé að ofþjaka börnum með vinnu eða skipa þeim þar til starfs, sem væri þeim um megn eða háski fyrir þau eða aðra kynni að stafa af.

Þá eru ákvæði um greiðslu vinnulauna og vildi ég vænta þess, að þar lægi allt ljósara fyrir um skyldu atvinnurekenda gagnvart vinnulaunagreiðslum og tilhögun á þeim, og það held ég að sé bezt hvorum tveggja aðilanum, að ekkert fari á milli mála, hvernig eigi að haga slíku starfi og hvaða rétt verkafólk eigi gagnvart atvinnurekendum sínum og hvaða skyldur hvíli á atvinnurekanda varðandi launagreiðslur. Þetta held ég sé nokkurn veginn allt saman skýrt og fastmælum bundið, ef 24., 25. og 26. gr. fengju lögfestingu. En hins vegar held ég, að atvinnurekendum væri á engan hátt íþyngt með því, að þessi lagaákvæði væru í gildi og þeir ættu eftir þeim að fara.

VI. kaflinn um uppsagnarfrestina tekur af margvísleg vafaatriði og segir skýrt fyrir um, hvaða skyldur hvíli á fólkinu um að hverfa ekki frá störfum án þess að gera atvinnurekendum sínum aðvart um það með sama fyrirvara og fólkið sjálft áskilur sér að hafa, ef atvinnurekandi ætlar að segja því upp störfum, og er það vitanlega alveg sjálfsagður hlutur, að um gagnkvæm réttindi og gagnkvæmar skyldur sé að ræða. En um þetta er fátt í íslenzkum lögum, og mörg af þeim ágreiningsmálum, sem risið hafa fyrir félagsdómi, hafa einmitt verið í sambandi við óljós ákvæði um uppsagnir frá störfum. Eðlilegt er, eins og fram kemur hér í 28. gr., að þeir, sem lengi eru búnir að þjóna sama atvinnurekanda, eigi fyllri rétt til þess að vera ekki varpað út á kaldan klaka, e. t. v. atvinnuleysis, með skammri samningsuppsögn, uppsögn úr starfi, og er þarna um mismunandi langa fresti að ræða samkv. 28. gr., lengstan handa þeim, sem lengi hafa verið í þjónustu eins og sama atvinnufyrirtækis.

VII. kaflinn er svo um refsiákvæði eða viðurlög við brotum á frv. og hygg ég, að þar sé ekki um strangari ákvæði að ræða en venjur eru til, heldur á hinn bóginn frekar, að þau séu öll eðlileg og frekar væg. Um gildistökuna er svo VIII. kaflinn, að lög þessi öðlist þegar gildi, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin. Venjan er nú að vísu sú, að síðustu lagaákvæði, ef þau grípa inn á sama svið og önnur lagaákvæði, sem fyrir eru, þá skuli hin nýrri lagaákvæði gilda, en þó þótti flm. rétt að taka þetta fram, að eldri lagaákvæði, sem gengju skemmra, væru úr gildi felld við gildistöku þessara laga.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. Ég hef margskýrt efni þess áður, en við flm. teljum, að á Alþ. hvíli nokkur skylda að sinna þessu máli og framfylgja því. Bæði er þörfin rík og liggur í augum uppi, og enn fremur er það skjalfest í samkomulagi, ég hygg milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, ég held, að það hafi verið árið 1965, þá var því lofað af hæstv. ríkisstj., að vinnuverndarlöggjöf skyldi sett. En það hefur dregizt fram til þessa. Ég harma það, að þessi dráttur hefur á því orðið og vil vænta þess, að úr þeim vanefndum verði bætt með því að samþykkja nú á þessu þingi þetta frv. Þessi vinnuverndarlöggjöf, sem hér eru lögð drög að, gengur á allan hátt skemmra en gildandi vinnuverndarlöggjöf Dana og Norðmanna, okkar nánustu frændþjóða, en ég hef borið þetta frv. saman við þá löggjöf og sniðið hana að nokkru leyti eftir því, sem vinnuverndarlöggjöf Dana var árið 1963, en síðan hafa á henni orðið endurbætur. Báðar þessar þjóðir hafa haft vinnuverndarlöggjöf í gildi um áratugi og þykir einhver gagnlegasta og nauðsynlegasta löggjöf, til að allt sé skýrum dráttum dregið, hvaða rétt og hvaða skyldur verkafólk eigi og atvinnurekendur í samskiptum milli þessara aðila. Og það er áreiðanlega til bóta og mundi kveða niður margvísleg ágreiningsatriði, sem ella kynnu að skjóta upp kolli og verða aldrei til þess að bæta samkomulag á vinnumarkaðinum, heldur þvert á móti. Deiluatriðum mörgum er hægt að komast hjá með skýrum lagaákvæðum um þessi þýðingarmiklu samskipti í þjóðfélaginu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði, þegar umr. lýkur, vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Verkfræðiráðunautar ríkisins.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi [154. mál] (þmfrv., A. 192).

Á 26., 28., 29., 30., 31. og 39. fundi í Nd., 2., 7., 11., 14., 15. des. og 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 192, er flutt af okkur 6 þm. Eru það auk mín þeir 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, 5. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson.

Meginstofninn í þessu frv. er verk mþn., sem starfaði á árunum 1959 og 1960 og var kölluð staðsetningarnefnd ríkisstofnana. Í þeirri n. áttu sæti þeir Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður n., Ásgrímur Hartmannsson, bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gunnlaugur Jónsson, bankaritari á Seyðisfirði, Jónas Guðmundsson, þáv. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, og síðar í forföllum hans Sturla Jónsson, hreppstjóri á Suðureyri. Einnig átti ég sæti í n. af hálfu Sunnlendinga. N. samdi frv. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi og sendi það síðan ríkisstj. Þegar séð var, að ríkisstj. hafði ekki áhuga fyrir því að flytja málið, þá tókum við Gísli Guðmundsson málið upp og fluttum það hér á þremur þingum hverju eftir annað, ef ég man rétt, enda vorum við úr hópi þeirra manna, sem samið höfðu þetta frv. Eins og allir vita, hefur farið svo hér á landi, að allar helztu ríkisstofnanir hafa dregizt saman hér í höfuðborginni. Auðvitað er eðlilegt, að margar þeirra séu hér. En ekki er það nauðsynlegt með þær allar og sumar þeirra gætu haft og ættu að hafa útibú til og frá um landið líkt og bankarnir hafa nú, sem er bæði til þæginda fyrir þá, sem í strjálbýlinu búa, og til þess að efla byggðarlög þeirra og auka á vissan hátt sjálfstæði þeirra gagnvart ríki og höfuðborg. Víða í öðrum löndum hafa menn komið auga á þá hættu, sem í því er fólgin fyrir vissa landshluta og þjóðfélagið í heild, ef allt vald og sérfræðiþjónusta dregst saman á einn eða fáa staði. Því er nú víða unnið að því í öðrum löndum að flytja út í byggðirnar ýmsar stofnanir, sem þar geta alveg eins vel eða betur sinnt sínu hlutverki í þjónustu þjóðfélagsins eins og í höfuðborgunum. Er það þáttur í að stöðva fólksflóttann frá strjálbýli til þéttbýlli svæða, borga og bæja. Þetta er svo kunnugt, að ég eyði ekki tíma í að tala frekar um það núna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að koma upp úti á landsbyggðinni sérfræðiþjónustu, sem þar verður að sinna, svo sem við byggingu vega og hafna, skóla, sjúkrahúsa og raunar hvers konar mannvirkja, sem ríki og sveitarfélög eiga að hafa forgöngu um. Í frv. er lagt til, að stofnuð verði 6 sérstök umdæmi fyrir verkfræðiráðunauta og til þessara starfa valdir menn með próf í verkfræði, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í byggingarverkfræði, og þeir gangi fyrir um að fá þessar stöður, sem hafa sérþekkingu t. d. í hafnargerð og vegagerð. Þessum verkfræðiráðunautum er samkv. ákvæðum í frv. ætlað að starfa undir yfirumsjón vegamálastjóra og vita- og hafnamálastjóra. Það er einnig svo ráð fyrir gert, að sýslunefndir, bæjarstjórnir og sveitarstjórnir geti fengið hjá verkfræðiráðunautunum þá þjónustu, er þau kunna að óska eftir og tækju þá þátt í kostnaði, sem af því starfi þeirra leiðir. Samgrh. á samkv. frv. að ráða verkfræðiráðunautana og setja þeim erindisbréf og gefa út reglugerð, þar sem tiltekin eru viss atriði, sem varða þessi störf. Eru ákvæði um þetta í 6. gr. frv.

Samkv. frv. eiga þessir verkfræðiráðunautar að vera sex. Skal einn þeirra vera í Vesturlandsumdæmi með aðsetur í Borgarnesi, annar á Vestfjörðum og sitja á Ísafirði, hinn þriðji á Sauðárkróki fyrir Norðurland v., hinn fjórði á Akureyri fyrir Norðurland e., hinn fimmti á Egilsstöðum við Lagarfljót fyrir Austurland og hinn sjötti á Selfossi fyrir Suðurland.

Gera má ráð fyrir, að einhver kostnaðarauki verði af þessari breytingu, en þótt svo verði, álíta flm., að ekki megi einblína á slíkt, þegar um er að ræða það aukna hagræði, sem gera má ráð fyrir til handa íbúum hinna dreifðu byggðarlaga, ef af þessari breytingu yrði. Aukin hagsæld mun áreiðanlega leiða af hvers konar sérfræðiþjónustu, sem íbúar strjálbýlisins í sveitum og þorpum og byggðahverfum fá til sín og geta átt aðgang að. Þetta mál er einn af mörgum þáttum, sem sinna þarf af hálfu þings og stjórnarvalda til þess að efla velmegun og jöfnuð þegnanna í landinu og sem getur átt þátt í því, að okkar áliti, flm., að stöðva hinn mikla straum til höfuðborgarinnar og nálægra byggðarlaga. Ég tel, að eins og þeim, sem enn dvelja í strjálbýlinu, hlýtur að vera það mikið áhugamál, að byggðarlög þeirra fari ekki í eyði, heldur blómgist og fólk stöðvist þar, þá tel ég einnig, að íbúum höfuðborgarinnar og höfuðborgarsvæðisins hljóti að vera það áhyggjuefni hversu margir leita þangað, því að þar eru ekki óþrjótandi lindir auðs og atvinnu. Landið allt með skilyrðum hvers byggðarlags til lands og sjávar verður að leggja þjóðinni allri til lífsbjörgina. Þar verður höfuðborgin einnig að njóta af, en því aðeins getur hún þrifizt, að landið allt sé byggt og nytjað með nútímaaðferðum. Því eru hagsmunir strjálbýlisins mál þjóðarinnar allrar, einnig þeirra, sem í höfuðborginni búa. Ég veit, að á þessu er nú vaxandi skilningur hjá öllum hugsandi mönnum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða tíma Alþ. í það að flytja lengri framsöguræðu fyrir þessu frv. Ég vil leyfa mér að óska þess, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til athugunar í allshn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls vildi ég aðeins leggja fáein orð í belg. Ég get mjög tekið undir það, sem hv. frsm. var að segja um nauðsynina á viðhaldi byggðar í landinu, en ég verð í stuttu máli að segja um þá

stefnu, sem í þessu frv. felst, að ég er henni mótfallinn. Mér er ákaflega vel ljóst og hef oft lagt á það áherzlu, hversu mikil nauðsyn er að fá tæknimennina út um landið, en ég er þeirrar skoðunar, að það séu sveitarfélagasamtökin, sem þurfi að beita sér fyrir þessu víðs vegar um landið, en **ekki** ríkið. Og það er mín skoðun, að það sé síður en svo leiðin til þess að viðhalda eða efla strjálbýlið að auka áhrif ríkisvaldsins úti um landið. Það er þetta, sem ég vildi, að kæmi fram strax hér við 1. umr. Ég tek fyllilega undir nauðsynina á því að auka og fjölga tæknimönnum og þeir þurfa að vera búsettir sem víðast. Æskilegast væri, að þeir fyndu sjálfir hvöt hjá sér til þess að setjast niður sem víðast og hefðu sjálfstæða starfsemi með höndum. Ef það næst ekki, þá tel ég, að það séu sveitarfélögin, sem eigi að hafa þarna frumkvæðið og beita sér fyrir því, sem að verulegu leyti er einmitt um að ræða í þessu frv., en það er, að verkfræði- og tæknisjónusta sé til staðar a. m. k. á ákveðnum höfuðstöðvum í öllum landshlutum og að sjálfsögðu sem allra víðast. Og ég vil mjög eindregið beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til athugunar, að gefa gaum að þessu sjónarmiði. Eins og við vitum, eru sveitarfélögin mjög að eflast í gegnum samtök, sem þau eru að mynda með sér og yfirleitt eru bundin við kjördæmin. Það er að vísu rétt, að þau þyrftu í mörgum tilfellum a. m. k. að hafa meiri fjárráð. Það er enginn vafi á því, að sums staðar er það fjárskortur, sem stendur í vegi fyrir því, að þau geti sinnt þeim verkum, sem þau gjarnan vildu, en ég álít, að það sé skynsamlegri leið að reyna að leysa þann hnútinn að gera þeim mögulegt að taka t. d. og leysa þetta verkefni að því leyti, sem utanaðkomandi fjármagn þarf að koma til. En þessi skoðun hefur mótazt því fastar í mínum huga sem ég hef hugsað málin meir, og alveg sérstaklega strjálbýlismálin, og hún er sú, að frumkvæði þessara mála þarf að vera heima í byggðarlögunum.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Austf., lýsti hér afstöðu sinni til þessa frv. í því formi, sem það er. Hann telur, að þessum málum væri betur borgið á þann hátt, að samtök sveitarfélaga hefðu þessi mál með höndum. Það kom ekki fram í ræðu hans, a. m. k. ekki svo skýrt, að ég gæti gripið það, hvort hann ætlist þá til þess, að sveitarfélögin hafi þessi verkefni með höndum fyrir ríkið eða þau taki að sér að öllu leyti t. d. hafnargerðir og vegagerðir og aðrar þvílíkar framkvæmdir, sem ríkið nú greiðir að mestu leyti, kostar, leggur fram fé til, eða hvort hann ætlast til þess, að sveitarfélagasamböndin fái í hendur einhver skattlagningarlög, heimildir til þess að leggja á skatta og hafi síðan þessi mál með höndum og greiði framkvæmdirnar af þeim sköttum. Þetta kom ekki svo skýrt fram, að ég gripi það, á hvern veg hann hugsar sér þetta. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að allar stærri framkvæmdir í þessu landi, svo sem eins og vegagerðir, hafnargerðir og fleira slíkt, verði að vera í höndum ríkisins og ríkið verði að leggja fram fé til þessara framkvæmda. Hins vegar álít ég nauðsynlegt og eðlilegt, að þessar miklu stofnanir, eins og t. d. Vita- og hafnamálaskrifstofan og Vegamálaskrifstofan, hafi útibú í hinum einstöku umdæmum úti á landi, t. d. í þeim landshlutum, sem getið er um í frv., og að þar séu til staðar tæknimenntaðir menn, búsettir á svæðinu, sem hafi umsjón með framkvæmdunum undir yfirstjórn ríkisins, þ. e. a. s. þeirra stofnana, sem ríkið hefur til þess að sjá um þessi mál, eins og þær stofnanir eru, sem ég hef nefnt. Ég álít fyrir mitt leyti, að þetta sé það eðlilega fyrirkomulag. Ég er ekki á móti því, að sveitarfélögin stofni til samtaka sín á milli og beiti sér fyrir framgangi ýmissa hagsmunamála sinna byggðarlaga. Það tel ég nauðsynlegt, en ég er ekki tilbúinn að taka undir þá skoðun, sem ég veit, að er til hjá sumum, að þessi sveitarfélagasambönd eigi að fá sérstaka tekjustofna, sem ríkið hefur nú, til þess sjálf að meðhöndla þá eins og þeim þóknast og vera þar einráð um. Okkar land er fámennt land, og þjóðin er fámenn, og ég er ekki viss um, að það sé heppilegt að fara að dreifa valdinu svo mikið sem þá hlyti að verða. Þess vegna álít ég heppilegra og hyggilegra að koma þessu þannig fyrir, að hinar stærri ríkisstofnanir dreifi sínu eigin valdi út um byggðarlögin á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og að framkvæmdin verði áfram á vegum ríkisins, enda er sú hugsun í þessu frv., eins og ég áðan lýsti. Ég vildi svona aðeins taka þetta fram. Ég skil vel það, sem fyrir hv. 3. þm. Austf. vakir, að hann vill koma á eins konar fjórðungaskipulagi og hver fjórðungur sé nokkurn veginn sjálfstæð heild innan ríkisins. Ég fyrir mitt leyti er ekki tilbúinn til þess að samþykkja slíkt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum [160. mál] (þmfrv., A. 202).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Af hálfu okkar flm. málsins var þess farið á leit við hæstv. forseta, að þetta mál yrði tekið til umr. í dag, áður en fjárlagaannríkið hefst. Og þakka ég það, að forseti hefur orðið við þeirri ósk. Frv. til l. á þskj. 202, sem við flytjum saman, þrír þm. Norðurl. e., um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum, tekur til þriggja slíkra fallvatna, Laxár, Jökulsár og Skjálfandafljóts. Við flutning frv.

höfum við haft tvennt í huga: Að greiða þurfi fyrir því með löggjöf, að takast megi á viðunandi hátt að leysa þá deilu, sem risið hefur út af virkjunarframkvæmdum, og að hraðað verði frambúðarlausn raforkumála á þessu svæði. En jafnframt felst það í frv., að gerð verði gangskör að því nú þegar að finna örugga leið til laxræktar ofan Laxárgljúfurs. Frv. er í fimm greinum og er efni þeirra þetta:

Í 1. gr. er mælt fyrir um það, að óheimilt skuli vera að gera stíflu við Laxá hjá Brúum, nema að fengnu samþykki náttúruverndarráðs, enda hafi áður farið fram rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í bréfi iðnrh. dags. 13. maí s. l. um það efni. Komi til stíflugerðar með leyfi náttúruverndarráðs, skuli stífluhæðin við það miðuð, að vatnsborðshækkun árinnar vegna stíflunnar verði ekki svo mikil, að land við Birningsstaðaflóa fari undir vatn af þeim ástæðum. Loks er í greininni ákvæði um, að virkjun skuli þannig framkvæmd, að hún hindri ekki laxrækt ofan virkjunar.

Samkvæmt 2. gr. ber ríkissjóði að bæta Laxárvirkjun eftir mati dómkvaddra manna það tjón, er Laxárvirkjun kann að verða fyrir, ef frv. þetta verður að lögum, vegna kostnaðar, sem stofnað hafði verið til fyrir 1. des. s. l. á þann hátt, sem fjallað er um í greininni.

Í 3. gr. segir, að ríkisstj. skuli hlutast til um, að veiðimálastjóri láti fara fram og hraða rannsókn á möguleikum til að koma upp laxveiði í efri hluta Laxár og að fall í efri hluta árinnar skuli óheimilt að virkja. Með þessu falli í efri hluta árinnar er átt við það, sem fræðimenn hafa kallað virkjun Efri-Laxár eða Mývatnsvirkjun.

Í 4. gr. er mælt fyrir um, að ríkisstj. skuli nú þegar láta hefja endurskoðun fyrirliggjandi áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og rannsókn möguleika á að virkja Skjálfandafljót við Íshólsvatn. Skuli sú endurskoðun og rannsókn, sem hér um ræðir, sitja fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins.

En í 5. gr. segir, að lögin öðlist þegar gildi.

Áður en ég ræði nánar um hinar einstöku greinar frv., tel ég rétt að rekja svo stuttlega sem unnt er aðdraganda þessa máls, sem hér liggur fyrir. Er þess þá fyrst að geta, að á austanverðu Norðurlandi er nú mjög alvarlegur skortur á raforku, en orkuþörf vaxandi þar, t. d. vegna vaxandi iðnaðar og vegna þess, að orkuveitusvæði Laxár er að stækka austur fyrir Reykjaheiði og sennilega austur fyrir Öxarfjarðarheiði. Gömlu virkjanirnar tvær við Laxá framleiða samtals um 12 mw. eða rúmlega það, ef ég man rétt, en í sambandi við þær er rekin 7 mw. olíustöð og 1½ mw. jarðhitastöð við Mývatn með dýrri orkuframleiðslu. Til úrbóta var af þeim, sem orkumálum ráða, valin sú leið að halda áfram virkjun Laxár, eins og ég kem að síðar, og töldu þeir þá framkvæmd hagkvæmasta. En gegn þessu áformi risu menn í héraði með þeim rökum, að fyrirhugaðar framkvæmdir hefðu í för með sér spjöll á verðmætum vötnum, náttúrufegurð og dýrmætum náttúrufyrirbrigðum, og að eigi skorti önnur vötn til virkjunar.

Með lögum nr. 60 1965, um Laxárvirkjun, var ráðh. heimilað að veita sameignarfyrirtækinu Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. kw. raforkuver í Laxá við Brúar. Hinn 23. sept. 1969 veitti þáverandi ráðh. raforkumála Laxárvirkjun leyfi til þess að reisa fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar í Laxá með, eins og þar segir, „um 7 þús. kw. afli í samræmi við fyrrgreinda áætlun," þ. e. áætlun þá, er fyrir lá um Gljúfurversvirkjun. Í áætlun þeirri var gert ráð fyrir samtals nálega 55 þús. kw. virkjun í fjórum áföngum, auk svonefndrar Suðurárveitu, sem átti að vera í því fólgin að flytja nánar tiltekið magn af vatni því, sem nú fellur í Skjálfandafljót, yfir í Kráká í Mývatnssveit og þar með í Laxá. Í leyfisbréfi ráðh. segir enn fremur: „Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við 1. áfanga, sem með þarf til þess að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, hefur rn. út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir," þ. e. lög nr. 60 1965.

Framkvæmd 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar hófst á s. l. sumri, og hefur þegar verið stofnað til nokkurs „aukakostnaðar", sem að því getur miðað að „búa undir stærri virkjun" en þá, er leyfð hefur verið og heimiluð í lögum. 8. maí 1969, eða nokkrum mánuðum áður en þetta leyfi var veitt, voru með öllum atkvæðum sýslunefndarmanna í S.-Þingeyjarsýslu samþykkt andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun og andmælin rökstudd. Í ályktuninni er jafnframt vakin athygli á því, að sýslunefndin telji „héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarmannvirkjum þar (þ. e. við Laxá), þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar, allt að 18 metrum." Með bréfi 10. ágúst 1969 var bréflega tilkynnt ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, samþ. með 20 shlj. atkv., þar sem einnig komu fram andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun. Síðan segir svo í ályktuninni: „Þess vegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastjórn ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri, frá því sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast."

Þær ástæður, sem í öndverðu komu fram fyrir andmælum gegn Gljúfurversvirkjun, voru þessar helztar: Að tekið yrði bergvatn úr Skjálfandafljóti. Að við stækkun Krákár væri Mývatni og Mývatnssveit spillt. Að miklum hluta Laxárdals yrði sökkt. Að sú stífla, sem fyrirhuguð væri í Laxárgljúfri, eða milli 50—60 metra, gæti brostið og yrði hættuleg. Að laxræktarmöguleikar ofan Laxárvirkjunar yrðu að engu gerðir. Að laxveiði í neðri hluta árinnar, frá virkjun til ósa, yrði sett í hættu og náttúru vatnasvæðisins spillt.

„Héraðsnefnd Þingeyinga", sem kosin var á fundi, sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu boðaði til á Húsavík, tók til starfa um þetta leyti eða litlu síðar. Hafði hún allt fram á vor 1970 forustu um andmæli gegn hinni fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjun. Birtust um málið grg. frá héraðsnefndinni og stjórn Laxárvirkjunar, og var þetta mál

rætt á ýmsum vettvangi, eins og kunnugt er. Alþm. úr Norðurlandskjördæmi eystra höfðu haustið 1969 forgöngu um, að aðilar tækju upp viðræður sín á milli með samkomulag fyrir augum. Snemma vors 1970 ræddust þessir aðilar við í Reykjavík, og jafnframt ræddu þeir við þann ráðh., sem þá hafði tekið við stjórn raforkumála. Að þeim viðræðum loknum ritaði ráðh. stjórn Laxárvirkjunar, héraðsnefndinni, sýslunefnd S.-Þingeyinga, hreppsnefndum á Laxár- og Mývatnssvæðinu og þá nýstofnuðu félagi landeigenda bréf um málið 13. maí s. l. Um þetta leyti virðist héraðsnefndin hafa hætt störfum, en stjórn landeigendafélagsins hefur síðan komið fram fyrir hönd landeigenda og haldið uppi af þeirra hálfu andmælum, sem hér verður ekki nánar greint frá.

Í ráðherrabréfinu frá 13. maí kemur fram, að ráðh. hefur skilið viðræður þær, er fram fóru milli hans, héraðsnefndarinnar og stjórnar Laxárvirkjunar, svo, að tekizt hefði, eins og það er orðað, að koma á „viðunandi samkomulagi" um lausn málsins, en að öðru leyti er í bréfinu eins konar stefnumörkun af hálfu rn. í málinu, þó að sumt, sem þar kemur fram, sé túlkunarefni. Lýst er yfir því, að samkomulag sé um það milli rn. og Laxárvirkjunar, að „horfið sé frá áformum um Suðurárveitu" og „hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi". Rn. gerir það að skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda umfram 1. áfanga (þ. e. stíflugerðir o. fl.), að „fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár" fari fram. Jafnframt gefur rn. í skyn, að ekki muni verða leyfð meiri virkjun en 15 þús. kw., með 18—20 m hárri stíflu. Loks lýsir rn. yfir því, að það muni „beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Ísholsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun og samtengingu við aðrar orkuveitur." Það skal tekið fram, að bréf þetta hefur verið birt á prenti.

Þetta má telja meginefni ráðherrabréfsins frá 13. maí. En ekki varð sá árangur af bréfi þessu, að deilur féllu niður í virkjunarmálinu. Um það leyti, sem framkvæmd var að hefjast við Laxá, var þess af hálfu landeigenda krafizt fyrir dómi, að lögbann yrði lagt við framkvæmdum. Lögbannsbeiðni var synjað af settum setudómara, og var þá hafið annað mál á hendur Laxárvirkjun fyrir meinta ólöglega framkvæmd. Málaferli þessi standa enn yfir, en auk þess hafa andmæli gegn virkjunarframkvæmdum komið fram á annan hátt, sem kunnugt er. Hefur deilan farið harðnandi, og verður ekki betur séð en að um óviðunandi ástand sé nú að ræða í þessu máli. Seint í ágústmánuði s. l. fól ráðh. sýslumönnunum í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu að gera tilraun til að koma á samkomulagi milli stjórnar Laxárvirkjunar og stjórnar landeigendafélagsins, en sú tilraun virðist ekki hafa borið þann árangur, sem til var stofnað, og ekki heldur sáttafundur sá, er ráðh. boðaði til og haldinn var í Reykjavík 23. og 24. nóv. s. l. En að loknum þeim fundi lýsti stjórn landeigendafélagsins yfir, að hún tæki ekki þátt í frekari samkomulagsumleitunum, nema stöðvuð yrði framkvæmd, sem nú stendur yfir við Laxá (en ráðh. hafði áður tilkynnt, að slíkt teldi hann sér ekki fært).

Það er ekki rétt, sem stundum er orðað svo, að baráttan í þessu máli standi milli Akureyringa og Þingeyinga. Hinir formlegu aðilar málsins eru nú annars vegar sameignarfélagið Laxárvirkjun, sem framleiðir raforku, og hins vegar félag landeigenda við Laxá og Mývatn, eftir að héraðsnefndin hætti störfum. En margir aðrir hafa lýst yfir afstöðu sinni til deilunnar, eins og kunnugt er, og fer því fjarri, að þar sé eingöngu um Akureyringa eða Þingeyinga að ræða. Miklu meira ber þó á andmælum gegn virkjuninni en meðmælum, og koma þar náttúruverndarsjónarmið mjög til greina.

Hér er ekki ástæða til að rekja rök þau, er fram hafa komið með og móti Gljúfurversvirkjun. En hvað sem þeim rökum líður, getur að vandlega athuguðu máli ekki talizt fært að halda áfram virkjun Laxár gegn vilja þeirra, sem eiga ána eða land að Mývatni og hafa stofnað með sér allsherjarsamtök til að koma fram fyrir sína hönd — og án samkomulags við þá. En brýna nauðsyn ber til að leysa til frambúðar orkuvandamál þeirra tveggja kaupstaða og þriggja sýslufélaga, sem hér eiga hlut að máli, og fyrst um sinn, meðan unnið er að því að ákveða annað norðlenzkt fallvatn til virkjunar og virkja það, kæmi það sér vel, ef fært þykir, að nokkur viðbótarvirkjun í Laxá geti átt sér stað, og ástæða til að ætla, að landeigendur virði þá nauðsyn sína og annarra og gangi ekki lengra í andstöðu en nauðsyn ber til.

Þar sem samkomulag hefur ekki náðst með viðræðum deiluaðila, virðist nú eðlilegt, að Alþ. beiti sér fyrir lagasetningu, er verða mætti til lausnar þessu máli. Til þess eru gild rök, að Alþ. láti málið til sín taka. Í fyrsta lagi er ríkið aðili að sameignarfyrirtækinu Laxárvirkjun og tveir af fimm stjórnarmönnum þar skipaðir af ríkisvaldinu. Í öðru lagi fá rafveitur ríkisins á austanverðu Norðurlandi orku frá Laxárvirkjun og íbúar á hlutaðeigandi orkuveitusvæði eiga kröfu á að ríkið leysi orkuvandamál þeirra á einhvern hátt eins og annarra landsmanna. Í þriðja lagi er hér um að ræða, a. m. k. að verulegu leyti, náttúruverndarmál, en slík mál lætur löggjöfin nú til sín taka í vaxandi mæli.

Sá virkjunaráfangi, sem nú er unnið að við Laxá, er rennslisvirkjun án stíflugerðar. Andstaða gegn rennslisvirkjun án stíflu kom ekki fram í sambandi við þetta mál í öndverðu. En við þessa rennslisvirkjun hefur, eins og fyrr var sagt, verið stofnað til nokkurra aukaframkvæmda, sem miða að meiri virkjun síðar eða jafnvel að fullri virkjun samkvæmt fyrrnefndri Gljúfurversáætlun. Þrátt fyrir ráðherrabréfið 13. maí telja landeigendur sig ekki geta treyst því, að numið verði staðar, t. d. eftir að vatnsborð árinnar hefði verið hækkað um 18—20 m, sem af ýmsum hefur verið talið líklegt til samkomulags, því að þá yrði viðbótarkostnaðurinn nú til einskis gagns. Hér virðist lagasetning þurfa að koma til. Við slíka lagasetningu verður að hafa í huga þá möguleika, sem á því eru að koma laxi upp fyrir Laxárgljúfur, og að þeir möguleikar verði ekki rýrðir,

heldur efldir samhliða virkjunarframkvæmdum. Enn fremur verður með slíkri lagasetningu að hefjast handa um framtíðarlausn raforkumála, þá, sem vikið var að í ráðherrabréfinu 13. maí.

Ég skal þá að lokum fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv. og kem þá fyrst að 1. gr. Með þessari grein er það lagt undir úrskurð náttúruverndarráðs, hvort gera skuli stíflu við Laxá, en þó sett hámark á stífluhæðina, ef til kæmi, í samræmi við ráðherrabréfið og með hliðsjón af samþykktum í héraði um þetta mál. Yrði uppistaðan í mynni Laxárdals þá ekki nema hluti af því, sem fyrirhugað var. Í sambandi við frv. það, er flutt var á síðasta þingi, um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns, kom það fram, að andmælendur hinnar fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjunar treystu dómi náttúruverndarráðs í þessu máli, og það hygg ég, að aðrir ættu líka að gera. Er gert ráð fyrir því, að áður en náttúruverndarráð kveður upp úrskurð á sínum tíma, liggi fyrir hin líffræðilega rannsókn, sem gert er ráð fyrir á vatnasvæði Laxár og Mývatns. Eins og kunnugt er, var frv. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns flutt af menntmn. Nd. í fyrra, en kom aldrei til umr. á þinginu. Fjallaði það frv. um ýmislegt annað en virkjun Laxár, og gátu sum ákvæði þess, sem ekki vörðuðu virkjunarmálið, orkað tvímælis, eins og eðlilegt var um frumsmíð lagasetningar á þessu sviði.

Um 2. gr. frv. vil ég segja þetta: Ef nú er ákveðið, að stífla í Laxá við Brúar megi ekki verða hærri en 18—20 m, eða jafnvel engin stífla, ef úrskurður félli á þá leið á sínum tíma, má gera ráð fyrir, að hluti af þeim framkvæmdum, sem þegar hafa átt sér stað eða búið er að semja um, verði til einskis gagns, og þykir rétt, að ríkissjóður bæti Laxárvirkjun eftir mati tjón vegna aukakostnaðar í þessu sambandi, þó með nánar tilgreindum takmörkum. Verður þá að hafa í huga, að Orkustofnun, sem er ríkisfyrirtæki, lagði samþykki sitt á áætlunina um Gljúfurversvirkjun og átti með skipun og álitsgerð Laxárnefndar og á annan hátt án efa mikinn þátt í ákvörðun stjórnar Laxárvirkjunar á sínum tíma. Í leyfisbréfi þáv. raforkumálaráðherra 23. sept. 1969 var það líka berum orðum fram tekið, að rn. hefði „ekkert við það að athuga," að lagt yrði í aukakostnað við 1. áfanga til að undirbúa „stærri virkjun". Eðlilegt var, að stjórn Laxárvirkjunar legði ákveðinn skilning í þessi ummæli ráðherraleyfisins. Af þessum ástæðum og af því að gert er ráð fyrir lagasetningu í þessum efnum, verður ekki hjá því komizt að viðurkenna ábyrgð ríkisins í þessum efnum.

Varðandi 3. gr. vil ég taka þetta fram: Frá sjónarmiði landeigenda er það mjög mikilsvert, að öll Laxá geti orðið laxveiðiá, og óttast menn, að stífla í ánni o. fl. geti gert það örðugra en ella að koma þessu í kring. Greinin fjallar um þetta mál, og er í því sambandi fram tekið, að óheimilt sé að stofna til sérstakrar virkjunar á þessum hluta árinnar, enda mundi slík virkjun hindra þau fiskræktar- og laxveiðiáform, sem uppi eru, auk þess sem þar væri um að ræða auðsæ spjöll á ánni og hinu fagra umhverfi hennar. Hjá Orkustofnun hafa verið uppi ráðagerðir um slíka virkjun, þ. e. Mývatnsvirkjun, en á vegum Laxárvirkjunar hefur sú virkjun ekki verið á dagskrá, svo að mér sé kunnugt um.

Um 4. gr. vil ég segja þetta: Raforkuvandamál Norðlendinga í þeim þrem sýslum og tveim kaupstöðum, sem nú eru á orkuveitusvæði Laxár, verður að leysa. Ég nefni þrjár sýslur og tel Norður-Þingeyjarsýslu með, af því að þar er verið að leggja háspennulínu til tengingar við Laxárvirkjun. Minni háttar viðbótarvirkjun við Laxá gæti í bili bætt úr hinum tilfinnanlega rafmagnsskorti, sem nú er á austanverðu Norðurlandi og verður tilfinnanlegri með hverju ári, sem líður án aðgerða. En ef Gljúfurversvirkjun verður ekki stærri en hér er gert ráð fyrir, verður þegar í stað að hefjast handa um undirbúning framhúðarráðstafana á þessu sviði, og á þeim svæðum norðanlands, sem hér er um að ræða, er vissulega enginn skortur á virkjunarhæfum fallvötnum, þó að Laxá verði látin að mestu ónotuð í þessu skyni vegna sérstöðu hennar. Snemma á þeim áratug, sem nú er að líða, og raunar að nokkru leyti fyrir þann tíma var gerð ítarleg athugun á möguleikum til stórvirkjunar í Jökulsá á Fjöllum, við Dettifoss. Að þeirri athugun lokinni gerði verkfræðifirma í New York með aðstoð Orkustofnunar áætlun um fyrirkomulag Dettifossvirkjunar og kostnað við hana, svo og um háspennulínu þaðan vestur í Eyjafjarðarsýslu, ásamt áætlun um söluverð orku frá Dettifossi. Verðlag er nú breytt frá því, sem þá var, og ástæða getur verið til viðbótarrannsókna, sem gætu e. t. v. leitt það í ljós, að virkjunin sé hagkvæmari en þá var gert ráð fyrir. Nú á síðari árum hafa verið uppi raddir um virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en virkjunarmöguleikar þar, sem án efa eru miklir, eru enn lítt rannsakaðir. Greinin, þ. e. 4. gr. fjallar um það, að ríkisstj. verði falið að láta nú þegar hefja endurskoðun þá á Dettifossáætlun og rannsóknir á Skjálfandafljóti, sem hér hefur verið vikið að, og að endurskoðun þessi og rannsókn sitji fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins. En því aðeins, að þessi undirbúningur sitji í fyrirrúmi, verða raforkuvandamál Norðlendinga leyst í tæka tíð með virkjun, svo að viðhlítandi sé. Efni þessarar greinar er, eins og ég gat um áðan, í samræmi við margnefnt ráðherrabréf frá 13. maí s. l. Skylt er að geta þess, sem áður er fram komið, að í því bréfi er einnig gert ráð fyrir athugun á möguleikum til þess, að málið verði leyst „með samtengingu við aðrar orkuveitur", eins og það er orðað, og mun þar vera átt við ca. 200 km háspennulínu norður yfir miðhálendi landsins frá Búrfellsvirkjun, og kann einnig að vera, að í huga sé hafður flutningur raforku að austan. Þó að þessi möguleiki hafi komið til orða, munu flm. þessa frv. ekki að svo stöddu gera tillögu um það efni.

Ég skal svo ekki hafa lengri framsögu um þetta mál, en við höfum litið þannig á, flm., að þetta frv. okkar, ef að lögum verður, ætti, ef lán er með, að geta komið því til leiðar, að Laxárvirkjunardeilan leysist þannig, að allir megi vel við una, þegar hliðsjón er höfð af þróun málsins og meðferð þess hingað til.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til,

að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 15:13 atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. 705 og 711).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. JSk).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [165. mál] (þmfrv., A. 211).

Á 29., 30., 31., 39., 40., 41., 42., 43., 44., 45., 49., 50. og 51. fundi í Nd., 11., 14., 15. des., 27., 28. jan., 1., 3., 4., 8., 10. og 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 211 smáfrv. til l. um breyt. á l. nr. 90 frá 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. 1. gr. gengur út á það, að í stað „200 þús. kr. samtals“ í B-lið 21. gr. laganna komi: 600 þús. kr. samtals.

Með lögum nr. 41 14. apríl 1954 var í fyrsta skipti ákveðið um skattfrelsi sparifjár. Í 22. gr. þeirra laga er m. a. sagt, að undanþegnar eignarskatti og framtalsskyldu séu innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, eftir nánar tilgreindum reglum, en þær reglur voru, að skattgreiðandi skuldaði ekki meira en 120 þús. kr. samtals og um fasteignaveðlán væri að ræða, sem tekin væru til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Með lögum frá árinu 1965 var hámark þessarar veðskuldar fært úr 120 þús. í 200 þús. kr., en með frv. þessu, sem ég er nú að mæla fyrir, er lagt til, að þetta hámark verði fært úr 200 þús. kr. upp í 600 þús. kr., en það er sú tala, sem ég tel eftir athugun, að svari til 200 þús. kr., eins og þær voru að kaupmætti á árinu 1965 samanborið við það, sem þær mundu gilda í dag.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég er efnislega alveg sammála því, sem hv. 2. þm. Reykn. hefur flutt á þskj. 211, en vildi mega vekja athygli á frv. því, sem nýlega hefur verið flutt af hæstv. ríkisstj., um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, 17. gr. þess frv., sem gengur lengra heldur en það frv., sem hv. 2. þm. Reykn. hefur hér flutt, en þar segir „innstæður manns, sem ekki skuldar meira fé en jafngildir hámarki lána húsnæðismálastjórnar ríkisins.“ Þegar þessi skattalög voru samþ. á sínum tíma, þá var sú upphæð, sem í þessari grein var, miðuð við hámark lána húsnæðismálastjórnar, og er því eðlilegt, að í skattalögum sé gert ráð fyrir, að breytingar geti átt sér stað, eftir því sem hámarkslánaupphæð húsnæðismálastjórnar breytist.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, þar sem 17. gr. frv. ríkisstj. um breyt. á skattalögum, verði hún samþ., nær yfir það frv., sem hv. 2. þm. Reykn. hefur hér flutt, og tryggir, að þessi tala muni breytast í framtíðinni, eftir því sem lán húsnæðismálastjórnar ríkisins breytast.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni þeirra orða, sem hv. 1. þm. Reykn. lét hér falla, lýsa því, að mér er að vísu kunnugt um þetta ákvæði í hinu nýja frv. til tekju- og eignarskattslaga, sem lagt hefur verið hér fram að frumkvæði hæstv. ríkisstj., en það frv., sem ég var að mæla fyrir, var lagt fram nokkru áður en það stjfrv. sá dagsins ljós, og mér var að sjálfsögðu þá ekki kunnugt um, hvað í því stjfrv. kynni að vera. En ég get vel lýst því yfir, að þar sem mál það, sem ég var að mæla fyrir fer til sömu n. eftir þessa umr. og frv. ríkisstj., þá get ég sem flm. vel fallizt á, að það fái þar athugun og síðan, ef það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykn., að frv. ríkisstj. gangi að þessu leyti lengra heldur en mitt, þá get ég vel fallizt á það, að mitt frv. verði látið daga uppi í n.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af orðum hv. 2. þm. Reykn. Það var einmitt til þess að vekja athygli á því, að þegar þetta mál, sem hann hefur mælt hér fyrir, fær skoðun í hv. fjhn., þá liggur það að sjálfsögðu fyrir eins og frv. hæstv. ríkisstj., en n. mun við afgreiðslu þess að sjálfsögðu taka tillit til þeirrar greinar, sem er í frv. ríkisstj., og mæli n. með því, að sú grein verði samþ., þá veit ég, að hv. þm. lítur svo á, að hans frv. hafi þar með náð fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Uppeldisstyrkur búfjár vegna kals í túnum.

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um uppeldisstyrk búfjár vegna kals í túnum [169. mál] (þmfrv., A. 231).

Á 30., 31., 39., 40., 41., 42., 43., 44., 45., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. fundi í Nd., 14., 15. des., 27., 28. jan., 1., 3., 4., 8., 10., 17., 18., 22., 24., 25. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um uppeldisstyrk búfjár vegna kals eða grasbrests í túnum. Meðflutningsmenn mínir eru þeir hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, og hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson. Alkunnar eru þær ástæður, sem liggja fyrir flutningi þessa frv. Veðurfar hefur farið kólnandi hin síðari ár og afleiðing þess hefur orðið gróðurdauði í hinu ræktaða landi víðs vegar um landið, jafnvel svo að heilar spildur, stundum heil tún, hafa verið alveg gróðurlausar. Landshlutarnir hafa farið misjafnlega út úr þessum skemmdum frá ári til árs og venjulega hefur verið hægt að fá keypt hey til bjargar þeim, sem verst voru settir hverju sinni, en þó með því að flytja það um langan veg með tilfinnanlegum kostnaði. En þó hefur það farið svo sum árin, að ekki hefur tekizt að fá keypt nóg hey, sérstaklega þó tvö síðustu árin. Þegar um heyskort er að ræða, er alltaf hætt við, að þeir efnaminni og venjulega þeir, sem eru með stærstu fjölskyldurnar á sinni framfærslu, verði út undan með heykaupin, einmitt þeir bændur, sem sízt mega við því að skerða bústofn sinn að neinu marki. Þegar um þá bændur er að ræða, sem eru með bústærð í lágmarki, til að fjölskyldan hafi af því viðunandi lífskjör, og þeir verða svo að skerða þann bústofn vegna fóðurskorts, þá segir það sig sjálft, að ekki horfir vænlega með afkomuna framvegis hjá slíkum fjölskyldum. Hætt er við, að allur grundvöllur til áframhaldandi búskapar sé brostinn, ef það opinbera bætir þeim ekki tekjumissinn, sem þeir verða fyrir, á meðan verið er að koma upp búunum aftur. Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum og sízt hv. alþm., að þau sveitaheimili, er hafa haft mörg börn og unglinga á framfæri, hafa mjög barizt í bökkum á undanförnum árum, ekki sízt þeir, sem verið hafa í einhverjum framkvæmdum eða umbótum á jörðum sínum. Þegar slík áföll dynja svo yfir, að verulegur fóðurskortur verður á slíkum heimilum, jafnvel ár eftir ár, eins og skeð hefur, þá fyrst hlýtur að syrta í álinn fyrir alvöru, nema forusta stjórnarvalda komi til með einhverjum hætti.

Eins og ég vék að áður, hefur það sýnt sig, að efnaminni bændurnir, þeir, sem minnst áföll þola, hafa meira orðið út undan með að fá keypt hey, þegar lítið framboð hefur verið á því og þar af leiðandi orðið að skerða bústofn sinn og það verulega, sumir a. m. k. Hafi nú bústærðin verið í lágmarki, til að fjölskyldan hafi viðunandi lífskjör, áður en skerðingin átti sér stað, er þá ekki hætt við, að í þvílíkum sporum fyllist menn vonleysi, missi e. t. v. kjarkinn alveg og yfirgefi jarðir sínar, flestir slyppir og snauðir, því að ekki er líklegt, að auðvelt sé að koma bústofni í verulegt verð eða a. m. k. eðlilegt verð, þegar almennur fóðurskortur er í landinu. Og sé verulegur gróðurdauði í túninu, eins og algengast mun vera í þeim tilfellum, sem að framan er lýst, þá er ekki líklegt, að mikið fáist fyrir slíkar jarðir, nema endurbætur séu gerðar á þeim áður en til sölu kemur.

Nú er það mikið vafamál, hvort ekki sé þjóðhagslega hagkvæmara að skerða bústofninn og veita þeim bændum fjárhagslega aðstoð til að koma búinu upp aftur, þegar betur árar, eins og lagt er til í þessu frv., heldur en að stuðla að miklum heyflutningum um mjög langan veg með miklum tilkostnaði eða þá að fóðra bústofninn að miklu leyti á erlendu kjarnfóðri eins og gert hefur verið. Bændur hafa ekki átt þess kost að velja þarna á milli. Þeir hafa fengið aðstoð til þess að kaupa hey og kjarnfóður, en gerðu þeir það ekki, þá hefur þeim ekki staðið til boða nein önnur aðstoð í neinu formi. Ég vil ekki vanmeta þá aðstoð, sem fengizt hefur til að kaupa hey og kjarnfóður, hún hefur komið sér mjög vel í mörgum tilfellum, þó að hún hafi verið ónóg og handahófskennd að margra dómi. En þessi aðstoð leysir engan veginn það vandamál, sem þarna er við að stríða, heldur er hún bráðabirgðaúrræði til að fleyta bústofninum áfram yfir einn vetur í senn, en sjálft vandamálið, gróðurdauðinn, ógnar bændastéttinni og allri þjóðinni jafnt eftir sem áður, og of lítið hefur verið gert til þess að komast fyrir rætur meinsins eða mæta því vandamáli með haldbetri og árangursríkari úrræðum en heykaupum og erlendum kjarnfóðurkaupum í stórum stíl, eins og átt hefur sér stað fram að þessu. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því, hvað raunhæft það er að hlaða lánum ofan á lán á sömu bændurna ár eftir ár. Undir slíku getur enginn risið, og verður því ekki hjá því komizt að gefa eftir þessi harðærislán hjá þeim, sem hafa búið við slík áföll ár eftir ár.

Við framsóknarmenn höfum mótað þá stefnu, sem við teljum að eigi að fylgja í þessu máli. Hún hefur komið fram í frumvarpsflutningi hér á hv. Alþ. Í fyrsta lagi fluttum við frv. um breyt. á lögum við til, að hann yrði efldur mjög frá því, sem hann er, en ekkert framlag kom í hann á síðasta ári eða er fyrirhugað í ár, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar framsóknarmanna og Stéttarsambands bænda til að fá í hann fjárframlög. Við lögðum til, að í þennan sjóð yrðu lagðar a. m. k. 25 millj. á ári með hliðsjón af því, að við stóðum í þeirri trú, að búið væri að semja við hæstv. ríkisstj. um endurbyggingu sláturhúsanna í landinu og í því samkomulagi fælist, að úr þessum sjóði ættu að koma á ári hverju í næstu 5 ár 12—14 millj. í þetta verkefni. Síðan lögðum við til, að tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitji fyrir öðrum verkefnum með fyrirgreiðslu. Við teljum, að hér sé svo mikið í húfi og svo aðkallandi verkefni, sem leysa þarf, að það sé engan veginn verjandi að sýna þessum

verkefnum tómlæti, eins og hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. hafa því miður gert fram að þessu.

Utan úr hinum stóra heimi berast annað slagið fréttir um nýja sigra á sviði ræktunarinnar, ný og ný afbrigði hafa verið framleidd, harðgerðari og uppskerumeiri en þau, sem áður þekktust. Það má segja, að þetta sé á öllum sviðum jarðræktar. Það væri fáránlegt að halda því fram, að í okkar landi gætu ekki verið svipaðir möguleikar til framþróunar á þessu sviði eins og í öðrum löndum, en að þessu leyti erum við gersamlega vanþróuð þjóð, og er því mál til komið, að við förum að rumska og gera eitthvað raunhæft, ekki síst vegna þeirra áfalla, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir að þessu leyti á liðnum árum, þar sem fóðuröflunin og nýting þess er undirstaðan undir þessum atvinnurekstri. Það er einnig mjög aðkallandi að gera tilraunir með heyverkun og geymslu þess, til þess að það tapi sem minnstu af fóðurgildi sínu, því að við hljótum að stefna að því að fóðra bústofn okkar að langmestu leyti á innlendu fóðri, en til þess þarf að tryggja fóðuröflunina og að fóðrið sé verkað á þann hátt, að það tapi sem minnstu af fóðurgildi. Hvorugt verður gert nema með myndarlegri forustu ríkisvaldsins.

Í öðru lagi lögðum við fram frv. um breyt. á jarðræktarlögum, fyrst og fremst til þess að stuðla að meiri grænfóðursræktun og votheysgerð, en á meðan við getum ekki komið í veg fyrir kalskemmdir að mestu leyti, teljum við eina úrræðið að auka að miklum mun grænfóðursræktun og ræktun einærra jurta. Til þess að tryggja almenna breytingu í þessa átt og gera hana mögulega leggjum við til að hækka verulega styrk til þessara framkvæmda. Búnaðarþing og Stéttarsamband bænda hafa lagt mikla áherzlu á þessi mál að undanförnu.

Í þriðja lagi höfum við lagt fram frv. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þar leggjum við til, að Landnámið beri að verulegu leyti kostnað við endurvinnslu þess lands, sem gróður hefur dáið í, eða þá við að vinna land í þess stað, ef kunnáttumenn telja, að það sé betra til árangurs, þó að vissu marki, sem er tiltekið í þessu frv.

Þessi frumvarpsflutningur og sú stefna, sem í frv. felst, er við það miðuð að gera nú ráðstafanir til þess að reyna að komast fyrir rætur meinsins, en á meðan það tekst ekki að gera aðrar ráðstafanir til þess að draga sem mest úr áföllum og raska sem minnst búskaparaðstöðu hjá þeim, sem fyrir kalskemmdunum verða, og koma í veg fyrir, að jarðir, sem eru með sæmilega búskaparaðstöðu að öðru leyti, fari í eyði. En þegar slík áföll steðja að eins og að landbúnaðinum nú, verður forusta hins opinbera að koma til, ef ekki á illa að fara. En hvernig er þessi forusta, sem hæstv. landbrh. var að guma af hér um daginn? Hvernig hefur hún reynzt landbúnaðinum í þeim þrengingum, sem að þessum atvinnurekstri hefur steðjað á liðnum árum? Vilja ekki hv. alþm. hugleiða það, hvernig hin opinbera forusta hefur verið í þessum málum? Jú, þeir geta bent á það að vísu, að fóðurlausir eða fóðurlitlir bændur hafi fengið einhver lán úr Bjargráðasjóði og styrk upp í flutningskostnað á heyi, sem flutt hefur verið langan veg, sem sagt bráðabirgðaúrræði af skornum skammti, sem gripið er til á síðustu stundu, en þá er líka allt upp talið. Nema menn vilji telja böðunarfrv. og frv. um breyt. á lögum um framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem e. t. v. sýnir bezt, hvernig sú forusta er, sem landbúnaðurinn býr við, því að þar er lagt til að leggja ekkert — ég sagði ekkert — fjármagn í þann sjóð á þessu ári, enda þótt sjóðurinn sé einskis megnugur til að leysa þau vandamál, sem fyrir liggja. Það er þýðingarlaust fyrir hæstv. landbrh. að reyna að skjóta sér á bak við Búnaðarþing og Stéttarsamband bænda með því að segja, að hann hafi farið í einu og öllu eftir tilmælum þessara aðila í þessum málum. Það væri hægt að telja ýmislegt fleira af óskum og samþykktum þessara aðila, sem ekki hefur verið farið eftir, eins og t. d. þau mál, sem hér hafa verið rædd, og það má minna á fleira, svo sem rekstrarlánin, lausaskuldamálin, eflingu veðdeildar Búnaðarbankans og margt fleira. Og hvað með endurbyggingu sláturhúsanna, sem bændasamtökin töldu, að samkomulag væri komið um við hæstv. landbrh. og í trausti þess er búið að setja gjald á kjöt til þess að framkvæma þann hluta samkomulagsins, sem snýr beint að bændasamtökunum? Og það sýnir, að bændasamtökin stóðu í þeirri trú, að fullt samkomulag væri komið á um framkvæmd þessa máls við stjórnarvöld. En ekki var hægt að heyra það á hæstv. landbrh. hér í umr. um framleiðnisjóð landbúnaðarins, að nein lausn væri á þessu máli af hendi hæstv. ríkisstj. Það hefur e. t. v. farið með þetta mál eins og frv. hæstv. ráðh. um framleiðnisjóðinn, að einhver hulin hönd hefur komið nærri þessu máli og breytt því frá því, sem ráðherrann ætlaðist til.

Hv. 11. landsk. þm. (BGuðm) gat ekki lengur setið á sér og lét í ljósi megna óánægju með alla framkvæmd ríkisvaldsins í sambandi við kalskemmdirnar og þá ónógu aðstoð, sem veitt hefur verið, sérstaklega á þeim svæðum, sem búið hafa við þetta harðæri ár eftir ár. Það eru því fleiri en ég, sem hafa hneykslazt á forustunni eða réttara sagt forustuleysinu í landbúnaðarmálum hin síðari árin. Ég hef þegar getið um þá gremju, er hv. 11. landsk. þm. lét í ljósi hér í umr. fyrir skömmu, en það hefur áður komið fram hér í hv. Alþ. gagnrýni á þessa forustu og einnig úr herbúðum hæstv. ríkisstj. Þar á ég við, þegar hv. 9. landsk. þm. (BrS) sagði hér í hv. þd. 18. febr. 1969 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þetta finnst mér styðja þá skoðun mína, að það vanti yfirstjórn og hagsýni í landbúnaðinum. Það er varla von, að bændur einir út af fyrir sig geti fundið, hvað rétt er í þessu. En þegar yfirstjórnin brestur, þá er hætta á ferðum.“ Ég endurtek: „Þegar yfirstjórnin brestur, þá er hætta á ferðum.“

Og ég vil taka undir þessi orð þm., að þegar yfirstjórnin brestur, er hætta á ferðum. Að vísu gæti hæstv. landbrh. spurt að því, hvar yfirstjórnin hafi ekki brugðizt þessi síðustu ár, og þegar betur er að gáð, mun reynast erfitt að benda á, að fyrirhyggjusöm forusta hafi verið á einhverju sviði íslenzkra þjóðmála á síðustu árum og er sama, hvert litið er. Þjóðin þyrfti því að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum málum

er komið, að forusta þjóðarinnar, sjálf yfirstjórnin hefur brugðizt. Þar er orsakanna að leita fyrir því, hvernig komið er á mörgum sviðum þjóðmálanna ekki síður en í landbúnaðinum.

Ég vil þá, með leyfi forseta, fara yfir frumvarpsgreinarnar.

1. gr. Bændum, sem fækka ám sínum eða kúm um meira en 10% af bústofni sínum vegna fóðurskorts, sem orsakazt hefur af kali eða grasbresti í túnum eða engjum, — og verði áburðarskorti ekki um kennt, — skal veittur uppeldisstyrkur til að fjölga búfé sínu að nýju, þegar árferði batnar til fóðuröflunar. Veita skal í þessu skyni fé á fjárlögum, þegar ástæða þykir til, og Bjargráðasjóði Íslands falið að annast styrkveitingar og framkvæmd laga þessara samkv. reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr. Uppeldisstyrkur greiðist, þegar komið hefur verið upp bústofnsauka, sem svarar að einhverju eða öllu leyti til þeirrar búfjárfækkunar, sem átt hefur sér stað, sbr. 1. gr., þó ekki síðar en 5 árum eftir að búfé var fækkað. Skal uppeldisstyrkur vegna þessa bústofnsauka nema hálfu lambsverði fyrir hverja á, eins og það er á þeim tíma, þegar uppeldisstyrkur er greiddur, og 5 lambsverðum, reiknuðum á sama hátt, fyrir hverja kú.

3. gr. Lög þessi taka til búfjárfækkunar á árunum 1969—74.

Í 1. gr. segir: Bændum, sem fækka ám eða kúm um meira en 10% af bústofni sínum vegna fóðurskorts. Í sambandi við þetta atriði tel ég rétt að taka það fram til frekari skýringa, við hvað er átt með þessu ákvæði. Ef bóndi hefur t. d. orðið að fækka bústofni um 10% á hverju ári í 3 ár í röð vegna fóðurskorts, þá á að miða bótaréttinn við heildarfækkunina öll árin að frádregnum 10%, sem falla bótalaust.

Ég vil leggja mikla áherzlu á, að þetta frv. megi ná fram að ganga, en það mundi gefa ýmsum bændum von um, að þeir komist út úr yfirstandandi þrengingum og gefa þeim möguleika á að koma búunum upp aftur, þegar árferði batnar.

Herra forseti. Ég legg til, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. „Misvitur er Njáll," var einu sinni sagt. Einhvern veginn datt mér þessi setning í hug, þegar ég las þetta frv. Ekki vegna þess, að það hreyfi ekki við máli, sem vissulega þarf að skoða, heldur vegna þess, að mér finnst að sú leið, sem þarna er valin til þess að ráða bót á þessu, skjóti nokkuð skökku við. En ég kom hingað í ræðustólinn aðeins til þess að segja frá því, að ég hef líka verið að velta fyrir mér þessu vandamáli, sem sannarlega er mikið. Það eru áföllin, sem ýmsir bændur, oft ár eftir ár, hafa orðið fyrir vegna gróðurdauðans í túnunum.

Á s. l. sumri var það m. a., að bóndi vék sér að mér og sagði: „Hvað eigum við að gera fyrir þá bændur, sem enn þá búa við kalið og grasleysið — eða algeran dauða á miklum hluta túnanna? Það er e. t. v. hægt að útvega þeim hey til kaups, en það er þýðingarlaust, þegar þeir geta ekki borgað lengur, — þeir, sem eru búnir að búa við þetta í mörg ár." Út af þessu fór ég að hugleiða það, að eina leiðin, sem mundi verða fær í þessu, væri byggð á sama grundvelli og t. d. brunatryggingar hafa verið byggðar upp. Það vita allir, að það er til skyldutrygging gegn bruna, en það, sem ég á fyrst og fremst við, er það, að þeir, sem brennur hjá, þeir fá bætt án þess að þurfa að greiða fyrir bæturnar. Þeir greiða iðgjald og það tryggir þeim réttinn til bótanna. Í þessu formi, sem er í raun og veru það eina, sem til greina getur komið að geti komið að viðhlítandi notum, þyrfti tryggingin að vera. Og út af þessu fór ég að hugleiða heyjatryggingar, svæðisbundnar heyjatryggingar, þar sem meiri hluti bændanna á viðkomandi svæði ákveði það, hvort þeir vildu taka upp þessar tryggingar. Ég tók það ráð að semja frv. um þetta, en í staðinn fyrir að leggja það fram hér á Alþ. strax, sendi ég Búnaðarþingi því, sem nú situr, málið til athugunar, og ég verð að segja það alveg ákveðið, að það er þessi leið, sem mér finnst að hljóti að verða farin, ef við ætlum að taka beint á þessu vandamáli, sem er skorturinn á heyskap. Það er skorturinn á heyskap, — og við eigum að reyna að ráða fram úr honum einmitt með heytryggingum, tryggingum, sem væru með svipuðum hætti og brunatryggingarnar, þannig að menn greiði iðgjald. Og ég hafði hugsað mér, að það yrði greitt í heyi, — að mestu leyti a. m. k. — til þess að tryggja, af því að það er ekkert nema hey, sem kemur að gagni í þessum efnum. Og þá yrðu bæturnar endurgjaldslausar, þar sem tjónið hefði orðið fram yfir eitthvert ákveðið mark, sem miðað yrði við. Ég hef hugsað, að þetta væru svæðisbundnar tryggingar, vegna þess að mér er það alveg ljóst, að það er mjög nauðsynlegt, að þarna njóti við allmikils kunnugleika. Það hefur nú stundum verið talað um siðleysi kunningsskaparins og það kann að vera rétt í sumum tilfellum, en kunningsskap fylgja líka viss siðalög og í þessum efnum álít ég, að þau séu nauðsynleg og æskileg, þannig að svæðin séu yfirleitt ekki stærri en það, að þeir, sem þarna búa, hafi kunnugleika nokkurn hver af annars högum. Annars yrði þetta að verulegu leyti undir stjórn búnaðarsambandanna, og svo ætlast ég til, að Bjargráðasjóður komi til með að aðstoða og auka þessar tryggingar.

Mér er það ljóst, að þegar kal og gróðurdauði kemur á sömu byggðir ár eftir ár, þá muni þetta ekki hrökkva til, en þá verða líka önnur ráð að koma til. Ég vil leggja talsverða áherzlu á eitt atriði í sambandi við þetta form, að bændurnir greiði sjálfir sitt iðgjald, sem yrði þá miðað við heyfeng hjá hverjum. Með því tel ég, að komizt yrði fram hjá því, sem er nokkur hætta á t. d. með sífelldum lánum Bjargráðasjóðs, — sem enda oft á þann veg, að það verður að gefa þau eftir — og það er **sérður metnaður** hjá þeim bændum, oft og tíðum, er fyrir þessu verða. Ég held, að metnaður bændastéttarinnar sé það, sem við þurfum hvað mest að halda í, og við vitum það, að slík samfélagsstarfsemi eins og tryggingar, eins og t. d. brunatryggingar, brjóta engan metnað. Þar hafa allir jafnan rétt, leggja allir jafnt af mörkum, ef svo má segja, og það er þessi grund-

vallarhugsun, sem mér finnst, að við þurfum að byggja þessar öryggisráðstafanir á.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við umr. um þetta mál, enda þótt þetta komi til n., sem ég starfa í, — væntanlega — og láta þess getið, að ég kaus nú að láta mitt mál ganga til Búnaðarþings og til yfirlits bændasamtakanna áður en það kæmi fyrir Alþingi. Ef það verður dæmt ónothæft og ekki þess virði, að komi til kasta Alþ., þá það, en samt sem áður er það mín hugsun, að í því felist mikilvæg búbót.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég vil segja hér aðeins örfá orð um þetta mál. Ég get tekið undir það með síðasta hv. ræðumanni, 3. þm. Austf., að ég tel, að það sé í raun og veru fyrir hverja stétt og í raun og veru fyrir hvern einstakling mikils virði að hafa heilbrigðan metnað og bændastéttinni sé það kannske ekki síður nauðsynlegt en öðrum stéttum að reyna að halda uppi virðingu sinni í þjóðfélaginu og heilbrigðum og eðlilegum metnaði fyrir sína hönd. En þetta má gera að vísu með ýmsum hætti. Ég veit, að það eru ýmsir þættir atvinnulífsins, sem af einhverjum ástæðum verða út undan. Það geta verið margvíslegar ástæður til þess aðrar en þær, að þeir, sem við atvinnuveginn fást, séu ekki starfi sínu vaxnir, og í sambandi við bændastéttina er það oft og tíðum tíðarfarið hér á norðurhjara heims, sem veldur því, að ýmis skakkaföll verða. Þetta höfum við Íslendingar orðið að lifa alla þá tíð, sem við höfum búið í landinu, að það hafa komið erfið ár og stundum svo erfið, að það má segja, að þau hafi komið þjóðinni næstum því á vonarvöl. En það, að við búum enn í þessu landi, eigum við því að þakka, að það hafa alltaf verið til í bændastéttinni menn, sem hafa kunnað fótum sínum forráð, verið hyggnir búmenn, sem kallað er, og haft forsjá sinna mála í góðu lagi. Það eru mennirnir, sem hafa fyrnt hey. Það eru heyfyrningarmennirnir, og það hefur aldrei séð á þeim, þó að komið hafi kalár eða erfitt árferði af ýmsu tagi. Þeir hafa ævinlega staðið upp úr og þeir hafa orðið bjargvættir fyrir nágranna sína og sveitunga. Þess vegna hef ég alltaf haldið því fram og held því fram enn, að höfuðskilyrðið fyrir blómlegum landbúnaði á Íslandi sé það, að í landinu sé ævinlega til nóg af heyfóðri. Það sé fyrsta skilyrðið. Nú má segja, að það sé erfitt að hafa það á túnum ræktunarbúskaparins, þegar köldu árin eyða gróðrinum í túnunum og grasið deyr af völdum kuldans. En við vitum það vel, að nú er hægt að rækta ýmsar grænfóðurtegundir, og það þarf ekki einu sinni að þurrka þetta gras. Það er hægt að geyma það í votheysturnum eða með ýmsum öðrum hætti, verka það sem vothey og nota það þannig.

Menn vilja kannske hugsa sem svo, að hér t. d. á Norðurlandi, þar sem sumrin eru nokkru styttri heldur en á Suðurlandi og kuldarnir meiri, sé erfitt að rækta hafra, sem hafa nú verið aðalgrænfóðrið. En nú er búið að prófa það. Ég held, að mér sé óhætt að fara með það, því að um það hefur ritað einn færasti tilraunastjóri landsins, Klemenz Kristjánsson, hann hefur prófað það, að bygg spírar svona 30—40 dögum fyrr heldur en hafrar. Sem sagt, vaxtartími þess er 30—40 dögum skemmri heldur en venjulegra sáðhafra. Það er því næstum því öruggt, að það er hægt að rækta þessa jurt árlega á Íslandi, næstum því hvernig sem tíðarfarið er, og hún hefur þann kost fram yfir t. d. hafrana, að það er mjög gott að þurrka þetta gras, mjög gott að þurrka það. Ég vildi geta um þetta hér, vegna þess að ég sé ekki annað heldur en íslenzkur landbúnaður verði að fara út á þá braut, bændurnir á Íslandi verði að fara út á þá braut meira heldur en þeir hafa gert að rækta einærar fóðurjurtir. Þeir þyrftu a. m. k. að hafa svona ¼—⅓ af sínu slægjulandi undir einærum fóðurjurtum og þá fóðurjurtum, sem þurfa ekki langan vaxtartíma.

Þá vil ég víkja að öðru, sem mér hefur verið ofarlega í huga á undanförnum árum í sambandi við öryggi bændanna hvað snertir fóður. Eins og ég sagði áðan, þá eru það heyfyrningarbændurnir, sem hafa allar aldir Íslandsbyggðar bjargað landbúnaðinum á Íslandi. Um það getur, held ég, ekki verið nein deila. Það eru þeir, sem hafa bjargað íslenzkum landbúnaði, sjálfum sér og nágrönnum sínum. En við höfum ekkert gert til þess á þessari framfaraöld að hvetja menn til að fyrna hey. Það er frekar í hina áttina, að bændum hefur verið kennt, að það væri skaði að fyrna hey, það missti fóðurgildi, það væri dýrt að eiga þetta verðmæti vaxtalaust í hlöðunum o. s. frv. Þetta hefur nú verið kenningin. Mér hefur dottið í hug og ég hef skrifað um það og ég hef talað um það við ýmsa frammámenn, — hins vegar hef ég nú ekki borið fram um það tillögu hér á Alþ., — en mér hefur dottið í hug, hvort við eigum ekki að skipta um stefnu í þessu efni, hvort við eigum ekki að reyna að fara að beita áróðri fyrir því við bændur landsins, að þeir reyni að fyrna hey frá ári til árs, jafnvel þó að það sé nokkurt vaxtatap í sambandi við slíkt. Ég hygg, að það geti unnizt upp, og mér hefur dottið í hug, að það mætti örva slíkt með því að breyta t. d. einhverjum hluta af því fé, sem varið hefur verið úr ríkissjóði á undanförnum árum, í jarðræktarstyrk, hvort við ættum ekki að breyta einhverju af þessu fé hreinlega í styrki til manna til þess að fyrna hey. Ég skal ábyrgjast það, að ef slík stefna hefði verið uppi í landinu á undanförnum árum, að hver einasti bóndi hefði sett sér það mark og mið að eiga heyfyrningar, svona við skulum segja, þó ekki hefði verið nema fjórði partur af því heyi, sem hann hefði þurft, — að hann hefði sett sér það mark að eiga þetta — þá þyrftum við ekki að vera að tala hér um kalstyrki og annað því um líkt. En þetta hefur ekki verið og við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að þetta hafa bændurnir ekki gert, þeir hafa ekki verið hvattir til þess og það hefur ekkert verið ýtt undir þá með opinberum framlögum til þess. Þess vegna er nú ástatt eins og ástatt er í þessu efni í landinu og við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, sem þetta frv., sem hér er til umr., lýsir bezt hvernig er. Og það er fram komið til þess að reyna til bráðabirgða að bjarga þeim, sem verst eru settir. En ég hygg, að við eigum síðan að byggja upp framtíðarstefnu í þessum málum. Ég hef sjálfur reynslu fyrir því og tel mig hafa bjargað mínum búskap á því að eiga ævinlega til verulega stórar sléttur á hverju einasta sumri af

grænfóðri, sem ég hef getað hirt og hefur verið það öruggasta, bezta og ódýrasta fóður, sem ég hef notað, og ég veit, að svo er með aðra, sem ég þekki til. En mér finnst, að það hafi verið allt of lítið gert af þessu.

Ég get tekið undir þá hugmynd um heytryggingar, sem kemur fram hjá hv. 3. þm. Austf., en ég mæli þó miklu meira með þeirri hugmynd, sem mér hefur dottið í hug, ekki af því, að hún er komin frá mér, heldur bara af því, að mér sýnist, að hún gæti verið sterkara afl til þess að koma þessum hlutum í lag, og hún er sú, að einhverjum hluta af því, sem er varið til jarðræktarstyrkja, yrði nú varið til að styrkja menn til þess að fyrna hey eða verðlauna þá, réttara sagt, fyrir það að fyrna hey, svo að ef einhvers staðar í einhverri sveit, á nokkrum bæjum, er til nóg af heyi, þá þurfum við ekki að keyra þetta endalaust aftur á bak og áfram hringinn í kringum landið með stórkostlegum fjárframlögum bæði frá bændum sjálfum og ríkinu. Ég vildi láta þessar hugleiðingar koma fram í sambandi við þær umr., sem þegar hafa orðið um þetta frv., en skal ekki lengja mál mitt frekar.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Austf. (JP) hóf mál sitt með því að segja, að misvitur væri Njáll. Ég er ákaflega hræddur um, að sumir af búnaðarþingsfulltrúunum, sem fengju hans mál til meðferðar, hafi kannske hugsað eitthvað á þá leið, að misvitur væri Njáll. En annað var eftirtektarverðara hjá þm., að hann reyndi ekki að finna orðum sínum stað og útskýra, við hvað hann ætti. Hann ræddi ekkert um frumvarpsgreinarnar eða hvað það væri, sem hann átti við í þessu sambandi. Hann ræddi um allt annað, þannig að það er ekki hægt að taka mikið mark á þessu, sem þm. sagði, og ég hefði nú eiginlega vænzt þess, að hann endi ekki hér að þessu sinni á þingi með því að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál, því að mér er a. m. k. ljóst, að stór hluti af bændastéttinni hefur einmitt fylgzt með þessu máli og telur, að þeir eigi dálitla von í áframhaldandi búskap, ef þetta verður að lögum, og það mun vera bæði í því kjördæmi, sem hann er fulltrúi fyrir, og víðar á þessum svæðum, sem verst hafa orðið úti á undanförnum árum.

Ég tel, að það særi ekkert metnað bændanna frekar en annarra stétta, þó að ríkið hlaupi undir bagga við svona áföll. Ég hef ekki minnzt á það áður hér í umr., en þetta hefur komið fyrir alveg eins í sambandi við útvegsbændur. Þegar t. d. þurrafúinn kom upp, þá var ekki talað um það, að þeirra metnaður væri særður, þó að ríkið hlypi þar undir bagga, enda er þetta sjálfsagt mál, og það á að eyða þessum gamla hugsunarhætti, að það sé í raun og veru verið að særa metnað manna, þó að það opinbera hlaupi undir bagga, þegar þeir verða fyrir stóráföllum í sínum rekstri. Og er ekki meira særður metnaður bændanna, ef þeir, sem eru búnir að vinna í mörg ár á jörðum sínum og berjast þar harðri baráttu, ef þeir verða svo að bregða búi, vegna þess að stjórnarvöld sýna ekki skilning á þeirra vandamálum, þegar þeir verða fyrir svona áföllum ár eftir ár? Er ekki með þessu móti verið að særa meira þeirra metnað heldur en þó að þeir fengju einhverja aðstoð til þess að koma bústofninum aftur upp, ef þeir verða fyrir því að þurfa að skerða hann að einhverju marki? Ég mun ekki bregða fæti fyrir neitt frv., hvort sem það kemur frá hv. 3. þm. Austf. eða öðrum, ef ég held, að það verði til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem eru í þessum atvinnurekstri eða öðrum. Hitt er annað mál, að ég er á því, að þessi lausn, sem þm. var að minnast á í sambandi við heytryggingar, — á þann hátt, sem hann hugsar sér, — leysi engan vanda. Það er áreiðanlega allt of smátt í sniðum til þess að það leysi þann vanda, sem þarna er við að etja.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætlaði raunar ekki að taka til máls í þessu máli, en af því að nafn mitt dróst inn í umr., þá finnst mér, að ég þurfi að segja fáein orð.

Tveir hv. þm., hv. 3. þm. Austf. og hv. 2. þm. Sunnl., véku hér að einu atriði, sem ég tel, að sé afskaplega stórt í okkar augum, sem teljum okkur til hinna dreifðu byggða, og það er það, að metnaður bændastéttarinnar geti haldizt eins og verið hefur og gott, ef hann gæti aukizt heldur en hitt. Eitt af því, sem jafnan hefur sært minn metnað fyrir hönd bændastéttarinnar, eru alls konar tillögur og frv. og kröfur um styrki í öllum mögulegum efnum. Smástyrkjamjatl til bænda er til þess fallið að særa eða a. m. k. að draga úr metnaði þeirra, þegar til lengdar lætur, og ég er hjartanlega sammála þessum hv. þm., sem ég minntist á, að það er metnaður bændanna, sem þeir verða að halda í í lengstu lög, metnaður fyrir sína hönd.

En varðandi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég segja, að honum hættir svo mjög til í svo til hverri ræðu, sem hann flytur hér í þessari hv. d., að skammast eitthvað út í hæstv. landbrh., að ég held, að orð hans á því sviði séu frekar tekin að sljóvgast. Það er að vísu sagt, að endurtekning vinni á, en það er líka hægt að ofnota endurtekninguna þannig, að orð manna, sem stagast sífellt á því sama, verði ekki til eins mikils framdráttar þeim kenningum, sem verið er að flytja, og ella hefði orðið. Hann vitnaði hér í ræðu, sem ég flutti í þessari deild núna ekki alls fyrir löngu, þar sem ég vakti athygli á því, hversu illa margir bændur á Norðurlandi eystra, Austurlandi og hér og þar um Norðurland, Norðvesturland og allt Vesturland, — sérstaklega í þessum landshlutum, sem eru meiri hluti, a. m. k. yfirborðsins á landsbyggðinni — hefðu orðið úti af kali í túnum, sem búið er að gera meira og minna vart við sig í sumum þessum landshlutum a. m. k. í áratug. Út af þessu vildi hann draga þá ályktun, að ég hefði verið að ráðast á stefnuna í landbúnaðarmálum, sem hæstv. landbrh. hefur að mestu leyti mótað nú um áratug. Þetta var misskilningur hjá hv. þm., því að ég lít svo á, að stefnan í landbúnaðarmálum s. l. 10 ár hafi verið þannig, að stefnt hafi verið að því, að bændurnir kæmu sem bezt fótum fyrir sig, stoðum undir sinn atvinnurekstur, til þess að þeir þyrftu sem minnst að vera háðir árferði og áföllum og um leið ná viðunandi tekjum af búum sínum. Og ég þykist þekkja svo mikið til landbúnaðarstarfa og kringumstæðna bænda, ekki aðeins í mínu byggðarlagi, heldur

og um allt land, að ef bara venjulegt meðal-árferði hefði verið nú hin síðustu ár, þá hefði þessi stefna í landbúnaði verið það jákvæð, að mér er nær að halda, að í meðalárferði hefði bændastéttin aldrei staðið eins vel að vígi eins og hún gerir í þeim byggðarlögum, þar sem ekki hefur orðið mikið um áföll, en árferðið hefur orsakað mikil vandræði hjá sumum bændum. Þessi hv. þm. var eitthvað að bera saman ræðu, sem hv. 9. landsk. þm. hefði flutt hér í fyrra, og það, sem ég hefði sagt hér um daginn, og taldi, að við hefðum verið sammála um það, að landbúnaðarstefnan hefði verið slæm. Ég vil algjörlega neita því fyrir mína hönd, að ég hafi talið, að svo hafi verið. Og ég ætla, að skoðanir okkar hv. 9. landsk. séu sízt af öllu hinar sömu að því er snertir landbúnaðarstefnu ríkisstj., sem hefur haft völd hér um 10 ára bil. A. m. k. er svo að heyra á Alþýðublaðinu, og það nokkuð oft, að sú stefna hafi verið meira en lítið varhugaverð.

Ég vil aftur koma að því, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan og það er það, sem hann sagði um grænfóðurræktunina út af þeim miklu vandræðum, sem íslenzk bændastétt er stödd í í sumum landshlutum, — ég tek það hreinlega fram, að ég geri þar mikinn mun á eftir landshlutum, — að það er langhelzta bráðabirgðaúrræði, að veruleg grænfóðurrækt un takist, og ég veit, að margir bændur hafa hreinlega haldið sér uppi á því að rækta verulega mikið grænfóður þessi seinni ár, þegar kalið hefur herjað á. Þess vegna held ég, að það eigi að stuðla sem allra bezt að því, að þeir geti notfært sér þennan möguleika og það verður gert aðeins með því að vinna land og sá í það og auka möguleika til þess að nota grænfóðrið. Það er langt síðan ég kom auga á, að þetta er langskásta úrræðið, sem enn hefur fundizt, og þá er þar bæði um hafra að gera og einnig bygg. Það mun vera rétt hjá honum, að bygg spíri fljótar og það sé fljótlegra að koma því í gagnið. Hins vegar eru hafrarnir taldir heldur betra fóður. Hv. 5. þm. Norðurl. e. las langan lista um frv., sem framsóknarmenn hefðu flutt hér á þingi til þess á ýmsa lund að reyna að létta undir með bændum, og ég er ekki að lasta það. Og þessum hv. þm. hefur einnig þótt ég sem formaður landbn. vera heldur seinn til að taka afstöðu til sumra mála, sem fram hafa komið, og það er í fyrsta lagi fyrir það, að ég hef lagt mikla áherzlu á, að fram kæmi á þessu þingi frv. það, sem nú var lagt fram í gær eða fyrradag um breyting á stofnlánadeildinni og landnáminu. Ég vildi sjá, hvað kæmi út úr þeim till., sem kæmu þar fram, því að ég vænti þess, að þær mundu verða til einhverra bóta í sambandi við þá miklu örðugleika, sem sumir bændur eiga í vegna grasleysis, sem ég held, eins og ég sagði áðan, að helzt verði ráðin bót á í bili með grænfóðurrækt. Nú er þetta frv. komið fram, en ég hef ekki haft tíma til að skoða það. Ég mun sem formaður landbn. leggja mikla áherzlu á, að það fái afgreiðslu, að skoðun þess og athugun í n. verði hraðað eins og mögulegt er og ég fyrir mitt leyti mun leggja áherzlu á, að það nái fram að ganga, ef mér sýnist frv. vera þannig, að að því sé verulegur vinningur.

Ég læt svo þetta nægja. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara neitt að skattyrðast út af einhverjum oftöluðum orðum, ég hef enga minnstu löngun til þess. Við erum hér að tala um mál, sem er mikið alvörumál fyrir bændastéttina í heild, og ég vil taka það aftur fram, að ég hefði ekki verið kvíðinn fyrir bændastéttinni nú, ef við bara byggjum við venjulegt meðalárferði og hefðum ekki orðið fyrir þessari stórkostlegu skemmd á ræktaða landinu, sem mætti margt fleira um segja, en það er mál út af fyrir sig, mikið vandamál, hvernig sem á það er litið.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er sú, að inn í þessar umr. var blandað orðum höfðum eftir mér, sem ég lét falla í sambandi við mál, sem ekki kom neitt við því, sem þau voru látin eiga við hér áðan. En á sínum tíma, 1968—1969, lá hér fyrir Alþ. frv. til l., flutt af mér, sem ég kallaði hagtryggingu, frv. til l. um hagtryggingarsjóð landbúnaðarins. Þar var hreyft þeirri hugmynd, að bændur eða landbúnaðurinn sjálfur ætti að byggja upp eins konar tryggingarkerfi til þess að mæta ýmsum áföllum eins og t. d. þeim, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Þessari hugmynd var lítt tekið, ef ég man rétt, af ýmsum alþm., og t. d. flutti hv. 5. þm. Norðurl. e. allhvassyrta ræðu gegn þessu frv. En orð mín, sem hann vitnaði í áðan, voru einmitt um það, að það skorti yfirstjórn í þessum málum, tryggingarmálum, hagtryggingarmálum landbúnaðarins. Þar var ég ekkert að vikja að hv. landbrh. þeim, sem þá sat og nú situr. Þetta vildi ég að kæmi fram, ekki sízt vegna þess, að hæstv. landbrh. er nú ekki við og mér þætti síður, að þeim orðum væri ómótmælt hér, sem látin voru falla um hann, höfð eftir mér, en snertu hann alls ekki á sínum tíma.

En fyrst ég er kominn hingað upp, þá þykir mér vænt um að geta bent á það, að einmitt ýmsir þeir ræðumenn, sem nú hafa talað, hv. 2. þm. Sunnl., 3. þm. Austf. og jafnvel 11. landsk. þm., létu í það skína, að þeir hefðu nokkuð svipaðar hugmyndir um þau mál, hagtryggingu landbúnaðarins, eins og ég var að hreyfa fyrir einu eða tveimur árum, og kannske á hugmyndin eftir að vinna sér land, þó að henni væri lítt tekið á sínum tíma.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það hefur nokkuð verið talað hér um styrkina og metnaðinn og það allt. Ég held, að það sé nú ósköp hæpið að ræða á þeim nótum um þessi mál. Okkar þjóðfélag er nú einu sinni orðið þannig upp byggt, að það er alsiða í ótal greinum, bæði í atvinnugreinum og mörgum öðrum greinum, að samfélagið hleypur undir bagga, þegar stuðnings er þörf á ýmsum sviðum. Ég held því, að það sé ástæðulaust að ræða sérstaklega þá hlið í sambandi við þetta frv. hér. Það er ein alveg augljós ástæða til þess, að styrkjum er mikið beitt í sambandi við landbúnað til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að þeir menn hafi lífsframfæri, sem við hann vinna. Sú augljósa ástæða er hinar margháttuðu og stórkostlega breytilegu aðstæður og afkomumöguleikar ár frá ári í hinum ýmsu landshlutum vegna

breytilegs veðurfars og af ýmsum slíkum náttúrlegum aðstæðum. Þetta hefur orðið til þess, að menn hafa nú á þessum samhjálpartímum talið sig þurfa að beita þessum ráðum, ekki síst á þessum vettvangi.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að gróðureyðingin í túnunum, eins og hún hefur komið fram á undangengnum áratug og þó raunar lengur, að hún sé mjög stórfelld, sé í raun og veru mjög alvarlegt vandamál. Það gefur auga leið, að við svo stórfelldu og alvarlegu vandamáli verður að snúast eftir ýmsum leiðum og það verður að hafa mörg járn í eldi til þess að mæta slíkum vágesti, allt frá því að efla rannsóknarstarfsemi og tilraunastarfsemi og til þess, að fækka þurfi stórlega búfé á einstökum búum og í einstökum sveitum, þegar harðast fellur. Meginátökin, sem gerð hafa verið til þess að mæta þessum vágesti, tel ég vera að gera mönnum kleift að kaupa fóður, þegar í óefni er komið.

Ég hef lýst þeirri skoðun að það hafi vantað mikið á, að rannsóknarstarfsemi og tilraunastarfsemi hafi verið rekin með þeim myndarskap og veitt til þeirrar starfsemi það fjármagn, sem þyrfti. Og ég hef líka lýst þeirri skoðun hér og þó oftar annars staðar, að ég tel, að alls yfir þá hafi mjög skort á það, að menn hafi beitt sér að því, leiðbeinendur og bændur sjálfir, að tryggja verkun þess fóðurs, sem næst með þeirri verkunaraðferð, sem alkunn er fyrir löngu og örugg næstum hverju sem viðrar, að verka fóðrið vott. Og sú aðferð hefur enn orðið traustari eftir að efnablöndun er komin til sögu.

Sú leið, sem mest hefur verið farin, þ. e. hjálpin við fóðurkaupin, hefur stundum leitt til þess, að legið hefur við stóróhöppum. Mér verður efst í huga árið 1951, þegar gengið var nokkuð langt í því að hvetja menn til að setja á í því trausti, að hjálpað yrði um fóður, eins og gert var í ríkum mæli. En þá munaði ekki miklu, að til stóróhappa drægi í heilum landshluta, vegna þess að alveg einhliða var horft á þessa leið, en ekkert greitt fyrir því að fara þá leið, sem lagt er til að farin verði öðrum þræði hér í þessu frv., þ. e. að greiða fyrir því, að menn geti í neyðartilfellum fækkað bústofni í þeirri von að eiga þess kost að koma honum upp aftur. Ég held, að það sé alveg full ástæða til þess að íhuga þessa leið vandlega, þó að við flm. teljum hana auðvitað ekki einhlíta, það hefur margsinnis komið fram í okkar málflutningi bæði nú og endranær.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið þessar umr., en ég get þó ekki stillt mig um að skjóta hér inn í örfáum orðum, í fyrsta lagi í sambandi við það, sem hv. 9. landsk. þm. sagði hér áðan, að hann hefði ekki átt við hæstv. landbrh., þegar hann viðhafði þessi ummæli, er ég hafði eftir honum. En ég vil bara vekja athygli á því, að hann segir: „Yfirstjórn og hagsýni í landbúnaðinum“ — og við vorum að ræða í þessum umr. um landbúnaðarmál yfirleitt. Ég veit auðvitað ekki, við hvað hann átti, en eftir orðanna hljóðan getur hann ekki átt við annað en hæstv. landbrh. Hvað er yfirstjórnin í landbúnaðinum? Um það mál ætla ég svo að láta þetta nægja.

En hv. 11. landsk. þm. vildi meina, að ég hefði verið að bera saman ræður þeirra hv. 9. landsk. þm. og hans í minni ræðu áðan. Það er alger misskilningur. Ég hafði aðeins upp eftir þeim báðum, hvað þeir hefðu sagt. Ég var ekki að bera það saman, en það var dálítið athyglisvert, að svona reyndur, gamall bóndi skyldi vilja skrifa þetta eingöngu á reikning máttarvaldanna um afkomuna og áföllin fyrir norðan. Við búum nú bara í svona landi, að við getum alltaf vænzt þess, að tíðarfar sé misjafnt. Það er ekkert nýtt og það ættum við að þekkja af langri sögu, því að auðvitað verður að breyta um ýmsar aðferðir og stefnu, eftir því hvernig tíðarfar og annað er á hverjum tíma, og hann gat í raun og veru ekki átt við annað í sinni ræðu en að hann væri mjög óánægður með þá aðstoð, sem þarna hefði verið veitt, sem ég er ekkert hissa á og tel einmitt, að hann sé meiri maður eftir en áður að hafa látið þetta í ljós, en hins vegar harma ég það, að hann skuli vilja taka það hér aftur, sem hann var þó búinn að segja.

Hv. þm. var að tala um það, að mér hætti til að skamma hæstv. landbrh. Það er nú svo, að þegar maður er að tala um landbúnaðarmál, þá verður maður náttúrlega að ræða um það við þá menn, sem stjórna þessum málum. Ekki dettur mér í hug að fara að skamma hv. þm. Ég veit, að hann ræður engu um þessi mál, og það væri að snúa sér að manni, sem væri þar alveg saklaus, enda mundu þessi mál vera á allt annan veg, ef hann réði, þannig að mér finnst þetta vera dálítið einkennilegur málflutningur hjá þm. Hins vegar er ég honum þakklátur fyrir það, ef hann vill fara að kenna mér ræðumennsku, og ég er ekki að misvirða það við þm., ef hann ætlar að gera það við mig og fleiri hér í hv. d. Það er alveg rétt, að ég hef fundið að við hv. 11. landsk. þm. í sambandi við afgreiðslu mála úr hv. landbn. Mér finnst, að sum þessi mál gangi seint, og á síðasta fundi, sem ég var á þar, óskaði ég eftir því, að ég fengi um það skýr svör, hvort það frv., sem nú hefur verið lagt fram, ég held í gær, um stofnlánadeildina, ætti að ná fram að ganga, og ég mundi þá, ef það væri ekki, fara fram á það, að n. afgreiddi með einhverjum hætti þau mál, sem nú hafa verið hér til umr. og snerta þessa sömu þætti, þó að það sé náttúrlega líka í sambandi við breytingu á jarðræktarlögunum og hefði ekki þess vegna þurft að salta það til að bíða eftir þessu frv. En nú vil ég spyrja þm.: Hefur hann orðið við þessum tilmælum mínum um að fá við því skýr svör, hvort þetta frv. á að ná fram að ganga á þessu þingi? Ég tel það nokkurs virði, að það komi fram sem fyrst.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta öllu meira. Ég held, að hér sé einmitt verið að ræða um ákaflega alvarlegt mál, kannske alvarlegra en margir hv. þm. gera sér grein fyrir. Það er enginn vafi á því, að ef lítið verður gert í þessum málum, verður stórfækkun í sumum landshlutum, fækkun, sem getur leitt til þess, að það verði jafnvel heilar byggðir, sem fara í auðn á fáum árum, ef ekki breytist tíðin verulega frá því, sem hún hefur verið á þessum áratug. Og þetta hlýtur að verða eitt af þeim málum, sem verður blátt áfram kosið um í næstu kosningum,

hvernig á að taka á þeim á næstunni, ef ekki breytist mjög til batnaðar með tíðarfar frá því, sem nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:1 atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf (frv. JK o. fl.).

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf [171. mál] (þmfrv., A. 235).

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Við erum 5 þm. þessarar hv. d., sem höfum leyft okkur á þskj. 235 að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Við samanburð á 1. gr. þessa nýja frv. og 7. gr. þeirra laga, sem ég hef nefnt, kemur í ljós, að höfuðbreytingin er sú, að ætlazt er til, að samþ. verði að fella niður síðustu línur 7. gr. í lögunum eins og þau eru núna, en í stað þess verði með þessari lagabreytingu gert skylt að verja 2‰ af bruttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum, og um þessa framkvæmd verði haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands. Ástæðan fyrir því, að við flytjum tillögu til breytingar á lögunum um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, er fyrst og fremst sú, að við teljum, að þessi viðvörunarorð á vindlingapökkunum hafi ekki náð tilætluðum tilgangi. Maður sér það við yfirlestur á ræðum manna, sem fluttu þetta mál á sínum tíma, eða á árinu 1969, að þeir trúðu því, að þetta mundi verða til þess að vindlingasala og vindlinganotkun mundi fara þverrandi í landinu, og þeir gerðu líka ráð fyrir því, að það væri hægt að fá framleiðendur til að setja þessi viðvörunarorð á vindlingapakka á framleiðslustað og þeir kæmu með þessa setningu til landsins eins og lögin gerðu ráð fyrir. Þess er að minnast, að þetta tókst ekki. Framleiðendur í Bandaríkjunum féllust ekki á að setja þessi viðvörunarmerki á pakkana, töldu, að þessi orð, þessar fullyrðingar, væri ekki að finna í neinu landi á viðvörunarmerkjum. Í samningsviðræðum, sem áttu sér stað milli Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og fulltrúa bandarískra tóbaksframleiðenda, var niðurstaðan sú, að tóbaksframleiðendur lánuðu hingað til lands vél, sem merkir pakkana með umræddu viðvörunarmerki, þeir greiða merkimiðana, en Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiðir vinnulaun, húsnæði, ljós og hita. Það þurfti ekki að taka neitt húsnæði á leigu og rafmagnsnotkun varð ekki meiri, þó að þetta væri framkvæmt í stofnuninni.

Nú hefur það sýnt sig síðustu 11 mánuðina, sem þessar merkingar hafa verið framkvæmdar, að þrátt fyrir þær hefur vindlingasala hækkað úr 203 þús. 826 millum í 234 þús. 254 mill. Salan hefur því aukizt á síðustu 11 mánuðum þessa árs, þrátt fyrir þessar merkingar, um 1½ millj. pakka þetta tímabil. Reyktóbakssalan hefur hins vegar lækkað um 7854 kg, en hún hafði hækkað verulega á árinu 1968 og 1969. Þegar þessar staðreyndir blasa við, að þessar merkingar hafa ekki gert það gagn, sem til var ætlazt, hefur sú spurning vaknað hjá manni, hvort ekki væri hægt að ráðstafa þeim peningum, sem varið er til að vinna að þessum merkingum, betur. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að það er mun heppilegra og skynsamlegra að verja 1 millj. kr. eða kannske rúmlega það til þess að koma á framfæri viðvörunarauglýsingum um hættu af tóbaksreykingum í fjölmiðlum heldur en á pökkunum. Ég hef rætt hér við nokkra þm. utan funda, og ég vil segja það, eftir því sem ég bezt veit, að fjöldi þm. er sömu skoðunar og ég. En einstaka þm. vilja láta merkja pakkana áfram og fá milljón í viðbót fyrir viðvörunarauglýsingar í fjölmiðlum. Ég held, að því sé ekki að heilsa á þessu þingi, en ég tel, að ef þetta frv. okkar verður samþ., þá sé það til stórra bóta. Ég ætla ekki að orðlengja hér frekar um þetta, en ég mæli með því, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að lokinni 1. umr. hér í þessari hv. deild.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar frv. um bann við tóbaksauglýsingum var til meðferðar hér í hv. Ed. nú fyrir skömmu, lýsti ég þar þeirri skoðun minni, að ég áliti, að ekki hefði verið ráðleg sú breyting á lögunum um tóbakseinkasöluna, sem samþ. var, þess eðlis að merkja sígarettupakka með sérstöku aðvörunarmerki. Það hefði skilað sáralitlum árangri og þess vegna væri það vissulega spurning, hvort ekki væri miklu betur varið því fé, sem varið væri til þessara merkinga, með áróðri gegn tóbaksnotkun á annan hátt heldur en að eyða því í merkimiða á sígarettupakka. Hv. flm. þessa frv. hér, sem er forstjóri tóbaks- og áfengisverzlunar ríkisins og þekkir þetta manna bezt, hefur hér staðfest það, svo að ekki verður um villzt, að þessi aðvörunarmerki hafa ekki skilað neinum árangri, enda gefur það í rauninni auga leið, að sá árangur sé ekki til staðar. Og ég álít ekki sízt, að einmitt helzta vonin til að vinna á móti sígarettureykingum sé sú að ná til unga fólksins, sem er að vaxa upp og sem ekki kaupir sígarettupakka eða les þessar aðvaranir, en þarf að fá þær annars staðar frá. Auk þess sem það eykur aldrei virðingu fyrir

neinum aðvörunum, ef menn hafa það að stöðugri venju dag eftir dag að hafa þær að engu og varpa þeim frá sér í pappírskörfuna, eins og gerist með umbúðir sígarettupakkanna. Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. önnur orð en þau, að ég er því algerlega sammála og tel það stefni mjög í rétta átt og að með því að hagnýta þetta fé, sem hér er gert ráð fyrir, þá sé a. m. k. mjög líklegt, ef ekki öruggt, að ná megi mun betri árangri og það sé mjög happasælt að hafa þá samvinnu við þau tvenn samtök, sem að er vikið í frv. Þau bera mest fyrir brjósti að koma á framfæri aðvörunum í þessa átt og eru líklegust til þess að hafa þekkingu á því, hvernig haganlegast sé að koma við aðvöruninni, í auglýsingum eða með öðru móti, það skiptir ekki meginmáli, það má vel prófa sig áfram með þetta á þennan hátt. Ég held því, að það sé engum efa bundið, að þetta eigi að gera og að þetta frv., sem hér liggur fyrir, eigi að samþykkja nú á þessu þingi og það sem fyrst.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er algerlega sammála því atriði þessa frv., að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins beri skylda til að leggja fram fjármagn til þess að vekja athygli almennings, ekki síst ungs fólks, á því, að það er orðið sannað mál, tvímælalaust sannað mál, að það er mjög hættulegt heilsu manna að reykja, sérstaklega sígarettur. Hins vegar finnst mér það framlag, sem í þessu frv. felst, vera furðulega lágt. Þarna er talað um 2‰ af brúttósölu eða heildsöluverði vindlinga, samtals 1 millj. eða svo á næsta ári. Þetta er ákaflega lítil upphæð, ef á að nota hana í auglýsingar í blöð, hljóðvarp og sjónvarp. Ég hugsa, að menn þurfi ekki annað en að átta sig svolitið á því, hvað það kostar að auglýsa, til þess að sjá, að ákaflega lítið mundi muna um þessa upphæð. Og það, sem mér finnst vera smæst í þessu sambandi, er það, að ætlazt er til, að um leið verði felld niður ráðstöfun, sem þó var samþykkt hér á þingi í fyrra, þ. e. að hafðar verði sérstakar merkingar á sígarettupökkum. Það á að taka meiri hluta þessarar upphæðar. Það má sem sé ekki auka framlag stofnunarinnar í þessu skyni nema um sáralitla upphæð, nokkur hundruð þúsunda.

Ég hygg, að menn muni eftir því, að þegar Alþ. samþykkti í fyrra, að sett skyldi viðvörun á sígarettupakka, þá var það tekið æði óstinnt upp af ýmsum sígarettuframleiðendum. Mér fannst íslenzk stjórnarvöld vera furðu lengi í viðræðum við þessa framleiðendur, samningamakki, með þeim árangri m. a., að ekki tókst að framkvæma lagasetningu Alþ. fyrr en löngu eftir að hún átti að vera komin til framkvæmda. En í framhaldi af þessu þá var þessi ákvörðun Alþ. framkvæmd á ákaflega dauflegan hátt, að því er mér finnst. Aðvörunin var sett neðan á pakkann, þar sem enginn maður lítur á pakkann. Og hún var auk þess prentuð með ákaflega grönnum hástöfum, svo að það er hreinlega erfitt að lesa úr því, hvað þar stendur. Ef menn hefðu ætlazt til þess, að þessi áletrun vekti athygli, þá hefði auðvitað þurft að fá eitthvert auglýsingafyrirtæki til að ganga þannig frá henni, að hún gengi í augun og setja hana ofan á pakkann, þar sem menn yrðu hreinlega að þreifa á henni eða rífa hana af, áður en þeir kæmust í pakkann. Ef í þessu hefði verið full alvara, þá átti auðvitað að hafa þennan hátt á. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að í ýmsum löndum er nú einmitt verið að taka ákvörðun um slíkar merkingar á sígarettupökkum. Mér er kunnugt um, að það er verið að undirbúa það í Noregi. Og ég mundi telja það algerlega óeðlilegt, að við felldum niður þessa merkingu á sígarettupökkum á sama tíma og verið er að taka hana upp í löndunum umhverfis okkur. Ástæðan fyrir því, að þessi ráðstöfun hefur haft lítil áhrif, er að minni hyggju fyrst og fremst sú, hvað þetta hefur verið slælega framkvæmt.

Nú er það svo með sölu á sígarettum, eftir að það er orðin augljós vitneskja, að þar er um mikla hættu að ræða, að mér finnst það vera orðið æði mikið alvörumál fyrir sjálfan ríkissjóð og fyrir þá menn, sem veita forstöðu tóbaksverzlun ríkisins. Hæstv. fjmrh. kemur hér í ræðustól á Alþ. aftur og aftur og lýsir andstöðu sinni við sígarettureykingar. Mér dettur ekki í hug að draga það í efa, að hann segir það af fullum heilindum. En hæstv. ráðh. er í þeirri aðstöðu, að hann á líka að tryggja ríkissjóði hámarkstekjur. Mér virðist, að í honum togist dálitið á þessi gamalkunna barátta milli holdsins og andans, og mér hefur virzt hingað til, að holdið hafi miklu betur. Ég fæ ekki betur séð en þegar þessi hæstv. ráðh. verður að taka ákvörðun um það, einu sinni til tvisvar á ári, hvernig á að verðleggja t. d. tóbak, þá séu útreikningar hans miðaðir við það að tryggja ríkissjóði hámarkstekjur. Og það er eitt, sem ég á dálitið erfitt með að skilja, ef mönnum er alvara með að beita sér gegn sígarettureykingum. Hvernig stendur á því, að verðlag á sígarettum er u. þ. b. helmingi lægra á Íslandi en það er annars staðar á Norðurlöndum? Hæstv. ráðh. hristir höfuðið. Mér er kunnugt um, að í Danmörku er sígarettupakkinn svo til tvöfalt hærri en á Íslandi miðað við gengið. Ef hæstv. ráðh. tæki upp þá reglu að því er varðar sígarettur, sem oft er talað um í sambandi við aðrar vörur, t. d. í sambandi við benzínverð fyrir nokkrum dögum, að selja þær á svipuðu verði hér og annars staðar á Norðurlöndum, þá hugsa ég, að það mundi draga ákaflega mikið úr sígarettureykingum, en þá mundi væntanlega einnig draga úr tekjum ríkissjóðs.

Ég held, að við eigum ekki að tala um þessi mál á neinni tæpitungu hér. Þetta er fullkomið alvörumál og ef við meinum, að þetta sé fullkomið alvörumál, þá verðum við líka að vera menn til að taka á okkur þau óþægindi, sem af því kynnu að stafa, ef tekjur ríkissjóðs lækkuðu um allverulegar upphæðir. Og ég tel, að hæstv. ráðh. þurfi sérstaklega að búa sig undir það.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Það má vel vera, að hér sé þörf á stærra átaki til að vinna gegn tóbaksnotkun, en ég hygg þó, að flm. hafi farið inn á rétta braut og það sé kjarni málsins í þessu sambandi, og það er þá alltaf hægt að þreifa sig áfram, eftir því hvernig þetta reynist, og ekkert, sem hindrar það, ef mönnum sýnist svo, að það sé réttara að ganga lengra inn á þá braut og

verja meira fé í því sambandi, sem hér er um að ræða. Og það mætti þá kannske um leið víkja því til hv. blaðamanna hér í d., að þeir hjálpuðu ekki til þess að auglýsa tóbak í blöðum sínum. Þeir hafa að vísu þegið vel peninga frá tóbaksseljendum og framleiðendum. Mér er það alltaf í minni, þegar ég flutti mitt frv. hér á þingi á sínum tíma, um að banna tóbaksauglýsingar, að þá gengu umboðsmenn tóbaksinnflytjenda mjög fram fyrir skjöldu og auglýstu miskunnarlaust í öllum blöðum hér í borg, og það er ekkert efamál og ég get sagt það hér, að frv. var stöðvað vegna hagsmuna blaðanna. Það er ekkert launungarmál. En sleppum því. Það má vel vera, að það togist á holdið og andinn, en svo hefur kannske líka verið hjá talsmönnum blaðanna í það skiptið, ég veit ekki hvort það er nú.

En varðandi það atriði, að það ætti að verðleggja sígarettur enn hærra en gert er, þá vil ég benda á það, að við stöndum þá andspænis annarri hættu, sem er vissulega mikil, og það er smygl. Og það er alls ekki rétt, að það sé ekki víða hægt að fá ódýrari sígarettur heldur en hér. Og þar sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, að á Norðurlöndum væru amerískar sígarettur mjög dýrar, má benda á, að ég hygg, að í þeim löndum öllum sé um að ræða sígarettutegundir innlendar, sem eru á miklu lægra verði. Án þess að ég reyki, þá veit ég það. Ég hef séð þær keyptar og veit, að þær eru það, þannig að það er ekkert áhorfsmál. (Gripið fram í.) Já, ég er anzi hræddur um það, þetta er a. m. k. atriði, sem við höfum alltaf staðið andspænis við verðlagningu á sígarettum, ekki það, að við séum að hlífast við, að fólk kaupi þær dýru verði, heldur er það smyglhættan, sem þýðir ekkert að loka augunum fyrir. En ég skal vissulega hafa það í huga næst, þegar mig vantar peninga í kassann, að það sé þá hægt að ganga lengra í þessu efni, ef hv. þm. telur, að það liggi ljóst fyrir, að það sé ekki hætta á smygli af þeim sökum. En ég held, að við þurfum nú ekki að deila um þetta atriði. Við sýnumst vera algerlega sammála um þetta, og ég álít, að flm. frv. hafi farið inn á mjög skynsamlega braut. Og um það atriði, hvort pakkarnir eru illa merktir eða ekki, held ég að það hafi ekki nokkra þýðingu í þessu sambandi og ég efast satt að segja um að það væri betra að setja merki á pakkana, þar sem fólkið opnar þá, svo að það vendist á að sýna þessari aðvörun þá fullkomnu óvirðingu að rífa hana burtu í hvert skipti, sem það opnar sígarettupakka. Ég efast stórlega um, að það hefði sálræna þýðingu, og ég veit, að hv. þm., sem er hygginn maður og klókur, gerir sér alveg grein fyrir auglýsingagildi og áróðurstækni og ég er í stórum vafa um, að það væri til bóta.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða fleiri orðum um þetta mál, en aðeins endurtaka það, sem ég sagði, að fyrir mitt leyti álít ég, að þetta frv. gangi í rétta átt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagðist skyldu muna eftir því, hvað ég hefði sagt um verðlag á sígarettum, ef hann vantaði peninga í kassann. Ég bar ekki fram till. mína til þess að hjálpa hæstv. ráðh., ef hann vantaði peninga í kassann, heldur þvert á móti. Ég benti hæstv. ráðh. á það, að það væri hægt að haga verðlagi á sígarettum þannig, að það drægi úr neyzlunni og það drægi jafnframt úr tekjum ríkissjóðs. Það er þar, sem reynir á þennan hæstv. ráðh., hvort hann er reiðubúinn til þess að beita áhrifum sínum til þess, að sígarettureykingar verði minni á Íslandi. Það reynir mjög mikið á þennan hæstv. ráðh., vegna þess að ég tel, að hann hafi í sínum höndum mjög mikilvæg völd hvað þetta snertir.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að hæstv. ráðh. skýrði frá því hér, og mér skilst, að hann hafi gert það áður, að frv., sem hann hafi flutt um bann gegn tóbaksauglýsingum í blöðum, hafi verið stöðvað af umhyggju fyrir blöðunum. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Ég veit ekki til þess, að a. m. k. það blað, sem ég vinn við, hafi beitt sér nokkurn skapaðan hlut gegn því frv. Mér hefur ekki dottið það í hug, m. a. vegna þess að mér kemur ekki til hugar, að þessi hæstv. ráðh. eða aðrir þm. ætlist til þess, að blöð, sem eru rekin með halla, taki á sig sérstakar byrðar í sambandi við þetta stórmál. Ef gerðar eru ráðstafanir til þess hér á Alþ. að draga úr tekjum slíkra blaða, þá hlýtur þar eitthvað að koma á móti. Þetta er vitanlega alveg sjálfsagt mál og eðlilegt og mér hefur ekki dottið annað í hug. Það kemur vissulega vel til álita að banna auglýsingar í blöðum, en þá skulu menn hyggja að því, að það þyrfti að banna æði margt fleira. Hér eru á hverju einasta heimili, hygg ég, erlend blöð, t. d. dönsk vikublöð, amerísk blöð, þýzk blöð, barmafull af auglýsingum um tóbak. Ef bannað væri einvörðungu að auglýsa í íslenzkum blöðum, þar sem ég hygg nú, að einna dauflegustu auglýsingarnar birtist, en ekki gerðar ráðstafanir gagnvart þessum erlendu aðilum, þá hugsa ég, að árangurinn yrði fjarskalega lítill hvað þetta snertir. En sem sagt, ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég sé að andmæla þessari hugmynd. Ég vil, að þarna haldist allt í hendur, sem hægt er að láta haldast í hendur. En sérstaklega tel ég, að þessi hæstv. ráðh. þurfi að beita aðstöðu sinni í stað þess að vera hér með ósannar getsakir í garð annarra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Loðdýrarækt.

Á 39. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um loðdýrarækt nr. 68 28. maí 1969 [188. mál] (þmfrv., A. 310).

Á 41., 42., 43., 44., 45., 52. og 53. fundi í Nd., 1., 3., 4., 8., 10., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 310, 331).

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar um það var rætt hér á þingi að leyfa minkaeldi á nýjan leik, þá voru látnar í ljós allmiklar efasemdir um, að það væri skynsamleg ráðstöfun. M. a. héldu ýmsir því fram, að hætta væri á því, að minkar tækju að losna úr búrum á nýjan leik og það gætu hlotizt af því nýjar hættur fyrir náttúru landsins, vegna þess að minkar úr búrum hegða sér öðruvísi en villiminkar gera, þegar þeir eru búnir að dveljast í landinu um alllangt skeið. Hins vegar héldu forsvarsmenn þessarar hugmyndar því fram af miklum þunga, að það yrði gengið svo tryggilega frá búrum, að engin hætta væri á því, að minkar gætu losnað. Því miður hefur nú reynslan þegar leitt í ljós, að þetta öryggi er ekki eins fullkomið og áhugamenn um minkarækt ímynduðu sér eða vildu vera láta. Það hefur nú þegar sloppið einn minkur, svo að vitað sé, og valdið allmiklum usla, áður en hann var felldur. Og eftir að þessi atburður gerðist, var hafin lögregluransókn, æði umfangsmikil og kostnaðarsöm, en það tókst ekki að sanna, hvaðan minkurinn hefði sloppið, vegna þess að þessi dýr eru á engan hátt merkt eigendum sínum. Ég held, að það væri sjálfsögð ráðstöfun að mæla svo fyrir í lögum, að það verði að merkja þessi dýr. Í því er ekki aðeins fólgið það öryggi, að þá geta þeir menn, sem kunna að verða fyrir tjóni af völdum minka, sem sleppa úr búrum, þá geta þeir gert kröfur til eigendanna, heldur væri einnig í þessu fólgið mikið aðhald. Það er nauðsynlegt, að hægt sé að sanna það með skýrum rökum, hvaðan minkar sleppa, ef til þess kemur oftar. Og þess vegna held ég, að þessi litla tillaga, sem ég flyt hér á þskj. 310, sé sjálfsögð ráðstöfun. Ég er ekki svo sérfróður, að ég geti komið með tillögu um það, hvernig haga eigi slíku marki á minkum, en samt segja fróðir menn mér, að það muni vera auðvelt að koma því við á fleiri en einn hátt. En um það munu fróðari menn en ég vafalaust leggja á ráðin, ef Alþ. fellst á, að þessi skipan verði upp tekin.

Við skulum gera okkur það ljóst, að hættan á því, að minkar sleppi, er að sjálfsögðu langsamlega minnst í upphafi. Þegar þessi búrekstur er hafinn á nýjan leik, þá er unnið að því máli af miklum áhuga og miklu kappi og hættan á, að eftirlitið minnki mun aukast eftir því sem tímar líða, og sérstaklega mun þessi verða raunin, ef í ljós kynni að koma á einhverjum tímabilum, að minkaeldi verður ekki eins arðvænlegt og menn gera sér vonir um nú. Ef það gerist, að menn hafi ekki arð af þessu, heldur jafnvel tap, þá er ósköp hætt við því, að eftirlitið minnki að sama skapi. Og einmitt þess vegna held ég, að það sé skynsamlegt, að Alþ. mæli svo fyrir nú þegar, að hægt sé að þekkja dýr og rekja dýr, sem sleppa, til eigenda sinna. Um það fjallar þetta litla frv., og ég vil leggja til, að að umr. lokinni verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil styðja þetta frv., ef unnt er að framkvæma lög í þessa átt. En mér þykir ástæða til, um leið og þetta frv. er til umr., að geta um það, að þegar stjórnskipuð n. samdi reglugerð við þessi lög, þá kom það til umr., hvort ekki væri unnt að merkja dýrin. Yfirdýralæknir og veiðistjóri voru í þessari n. og þeir höfðu kynnt sér erlendis merkingar á minkum og þar var talið miklum vandkvæðum bundið að merkja dýrin og því fylgdi talsverður kostnaður. Eigi að síður tel ég sjálfsagt, að þetta verði athugað til hlítar, því að sjálfsagt er, að ef dýrin eru merkt, þá er hægt að koma ábyrgð á hendur eigendum, ef dýrin sleppa út. Og það vitanlega skapar það aðhald, sem ætti að duga. Og hver er það, sem ekki vill skapa fyllsta aðhald í þessum efnum?

Það var sagt, þegar lokið hafði verið við að semja reglugerðina, að hún væri svo vel úr garði gerð, að það kæmi ekki til, að dýr gætu sloppið út. Frágangur á búrunum væri margfaldur, þannig að þetta ætti ekki að geta skeð. En eigi að síður hefur það sýnt sig, að það hefur sloppið út dýr, og úr því að það hefur gerzt einu sinni, þá getur það gerzt aftur. Og það er rétt, sem hér var sagt áðan, að það er miklu hættara við því, þegar frá líður, að það verði slappara eftirlitið heldur en í fyrstu, og þess vegna á að gera allt, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig. Það er enginn vafi á því. Þess vegna er það, að ég vil, að þetta frv. verði athugað í n., n. kalli til sín þá menn, sem líklegastir eru til að hafa þekkingu á þessum málum, og menn leggi ráð sín saman til þess að finna þá lausn á þessu máli, sem dugar, annaðhvort með merkingum eða þá á annan hátt.

Hér er brtt. á þskj. 331 flutt af tveimur hv. framsóknarmönnum, en ég ætla, að hvorugur þeirra sé við í dag, þannig að sú till. kemur ekki til umr. og ætla ég þá ekki að hefja umr. um hana. Sjálfsagt er, að atkvgr. og umr. um þá till. verði frestað til 2. umr. N. hefur hana þá einnig til athugunar, en hún er nokkuð öðruvísi heldur en frv., þannig að það er lögð samábyrgð á alla minkaeigendur í landinu og það getur náttúrlega talizt að ýmsu leyti kannske óréttlátt. En ég ætla ekki að ræða þá till. Ég vildi aðeins láta skoðun mína í ljósi á þessu, að ef það er framkvæmanlegt, eins og hér er lagt til í þessu frv., þá er ég mjög fylgjandi því, að slíkt verði gert.

Ásberg Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þessa brtt. við loðdýraræktarlögin vil ég segja aðeins örfá orð. Það hefur sloppið alimink ur, það er rétt, og það er ákaflega leiðinlegt atvik. En ég held, að það sé nú óþarfi að rjúka til strax og breyta lögunum, það ætti að lofa lögunum að vera í eitt eða tvö ár og sjá, hverju fram vindur. Ég tel, að þetta atvik sé hreint óhapp, sem hefði alls ekki þurft að koma fyrir. Það er að vísu rétt, eins og frsm. málsins sagði, að eftir því sem árin líða er meiri hætta á því, að slíkt geti komið fyrir, þegar tæki ganga úr sér og annað slíkt. Það er alveg rétt. En ég held, að við vitum það, að það eru í landinu 4—5 þús. villiminkar. Þeir, sem hafa hænsni eða slíkan búpening, verða að sjálfsögðu að girða sig af gagnvart þessum vágesti, villiminknum, og það er bara hrein tilviljun, að

það kemur á daginn, að þetta er aliminkur. Ég meina, það er ekki ástæða til þess að rjúka upp til handa og fóta strax, en sjá heldur, hvernig þróunin verður. Það er ekki vafi á því, að útbúnaður í þessum búum er mjög góður, ef hann er notaður rétt, ef menn umgangast þetta eins og gera á. En merkingar á dýrunum eru svo kostnaðarsamar og valda svo miklum óróa í búunum, að það er eiginlega óframkvæmanlegt. Það þarf þrjá menn til að framkvæma þetta, tvo til að halda dýrinu, þann þriðja til að húðflúra það. Þetta tekur langan tíma og skapar þvílíkt garg og læti í búinu, að það eru almenn leiðindi og afurðatjón. Þetta hefur komið á daginn á þeim tilraunabúum, þar sem þetta hefur verið gert. Þessi dýr eru hvergi merkt á venjulegum búum, það er staðreynd. Og ég vildi mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til athugunar, þ. e. landbn., að hún kalli fyrir sig þá pilta, sem á undanförnum árum hafa verið að kynna sér þessi mál erlendis, og leiti ráða hjá þeim og álits þeirra um það, hvort þetta er í raun og veru framkvæmanlegt. Og ég veit, að það verður í raun og veru örugglega gert.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér urðu það nokkur vonbrigði, að hv. þm. Ásberg Sigurðsson, sem er forustumaður fyrir áhugamönnum um minkarækt hér í þinginu, skyldi taka neikvæða afstöðu til þessa litla frv., því að ég hélt, að þetta ætti að vera áhugamál fyrir minkaeigendur líka. Ég held, að þeir menn, sem hafa trú á minkaeldi á Íslandi og hafa trúa á því, að hægt sé að láta rætast þá spádóma, sem um þá eru sagðir, ættu einmitt að beita sér fyrir því, að hafðar séu uppi sem beztar varúðarráðstafanir. Það er vafalaust rétt hjá þessum hv. þm., að það mundi fylgja því kostnaður að merkja þessi dýr, það efast ég ekki um. En ég held, að þjóðfélagið verði að leggja þann kostnað á þennan atvinnurekstur, einmitt vegna þess að atvinnureksturinn er hættulegur umhverfi sínu á Íslandi, ef dýrin sleppa. Það er ekki einhlítt að vísa þar til reynslu annarra þjóða. Við vitum það mjög vel, að land okkar og dýralífið í landinu er allt annars eðlis en í ýmsum þjóðfélögum öðrum. Það eru til ýmis þjóðfélög í nágrenni okkar, þar sem það breytir í sjálfu sér ákaflega litlu, hvort minkar sleppa úr búrum. En sú er ekki raunin hér. Af því höfum við alvarlega reynslu áður, og við viljum ekki, að slík reynsla endurtaki sig. Ég er sannfærður um það, að það er hægt að framkvæma merkingar, án þess að af því hljótist þeir feiknalegu erfiðleikar, sem hv. þm. var að tala um. Það hefur til að mynda verið bent á þá einföldu aðferð að gera það með tattóveringu, húðflúri, og ég held, að það þyrfti ekki að skemma skinnin á neinn hátt og ætti ekki að þurfa að valda mjög miklum erfiðleikum. Ég vil því vænta þess, að hv. n. verði við þeim tilmælum mínum og hæstv. ráðh. að athuga þetta gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að framkvæma slíka merkingu með góðu móti, og ef það reynist vera hægt, þá sé ég ekki, að það séu nokkur rök gegn því að framkvæma slíka merkingu og mér finnst, að eigendur minka eigi að hafa á því sérstakan áhuga sjálfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Tollskrá o. fl. (frv. HS o. fl.).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. [192. mál] (þmfrv., A. 315).

Á 42., 43., 44. og 45. fundi í Nd., 3., 4., 8. og 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 315 hef ég leyft mér ásamt hv. 5., 6. og 9. þm. Reykv. að flytja frv. til l. til breyt. á l. um tollskrá. Efni þessa frv. er það að lækka toll á bifreiðum, sem notaðar eru til leiguaksturs, í 30%, en núna mun innheimtur af þeim 70% tollur, og af sendiferðabifreiðum, einnig verði innheimt af þeim 30%. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er, að ekki þarf orðum að því að eyða, að þjónustustétt eins og leigubifreiðarstjórar er mikil nauðsynjastétt í þessu landi og gegnir þýðingarmiklu þjónustuhlutverki. Á síðari árum hafa bifreiðar hækkað mjög í verði vegna gengisbreytingar, svo að þær bifreiðar, sem keyptar voru fyrir þremur árum og seldar væru nú — verðhækkunin ein, sem á þessum bifreiðum hefur orðið, mundi gleypa verð hinnar gömlu bifreiðar. Það þýðir það, að bifreiðarstjóri, sem hefur stundað atvinnu sína í leiguakstri, væri hér eins og nýliði, sem væri að byrja án þess að hafa notið þess að eiga bíl áður. Afskriftirnar, sem áttu að verða til þess að endurnýja bifreið hans, hefur verðbólgan hirt í sína hít. Bifreiðarstjórar telja þetta mál sér mjög í hag og hafa óskað eftir því, að það verði flutt hér á hv. Alþ., sem það er og gert. Þeir benda á það í rökstuðningi sínum, að þó að tollar yrðu lækkaðir svo sem hér er gert ráð fyrir, mundi það ekki þýða verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð, þar sem innflutningur á bifreiðum mundi þá verða meiri heldur en hann yrði að öðrum kosti.

Þegar tollskráin var til meðferðar á s. l. ári, voru athugaðir möguleikar á því að koma þessari breytingu í framkvæmd, en það tókst ekki, en mér segir svo hugur um, að það muni verða miklu meiri líkur fyrir því, að það muni takast að þessu sinni. Það stóð til, að fleiri flm. yrðu að þessu frv., en af ástæðum, sem ég mun ekki greina hér nú, gat ekki orðið af því, en ég vonast til þess, að á síðara stigi málsins geti fleiri komið til liðs við það.

Eins og eðlilegt er, mun ríkissjóður að ein-

hverju leyti tapa tekjum við þetta, a. m. k. þegar litið er á pappírinn, þó að það geti hins vegar jafnað sig, með því að fleiri bifreiðar verði fluttar inn heldur en að öðrum kosti mundi verða. Ég hef kynnt mér þetta og hef fengið um það álit frá Hagstofunni og miðað við það, að fluttar væru inn 280 bifreiðar til leiguaksturs á ári hverju, — á s. l. ári voru fluttar inn um 170 bifreiðar, en þessi tala, 250—280, er talin eðlileg endurnýjunarþörf á þeim leigubifreiðum, sem nú eru í landinu, sem eru 900 — ef svo væri, sem hér er gert ráð fyrir, sem sagt hámarkstölu endurnýjunar og hámarksverð eftir þeirri áætlun, sem Hagstofan hefur gert, þá mundi hér vera um 21 millj. kr. að ræða. Og ef sendiferðabifreiðarnar eru teknar með og svipaður útreikningur á þeim, þá yrði málið allt um 21.8 millj. kr. Nú er við þetta að athuga, að ekki þarf að gera ráð fyrir því, að innflutningurinn yrði svo mikill, a. m. k. á þessu ári eins og hér er gert ráð fyrir, svo að gera má ráð fyrir, að þetta mundu verða 10—15 millj. kr., sem þetta munaði í tekjum hjá ríkissjóði. Þegar á það mál er litið, þá er það ekki stærra mál en svo, að það mundi ekki skipta neinu sem heitir fyrir tekjur ríkissjóðs, enda væri tekjuáætlunin naum, ef svo væri, að 10—20 millj. kr. frá eða til hefðu þar verulega þýðingu. Hins vegar er líka því við að bæta, að með þeirri stefnu, sem hér hefur verið tekin upp á hv. Alþ., að innheimta af bifreiðunum háa benzínskatta eða af þjónustu þeirra, þá er ekki hægt á sama tíma að taka há aðflutningsgjöld af bifreiðum, það væri ósanngjarnt með öllu og gæti haft þau áhrif, að úr þessari þjónustu drægi. Það er ekki hugsun þeirra, sem að því hafa staðið að reyna að byggja vegakerfið upp með tekjum frá umferðinni, að framlag leigubifreiðarstjóra til þessara mála ætti að vera meira en annarra manna í landinu nema að því leyti, sem notkunin er. Þess vegna treysti ég því, að hið háa Alþ. sjái sér fært að samþykkja þetta frv. nú á þessu þingi, svo að með þeim hætti verði stuðlað að því, að þessi stétt geti haldið uppi eðlilegri þjónustustarfsemi í landinu og hún efld bæði sjálfri sér og öðrum þegnum þjóðfélagsins til hagsældar. Ég er sannfærður um, að það er okkur mikils virði, Íslendingum, að þjónustustétt slík sem leigubifreiðarstjórar efli sína starfsemi eins og aðrar þjónustustéttir, sem við þurfum að hafa í okkar þjóðfélagi. Þetta frv. er flutt til þess að mæta brýnustu þörf leigubifreiðarstjóranna og ég verð að segja það, að ekki hefur sá háttur verið á, að þeir hafi oft knúið hér á dyr Alþingis um sín mál, og því er sanngjarnt, að þegar þeir gera það, verði við því orðið.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum um þetta mál, sem hér er til meðferðar. Ég get alveg tekið undir ummæli hv. þm. um það, að atvinnubifreiðarstjórar eiga við ýmsa erfiðleika að stríða, eins og fleiri reyndar, og ég þykist ekki í vafa um það, að þeir væru mjög hlynntir því, að þetta frv. væri samþ. Það eru hins vegar ýmis önnur atriði, sem auðvitað skipta máli, heldur en þetta eitt fyrir leigubílstjóra, og ástæðan til þess, að ég kem hér og segi örfá orð um málið, er eingöngu að taka það fram, — ekki sízt í tilefni af þeim orðum hv. þm., að það hafi staðið til, að fleiri flm. yrðu að þessu frv., — að málið er til meðferðar, ýmsar hliðar þessa vandamáls, nú einmitt hjá ríkisstj. og koma þar til greina fleiri atriði heldur en eingöngu tollamál bifreiða. Það er einnig sjáanlegt mál, að það, sem skiptir kannske ekki minna máli fyrir bifreiðarstjóra, sem hafa þetta að atvinnu, er að hafa sæmilega örugga atvinnu og það er alveg ljóst mál, að miðað við stóraukna tölu einkabifreiða í landinu þrengir auðvitað alltaf að atvinnubifreiðarstjórastéttinni, ef hún er alltaf jafnfjölmenn, þ. e. a. s. miðað við jafnmikinn fjölda bíla. Og ég hygg, að það sé engum efa bundið, að það sé nú orðið mjög hæpið, hvað það er mikill fjöldi manna, sem hefur atvinnu af leigubifreiðaakstri og einnig það þurfi að taka til meðferðar, og samtök leigubifreiðarstjóra hafa einmitt óskað eftir því við stjórnvöld, að það mál væri einnig íhugað.

En án þess að ég fari nánar út í þá sálma hér eða ræði frv. eða tekjumissi eða annað í því sambandi, þá vil ég aðeins, að það komi fram þegar á þessu stigi, að málið er til sérstakrar athugunar hjá ríkisstj. og er að vænta, að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir nú mjög innan skamms.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Þjóðgarður á Vestfjörðum.

Á 42. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um þjóðgarð á Vestfjörðum [196. mál] (þmfrv., A. 322).

Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. ásamt 7. þm. Reykv. um þjóðgarð á Vestfjörðum, en eins og segir í 1. gr. þessa frv., gerir það ráð fyrir, að þjóðgarður skuli vera á Vestfjörðum, er takmarkast að sunnan af línu, sem dregin er úr botni Hrafnsfjarðar í botn Furufjarðar, og þjóðgarður þessi er friðlýst svæði allra Íslendinga. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að þó að okkar land sé strjálbýlt, þá eru að verða sífellt minni og minni

svæði, þar sem fólk getur verið og haft leyfi til þess að vera, og það eru alltaf að verða fleiri og fleiri Íslendingar, sérstaklega kyrrsetufólk, sem vill sækja í leyfum sínum upp í óbyggðir í kyrrð náttúrunnar. En við teljum, að óvíða hér á landi sé jafn tilkomumikið svæði og þetta, sem er mannlaust svo að segja, að öðru leyti en því, að það er einn bústaður á öllu þessu landsvæði, vitavarðarbústaðurinn í Látravík, og við teljum, að það sé mjög mikils virði að friðlýsa þetta land og að þjóðfélagið eignist þessar eyðijarðir með tíð og tíma, eins og frv. gerir ráð fyrir, og það sé gert í því að friða þetta land og hafa þar eftirlit með, að gengið sé sómasamlega um þetta svæði, en á því hefur verið mikill misbrestur á undanförnum árum.

Á þessu svæði hefur Slysavarnafélag Íslands eða deildir þess víða komið upp mjög myndarlegum skipbrotsmannaskýlum. Það hefur komið þrásinnis fyrir, að það hefur verið gengið illa um þessi skýli, það hafa verið teknir úr þeim nauðsynlegir hlutir, en slíkt skýli á auðvitað að vera friðhelgur staður og griðastaður, sem menn geta leitað til í neyð, og enginn maður á að leyfa sér að hrófla þarna við neinu. Sama er að segja um veiðiskap. Þarna eru víða árósar, þar sem er mikið af silungi. Það kemur fyrir og það oft, að menn fara og draga fyrir í þessum ám og ósum og spilla mjög veiði. Þarna þarf eitthvað að gera til að friða þessi svæði, banna með öllu netaveiði á öllu þessu svæði, en leyfa aftur stangaveiði fyrir hóflegt gjald, sem allir hafa efni á að greiða. Jarðir á öllu svæðinu eru að verulegu leyti húsalausar með þó örfáum undantekningum, og það má segja, að eigendur þessara jarða sinni þeim lítið sem ekkert, að öðru leyti en því, að þar sem silung er að fá, er kannske farið einu sinni eða tvisvar yfir sumarið til veiða. Þó eru undantekningar til frá þessu og þó sérstaklega hvað snertir Átthagafélag Sléttuhreppsbúa, að ég held, að það heiti. Þar hafa gamlir Sléttuhreppsbúar og þó einkum Aðalvíkingar heimsótt þessar fornu byggðir sínar einu sinni á hverju sumri og sýnt í því mikla ræktarsemi og haft samband þar, gamlir vinir og kunningjar og börn þeirra, til þess að viðhalda gömlum átthagatengslum. En þetta frv. kemur á engan hátt í veg fyrir, að slíkir samfundir geti átt sér stað og átthagafélög geti átt griðland á þessu svæði og það yrði þessu svæði til góðs eins, að slík starfsemi héldi áfram eins og hún hefur verið í fjölmörg undanfarin ár.

Við leggjum til með þessu frv., að þetta friðlýsta svæði sé undir vernd Alþingis og Alþingi kjósi í Sþ. þriggja manna þjóðgarðsstjórn, sem hafi síðan leyfi til þess að ráða sér starfsfólk, en við leggjum á það höfuðáherzlu, að það verði sem fyrst byrjað á því að eignast þetta svæði. Við gerum ekki ráð fyrir því í frv., að það verði gert á annan hátt en þann, að það verði eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Ég tel það ekki vera höfuðatriði þessa máls að kaupa upp þessar jarðir á einu eða tveimur árum, ef þetta frv. verður að lögum, heldur kaupa þær á lengri tíma og stefna að því að eignast þetta land, en ekki láta þessar jarðir fara í brask eins og það er kallað, því að við eigum ekki að hugsa um líðandi stund eða næstu ár, heldur um framtíðina, og það eru ekki líkur fyrir því, að þarna verði búið. Þess vegna er nauðsynlegt að nota jafn-gullvægt tækifæri og þetta og friðlýsa slíkt svæði, gera það að sameign íslenzku þjóðarinnar fyrir framtíðina, þegar fólk þráir enn meira heldur en nú er orðið að njóta kyrrðar og hvíldar í ósnortinni náttúru og það á landsvæði, sem býr yfir mjög tilkomumikilli náttúrufegurð og fjölbreytileik. Við gerum einnig ráð fyrir því í þessu frv., að heimilað verði þjóðgarðsstjórn að auka fjölbreytni dýralífs á hinu friðlýsta svæði innan þeirra marka, sem gildandi lög leyfa.

Það er mjög sérkennilegt, þetta landsvæði, og það er ódýrt að afmarka það eins og hv. alþm. geta séð á korti því, sem fylgir frv. Hér er talað um að friðlýsa 582 km² lands, og það er hægt að afmarka þetta svæði með girðingu, sem er í beinni línu úr Hrafnsfirði í Furufjörð, aðeins um 6 km. Við teljum mikils virði, ef þetta frv. verður að lögum og þegar þjóðgarðsstjórn hefur einnig verið kjörin, að hún beiti sér fyrir því, að tilraun verði gerð með tilflutning hreindýra til þess að fá úr því skorið, hvort þau geta lifað á þessu svæði. Sömuleiðis nefnum við hér í grg., að það væri eðlilegt og sjálfsagt að gera nú á ný tilraun með að flytja inn sauðnaut til landsins, og ég hygg, að óhætt sé að segja, að veðrátta á þessu svæði sé ólíkt skyldari þeirri veðráttu, sem sauðnautin búa við, heldur en t. d. hér sunnanlands á svæðum, sem sauðnaut á sínum tíma voru flutt til, og þá fáist frekar úr því skorið, hvort það er möguleiki til þess, að þessi dýr geti lifað í okkar landi. Við leggjum líka mikla áherzlu á að friða þetta svæði fyrir skotum. Á þessu svæði er sennilega eitt mesta fuglalíf á landinu og á því er Hornbjarg, sem er ógleymanlegur staður hverjum þeim, sem þangað kemur, ég tala nú ekki um, ef veður er gott, því að hvergi hef ég séð meira fuglalíf heldur en í Hornbjargi og þetta finnst mér, að við þurfum eitthvað að gera fyrir, eitthvað til þess að vernda.

Eins og sagði áðan, eru víða ár og ósar og vötn á þessu svæði, þar sem mikið er um silung. Margar þessar víkur eru mjög grasgefnar og fagrar, sumarfagrar, og tilkomumikil bjórg, þó að Hornbjarg beri þar hæst, og í Jökulfjörðum eða frá Hrafnsfirði að Hesteyrarfirði eru einhver beztu berjalönd, sem finnast í okkar landi. Ég tel, að þetta landsvæði — sakir þess, að hér er engin byggð — sé mjög ákjósanlegur staður fyrir alla, sem vilja leita hvíldar og kyrrðar í náttúrunni, til að eiga þar griðland í framtíðinni. Því vona ég, að þm. þessarar hv. d. taki vel undir þetta frv. og skilji þýðingu þess fyrir framtíðina, að fólk geti notið hvíldar og mjög fjölbreyttrar náttúrufegurðar, notið lífsins, snúið frá vélknúnum ökutækjum sínum og notið ósnortinnar náttúru á leyfisdögum sínum yfir sumartímann.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., þar sem hún fjallar um náttúruvernd.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætlaði að segja örfá orð um frv. um þjóðgarð á Vestfjörðum, og það, sem ég hef þá um það að segja, er þetta, að ég fæ nú ekki séð, í hverju sú vernd

ætti að liggja, sem hv. Alþ. gæti veitt Hornstrandasvæðinu. Ég er hræddur um, að það yrði nú meira í munni heldur en á borði, meira í orði heldur en á borði. Mér virðist það vera svo um þá staði, sem hafa verið friðaðir, eins og kallað er, og settir undir sérstaka stjórn, að þeir hafi nú notið í reynd fremur litillar verndar. Ég nefni í þessu sambandi Þingvelli t. d. Þar hefur hvað eftir annað orðið leiðinlegur umferðarusli, þrátt fyrir vernd og friðun. Ég held, að Hrafnseyrarnefnd hafi litla verndarþýðingu haft fyrir Hrafnseyrarstað og þannig mætti lengi telja, að óspillt náttúra hefur litils notið í sambandi við þá löghelguðu vernd, sem nokkrum einstökum stöðum hefur verið veitt á pappír. Mig skortir sem sé trú á það, að nokkuð raunhæft gerist til verndar þessu svæði, sem sannarlega er, eins og hv. frsm. tók fram, mikillar náttúru, fagurrar og tignarlegrar með fjölbreytt fuglalíf, eins og hann sagði, í Hornbjargi og Hælavíkurbjargi og eitt af stórbrotnustu héruðum þessa lands að því er náttúruhrikaleik snertir. En allt þetta svæði er nú, eins og frsm. sagði, mannlaust, nema bara vitavarðarfjölskyldan á Látravíkurvita, og svæðið allt alfrjálst umferðar gestum og gangandi og svo mundi það vera án nokkurrar breytingar á því. Hins vegar er þarna um það að ræða, að á þessu svæði á fjöldi fólks enn þá eignir, jarðeignir, húseignir, mannvirki, sem vart yrðu af þessu fólki teknar samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar, nema almannaþörf krefðist. Ég kem ekki auga á þá almannaþörf, sem hægt væri að réttlæta það með að taka húseignir og jarðeignir þessa fólks, nema því aðeins að samningar tækjust um það. og það er vissulega gert ráð fyrir því í 7. gr. að reyna samningaleiðina, en svo er hert á og sagt, að ef annar hvor málsaðili vilji eigi una mati eða samningar ekki takast, geti hann krafizt yfirmats og eignarnám fari fram samkv. eignarnámslögum og svo er gefin vísbending um það, hvaða tillit til verðmats skuli tekið, þ. e. a. s. það skal höfð hliðsjón af skattframtali síðustu þriggja ára, er eignir og hlunnindi eru metin. Yfirleitt held ég, að þetta mundi benda til þess, að matsnefndirnar ættu að komast að niðurstöðu um mjög lágt verð, sem ég efast um, að eigendurnir teldu sig miklu bættari með að fá, mundu heldur kjósa að eiga þessar eignir arðlitlar áfram. Hins vegar er ekki fyrir það að synja, að nokkrar af þessum eignum gæfu einhvern arð. Ég hygg t. d., að þeir, sem eiga lönd í Hornbjargi, gætu talið, að þeim væri mögulegt að hafa nokkrar tekjur af þeim eignum sínum, sem þar liggja, og af Hælavíkurbjargi einnig, og efa ég það, það yrði auðsótt mál að losa um eignabönd þessara eigna. Annars má það vel vera, að hv. flm. hafi t. d. kynnt sér afstöðu Átthagafélags Sléttuhreppsbúa eða einstaklinga, sem eiga þarna eignarréttarhagsmuna að gæta, og þeir þannig viti, að þessi mál séu auðsótt við þá menn, sem þarna eiga eignir. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nú ekki alveg víst, að Hornstrandir byggist ekki á ný. Það er sagt í annálum frá því, að tvisvar sinnum eða þrisvar sinnum í Íslandssögunni hafi Hornstrandir eyðzt og þær hafa byggzt aftur. Það, sem lagði Hornstrandir í eyði, var ekki það, að þar berði hungursneyð að dyrum fyrr en annars staðar á Íslandi, miklu síður þar en annars staðar. Þar voru auðsuppsprettur ýmsar og menn lifðu þar löngum án skorts og fátæktar, þegar víða svarf að annars staðar. Það voru samgönguerfiðleikarnir, sem torvelduðu þar áframhald byggðar nú síðast, en það eru hlutir, sem geta tekið breytingum og eru og hafa verið að taka stökkbreytingum, og þannig ekki loku fyrir það skotið, að byggðarlög eins og Grunnavík og Aðalvík kynnu að byggjast á ný. Þetta eru velmegunarpláss með ýmsa landkosti og aðstöðu til sjávar, sem ekki stendur að baki því, sem víða annars staðar er á landi okkar.

Ég skyldi ekki hreyfa neinum andmælum gegn þessu frv., ef það kæmi í ljós, að leitað hefði verið álits þess fólks, sem þarna á eignir og er tryggðaböndum bundið við þessi héruð og vill vera það áfram, það hefur sýnt það, fólkið. Það hefur haldið tengslunum við bæði í Grunnavík og Aðalvík og Hesteyri og víða á Ströndunum, og ég held, að það megi segja, að þetta fólk sumt hefur haldið vel við eignum sínum þarna. Þær eru ekki í hirðuleysi, þær eru ekki að drafna niður margar hverjar, heldur vel við haldið og ég hygg, að það yrði ekki mikið umbætt umgengni, þó að vernd Alþingis kæmi til á pappír umfram það, sem nú er. Hitt er rétt, að það hefur komið fyrir, að illrar umgengni hefur orðið vart í sjúkraskýlum og björgunarskýlum Slysavarnafélagsins, en ég er afar hræddur um, að það yrði litlu meira öryggi, sem þessi hús fengju, þó að vernd Alþingis ætti að heita að vera yfir þeim. Það eru til þeir sóðar í landi voru, sem náttúran er hvergi örugg fyrir og valda alls staðar usla, þar sem þeir fara, og hirða hvorki um almennar umgengnisvenjur né lagafyrirmæli áreiðanlega, ef þeir eru þannig innrættir, eins og dæmin því miður sanna.

Ég sem sé læt í ljós ugg um það, að fólk, sem þarna á hagsmuna að gæta á Strandasvæðinu, telji sér síður en svo greiða gerðan með þessum frumvarpsflutningi um þjóðgarð á Vestfjörðum, og sé ekki, að það hafi neina þýðingu fyrir Vestfirðinga né aðra landsmenn. Svæðið allt er til frjálsrar umferðar, þrátt fyrir einkaeign manna þarna á nokkrum smámannvirkjum, og svo þarf það að vera, en ég held, að ekkert verði um það bætt með því að gefa svæðinu heitið þjóðgarður. Ef þjóðfélagið tæki á sig einhverjar sérstakar skyldur til þess að vernda þetta svæði, þá er það vel, og þá mætti líta á plúsa og mínusa, en ég sé ekki neitt það í þessu frv., sem bendir til þess, að ríkið eigi að taka á sig nokkrar skyldur gagnvart þessu svæði annað en það á að heita þjóðgarður Íslendinga. Og ef ekki koma upplýsingar um það, að þetta mál sé stutt af því fólki, sem þarna á hagsmuna að gæta, þá mun ég ekki ljá þessu frv. atkvæði mitt.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal reyna að verða mjög stuttorður. Aðeins út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. vildi ég gera nokkrar aths. Hann sagði, að hann hefði ekki séð mikið gagn af því að friðlýsa Þingvelli eða Hrafnseyri, svo að dæmi séu nefnd af því, sem hann sagði. Ég segi nú fyrir mitt leyti: Hvernig ætli Þingvellir litu út í dag, ef þar væri ekki friðlýst svæði

og þar hefði verið haft eftirlit og skipulag? Hvernig ætli Hrafnseyri liti út í dag, ef ekki hefði verið stofnað þar til byggingar á þeirri ágætu jörð, mjög myndarlegrar byggingar? Ég er viss um það, að Hrafnseyri væri í eyði í dag og allt grotnað niður þar eins og á Álftamýri og öðrum stórbýlum norðan Arnarfjarðar. Og mér finnst nú sumir menn gerast heldur gamlir í seinni tíð og það mjög illa gamlir. En það er mismunandi hvað menn eldast illa, það eldast allir, sumir eldast illa. Sumir héldu fram eftir ævi, að þeir væru frjálslyndir mjög í skoðunum, en ég sé það, að hér kemur fram ein mögnuð íhaldsrödd frá hv. 9. þm. Reykv. úr grárri forneskju.

Á að spyrja þá, sem eiga jarðir, sem ekkert gera fyrir þær, eins og flestir þessir landeigendur? Ég sagði, að það væru undantekningar frá því. Flest hús á þessum jörðum eru hrunin til grunna fyrir löngu eða aðeins til þess að gera landslagið ljótara, yfirgnæfandi meiri hluti húsa á þessum jörðum. Eigum við ekki fyrst og fremst að stefna að því að gera þetta landsvæði að svæði fyrir alla þjóðina? Hvað er orðið af sósialistanum í hv. 9. þm. Reykv.? Hann er orðinn magnaður kapítalisti. Eiga þeir að eiga jarðir, sem ekkert gera fyrir þær, eru ekki á þessum stöðum og eingöngu koma kannske einu sinni eða tvisvar til þess að eyðileggja silungsstofninn? Því ekki að gera þetta að svæði fyrir alla landsmenn? Hver er að fara fram á það, að ráðizt sé á eignarréttinn? Það er aðeins verið samkv. 7. gr. frv. að gera ráð fyrir í fyrsta lagi frjálsum samningum, í öðru lagi, ef til þess kemur að nota sér það, að þessar eignir séu metnar og eigendur fái fyrir þær fullar bætur. Auðvitað miðast við afnotagildi þeirra, en ég segi það eins og þegar hv. þm. segir, að það geti hver og einn gengið og verið á þessu svæði eins og hann vill. Það hefur enginn leyfi til þess að ganga í ár og vötn annarra án leyfis. Þetta er gert allt án þess að það sé nokkurt skipulag eða nokkurt eftirlit. Mér er það alveg ljóst, að þó að þarna komi vörður yfir sumarmánuðina, er hægt að brjóta settar reglur, en það er eitt út af fyrir sig stórkostlegt aðhald til þess að koma þessu í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir. Og í öðru lagi vil ég taka fram, að ég taldi það rétt og við flm., að ekki væri lagt á það neitt ofurkapp að eignast þetta á örfáum árum, heldur setjum við inn í frv.: eftir því sem Alþ. veitir fé til á fjárlögum.

Við erum fyrst og fremst að hugsa um framtíðina og ég trúi því ekki, að þetta svæði fari í byggð á sama tíma og byggð er að eyðast, þar sem eru góðar samgöngur og nútímaþægindi, eins og víðast annars staðar á Vestfjörðum, svo sem í Inndjúpinu, ég trúi því ekki, að þessar byggðir, þetta svæði eigi eftir að fara í byggð, enda vitum við það, að byggðin í Aðalvík og á þessum stöðum byggðist fyrst og fremst á því, hvernig háttaði þá til um útgerð á litlum bátum. Það var líka útgerð inni í Djúpi, í Ögurhreppi á Snæfjallaströnd. Allt er þetta fyrir löngu síðan komið úr byggð. Þetta er atvinnugrein, sem hefur orðið að víkja fyrir öðrum nýrri atvinnugreinum, nýjum þægindum. Þess vegna held ég, að það sé ástæðulaust að ætla, að þessi svæði verði byggð á sama tíma og það er barizt við að halda í byggð svæðum, sem búa við margfalt betri skilyrði til þess að lifa nútímalífi. Ég hef meiri áhyggjur út af þeim svæðum, sem sífellt eiga við vaxandi burtflutninga að etja.

Frá því að þetta frv. var flutt, hefur fjöldi manna við mig talað, bæði hringt og talað, og lýst yfir mikilli ánægju sinni með þetta frv., en það er aðeins einn einasti aðili, sem hefur sent mér skeyti, þar sem hann var mjög andvígur þjóðgarði á Vestfjörðum, og ég hygg, að sá aðili muni vafalaust hafa haft samband við hv. 9. þm. Reykv. og það sé þess vegna, sem andstaða hans er fyrir hendi.

Umr. frestað.

Á 46. og 47. fundi í Nd., 11. og 17. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það urðu fyrir nokkrum dögum nokkrar umr. um frv. um þjóðgarð á Vestfjörðum, og lét ég við þá umr. það álit mitt í ljós, að ef þetta frv. væri ekki flutt í samráði við þá menn, sem eiga hagsmuna að gæta á því landsvæði, í þeim landshluta, sem frv. ræðir um að gera að svokölluðum þjóðgarði, þá teldi ég, að það væri þess eðlis í heild, að ég mundi ekki veita því stuðning. Nú er komið í ljós, að málið hefur áreiðanlega ekki verið flutt í samráði við landeigendur eða eigendur fasteigna í þessum landshluta, því að hv. Alþ. hafa borizt mótmælaskjöl frá hátt á 5. hundrað manns, fyrrv. íbúum Sléttuhrepps eða fólki, sem á einn eða annan hátt er tengt þessum byggðum. Öll eru þessi skjöl, sem borizt hafa, þess efnis, að frv. er mótmælt og mér finnst a. m. k., að þar séu borin fram skynsamleg rök á margan hátt gegn nauðsyn þess að grípa þarna inn í af hendi hins opinbera og beita eignarnámsheimildum til þess að taka persónulegan eignarrétt fólks þarna og leggja hann fyrir róða. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa hér bréf, sem borizt hefur frá stjórn Átthagafélags Sléttuhrepps, en þar segir:

„Við undirrituð, sem erum upprunnin í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu eða tengd þeirri byggð á annan hátt, leyfum okkur hér með að mótmæla frv. því til laga um þjóðgarð á Vestfjörðum, er alþm. Matthías Bjarnason og Pétur Sigurðsson hafa flutt. Jafnframt viljum við vekja athygli hins háa Alþ. á eftirtöldum atriðum:

1. Landsvæði það, sem frv. gerir ráð fyrir að verði friðlýst sem þjóðgarður, hefur verið öllum heimilt til umferðar og dvalar, síðan byggð lagðist þar í eyði.

2. Jarðrask og mannvirkjagerð á svæðinu getur ekki talizt yfirvofandi í náinni framtíð. Ágangur sauðfjár hefur heldur enginn verið á þessu svæði, síðan byggðin fór í eyði. Verður því ekki séð, að sérstök friðlýsing sé nauðsynleg.

3. Landsvæði þetta er viðáttumikið og erfitt yfirferðar og hlýtur því að verða ærið kostnaðarsamt að veita því þá vernd og umhirðu, sem þjóðgarður þarfnast. Rétt er einnig að benda á verulegan kostnað, sem leiða hlýtur af kaupum á eig-

um þeirra, sem nú eiga lönd á þessum slóðum, „þar sem fögur vötn, ár og ósar með miklum silungi, stórfengleg björg iðandi af fugli og lífi“ eru auk fjölmargra annarra náttúrugæða.

4. Um mörg undanfarin sumur hefur nokkuð af fólki leitað á vit hinna eyddu byggða í Grunnavíkur- og Sléttuhreppi til að njóta þeirrar friðsældar og náttúrufegurðar, sem að nokkru er lýst í grg. frv. Sumt af þessu fólki á þangað rætur að rekja, en aðrir náttúruunnendur hafa fylgt í slóð þess og oft notið leiðsagnar þeirra, sem kunnugir eru staðháttum. Samgönguerfiðleikar eru hins vegar illur þrándur í götu fólks, sem „þráir nú að leita að sumrinu til slíkra landsvæða.“ Einhver fyrirgreiðsla af hálfu opinberra aðila á þessu sviði væri líklegri til að auðvelda fólki að leita á „vit ósnortinnar náttúru við nyrzta haf“ en friðlýsing svæðisins ein saman. Með örlitlu broti af því fé, sem samþykkt frv. mundi kosta ríkissjóð, mætti vafalítið tryggja ferðafólki samgöngur milli Ísafjarðar og umræddra eyðibyggða tvo til þrjá mánuði á sumri hverju gegn hæfilegu fargjaldi. Væri horfið að því ráði, verður ekki betur séð en megintilgangi frv. verði náð.

5. Síðustu íbúar byggðarlagsins og niðjar þeirra, sem nú eiga lönd og mannvirki á þessu svæði, hafa margir lagt verulegt fé og fyrirhöfn í viðhald eigna sinna. Það er því ofmælt, sem segir í grg. frv., að mannvirki séu víða hrunin eða í slæmu ástandi. Ekki verður séð, að almenningsheill krefjist þess, að þessir menn séu sviptir eignum sínum með svo víðtæku eignarnámi, sem stefnt er að með frv. Hins vegar munu fáir líklegri til að sýna þessum slóðum umhirðu og ræktarsemi en einmitt þeir, sem þar eiga fornar rætur.“

Undir þetta rita Ingimar Guðmundsson, Dalbraut 3, Kristinn Gíslason, Hofteigi 52, Gunnar Friðriksson, Hjarðarhaga 31, Reidar G. Albertsson, Langholtsvegi 42, Sigurjón Ingi Hilaríusson, Hjallabrekku 15 og Birgir G. Albertsson, Álfhólsvegi 38.

Sumpart eru þessi mótmæli frá fyrrverandi íbúum Sléttuhrepps búsettum á Ísafirði, eða fyrir vestan, en mikill hluti þessa fólks er búsettur hér í Reykjavík eða sunnanlands. En svo mikið er víst, að tengsl þessa fólks við sínar byggðir hafa ekki rofnað og það eitt torveldar mjög framkvæmd frv. og gerir það nærgöngulla við þetta fólk, að svo skammt er liðið frá því að byggðin eyddist og fólkið er enn þá í nánum tengslum við þessi byggðarlög. Ég fæ heldur ekki séð, að sú forsenda stjórnarskrár fyrir eignarnámsheimildum sé fyrir hendi, að almannaþörf geri nauðsynlegt að svipta einstaklinga eignum sínum, og teldi, að það eitt út af fyrir sig væri mikið vafaatriði um framkvæmd frv.

Það þykir sjálfsagt hverjum sinn fugl fagur. Ég heyrði það á hv. fyrri flm., að hann taldi þetta stórt og mikið mál, sem ætti jafnvel að skipta mönnum í flokka, en ekki fæ ég nú séð, að það sé þess eðlis, málið. Hins vegar játa ég það, að ég er ekki meiri þjóðnýtingarmaður en svo, að ég vil, að einhver tilgangur sé með því, að ráðizt sé á eignarrétt einstaklingsins. Það verður að þjóna einhverjum tilgangi. Ég vil ekki láta slíkt gerast að nauðsynjalausu. Og dálítið er mér það nýstárlegt, ef það gerist nú mjög algengt innan Sjálfstfl., að þeir telji persónulegan eignarrétt ekki helgan og að ekki þurfi eitthvað til, til þess að þeir vilji, að hann sé afmáður. Það er þá orðið eitthvað breytt andrúmsloftið innan Sjálfstfl., ef svo er, að þær skoðanir væði mjög uppi, að það beri, án þess að nauðsyn krefjist, að ganga gegn rétti manna til þess að eiga persónulegar eignir og megi taka þær af þeim að nauðsynjalausu. Þá er hann orðinn meiri þjóðnýtingarflokkur heldur en ég mundi a. m. k. geta aðhyllzt. En það eru sjálfsagt ýmsir kvistir til í þeim flokki og kannske er hann orðinn það kaos, að hann rúmi líka innan sinna vébanda þjóðnýtingarmenn öðrum fremri. Ég hef þess vegna ekki skipt um skoðun við þær upplýsingar, sem fram hafa komið í þessu máli síðan um daginn.

Mér þykir leitt, að það skuli vera í uppprentaða frv. áfram talað um Hestfjörð á þessu svæði, en að svo miklu leyti, sem ég veit, er enginn Hestfjörður til á þessu svæði, hins vegar langt inni í Ísafjarðardjúpi er Hestfjörður og þetta sýnist ekki vera prentvilla, því að það hefur ekki verið leiðrétt í hinu uppprentaða frv. Mér liggur nú við að segja, svo að ég bregði á gaman, áður en ég lýk máli mínu: „Þjóðgarðsstjórn er heimilt að auka fjölbreytni dýralífs á hinu friðlýsta svæði innan þeirra marka, sem gildandi lög leyfa.“ Þjóðgarðsstjórninni er heimilt að auka fjölbreytni dýralífs. Það minnir mig á prestinn og bóndann, sem voru nágrannar, og presturinn mætir bóndanum einu sinni fyrir utan sáluhliðið, þegar hann er að koma frá messu og segir við bóndann: „Ég á fylið í merinni þinni.“ Og þá sagði bóndinn: „Margt berið þér nú við, prestur minn.“ En sem sé, ég er andvígur þessu frv. og sé ekki, að það sé ástæða til að Alþ. afgreiði það, heldur beri að vísa því frá afgreiðslu eða fella það.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hélt nú um sinn, þegar hv. síðasti ræðumaður fór af sinni þjóðkunnu gamansemi að vitna í þá sögu, sem hann vitnaði í, að hann mundi nú kannske geta þess, að það hefði borizt svona á millum manna, í gamansemi þó, að bjóða honum þjóðgarðsstöðuna þar vestra og mætti þá kannske segja, að ekki hefði hallazt á með þeim dýrum, sem við höfðum nú hugsað okkur, að mættu flytjast þangað í framtíðinni. Ég er orðinn svolítið undrandi á viðbrögðum þessa hv. þm. sérstaklega og reyndar manna, sem eiga þarna persónulegra hagsmuna að gæta, við þessu frumvarpskorni okkar, þótt spanni yfir 582 km², við 1. umr. hér í d. Sjálfsagt höfum við talið það, flm., að það færi til n., sem ég og vænti, að það fari, þar sem það geti fengið þá athugun, sem nauðsynleg er. Í sjálfu sér má segja, að fyrir okkur sé kannske mikið þegar unnið, þótt það komi ekki aftur úr n., með þeim yfirlýsingum, sem hafa komið frá einkaeigendum þessara jarða þarna vestra, og eru margir í þeim hóp, sem eiga ekki til skyldfólks þar að rekja nema í fjarliði og hafa jafnvel farið út í það á seinni árum að sanka að sér löndum og jörðum, ef svo mætti til orða taka. Og eins og meðflm. minn, hv. 1. flm. þessa máls, tók réttilega fram hér fyrr í umr., mundi að sjálfsögðu taka langan tíma að beita þeim heimildum, sem frv. heimilar eða lög-

in, ef að lögum yrði, og gæti jafnvel tekið áratugi. En við erum ekki aðeins að hugsa um þá 400, sem eru lifandi í dag og telja sig afkomendur þeirra, sem þarna hafa búið eða hafa búið þar sjálfir, heldur erum við kannske að hugsa um 200 þús. manna íslenzka þjóð, sem býr í dag við sífellda, síaukna ásókn erlendra aðila, ekki aðeins til jarðakaupa, heldur og til dvalar á og í löndum eins og okkar, Íslandi. Og það er kannske sá hugsunarháttur, sem á bak við flutning frv. er hjá okkur, að tryggja í framtíðinni að þetta verði fyrir íslenzku þjóðina til afnota, en ekki klíku örfárra manna, sem geti ekki horft upp á það, að öll íslenzka þjóðin megi nýta þetta landsvæði, því að auðvitað kemur meira til heldur en aðeins umferð um svæðið. Það eru auðvitað margar aðrar nytjar, sem þýðingarmiklar eru í dag fyrir íbúa landsins, sem langar til þess að hverfa úr þéttbýlissvæðunum. Og ég segi það, að það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, þegar þessi hv. síðasti ræðumaður var að flytja sín þjóðnýtingarfrv. hér á árunum, að alltaf þyrfti að hafa persónulegt samband við þá, sem eignirnar áttu að takast af, og því spyr ég hann, fékk hann skriflegt leyfi hjá eigendum olíufélaganna á sínum tíma, þegar hann var að leggja það til hér á Alþ. að þjóðnýta fyrirtæki?

Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að hafa mörg orð um frv., því að það var mjög vel skýrt hjá fyrra flm. við framsögu málsins. Ég vil hins vegar lýsa furðu minni yfir þeim skrifum, sem hafa komið fram í blöðum að undanförnu og þá frá svokölluðu Átthagafélagi Sléttuhrepps. Að vísu var nokkuð annað efni í því bréfi, sem hér var lesið af hv. síðasta ræðumanni heldur en hefur komið fram í blöðum að undanförnu og má segja, að þar komi kannske það fram berlega, sem oft kemur fram, ef mál eru flutt hér á Alþ., að einhverjir ákveðnir þröngir hópar utan Alþ. geti með hótunum, ekki aðeins kannske slíkum opinberum hótunum, sem hafa komið fram í blöðum, heldur jafnvel persónulegum hótunum þar fyrir utan, ætlað sér að drepa niður skoðanir manna hér strax í byrjun. Ég vil t. d. leyfa mér að láta koma fram hér mótmæli við slíkum hugsanagangi, sem kemur fram í þeirri grein, sem ég las, um að fyrri flm. þessa máls hafi eitthvað með það að gera að gefa sérstakan rabbat á Djúpbátnum fyrir sumarleyfisfólk eins og þarna á hlut að máli, vitandi það, eins og þetta fólk veit vel, að þetta skip er yfir 80% í eigu sýslunnar sjálfrar og Ísafjarðarkaupstaðar. Og þótt hann hafi fyrir mörgum árum síðan verið framkvæmdastjóri þessa fyrirtækis, hvernig ætti hann að geta verið að koma á móti þessu fólki með því að gefa því jafnvel fast að því fríar ferðir norður að sínum sumarbústöðum? Ég fæ ekki skilið svona hugsunarhátt, eða hvernig er hægt að halda því fram opinberlega, að þetta eigi að vera rök í málefnalegum umr. um þetta frv. hér á Alþingi. Þar fyrir utan eru það svo margir einstaklingar af þessum 400, sem á var minnzt í þessum hóp, sem hefur guðsblessunarlega vel tekizt að safna sér fé á undanförnum árum, að þeir ættu vel að geta staðið undir þessum ferðum sínum þangað sjálfir.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég vænti þess þó, að hv. d. vísi málinu til n., þar sem það fær þá könnun, sem nauðsynleg er, eins og ég hef þegar skýrt frá, að ég telji, að sé nauðsynlegt að gera. Þannig að þótt það kannske komi ekki aftur frá n., þá veit ég það, að það verða aðilar til þess að taka þetta mál aftur upp á seinna stigi meðfram vegna þeirrar nauðsynjar, sem ég hef þegar lýst, að sem flest svæði í óbyggðum, sem ég kalla nú í dag, verði tryggð Íslendingum og íslenzku þjóðinni til afnota og dvalar á ókomnum áratugum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrir mér er þetta ekkert hitamál og ég get nú ekki skilið hvaða kapp flm. hleypur í kinn við það að verða þess varir, að fólkið, sem er tengt þessum byggðum, leggst á móti málinu. Ég hef ekkert um það að segja, hvað hinir og þessir hafa skrifað í blöð. En því mótmæli ég alveg, að í þeim inngangsorðum, sem stjórn Átthagafélags Sléttuhrepps lét fylgja mótmælaskjölunum til Alþ., hafi verið neinar hótanir á nokkurn hátt varðandi málið. Þar var eingöngu á hófsamlegan hátt skýrt frá viðhorfum þessa fólks til málsins og persónulegan skæting í minn garð læt ég alveg afskiptalausan. Það kemur ekkert þessu máli við. Þeir mega svala lund sinni eins og þeir vilja um það. En hitt er annað mál, að ég hef það beint frá fyrri flm., að hann flytji frv. fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir, að braskarar komist yfir jarðir á þessu svæði. En það hefur komið fram í opinberum blaðagreinum, að einmitt fyrri hv. flm. málsins hafi falazt eftir jörðinni Höfn í Hornvík og ekki fengið, og það er kannske til að fyrirbyggja, að sú saga endurtaki sig, að frv. er flutt.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það stóð nú svo illa á, þegar fundur hófst hér, að ég gat ekki komið inn í d. Þó að mörg mál séu nú á dagskrá hv. d. í dag, þá hefur forseti séð ástæðu til þess að taka þetta mál fram yfir öll önnur, þó að það sé, að ég held, 4. mál á dagskrá d., en ég var að afgreiða hér mikilvægt erindi og því gat ég ekki komizt inn. Því heyrði ég ekki upphafið af ræðu hv. 9. þm. Reykv. En það má e. t. v. segja, að það hafi ekki verið af mjög miklu að tapa, þó að ég hafi misst af þeim orðum og ég tel þá 2. flm. þessa frv., hv. 7. þm. Reykv., algerlega einfæran um að svara fyrir okkur báða í sambandi við þetta frv.

Eins og fram kom í upphafi þessa máls, þegar ég fylgdi því úr hlaði hér í hv. þd., þá sagði ég, að við flm. þessa máls teldum það mjög mikils virði að friðlýsa þetta land og að þjóðfélagið eignist þessar eyðijarðir með tíð og tíma. Ég bið hv. dm. að taka eftir þessum orðum mínum í framsöguræðunni, með tíð og tíma. Frv. gerir ráð fyrir, að það sé gert í því að friða landið og hafa eftirlit með, að það sé gengið sómasamlega um þetta svæði, en á því hefur verið mjög mikill misbrestur á undanförnum árum. Og ég bætti við þessum orðum: „Á þessu svæði hefur Slysavarnafélag Íslands eða deildir þess víða komið upp mjög myndarlegum skipbrotsmannaskýlum," og kem svo nokkuð inn á umgengni í þessum skýlum. Það hafa verið teknir úr þeim þarfir hlutir, sem þurfa að vera þar,

og ég tel, að með friðlýsingu lands og eftirliti væri komið m. a. í veg fyrir þetta.

Hv. 9. þm. Reykv. er nú farinn að hallmæla mjög þjóðnýtingu á þessum síðustu og verstu tímum og telur, að við sjálfstæðismenn höfum horfið frá því að vernda rétt einstaklingsins í þjóðfélaginu með því að flytja þetta frv. En hver eru nú ákvæði þessa frv. um þjóðnýtinguna? Þau eru, að við teljum, að það eigi að stefna að því, eins og segir í 7. gr. frv., að ná samningum við eigendur þessara jarða um, að þjóðfélagið eignist þær og leita eftir því með frjálsum samningum. Náist þeir ekki, sé ákvæði um það, að þjóðgarðsstjórn, sem kjörin yrði af sameinuðu Alþ. og yrði þar af leiðandi eins og þing er skipað nú, menn frá þremur pólitískum flokkum, sé heimilt, en ekki skylt, — á því er mikill skilsmunur og eðlismunur; ég hugsa, að m. a. s. 9. þm. Reykv. játi það með mér, — heimilt að taka eignarnámi, samkv. lögum um eignarnám, jarðir, sem hún telur þörf á, að þjóðfélagið eignist í sambandi við stofnun þessa þjóðgarðs, en það verði gert með þeim hætti, að tveir dómkvaddir óvilhallir menn meti þessar jarðir. Verði annar hvor aðili ekki ásáttur með þetta mat, þá getur sá, sem óánægður er með matið, krafizt yfirmats þriggja dómkvaddra manna og svo kemur það, sem skiptir mestu máli í frv., að Alþingi veitir á hverjum tíma framlag til þjóðgarðsins í fjárlögum, svo að þjóðgarðsstjórnin, sem frv. gerir ráð fyrir, að kosin verði, er algerlega háð því, hvað Alþ. vill á hverjum tíma láta mikið fé í þetta. Meiri hl. Alþingis ræður því á hverjum tíma, ef þessi þjóðgarðsstjórn kynni að bregðast, hvað skuli langt gengið í þessu svokallaða eignarnámi.

Ég gat þess í minni framsögu, að ég teldi enga ástæðu til þess að leggja á það kapp nú á næstu árum að eignast þetta svæði. Hins vegar teldi ég fulla ástæðu til, að þjóðin eignaðist í framtíðinni meira af óbyggðum svæðum til þess að njóta útivistar og lifa þar eðlilegu lífi í leyfistíma sínum burtu frá hávaða og mengun í bæjum og borgum. Þetta er ekki orðið aðkallandi mál enn á Íslandi, ekki tiltölulega, en það verður það örugglega innan nokkurra ára, því að þetta er stöðugt að breytast, hin frjálsu útivistarsvæði, sem fólkið í þéttbýlinu hefur, eru alltaf að verða minni og minni, eftir því sem landið byggist meira og þess vegna eigum við auðvitað að horfa fram í tímann, ekki næstu 3, 4 eða 5 árin, heldur nokkra áratugi fram í tímann og reyna að afmarka svæði, þar sem hægt er að lifa þessu lífi, sem fólkið kemur til með að þrá meira í framtíðinni heldur en nú í dag eða á allra næstu árum.

Ég vil líka láta koma hér fram, að í fyrri ræðu minni sagði ég, að það væri lítið gert fyrir jarðir í Sléttuhreppi og þessum hluta Grunnavíkurhrepps, sem við leggjum til, að sé gert að þjóðgarði, en þó væri frá þessu undantekning, þar sem væri Átthagafélag Sléttuhreppsbúa, sagði ég í þessari framsöguræðu minni. Þar hafa gamlir Sléttuhreppsbúar og þó einkum Aðalvíkingar heimsótt þessar fornu byggðir sínar einu sinni á hverju sumri og sýnt í því mikla ræktarsemi. Þar hafa haft samband gamlir vinir, kunningjar og börn þeirra til þess að viðhalda gömlum átthagatengslum. Þetta frv. kemur á engan hátt í veg fyrir, að slíkir samfundir geti átt sér stað og átthagafélög — takið eftir, ekki félag, heldur félög, ef fleiri kynnu að verða mynduð, — geta átt griðland á þessu svæði og það yrði þessu svæði til góðs eins, að þessi starfsemi héldi áfram eins og hún hefur verið í fjölmörg undanfarandi ár. Þetta sagði ég, þegar ég fylgdi frv. úr hlaði. En það var ekki getið um þennan kafla í ræðu minni í frásögn af fundi d. eða umr. um þetta mál í Morgunblaðinu, sem er nú eiginlega eitt íslenzkra dagblaða, sem getur um ræður þm. almennt, án tillits til þess, hvar þeir eru í flokki. Hins vegar fer það oft þannig, að þegar blaðamaður situr hér uppi og hlustar á ræður þm., þá tekur hann útdrátt úr ræðum þeirra og birtir í blaði sínu. Og ég tel, að hér hafi verið um að ræða langsterkasta atriðið fyrir mig sem talsmann þessa máls til að birta í frásögn Morgunblaðsins. En það kom aðeins kaflinn á undan, þar sem ég tala um, að hús á þessum jörðum séu að grotna niður. Á þennan hátt geta félagsmenn í þessu félagi, Átthagafélagi Sléttuhreppsbúa, séð það, að ég hef skýrt þetta mál töluvert á annan veg heldur en þeir hafa talið og dæmt þar eftir þessari frásögn af minni stuttu ræðu í Morgunblaðinu, og fram yfir það, sem segir í grg. með frv. Til þeirra er tekið fullt tillit, og ég segi það hér einu sinni enn þá, að ég tel enga ástæðu til þess, þó að þetta frv. verði að lögum, að það sé gengið með oddi og egg í að fá fjárframlög á næstu árum til þess að kaupa upp þær jarðir, þar sem fólk kemur og heldur við húsum sínum. En eins og ég sagði í upphafi þessa máls, þessar jarðir eru miklu færri en hinar. Þetta svæði er auðvitað miklu meira en Aðalvík og Hesteyri, sem verið er að fjalla hér um. Ég á auðvitað enga kröfu til þess, að þm. eða aðrir séu sammála því máli, sem ég flyt, í höfuðatriðum. Á það verður auðvitað að reyna. En hér er verið að hreyfa máli, sem er ekki dægurmál eða mál næstu ára, heldur fyrst og fremst mál framtíðarinnar, og einhvern tíma verður að hreyfa framtíðarmálum. Og mín skoðun er sú, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, ekki eingöngu séð frá sjónarmiði þessa svæðis, sem við hér leggjum til að gera að þjóðgarði, Sléttuhrepps og hluta úr Grunnavíkurhreppi, heldur frá heildarsjónarmiði allra íbúa þessa lands. Við höfum byrjað á því að friðlýsa svæði. Það var keypt mjög mikilvægt landsvæði, Skaftafell, fyrir nokkrum árum, sem er undir vernd náttúruverndarráðs og stjórn þess, og ég hygg, að þeir, sem síðar koma eftir okkar daga, muni telja, að þar hafi verið stigið merkilegt spor í rétta átt og mönnum muni ekki verða álasað fyrir kaup og friðlýsingu Skaftafells, og mín trú er sú, að þetta svæði, þar sem ekkert fólk hefur búið yfir 20 ár að undanskildum vitaverði í Látravík, sé mjög ákjósanlegur staður til þess að friða með þessum hætti eins og frv. gerir ráð fyrir.

Út af síðustu orðum hv. 9. þm. Reykv. vegna blaðagreinar, sem birtist m. a. í Morgunblaðinu, þar sem talið er, að ég hafi verið að ásælast land, ákveðna jörð, þá hef ég ekki lagt það í vana

minn að leiða inn í umr. á Alþ. persónuleg mál mín. En fyrst þetta barst hér í tal, þá ætla ég að segja það, að ég hef aldrei talað við eiganda þessarar jarðar, sem um er rætt, um nein kaup á henni og aldrei beðið neinn annan að tala við hann, en hins vegar er lítill sannleiksneisti til í þessu. Og hann er sá, að góður vinur minn, sem var á ferð með mér einu sinni á Horni, var yfir sig hrifinn af landinu þar, enda vorum við svo heppnir, að við sáum þetta land í því fegursta veðri, sem hægt var að sjá það í, og hann var yfir sig hrifinn af þessari jörð og áleit, að þar mætti margt gera til þess að auka þar veiði. Og hann spurði mig: Ef við fengjum þetta keypt, viltu þá vera með, ef við færum nokkrir í það upp á það að vernda silungsstofninn og gera eitthvað fyrir þetta? Og ég segi svona: Ég væri alveg til í það, ef þetta fengist fyrir skaplegt verð. Ég tel mig vel hafa efni á því að láta nokkra tugi þúsunda í að auka silungsveiði á þessum stað. Og ég segi alveg eins og er, að þegar hann sagði mér, að þetta væri það hátt, að hann væri fallinn frá þessu, þá gerði ég ekkert meira og ég talaði aldrei við nokkurn mann. En svo kemur formaður Átthagafélags Sléttuhrepps með þetta í grein, og mér finnst það auðvitað langt fyrir neðan virðingu manna, þegar þeir ræða um frv. eða mál, sem er flutt á Alþ., að þurfa að ausa flm. þessara mála auri í blöðum. Það er hægt að ræða þessi mál fullkomlega málefnalega án þess. Í þessari grein er stefnt að mér allt að því ærumeiðandi ummælum. Maður er orðinn svo vanur því á löngum stjórnmálaferli að fá ýmislegt að heyra frá mönnum, sem hella úr skálum reiði sinnar yfir menn, að ég ætla ekkert frekar í þessu að gera og hef allt annað við tíma minn að gera heldur en eltast við slík ummæli. En hitt fer ekki á milli mála, að við, sem erum í opinberum málum, eigum okkar tilfinningar eins og annað fólk og teljum slík ummæli algerlega ástæðulaus.

Ég tel, að ég hafi svarað nokkuð því, sem hv. 9. þm. Reykv. kom með hér áðan í sambandi við þessi þjóðnýtingaráform okkar, sem ég vísa algerlega á bug. Ég ætla ekki að álasa öllu því fólki á einn eða annan veg, sem hefur skrifað undir þessi mótmæli við frv., og ég skal alveg taka undir það með hv. 9. þm. Reykv., að við því, sem fylgir þessum mótmælum, eða formála þess er ekkert hægt að segja. Það er fullkomlega kurteist, en greinin var ekki kurteis, sem birtist í blaðinu. En það er allt önnur saga.

Ég veit, að þegar einhver mótmæli fara af stað, þá er ekki alltaf spurt að því, hvert er eðli málsins, heldur er einblínt á það, sem mönnum ekki líkar í orðalagi, og það er það, sem hér hefur átt sér stað. Hv. 9. þm. Reykv. sagði hér í upphafi umr. um þetta mál fyrir nokkrum dögum, að við hefðum ekki spurt neinn að því, hvort mönnum líkaði, að við flyttum svona frv., og átti þá auðvitað við tengslin við átthagana þar nyrðra. Það er alveg rétt, og ég tel, að við þurfum ekki, þm., að spyrja einn eða annan, hvaða mál við flytjum á Alþ., og ég tel ekki heldur og fer ekki fram á það við hv. 9. þm. Reykv., að þegar hann sem forustumaður í verkalýðsmálum vill segja upp samningum og fá hækkuð laun, byrji hann á því að ganga á fund formanns Vinnuveitendafélags Íslands eða framkvæmdastjóra þess og spyrja, hvort þeir gætu fellt sig við að hækka launin. Ég hygg, að hann hafi aldrei gert það. En hins vegar eru önnur vinnubrögð á Alþingi Íslendinga, sem betur fer. Þegar mál hefur verið flutt, fer fram umr. um málið í viðkomandi d. — eða í Sþ. eftir því sem það er flutt — og síðan er málinu vísað til n. N. hefur svo aftur málið til ítarlegrar athugunar og það eru nefndir þingsins, sem spyrja um álit þeirra, sem gerst þekkja það mál, sem um er að ræða hverju sinni. Á því hefur ekki staðið þau ár, sem ég hef átt sæti á Alþ., að þetta væri gert. Ég hefði talið, að að lokinni þessari umr. hefði sú n., sem málið tæki til meðferðar, eðlilega átt að leita til ýmissa aðila, þ. á m. Átthagafélagsins, um álit þess á málinu og Átthagafélagið hefði átt að líta á málið frá víðari sjóndeildarhring heldur en grein formanns þess ber vott um. Ég hefði talið t. d., þegar þetta félag tók þetta frv. til umræðu á sínum fundi, að það hefði gjarnan getað spurt annan hvorn okkar flm., hvort við vildum nú ekki mæta á fundi hjá þeim, svo að þeir gætu rakið úr okkur garnirnar um það, hvað við værum nú að fara, hvort við værum að ráðast á eignarrétt þeirra á landsvæðinu, og fengið ýmsar upplýsingar um okkar skoðanir. Það hefði líka verið gagnlegt, að fram hefðu komið þessi ummæli mín í framsöguræðu um Átthagafélagið og þetta fólk, sem hefur ekki rofið tengslin við sína gömlu átthaga. Ég hygg, að það hefði orðið til þess að skapa meiri skilning á málinu í heild, en ekki á þessu eina ákvæði um sölu eða eignarnámsheimild jarða. En þetta var því miður ekki gert og við skulum ekki vera að saka neinn um það. Það er svona, þegar mönnum hleypur kapp í kinn, þá eru kannske hlutirnir ekki skoðaðir alveg frá réttu sjónarmiði. Og svo kemur aftur hitt atriði málsins: Þó að frv. sé flutt, er það ekki alveg skýlaus krafa flm. frv., að það fari bara óbreytt í gegnum þingið og það megi enginn hreyfa neitt við því, að það sé bara annaðhvort að drepa mál eða láta það fara gersamlega óbreytt. Ég segi fyrir mitt leyti, ég tel mig ekki vera þann lagaspeking, að það megi ekki ýmislegt færa til betri vegar í orðalagi eða fyllri meiningu í þessu frv., og að ég væri ekki fús til þess að fallast á ýmsar leiðréttingar eða aths. í þeim efnum. Hins vegar er grundvallarskoðun mín sú í þessu máli, að þetta mál og þessi hugmynd sé skynsamleg og Alþ. eigi ekki að hafna henni, þó að það hafi verið hleypt af stað einhverri skriðu mótmæla. Það er líka ósköp auðvelt að okkar undirlagi að fara út í að semja einhverja áskorun um að samþykkja frv. Mér finnst þetta eiginlega ekki ná nokkurri átt að fara að safna svona. Það á að vera hægt að ræða þessi mál á ósköp hóflegan og skynsamlegan hátt og komast að niðurstöðu, sem allir ættu að geta verið sæmilega ánægðir með. Þó að það hafi hlaupið í suma í sambandi við þetta frv., þá ætla ég ekkert að taka það nærri mér. Það breytir ekki minni grundvallarskoðun í þessu máli, að það sé skynsamlegt, ekki vegna nútíðarinnar eða

næstu ára, að gera þetta svæði að þjóðgarði og sinna því og gera ýmislegt fyrir það.

Það var spurt að því, hvaðan mér kæmi sú vitneskja að þetta svæði byggðist ekki aftur. Auðvitað getur enginn maður fullyrt um það, hvaða svæði verður um aldur og ævi óbyggt eða hvaða byggð svæði fara í eyði. En þegar maður segir, að það séu ekki líkur fyrir því, að þetta landsvæði byggist, þá byggir maður það á þeim ísköldu staðreyndum, að þetta landsvæði er nú búið að vera óbyggt með einni undantekningu, sem áður hefur verið nefnd, í yfir 20 ár, að mig minnir rétt. Mig minnir, að síðustu íbúar hafi flutt úr Aðalvík 1949, þó skal ég ekki alveg fullyrða það. Það er mjög nálægt því. Síðan hefur það gerzt í okkar landi, að fleiri byggðir og fjöldi bæja í sveitum landsins eru komnir í eyði og það í héruðum, þar sem eru tiltölulega góðar samgöngur og mjög sæmileg lífsafkoma. Þessi þróun hefur valdið bæði mér og mörgum öðrum miklum áhyggjum og ég hef miklu meiri áhyggjur af því, að fleiri byggðir fari í eyði heldur en að ég geri mér neinar vonir um eða telji neina höfuðþýðingu hafa að það setjist aftur nokkrir menn að í Sléttuhreppi, þar sem allt vantar til alls til þess að búa því menningar- og samfélagslífi, sem við þráum að búa í okkar landi. Þróunin hefur verið sú, að fólkið er að fara frá hinum dreifðu byggðum í æ ríkari mæli til kaupstaða og þéttbýlis. Það höfum við séð á þessu tímabili. Þess vegna getum við ekki ætlað, að það verði straumhvörf í aðra átt. En við skulum vona samt, að það verði straumhvörf þó innan tíðar og þá í þá áttina, að það fari ekki fleiri byggðir í eyði heldur en orðið er og það á þjóðfélagið fyrst og fremst að koma í veg fyrir með því að gera í tæka tíð það, sem hægt er að gera til þess að vernda þær byggðir. Þar eru mér mjög ofarlega í huga innhreppar Ísafjarðardjúps, hvernig þeir eru að fara og hafa verið að fara á síðustu árum, þó að grasleysið eigi þar eðlilega langmesta sök.

Ég skal biðja hv. 9. þm. Reykv. og aðra hv. þm. hér í þessari d. afsökunar á þeirri fljótfærni minni, þegar ég leiðrétti nokkrar prentvillur í grg. frv., en eins og þm. vita, þá lesa aðrir handrit að frv. heldur en við sjálfir og þegar grg. kom fram, þá leiðrétti ég nokkrar prentvillur og óskaði, að það yrði prentað upp. Hins vegar láðist mér að leiðrétta Hesteyrarfjörð, en í grg. stóð Hestfjörður. En kortið gat ég nú ekki leiðrétt, því að Landmælingar Íslands urðu við þeim tilmælum okkar að gera þetta kort, og mér fannst rétt eða okkur flm. að láta kortið fylgja, til þess að þm., sem eru mjög ókunnugir margir hverjir á þessu svæði, fengju yfirlitsmynd um, hvað væri verið að ræða. Og í handriti mínu var Hesteyrarfjörður í grg., en sennilega hefur kortið truflað. En það er mín yfirsjón að sjást ekki fyrir í þessum efnum, þegar grg. var prentuð upp. Í framsöguræðu minni vitnaði ég í grg, og það kemur alveg greinilega fram hjá mér í minni ræðu, sem þm. geta séð í handriti, að ég tala um „frá Hrafnsfirði til Hesteyrarfjarðar," enda er mér alveg ljóst og þarf engar leiðréttingar á því eða langar blaðagreinar, ég veit vel, hvar Hesteyrarfjörður er og hvar Hestfjörður er, sem og um aðra firði vestra.

Hins vegar þykir mér dálítið undarlegt í sambandi við þá lýsingu, sem við gefum á þessu landi í grg., að í margumræddri blaðagrein finnst formanni Átthagafélagsins lýsingin á átthögum sínum eiginlega vera allt of heillandi og of djúpt tekið í árinni og segir, að annað eins hafi ekki heyrzt frá því að Hrafna-Flóki lýsti landinu. Sennilega á hann við Þórólf smjör. En látum það nú vera. En ég segi, að ég tel, að við flm. höfum lýst þessu landsvæði eins og það hefur komið okkur fyrir sjónir. Við höfum aldrei verið þar á ferð um hávetur. Við höfum verið þar á ferð að sumri til og oftast, þegar maður hefur verið á ferð, hef ég verið sérstaklega heppinn með veður. Og ég vil enda þessi orð mín með því að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi míns máls, og segja það sem mína skoðun, þrátt fyrir það, að formaður Átthagafélagsins telji það ofsögum sagt um gæði og gagn þessa svæðis, að þetta landsvæði býr yfir fjölbreytilegri náttúrufegurð. Þar eru fögur vötn, ár og ósar með miklum silungi, stórfengleg björg iðandi af fugli og lífi. Meðal þeirra er hið stórbrotna Hornbjarg, sem enginn getur gleymt, sem þangað hefur einu sinni komið. Margar víkur á þessu svæði eru mjög grasgefnar með töfrandi sumarfegurð, Jökulfirðir frá Hesteyrarfirði til Hrafnsfjarðar eru fagrir og friðsælir. Í hlíðum þeirra eru einhver beztu berjalönd, sem finnast á landi okkar. Á þessu landsvæði er víðast ósnortin náttúra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu (frv. GeirG og JónasÁ).

Á 43. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu [198. mál] (þmfrv., A. 332).

Á 47., 48., 49. og 50. fundi í Nd., 17., 18. og 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í kjölfar gengislækkunarinnar 1968 voru sett lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Með lögum þessum var

ákveðið, að áður en afli kæmi til skipta á íslenzkum fiskiskipum skyldi greiða 17% aflaverðmætis til útgerðarinnar til greiðslu á útgerðarkostnaði, ef landað væri í íslenzkri höfn, og að auki 10—20% eftir tegundum afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Við sölu á afla í erlendri höfn skyldi á sama hátt greiða 22% aflaverðmætis í Stofnfjársjóð. Með þessum ákvæðum laganna var með valdboði stórkostlega raskað þeim reglum, sem sjómenn og útgerðarmenn höfðu samið um að skyldu gilda um skiptingu aflaverðmætis milli áhafna og útgerðar, og afleiðingarnar urðu þær, að þegar á þeirri vertíð, sem þá fór í hönd, þegar lögin voru sett, þ. e. vertíðinni 1969, olli þessi lagasetning langvinnu verkfalli á bátaflotanum. Ákvæði laganna hafa nú verið í gildi í rúm tvö ár og óhemju fjárhæðir hafa samkvæmt þeim verið teknar af óskiptum afla til greiðslu á almennum útgerðarkostnaði og í Stofnfjársjóð. Við setningu laganna var því haldið fram, að framlag af óskiptum afla í Stofnfjársjóð mundi nema 300—400 millj. kr. árlega, en nú liggur fyrir, að á árinu 1969 nam þessi greiðsla 428 millj. kr. og hefur að líkindum verið enn hærri á s.l. ári. Í grg. með frv. að lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi var því einnig haldið fram, að upphæðin, sem tekin yrði af óskiptum afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa mundi nema, eins og þar sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „talsvert lægri upphæð en afborganir og vextir af stofnlánum flotans."

Reynslan hefur hins vegar sýnt, að sú upphæð, sem með lagaboði var tekin af óskiptu aflaverðmæti í Stofnfjársjóð, nam ekki talsvert lægri upphæð en vextir og afborganir af stofnlánum, heldur nærri 100 millj. kr. hærri upphæð á árinu 1969 og mismunurinn rennur til greiðslu á almennum útgerðarkostnaði til viðbótar við þær um 390 millj. kr., sem samkvæmt öðrum ákvæðum þessara sömu laga eru teknar til greiðslu á þeim kostnaði. Á árinu 1969 námu þær greiðslur, sem teknar eru af óskiptum afla í Stofnfjársjóð og til greiðslu á almennum útgerðarkostnaði, samtals um 820 millj. kr. og ætla má, að þessar greiðslur hafi orðið enn hærri á árinu 1970, svo að sú upphæð, sem tekin hefur verið af óskiptu aflaverðmæti síðan lögin voru sett, sé tekin að nálgast 2000 millj. kr. og hlutur sjómanna virðist skertur um nær 1000 millj. kr. á þessu tímabili. Þessu til viðbótar má nefna, að með sömu lögum var útflutningsgjald sjávarafurða hækkað í því skyni að auka tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa og var sú hækkun áætluð 48 millj. kr. á ári umfram þá hækkun í krónutölu, sem hlauzt af sjálfri gengislækkuninni. Þessi hækkun útflutningsgjalds hefur að sjálfsögðu áhrif á fiskverðið og greiðist að því leyti að hálfu af hlut sjómannanna. Í því verkfalli á bátaflotanum, sem á vertíðinni 1969 hlauzt af setningu laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi, fengust engar breytingar gerðar á þessum lögum og ljóst var, þegar leið að næstu vetrarvertíð 1970, að enn mundu ákvæði þessara laga valda uppsögn kjarasamninga, kjaradeilum og jafnvel verkfalli. Þess vegna var af hálfu Alþb. flutt á Alþ. fyrir næst síðustu áramót till. til þál. um, að skipuð yrði n. fulltrúa frá samtökum sjómanna og útgerðarmanna og sjútvrn. til þess að gera tillögu um endurskoðun laganna á þann veg, að þau yrðu ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á vetrarvertíðinni 1970. Þessi tillaga fékk ekki afgreiðslu og enn kom til verkfalls á bátaflotanum á þeirri vertíð. Það verkfall leystist ekki fyrr en tryggt var, að ákvæðum laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi yrði breytt á þann veg, að framlag af óskiptu aflaverðmæti við sölu innanlands til greiðslu á almennum útgerðarkostnaði yrði lækkað úr 17% í 11%. Þegar sjómenn gengu til samninga á þessum grundvelli, var það með það í huga fyrst og fremst, að hér væri um að ræða áfanga á þeirri braut að fá þessi lög afnumin, enda hafði hagur útgerðarinnar vænkazt mjög á því tímabili, sem liðið var frá því að lögin voru sett, og þau rök, sem helzt voru uppi höfð til stuðnings lagasetningunni, bág afkoma útgerðarinnar, sem óðast að gufa upp og allar forsendur fyrir ákvæðum laganna að bresta. Enn auðsærra var þetta atriði, þ. e. að aðalforsendur fyrir setningu laganna eru brostnar, þegar dró að þeirri vertíð, sem nú er hafin, þegar ljóst er, að árið 1970 var útveginum enn hagkvæmara en árið 1969, afli mjög góður og afurðaverð enn hækkandi. Sjómenn litu því á þá breytingu, sem gerð var á lögunum með lækkun greiðslu til almenns útgerðarkostnaðar úr 17% í 11%, sem byrjun á þeirri leið, að lögin yrðu afnumin, og í ályktun 7. þings Sjómannasambands Íslands, sem haldið var 9.—11. okt. s.l. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er álit þingsins, að óhjákvæmilegt sé að ná því, sem tekið var af fiskimönnum með nefndum lögum, og þá ekki aðeins af því, sem heyrir undir 21% og 31% samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, heldur einnig 22%, sem tekin eru, þegar skip siglir með aflann og selt er erlendis."

Og í ályktun fulltrúafundar aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 10. okt. s.l. var tekið svo til orða, með leyfi hæstv. forseta:

„Með lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi o. s. frv. frá 19. des. 1968 voru kjör sjómanna skert stórkostlega, svo að þess eru engin dæmi, að svo harkalegar ráðstafanir hafi átt sér stað gagnvart nokkurri launastétt í landinu. Samningsbundnum skiptakjörum var allt í einu breytt svo í óhag sjómönnum, að ekki verður lengur við unað. Þrátt fyrir einhuga varnarbaráttu hefur ekki tekizt að halda hlut sjómanna þannig, að lífskjörin rýrni ekki ár frá ári.

Fari svo, að umrædd lög verði ekki felld úr gildi, hafa samtökin ekki aðra leið en að sækja hlut sinn við samningaborðið. Samtökin krefjast óskerts samningsréttar án lögbindingar um kaup og kjör. Þar sem með fjölmörgum lagasetningum hefur verið kippt stoðum undan grundvelli þeim, sem lögin um verðlagningu sjávarafurða voru byggð á, telja samtökin nauðsyn á endurskoðun umræddra laga."

Þetta var samþykkt fulltrúafundar aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambandsins frá í haust. Það er því ljóst, að enginn vinnufriður gat orðið á fiskiskipaflotanum á þeirri vertíð, sem nú er hafin, ef stjórnvöldin ætluðu enn að

streitast við að halda óbreyttum eða lítt breyttum ákvæðum laganna. Það var ljóst, að ekki einungis með tilliti til hagsmuna sjómanna og sanngirni gagnvart þeim, heldur einnig með tilliti til hagsmuna þjóðarheildarinnar var alger nauðsyn að gera nú þegar breytingar á lögunum og miða við, að ákvæði þeirra um greiðslur af óskiptum aflaverðmætum yrðu afnumdar með öllu eigi síðar en fyrir n.k. áramót. Það var því ljóst, að enginn vinnufriður gat orðið á fiskiflotanum á þessari vertíð, ef ekki yrði hreyft við lögunum og a. m. k. stigið verulegt spor í þá átt að afnema ákvæði þeirra um greiðslur af óskiptum aflahlut. Raunin hefur líka orðið sú, að verkfall hefur nú staðið á togaraflotanum vegna deilna um kjör yfirmanna síðan 6. jan. s.l., og allur togaraflotinn hefur verið bundinn í höfn mikinn hluta þess tíma. Staðið hafa yfir samningar um kjör á bátaflotanum og tillögur, sem gerðu ráð fyrir, að engar breytingar yrðu gerðar á skerðingarlögunum, en miðað væri við 25% hækkun fiskverðs, hafa ekki leitt til samninga eftir að þær voru felldar í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Nýjar tillögur, sem byggðar eru m. a. á því, að nú loks hafa stjórnvöld fengizt til þess að sýna lit með fyrirheiti um að lækka framlag í Stofnfjársjóð af afla seldum í erlendri höfn úr 22% í 16%, eru nú þegar til umræðu og afgreiðslu hjá sjómannafélögunum, en síður en svo er vissa fyrir því, að þær leiði til lausnar á kjaradeilunni hjá bátaflotanum, og nú síðast hafa Vestmanneyingar fellt þessar tillögur.

Ákvæði laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi hafa nú verið í gildi í rúm tvö ár og menn geta haft ýmsar skoðanir á því, hverja nauðsyn bar til þessarar lagasetningar fyrir tveimur árum, en jafnvel þeim, sem knúðu þær fram þá á þeim forsendum, að afkoma útvegsins væri þá í algeru óefni, þeim hlýtur að vera orðið ljóst, að hvað sem því líður, þá eru forsendur allar aðrar í dag og tilvist þessara lagaákvæða eftir að hagur útgerðarinnar hefur stórlega batnað vegna aukins afla og hækkaðs afurðaverðs, hefur nú þegar valdið þjóðarheildinni stórfelldu verðmætatjóni vegna stöðvunar bátaflotans á undanförnum vertíðum og togaraflotans nú. Það er ljóst, að meðan þessi lagaákvæði gilda, er þess engin von, að vinnufriður verði á fiskiskipaflotanum. Kjarasamningar nást ekki með eðlilegum hætti á meðan sjómenn eru undir oki þessara laga. Þótt lagaákvæðunum, sem hér er um rætt, sé ætlað að verða útgerðinni til styrktar, þá er það mikil skammsýni að ætla, að kjaraskerðingarlög gegn sjómönnum verði útgerðinni til framdráttar, þegar til lengdar lætur. Ekkert er útgerðinni nauðsynlegra en að eiga völ hinna hæfustu og dugmestu manna til starfa á fiskiskipunum, en léleg kjör sjómanna valda því, að nú eru stórfelld vandkvæði á því að manna bátaflotann, enda þótt allur togaraflotinn liggi bundinn í höfn. Slíkar ráðstafanir sem lagasetning um greiðslur af óskiptum afla, svo að nemur um 500 millj. kr. á ári af aflahlut sjómanna, verða því ekki útgerðinni til framdráttar. Vinnustöðvanir og skortur hinna dugmestu sjómanna verður afleiðingin. Afleiðingar lagasetningarinnar bitna því ekki aðeins á sjómönnum. Áður en lýkur bitna þær einnig á útgerðinni og þjóðinni allri. Engar ráðstafanir stjórnarvalda í kjaramálum eru fjær allri skynsemi en þær að efna til stríðs gegn þeim mönnum, sem vinna þau störf, sem eru undirstaðan undir svo til allri þjóðarframleiðslunni. Þessu stríði verður að linna og því ber Alþ. að taka til endurskoðunar þau lög, sem sett voru í des. 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi og valdið hafa verkföllum og kjaradeilum á hverri vertíð síðan. Sjómenn hafa sjálfir sett sér það mark, að ákvæði laganna verði afnumin í áföngum, og í því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir, að nú þegar verði minnkaður um helming sá hluti, sem ætlað er að taka af aflaverðmætinu óskiptu og á að renna annars vegar til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og hins vegar til greiðslu á almennum útgerðarkostnaði, en ennfremur er gert ráð fyrir því, að greiðslur þessar falli síðan með öllu niður um n. k. áramót.

Það er skoðun okkar flm., að þurfi útgerðin einhvers stuðnings við á hverjum tíma, þá verði hann að koma til á annan hátt en þann að ráðast á hlut sjómanna. Eitt aðalvandamálið í íslenzku atvinnulífi er það, hversu lág eru laun þeirra manna, sem við framleiðslustörfin starfa, og þá ekki sízt sjómanna, sem vinna mikilvægustu, áhættusömustu og erfiðustu störfin. Afleiðingarnar af þeim bágu launakjörum, sem sjómenn hafa orðið að búa við, m. a. vegna ákvæða laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi, koma ekki aðeins fram í þeim vinnustöðvunum, sem orðið hafa, og þeirri óvissu, sem sífellt ríkir um vinnufriðinn og hefur sínar sérstöku afleiðingar, heldur fyrst og fremst í því, að vanir og þjálfaðir sjómenn yfirgefa starf sitt í æ ríkara mæli og ráða sig ekki upp á þau kjör, sem um tekst þó að semja hverju sinni. Halda menn t. d., að þótt samningar tækjust við sjómannafélögin nú, eftir að það fyrirheit hefur verið gefið að lækka greiðslur í Stofnfjársjóð úr 22% í 16% við sölu í erlendri höfn, að það væri auðveldara að fá menn á netavertíð nú heldur en raunin hefur orðið á til þessa? Ég held, að menn geri sér ekki ljósan vandann, ef þeir halda það. Nei, það er fráleitt að ímynda sér, að unnt sé að leysa vanda útgerðarfyrirtækjanna með því að ganga á hlut sjómanna með lagaboði frá Alþ., eins og verið hefur grundvallarstefna og trúaratriði hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum. Slík stefna kallar eðlilega á þau viðbrögð sjómanna, sem skýrt koma fram í samþykkt aðalfundar Sjómannafélags Akureyrar nú fyrir skömmu, er svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Sjómannafélags Akureyrar haldinn 14. febr. 1971 áréttar fyrri mótmæli félagsins við lögum Alþ. frá 19. des. 1968 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., þar sem samningsbundin hlutakjör sjómanna á íslenzkum fiskiskipum voru skert svo óhemjulega, að slíks eru engin dæmi fyrr eða síðar, að íslenzkum launþegum hafi af löggjafans hendi verið boðið annað eins eða neitt svipað. Telur fundurinn, að lög þessi, svo lengi sem þau verða í gildi, standi þversum í vegi fyrir öllum eðlilegum samskipt-

um milli samtaka sjómanna og útgerðarmanna, einnig eyðileggi lögin bráðnauðsynlega samstöðu fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna í verðlagsráði sjávarútvegsins og brjóti í raun efnislega í bága við lögin um verðlagsráðið. Fundurinn telur, að þessi óréttláta lagasetning um flutning stórra fjármuna af aflahlut sjómanna til útgerðarmanna sé því ómaklegri sem meðaltekjur háseta á fiskiskipum voru 2 árin næst á undan, þ. e. 1967 og 1968, í algeru lágmarki og ráðstöfunartekjur þeirra þau ár neðan við lægst launuðu starfshópa í landinu. Háseta-störf á íslenzka fiskiskipaflotanum eru óefað verst launuð vinna miðað við erfiði, vosbúð og stöðugar fjarvistir frá heimilum, sem hér er á boðstólum, og hefur það leitt til þess, að dugandi ungum mönnum, sem velja sér sjómennsku að starfi, fer stöðugt fækkandi eins og vonlegt er. Verður að telja það meira en lítið öfugsnúið, að svo verðmæt vinna sem fiskveiðarnar eru fyrir þjóð okkar og aðalgrundvöllur að batnandi lífskjörum og framförum í landinu fyrr og síðar skuli vera verst launaða starfið meðal landsmanna.

Fundurinn skorar því á Alþ. að nema nú þegar úr gildi lögin frá 19. des. 1968 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. eða a. m. k. að gera á þeim þær breytingar að nægi til þess að leysa þær vinnudeilur, sem nú þegar eru hafnar, og aðrar, sem yfirvofandi eru milli sjómannasamtakanna og útgerðarmanna og eru bein afleiðing ofangreindrar lagasetningar. Fáist ekki viðunandi lausn á kjaramálum sjómanna næstu daga, annaðhvort með breytingum á lögum frá 19. des. 1968 eða eftir venjulegum samningaleiðum við útgerðarmenn, eiga sjómannasamtökin ekki annarra kosta völ en að skipa sér vel saman til sameiginlegrar baráttu um allt land, þar til sú lausn fæst, sem sjómenn geta almennt sætt sig við."

Hér lýkur samþykkt aðalfundar Sjómannafélags Akureyrar og svipuð eru nú viðbrögð sjómanna um land allt. Og útgerðarmenn eru sjálfir í vaxandi mæli að gera sér ljóst, að samskipti stéttarsamtaka sjómanna og útgerðarmanna geta ekki orðið með þeim hætti, sem þeir sjálfir kjósa, á meðan þvingunarákvæði laganna frá 1968 eru í gildi, og á meðan kjarasamningar eiga að fara fram undir oki þeirra laga, er engin von til, að vinnufriður verði á fiskiskipaflotanum. Það er því hagsmunamál þjóðarheildarinnar að ákvæði laganna um greiðslur af óskiptum aflahlut verði afnumin með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef ekki kvatt mér hljóðs til þess að bæta frá eigin brjósti neinu við röksemdir þær, sem fram komu í framsöguræðu hv. 1. flm. hér áðan. Ég stend upp til þess að koma á framfæri áskorun frá sjómönnum og útgerðarmönnum vestur á Snæfellsnesi. Þar hefur gengið á milli sjómanna og útvegsmanna áskorun til Alþ. Rétt er að taka það fram fyrst, að þau plögg, sem ég hef hér í höndum, eru frá tveimur stöðum á Snæfellsnesi. Plögg hafa ekki enn borizt frá öðrum stöðum, þar sem þessi áskorun hefur gengið á milli manna, en undir þessa áskorun skrifa í Grundarfirði 45 sjómenn og útgerðarmenn, þ. e. a. s. næstum hver einasti slíkur á þessum stöðum, og undir hana skrifa á Hellissandi og í Rifi 38 sjómenn og útgerðarmenn, þ. e. a. s. einnig næstum allir á þeim stöðum. Áskorunin hefur einnig verið lögð fyrir útgerðarmenn og sjómenn, eins og ég sagði, á öðrum stöðum á Snæfellsnesi, í Ólafsvík og Stykkishólmi, og undir hana eru þegar komin nöfn fjögurra af fimm stjórnarmönnum í Útvegsmannafélagi Snæfellsness, og þeirra á meðal er formaðurinn Guðmundur Runólfsson, Grundarfirði, en hinir eru Skúli Alexandersson, Hellissandi, Ingvar Ragnarsson, Stykkishólmi, og Hörður Sigurvinsson, Ólafsvík. Þessir útvegsmenn hafa haft samband við mig, Guðmundur Runólfsson núna rétt áðan, og hann bað mig að geta þess hér, að stjórnin sem slík hefði ekki tekið afstöðu til þessa máls, þessir áhrifamenn útvegsmanna á Snæfellsnesi skrifuðu þarna hver um sig undir sem útvegsmenn fyrst og fremst, sem einstaklingar. Hann vildi einnig, að það væri tekið fram, að þessir útgerðarmenn litu svo á, að þó að þeir hvettu til samþykkis þessa frv., sem hér um ræðir, þá teldu þeir að sjálfsögðu, að sú skerðing, sem þeir yrðu fyrir með samþykkt frv., yrði bætt upp á annan hátt. En aðalatriðið er, segja þeir, að þessu stríði linni og að burtu verði þessi þröskuldur milli sjómanna og útvegsmanna, þessi eldur, sem kveiktur hefur verið með þeirri lagasetningu, sem frv. þetta stefnir gegn. Ég mun þá lesa nefnda áskorun:

„Við undirritaðir sjómenn og útgerðarmenn á Snæfellsnesi lýsum fullum stuðningi við framkomið frv. um breyt. á l. nr. 79 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Við lítum svo á, að með samþykkt nefndra laga hafi viðskiptaerfiðleikar þjóðarinnar verið færðir á herðar sjómanna og útvegsmanna og þessar stéttir einar verið látnar standa undir þeim erfiðleikum. Með lagasetningunni var gerð tilraun til þess að stilla sjómönnum og útvegsmönnum í tvær andstæðar fylkingar með því að skerða hlut sjómanna. Jafnframt var svo hlutur útgerðarinnar skertur með lágu fiskverði og síðan með öðrum ráðstöfunum, svo sem Verðjöfnunarsjóði, vafasömu fiskmati og fleiru. Við leyfum okkur að skora á hv. Alþ. að samþykkja framkomið frv. þeirra Geirs Gunnarssonar og Jónasar Árnasonar um breytingar á nefndum lögum."

Og svo er hér önnur ályktun, sem ég vildi lesa upp. Hún var gerð á fundi vestur á Hellissandi í gær, á fundi hjá sjómanna- og vélstjóradeild verkalýðsfélagsins Aftureldingar. Þetta var fjölmennur fundur og ályktunin var samþykkt einróma. Til fundarins var stofnað til þess að ræða hina nýju kjarasamninga, en afgreiðslu þess máls var frestað. Ályktunin er svohljóðandi:

„Fundur í sjómanna- og vélstjóradeild verkalýðsfélagsins Aftureldingar haldinn á Hellissandi 21. 2. 1971 skorar á hv. Alþ. að samþykkja frv. þeirra Geirs Gunnarssonar og Jónasar Árnasonar um breytingu á lögum nr. 79 1968, um ráð-

stafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Með þessum lögum voru samningsbundin hlutakjör sjómanna skert það mikið, að slíks eru ekki dæmi að íslenzkum launþegum hafi með löggjöf verið gerð slík kjaraskerðing.“ Og ályktuninni lýkur með þessum orðum, og ég vil biðja hv. þm. Vesturl. að taka nú vel eftir: „Sérstaklega skorar fundurinn á alla þingmenn Vesturlandskjördæmis að standa saman sem einn maður að samþykkt fyrrnefnds frv.“

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Sjúkrahús í sameign ríkis og bæjar á Akureyri.

Á 43. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um sjúkrahús í sameign ríkis og bæjar á Akureyri [199. mál] (þmfrv., A. 333).

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér að flytja frv. til l. um sjúkrahús í sameign ríkis og bæjar á Akureyri ásamt tveimur öðrum hv. þm., samþingismönnum mínum úr Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni og Gísla Guðmundssyni. Eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv., er það markmið frv. að hafa sem fullkomnast deildaskipt sjúkrahús á Akureyri og að sameina ríki og bæ, Akureyrarbæ, um þetta málefni. Ég vil geta þess, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Það er nauðsynjamál bæði frá sjónarmiði heilbrigðismála almennt — hér er um almennt öryggismál að ræða í heilbrigðismálum — og einnig er hér um mikið og stórt málefni að ræða fyrir Akureyrarkaupstað og fyrir Norðurland sérstaklega. Ég tel, að hér sé um að ræða réttlætis- og nauðsynjamál, að það sé mikið réttlætis- og nauðsynjamál, að fullkomið sjúkrahús sé starfandi utan Reykjavíkur og það er ekki blöðum um það að fletta, að slíkt sjúkrahús hlýtur að eiga að vera á Akureyri, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Mig langar til þess að geta þess nú við þetta tækifæri, að Akureyrarsjúkrahús á sér langa sögu. Það hefur starfað sjúkrahús á Akureyri, tiltölulega vandað sjúkrahús ætíð, nú í nærfellt 100 ár. Fyrsta sjúkrahús á Akureyri, sem sögur fara af, var stofnsett 1873 og síðan kom nýr spítali þar 1899 og 1920 kom viðbygging við það sjúkrahús og 1953 tók til starfa núverandi fjórðungssjúkrahús, sem svo er kallað, og var ákaflega mikil framför á sinni tíð, en þó að ekki séu liðin nema um það bil 17—18 ár síðan þetta sjúkrahús tók til starfa, er svo komið, að það hefur úrelzt og sjúkrahúsið er orðið mjög vanbúið nú, má segja, miðað við hin stóru og góðu sjúkrahús, sem eru hér í Reykjavík. Og það er samdóma álit allra, sem til þekkja, að nauðsynlegt sé að gera stórátak í sjúkrahúsmálum fyrir Akureyri og sem þá jafnframt sé lausn fyrir Norðlendingafjórðung í heild og raunar kannske miklu stærra landsvæði.

Eins og mörgum er kunnugt, er Fjórðungssjúkrahúsið svonefnda á Akureyri í raun réttri bæjarsjúkrahús á Akureyri, því að bærinn hefur allan veg og vanda af þessu sjúkrahúsi, og þess vegna hafa líka orðið miklar umr. í bæjarstjórn á Akureyri og meðal áhugamanna um þessi efni annars í bænum um það, að nauðsynlegt sé að fara að breyta þarna til og stækka sjúkrahúsið verulega og koma því í nýtízkuhorf. En því miður hafa þessar umr. ekki leitt til neinnar niðurstöðu og ekki til þess, að framkvæmdir yrðu hafnar, en mig langar til í sambandi við þetta mál, vegna þess að ég hef hér við höndina skýrslu frá stjórn sjúkrahússins á Akureyri, þá vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að hafa hér yfir nokkur orð úr þessari skýrslu, einkum það, sem varðar núverandi starfsaðstöðu og þjónustu sjúkrahússins. Þar kemur greinilega fram, hvernig sjúkrahúsmálunum er komið og hversu brýn nauðsyn það er að fara að breyta þarna til. Í þessari skýrslu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjúkrahúsið hefur fram til þessa borið gæfu til að veita viðurkennda þjónustu og notið álits og trausts landsmanna. Er þar fyrir að þakka ósérhlífnu og völdu starfsliði sérfræðinga, hjúkrunarliðs og sérhæfðs starfsfólks, sem þó hefur um árabil búið við ónóga starfsaðstöðu. Nú er svo komið, að sjúkrahúsið fær naumast veitt nauðsynlega og sjálfsagða þjónustu, sem af því er krafizt, vegna skorts á starfsaðstöðu og sjúkrarýmum. Það er ekki verjandi öllu lengur að búa þannig að starfsliði stofnunarinnar á sama tíma og gerðar eru fyllstu kröfur um alla þjónustu.“

Síðan er á það minnzt, að þetta hús hafi verið reist af stórhug og vel við vöxt og það hafi kostað mikið átak af bæjarins hálfu á sinni tíð, en síðan segir þannig orðrétt:

„Síðan húsið var byggt hefur þróunin orðið svo ör í læknisfræði og breytingar svo miklar í spítalamálum, að nú orðið stenzt sjúkrahúsið engan veginn kröfur tímans í tæknilegu og sérfræðilegu tilliti. Segja má, að læknavísindunum fleygi fram með sívaxandi hraða frá ári til árs. Að því er varðar spítalamálin í landinu hafa sjúkrahúsin í Reykjavík verið í örum og miklum vexti á síðustu árum og jafnframt hefur átt sér stað hraðfara þróun í allri starfsemi og þjónustu þeirra. Er það bæði í samræmi við fólksfjölgun og þróun læknavísindanna yfirleitt. Nú hafa sjúkrahús í smærri kaupstöðum og kauptúnum á landinu nálgazt sjúkrahúsið hér að húsakosti og tækjabúnaði. Aðstaða þessa sjúkrahúss gagnvart öðrum sjúkrahúsum í landinu er

því sífellt versnandi. Bilið milli þess og sjúkrahúsanna í Reykjavík breikkar stöðugt, jafnframt því sem bilið minnkar milli þess og annarra sjúkrahúsa úti á landsbyggðinni."

„Sjúkrastofur" — segir svo hér síðar — „eru hér þéttskipaðar sjúklingum. Aukarúm eru víðast hvar á sjúkrastofum, þrengsli á þeim þar af leiðandi mikil, athafnarými þar lítið og mjög örðugt að koma þar við nauðsynlegri hjúkrun, flóknum og margháttuðum rannsóknum og meðferð mjög veikra sjúklinga. En það, sem er örðugast viðfangs, er skortur á húsrými fyrir starfsemi og starfssvið sjúkrahússins utan sjúkrastofanna. Vinnurýmið á sjúkrahúsinu er óeðlilega og bagalega lítið og setur allri þróun þess skorður."

Síðar er svo minnzt á legudaga, hvernig skipting legudaga er á þessu sjúkrahúsi, og er það mjög upplýsandi um þetta mál og vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum og vísa hér til skýrslu sjúkrahússtjórnarinnar: „Sjúkrastofurými sjúkrahússins í dag er sem hér segir eftir deildum: Lyflækningadeild 40 rúm, handlækningadeild 40—44 rúm, blönduð deild, þ. e. ellideild með 24 rúm og barnadeild 10 rúm, fæðingardeild 12—14 rúm og geðveikideild, sem er sérstök bygging, 10—12 rúm. Rúmafjöldi sjúkrahúsbyggingarinnar er í dag 126—132, en upphaflega var hún skipulögð fyrir 117 rúm.

Á s. l. ári var skipting legudaga á sjúkrahúsinu milli héraða sem hér segir: Akureyri 29139, hreppsfélög Eyjafjarðarsýslu 5669, Grýtubakka- og Hálshreppur og Svalbarðsstrandarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu 1673, Ólafsfjörður 2015 og aðrir 11550. Legudagar alls á árinu 1969 50044.

Hér er síðan getið um, hvernig skipting legudaga á sjúkrahúsinu milli Akureyrar og utanbæjarmanna á árunum 1963—1969 hefur verið og það eru til upplýsingar um það, hverjir það eru, sem nota þetta sjúkrahús. Árið 1963 voru legudagar Akureyringa 26624, en legudagar utanbæjarmanna 27218, alls voru legudagar 53842. Hlutur Akureyringa prósentvís — þetta er nú kannske slumpareikningur hjá stjórninni — er 50% og 50% utanbæjarmanna. 1964 eru hlutföllin þannig, að þá eru 52% af legudögunum vegna Akureyringa, sem þá njóta þjónustunnar, en 48% utanbæjarmenn. 1965 er hlutur Akureyringa 55%, en hlutur utanbæjarmanna 45%. Og 1966 eru það 56% Akureyringar, en 44% hlutur utanbæjarmanna. 1967 er 55% hlutur Akureyringa, en 45% hlutur utanbæjarmanna og 1968 er 54% hlutur Akureyringa og 46% hlutur utanbæjarmanna. 1969 er 58% hlutur Akureyringa, en 42% hlutur utanbæjarmanna.

Þessi skýrsla sýnir það, að hlutur utanbæjarmanna er ákaflega stór í notkun sjúkrahússins. Hann hefur að vísu nú aðeins lækkað á undanförnum árum, sem kannske er ekki alveg óeðlilegt miðað við stöðu sjúkrahússins sem bæjarsjúkrahúss á Akureyri og þegar mjög þrengist um. En þetta bendir aftur á það, hvílík höfuðnauðsyn það er, að á Akureyri sé spítali, sem getur tekið við fleiri sjúklingum heldur en þeim, sem heimili eiga í Akureyrarbæ.

Það er að vísu nokkurt nýmæli hér í 1. gr. þessa frv., að þar er gert ráð fyrir því að breyta því eignarhlutfalli, sem nú er samkv. lögum milli ríkis og sveitarfélaga í sjúkrahúsbyggingu. Sú almenna regla er, að ríkið eigi 60%, en sveitarfélögin 40, en hér er gert ráð fyrir því að breyta þessum hlutföllum svo, að ríkið taki þátt í þessu sjúkrahúsi, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., að 80 hundraðshlutum, en Akureyrarbær 20%. Og meginröksemdin fyrir því, að við leggjum þetta til, er þessi sérstaða Akureyrarspítala, sem hlýtur að vera hverjum manni ljós, sem vill kynna sér það, að Akureyrarspítali veitir þjónustu langt út fyrir bæjarmörk Akureyrar, enda hefur það reynzt alveg óhjákvæmilegt að gera slíkt. Það er þörf fyrir þetta sjúkrahús og vitanlega ekki hægt að neita mönnum, þó að utanbæjarmenn séu, um þá þjónustu, sem þeir telja sig þurfa og sjúkrahúsið frekast getur í té látið. Þetta hefur sjúkrahúsið getað gert, jafnvel þó að húsið sé nú orðið mjög vanbúið að ýmsu leyti, og það mun ekki ofmælt, sem segir í skýrslu sjúkrahússtjórnarinnar, að þetta sé að þakka því, að spítalinn hefur haft yfir að ráða völdu og góðu starfsliði, góðum læknum og hjúkrunarliði, sem hefur unnið mjög merkilegt þjónustustarf á þessu sviði. Og það má náttúrlega enn þá tala um það, enn frekar um þessa sérstöðu Akureyrarspítala, að það er nauðsynlegt frá almennu sjónarmiði að efla Akureyrarspítala og koma upp fullkomnu deildaskiptu sjúkrahúsi þar. Það er alveg brýn nauðsyn frá almennu sjónarmiði og ríkið ætti þar að koma til móts við bæjarfélagið, því að það er tæpast forsvaranlegt, að ekki sé fullkomið sjúkrahús einhvers staðar utan Reykjavíkur og ég held, að engum manni geti blandazt hugur um það, að Akureyri er sá staður, eða á Akureyri yrði slíkt sjúkrahús bezt sett af flestum ástæðum, hygg ég. Bæði er það, að sjúkrahúsið á Akureyri á þegar að baki langa sögu. Það er þegar deildaskipt sjúkrahús, það hefur góðum starfskröftum á að skipa, læknum og hjúkrunarliði, og þar er fjölmenni mest utan Reykjavíkur á einum stað og yfirleitt greiðastar samgöngur við Akureyri úr nágrannasveitum af Norðurlandi og raunar kannske líka úr öðrum fjórðungum. Ég hygg, að núv. landlæknir hafi eitthvað leitt hugann að þessum efnum, sem ekki er óeðlilegt stöðu hans vegna. Þó að ég hafi ekki átt sjálfur tal um það við hann, þá skilst mér, að hann sé því mjög fylgjandi, að til sé deildaskipt og fullkomið sjúkrahús utan Reykjavíkur, og ég hygg, að hann muni telja, að Akureyri ætti einmitt að vera sá staður, sem slíkt sjúkrahús er á. Og það er einmitt að því, sem þetta frv. miðar, þ. e. að ríkið komi til móts við þá þörf, sem þarna er fyrir hendi, og leggi fram stærri hlut heldur en almennt gerist í sjúkrahús, vegna þess að hér er um talsverða sérstöðu að ræða.

Ég skal nú ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, enda skýrir frv. sig að flestu leyti sjálft. En þó get ég ekki stillt mig um að minnast hér á 3. gr. frv. vegna þess að þar er hreyft nýmæli, sem e. t. v. ýmsum finnst, að þurfi athugunar við, og er það ekkert óeðlilegt. Ég vil leyfa mér að fara aðeins nokkrum orðum um 3. gr. frv. Þar segir, að stefnt skuli að því, að hagnýt kennsla og starfsþjálfun geti átt sér stað í

sambandi við sjúkrahúsið á Akureyri með sérstöku tilliti til sérmenntunar héraðslækna og aðstoðarfólks þeirra. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að þegar komið er upp fullkomið deildaskipt sjúkrahús með fjölmennu starfsliði, þá verði sá spítali, Akureyrarspítali, í framtíðinni kennslustofnun. Þetta er út af fyrir sig ekki nýmæli, að spítali sé kennslustofnun, því að það eru flestir spítalar, sem ráða yfir þeim tækjabúnaði og starfsliði, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En nú er það svo, að við gerum barna ráð fyrir, að þetta sjúkrahús verði nokkuð sérstök kennslustofnun, þ. e. a. s. sjúkrahúsið hafi með að gera sérþjálfun héraðslækna og aðstoðarfólks héraðslækna. Einn af þeim málaflokkum, sem nú eru hvað brýnastir til úrlausnar í okkar landi, eru læknamálin, einkum og sér í lagi þetta að útvega héraðslækna til þess að starfa úti um landsbyggðina. Yfirleitt er það þannig, að mörg héraðslæknisumdæmin eru óveitt langtímum saman og þarf ekki að eyða í það mörgum orðum, hvílíkt ófremdarástand slíkt er og er alveg nauðsynlegt, að menn leiði hugann að því, hvernig úr þessu megi bæta. Ýmsir hafa bent á það, að nokkurn þátt í héraðslæknisleysinu og því, hversu fáir menn fást til þess að gegna héraðslæknisstörfum, eigi það, að kennsla í læknisfræði beinlínis fæli menn frá því að takast slík störf á hendur. Ef þessi ásökun er rétt, sem ég hef út af fyrir sig ekki möguleika til þess að staðreyna fullkomlega, en hef þó mínar ástæður til að trúa, en ef þetta reynist rétt, þá er náttúrlega fullkomin ástæða til þess, m. a. fyrir Alþ., að leiða hugann að þessu og gera þá kröfu til þeirra, sem skipuleggja þessi mál, kennslu í læknisfræði, að þessi mál séu tekin til gaumgæfilegrar skoðunar og athugað, hvort þetta er rétt.

Að sjálfsögðu er Háskóli Íslands eða hver annar háskóli í senn kennslustofnun og vísindastofnun. En eigi að síður hlýtur hinn almenni borgari og við, sem á Alþ. sitjum sem fulltrúar hins almenna borgara, að líta á háskólann og raunar alla aðra skóla, sem mennta menn til sérgreindra starfa, þá hljótum við að líta á slíka skóla þannig, að þeir þjálfi menn til ákveðinna starfa, sem þarf að inna af hendi fyrir fólkið í landinu og fyrir þjóðfélagið í heild. Og ef það er svo, að Háskóla Íslands takist ekki að þjálfa menn í þeim störfum, sem þjóðfélagið þarf brýnast á að halda, þá er eitthvað bogið við þetta kerfi; þá er eitthvað bogið við þetta skipulag og það er skylda okkar sem alþm. að leiða hugann að þessu og það er skylda þeirra, sem stjórna málefnum þessarar stofnunar, að gera hið sama og finna úrlausn á því.

Það er m. a. í sambandi við þennan mikla og brýna læknaskort í landinu, sem við flm. höfum farið að hugleiða það, hvort ekki væri ástæða til þess að taka þessi kennslumál læknaefnanna til endurskoðunar og jafnvel svo að flytja kennsluna að nokkru leyti frá Háskóla Íslands í núverandi mynd til sérstakrar stofnunar, sem yrði í tengslum við fullkomið sjúkrahús á Akureyri. Við teljum þessa tillögu þess virði, að hún sé skoðuð, og þess vegna höfum við leyft okkur að bera hana fram og forma hana hér í 3. gr. þessa lagafrv.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða fleiri orðum að sinni að þessu máli, en ég vænti þess, að það fái sína skoðun í þn., og legg til, að þegar 1. umr. lýkur hér nú, þá verði málinu vísað til heilbr.- og félmn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa stuðningi mínum við þetta frv., sem þeir hafa flutt hér, þrír þm. úr Norðurl. e., og langar til að koma hér á framfæri ummælum, sem ég hlýddi á í fyrravetur í sambandi við sjúkrahúsið á Akureyri og komu fram af hálfu landlæknis. Þannig stóð á, að þegar í fyrravetur var farið að ræða við heilbrmrh. og landlækni um stækkun sjúkrahússins á Akureyri og meðal annarra tók ég þátt í þeim athugunum og undirbúningsviðræðum, sem fóru fram um það mál. Þá benti landlæknir á atriði, sem ég verð að játa, að mér hafði ekki hugkvæmzt, en liggur í raun og veru á borðinu, þegar á það er bent. Hann var að segja okkur og lýsa því sem sinni skoðun, hve það væri í raun og veru hættulegt fyrir byggð þessa lands, þegar það væri athugað, að hún væri að verulegu leyti hér við Faxaflóann og á Suðurlandsundirlendinu, þar sem *væri jarðskjálftasvæði og gæti verið* hætta á miklum og háskalegum afleiðingum af jarðskjálftum og öðrum náttúruhamförum, svo og líka því, ef á landið yrði ráðizt vegna styrjaldaraðgerða, þá mundi það fyrst og fremst bitna á þéttbýlinu hér suðvestanlands. Í sambandi við það benti hann á, hve það væri óvarlegt, að þau einu sjúkrahús, sem væru verulega búin til þess að taka við slíkum sjúklingum og slösuðu fólki, sem orðið hefði fyrir slíkum stórfelldum áföllum af völdum náttúruhamfara eða styrjaldar, væru öll staðsett í Reykjavík. Og þess vegna teldi hann, að eitt af því, sem renndi sterkustum stoðum undir það að byggja upp sjúkrahúsið á Akureyri til jafns við sjúkrahúsin hér í Reykjavík, væri einmitt það, að það væri nauðsynlegt að hafa utan mesta þéttbýlissvæðisins eitt sjúkrahús a. m. k., *sem væri svo vel búið*, að það gæti tekið við slösuðu fólki og sjúku, þegar einmitt svona bæri að, auk þess sem það þyrfti að gegna hlutverki fyrir stóran landsfjórðung, frekar tvo en einn. Þessu langaði mig að koma hér á framfæri, um leið og ég tek undir eða lýsi stuðningi mínum við þetta frv.

Ég veit að vísu, að það er ofurlítill ótti hjá starfsliði sjúkrahússins á Akureyri við það, að það fái ekki að öllu leyti eins góða fyrirgreiðslu, ef sjúkrahúsið er í hendi ríkisins eins og kannske bæjarins, ríkinu hætti til að hugsa betur um þau sjúkrahús, sem hér eru næst ríkisvaldinu, heldur en sjúkrahús úti á landi. Ég held, að við þurfum ekki að kvíða því. Það er nú einu sinni svo, að ríkisvaldið verður að hafa víðari sjónhring en svo, að það sjái aðeins það, sem næst því býr, og engum mun blandast hugur um það, að það er of erfitt fyrir eitt bæjarfélag, jafnvel þó að sæmilega stöndugt sé, að standa undir svo stóru og viðamiklu fyrirtæki eins og rekstur vel búins sjúkrahúss er, sem hér er gert ráð fyrir og vissulega þarf að koma á Akureyri. Því finnst mér þetta vera leið til athugunar a. m. k., að sjúkrahúsið verði sameign ríkis og bæjar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

63. Kjarabætur aldraðra.

Á 43. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um kjarabætur aldraðra [201. mál] (þmfrv., A. 337).

Á 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. fundi í Nd., 17., 18., 22., 24. og 25. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar um vissar kjarabætur í þágu aldraðs fólks og er flutt af mér og hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni. Í 1. gr. frv. segir, að markmið þess sé að bæta efnaleg kjör aldraðra, styðja sjálfsbjargarvilja þeirra og draga úr tekjumismun á efri árum fólks.

Mikilvægustu efnisatriði frv. eru þrjú. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstök skattfríðindi aldraðra og um það fjallar 2. gr. frv. Í henni felst það, að öldruðu fólki, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda, yrði ívilnað í sköttum og útsvörum eftir sjötugsaldur. Er þá gert ráð fyrir sérstökum skattafrádrætti, sem gildi fyrir það fólk, sem þannig stendur á um, eins og nánar er frá greint í 2. gr. frv. En meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá auðveldara að leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sparifé, sem yrði því mikil stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka. Við flm. höfum hér í huga það aldraða fólk og þá alveg sérstaklega ýmiss konar daglaunafólk, sem vinnur langt fram yfir sjötugt á almennum vinnumarkaði og hefur því oft talsverðar vinnutekjur, sem eru óspart skattlagðar, þó að slíkt sé í hæsta máta vafasamt og að dómi okkar flm. fullkomið ranglæti. Við höfum á undanförnum árum flutt frv. um þetta tiltekna atriði, þetta um sérstök skattfríðindi aldraðs fólks. Því miður hefur þessi tillaga ekki hlotið samþykki Alþingis enn sem komið er, en samt gerum við flm. okkur vonir um, að skilningur á réttmæti þessa máls fari vaxandi. Þótt samþykkt yrði að veita öldruðu daglaunafólki og öðrum, sem líkt eru settir, slík skattfríðindi, sem hér um ræðir, þá mundi það ekki hafa neina úrslitaþýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera. Hér er ekki um fjölmennan hóp manna að ræða og tekjuvon hins opinbera líður ekki við það, þótt þetta fólk nyti skattfríðinda. Það verður að hafa í huga, að hér á í hlut fólk með mikinn sjálfsbjargarvilja, fólk, sem vinnur fyrir sér og vill ekki vera upp á náð komið að neinu leyti. Ríkisvaldinu og þá sérstaklega löggjafanum ber að styðja sem verða má heilbrigðan sjálfsbjargarvilja fólksins í landinu. Það ber ekki síður að styðja heilbrigðan sjálfsbjargarvilja aldraðs fólks en hvers annars. Um það þarf ekki að deila, að hvers konar stuðningur við sjálfsbjargarvilja aldraðs fólks dregur jafnframt úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldraða. Réttlát skattfríðindi aldraðs fólks hvetja það til sjálfsbjargar og sparnaðar, sem kemur því sjálfu að gagni síðar, þegar starfsævinni hlýtur að ljúka og er einnig til styrktar almennum sparnaði í landinu, sem sízt er of mikill. Það er líka engin ofrausn af hálfu ríkisvaldsins, þótt þessi leið yrði farin til þess að rétta hlut hinna öldruðu sparifjáreigenda, sem rúnir hafa verið eignum sínum með gengisfellingapólitík síðustu ára. Með 2. gr. frv. um skattfríðindi aldraðra er reynt með virkum hætti að ná því markmiði frv. að styðja sjálfsbjargarvilja aldraðs fólks og létta hinu opinbera framfærslu öreiga gamalmenna. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem ég bið hv. þdm. að skoða gaumgæfilega og jafnframt að veita fylgi. Skal ég láta útrætt um þetta fyrsta efnisatriði frv.

Annað höfuðatriði þessa frv. er að finna í 3. gr. þess, 1. mgr. Það er nýmæli, sem vert er að veita nokkra athygli. Þar er gert ráð fyrir grundvallarstefnubreytingu í framkvæmd tryggingalaga að því leyti, að tilteknu fólki, hjónum eða þeim, sem búa saman sem hjón, sé greiddur fullur hjónalífeyrir, þegar fyrirvinna heimilisins hefur náð 70 ára aldri, þótt makinn hafi annars ekki náð ellilífeyrisaldri, sem er 67 ár. Eins og allir vita, byggja almannatryggingalögin rétt manna til ellilífeyris á persónubundnum aldursmörkum og á sú regla við um hjón sem einhleypinga, þannig að hjón fá ekki fullan hjónalífeyri fyrr en bæði eiginmaður og eiginkona hafa náð 67 ára aldri. Þessi regla er oft mjög ranglát í raun og kominn tími til að breyta henni eða draga úr ranglæti hennar, t. d. með þeim hætti, sem við leggjum til í þessu frv., að hjón, sem ekki hafa nein lífeyrissjóðsréttindi, fái fullan hjónalífeyri, þegar fyrirvinna heimilisins, sem yfirleitt er eiginmaðurinn, hefur náð 70 ára aldri, þótt eiginkonan sé undir 67 ára aldri. Ef þessi tillaga yrði að lögum, mundi nást fram mikilvæg kjarabót fyrir aldrað fólk.

Þriðja aðalefnisatriði frv. er einnig að finna í 3. gr. þess. Það er einnig nýmæli, sem ætlað er að friska dálítið upp á andrúmsloftið í tryggingamálum og færa tryggingalögin svolítið nær nútímalegri hugsunarhætti. Þessu efnisatriði er fyrst og fremst stefnt gegn 21. gr. almannatryggingalaga, sem telja má eitt skýrasta dæmi um óheppileg tengsl tryggingalöggjafarinnar við fortíðina. Að dómi okkar flm. þarf að vinna að því að rjúfa slík tengsl, hvar sem þau er að finna í tryggingalöggjöfinni. Við leggjum að vísu ekki til, að 21. gr. almannatryggingalaga verði afnumin eða endursamin út af fyrir sig. Líklega verður við hana að una sem skráðan lagabókstaf enn um sinn eða þar til almannatryggingalögin verða endurskoðuð og endursamin í heild. En það frv., sem við flytjum hér, mundi, ef að lögum verður,

draga stórlega úr ágöllum 21. gr. almannatryggingalaganna.

Það, sem í tillögu okkar felst, er það, að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að greiða úr eigin sjóði verulegan viðbótarlífeyri öldruðum hjónum, sem ekki eru í lífeyrissjóði, og kæmi þá ekki til nein skipting milli sveitarfélags og ríkisins um uppbót, svo sem gert er ráð fyrir í 21. gr. almannatryggingalaga, né heldur reiptog milli sveitaryfirvalda og ríkisins um uppbætur. 21. gr. almannatryggingalaganna felur í sér ómannúðlega forneskju, sem leiðir til ófrjórrar skriffinnsku og niðurlægingar fyrir aldraða fólkið, sem neyðist til þess að leita kjarabóta á grundvelli hennar.

Ég hef rakið höfuðatriði þessa frv. Í frv. eru nýmæli, sem öll fela í sér kjarabætur fyrir aldrað fólk. Vissulega er farið inn á nýjar brautir með þeim tillögum, sem við flm. höfum hér uppi, og vel má vera, að einhver vegartálmi sé í sambandi við framkvæmd þeirra. Þó munu slíkar hindranir yfirstiganlegar og ekki örðugri viðfangs en mörg önnur lagaframkvæmd á sviði tryggingamála.

Flm. er auðvitað ljóst, að frv. mun hafa í för með sér aukin útgjöld til tryggingamála. M. a. þess vegna höfum við sett það ákvæði í 4. gr. frv., að lögin þurfi ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1972. Það ákvæði á að tryggja, að hægt sé að undirbúa framkvæmd væntanlegra laga með viðunandi hætti, m. a. að því er tekur til fjáröflunar.

Þess er skylt að geta, að þó að í þessu frv. felist mikilsverðar réttarbætur fyrir aldrað fólk og stefnt sé að því sem höfuðmarkmiði að draga úr ójöfnuði og efnalegu misrétti á gamalsaldri manna, þá fer því fjarri, að frv. leysi allan vanda aldraðs fólks. Frv. er aðeins spor í rétta átt og ber að meta sem slíkt. Þrátt fyrir það stendur eftir sú augljósa nauðsyn að endurskoða tryggingarlöggjöfina í heild í ljósi nútímaviðhorfa og nýs skilnings á mannlegum þörfum. Í sambandi við þá endurskoðun ber öllu öðru fremur að hafa í huga að jafna, svo sem kleift er, kjör aldraða fólksins og koma í veg fyrir þá mismunun í tekjum og afkomu, sem nú viðgengst, þar sem einn hópur manna er efnalega sjálfstæður og þarf engu að kvíða um afkomu sína í ellinni, en annar á allt undir náð framfærsluyfirvalda. Það hæfir ekki lengur, að þjóðfélagið geri sér slíkan mannamun, sem á sér stað í sambandi við kjör aldraða fólksins við núverandi aðstæður. Alþ. þarf að setja sér það mark að eyða þessari mismunun og koma á skipulagi tryggingabóta, sem gerir öldruðu fólki kleift að lifa sem lengst af eigin tekjum sínum án þess að vera háð útdeilingarvaldi framfærsluyfirvalda eða komið upp á náð skrifstofuvalds. Þetta frv. er tilraun til þess að bæta nokkuð úr ágöllum þessa ástands, sem við búum við nú í þessum efnum. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að meginstefna frv. eigi hljómgrunn hér í hv. þd. og ég vænti þess, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, taki það til vinsamlegrar athugunar og jákvæðrar afgreiðslu. Hér er fyrst og fremst um félagsmál að ræða. Þess vegna legg ég til, að frv. verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn., þó að vísu sé þarna nokkuð rætt um skattamál einnig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. SV og VH).

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [207. mál] (þmfrv., A. 354).

Á 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53., 54. og 55. fundi í Nd., 17., 18., 22., 24. og 25. febr. og 1. og 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmi Hjálmarssyni, að flytja hér tvær brtt. við þessi lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1965. Frvgr. eru þannig, með leyfi forseta:

1. gr.: Síðasti málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 60 þús.

2. gr.: Á eftir orðunum „Fyrir hjón“ í B-lið 16. gr. laganna komi: og einstætt foreldri, sem heldur heimili fyrir börn sín.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1970.

Á tveimur síðustu þingum höfum við flm. þessa frv. flutt frv. um breyt. á þessum lögum, er varðar fyrri grein frv. Munurinn er þó sá, að nú leggjum við til, að frádráttarupphæðin megi vera allt að 60 þús. kr. í stað 50 þús. áður. Er það í samræmi við þær verðlags- og kaupbreytingar, sem orðið hafa síðan. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, sem heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti“, eins og segir í lögunum. Vinni konan að eigin atvinnurekstri hjónanna, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut

hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. En hér fylgir böggull skammrifi, því að aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15 þús. kr. Þetta ákvæði í lögunum er óbreytt frá árinu 1960, þó að allt verðlag og kaupgjald hafi a. m. k. fjórfaldazt síðan. Árið 1958 var þetta lagaákvæði á þann veg, að frádráttarupphæðin mætti aldrei vera hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar. Persónufrádráttur einstaklings var þá 6500 kr. og því hámarksfrádráttur á árinu 1958 13 þús. kr. Persónufrádráttur til tekjuskatts fyrir einstakling er nú 134 þús. 400 kr. Á þessu sést, hversu fráleitt það er, að þessi frádráttarupphæð skuli öll þessi ár hafa staðið óbreytt þrátt fyrir það t. d., að kaupgjaldið hefur a. m. k. fjórfaldazt á þessu tímabili, eins og áður segir.

Síðan þetta frv. var lagt fram, hefur verið lagt fram hér stjfrv., sem felur í sér breytingu á þessu ákvæði laganna, þ. e. a. s. um þessa fyrri gr. Hins vegar nær sú lagfæring mun skemmra en við leggjum til, að gert verði, og er ekki í samræmi við þær verðlags- og kauplagsbreytingar, sem orðið hafa síðan þetta lagaákvæði var sett inn í lögin 1960. Okkar tillaga miðast við það, að þessi frádráttur sé hlutfallslega svipaður og hann var þá, en til þess þyrfti hann að vera a. m. k. 60 þús. kr. eins og tillaga okkar er, að hann verði. En stjfrv. er á þá leið, að þessi frádráttur yrði um 47 þús. kr. og var því í raun og veru gengið á hlut þeirra, sem eiga rétt á að fá þennan frádrátt, miðað við það, sem ætlazt var til 1960 og fyrir þann tíma.

Þegar hæstv. ríkisstj., sem enn situr, kom til valda, var það fyrirheit gefið að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Árið 1960 var lögunum um tekjuskatt og eignarskatt breytt af þessu tilefni. Ein breytingin, sem þá var gerð, var að afnema persónufrádrátt og þau ákvæði, sem voru í beinum tengslum við hann. Áður en þessi breyting var gerð, höfðu einstæðar mæður sama persónufrádrátt og hjón, ef þær höfðu heimili fyrir börn sín, og til viðbótar þessum frádrætti höfðu þær ½ af persónufrádrætti hvers barns eða ½ meira en aðrir. Í stað þess frádráttar, er einstæðar mæður höfðu haft, var sett inn í lögin 1960 nýtt ákvæði: „Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum 2000 kr. fyrir hvert barn.“ Þegar lögunum var breytt 1965, voru þessar upphæðir hækkaðar upp í 16 þús. kr. og 3200 kr. fyrir hvert barn. Þessi frádráttur er nú 26900 kr. og fyrir hvert barn 5380 kr. Persónufrádráttur til tekjuskatts er nú fyrir hjón 188200 kr., fyrir einstakling 134400 kr. og fyrir barn 26900 kr. Einstæðir foreldrar, sem eiga 2 börn, fá nú í aukafrádrátt kr. 37660 kr., en ef lagaákvæðin hefðu verið enn óbreytt, er giltu þegar núv. ríkisstj. kom til valda, þá hefði þessi frádráttur verið 71733 kr. En ef frv. þetta yrði að lögum, mundi hann verða 91460 kr.

Ef gift kona vinnur utan heimilis, má hún draga frá tekjum sínum 50%, áður en skattgjald er á þær lagt. Ef gift kona vinnur utan heimilis og hefur í árskaup 240 þús. kr., þá mundi hún fá í frádrátt 120 þús. kr. Ef hún missir manninn og heldur heimili fyrir 2 börn, mundi hún fá í frádrátt að óbreyttum lögum aðeins 37660 kr., þrátt fyrir þann aðstöðumun, sem orðið hefði. Hér er um svo mikið ranglæti að ræða, að löggjafinn getur tæpast verið þekktur fyrir að hafa þessi ákvæði lengur óbreytt.

Á það má benda, að einstæðir foreldrar verða að koma börnum sínum á barnaheimili eða fá handa þeim aðra gæzlu, á meðan þeir eru í vinnunni. Barnaheimili eru enn mjög af skornum skammti og geta því færri en vilja komið börnum sínum þangað, eins og hefur komið fram í blöðum nú síðustu vikurnar. Daggjald þar er nú 2200 kr. á mánuði. Einstaklingar, sem taka börn í gæzlu, taka um eða yfir 3 þús. kr. á mánuði fyrir barnið, og við þessar upphæðir bætist svo flutningsgjald til að koma börnunum til og frá þessum heimilum í flestöllum tilfellum. Sé aðstaða einstæðra foreldra athuguð miðað við aðra þjóðfélagsþegna, virðist því einsýnt, að sá frádráttur, sem lagt er til í þessu frv. að þeir fái, sé engin ofrausn af hendi þjóðfélagsins.

Í frv. því, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram hér í hv. þd. fyrir skömmu um breyt. á sömu lögum, er ekki lagt til, að þessu ákvæði, sem hér er til umr., verði breytt. Hins vegar kom hæstv. fjmrh. inn á þetta atriði laganna í ræðu sinni, þegar hann talaði fyrir stjfrv. og gat um það, að n. sú, er frv. samdi, hefði rætt um frádrátt einstæðra mæðra vegna frv., er var vísað til hæstv. ríkisstj. um það efni. Hæstv. ráðh. hafnaði ákvæðum þessa frv. á þeirri forsendu, að þar væri aðeins lagt til að auka frádrátt til einstæðra mæðra, en gengið fram hjá vanda einstæðra feðra og taldi, eins og rétt er, að aðstæður þeirra væru sízt betri en mæðranna. Það frv., sem hæstv. fjmrh. mun hafa átt hér við, var flutt árið 1969 af hv. þm. Pálma Jónssyni og Pétri Sigurðssyni.

En hefur löggjafinn lagt þennan vanda alltaf að jöfnu? Því verður að svara neitandi. Í lögum um almannatryggingar frá 1963 segir í 16. gr. með leyfi forseta:

„Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða örorkulífeyrisþegi“. Síðar í gr. segir: „Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans.“ Í 17. gr. þessara laga segir: „Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.“ Er hægt að fá annað út úr þessu en löggjafinn líti svo á, að það þurfi ekki að vera tilfinnanleg röskun á fjárhagslegri afkomu heimilisins, þó að húsfreyjan falli frá? Heimilisstörfin eru þá svona metin og það af ráðamönnum þjóðarinnar. Þetta er svo furðulegt, að yfir það ná engin orð. En er það ekki fyrst og fremst þessi mismunun, sem hefur valdið því, hvað orðið er nú áberandi, hvað heimilisstörf eru vanmetin hjá þjóðinni, en slíkt vanmat getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þjóðfélagið og því ber hv. Alþ. að grandskoða þessi mál, standa þannig að allri löggjöf, sem að einhverju leyti snertir þá þætti, sem varða heimilisstörfin, að engin hætta sé á,

að löggjafaratriði geti stuðlað að þessu vanmati. Engum heilskyggnum manni ætti að koma það til hugar, að fjárhagslegt áfall fyrir hvert heimili sé minna, þó að húsfreyjan falli frá en húsbóndinn, og skiptir þar engu um, þó að húsfreyjan hafi eingöngu unnið heimilisstörfin. Ég þekki t. d. mann, sem missti konuna frá þremur ungum börnum. Hann varð að taka ráðskonu og þessi maður hefur ekkert fengið frá almannatryggingunum nema það, sem hann áður fékk, þ. e. a. s. fjölskyldubætur. Þetta var sæmilega stæður maður, átti t. d. íbúð, þegar hann missti konuna, en nú safnar hann stöðugt skuldum. Hefði þessi maður fengið það sama úr tryggingunum og húsfreyja, er missir mann sinn, þá hefði hann fengið í barnalífeyri með þremur börnum á ári 71646 kr. og mæðralaun 51756 kr. eða samtals 123400 kr. Þó að þessi greiðsla hefði ekki staðið undir þeim kostnaði, er heimilishaldið kostar, þá hefði hann þó munað töluvert um þessa upphæð.

Er nú ekki kominn tími fyrir konurnar að láta þessi mál meira til sín taka og krefjast þess, að einstæðir feður njóti sama réttar og þær í þessu og öðru tilliti? Heimilisstörfin eru ekki síður mikilvæg fyrir þjóðfélagið en önnur störf, og því verður hér að ráða bót á án tafar. Frv. hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að skerða þann frádrátt, sem giftar konur hafa fengið, sem vinna utan heimilis. Þar er gert ráð fyrir, að þessi frádráttur geti aldrei orðið hærri en hálfur persónufrádráttur hjóna, sem þýðir það, að þær mundu nú fá í frádrátt allt að 94 þús. kr., ef frv. verður lögfest. En ef frv. okkar hv. 5. þm. Austf. yrði samþ., þá mundu einstæðir foreldrar með 2 börn fá svipaðan frádrátt eða 91 þús. 460 kr. Ég vona, að allir hv. alþm. verði mér sammála um það, að hér sé mál á ferðinni, sem ekki er hægt að komast hjá að lagfæra. Vonast ég því til, að frv. fái fljóta og jákvæða afgreiðslu.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins taka það fram, að eins og hann kom réttilega inn á, flutti ég á fyrra ári ásamt hv. 7. þm. Reykv. frv., sem fjallaði um skattafrádrátt einstæðra mæðra. Frv. þetta var skoðað í mþn., sem fjallaði um endurskoðun laga um tekju- og eignarskatt, og það er enn til athugunar hjá fjhn. þessarar hv. d. og þau mál, sem þetta snerta. Enn er of snemmt að segja, hvað verður ofan á í meðferð málsins, en þetta atriði, skattafrádráttur einstæðra mæðra og einstæðra feðra, er þar til athugunar og má vænta þess, að nokkur lagfæring komi í ljós, þegar n. skilar áliti.

Um fyrri lið þessa frv. er það að segja, að í frv. því til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt, sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., eru gerðar till. um verulegar breytingar á þessu efni til hagsbóta fyrir þær konur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sameiginlegan atvinnurekstur hjóna.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta að sinni fleiri orð, en ég vildi aðeins láta það koma hér fram, að þau atriði, sem um er fjallað í þessu frv., eru til athugunar hjá hv. fjhn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Eins og við vitum allir hv. þm., þá er svo ákveðið í skattalögum, að það megi draga frá helming af tekjum giftra kvenna. Ég hef ekkert út af fyrir sig um þetta að segja, en ég tel það fullkomið réttlætismál, að sama gildi um þær konur, sem misst hafa menn sína, þær fái að draga helming frá tekjum sínum, þegar til skattframtals kemur, og þess vegna get ég sagt það, að ég er að ýmsu leyti samþykkur þessu frv., sem hér er lagt fram. En hitt þykir mér næsta undarlegt, að þegar þessi hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. e., flytur hér mál á þingi, þá les hann frá orði til orðs það, sem stendur í frv. hans og grg., og reiknar með því, að við alþm. fylgjumst ekki með störfum Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Hefð.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um hefð, nr. 46 10. nóv. 1905 [209. mál] (þmfrv., A. 360).

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Sunnl. að flytja hér frv. um breytingu á lögum um hefð, sem eru orðin allgömul eða allt frá árinu 1905. Frv. þetta er ekki mikið að efni eða flókið og þarfnast ekki langrar framsögu. Það felur í sér þá breytingu eina á þessum lögum, að hefð verði eigi unnin á búpeningi. En eins og kunnugt er, þá getur í vissum tilvikum unnizt hefð á lausafjármunum eftir 10 ár, en á fasteignum eftir 20 ár samkv. þessum lögum. Í grg. frv. er að því vikið, að búfénaður sá, sem gengur laus í högum og afréttum, er í meginefnum markaður og helgast eigendum sínum í samræmi við það. Hefur svo verið frá ómunatíð, eða svo lengi sem heimildir geta um og a. m. k. frá því er Jónsbók tók gildi árið 1281.

Þá er einnig í grg. að því vikið, sem ókunnugir mundu ætla, að ekki væri algengt, að við skil á búpeningi verða stundum mistök. Það er algengast við skil á hrossum, enda þau ekki ævinlega jafnvandlega markskoðuð eins og tíðkast

um sauðfé. Það ber því nokkuð oft við, að bændur heimta skepnur sínar eftir nokkur ár, þótt þær séu með þeirra glöggu og réttu marki. Flm. telja óeðlilegt, þótt skepnur séu með þessum hætti í vörzlu eins og sama manns fullan hefðartíma lausafjár, að unnizt geti á þeim hefð. Þar með er stefnt að því að greina á milli lifandi penings og dauðra hluta. Flm. álíta, að mark eigi að helga eiganda sínum búfé, enda þótt einstakar skepnur hafi verið í vörzlu annars manns í fullan hefðartíma eða hvað lengi sem um er að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frv. mörg orð. Eftir því sem mér er kunnugt og okkur báðum flm., sem erum bændur og allmjög kunnugir viðhorfum bænda, a. m. k. í okkar byggðarlögum, þá eru slík ákvæði í lögum talin óeðlileg, og stefnum við að því, að þau verði á brott numin og lögunum breytt í samræmi við það, sem frv. greinir frá.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að þetta frv. er til orðið vegna máls, sem ég þurfti að hefja, enda sagði hv. 4. þm. Norðurl. v. mér, að hann hefði geymt að leggja frv. fram þangað til málið var útkljáð, og samkv. því hefði þetta frv. aldrei verið lagt fram, ef ég hefði tapað málinu. Annars er við þetta frv. að athuga, að það er frekar klaufalega samið. Það á að bæta við 1. gr. laganna: „Hefð verður þó eigi unnin á búpeningi. Lög þessi öðlast þegar gildi.“ En nú er tvisvar a. m. k. talað um, að hefð gildi á lausafé, og svo á allt í einu að bæta við í frv. „hefð verður þó eigi unnin á búpeningi,“ þannig að í sömu greininni á að segja hvort tveggja, að hefð gildi á búpeningi og að hefð gildi ekki á búpeningi.

Nú hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð sagt mér, að hann hafi vitað um þetta frv. Satt að segja hélt ég í fyrstu, að Eyjólfur Konráð hefði samið frv. En mér þykir þeir vera þunnir, sem útskrifast úr lagadeildinni, ef þeir geta ekki gengið betur frá samningu frv. Satt að segja er hálfgert til skammar fyrir þm. að flytja frv. sem þetta, það þarf að semja upp greinina, þar sem var talað um, að hefð gilti um lausafé. En að bæta þessu við yrði alger endurtekning. Það er ekki hægt fyrir mann, sem er útskrifaður frá Háskóla Íslands í lögum að standa á bak við svona vitleysu.

Ef þessir frændur mínir hefðu komið til mín og beðið mig að gera þetta, þó að ég sé nú ekki löglærður, þá hefði ég gert þetta sómasamlega. Þeir létu nú ekki svo lítið. Það er víst engin hætta á, að þetta frv. verði að lögum, enda hefur mér skilizt á flokksmönnum þessa hv. flm., — ég ætla nú ekkert að deila á flokksbróður minn, því að hann hefur verið narraður í þetta — að þeir muni ekki hafa verið hrifnir af flutningi þessa frv., og hafi ráðið flm. til þess að koma ekki með þetta. Annars er þetta skemmtilegt mál og þjóðin hefur haft ánægju án mikils kostnaðar af þessu hryssumáli.

Þegar þetta mál var dæmt í Hæstarétti, var dóminum skilað um það leyti, sem lokað var, kl. 5. Hann sagði mér, hæstaréttarritari, að það hefðu dunið hringingarnar allt kvöldið að spyrja og spyrja. Ég var hringdur upp og það var þá fréttaritari frá Mogganum og hann fór að spyrja mig, hvað ég vissi. Ég vissi ekki neitt, því að ég hafði ekki fengið dóminn. Ég vissi hins vegar, að ég mundi vinna þetta mál. Fréttaritarinn birti þetta hlutlaust í Mogganum. En svo var komið annað hljóð í strokkinn daginn eftir. Þá kom mynd af Skjónu og smáillkvittni neðan við. Ég sá, að frændi minn, Eyjólfur, mundi vera búinn að stinga penna niður. Og svo skeði einnig þetta kvöld, að það var hringt beint í hæstaréttardómara. Og hæstaréttarritari sagði mér, að það hefði aldrei komið fyrir fyrr, að hæstaréttardómarar væru ónáðaðir af kvöldinu, þannig að hér virðist eigi vera um smámál að ræða.

Það lá alltaf grunur á, að þessir þm. stæðu eitthvað á bak við þann félagsskap, sem stóð að þessu hryssumáli, því að þetta var smáfélag fyrir norðan. Svo hafa þeir verið að smáskríða út úr skugganum. En svo hlaupa þessir herrar illilega á sig að fara að koma með þetta frv., eins vitlaust og það er, því að þar með koma þeir því upp um sig, að þeir hafi alltaf staðið á bak við þetta mál, alltaf staðið á bak við þetta þokkamál. Og þeir losna aldrei við það, þeir bera þetta í frakkavösunum alla tíð, svo að það eru ekki undur, þó að þeir væru áhugasamir. Þetta er heimska, og satt að segja hélt ég, að Eyjólfur Konráð væri ekki svona mikill ættleri, því að ekki mundi gamli Meingrundar-Eyjólfur hafa hlaupið svona á sig. En það fer ekki öllu fram. Ég hefði gefið þeim mörg heilræði, ef þeir hefðu leitað til mín í þessu máli, a. m. k. haft frv. þannig, að það væri ekki til skammar að flytja það.

Viðvíkjandi þessu hryssumáli, úr því að farið er að koma með það inn í þingið, sem vafalaust er nú til að auglýsa málið, þá skal ég gera þeim þá ánægju að ræða það lítillega, því vilji menn rassskella sjálfa sig, þá er sjálfsagt að lofa þeim það — annars ætlaði ég ekki að ræða þetta mál meira. Þó skal ég minnast á örfáa punkta í þessu máli. Annars er nú búið að skýra þetta mál vel.

Hryssan var misdregin 1967 og ég vissi ekkert um það fyrr en mánuði síðar. Þá voru þeir að undirbúa málið. Satt að segja hélt ég, að hryssan hefði verið dregin í mín hross, en það var ekki. Það var skemmt mark á hryssunni, eins og oft kemur fyrir. Ég hygg, að á stóðhrossum detti oftast ofan af fjöðrum, a. m. k. eins oft, og ef illa er markað í byrjun, þá geta mörk aflagazt. Þetta vita allir menn, sem hafa eitthvað fengizt við hross. Og þetta er ekkert nýtt. Ég hef oft fengizt við að rétta stóð og oft verið réttarstjóri. Það var alltaf tekið gilt, ef menn þekktu fullorðin hross og tveir menn báru það, meira að segja ómörkuð hross eru afhent, ef einhverjir tveir menn þekkja þau, og aldrei hafa orðið deilur neinar úr þessu. En þarna var einhver Meingrundarstefna komin í hlutina, þannig að það gilti ekki, þó ég kæmi með nóg vitni. Satt að segja ætlaði ég aldrei í mál og bað um innsetningargerð og talaði um það við sýslumanninn að koma vitinu fyrir þá, sem höfðu hryss-

una. En annaðhvort vildi hann það ekki eða a. m. k. var það ekki gert. Satt að segja er Jón í Öxl bezt viti borinn af þeim, sem stóðu bak við þetta mál, því að í því eina skjali, sem hann samdi sjálfur, segir hann ekkert um það, hvort hann eigi hrossið eða ekki, og Jón hefur *aldrei sagt, að hann ætti hrossið, heldur hefur* hann þumbazt við að afhenda það. Og í öðru lagi hafði hann vit á að þegja yfir því, að það fannst dautt tryppi á því svæði, þar sem Jóns hross áttu að vera árið 1951. Málaflutningsmaður hans skýrði frá þessu. Jón var búinn að segja mér, að hrossið hefði fundizt framan við Sauðadal árið 1951, en hann sagði það ekki í sinni grg., þannig að ég gat ekki sannað það. Þá *hjálpaði upp á sakirnar Halldór nokkur á* Leysingjastöðum og skýrði rækilega frá þessu. Við vitnaleiðslur lýsti Jón því yfir, að skjótt tryppi hefði fundizt dautt frammi á Sauðadal árið 1951. Það vildi svo vel til, að ég gat sannað það, að mín meri var ekki fædd fyrr en 1952. Sýslumaður Húnavatnssýslu sagði, að það hefðu orðið skipti í réttunum á tryppum, en ég átti bara ekkert skjótt tryppi þá, því að þessi hryssa, *sem um er deilt, er fyrsta brúnskjótta hryssan,* sem ég hef eignazt í mínum búskap, og ég leiddi vitni að hvoru tveggja, þannig að það var útilokað, að það hefðu getað orðið skipti. Tryppi Jóns fannst frammi á Sauðadal 1951, það er hér í skjölum hjá mér og get ég lofað hv. flm. að sjá það, fyrst hann er að hafa fyrir því að koma með heilt frv. út af þessu, — það er velkomið að lofa honum að sjá það. Það er ómögulegt, að verði skipti á dauðu hrossi og ófæddu hrossi, það getur ekki átt sér stað. Þetta vissu hinir virðulegu dómarar, sem dæmdu í málinu, að þetta gat ekki átt sér stað, þó að Ísberg sýslumaður ályktaði þannig. Það út af fyrir sig sannaði algerlega, að Jón í Öxl gat ekki átt þessa meri.

Fjögur vitni bera það, að ég hafi alltaf átt þessa hryssu. Þrjú eru nágrannar mínir. Elzti krakkinn minn þekkti hana alltaf síðan hún var folald og ég lét þessa dóttur mína segja frá því nákvæmlega eins og hún sagði mér það, því að það var svo vel sagt hjá henni. Og svo þekkti vetrarmaðurinn, sem var þá hjá mér, og bar það, að hryssan hefði verið folald 1952—53, ég hef hér eiginhandar yfirlýsingu frá vetrarmanni mínum. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann vefengja hann. Nú vil ég lofa hv. flm. að heyra það:

„Ég undirritaður lýsi hér með yfir, eftir að hafa séð brúnskjóttu hryssuna, sem þeir deila um, Björn Pálsson og Jón í Öxl, að ég álít það vera sömu hryssuna og var folald á Ytri-Löngumýri veturinn 1952—1953, en þennan vetur var ég vetrarmaður hjá Birni Pálssyni."

Þessa yfirlýsingu vildi hann ekki gefa mér fyrr en hann var búinn að sjá hryssuna. Hann var að byggja hús á bæ, þar sem hryssan var í haust, og sá hana þá hvað eftir annað. Ég hygg, að það vefengi enginn þennan mann. Staðreyndin er því sú, að þarna átti að fremja heldur óþrifaverk, álykta, að það hefðu orðið skipti á dauðu hrossi og ófæddu hrossi, vafalaust mér til ófrægingar. Annars er mörgum ekki grunlaust um, að frændi minn, Eyjólfur Konráð, hafi ætlað að ríða þeirri skjóttu til þings á n.k. sumri. Út af fyrir sig hefði ég ekkert verið á móti því að gera honum einhvern greiða með hrosslán, en ég vildi þá láta fara öðruvisi að því en þetta. Vera má, að þeir hafi ætlað að *tvímenna á henni, Pálmi og hann,* einhvern veginn í félagi, og ég skil vel, að þeir séu sárir yfir því að hafa dottið af hryssunni.

Ég get lesið mörg fleiri vottorð, en ég vil ekki vera að tefja umr. á því, þar sem þeir vitna, að ég hafi alltaf átt þetta hross. En hins vegar vil ég nú ekki ganga fram hjá því að koma með sannanirnar, sem þeir þykjast hafa, og þá er það aðeins markið, því að það er einskis vert, *sem Halldór á Leysingjastöðum* fullyrðir viðvíkjandi þessari hryssu og aðrir, sem aldrei hafa séð hana. Það er rétt að taka það fram, bændum í Sveinsstaðahreppi til heiðurs, að þeir sögðu ekki annað en satt í þessu máli og enginn vitnaði það, að Jón ætti þetta hross, sem um er talað, heldur að Jón hefði átt skjótt tryppi í kringum 1950. Það var öll vitnaleiðslan. En Halldór á Leysingjastöðum sá aldrei þetta brún*skjótta tryppi Jóns í Öxl* og ekki heldur Pálmi á Akri, þannig að þegar þeir eru að tala um þetta, þá vita þeir ekkert, hvað þeir eru að segja. En aðalatriðið er þetta, að ég hef sannað með vitnum, að ég hef alltaf átt þetta hross og þetta eru alls 5 vitni, fleiri þekkja ekki mín hross. Það eru nágrannar mínir, sem þekkja þau og það eins vel og ég, þó að ég sé glöggur, og ég sannaði líka, hvenær þessi hryssa var folald og gekk þá með móður sinni — enda víkja dómararnir ekki að því, að Jón í Öxl geti átt þessa hryssu. Hitt er svo annað mál, að markið var skemmt og þess vegna var ekki auðvelt að dæma mér hana skilyrðislaust eftir markinu. En nú er alveg sjálfsagt að lofa ykkur að heyra marklýsingarnar, því að það er eiginlega merkilegasti hlutinn í öllu málinu, þessar snilldar marklýsingar.

Marklýsingin fyrri, sem Jón Ísberg framkvæmdi og skrifaði fyrstur manna undir og ég ætla, að hann hafi samið sjálfur, og hann var mér ekkert sérstaklega vilhallur í þessu máli, hljóðar svo, það er deilt um vinstra eyrað, hvort þar er vaglskora eða fjöður: „Aftan vinstra er vaglskora nú," takið eftir, aftan vinstra er vaglskora nú „og ber markið ekki þess merki, að fjöður hafi kalið eða markið skemmzt af mývargi." Það er sem sagt fullyrt, að það er vaglskora nú, það er nú auðvitað óþarfi með núið, og það ber ekki þess merki, að það hafi kalið eða skemmzt af mývargi. Svo bætir hann við: „Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um, hvort fjöður hafi kalið eða ekki." Þarna er maðurinn tvísaga, algerlega. Það er, að fjöður hafi verið mörkuð en skemmzt, en eins og markið er nú, er það vaglskora. Í forsendunum fyrir úrskurði sínum talar Jón Ísberg bara um fyrri hlutann, en ekki um síðari hlutann. Það eru lærðir menn, sem skrifa undir þetta, ég held, að það hafi verið þrír háskólaborgarar, og í 4 línum eru mennirnir tvísaga. Þeir segja fyrst, að það beri ekki þess merki, að það hafi kalið. Hins vegar sé ekki hægt að fullyrða um, hvort

fjöður hafi kalið eða skemmzt. Með þessu er ekkert sagt. Það er ekkert fullyrt um það, þannig að þetta mark getur ekki ráðið neinum úrslitum. Nágrannar mínir skoðuðu einnig hryssuna. Ég bað þá að fara og skoða hryssuna, skoða markið, og þeir þekktu líka hrossið, svo að ég bað þá að athuga þetta og þeir lýsa því þannig: „Blaðstýft framan og líkast fjöður aftan vinstra.“ Blaðstýfinguna er enginn ágreiningur um, og líkast fjöður aftan vinstra. „Þess má geta, að ef fingri er strokið niður hægra eyra aftanvert, verður maður var við missmíði á eyranu. Um undirben á vinstra eyra gegnir því máli, að glögglega finnst fyrir broddi fremst á undirbeninni neðanvert. Við höfum aldrei séð vaglskoru á hrossi með þessu lagi, en hins vegar skemmdar fjaðrir.“ M. ö. o.: þeir votta, að þarna sé um skemmda fjöður að ræða. Enn fremur segja þeir: „Álit okkar er, að Björn Pálsson eigi hryssu þessa.“

Annar þessara manna hefur skoðað mörk ævinlega í stóðdrætti í minni sveit. M. ö. o.: Þeir bera, að þarna sé um skemmda fjöður að ræða, en hitt vottorðið, sem er nú eiginlega það eina, sem verulega er að marka, af dómkvöddum mönnum skulum við segja, þeir segja, að það geti vel verið skemmd fjöður, þannig að þarna er ekkert til þess að byggja örugglega á, að Jón í Öxl eigi hrossið. En þá er e. t. v. eftir það, sem er þýðingarmest og þeir byggja aðallega sína kröfu á. Það er síðari markskoðunin hjá sýslumanninum á Hólmavík. Ég lét þess getið við lögfræðinginn minn, að ég óskaði ekkert eftir frekari markskoðun, því að ég tók það fram, að það væri það langur tími liðinn á milli, að það væri vel hægt að breyta markinu, þannig að ég gerði ekkert með seinni markskoðunina. Í raun og veru ber þeim saman, nágrönnum mínum og Jóni Ísberg. Þeir verða raunar tvísaga, þeir síðarnefndu, en það kemur glöggt í ljós, að þeir fullyrða ekkert um, að það sé vaglskora. Það kemur glöggt fram veilan í því. Þeir, sem skoðuðu markið í seinna skiptið, virðast hafa verið mjög glöggir.

Hér er lýsingin: „Eyrun voru klippt og rökuð, þar sem vafi lék á marki. Hægra eyra er alheilt. Á vinstra eyra er markið blaðstýft framan, vaglskora aftan. Vaglskoran er frekar grunn, en ör er í framlengingu af þverskurði.“ Þetta er dálítið ólík marklýsing. Það er komið ör í framlengingu af þverskurði. Og nú er ekkert um, að það sé vaglskora. Nú er það alveg glöggt. „Tennur voru skoðaðar. Stjarnan í öllum framtönnum er orðin hringlaga og tennur mjög framstæðar. Slitflötur tannanna er orðinn jafnarma, þ. e. styttra bil er frá hlið til hliðar en framan frá. Bendir það til, að hryssan sé 17—20 vetra gömul.“ Þetta er að því leyti eftirtektarverð lýsing, að þetta kemur allt heim við það, sem ég segi. Það í raun og veru sannar allt, að ég eigi hryssuna. Takið eftir, þeir segja, að vaglskoran sé frekar grunn, það bendir eindregið til, að það hafi verið fjöður, því að vaglskoran er tekin dýpra inn og stærra mark yfirleitt. Fjöðrin hefur verið lítil, og broddurinn dottið af, en þegar þeir hafa sérstaklega orð á því, að vaglskoran sé grunn, þá bendir það til þess, að það sé skemmd fjöður. Aldur stemmir við mína hryssu, en eigi Jóns. Svo er ör í framlengingu á þverskurði, sem ekki var áður. Nú eru sumir, sem halda því fram, að örið sé síðan hryssan var folald og hnífurinn hafi gengið þarna inn. Ég hef oft skurslað mig og hefur aldrei verið 17 ár að gróa. Ég vildi því stinga upp á því við flm., að hann gerði skinnsprettu í eyrað á Halldóri á Leysingjastöðum og Eyjólfi Konráð og vita, hvort það verður 17 ár að gróa. Ef þeir eru grónir á 17 árum, þá er óliklegt, að það hafi ekki einhver verið að fikta með hnif við eyrað á merinni einhvern tíma eftir að hún var folald. Auðvitað veit ég ekkert annað en þetta, — en því er marklýsingin ekki eins og hin? Ekki var ég við þessa marklýsingu. Þetta er bara önnur marklýsing. Það var nefnilega skemmtilegra fyrir þessa virðulegu flm., að þetta væri ekki lesið upp. Nú kemur hryssan heim til mín og ég ætla að fá nágranna mína til þess að líta á eyrað, hvort markið er nokkuð breytt frá því að þeir skoðuðu það.

Satt að segja þarf ég ekkert að verja. Það er búið að kveða upp dóm. Mér fannst rétt að skýra þessa punkta, úr því að þessir herrar voru að fikta við að koma með þetta frv. Raunar er þetta árás á dómstólana en ekki mig, því að ekki hef ég ráðið neitt um, hvaða dómar voru kveðnir upp. En það var sjálfsagt, úr því að þá langar til þess að flengja sjálfa sig, að benda þeim á þessi atriði. Það er m. ö. o. útilokað, að það geti hafa orðið hrossaskipti, því að meri Jóns var dauð ári áður en mín fæddist og marklýsingin er nú ekki sterkari en þetta. Og þeir geta athugað vísindalega um örið, hvort það tekur 17 ár, ef það kemur skinnspretta, að gróa. Það geta þeir gert á sjálfum sér, því að ég trúi eðlilega að þeir geti bezt gætt eigin eyrna, en ég fullyrði sem sagt ekkert um það. En mín reynsla er sú, að ef maður markar lamb að vorinu, þá sé það allt gróið að haustinu, og á hrossum grær þó fyrr heldur en á kindum, það er algengt t. d. með göt á eyra á hrossi, þegar markað er gat eins og stundum er gert, að þau brjóskfyllast. Það hefur oft komið fyrir hjá mér, að fjaðrir hafa gróið. Ég hef orðið að laga bita eftir hálfan mánuð á lambi. Ef það er tekið lítið inn í brjóskið, þá jafnar þetta sig undir eins.

Ég hafði ekki ætlað mér að vera neitt að ræða þetta mál meira. En ef þessir menn hafa ánægju af að gera sig að undri, þá er þeim ekki of gott að koma með þetta, því að það er meira en að efnislega séð sé frv. tóm vitleysa. Auðvitað dettur þinginu ekki í hug að vera að gera sig hlægilegt með því að samþykkja þetta. Það er svo fáránlega og bjánalega samið, að það er þeim til skammar, sem koma með það, og alveg furða, að lögfræðingur skuli standa á bak við flutning á svona bjánalegu frv.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég er eiginlega hálfhissa á því, að hv. þm. Björn Pálsson skuli fara að rifja upp þetta Skjónumál hér í þingsölum, því að jafnvel þó að þetta frv. hafi nú verið flutt, þá er það í raun og veru afskaplega eðlilegt, að það skuli vera flutt, og það er

eiginlega furðulegt, að þetta gat skuli hafa verið í þessum lögum allan þennan tíma eða hátt í það í 70 ár. Og ég hefði nú talið það sæmra Birni á Löngumýri, að hann hefði borið þetta frv. fram sjálfur í þinginu. Annars ætla ég ekki að fara að ræða þetta mál hér, en það er æðioft, þegar hann er að tala um frændur sína, — hann nefndi raunar ekki mig að þessu sinni, — að þá á hann við mig og Eyjólf Konráð og Pálma á Akri, og er honum náttúrlega ekki til skammar að eiga okkur að frændum sínum. Og ég vil segja, að okkur er það í sjálfu sér ekki til skammar að eiga hann að frænda, ef hann kynni þá mannasiði, eins og ég nefndi nú áðan, að bera fram sjálfur þetta frv. eftir það, sem gerzt hefur í þessum málum.

Sem sagt, það eina, sem ég kem hér upp til þess að segja, er það, að það er ekki runnið frá neinum okkar þessara þriggja manna, að þetta Skjónumál fór af stað. Að vísu er ég ekki vanur því að bera blak af mér, þó að það sé eitthvað sagt um mig, þegar ég veit, að ég á enga sök í málinu. Það er ekki venja mín, læt það lönd og leið. En mér þykir það furðulegt, þegar Björn á Löngumýri er að lesa hér upp markadóma, en honum verður ekki tíðrætt um það, að það vantar bitann á hægra eyrað á merinni, gjörsamlega vantar. Auðvitað hefur maður eins og Björn á Löngumýri vel getað gleymt því að marka bitann á eyrað. Hann er alveg viss með það. Ég man ekki, hvort bitinn er að framan eða aftan hjá honum, en hann er það, annaðhvort hjá honum eða frændum hans á Guðlaugsstöðum, það er biti framan og biti aftan á víxl á þeim bæjum. Svo er hann að gefa það í skyn, að það hafi verið krassað í eyrun á merinni, eftir að hún var komin vestur í Þing. Hvað er hann að fara, þessi maður? Er hann að væna menn um það þar, að þeir hafi verið að marka upp merina til þess að sanna á hann einhver afglöp? Ég hélt nú satt að segja, að það þyrfti ekki að sanna nein afglöp upp á Björn á Löngumýri í sambandi við slík mál, því að hann er viðurkenndur trassi í þessum málum í öllu Húnaþingi.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég varð satt að segja nokkuð undrandi á ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Meginhluti hennar snerti í rauninni alls ekki það frv., sem hér er flutt, heldur var eins konar upplestur og túlkun hans á einstökum gögnum í hinu svokallaða Skjónumáli. Um þann hluta af ræðu hans ætla ég ekki að hafa nein orð önnur en þau, að mig undraði það þó mest, að hann skyldi koma með hálfgildings aðdróttanir hér í þingsölum um það, að marki merarinnar Skjónu, sem fræg er orðin um land allt, hefði verið breytt, eftir að hún kom úr hans umsjá. Læt ég það nægja.

Hann byrjaði sína ræðu á því að gera mér gersamlega upp orð. Hvergi í minni framsöguræðu minntist ég á Skjónumálið eða það, að ég hefði beðið með að flytja þetta frv. þangað til dómur væri í því fallinn. Hitt er svo aftur annað mál, að sá dómur Hæstaréttar er túlkun á þeim lagaákvæðum, sem frv. fjallar um.

Í annan stað minntist hann á það, að frv. þetta væri ruglingslega og vitleysislega samið. Það væri margtekið fram í þessum lögum, að hefð gæti unnizt á búpeningi og svo ætti að skjóta þarna inn á einum stað, að það skyldi ekki gerast, og furðaði hann sig mjög á því, að svo vitlaust frv. sem þetta skyldi lagt fram á Alþ. Með tilliti til þessara orða hv. þm., þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa 1. gr. laganna, sem í frv. er gerð till. um breytingar á. Fyrsta gr. er svo hljóðandi:

„Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.“ Við bætist, sbr. frv. okkar hv. 2. þm. Sunnl.: „Hefð verður þó eigi unnin á búpeningi.“

Það er hvergi í lögunum minnzt á búpening. Það er minnzt á hluti, hvort sem um er að ræða lausafé eða fasteignir. Og hingað til hefur það ekki verið skilið svo samkv. þeirri málvenju, sem ég þekki, að búpeningur væri hlutir. En það hefur nú samt verið þannig túlkað af Hæstarétti, að búfé falli undir þessa gr. laga, að það geti unnizt á hefð og í og með þess vegna er þetta frv. flutt, til þess að slíkir dómar, ef frv. verður að lögum, verði eigi kveðnir upp aftur.

Mér þykir það nú verra, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli hafa horfið úr þingsalnum, en þá var hann með vangaveltur um það, að þetta frv. væri samið af hv. 10. landsk. þm., Eyjólfi Konráð Jónssyni, og skal ég nú ekkert vera að svara því. En ég hygg, að hvorugur okkar hv. þm. Ágústs Þorvaldssonar þurfi á aðstoð að halda við að semja frv. sem þetta, og ætla ég ekkert að segja um það frekar, en ég hygg, að það sé óþarfi að ætla frv. annað faðerni en það, sem fram kemur í þskj.

Annað var það nú eiginlega ekki, sem mér fannst máli skipta, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Hitt er svo aftur annað mál, að hann má gjarnan mín vegna eyða tíma hv. Alþ. — fari það ekki þó fram úr hófi — í það að rekja málsgögn hins svokallaða Skjónumáls. Það mál er úr sögunni. Hv. þm. á Skjónu samkv. dómi Hæstaréttar, því verður ekki breytt og það hefur áreiðanlega enginn haft tilhneigingu til þess af þeim, sem hér eru inni, að hafa áhrif á gang Skjónumálsins, meðan það var til meðferðar. Ég held einnig, að það hafi heldur litla þýðingu fyrir afgreiðslu þessa frv., þó að hv. þm. lesi hér upp markadóma og önnur málsskjöl Skjónumálsins og túlkanir sínar á því efni.

Ég veit þó, að hann sagði eitt satt í sinni ræðu, og það var það, að ég hef aldrei svo ég viti til séð þetta fræga hross og engin afskipti af því haft.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hefur fokið í vin minn og frænda, hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason. Ég var alls ekki að dróttа því að honum, að hann hefði átt nokkurn þátt í þessu Skjónumáli, en hann finnur til með sínum, það er ekkert óeðlilegt. Ég ætlaði hinum þm. það ekki heldur, en mér virðist þessi frv.-flutningur þeirra benda til þess, að þeim hafi verið þetta eitthvað afar viðkvæmt eða staðið

eitthvað á bak við, og ég hygg, að fleirum en mér detti það í hug. Og satt að segja er ekki alveg laust við, að þetta mál hafi verið ofurlítið pólitískt rekið heima í héraði.

Viðvíkjandi því, að frv. sé dálítið klaufalegt eins og það er, þá held ég, að það sé alveg glöggt. Fyrri hluti laganna hljóðar svo:

„Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.“

Búpeningur tilheyrir lausafé. Það er alltaf í öllum fornritum t. d., þegar talað er um lausafé, að það er búpeningur, og þannig ef lausafé á að standa, það er ekki ráðgert að fella neitt niður, þá verður það dálítið skothent. Og svo er þetta endurtekið víðar: „Skilyrði fyrir hefð er 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.“ Það er ekkert minnzt á að fella þetta niður. „Nú hefur maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna,“ þannig að það þýðir það, að það er ekki hægt að vinna hefð, nema það sé rétt fengið. Það er ekki hægt að vinna hefð, nema það sé réttilega fengið. Við getum bara tekið land, það hafi gleymzt að gera kaupsamning eða þinglýsa landi, eins og getur viljað til, þá getur hefð ráðið úrslitum. Lögin eru tekin upp úr dönskum lögum og eru þrauthugsuð. Það er því tóm vitleysa úr hv. 2. þm. Norðurl. v., að mér bæri sérstaklega að fara að skipta mér af þessu. Hitt er annað mál, að það skipti engu, þó að engin hefðarlög hefðu verið til, ég hefði unnið þetta mál. Ég hafði alveg nægileg vitni, að ég hefði alltaf átt þetta hross, þannig að þau hafa ekki komið mér að neinu gagni, þessi lög.

Viðvíkjandi bitanum, sem séra Gunnar var að tala um, þá gat ég um það óbeint, þegar ég var að tala um það, að nágranna mínum hefðu fundizt vera missmíði á eyranu að aftan, þegar strokið var laust niður fingri. En það kom málinu ekki við viðvíkjandi deilu okkar Jóns í Öxl. Það var aðeins vaglskora og fjöður, sem þar réðu úrslitum. En markið var skemmt á hryssunni, ég hef aldrei borið neitt á móti því.

Það skiptir mig engu máli, hvort frv. er samþ. eða ekki. Það er eins og hver önnur vitleysa. Menn eru að hlaupa þarna með lagabreytingu inn í þrauthugsuð lög. Sendið frv. til umsagnar lögfræðinga og vitið hvað þeir segja. Þeir undrast þessa vitleysu. Það hefði enginn verið að orða þá við þetta mál, þessa þm. úr Norðurl. v., ef þeir hefðu ekki sjálfir gefið tilefni til þess með þessum tillöguflutningi sínum. Og þó að hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði ekki beint um skjóttu hryssuna, þá vissu allir, hvað bak við lá. Þetta gerir hann í samræmi við sálufélaga sína fyrir norðan, sem hafa staðið að þessu hryssumáli.

Viðvíkjandi trassamennsku minni, þá hefur þetta nú allt saman flotið hjá mér, nokkurn veginn, þessi búskapur, — ég er náttúrlega ekki alltaf hlaupandi á eftir hverri einstakri skepnu, það hefði þá ekki gengið vel hjá mér búskapurinn. En að ég sé meiri trassi en aðrir, því læt ég ósvarað, a. m. k. slepp ég nokkurn veginn skaðlaus af þeim trassaskap.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. í sambandi við hugtakið lausafjármuni. Hv. 3. þm. Norðurl. v. virtist halda eftir ræðu hans að dæma, að lausafjármunir væru búfé og annað ekki. Lausafjármunir eru allir lausir munir, þar með búfé. Ef nú bætist við 1. gr. laganna: Hefð verður þó eigi unnin á búpeningi, þá þýðir það, að hefð má vinna á lausafjármunum öðrum en búpeningi. Þetta held ég, að jafnskýr maður eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. ætti að skilja.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 70., 71., 75. og 87. fundi í Nd., 26. og 29. marz og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 670).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

66. Orlof húsmæðra (frv. ÞÞ og ÁÞ).

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 9. júní 1960, um orlof húsmæðra [221. mál] (þmfrv., A. 400).

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Lögin um orlof húsmæðra voru sett á Alþ. 1960, og var þá höfð til hliðsjónar erlend löggjöf um þessi mál, sérstaklega á Norðurlöndum, en þar hafði sá háttur verið tekinn upp, að sérstakar ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að greiða fyrir því, að húsmæður gætu tekið orlof eða fengið orlof. Samkvæmt lögunum frá 1960 um orlof húsmæðra eru kjörnar sérstakar orlofsnefndir af héraðssambandi kvenfélaga í hinum einstöku félögum, og er verkefni þeirra að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga og svo önnur verkefni í því sambandi. Til þess að veita orlofsnefndunum starfsaðstöðu var ákveðin sérstök tekjuöflun í lögunum, aðaltekjur orlofssjóðs, sem átti að veita framlög í þessu skyni. Aðaltekjur hans samkv. lögunum, er árlegt framlag ríkissjóðs, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu, enn fremur framlög frá bæjar- og sveitarfélögum á hinum einstöku stöðum og svo framlög frá kvenfélögum og kvenfélagasamböndum. Þetta hefur verið framkvæmt þannig af hálfu Alþ., að venjulega hefur verið veitt framlag í orlofssjóð, sem svarar til þess lágmarks, sem gert er ráð fyrir í lögunum, sem ætti að vera nú í kringum 400—450 þús. kr., en við afgreiðslu síðustu fjárlaga eða núgildandi fjárlaga er þetta nokkuð hækkað,

þannig að framlag ríkisins í ár verður 1 millj. kr. En þrátt fyrir það, að ríkið hafi ekki lagt meira fram í þennan sjóð en ég hef nú greint frá, þá hefur starfsemi orlofsnefndanna víða orðið veruleg, þannig að þær hafa efnt til ferðalaga og orlofa fyrir húsmæður á hinum ýmsu stöðum, og yfirleitt hefur þessi starfsemi hlotið mjög góða dóma þeirra, sem hafa notið hennar. Og það má geta um það í þessu sambandi, að í nágrannalöndum okkar er orðið nokkuð algengt, að húsmæður, sem fara sameiginlega í slíkar orlofsferðir, fari til annarra landa, t. d. suðlægra landa. Það viðgengst orðið í nokkuð stórum stíl, bæði í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, og ég veit það, að t. d. á Mallorka hafa gistihús tekið upp þá siðvenju, til þess að greiða fyrir slíkum ferðalögum, að veita ókeypis ákveðið hótelpláss allmörgum konum í tiltekinn tíma og hefur það gerzt í framhaldi af þessu, — ég hygg, að það hafi verið fyrir forgöngu ferðaskrifstofunnar Sunnu, — að hótel þar hafa boðið 30 íslenzkum konum ókeypis hálfsmánaðardvöl, ef þær kosta ferðalagið sjálfar. Í hitteðfyrra munu konur í Hafnarfirði hafa notfært sér þetta boð, á s. l. ári í Skagafirði og mér skilst, að það séu konur á Akranesi, sem munu njóta þessara hlunninda í ár eða hafa forgangsrétt að fara í slíka ferð. Og það væri áreiðanlega hægt, ef fjármagn orlofssjóðs ykist að ráði, að styrkja ferðalög eins og þessi, sem eru tiltölulega ódýr og ættu að vera flestum húsmæðrum viðráðanleg, þó að efnalitlar séu, ef það fengist til þess nokkur styrkur úr orlofssjóði. En hingað til er það svo, þegar þessar ferðir eru undanteknar, að orlofsdvalirnar hafa verið hér innanlands. Ég held, að það sé svo augljóst mál, að um það þurfi ekki að ræða hér, að fáir eða engir þjóðfélagsþegnar hafi meiri þörf fyrir orlof en húsmæður. En aðstaða margra er örðug til að njóta þess, nema þá að það komi einhver sérstök fyrirgreiðsla til, eins og sú, sem þetta frv. fjallar um.

Það, sem lagt er til í þessu frv., er í stuttu máli það, að í staðinn fyrir að lágmarksframlag ríkisins í orlofssjóð sé 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu verði þetta hækkað upp í 100 kr., og ég held, að það geti enginn sagt, að þar sé um mikið fjármagn eða háan styrk að ræða. Ég vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í deildinni og fljóta afgreiðslu, þó að ekki sé orðinn langur tími eftir af þinghaldinu, eða það sem ráðgert er, og ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

67. Orlof húsmæðra (frv. Jónas Á og GeirG).

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 9. júní 1960, um orlof húsmæðra [225. mál] (þmfrv., A. 412).

Á 55. og 56. fundi í Nd., 3. og 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Eflaust hafa hv. þm. fleiri en ég fundið það, þegar þeir koma í heimsókn í dvalarheimili aldraðra, eða elliheimili, eins og þessir staðir hétu nú áður, að andrúmsloft er þar einhvern veginn ekki eins sælurikt og maður hefði gjarnan óskað. Jafnvel þar sem bezt er að hinu aldraða fólki búið, og víðast hvar á þessum stöðum mun vel að því búið, þá finnur maður það, að nokkur drungi ræður ríkjum hið innra með því allt of mörgu. Ég hygg, að ekki þurfi lengi að leita orsakanna til þessa. Það vantar tilbreytni, það vantar fjölbreytni í líf þessa fólks. Og þessi fjölbreytni, þessi tilbreytni verður að sjálfsögðu þeim mun nauðsynlegri, þar sem samband þessa fólks, lífrænt samband þessa fólks við aðrar kynslóðir í landinu er harla lítið orðið. Þetta er að mörgu leyti utangarðsfólk, og því miður á þetta einnig við um marga þá aldraða, sem enn dveljast þó á heimilum sínum, þar sem dætur eða synir eða barnabörn eru orðnir húsbændurnir.

Það er svo margt, sem verður eftir í hinni öru þróun, á hinni hröðu ferð yngri kynslóðanna í nútímaþjóðfélagi, og þar á meðal er því miður allt of mörg öldruð manneskjan. Hér er ekki ætlunin að ræða til hlítar það, sem gera mætti til að bæta úr þessu. Hér er aðeins með þessu frv. bent á eina leið, þó eflaust mjög þýðingarmikla leið, sem fara mætti til þess að bæta úr þessu, til þess að veita meiri fjölbreytni í líf þessa fólks og þar með meiri lífsfyllingu og meiri gleði. Frv. þetta stefnir að því, að sett verði í lög ákvæði um orlof aldraðs fólks. En eins og segir í grg., þá ná gildandi lög um orlof yfir allt fólk, „sem starfar í þjónustu annarra", svo og húsmæðra. En hins vegar eru engin lög um orlof aldraðs fólks eða gamalmenna, þó að þörfin sé þar sízt minni á slíkri lagasetningu að sjálfsögðu.

Í frv. er miðað við það fólk, sem náð hefur 67 ára aldri, og á það bent, að mjög æskilegt sé, að kvenfélagasambönd skipuleggi þessa orlofsstarfsemi. Kvenfélögin hafa með sóma skipulagt orlof húsmæðra, og því virðist æskilegt, að ákvæðið um orlof aldraðra verði sett inn í lög um orlof húsmæðra. Í frv. er gert ráð fyrir því, að reist verði sérstök sumardvalarheimili, þar sem dvalargestir njóti orlofs við sem skemmtilegastar aðstæður, og þá er að sjálfsögðu ekki aðeins átt við sumardvalarheimili aldraðra heldur einnig húsmæðra. Frv. gerir ráð fyrir einu slíku heimili í hverjum landsfjórðungi, en þau mættu gjarnan víðar vera. Það eru margir staðir mjög hentugir fyrir slík heimili, slík orlofs-

heimili, hvað snertir fjölbreytni í náttúrufegurð og fleira, sem gæti orðið þessu fólki til ánægju. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að framlag ríkisins á einstakling hækki frá því, sem nú er gert ráð fyrir í orlofslögum húsmæðra, sem hér er um að ræða, hækki úr 10 kr. og upp í 100 kr., sem manni virðist nú eiginlega, að sé algert lágmark, þar sem um er að ræða aðild ríkisins að þessari starfsemi. Mér skilst, að þetta mundi nema ekki meiru en 1½ milljón. Það fólk, sem hér mundi bætast við, hvað snertir það að njóta orlofs, mundi verða svona eitthvað um eða yfir 15 þús.

Það má að sjálfsögðu furðulegt heita, að ekki skuli þegar vera komin inn í landslög ákvæði um orlof aldraðs fólks. Og furðulegt þó kannske ekki svo mjög, þegar þess er gætt, að það er ekki einu sinni séð fyrir því, að þetta fólk hafi almennilega í sig og á, sbr. þann smánarlega ellistyrk, sem þetta velferðarþjóðfélag okkar lætur sér sæma að skammta þessu fólki. Og ein ástæðan til þess, að þessi ákvæði eru ekki komin í lög, er eflaust sú, að þetta fólk, þetta aldraða fólk, er ekki sérlega kröfuhart, kröfur þess vilja gjarnan kafna undir kröfum hinna, sem yngri eru og harðskeyttari.

Það virðist sjálfsagt að stefnt verði að því, að skipulagðar verði orlofsferðir aldraðra til útlanda. Manni virðist, að þetta fólk eigi ekki síður en aðrir þjóðfélagsþegnar skilið að njóta þess að skreppa út fyrir pollinn sér til hressingar og skemmtunar. En jafnvel þó að einhver dráttur kynni nú að verða á slíku, þá er ég sannfærður um það, að ein slík ferð þessa fólks, ein slík ferð milli landshluta, t. d. héðan að sunnan og norður til orlofsdvalar í tvær eða þrjár vikur, eða vestur og austur, eða að austan og vestur, svona milli landshluta, ein slík orlofsferð, þó að ekki sé hún löng og ekki taki hún langan tíma, þá mundi henni fylgja miklu meiri sönn hamingja og gleði heldur en mörgum Mallorkaferðum þeirra, sem yngri eru og hæst hossa sér í lystisemdum lífsins.

Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

68. Félagsheimili.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 1970, um félagsheimili [227. mál] (þmfrv., A. 420).

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf., þeim Gunnari Gíslasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni, að flytja frv. til l. á þskj. 420 til breytinga á lögum um félagsheimili, nr. 107 frá 1970. Efni frv. þessa er frestun í 5 ár á þeim ákvæðum í 2. gr. laganna að láta 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs renna í menningarsjóð félagsheimila, sem enn hefur raunar ekki verið stofnaður. Frv. þetta er borið fram í samráði við íþróttanefnd ríkisins og fræðslumálastjóra, en á þessum aðilum hefur framkvæmd laga um félagsheimili frá 1947 einkum hvílt. Það er skoðun þessara aðila, að ekki sé tímabært að skerða tekjur Félagsheimilasjóðs, hvorki í smáu né stóru, meðan fjárhagur sjóðsins er jafnbágborinn og raun ber vitni um. Með breytingu í maí 1970 á lögum um skemmtanaskatt og lögum um félagsheimili var gerð tilraun til að bæta stöðu Félagsheimilasjóðs nokkuð og stytta þann skuldahala, sem hafði myndazt á undanförnum árum. Samþykkt var, að Félagsheimilasjóður skyldi fá 88% af skemmtanaskattinum í stað 45% áður. En þess ber að geta einnig, að skemmtanaskattur af kvikmyndahúsum var stórlækkaður, svo að hækkun á árlegum tekjum Félagsheimilasjóðs mun ekki vera nema ca. 4.7 millj. kr. eða hækka úr 8 millj. í 12.7 millj. kr. Þar að auki var samþ. heimild til útgáfu á skuldabréfum. Geta þau flýtt nokkuð uppgjöri við félagsheimilin, en vextir af þeim falla á Félagsheimilasjóð og auka þannig verulega skuldbindingar hans og greiðsluskyldu. Verði tekjur sjóðsins skertar um 10%, eins og lög gera ráð fyrir, lækka þær um 1.3 millj. kr. eða í 11.4 millj., sem verður árlegur byggingarstyrkur til félagsheimilanna. Nú er eftir að gera upp við 70 félagsheimili og þar af 28, sem eru fullbyggð. Var skuld Félagsheimilasjóðs við hin einstöku félagsheimili 40 millj. kr. um síðustu áramót, og hafði þá verið greitt með skuldabréfum ca. 14 millj. kr., en þau verður sjóðurinn að greiða með venjulegum útlánsvöxtum banka á næstu 10 árum. Þá er vitað um 13 aðila, sem eru í undirbúningi á einhverju stigi með byggingu félagsheimila. Það er því augljóst mál, að verði ekki frekari fjárveitingar látnar ganga til sjóðsins, verða vanskil hans mikil á næstu árum og auk þess mikil verkefni óleyst í sambandi við nýbyggingar félagsheimila. Forráðamenn félagsheimila, sem árum saman hafa orðið að bíða eftir lofuðu framlagi sjóðsins, sem er 40% af byggingarkostnaði, telja það furðulega ráðstöfun að hlaupa með 10% af tekjum sjóðsins í allt önnur verkefni, nánast eins konar tilraunastarfsemi, sem alveg er óséð að hvaða gagni kemur, á meðan þörfin æpir á auknar greiðslur til byggingarframkvæmda. Ég skal láta það liggja á milli hluta að ræða um hinn svonefnda menningarsjóð félagsheimila. Þetta ákvæði er sett í lögin af hæstv. menntmrh. og vafalaust af áhuga hans fyrir auknu menningarlífi. Til þess liggja ákveðnar forsendur. Hér er ekki lagt til að fella

umrædda lagagr. niður, heldur fresta framkvæmd hennar um tiltekið árabil af mjög brýnni þörf, sem ég tel mig hafa rökstutt fullkomlega hér að framan og einnig í grg. þeirri, sem frv. fylgir. Einhverjir munu kannske hugsa sem svo, að þessi 10% skipti ekki öllu máli fyrir Félagsheimilasjóð, en það er reginmisskilningur, 6.5 millj. kr. næstu 5 árin og hærri upphæð, ef sjóðurinn fær meiri tekjur en áætlað er, skiptir ekki stærri sjóð verulegu máli. Þessi upphæð ein veitir mörgum félagsheimilum úrlausn á hverju ári, sem getur komið þeim að ákaflega miklum notum. Þetta þekkjum við vel, sem höfum haft það hlutverk á undanförnum árum að gera till. um skiptingu á litilli fjárhæð til margra aðila og reyna eftir fremsta megni að leysa vanda sem flestra. Þar hefur hver milljónin sannarlega komið í góðar þarfir. Við höfum enn hugsað í millj. en ekki milljónatugum. Ég vænti því fastlega, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi og auk þess verði á næstu árum hægt að efla fjárhag Félagsheimilasjóðs svo, að hann geti á eðlilegum tíma greitt vanskil sín við mörg félagsheimili í landinu og auk þess stuðlað að byggingu félagsheimila, þar sem þeirra er þörf til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Þrátt fyrir alla fjárhagserfiðleika sjóðsins fyrr og síðar hafa lögin um félagsheimili frá 1947 valdið algerum tímamótum í byggingum samkomuhúsa víðs vegar um landið. Það væri annar og lægri svipur á þeim, ef sú aðstoð hefði ekki komið, sem lögin veita, þrátt fyrir allan dráttinn á greiðslunum.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

69. Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf (frv. DÁ).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 17. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf [229. mál] (þmfrv., A. 428).

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 428, sem er um breyt. á l. nr. 63/1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Efni þess er í stuttu máli að banna innflutning á vindlingum og tóbaki og efni til vindlingagerðar frá 1. janúar 1972. Það hefði þótt undrum sæta, hefði slíkt frv. verið borið fram fyrir nokkrum árum, svo að ég nú ekki tali um fyrir meira en áratug. En hvort tveggja hefur skeð: Sígarettureykingar hafa aukizt stórlega með þjóðinni og hættan, sem þeim er samfara, hefur verið afhjúpuð. Læknar og ýmsar heilbrigðisstofnanir hafa síðari árin fært að því óyggjandi sannanir, að sígarettureykingar valda lungnakrabba og öðrum hættulegum lungnasjúkdómum, kransæðasjúkdómum og eru lífsháski börnum og unglingum. Þetta eru ekki lengur tilgátur, heldur blákaldar staðreyndir, sem ekki verða lengur bornar brigður á. Framan nefndir sjúkdómar eru margfalt tíðari hjá þeim, sem reykja, en þeim, sem ekki reykja, og hættan er því meiri sem reykingarnar eru á hærra stigi. Ýmsir læknar úr hópi áhugamanna gegn sígarettureykingum hafa talið, að sígarettureykingar væru stærsta heilsuvandamál þjóðarinnar og aðeins sambærilegt við það, er berklarnir voru í algleymingi. Þetta er sterk samlíking, en þeir einir skilja hana, sem nú eru komnir á miðjan aldur eða meira.

Tóbaksframleiðendur reyndu lengi vel að gera allar viðvaranir gegn sígarettuhættunni — hættu af sígarettureykingum — tortryggilegar. Þeir hafa nú gefizt upp. Hins vegar telja þeir sig framleiða svonefndar filtersígarettur, sem bæta lítið úr skák, og munu þær engu betri en eldri útgáfur. Þetta sýnir aðeins viðbrögð þeirra til að telja fólki trú um það, að hættan sé lítil, og draga úr þeim áhrifum, sem frásagnir læknanna hafa valdið. Þegar málum er svona komið og skýrslur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins sýna ört vaxandi sölu á sígarettum, þá er ekki nema eðlilegt, að mál þessi komi inn í þingsalina með einum og öðrum hætti, enda hefur reyndin líka orðið sú.

Þetta mun vera fjórða þskj., sem fjallar um sígarettuvandamálið. Fyrst var till. til þál. á þskj. 83, um varnir gegn sígarettureykingum, flutt af hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, o. fl. Hefur hún nýlega verið afgreidd sem ályktun Alþ. Verði till. þessi skörulega framkvæmd, hefur hún vonandi einhver áhrif, einkum fyrst í stað. En hún getur aldrei læknað meinsemdina, þótt hún geti tvímælalaust gert mjög mikið gagn.

Þá er hér á þskj. 116 frv. um bann við tóbaksauglýsingum, flutt af hv. 5. landsk. þm., Jóni Ármanni Héðinssyni, og í þriðja lagi frv. á þskj. 235 flutt af hv. 3. þm. Norðurl. v., Jóni Kjartanssyni, o. fl., að fella niður merkingu á sígarettupökkum, en skylda þess í stað Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til auglýsinga á hættu þeirri, sem tóbaksreykingum er samfara. Þessi tillöguflutningur er nýr eða nýlegur hér á Alþ., en hann er sönnun þess, að barátta nokkurra lækna, sem sérstaklega hafa tekið að sér upplýsingar á afleiðingum sígarettureykinganna, hefur borið góðan árangur og viðhorf manna, bæði á Alþ. og utan þess, hafa gerbreytzt á tiltölulega skömmum tíma, enda mætti furðu gegna, ef svo væri ekki, jafn annt sem mönnum ætti að vera um

líf sitt og heilsu. Hins vegar er augljóst, að framangreindar till. geta ekki leyst vandann nema að nokkru leyti, — eðli mannsins er nú einu sinni þannig, — og þar sem hættan er almennt viðurkennd þarf að gera róttækari ráðstafanir. Margir hætta reykingum um tíma, meðan þeir eru undir áróðrinum, en byrja svo aftur, því að alls staðar eru vinir og félagar sí og æ bjóðandi sígarettur, og þær fást í næstu verzlun eða söluturni frá morgni til kvölds. Þetta verður mörgum ofraun, er til lengdar lætur, og skortir þá viljastyrk og þrek til að komast yfir erfiðasta tímabilið.

Ég hef fengið hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins tölur um innflutning á vindlingum eða sígarettum um nokkuð langt undanfarið tímabil. Og ef við lítum aðeins á síðustu 7 árin, frá 1964—1970, þá eru þær tölur mjög athyglisverðar í sambandi við þessar umr. 1964 var innflutningur á vindlingum 202095 millj., 1965 232196, 1966 258447, 1967 269860, 1968 250419, 1969 220802 og 1970 253720. Þetta sýnir okkur, að frá 1964—1967 er um mjög mikinn árlegan vöxt að ræða eða úr 202095 millj. sígarettum í 270 þús. millj. 1967. Það mun einmitt hafa verið á árunum 1967 og 1968, sem hinir ágætu læknar hófu baráttu gegn sígarettureykingum og auglýstu mjög greinilega þá hættu, sem þeim væri samfara, og það virðist rækilega hafa komið í ljós, að 1968 lækkar sala á sígarettum um 20 þús. millj. og 1969 lækkar hún enn og kemst þá ofan í 221 þús. millj., en á síðasta ári eða 1970 stígur hún aftur og fer í 253 þús. millj. Þetta sýnir það, sem ég hef reynt að halda fram hér, að hættan er sú, að þegar er byrjaður áróður gegn sígarettureykingum, þá taka menn það alvarlega og margir reyna að hætta, en síðan bilar þrekið og viljastyrkurinn og þá er byrjað á nýjan leik og allar kenningar eru látnar sem vindur um eyru þjóta. Þetta er sú mikla hætta, sem því er samfara, að sú till., sem samþ. var hér á hv. Alþ. nýlega, og aðrar hliðstæðar komi ekki að því gagni, sem mjög mikil nauðsyn er á. Ég tel því, að það sé mjög nauðsynlegt að taka fyrir rætur meinsemdarinnar og banna með öllu innflutning og sölu á sígarettum til landsins eftir 1. janúar 1972. Það er sá bezti stuðningur við þá, sem vilja hætta, sem áreiðanlega eru margir, en skortir þrek og úthald. Þá má benda á það, að þótt sígaretturnar hverfi, er eftir sem áður nægilegt af tóbaki á markaðinum, sem minni hætta stafar af. Þeir, sem endilega vilja fórna tóbakinu fjármunum sínum og heilsu, eiga því þrátt fyrir þetta margra kosta völ.

Ég er ekki svo bjartsýnn að halda, að hægt sé að útrýma allri tóbaksnotkun á svipstundu, þótt það væri ánægjulegt, en vonandi kemur sá tími, við skulum segja 2001, að tóbaksnotkun þyki jafnóviðeigandi og nú þykir að viðhalda lúsinni og spýta á stofugólfið heima hjá sér og hvar sem er og öskubakkar þyki þá jafnúreltir og hrákadallarnir eru nú. Það er ekki hægt að horfa á það árum saman, að stór hópur tapi heilsu sinni og lífi árlega, og alveg sérstaklega er átakanlegt, ef börn og unglingar glata lífshamingju sinni og gerast þrælar þessarar eiturnautnar. Það er kannske mesta vandamálið og það iskyggilegasta. Áreiðanlega eru fyrstu mótbárur gegn frv. sem þessu, að öll bönn séu hættuleg, framkvæmdin verði erfið og auðvelt að smygla sígarettum, því sé allt unnið fyrir gýg. Ekki skal gert lítið úr því, að við ýmis vandamál sé að glíma og alveg sérstaklega fyrstu árin. Það skiptir miklu máli, að þjóðin telji þessa leið nauðsynlega, að hún skilji hinar aðkallandi forsendur fyrir henni, og hvort sú jákvæða afstaða almennings er þegar nægilega mikil í þessu máli skal ég ekki leggja dóm á að svo stöddu. Hitt vil ég fullyrða, að síðustu 2—3 árin hefur orðið gífurleg breyting á viðhorfi almennings til þessa máls, og vonandi heldur sú þróun áfram. Og því mun rætt um aðflutningsbann sem einu leiðina til að fyrirbyggja hættuna, hvort sem það kemst á nú eða síðar. Öll menningarríki verða að koma upp kerfi af boðum og bönnum, án þess mundi ekkert ríki standa stundinni lengur. Mörg þessi bönn eru meira og minna brotin, hvort sem við lítum á innflutning eða umferðarmál. Engum kemur til hugar að afnema lög og reglur, þótt brot eigi sér stað. Lögin eru sett til að varðveita þegnana og skapa þá festu, sem einkennir réttarríki. Í sambandi við þetta mál er aðstaða Íslendinga betri en margra annarra þjóða. Íslendingar hafa aldrei sjálfir framleitt sígarettur. Samgöngur við landið eru aðeins á sjó og í lofti. Fjölmennt og vaxandi tollgæzlulið er til í landinu. Það hefur nú hafið baráttu gegn ýmsum fíknilyfjum, sem færast mjög í aukana hjá mörgum þjóðum. Um þau er ströng löggjöf í landinu, sem væntanlega verður ekki slakað á, þó að ítrekaðar tilraunir verði gerðar til að brjóta hana. Um þetta mun þjóðin einhuga. Svipað hugarfar þarf að skapa gagnvart sígarettunum og mun skapast, þegar þjóðin hefur betur sannfærzt um það tjón, sem þær valda.

En þetta mál hefur margar fleiri hliðar en þá heilsufarslegu, sem er sú alvarlegasta og nú hefur verið rædd og er vitanlega höfuðatriði málsins. Þá er næst fjárhagshliðin. Þetta er gífurlegt fjárhagsmál fyrir marga og mörg heimili. Mun láta nærri, að sá, sem reykir pakka á dag, eyði þar 20—25 þús. kr. á ári og margir gera snöggtum betur. Sé um hjón að ræða, tvöfaldast upphæðin og verður á heimili 40—50 þús. kr. Samkv. upplýsingum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins hefur sala á tóbaki verið þessi undanfarin 6 ár: 1965 337.4 millj., 1966 401.2 millj., 1967 436 millj., 1968 511 millj., 1969 578.5 millj. og 1970 703.2 millj. Í þessum tölum eru jafnframt vindlar, reyktóbak og neftóbak, en eftir því sem næst verður komizt mun sala vindlinga nema um 85% af þessum upphæðum og þýðir það, að sala á þeim s.l. ár hafi numið um 600 millj. kr. Þessi upphæð mætti vera mörgum til íhugunar. Þetta er svipuð upphæð og öll fjárlög ríkisins voru fyrir ca. 15 árum. Þegar hún bætist við hættuna af sígarettureykingunum, er myndin býsna hrollvekjandi. Þar að auki er ekki síður mikið í húfi fyrir þjóðfélagið fjárhagslega séð. Baráttan við þá alvarlegu sjúkdóma, sem sígarettureykingarnar valda að dómi læknanna, er dýr, heilbrigðisþjónustan, sjúkrahúsin, lyfin og læknishjálpin kosta ríkið og sveitarfélögin háar

fjárhæðir, en mikið tjón vegna tapaðra vinnustunda, skertrar starfsorku og styttri starfsævi er þó enn þyngri fórn fyrir samfélagið.

Að síðustu kem ég að þriðja atriðinu, sem ekki er úrleiðis að minnast á í þessu sambandi, atriði, sem hefur orðið mál málanna hjá mörgum þjóðum hin síðustu árin og einnig Íslendingum. Það er hættan af mengun. Almennt standa Íslendingar þar betur að vígi en aðrar þjóðir. Það gerir lega landsins og hin óstöðuga veðrátta í miðju Atlantshafinu. Sígarettureykur eitrar hins vegar andrúmsloftið og þar hefur ríkt algert tillitsleysi. Reykingamenn anda ekki reyknum frá sér í neina geyma, heldur púa þeir honum í allt og alla hvar og hvenær sem er, á heimilum, í áætlunarbifreiðum, í fundarherbergjum, á skemmtistöðum og skrifstofum. Það ætti vitanlega enginn að leyfa sér að eyðileggja andrúmsloftið fyrir öðrum. Það hefur sannazt, að dvöl fólks í reykfylltum vistarverum, þó að það reyki ekki sjálft, veldur oft alvarlegum sjúkdómum. Það er nógu langt gengið, að fólk eyðileggi sína eigin heilsu vitandi vits og af fullum ásetningi, þó að því leyfist ekki að fara eins með annað fólk, sem ekkert hefur til saka unnið. Þeir, sem mest ræða um mengun, hvort sem hún er talin koma frá Straumsvík eða Áburðarverksmiðjunni, ættu ekki að gleyma hinum reykfullu vistarverum, sem margir lifa og hrærast í alla daga ársins. Það skyldi þó ekki vera alvarlegasta mengun Íslendinga í dag?

Ég mun nú láta máli mínu lokið, þótt mörgu mætti við þetta bæta. Ég fagna þeim umr., sem orðið hafa um þetta gífurlega vandamál hin síðustu árin. Ég þakka þeim, sem átt hafa frumkvæði að þeim umr., sem orðið hafa til þess, að þjóðin hefur vaknað til meðvitundar um hinn mikla vanda. Ég hef í frv. þessu bent á leið, sem ég er sannfærður um, að sé eina lausnin til að valda hér algerum tímamótum og bjarga mörgum mannslífum. Mér finnst mikilsvert, að þessi möguleiki sé ræddur af hv. Alþ. og þjóðinni allri. Það væri Íslendingum til mikils sóma, ef þeir væru fyrsta þjóðin í Evrópu, sem setti innflutningsbann á sígarettur. Sá tími mun síðar koma, að höggvið verður á rót meinsins, og því fyrr, því betra.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

70. Lækkun tolla á heimilisvélum.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um lækkun tolla á heimilisvélum [232. mál] (þmfrv., A. 438).

Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er um að lækka tolla á heimilisvélum, rafknúnum heimilisvélum. Á þeim er nú yfirleitt 80% tollur, sem er lúxustollur, en það er lagt til, að hann verði lækkaður í 30% og af varahlutum í 20%, en á varahlutum er tollur nú 50%.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað nokkrar tollalækkanir, sem m. a. hafa gengið í þá átt að lækka tolla á vélum til atvinnuveganna, sem er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun, og mætti vissulega ganga lengra í þá átt, en svo er nú t. d. komið, að tollar á vélum til atvinnuveganna eru komnir niður í 7%, en á sama tíma eru tollar á rafknúnum heimilisvélum 80%. Það vita allir, að þessar vélar, heimilisvélarnar, eru fyrst og fremst til að létta störf þeirrar stéttar í þjóðfélaginu, sem kannske í reynd hefur lengstan vinnutíma og vinnur einna mesta vinnu, húsmæðranna, og það er ákaflega óeðlilegt, að þær vélar, sem þær nota, skuli ekki hafa fylgzt með þeirri þróun, sem hefur orðið varðandi tolla á vélum á undanförnum árum. Ég held, að þegar hv. þm. íhuga þetta mál, — og þeir eru áreiðanlega fleiri heldur en ég, sem skilja þá aðstöðu og þekkja þá aðstöðu, sem húsmæður hafa við að búa, — þá hljóti þeir að sannfærast um það, að rétt sé að láta þær vélar, sem húsmæður nota, fylgjast með í þeirri þróun, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, tollalækkuninni á vélum, og þess vegna vænti ég, að þetta frv. fái góðar undirtektir að þessu sinni. Það hefur áður verið flutt hér á Alþ. og ekki náð þá fram að ganga.

Ég vildi benda á það, að hér er ekki eins langt gengið í tollalækkunum eins og þegar atvinnuvegirnir eru annars vegar, þar sem tollurinn á vélum til þeirra hefur verið 7%, en ekki er lagt til, að tollurinn á þessum vélum lækki meira en niður í 30%. En þrátt fyrir það, að ekki fengist meira fram heldur en þessi lækkun, þá mundi hún muna mjög verulegu, m. a. vegna þess að ofan á tollana leggst 11% söluskattur, og þess vegna verður raunverulegur skattur, sem leggst á vélarnar, mun meiri heldur en þessi 80% tollur segir til um.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég leyfi mér að leggja til, að að umr. lokinni verði því vísað til hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

71. 40 stunda vinnuvika.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um 40 stunda vinnuviku [236. mál] (þmfrv., A. 448).

Á 58. og 59. fundi í Nd., 8. og 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 448 flyt ég ásamt hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, frv. til l. um 40 stunda vinnuviku. Efni frv. er, að vinnutími í dagvinnu megi eigi vera lengri en 40 stundir á viku, og skal að því stefnt, að vinnuvikan verði 5 dagar. Vinnutími í vaktavinnu verði sami, þ. e. a. s. 40 stundir á viku. Kjarasamningar, sem kveða á um lengri dagvinnu eða vaktavinnu, skulu breytast í samræmi við fyrirmæli þessara laga, en aðilar vinnumarkaðarins í hinum ýmsu starfsgreinum skulu með samningum kveða á um skiptingu milli dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

Í 2. gr. frv. segir: „Nú styttist vinnutími launamanna samkv. fyrirmælum þessara laga, og skal þá vikukaup hans og mánaðarkaup fyrir dagvinnu eða vaktavinnu haldast óbreytt í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga, en tímakaup hans hækka í sama hlutfalli og dagvinnuvikan styttist. Hliðstæð breyting á kaupi skal koma til framkvæmda, þar sem tímakaup er lagt til grundvallar við ákvörðun launa í bónus- og ákvæðisvinnu."

Og í 3. gr. segir, að lög þessi öðlist gildi 1. maí 1971.

Ég tel, að efnisatriði þessa frv. séu öllum hv. þm. svo ljós, að þau þurfi ekki nánari útskýringa við.

Ég vil strax minna á, að annað frv. með ákvæðum um 40 stunda vinnuviku liggur nú fyrir þessari hv. d. Er þar um að ræða frv. hv. 9. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, og 5. þm. Vesturl., Benedikts Gröndal, um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfrest o. fl., en það frv. hefur oft áður verið flutt hér á hv. Alþ. Okkur flm. þessa frv. þótti ástæða til að flytja þetta mál eitt sér og sérstaklega nú. Nýlegir atburðir í kjaramálum launafólks, þar sem Alþ. og ríkisstj. hafa komið mjög við sögu, eru þess sérstaklega valdandi. Ég á hér annars vegar við kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem ríkisstj. samdi um 40 stunda vinnuviku fyrir sambærilegar starfsstéttir og um er rætt í þessu frv. Um leið og þeir ánægjulegu atburðir gerðust, þ. e. a. s. samið var um styttan vinnutíma fyrir þær starfsstéttir, var einnig samið um hækkað kaup til opinberra starfsmanna og það stórhækkað til þeirra, er há laun höfðu fyrir. Ég ætla mér ekki hér að ræða það mál sérstaklega, en aðeins leggja áherzlu á, að í þessu frv. okkar er ekki gert ráð fyrir neinni kauphækkun, aðeins að kaup haldist óbreytt í samræmi við styttingu vinnutímans. Hins vegar hefur svo það einnig gerzt, að ríkisstj. hefur nú látið koma til framkvæmda skerðingarákvæði verðstöðvunarlaganna frá í haust, þ. e. a. s. að laun eru nú um 2.6% lægri en þau ættu að vera samkv. þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin gerði í sumar. Hér er um að ræða öll laun og þá einnig hinna lægst launuðu, sem einnig eru með lengstan dagvinnustundafjölda. Samtímis því, að þessi skerðing er látin koma til framkvæmda, hefur orðið stórkostleg verðhækkun á útflutningsvörum okkar. Afli er mikill, og það er ekki annað sjáanlegt en að efnahagsafkoma þjóðarinnar geti orðið góð og því séu engin efnahagsleg rök fyrir hendi til slíkra skerðinga eins og hér eru nú framkvæmdar. Þessir atburðir og ýmislegt fleira gera það að verkum, að verkalýðshreyfingin endurskoðar nú stöðu sína og stefnu í kjaramálum í ljósi gerbreyttra aðstæðna frá því að samningar voru gerðir í sumar. Það er öldungis ljóst, að enn einu sinni eru fram undan stór átök á vinnumarkaðinum. Einn þáttur þess væntanlega uppgjörs verður óhjákvæmilega krafan um styttingu vinnuvikunnar í 40 stundir. Samþykkt þessa frv. væri því stórt framlag til lausnar mikils vanda.

Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þess, að Alþ. skipti sér af kjaramálum. Ákvörðun vinnutíma er þó þess eðlis, að þar er um félagslegt mál að ræða, og því ekki óeðlilegt, að um slíkt séu sett lög. Baráttan fyrir takmörkun og styttingu vinnutímans er jafngömul verkalýðshreyfingunni. Sú barátta hefur farið fram jafnt á sviði löggjafar sem samningamála. Það má minna á í íslenzkri löggjöf kannske sérstaklega setningu vökulaganna, lágmarkshvíld á togurum á sínum tíma og ýmis fleiri atriði. Stytting vinnutímans og barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir styttingu vinnutímans er ekki síður nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi en áður var, þjóðfélagi tækniþróunar og stöðugt aukinnar vélvæðingar, þegar svo er komið, að vinnuhraðinn og álagið á manninn ákvarðast af vélum og skipulagi, er miðar að því að gjörnýta vinnuaflið. Það er því tilhlýðilegt, að löggjafinn reyni að vernda manninn gegn hinum blindu og miskunnarlausu öflum framleiðsluháttanna.

Víða um lönd er þessum málum, takmörkun vinnutímans og ákvæðum um hámark vinnutíma, skipað með lögum. Ég ætla ekki hér að rekja einstaka þætti þessarar baráttu, hvorki hér á landi né alþjóðlega baráttu verkalýðsins, en hún er orðin býsna gömul. Ég vil aðeins minna á, að telja verður, að almennur 8 stunda vinnudagur, dagvinnudagur, hafi komizt á hér 1942 og 48 stunda vinnuvika. Fram að þeim tíma var vinnuvikan yfirleitt 60 stundir, dagvinnan yfirleitt 10 stundir og vinnuvikan 60 stundir. Skrefið, sem stigið var 1942, var eitt það stærsta, sem íslenzk verkalýðshreyfing hefur stigið. Með samningum 1965 er svo tekin upp 44 stunda vinnuvikan. En það verður því miður að segja, að þessi vinnutími hefur ekki verið raunverulegur. Hann hefur verið lengri og það miklu lengri oft og tíðum, eins og menn þekkja svo gjörla. Þar kemur tvennt til: Atvinnuhættir okkar eru þannig, að óhjákvæmilegt er á köflum að vinna langan vinnutíma, og svo einnig hitt, að dagvinnukaupið hefur ævinlega verið svo lágt, að það hrekkur ekki fyrir nauðþurftum. 5 daga vinnu-

vika er nú orðin almenn. Sú skoðun ryður sér æ meir til rúms, að fækka beri vinnudögum vikunnar og auka hvíldartímann. Þetta auki afköstin og skili sér betur, bæði fyrir verkafólkið með betri frítímum og fyrir atvinnurekendurna í meiri afköstum. En 5 daga vinnuvika á að miðast við 8 stunda dagvinnu og vinnuvikan verður þá að vera 40 stundir. Það má ekki dreifa löngum vinnutíma, miklu lengri vinnutíma, á 5 daga, þá fer hver dagur að verða of langur og þreytan að segja til sín og afköstin í samræmi við það.

Efni þessa frv. mætti ræða í löngu máli, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég vænti þess, að stjórnarflokkarnir, sem nýlega hafa gefið gott fordæmi um styttingu vinnutíma opinberra starfsmanna, sem vinna alveg hliðstæð störf því launafólki, sem þetta frv. fjallar um, sýni þessu máli nú fullan stuðning og samþykki þetta frv. Ég vil aftur minna á, að samþykkt þessa frv. stuðlar að lausn mikils vanda, sem nú blasir við á vinnumarkaðinum og stuðlar að réttlátri lausn þess vanda.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

72. Siglingalög (frv. FÞ o. fl.).

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. l. nr. 14/1968 [237. mál] (þmfrv., A. 450).

Á 58., 59. og 60. fundi í Nd., 8., 10. og 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á siglingalögum á þskj. 450 ásamt 3 öðrum hv. alþm. Frv. þetta er skýrt allrækilega í grg. og þarf því ekki ýkjamiklu við að bæta, aðeins nokkrum atriðum til skýringar.

Fyrir tæpu ári kom hæstaréttarlögmaður einn hér í borg að máli við mig út af ákvæðum laga um ábyrgð á sjóslysum. Taldi hann, að sjómenn, sem verða fyrir slysum við störf sín, njóti ekki nægjanlegrar réttarverndar samkv. gildandi skaðabótareglum. Kvaðst hann einnig hafa minnzt á mál þetta við hv. þm. Pétur Sigurðsson. Þetta samtal varð til þess, að ég fór að rifja upp það, sem ég kunni eða átti að kunna í skaðabótarétti. Urðum við, ég og hv. 7. þm. Reykv., síðan ásáttir um að hreyfa þessu máli á þingi í einhverju formi. Kom fyrst til álita að flytja um það þáltill., en við nánari athugun rifjaðist upp, að frv. um þetta efni hafði verið flutt á Alþ. árið 1968, en þá í öðru formi, eins og segir í niðurlagi grg. með þessu frv. Umræddu frv. var á sínum tíma, eða árið 1968, vísað til sjútvn., en hún mun aldrei hafa skilað áliti um það. Örlög þess urðu því að sofna í nefnd. Skal ekki farið fleiri orðum um aðdraganda þessa máls að sinni.

Eins og segir í grg., er ákvæði um þetta efni að finna í siglingalögum nr. 66 frá 1963, þ. e. a. s. um fébótaábyrgð útgerðar á kröfum út af lífs- eða líkamstjóni skipverja eða annarra, sem í þágu skips vinna. Samkv. þeim ákvæðum er fébótaábyrgðin háð því, að útgerðarmaður eigi sjálfur sök á tjóninu, þ. e. sé valdur að því af ásetningi eða gáleysi eða kenna megi um yfirsjónum eða vanrækslu vissra starfsmanna hans. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að bregða upp til skýringar þessu máli svipmynd af einu skaðabótamáli, sem gengið hefur til hæstaréttar. Hygg ég, að það horfi betur til skýringar á því máli, sem hér er til umr., heldur en langt tal um reglur skaðabótaréttar á þessu sviði. Ég vil geta þess, að þessi dómur er aðeins einn af mörgum, valinn af handahófi. Þar segir um aðdraganda slyssins, með leyfi hæstv. forseta:

„Um kl. 20.30 var verið að lyfta pokanum inn fyrir bakreipið, þar sem skipta átti yfir og kasta bakborðsvörpunni. Stefnandi, sem var háseti á togaranum, var við gilsinn. Stóð hann við spilkoppinn bakborðsmegin. Þegar búið var að hífa pokann upp fyrir bakborðsreipið, ætlaði stefnandi að slaka á vírnum. Slóst þá bragð af vírnum um fætur honum og kippti honum á loft og fram í fiskkassa með þeim afleiðingum, að hann fótbrotnaði.“

Manni gæti dottið í hug, að hér hafi verið viðvaningur að verki við störf um borð í þessum togara. Svo var ekki. Skipstjórinn segir:

„Stefnandi hafði verið við þetta starf í meira en eitt ár og alla tíð reynzt góður gilsmaður.“

Þetta slys er því ekki því að kenna, að hér hafi verið óvanur maður við störf um borð í togaranum. Eftir að dómarinn í undirrétti er búinn að velta þessu máli fyrir sér og rekja rök og gagnrök, segir svo í forsendum dómsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Um það, hvernig slysið bar að, eru engir sjónarvottar. Er stefnandi því einn til frásagnar um það. Skýrsla stefnanda og vætti vitna gefa til kynna, að einhver olía hafi verið á þilfarinu, er slysið varð. Hins vegar hefur stefnandi hvorki leitt í ljós, að olían skapaði meiri hálku en oft vill verða á þilförum togskipa af sjó, slori og öðrum fiskúrgangi, á meðan á veiðum stendur, né að hann hafi einmitt runnið til í olíunni. Það er heldur ekki sannað, að sjór hafi verið svo ókyrr, að óvarlegt hafi verið af skipstjórnarmönnum að láta vinna það starf, sem stefnandi

var að framkvæma, þegar slysið varð. Þá verður slysið heldur ekki talið þess eðlis, að reglum skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur verði beitt. Telja verður því, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilvik, sem hvorki verður rakið til vanbúnaðar skipsins, handvammar skipverja né annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á. Verður krafa stefnda um sýknun því tekin til greina.“ — Dómsorðið er því sýkna. Stefnandi, umræddur sjómaður, fær engar bætur. Hæstiréttur tekur málið til meðferðar og segir svo: „Ekki er leitt í ljós, að slys það, sem mál þetta er af risið, verði rakið til vanbúnaðar skips, handvammar skipverja eða annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Dómsorð: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.“

Dómskrafan í þessu máli, skaðabótakrafan, nam 447 þús. kr. Ef bregða skal ljósi á, hvað þessi mál taka langan tíma, þá er því til að svara, að í þessu máli verður slysið í janúar 1960. Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur gengur í janúar 1963, dómur hæstaréttar fellur í febrúar 1965. Allan þennan tíma hefur hinn slasaði sjómaður orðið að bíða eftir því, hvernig dómur félli, í algerri óvissu um málalok, og fær ekki eina krónu að hæstaréttardómi gengnum. Eins og ég sagði áðan er þetta aðeins eitt dæmi af mörgum. Það eru ekki mín orð að áfellast útgerðina í þessu efni. Það eru mörg dæmi um það, sem betur fer, að skipverjar hafa í svona tilvikum fengið miklar bætur, en líka önnur, sem hafa fallið á þann veg, sem ég nú lýsti. Við vitum, að útgerðin verður að greiða há iðgjöld til sjómannatrygginga. En allt um það, er ljóst mál, að öryggi sjómanna okkar er ekki nægilega mikið að þessu leyti, og hlýtur það að vera umhugsunarefni þeirra manna, sem nokkuð þekkja til þessara mála. Það er alkunna og þarf ekki um það að fara mörgum orðum, að sjósókn hér við Íslandsstrendur er erfið og áhættusöm. Menn leita frekar atvinnu í landi, ef hana er að fá. Það hefur oft gengið erfiðlega að manna bátaflotann, m. a. á þessari vetrarvertíð, a. m. k. í sumum byggðarlögum. Það verður að reyna að stefna að því að gera sjómannsstarfið svo öruggt og eftirsóknarvert, sem kostur er á miðað við önnur störf. Undir því er mikið komið fyrir þjóðarbú okkar. Frv. þetta, ef að lögum verður, gerir ráð fyrir, að lögfest verði svonefnd hlutlæg (objektiv) ábyrgð í þessu efni, eins og nánar er rakið í grg. Þá öðlast hinn slasaði bótarétt, hvernig sem slysið hefur að höndum borið, nema hann sé meðvaldur þess eða meðábyrgur. Þessi fyrirvari er í samræmi við hina „objektivu“ fébótaábyrgðarreglu umferðarlaga og verður að teljast eðlilegur. En höfuðatriðið í þessu máli er, að sá, sem verður fyrir slysi á sjó, öðlist bótarétt og fái tjón sitt bætt, þó að þar sé engu sérstöku um að kenna nema þá óhöppum, náttúruhamförum eða sjálfum höfuðskepnunum. Það má vel vera, að unnt sé að nálgast það markmið, sem ég hef nú farið um nokkrum orðum, eftir öðrum leiðum, og má þar minnast á umferðarlögin. Þar er ekki fylgt sömu reglu um öll Norðurlönd. Í einu eða tveim Norðurlandanna er farin leið hinnar öfugu sönnunarbyrðar. Annars verður það að segjast, að umferðarlög, eða löggjöf um umferð, er ekki fyllilega sambærileg að þessu leyti. Hin „objektiva“ skaðabótaregla var fyrst formlega lögfest á því sviði, sviði umferðarlöggjafar, árið 1958 og hefur að því er ég held, gefizt vel.

Það er svo alveg rétt, að þetta mál verður að skoðast vel í n., og skoðast af ýmsum aðilum, sem því eiga að lúta. Það er alveg ljóst mál, að bættum tryggingum fylgja aukin iðgjöld í einhverri mynd, og alveg sérstaklega verður að rannsaka, hvaða áhrif hefur hin nýja ábyrgðarregla, ef að lögum verður, á hagsmuni þeirra, sem við hana eiga að búa. — En einmitt í svona málum verður svo oft að fara fram hagsmunamat. Og það er fyrst og fremst sú spurning, sem ég tel að svara þurfi í þessu máli. Og þá verða að koma til skjalanna tryggingafræðingar, sem eru bærir um að fjalla um þessa hlið málsins. Það er að sjálfsögðu alveg rétt, að sjómenn okkar njóta, sem aðrir, slysabóta eftir ákvæðum almannatryggingalöggjafar og einnig samningsbundinna viðbótartrygginga í ýmsum samböndum. En ég held samt sem áður, að það sé nauðsynlegt að skoða þetta mál betur og reyna að marka í því skynsamlega stefnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

73. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. EðS og LJós).

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [244. mál] (þmfrv., A. 468).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, að flytja hér frv. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins á þskj. 468. Efni þessa frv. er í 1. gr., stutt, en þar segir, að við B-lið 8. gr. l. bætist:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að 75 þús. kr. á íbúð.“

Það, sem hér er lagt til, að tekið verði upp í lögin, er svo til orðrétt það, sem fellt var niður

úr lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins á síðasta þingi, í fyrravetur. Þessi viðbótarlán, sem hér um ræðir og þá voru felld niður úr lögunum, eru til komin á þann hátt, að þegar svokallað júní-samkomulag var gert í vinnudeilum verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda 1964, þá hét ríkisstj. því, að það skyldu tekin upp viðbótarlán úr Byggingarsjóði til efnalitilla meðlima verkalýðsfélaganna. Þetta hafði staðið í nokkrum viðræðum við ríkisstj. undanfarið, en í lok deilunnar var því heitið, að þessi háttur skyldi upp tekinn. Tilgangur þessarar yfirlýsingar eða samkomulagsins frá 1964 hvað þetta áhrærir, var aðeins liður í öðru og miklu meira samkomulagi einnig varðandi húsnæðismálin. Tilgangur þessa liðs samkomulagsins var að reyna að jafna aðstöðu þessara efnalitlu meðlima verkalýðsfélaganna til þess að geta fengið lán til íbúðabygginga og sérstaklega að reyna að jafna stöðu þeirra við þá, sem nutu lána úr lífeyrissjóðum. Þegar þetta samkomulag var gert, var gengið út frá því, að Atvinnuleysistryggingasjóður lánaði eða keypti veðskuldabréf Byggingarsjóðs nokkurn veginn sem næmi þessari upphæð, sem til þessara lána færi. Sú er nú orðin reyndin, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur keypt ekki aðeins það, heldur fyrir miklu meiri fjárhæð af Byggingarsjóðnum, þannig að núna undanfarin ár hefur um það bil helmingur af iðgjaldatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs farið til kaupa á bréfum Byggingarsjóðsins. Þetta er nú nokkuð yfir 100 millj. á ári og hefur verið það undanfarin ár. Það fé, sem til Atvinnuleysistryggingasjóðs rennur vegna iðgjalda, var og er að langmestu leyti til fallið vegna vinnu þess fólks, sem ekki naut og ekki nýtur neinna lána úr lífeyrissjóðum. Þess vegna þótti eðlilegt og raunar sjálfsagt, að aðstaða þessa fólks væri bætt með þeim hætti, sem yfirlýsing ríkisstj. og samkomulagið frá 1964, júní-samkomulagið, ákvað. Með breytingu á lögum á síðasta þingi í fyrravetur var þetta svo fellt niður, og skyldu þessi lán falla niður frá ársbyrjun 1971. Um þetta urðu nokkrar umr. á síðasta þingi, og ég ætla ekki að fara að rekja þær eða endurtaka neitt af því, sem þá var sagt, en breytingin var gerð á lögunum og framkvæmdin hefur orðið slík, að allverulega hefur verið lánað á árinu 1970 af slíkum lánum sem hér um ræðir, en þó engan veginn til allra, sem höfðu lánhæfar íbúðir fyrir árslok. Framkvæmd þessa ákvæðis verður á þann hátt, að menn, sem höfðu lánhæfar íbúðir í desembermánuði eða fyrir árslok og áttu því að fá lán samkv. reglum ársins 1970 á sínar eigin íbúðir, fengu ekki afgreiðslu á lánum fyrr en í janúar og öll lán, sem veitt hafa verið í janúar, eru án þessara viðbótarlána, þannig að þeir, sem fá lán út á íbúðir sínar, sem voru lánhæfar fyrir áramót, fá sem sagt þetta mikið lægri lán heldur en þeir, sem voru búnir að fá lánin áður.

Hjá afgreiðslustofnun lánanna, skrifstofu húsnæðismálastjórnar og ábyrgðarmönnum þar, er þeim, sem nú ekki fá þessi lán, vísað á lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna, þannig að þeir geti tekið við að lána sambærileg lán. Þeir, sem til þekkja, vita ósköp vel, hvar á vegi þessir sjóðir eru nú staddir. Iðgjaldagreiðslur til þeirra hófust fyrst í ársbyrjun 1970. Það er þess vegna búið að greiða til þeirra aðeins í eitt ár, og það má segja það, að það hafa ekki verið í öllum tilvikum of góðar heimtur til að byrja með, en enn fremur vil ég geta þess, að það er ekki nema fjórðungur af endanlegu iðgjaldi, sem fellur til á þessu ári, því að launþegarnir greiða ekki nema 1% af launum sínum fyrsta árið og atvinnurekendur 1.5%. Þessir sjóðir eru því engan veginn þannig á vegi staddir, að þeir geti tekið við þessu hlutverki, sem þessi lán höfðu fyrir félagsmenn verkalýðsfélaganna. Það geta þeir áreiðanlega ekki á þessu ári. Hvað verður síðan í framtíðinni skal ég ekki fullyrða um, en mér hefur nú fundizt, að lífeyrissjóðunum væri ætlað annað og miklu meira hlutverk en svo í íbúðabyggingarkerfinu, að þeir stæðu ekki aðeins undir þessum upphæðum.

Í frv. því, sem við flytjum nú hér og þar sem lagt er til, að þessi lán verði tekin upp að nýju, er upphæð lánanna óbreytt, 75 þús. Þessi upphæð hefur staðið allar götur frá 1965, þegar lánin fyrst komu til framkvæmda. 1965 var byggingarvísitalan 220 stig. Þá var talið, að kostnaðarverð rúmmetrans í vísitöluhúsinu væri 2044 kr. 360 rúmmetra íbúð kostaði þá samkv. því í vísitöluhúsinu 735840 kr. 1971 er byggingarvísitalan komin í 524 stig, hefur hækkað um 138% á þessum árum. Rúmmetrinn í vísitöluhúsinu, sem kostaði 2044 kr. 1965, er nú kominn í 4874 kr. og sama íbúð, 360 fermetrar, sem kostaði 735840 kr. 1965, kostar í dag 1754640 kr. Venjulegu húsnæðismálalánin 1965 voru 280 þús. kr. í sama mund og þessi viðbótarlán, verkalýðslánin, voru upp tekin. Þessar 280 þús. kr. stóðu þá undir 38.5% af þeim byggingarkostnaði eða byggingarkostnaði þeirrar íbúðar, sem ég hér nefndi. Lánin 1971 verða 600 þús. kr. á íbúðir, sem hafin er bygging á á árinu 1971. Þessar 600 þús. kr. standa hins vegar ekki undir nema 34.2% af kostnaðarverði þeirrar íbúðarstærðar, sem ég gat um áðan, þ. e. a. s. þessi föstu lán, sem þó hafa hækkað úr 280 þús. upp í 600 þús., standa undir minni hluta af kostnaði samsvarandi íbúðar heldur en þau gerðu 1965. Ef lánin ættu að standa undir sama hluta af kostnaðarverðinu, þyrftu þau að verða 668 þús. kr. í staðinn fyrir 600 þús., sem þau nú eru.

Það gefur auga leið, að þessar 75 þús. kr. eru náttúrlega að sama skapi verðminni eða standa undir minni hluta af kostnaðarverði íbúðarinnar í dag heldur en þau gerðu 1965. Og ef þessar 75 þús. kr. ættu að fylgja hækkun byggingarvísitölunnar, ættu þær nú í dag að vera 178 þús. kr., rösklega þó, þannig að heildarlánið, sambærilegt lán, sem launþegi fengi, ef lánin hefðu haldizt í hendur við byggingarvísitöluna og viðbótarlánin væru enn í gildi, sambærilegt lán við 280 þús. kr. 1965 að viðbættum 75 þús. ætti að vera í dag 668 þús. og 178500 kr. eða 846 þús. kr. samanlagt.

Eins og ég sagði áðan, leggjum við ekki til í þessu frv. að hækka þessar 75 þús. kr. og mætti gjarnan svo sem álasa okkur fyrir það. En það, sem fyrir okkur vakir, er að reyna að leysa vanda þeirra mörgu, sem nú hafa lent í vandræðum, vegna þess að þeir fá ekki þessi viðbótarlán, sem

þeir þó mjög fastlega höfðu reiknað með að fá, menn, sem byrjaðir voru á byggingum, þegar lögunum var breytt. Ég trúi því naumast, að ekki verði ráðin hér bót á og hér er ekki fram á svo mikið farið, að ekki ætti að vera mögulegt að framkvæma það. Vissulega þarf íbúðakerfið miklar fjárveitingar til þess að geta veitt veruleg lán, svo að um muni. En ef þarf að breyta þar einhverju um, þá þarf náttúrlega að reyna að auka það fé og umfram allt að skera það ekki niður hjá þeim, sem langverst eru á vegi staddir.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Þegar fellt var niður 75 þús. kr. lánið, sem hv. frsm. gat um og vill hér, að tekið sé upp að nýju, þá var það fyrst og fremst vegna þess, að það voru gerðar aðrar ráðstafanir með sömu lögum, sem ætlazt var til, að betur gætu leyst vanda þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Það var með verkamannabústaðalánunum, sem ákveðið var, að veitt yrðu þannig, að það fengjust full lán frá hinum almenna byggingarsjóði út á verkamannabústaðina, ef byggðir væru, og síðan viðbót, ef ég man rétt, allt upp í 80% af stofnkostnaði, sem veitt væru viðbótarlán með 2% vöxtum, og það eru náttúrlega miklu betri kjör heldur en veitt eru í hinu almenna kerfi. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram. Þessi rök voru að vísu færð fram, þegar lögin voru til umr. hér á þinginu í fyrra, og ég bara vil endurtaka það nú, að það er hægt að leysa vandræði þessa fólks á miklu betri og virkari hátt heldur en gert yrði, þó að þessum 75 þús. kr. yrði bætt við sem nýju láni frá Byggingarsjóði. En náttúrlega getur vel verið, að einhverjir falli þarna á milli, sem hafi verið búnir að hefja sínar byggingar í góðri trú, þannig að þeir fái ekki það, sem þeir bjuggust við, og er þó raunar komið bráðum ár síðan lögunum var breytt, svo að menn hafa vitað allan þennan tíma, á hverju von var, og möguleikar til þess að hefja aðgerðir með stofnun verkamannabústaðabygginga hafa verið fyrir hendi á þessu tímabili. En ég vil bara undirstrika það, að með þessu móti er betur séð fyrir þörfum láglaunafólks heldur en þó að þessi 75 þús. kr. lán hefðu verið veitt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. hv. 2. landsk. þm., Eðvarðs Sigurðssonar, vil ég taka undir það, sem hann gat um hér áðan, að einmitt vegna breytinga á lögunum, hefur það farið svo, að nokkrir aðilar hafa orðið út undan eða dottið niður á milli, eins og hæstv. félmrh. orðaði það. Enda þótt það sé rétt hjá hæstv. félmrh., að breyting sú, sem gerð var á lögum um verkamannabústaði geti orðið að miklu liði og þeir, sem byggja samkv. þeim ákvæðum, eru í raun og veru bezt settir, þá gildir það ekki um þá, sem lentu í því að vera byrjaðir og gerðu ráð fyrir því í sinni áætlun að njóta þessa 75 þús. kr. láns, en gátu það ekki af ástæðum, sem þeir gátu ekki alls kostar ráðið við. Það mundi því bæta þetta mál verulega, þó að ekki væri gert nema að framlengja þetta ákvæði til ársins 1971, að það gilti það ár, þá mundi þetta bil verða brúað. Ég vil því leyfa mér að taka undir ummæli hv. flm., hv. 2. landsk. þm., og treysta því, að hv. Alþ. taki þetta til athugunar og líti á það, að nauðsyn er a m. k. að framlengja þetta ákvæði, því að það er ekki fyrr en nú, að aðilar geta farið að byggja eftir ákvæðum um verkamannabústaði, því að yfirleitt koma þau ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1971. En margir aðilar gerðu ráð fyrir að njóta þessarar 75 þús. kr. lánsheimildar, sem var til staðar, þegar þeir byrjuðu sínar byggingaframkvæmdir, en eiga nú ekki kost á því, vegna þess að ákvæðið var fellt niður um síðustu áramót. Ég vil því mjög brýna það, hvort ekki væri hægt að ná samstöðu um það hér á hv. Alþ., þó að ekki væri annað heldur en framlengja þetta um eins árs skeið.

Flm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Örfá orð. Það er aldeilis rétt, sem hæstv. félmrh. segir, að samhliða því sem þessi ákvæði féllu niður úr lögum í fyrra, þá var einnig bætt verulega um lögin um verkamannabústaðina. En enda þótt þau lög eða sú breyting geti létt undir með mönnum í framtíðinni, þá er það engan veginn svo, að þau leysi þann vanda, sem ég hér áðan var að tala um. Sá vandi verður ekki leystur nema með því, að þessi ákvæði laganna verði framlengd, tekin upp að nýju eða annað jafngilt komi þess í stað. Þeir menn, sem byrjaðir voru á íbúðum, þegar þessi breyting var gerð, höfðu ekki hugmynd um, að það væru uppi ráðagerðir um að fella þessi lán niður. Þessir menn urðu ekki til með sínar íbúðir lánhæfar í tæka tíð. Og eins er með þá, sem nú eru að byrja á íbúðum. Þeir eru einnig eins á vegi staddir að kaupa íbúðir. Lánin til þeirra, sem fá nú úthlutað, við skulum segja í janúarmánuði, lánunum eins og þau voru fyrir áramót, eitthvað 580 þús., ef ég man rétt, þeir fá sem sagt allverulega lægri lán, og meira að segja þótt þeir fengju þessi hærri lán núna eftir áramótin, þá fá þeir samt sem áður lægri lán heldur en þeir, sem fengu úthlutað í haust. Þetta er vandinn, sem þessir menn eiga við að stríða. Það er alveg óhjákvæmilegt að reyna að brúa þetta bil, sem þarna verður, með einhverjum hætti, með þeim hætti, sem þetta frv. leggur til, eða öðrum alveg jafngildum, brúa þetta bil a. m. k. þar til lífeyrissjóðirnir geta tekið til að lána mönnum. Það er alveg óhjákvæmilegt. Ef lífeyrissjóðirnir væru orðnir þess megnugir að lána mönnum einhverjar verulegar upphæðir eða þá mörgum smáar, skulum við segja, að gæti líka komið til mála, þá mætti kannske segja, að þessir menn væru eitthvað ofurlítið betur á vegi staddir. En eins og nú horfir við er alveg skilyrðislaust nauðsynlegt að bæta um fyrir þessum mönnum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta frv. á þskj. 468 að vekja athygli á einu málsatriði, sem ekki hefur komið fram í þessum umr. til þessa. Hæstv. ráðh. gat þess réttilega, að í þessum lögum væru sérstök ákvæði um verkamannabústaði, þar sem

gert er ráð fyrir sérstakri lánaaðstoð til þeirra, sem geta notið verkamannabústaðalána samkv. þessum lögum. Hins vegar er það svo, að til þess að tekjulitlir menn geti notið þessarar aðstoðar, sem veitt er til byggingar verkamannabústaða, þá þurfa hlutaðeigandi sveitarfélög að leggja fram allmikið fé til þess að þetta geti átt sér stað. Ég vil vekja athygli á því, að ég held, að sumir fámennir kauptúnahreppar séu þannig á vegi staddir, að þeir muni eiga mjög erfitt með að inna af hendi slík framlög, vegna þess að tekjur þeirra eða þær tekjur, sem almenningur getur greitt í sveitarsjóðina, eru það litlar á þessum stöðum. Og ef sveitarfélag er ekki þess umkomið að leggja fram þá upphæð, sem áskilin er í ákvæðunum um verkamannabústaði, þá njóta fátækir menn í þessum sveitarfélögum ekki þeirra hlunninda að fá lán út á verkamannabústaði með þeim kjörum, sem hæstv. ráðh. minntist á og eru hagstæð kjör. Þess vegna finnst mér alveg sérstaklega vegna þessara staða, að það sé nauðsynlegt, að hér komi einhver viðbótaraðstoð í líkingu við verkalýðslánin, sem áður voru, eða þau lán, sem hv. flm. þessa frv. leggja til að veitt verði. Hitt er svo líka að sjálfsögðu rétt, sem komið hefur fram bæði hjá hv. frsm. og hv. þm. Vesturl., Halldóri Sigurðssyni, að það getur komið illa við marga, sem voru byrjaðir á byggingum íbúða, að þessi ákvæði um verkalýðslánin eru með svo stuttum fyrirvara niður felld.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

74. Lækningaferðir.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. apríl 1955, um lækningaferðir [270. mál] (þmfrv., A. 530).

Á 64., 66., 67., 68., 69., 70., 71., 75., 82. og 87. fundi í Nd., 18., 22., 23., 24., 25., 26. og 29. marz, 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

75. Kauptryggingarsjóður.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kauptryggingarsjóð [276. mál] (þmfrv., A. 547).

Á 66., 68., 69., 70., 71., 75., 82. og 87. fundi í Nd., 22., 24., 25., 26. og 29. marz, 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

76. Sala Útskála í Gerðahreppi.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Útskála í Gerðahreppi [279. mál.] (þmfrv., A. 561).

Á 66., 68., 69., 70., 71., 75., 82. og 87. fundi í Nd., 22., 24., 25., 26. og 29. marz, 2. og 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þetta mál er flutt að beiðni oddvita Gerðahrepps um sölu á landi Útskála til hreppsins. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið hér, en legg til, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

77. Eftirlit með skipum.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum [285. mál] (þmfrv., A. 572).

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Henrýsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. á þskj. 572 til l. um breyt. á l. nr. 52 frá 12. maí 1970, um eftirlit með skipum. Svo sem fram kemur í grg. með þessu frv., flutti ég það á árinu 1968 ásamt Hjalta Haraldssyni, sem þá átti sæti hér á hinu háa Alþ. Á s.l. ári voru samþ. hér á Alþ. ný lög

um eftirlit með skipum, en án þess að tekið væri tillit til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í þessu frv., og tel ég það mjög miður, því að hér er um mikið öryggismál að ræða.

Hér er lagt til, að varðskip ríkisins geti haft uppi eftirlit á hafi úti með öryggisbúnaði skipa og siglingatækjum þeirra. Eins og nú er, eru aðalskoðanir framkvæmdar einu sinni á ári, og er mjög sjaldan um nokkrar aðrar skoðanir að ræða. Reynslan hefur margsinnis sýnt, að töluvert skortir á, að öryggisútbúnaður sé alltaf í lagi, einkum að því er varðar hin minni skip. Það mundi tvímælalaust vera aukið aðhald að því, ef varðskipunum yrði beitt hér til eftirlits. Aðstæður hér við land eru slíkar, að miklar kröfur verður að gera til skipa og alls búnaðar þeirra. En það eitt nægir ekki að gera kröfur og setja reglur, ef þeim er ekki hlýtt, svo sem oft hefur því miður komið í ljós og leitt af sér slys.

Ég benti á það hér í framsögu fyrir frv. þessu árið 1968, að við teldum sjálfsagt, að lögreglumenn athuguðu öryggisútbúnað bifreiða milli aðalskoðana og kærðu vanrækslu í þeim efnum. Mér sýnist ekki síður þörf á slíkum skyndiskoðunum á skipum, þar sem bæði er oftast um fleiri mannslíf að ræða og miklu meiri verðmæti. Auk þeirrar heimildar, sem í frv. felst til varðskipsmanna um skoðun á öryggisútbúnaði, felst einnig í því heimild til bráðabirgðaskoðunar, telji varðskipsmenn augsýnt af siglingu skipsins, að haffærni þess sé ábótavant eða hleðsla ólögleg. Fyrir nokkru var sett reglugerð um hleðslu skipa á síldveiðum, sem hlýtur þó að gilda almennt um hleðslu skipa. Þetta var ekki gert að ástæðulausu, því að menn höfðu ástæðu til að rekja mörg sjóslys beinlínis til ofhleðslu. Síðan reglugerðin var sett hefur töluvert verið um kærur að ræða fyrir ofhleðslu, en þó er ljóst, að þessar reglur eru enn brotnar mjög oft og á grófan hátt. Þannig birtust mönnum daglega dæmi slíkra brota nú fyrir skömmu, er loðnuveiðibátar komu drekkhlaðnir að landi, og var reyndar furðulegt, að rétt yfirvöld skyldu láta slíkt átölulaust og án þess að hafast neitt að. Ef ekki er tekið fast á þessum málum, er til lítils að setja um þessi efni strangar reglur.

Virkasta aðhaldið hér yrði eflaust það, að skipstjórar vissu, að varðskipa væri jafnan von til eftirlits á þessu sviði, og þannig er líka helzt stuðlað að því, að koma í veg fyrir tjón af brotinu. Ég tel, að varðskipsmenn eða yfirmenn varðskipa, sem mundu hafa yfirumsjón með þeim skoðunum, sem framkvæmdar yrðu, séu nú þegar fullfærir um að inna þessi verkefni af hendi. Þessir menn eru bezt að sér og lærðastir íslenzkra sjómanna um þau tæki, sem hér um ræðir, og meðferð þeirra. Það er hins vegar nauðsynlegt, að náið samráð verði milli Landhelgisgæzlunnar og siglingamálastjórnar um framkvæmd þessara mála og settar yrðu nánari reglur um framkvæmd þessa eftirlits og, ef ástæða þætti til, haldið námskeið fyrir áhafnir varðskipa til að gera þær hæfari til að sinna þessu verkefni.

Að lokum vil ég benda á það, að slíkt eftirlit og löggæzla á hafi úti er ekkert einsdæmi, og vil ég í því sambandi benda á bandarísku strandgæzluna, sem mér er tjáð, að hafi sig töluvert í frammi við eftirlit með öryggisútbúnaði skipa.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

78. Vegalög (frv. ÁB o. fl.).

Á 5. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20. maí 1969 [60. mál] (þmfrv., A. 62).

Á 6., 7. og 9. fundi í Ed., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Vestf., fluttum við einnig í fyrra, og það fjallar eingöngu um breytingar á tekjum sýsluvegasjóða. En í 19. gr. vegalaga segir, með leyfi forseta, að sýsluvegir megi eigi vera styttri en 200 m og eigi ná nær býli en 200 m. Hér gætir mikils misræmis, því að sá, sem býr við þá aðstöðu, að vegur hans er 399 m langur, verður að kosta allan veginn sjálfur, en hinn, sem býr við veg, sem er 400 m eða lengri, þarf aðeins að kosta 200 m vegagerð. En í mörgum tilfellum getur verið hér um allmikinn kostnaðarauka að ræða hjá þeim, sem býr við lengri veginn. En till. okkar fjallar um að jafna þennan aðstöðumun, og þetta virðist vera sanngjarnt, því að ég held, að þetta hafi í upphafi, þegar vegalög voru samin, verið mistök, sem ekki hefur síðan fengizt leiðrétting á. En við vitum það, að bændur landsins hafa í mörg horn að líta með framkvæmdir og því er hér um réttlætismál að ræða, sem er hyggilegra að sé kostað af fleiri aðilum en þeim einstaklingum, sem búa við þessa vegi. Ég hygg, að þeir, sem bera hita og þunga dagsins af sýsluvegasjóðunum, hafi síður en svo á móti því, að þarna komist á meiri jöfnuður heldur en nú ríkir samkv. vegalögum.

Önnur breyting í þessu frv. er um heimild fyrir einstakar sýslunefndir að ákveða hækkun á þeim vinnustundafjölda, sem tekjur sýsluvegasjóðanna byggjast á. En nú byggjast sýsluvegasjóðstekjurnar á andvirði þriggja stunda vinnu, en þarna er gert ráð fyrir því í frv., að sýslunefndir hafi heimild til þess að bæta við einum tíma, svo að miðað verði við 4 tíma, ef sýslu-

nefndum sýnist svo. Í 21. gr. vegalaga segir, að hvert hreppsfélag greiði árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins. Hér í frv. er um heimild að ræða fyrir sýslunefndir, en eins og kunnugt er, voru sýsluvegirnir allmikið lengdir við síðustu vegalagabreytingar eða um 653.2 km og eru því nú 2795 km langir. En þetta hefur komið sér mjög illa, þar sem margir þessara vega voru ekki akfærir eða þurfa mikilla endurbóta við, ásamt þeim vegum, er fyrir voru í sýsluvegatölu, sem sumir í það minnsta voru ófærir með öllu. Nokkuð er þetta misjafnt hvað hinar einstöku sýslur þurfa að leggja í framkvæmdir á þessu sviði. T. d. ef maður tekur Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá eru flestir eða allir sýsluvegir í mjög góðu lagi, enda tekjur þeirrar sýslu mun hærri en annars staðar, þar sem fólksfjöldi er þar miklu meiri. Ef maður tekur aftur N.-Þingeyjarsýslu, Strandasýslu og Rangárvallasýslu, þá hafa þessar sýslur allt upp í 200 km langa sýsluvegi, eins og ég áður gat um, og akbrautir sýsluvega eru mjög misjafnar. En ástæður fámennustu héraðanna eru miklu lakari til að rísa undir svo mikilli vegagerð heldur en þar sem meira fjölmenni er og sýsluvegir styttri. Því finnst mér eðlilegt að auka tekjur sýsluvegasjóðanna frá því, sem lög gera ráð fyrir nú, og frv. þetta fjallar um þá hlið vegamála eingöngu, sem snýr að sýsluvegum, og mundi, ef að lögum verður, bæta mikið aðstöðu þeirra héraða, sem verst eru sett á þessu sviði. En á hinn bóginn tel ég, að Vegasjóður muni ekki missa af miklum fjármunum vegna annarra vega, þó að þetta frv. verði samþ., því að hér getur aldrei orðið um nema frekar lítlar upphæðir að ræða fyrir Vegasjóðinn á hans mælikvarða, en kæmi aftur hinum fámennu sýslum að verulegu gagni, þar sem fjárframlög þeirra mundu að sjálfsögðu hækka nokkuð, og þó fer það kannske eftir ýmsum öðrum aðstæðum heima fyrir í héruðunum. Það er alþekkt fyrirbrigði, að sýsluvegasjóðir eða sýslurnar hafa orðið að rísa undir mikilli vaxtabyrði á undanförnum árum til þess að ýta áfram því þjóðvegakerfi, sem er í hlutaðeigandi sýslum. Og ef hægt er að komast hjá því að greiða þessa vexti og taka þannig þátt í þjóðvegakerfinu, þá mundu útgjöld sýsluvegasjóða og sýslnanna sáralítið hækka frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, og kannske lækka í sumum tilfellum.

Till. þessa ber ég fyrst og fremst fram að beiðni sýslunefndar Dalasýslu, en Dalasýsla hefur marga illfæra sýsluvegi að sjá um og með þeim framlögum, sem nú eru veitt í því skyni, mundi taka marga áratugi að byggja upp sýsluvegakerfið þar, auk þess sem mér er vel kunnugt um það, að Dalasýsla hefur haft í mörg horn að líta að því er varðar þjóðvegina og lagt fram árlega, í það minnsta síðasta áratuginn, stórar fjárhæðir í vexti vegna landsbrautanna.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér sammála um það, að nauðsyn sé á að auka fjárframlög til sýsluvega, og ég er til viðræðu, ef aðrar heppilegri leiðir finnast í því skyni, því ég tel þetta vera nauðsyn og höfuðnauðsyn fyrir sýslunefndirnar, sem eiga að sjá um þessa vegi og fjárframlög til þeirra, að aukið fjármagn fáist, svo að hægt sé að ráða bót á því ófremdarástandi, sem víða ríkir í sýsluvegum landsins.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til samgmn. og 2. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi gera að umræðuefni í sambandi við þetta frv. til l. um breyt. á vegalögunum.

Það má segja, að þarna sé um tvö efnisatriði að ræða. Í fyrsta lagi að jafna nokkuð þann aðstöðumun, sem er á einstökum jörðum að því er varðar vegi. Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., þar sem hann greindi frá því, að þarna gæti hlaupið á nokkurri vegalengd, hvað ábúendum hinna einstöku jarða væri gert að annast um, frá 200 m upp í tæpa 400 m. Þetta er að sjálfsögðu rétt. En mér þykir nokkur spurning, hvort það er ekki hentugra form til þess að jafna þennan aðstöðumun, að fela sveitarstjórnunum í hverjum hreppi það verkefni. Ég er því kunnugastur að sjálfsögðu í minni heimasveit, að þar hefur sveitarstjórnin gert það mörg undanfarin ár, að hún hefur af sveitarsjóði haldið við þeim vegaspottum, sem þjóðvegur eða sýsluvegur sér ekki um, heim að bæjunum. Og í raun og veru má segja, að nú orðið sé það miklu meira, sem þarf að gera í þessu efni, heldur en þessi vegalengd, þessir allt að 400 m segja til um. Eins og nú er orðið háttað um aðdrætti að öllum bújörðum í landinu, þá er það á hverjum einasta degi sem stór og þung vörubifreið kemur heim á bæina, og hún þarf víðast hvar að hafa aðstöðu til þess að geta snúið sér við, og til þess að það sé hægt, hvenær sem er, þá þarf að undirbyggja þau plön mjög vel heima á bæjunum. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hversu kostnaðarsamt það er að ná í ofaníburð ofan í vegi, hvað þetta verður tilfinnanlegt, og ég hygg, að það séu ekki aðrir aðilar, sem eru færari um að meta það, hvar þörfin er mest, heldur en sveitarstjórnirnar í hinum einstöku hreppum.

Ég er ekki með þessum orðum að hafna því skilyrðislaust, að gengið sé eitthvað inn á þessa braut, sem hér er lagt til, en ég tel ástæðu til þess að skoða það samt vendilega, og ég vænti þess, að til þess gefist tækifæri þeirri n., sem þetta mál fær til meðferðar.

Í öðru lagi er þarna ákvæði um að auka nokkuð tekjur sýsluvegasjóðanna með því að sveitarstjórnir skuli leggja fram andvirði fjögurra dagvinnustunda á hvern íbúa. Þetta er að nokkru leyti samofið hinu fyrra atriði, sem ég minntist á. Ættu sveitarstjórnirnar að geta metið, hvort þær teldu koma að meiri notum fyrir íbúa sveitarinnar að efla sýsluvegasjóðina á þennan hátt eða leggja tilsvarandi upphæð til þeirra hluta, sem ég minntist á hér í sambandi við fyrra atriðið, eða til þess að jafna aðstöðuna heima fyrir með eigin ráðstöfunum. Það má vel vera, að aðstaða sýsluvegasjóðanna sé ærið misjöfn í hinum einstöku sýslum í landinu. Ég get trúað því, að svo sé. En heildartölur um þetta efni, sem

hér er getið um í grg., benda til þess, að sýsluvegakerfið muni hafa tæpar 9 þús. kr. á km til uppbyggingar og viðhalds á móti 36 þús. kr. á km, sem þjóðvegakerfið hefur. Og þá byggi ég á þeim tölum, sem hér eru í grg.

Ég er ekki viss um það, að þessar tölur séu svo mjög óhagstæðar fyrir sýsluvegakerfið. Í fyrsta lagi er þess að geta, að sýsluvegirnir bera nú miklu minni umferð heldur en þjóðvegakerfið yfirleitt, þar af leiðandi eru vegirnir mjórri og ódýrari í uppbyggingu og viðhaldi. Það mun líka orka þarna nokkuð mikið á kostnaðarhlutföllin, að það er fátt um stórar og kostnaðarsamar brýr á sýsluvegum, þó að þær séu að vísu til. Með þessum orðum er ég ekki að draga það í efa, að til séu þeir sýsluvegir eða þeir sýsluvegasjóðir í hinum einstöku sýslum, sem hafi þörf fyrir aukningu á sýsluvegafé. En þar sem ég þekki bezt til, þá þykist ég vera þess fullviss, að sýsluvegirnir eru að sínu leyti ekki verr á vegi staddir heldur en þjóðvegirnir. Það segir að sjálfsögðu ekki það, að sýsluvegir hafi ekki þörf fyrir meira fé, — við vitum það, að vegaviðhald þyrfti að vera betra og meira heldur en það er í landinu í heild, — en að þessu marki höfum við treyst okkur að fara og ég ætlast til þess, að sú n., sem fær þetta, samgmn., hún athugi þetta efni einnig.

Mér þótti rétt að láta þessi sjónarmið koma hér fram við þessa umr., áður en frv. færi til n., til þess að það yrði þá athugað betur og nánar þar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af þeim aths., sem hv. 5. þm. Sunnl. gerði við þetta frv.

Það er alveg rétt hjá honum, að það má sjálfsagt haga þessum málum á ýmsa vegu, en meining mín og okkar flm. með þessu frv. er sú, að það beri að stefna að því, hvort heldur um heimreið er að ræða eða aðra sýsluvegi, að kosta það á breiðari grunni en þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða. Ég tel sýsluheildina sterkari aðila til þess að koma þar til móts við hlutaðeigandi en sveitarfélagið, fyrir utan það, að í vegalögum er svo ráð fyrir gert, að sýsluvegasjóðirnir fái að meðaltali 2 kr. úr vegasjóði á móti hverri einni, sem þeir leggja fram sjálfir, þannig að á þennan hátt er hægt að afla sýsluvegasjóðunum meira fjármagns í heild heldur en mundi vera hægt, ef sveitarstjórnir eða sveitarsjóðir ættu að rísa undir heimreiðum. Ég tel, að þetta verði árangursríkari aðferð til þess að leysa þessi vandamál, sem að sjálfsögðu eru allmisjöfn, og mér þykir gott að heyra það, að í Árnessýslu skuli ekki vera neitt verulegt vandamál í þessu sambandi. Það sýnir, að þeir þar hafa haft miklu betri aðstöðu til að koma sínum vegum áfram heldur en margar aðrar sýslur, sem eru fámennari og hafa búið við vonda vegi. Það er alveg rétt, að það er ekki vegalengdin ein, sem segir til um þarfirnar, heldur það ástand, sem almennt ríkir í vegunum.

Hv. þm. sagði það, að yfirleitt væri hægt að komast af með lakari vegi, þar sem sýsluvegir væru, heldur en hið almenna þjóðvegakerfi, mjórri og ekki eins kostnaðarsama vegi, sagði hv. þm. Ég tel það verri vegi, ég tel þá lakari í þessu tilviki heldur en breiðu vegina. Það á kannske ekki við alls staðar, en ef maður ræðir um vegakerfið hér á jörðu, þá hygg ég, að það eigi þó frekar við. Ég vil benda hv. þm. á það, að nú eru allir vegir á landsbyggðinni heim að skólum, félagsheimilum og kirkjum sýsluvegir, og ég hygg, að á öllum þessum stöðum sé mikil umferð og engu minni umferð heldur en almennt um þjóðvegakerfið. Þarna er því ekki hægt að gera mikinn mun á vegum, hvorki sýsluvegum né þjóðvegum, því að reynslan hefur sýnt, að umferðin um þá er í mörgum tilfellum engu minni heldur en á landsbrautum og hraðbrautum. Þarna verður að búa vel um og margir skólarnir þurfa að búa við miklu betra vegakerfi heldur en þeir hafa nú, og sú upphæð, sem var látin fylgja, þegar þessir vegir voru teknir í sýsluvegatölu frá landsbrautunum, segir ekkert til þess að halda þessum vegum við eða endurbyggja það, sem endurbyggja þarf, þar sem aðeins um 1 millj. kr. er að ræða. Ef ég man rétt, er þessi vegalengd bara til skóla, félagsheimila og kirkna, nokkuð á þriðja hundrað km yfir landið allt, þannig að 1 milljón segir ákaflega lítið til þeirra hluta. Og ég held, að ef árangurs á að vænta í vegagerðinni, þá verði þeim árangri fyrr náð með því að fela sýslusjóðunum þessi verkefni heldur en sveitarsjóðum eða sveitarstjórnum, af því að tekjumöguleikarnir í gegnum sýsluvegasjóði eru meiri heldur en hjá sveitarstjórnum að afla fjár í vegagerð, því að eftir því sem ég þekki til varðandi sveitarmálefni, þá held ég, að hvert og eitt einasta sveitarfélag eigi í miklum vanda með að afla fjár hjá þeim fámennu hópum, sem sveitarfélögunum tilheyra, til þeirra lögboðnu útgjalda, sem Alþ. og ríkisvaldið hafa lagt sveitarfélögum á herðar á undanförnum árum. Og þetta hefur orðið erfiðara með hverju ári, sem hefur liðið, og ég held, að við megum gá vel að okkur í því að bæta verkefnum á sveitarfélögin frá því, sem nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá samgmn., á þskj. 821, var útbýtt 5. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

79. Atvinnumálastofnun.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Atvinnumálastofnun [79. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 81 flytjum við allir þm. Framsfl. í þessari hv. d. frv. til l. um Atvinnumálastofnun. Frv. gerir ráð

fyrir því, að það verði komið á fót Atvinnumálastofnun, sem hafi það hlutverk, sem grein er gerð fyrir í 2. gr. frv.: Í fyrsta lagi að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Í öðru lagi að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta. Í þriðja lagi að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins og í fjórða lagi að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála, þá einkum með því að setja um þau mál almennar reglur.

Hliðstætt frv. þessu var flutt einnig af öllum framsóknarmönnum í þessari hv. d. fyrir tveimur árum síðan. Hér er um að ræða eitt af þeim þingmálum, sem við höfum sett fram til að varpa ljósi á stefnu okkar framsóknarmanna í atvinnumálum, og við leggjum þess vegna mikla áherzlu á þetta frv. Þegar frv. þessu líkt var hér til meðferðar fyrir tveimur árum, var því vísað til hv. fjhn. Meiri hl. hennar, fulltrúar hv. stjórnarflokka í n., lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstj. og var það samþ. í d., en minni hl. lagði til, að frv. yrði samþ. Rökstuðningur hv. meiri hl. fjhn. þá fyrir því að vísa þessu máli til ríkisstj. gaf til kynna, að vænta mætti þaðan nokkurra viðbragða. Í nál. meiri hl., þar sem lagt er til, að málinu sé vísað til ríkisstj., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Allri fjárfestingu, sem einhverja þýðingu hefur, er í rauninni þegar „stjórnað“ í þeim skilningi, að í hana verður ekki ráðizt, nema til komi leyfi eða fyrirgreiðsla í einni eða annarri mynd frá einhverjum opinberum aðila. Eru engar líkur á því, að hér verði breyting á í náinni framtíð. Meiri hl. gerir sér vel ljóst, að sú viðtæka stjórn, sem hið opinbera þegar hefur á þessum málum, er ekki svo vel samhæfð og skipulögð, að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem þjóðarbúskapnum má telja mikilvægasta hverju sinni, sitji í fyrirrúmi fyrir öðrum. Að því hefur þó verið unnið með margvíslegu móti í tíð núv. ríkisstj. að koma þessum málum í betra horf. Má þar nefna bæði hinar almennu framkvæmdaáætlanir og áætlanir um uppbyggingu atvinnuvega í einstökum landshlutum, sem nú er unnið að. Fyrir þessu þingi liggur einnig frv. um skipulagningu framkvæmda á vegum hins opinbera, og um s.l. áramót var komið á fót atvinnumálanefndum í einstökum kjördæmum, og er þar að nokkru komið til móts við hugmyndir, sem í frv. eru settar fram. En samt sem áður er þörf frekari aðgerða í þessum málum. Meiri hl. telur að vísu hæpið, að stofnun, sem skipuð er á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að Alþ. og ríkisstj. getur þar engin áhrif haft, sé falið svo víðtækt vald sem lagt er til samkv. frv. Engu að síður erum við þeirrar skoðunar, að æskilegt sé í þessum efnum sem víðtækast samstarf milli stjórnvalda og stéttasamtaka og annarra almenningssamtaka, er málin varða. Allar till., sem í þá átt hníga, teljum við því athugunarverðar og leggjum samkv. því til, að frv. verði vísað til ríkisstj.“

Þessi rökstuðningur, sem ég hér hef lesið, er það jákvæður gagnvart þeim hugmyndum, sem í frv. koma fram, að ætla mætti, að hæstv. ríkisstj. hefði séð ástæðu til að láta eitthvað frá sér heyra um þessi mál á því nærri tveggja ára tímabili, sem liðið er síðan þessu máli var til hennar vísað, en það hefur ekki verið og því þykir okkur tímabært að taka nú málið upp að nýju á hv. Alþ. Meginhugsun frv. er sú, að beitt skuli skipulegum aðgerðum til þess að auka framleiðni og bæta lífskjör og tryggja og treysta atvinnugrundvöllinn í landinu. Þeirri skoðun er nú að vísu hreyft nokkuð í seinni tíð, að sóknin ni til betri lífskjara geti nú farið að linna og í staðinn skulum við stefna að fegurra mannlífi, og kom þetta m. a. fram á nýafstöðnum fundi hjá Alþfl. Þessar hugmyndir heyrast nú erlendis, þar sem iðnvæðing er komin á miklu hærra stig en hér hjá okkur, þar sem atvinnugrundvöllur er miklu traustari en hér er. Hér hefur ekki verið afrekað því á undanförnum árum, að við getum talið okkur standa jafnfætis öðrum Evrópuþjóðum í því efni. Við eigum eftir hér mest af þeirri iðnvæðingu, sem aðrir hafa þegar lokið. Við megum ekki láta það blekkja okkur, þó að bætt aflabrögð um takmarkaðan tíma og hækkað verðlag á erlendum mörkuðum auki okkur tekjur. Við megum ekki túlka það sem varanlegan hagvöxt í okkar þjóðfélagi, og raunar get ég nú ekki séð, að það sé fólgin nein mótsögn í því, að menn vilji bæði leita eftir bættum lífskjörum þjóðarinnar og einnig eftir fegurra mannlífi. En nóg um það. Við hljótum hér um sinn að stefna að bættum og styrktum atvinnugrundvelli í landinu og bættum lífskjörum og aukinni framleiðni með þjóðinni. En með aukinni vinnuframleiðni skapast líka möguleikar til að fást við fjölbreyttari og fleiri verkefni. Ef vinnuframleiðni í landi hér eykst um 2% á ári, þá má gera ráð fyrir því, þar sem við höfum nú í atvinnu um 80 þús. manns í landinu, að á hverju ári verði um 1600 þeirra ofaukið við þau störf, sem þeir hafa unnið, og geti leitað sér nýrra starfa. En þar með er ekki allt sagt um það, hvað mikið þarf að skapa af nýjum störfum, nýjum atvinnugreinum, því að við þetta, sem var nefnt, bætist svo fólksfjölgunin í landinu. Fyrir nokkrum árum gerði Efnahagsstofnunin áætlun um það, hvað starfandi atvinnufólki, sem stofnunin kallaði svo, mundi fjölga í landinu á næstu áratugum. Þessi útreikningur á fjölda atvinnufólks var að vísu gerður á þann hátt, að það var aðeins farið eftir aldursflokkum og síðan tekinn hluti fólks í hverjum aldursflokki, sem áætlað var að byði sig fram til starfa á almennum atvinnumarkaði, en það var 60% unglinga á milli 15—19 ára, 90% karla milli 20—24 ára og 45% kvenna á þeim aldri, 97% karla á aldrinum 25—49 ára og 30% kvenna á þeim aldri og 95% karla milli fimmtugs og 69 ára og 30% kvenna á þeim aldri, þannig að þessi áætlun er að vísu nokkuð gróf, og má gera ráð fyrir því, að hún reynist of há, vegna þess að í framtíðinni muni kannske fleiri unglingar ganga í skóla heldur en nú gera og menn hætti störfum kannske yngri heldur en þeir nú gera. En eigi að síður gefur slík áætlun okkur verulegar bendingar. Samkv. henni er gert ráð fyrir því, að nú á árinu 1970 séu 82 þús. manns starfandi í atvinnu hér á landi. En á árinu 1980 verði sá

fjöldi orðinn rétt um 100 þús. eða 18 þús. fleiri, og á árinu 1990 verði talan mjög farin að nálgast 120 þús. og á árinu 2000 verði hún orðin 146 þús. Af þessu sést, að fjöldi þess fólks, sem hér stundar atvinnu utan heimilis, mun vaxa um nálægt 2000 á ári hverju. Það er því alls ekki of í lagt, þótt fullyrt sé, að hér þurfi að skapast ný störf fyrir a. m. k. 3000 manns á ári næstu ár og áratugi. Við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar, að það gerist ekki af sjálfu sér, heldur sé nauðsynlegt að marka atvinnuvegunum stefnu og gera áætlanir til langs tíma um uppbyggingu þeirra til þess að tryggja atvinnuöryggi þjóðarinnar til frambúðar. Í helztu atvinnugreinum okkar er, eins og nú standa sakir, vandséð, að mörg ný störf skapist á næstu áratugum í landbúnaði og sjávarútvegi. Til þess að svo mætti verða í landbúnaði þyrftu a. m. k. að skapast nýir markaðir, sem við nú ekki sjáum fyrir og má því eins vel gera ráð fyrir því, að fólksfjölgun í landbúnaði geti ekki orðið mikil, heldur megi eins vel vænta þess, að staðið verði nokkuð í stað, þar sem framleiðniaukningin í atvinnuveginum gæti mætt stækkun markaðarins vegna fólksfjölgunar í landinu. Í sjávarútvegi höfum við heldur ekki vald á að auka framleiðslu okkar verulega, því að þar ráða öfl, sem við ekki fáum stjórnað, eins og auðlindir hafsins, sem við að vísu getum haft áhrif á með því að haga skynsamlega sókn okkar í þær og með aðgerðum á alþjóðlegum vettvangi til verndar þessum auðlindum, en gera verður ráð fyrir mikilli framleiðniaukningu á sviði sjávarútvegsins, sem virðist ekki skapa aukið rúm fyrir mjög aukinn fólksfjölda á því sviði, þó að iðnaður, sem byggist á sjávarafurðum, hafi þar að vísu sérstöðu og annað sé um hann að segja.

En því nefni ég þetta, að ég held, að það dyljist fæstum, að það hljóti einkum að falla í hlut iðnaðarins að skapa arðbær verkefni fyrir þá miklu fólksfjölgun, sem fram undan er á næstu árum. En í iðnaðarmálum er stefna okkar Íslendinga því miður mjög óljós. Við álítum, að þá stefnu verði að marka eins og raunar stefnu á öðrum sviðum atvinnulífsins. Því heyrist oft haldið fram og þá sérstaklega af þeim, sem eru ekki málunum mjög kunnugir, að stóriðja gæti verið ein meginuppistaða í iðnvæðingu landsins. Ég skal vera manna seinastur til þess að halda því fram, að orkufrekur iðnaður eigi ekki rétt á sér með þjóð, sem býr í landi mikilla orkulinda, eins og við gerum, en okkur er hollast á þessu sviði eins og öðrum að horfast í augu við staðreyndirnar eins og þær eru. Hvernig gæti sú stóriðja verið, sem við gætum byggt upp hér á landi? Ef við notuðum alla þá raforku, sem hægt er að framleiða hér í landinu og talið er, að hægt sé að framleiða á það hagkvæman hátt, að hún yrði nýtt í þessu skyni, þá mundum við geta framleitt um 20 þús. gígawattstundir á ári, en miðað við það að fyrir hverja kwst., sem seld yrði, fengjust 3 mill, sem er 20% hærra verð heldur en samið var við álverksmiðjuna um, þá mundu bruttótekjur af þessu nema 5.3 milljörðum kr. á ári. En sú fjárfesting, sem nauðsynleg væri í landinu til þess að nýta þetta, væru verksmiðjur, og ef draga má ályktanir af álverksmiðjunni, og það má vegna þess, að hlutföllin í þessum orkufreka stóriðnaði eru nokkuð svipuð, þá mundi þurfa að byggja verksmiðjur, sem kostuðu 75 milljarða kr., og virkjanir, sem kostuðu 30 milljarða kr., eða samtals nokkuð á annað hundrað milljarða kr. Ef menn minnast nú þess, að allur þjóðarauður Íslendinga eins og hann er í dag eftir nýja fasteignamatið er um 125 milljarðar kr. eða ósköp svipuð upphæð þessu og þar af er kannske um þriðjungurinn í atvinnutækjum, hitt í opinberum framkvæmdum og íbúðarhúsum, þá er hér um að ræða fjárfestingu, sem er þreföld öll sú fjárfesting, sem nú er í atvinnutækjum á Íslandi. Það er ljóst, að við Íslendingar ráðum ekki við slíka fjárfestingu og að flytja inn fjármagn í svo stórum stíl, hvort sem væri sem áhættufé eða lánsfé, væri að sjálfsögðu að stefna efnahagslegu og þar með einnig stjórnmálalegu sjálfstæði þjóðarinnar í tvísýnu. Hvað hefðist svo upp úr þessu? Upp úr þessu hefðist bruttóútflutningur að verðmæti um 50 milljarðar kr. á ári, en af því yrðu aðeins eftir í landinu um 10 milljarðar kr., sem er greiðsla fyrir rafmagn, vinnuafl og skatta. Hitt færi annað. Þessi upphæð er aðeins um fjórðungur af núverandi þjóðartekjum Íslendinga, og við þetta sköpuðust störf fyrir um 10 þús. manns, sem aðeins er þriggja til fjögurra ára fjölgun á íslenzkum vinnumarkaði. Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta eða ræða mikið um framtíð iðnaðarins, stefnuna í iðnaðarmálum og iðnaðaruppbygginguna, því að við höfum, nokkrir framsóknarmenn, flutt í hv. Sþ. till. um, að gerð yrði 10 ára áætlun um iðnþróun í landinu. Slíkt verkefni væri að sjálfsögðu verkefni þeirrar stofnunar, sem hér er flutt frv. um, ef hún hefði verið orðin til, en þar sem gera verður ráð fyrir, að þó að frv. þetta fengi vinsamlega afgreiðslu, þá hefði stofnun hennar nokkurn aðdraganda, þá þótti okkur ekki fært annað en leggja til, að þegar yrði hafizt handa um gerð þessarar iðnþróunaráætlunar. En hér er svo gert ráð fyrir því, að langtímaáætlanir verði gerðar í öllum atvinnuvegum þjóðarinnar, og þar sem slíkar áætlanir eru í eðli sínu þannig, að þær verða að vera í stöðugri endurskoðun, þá mundi það einmitt verða hlutverk þessarar stofnunar að hafa slíka stöðuga endurskoðunarmeðferð með höndum.

Samkv. 2. tölul. í 2. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, að gerðar séu framkvæmdaáætlanir innan ramma langtímaáætlananna, framkvæmdaáætlanir í atvinnuvegunum hliðstætt því, þó kannske nokkuð ýtarlegar, sem gert hefur verið fyrir opinbera „sektorinn“ í þeim framkvæmdaáætlunum eða drögum að framkvæmdaáætlunum, sem gerðar hafa verið öðru hverju á undanförnum árum. Framkvæmdaáætlanir eru að okkar viti mjög nauðsynlegar, og það kemur raunar fljótt í ljós, ef maður skoðar þær skýrslur um fjárfestinguna í landinu, sem fyrir liggja, að hún er ákaflega sveiflukennd. Ég er hér með fyrir framan mig tölur um fjárfestinguna í ýmsum atvinnugreinum sl. 11 ár og þar kemur í ljós, að það er ekki bara heildarfjármunamyndunin, sem sveiflast mjög frá ári til árs, frá því að vera

eitt árið 23.6% af þjóðarframleiðslunni og upp í það að vera 36.5% af henni, án þess að um sé að ræða nokkrar óeðlilegar breytingar á þjóðarframleiðslu, sem við er miðað. Hitt er miklu augljósara, hve sveiflurnar eru miklar í einstökum atvinnugreinum og þá kannske alveg sérstaklega í fiskveiðum og fiskiðnaði. Þegar litið er á tölurnar fyrir þessar greinar, kemur í ljós, að mjög mörg undanfarin ár hefur fjárfestingin verið miklu minni en svo, að þar geti verið um að ræða eðlilega endurnýjun, ef miðað er við það heildarfjármagn, sem bundið er í þessum greinum, en aftur önnur ár er fjárfestingin kannske sexföld eða áttföld það, sem hún er, þegar hún er minnst.

Það er augljóst, að þegar fjárfestingin sveiflast þannig, þá er hún ekki byggð á neinum áætlunum, ekki byggð á neinu fyrir fram gerðu plani. Það er rokið til og ráðizt í fjárfestingu, þegar mönnum virðist það kleift, af því að það hefur skyndilega hlaupið á snærið og komið einhvers staðar peningur eða einhvers staðar tekizt að kría út lán. Það verður ekki annað séð en hér sé um að ræða „spekúlatíva" fjárfestingu, sem tæpast getur verið hagkvæm miðað við hitt, ef hún væri gerð samkv. áætlunum, jöfn endurnýjun og jöfn aukning frá ári til árs. Við höfum dæmi um þessa „spekúlatívu" fjárfestingu, sem ég hirði ekki um að telja mörg af, en ég vænti þess, að hv. þm. muni eftir því t. d., að fyrir nokkrum árum, þegar saltfiskframleiðslan var sem hagkvæmust í hlutfalli við aðra framleiðslu, risu upp í einum kaupstað hér söltunarstöðvar, sem urðu fleiri en bátarnir, sem þar lögðu upp. Slíkar fjárfestingar eru á margan hátt óhagkvæmar, þær eru oft verr undirbúnar en skyldi og það vilja allir hlaupa til í einu og keppa um þá takmörkuðu möguleika, sem fyrir hendi eru. Þeir möguleikar geta takmarkazt af mörgu, þeir geta takmarkazt af t. d. sérfræðingum, ef um sérstakt svið er að ræða og mörgu öðru, sem gerir það að verkum, að möguleikarnir eru takmarkaðir og margir, sem um þá keppa.

Frv. gerir einnig ráð fyrir því, að framkvæmdaáætlanir nái til atvinnuuppbyggingar í einstökum byggðarlögum, enda er í 3. tölul. 2. gr. gert ráð fyrir því hlutverki stofnunarinnar, að hún geri ráðstafanir til þess að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Það er alkunna, að atvinnuöryggi er næsta lítið og hefur lengi verið næsta lítið í mörgum byggðarlögum þessa lands og raunar um hríð í landinu öllu. Atvinnuleysi er viðloðandi á mörgum stöðum, ekki sízt norðanlands og austan, og þegar verulega að kreppir, er oft reynt að bregða við með einhverjar skyndiráðstafanir til þess að leysa vandann. Slíkar ráðstafanir eru oft lítt undirbúnar, kannske vanhugsaðar, og koma sjaldnast að varanlegu haldi. Við viljum með okkar till. hér í þessu frv. leggja áherzlu á, að unnið sé skipulega að því að tryggja varanlega atvinnugrundvöllinn í öllum byggðarlögum landsins, og við teljum raunar, að það sé ákaflega mikil nauðsyn á því, að við reynum að gera okkur sem gleggsta grein fyrir því, hvaða atvinnurekstur á í framtíðinni að verða stundaður í einstökum byggðarlögum landsins. Ég geri ráð fyrir því, að fleiri en ég hafi orðið varir við þann vanda, sem arkitektar okkar og skipulagsfræðingar komast í, þegar þeim hefur verið falið að skipuleggja eitthvert þorp eða þéttbýlisstað og þeir spyrja: Hvaða atvinnurekstri eigum við að gera ráð fyrir? Þá hefur þeim sjaldnast tekizt að fá skynsamleg svör við því, enda ekki von, því að áætlanir um þau efni liggja yfirleitt ekki fyrir.

Nú er það ljóst, að við verðum í vaxandi mæli að leggja áherzlu á bætt skipulag í landinu, skipulagslöggjöf okkar nær aðeins til kaupstaða og þéttbýlisstaða, en auðvitað er óviðunandi annað en skipulagsstarfsemi nái til landsins alls, en hún verður að byggjast á atvinnupólitík og þess vegna verður að vera mörkuð stefna í atvinnumálum þjóðarinnar. Við leggjum því til, að í þessum efnum verði tekin upp ný vinnubrögð, skipuleg áætlunargerð til langs tíma eða framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma og áætlanir um atvinnuuppbyggingu í einstökum landshlutum. Við leggjum hér, eins og ég hef verið að rekja, mikla áherzlu á áætlanagerð. En til hvers ætlum við að gera áætlanir? Ætlum við að gera þær okkur til skemmtunar, eins og þegar verið er að spá í spil, til þess að finna út, hvað framtíðin ber í skauti sér? Það er ekki. Við lítum ekki á þetta sem einhvers konar upplýsingaþjónustu um umhverfi framtíðarinnar, eins og veðurspá eða eitthvað því um líkt, heldur á hér að okkar dómi að vera á ferðinni skilgreining markmiða okkar, skilgreining þeirra markmiða, sem við stefnum að í atvinnumálunum og vörðun þeirra leiða, sem við ætlum að fara til þess að ná þeim markmiðum. Okkar skilningur er sá, að það sé nauðsynlegt að stýra þjóðfélagsmálunum eftir þeim áætlunum, sem gerðar eru. Þess vegna teljum við nauðsynlegt, að fjárfestingunni sé stjórnað, og raunar er það ekki orðið eins almennt vefengt eins og áður var, samanber þá tilvitnun, sem ég gerði hér í upphafi máls míns í nál. hv. meiri hl. fjhn. frá því í hitteðfyrra. En við teljum, að sú fjárfestingarstjórn eigi að fara fram með töluvert öðrum hætti heldur en gert var hér á árunum, þegar Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu forustu í ríkisstj., á árunum 1947 og þar eftir í fjárhagsráði, sem þá var komið á fót, þegar þjóðfélagsþegnarnir urðu að mæta með umsóknir og beiðnir til þess að fá að gera sína hluti. Við ætlumst til, að það séu settar um hlutina almennar reglur í samræmi við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, t. d. er í frv. gert ráð fyrir því, að það sé hægt að banna algerlega tiltekna tegund fjárfestingar, um takmarkaðan tíma eins og t. d. Svíar hafa gert og hefur reynzt þar vel. Ég geri ráð fyrir því, að þegar menn athuga, að á undanförnum 5 árum, á árunum frá 1965—1969, hefur fjárfesting í verzlunarbyggingum t. d. verið töluvert miklu meiri en í öllum fiskiðnaði, þá kynnu menn að geta sætzt á, að það væri ekki nein goðgá, ef nauðsyn bæri til, að dregið yrði úr þeim tegundum bygginga, enda nokkuð af þeim nú, sem standa tómar hér og þar.

Ég skal svo koma að því, hvernig við hugsum okkur stjórn þessarar stofnunar samkv. 5. gr. frv. Að vísu vil ég taka það fram, að okkur er

það fyrirkomulag, sem þar er gerð till. um, ekki svo óskaplega fast í hendi, að við séum ekki reiðubúnir til þess að ræða um einhverja aðra tilhögun á því, ef mönnum þætti betur henta, en aðalhugmyndin er sú, að í stjórn þessarar stofnunar yrði vettvangur fyrir samstarf milli atvinnuveganna og ríkisvaldsins til þess að marka þá stefnu, sem þarf að marka í atvinnumálunum. Frv. gerir þess vegna ráð fyrir því, að í stjórn þessarar stofnunar sé þriðjungurinn frá ríkisvaldinu, kosinn af Alþ., þriðjungurinn frá atvinnurekendum og þriðjungurinn frá samtökum starfsmanna við atvinnureksturinn.

Það hefur víða um lönd, þar sem stofnanir af þessu tagi hafa verið settar á stofn, verið lögð megináherzla á einmitt að skapa samstarf þessara aðila um stefnumörkunina og áætlanagerðina. Ég hef nú því miður ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér eins vandlega eins og ég hefði viljað tilhögun slíkra mála í nágrannalöndum okkar, en það rifjaðist upp fyrir mér, að fyrir allmörgum árum kom hér norskur bankastjóri, sem flutti erindi um samstarf ríkisins og atvinnulífs í sambandi við stefnumörkun í atvinnumálum og áætlanagerð, og erindi hans var birt í Fjármálatíðindum. Það eru liðin 6 ár síðan, svo að þetta eru nú ekki nýjar fréttir, en samt ómaksins vert að rifja þetta aðeins upp. Það var dr. Lindebrække, norskur bankastjóri, sem flutti erindi um þetta í Háskóla Íslands sumarið 1964. Hann sagði þar frá ýmsum nefndum og stofnunum og ráðum í ýmsum löndum, sem sett höfðu verið á stofn til þess að auka samstarf atvinnuvega og ríkisvalds í þessu skyni og segir m. a. frá athugunum, sem norsk stofnun hafði gert um þetta, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar athuganir sýna, að til eru í fjölda landa stofnanir, sem hafa þau verkefni að auka samstarf milli ríkis og atvinnulífs. Þetta á t. d. við um Holland, Frakkland, England, Austurríki og Danmörku. Og það á við um öll lýðræðislönd, að mikill áhugi er ríkjandi fyrir þeim vandamálum, sem hér er um að ræða, og víða áætlanir um að koma á fót hliðstæðum stofnunum.“

Síðan segir hann frá því, að norska ríkisstj. sé um þær mundir, þegar þessi fyrirlestur var fluttur, að koma á fót nefnd, sem á að hafa það hlutverk að setja fram skoðanir um eftirtalin atriði:

1. Aðalstefnuna í fjögurra ára framkvæmdaáætlunum, sérstaklega að því er varðar notkun hinna búskaparlegu gæða og forgang framkvæmda. Aðalstefnuna í þjóðfélagsframkvæmdum yfir enn lengri tíma.
2. Framkvæmd framkvæmdaáætlananna, þar með taldar nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja framgang þeirra og nauðsynlegar endurskoðanir á áætlununum.
3. Aðalstefnuna í sérstökum áætlunum um einstaka þætti efnahagslífsins.
4. Þýðingarmikil undirstöðuatriði varðandi framkvæmdir á ákveðnum svæðum.
5. Framleiðnimál.
6. Stefnuna í efnahagsmálum og önnur veigamikil atriði við áætlanagerð til styttri tíma.

Ráðið á að vera ráðgefandi, og álitsgerðir þess eiga að jafnaði að vera samþykktar einróma. Ráðið getur þó með ⅔ hlutum atkv. gert samþykktir, sem beint er til fjmrn. Sé um mismunandi álit að ræða, skal ráðið einnig gera grein fyrir minnihlutaáliti.

Hér virðist mér vera athyglisvert, hvað hlutverk þessarar nefndar eða ráðs er líkt því, sem við höfum gert ráð fyrir í Atvinnumálastofnuninni. Að vísu virðist mönnum kannske í fljótu bragði, að það sé nokkur munur á, þar sem þarna er um að ræða ráð, sem á að vera ráðgefandi, en Atvinnumálastofnunin í okkar frv. hefur hins vegar nokkuð víðtækt vald. Ég vil þó benda á, að því valdi eru þau takmörk sett, að það er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. til staðfestingar þær áætlanir, sem Atvinnumálastofnunin hefur gert og ætlar að vinna eftir. Hið raunverulega vald er þess vegna í höndum Alþ. eins og vera ber.

Þetta norska samstarfsráð, sem dr. Lindebrække var að segja frá og ég var að lesa upp áðan er skipað 21 manni. Af þeim eiga 5 að vera fulltrúar stjórnvalda, 5 fulltrúar rannsóknarstofnana, 11 eiga að vera fulltrúar atvinnulífsins. Af þessum 11 eru 5 fulltrúar iðnaðar, verzlunar, siglinga og lánastofnana í eigu einkaaðila, tveir eru fulltrúar landbúnaðar og sjávarútvegs, 3 norska alþýðusambandsins og einn fulltrúi frá norsku samvinnufélögunum. Hér er einnig athyglisvert, að þetta samstarfsráð, sem þarna er gert ráð fyrir, er eins og í okkar frv. að meiri hluta til skipað fulltrúum frá atvinnuvegunum, en einnig fulltrúum stjórnvalda og opinberra aðila. Þarna er lögð megináherzla á það, eins og við gerum líka, að skapa samstarfsvettvang fyrir fulltrúa atvinnulífsins og ríkisvaldið.

Það er skoðun okkar flm., að fram þurfi að fara endurskipulagning á því kerfi, sem nú er ætlað að hafa áhrif á fjárfestingu hér í landinu, þ. e. a. s. ýmsar stofnanir og þá fjölmörgu sjóði, sem veita fé til framkvæmda í landinu og áreiðanlegur maður sagði mér fyrir skömmu, að mundu vera a. m. k. 18, og við erum alveg sammála því, sem fram kemur í nál. fjhn. frá því í hitteðfyrra um það, að það er mikil nauðsyn á því, að það fari fram nánari samræming, og þessi starfsemi eins og hún er nú er ekki svo vel samhæfð og skipulögð, eins og þar segir, „að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem þjóðarbúskapnum má telja mikilvægasta hverju sinni, sitji í fyrirrúmi fyrir öðrum.“ Um þetta þykir okkur gott að vita, að hv. meiri hl. fjhn. er okkur sammála. Við teljum þess vegna, að þetta flókna kerfi þurfi að endurskoða með tilliti til þess að samræma það og sameina það, og þess vegna er ekki í okkar frv. gert ráð fyrir því, að sett yrði upp sérstakt nýtt skrifstofubákn fyrir þessa stofnun, heldur er í 6. gr. heimild fyrir stjórn Atvinnumálastofnunarinnar til þess að semja við starfandi ríkisstofnun um að annast skýrslu- og áætlanagerð og afgreiðslu mála fyrir stofnunina eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar. Það er hins vegar ekki á þessu stigi farið frekar út í það, hvaða starfandi stofnun þetta skuli gera, því að við væntum þess, að það geti mjög fljótt orðið samkomulag um, að það yrði látin fara

fram veruleg endurskipulagning á þessu kerfi, og þá kemur þetta líka til athugunar. Sú skipulagsstarfsemi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. er þess eðlis, að hún miðar að aukinni hagkvæmni. Hún miðar þess vegna að kostnaðarlækkun í þjóðfélaginu og sá kostnaður, sem gert er ráð fyrir, að af því leiði að setja þessa stofnun á fót, er í því sambandi algert aukaatriði.

Þetta frv. er, eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, flutt til þess að varpa ljósi á stefnu okkar framsóknarmanna í atvinnumálum og fjárfestingarmálum. Við teljum ekki, að það eigi að láta kylfu ráða kasti um framtíðarafkomu þjóðarinnar. Ýtarleg áætlunargerð til stefnumörkunar og skipuleg framkvæmd þeirra áætlana er mesta nauðsyn okkar á þessu sviði nú um þessar mundir. Breytt stefna er þess vegna að okkar mati nauðsynleg til þess að tryggja sem beztan ávöxt af auðlindum landsins og vinnu og starfi þjóðarinnar.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til þess að gera grein fyrir afstöðu hæstv. ríkisstj. til þessa máls, sem hún er nú búin að hafa til athugunar um alllangt skeið, enda hef ég til slíks ekkert umboð. En ég átti sæti í fjhn. á þeim tíma, þegar frv. þetta var fyrst lagt fyrir Alþ. fyrir um það bil tveimur árum, og stóð því að meirihlutaáliti því, sem hv. flm. hér gerði nokkra grein fyrir, og sé ég því ástæðu til þess að segja hér fáein orð um afstöðu mína til þess máls. Ég fylgdi flm. þá hálfa leið, eins og fram hefur komið. Þó að töluvert vatn hafi að vísu runnið til sjávar síðan, þá er afstaða mín í þessu efni í meginatriðum óbreytt frá því, sem þá var.

Ég sagði, að ég hefði fylgt þeim hv. framsóknarmönnum, sem þetta mál hafa flutt, hálfa leið, og skal ég því í sem stytztu máli gera grein fyrst fyrir þeim atriðum, sem ég er þeim sammála um og snerta þetta mál, og því næst þeim atriðum, sem ég er þeim ekki sammála um og í frv. felast.

Í fyrsta lagi er ég því auðvitað sammála, að stefna beri að því að tryggja sem bezt atvinnuöryggi, og í öðru lagi að vinna að því, að hið takmarkaða fjármagn, sem við höfum þó alltaf yfir að ráða miðað við fjárfestingarþörfina, nýtist sem bezt, þannig að þær fjárfestingar séu látnar sitja í fyrirrúmi, sem mest aðkallandi eru taldar. Þessu hygg ég nú, að út af fyrir sig geti allir verið sammála. En ég er reiðubúinn til þess að fylgja þeim a. m. k. einu skrefi lengra áleiðis, nefnilega að taka undir það, að til þess að svo megi verða, að atvinnuöryggi sé tryggt og fjármagnið nýtt á sem hagkvæmastan hátt, sé óhjákvæmilegt að taka upp heildarstjórn fjárfestingarmála, eins og það er orðað í frv. hjá hv. flm., eða heildarstjórn fjárfestingar í einni eða annarri mynd. Varðandi þetta atriði vil ég þó taka fram, að afdráttarlaust mundi ég vera sama sinnis og þeir, ef orðalaginu á þessu, heildarstjórn fjárfestingarmála, væri snúið við, þannig að talað væri um stjórn heildarfjárfestingar fremur en heildarstjórn fjárfestingar. Á þessu er töluverður blæmunur, því að þegar talað er um heildarstjórn fjárfestingar, þá veit maður ekki með vissu, hvort átt er við stjórn á heildarfjárfestingum eða ýmsum tækjum, þar sem stjórnunin er framkvæmd óbeint eða stjórn fjárfestingar í einstökum atriðum, þannig að tiltekin fjárfesting sé t. d. háð leyfaveitingum o. s. frv. En stjórn á heildarfjárfestingu á einn eða annan hátt er nauðsynleg. Ef hún er ekki fyrir hendi, getur annars vegar verið hætta á því, að fjárfesting verði svo lítil, t. d. á kreppu- og samdráttartímum, að hætta sé á tilfinnanlegu atvinnuleysi, og á hinn bóginn, að fjárfesting geti á þenslutímum orðið svo mikil, að af því leiði verulega verðbólguhættu, sem setji efnahagskerfið meira eða minna úr skorðum.

Hitt getur svo auðvitað verið álitamál, hvernig þessa stjórn á heildarfjárfestingu skuli framkvæma. Vera má, að það orðalag, sem hv. flm. einmitt nota, þegar þeir tala um, að þessa heildarstjórn skuli einkum framkvæma með því að setja um fjárfestingarmálin almennar reglur, geti bent til þess, að þeir séu mér a. m. k. að nokkru leyti sammála, enda kom það fram hjá hv. frsm., að hann taldi ekki, að heppilegt væri að taka upp sams konar skipan eins og þegar fjárhagsráð sat að störfum á sínum tíma, þegar leitað var leyfis fjárhagsráðs til nærri því hvaða fjárfestingar sem var og hversu smávægileg sem hún var. En stjórn á heildarfjárfestingu má framkvæma án þess að um nokkrar slíkar leyfaveitingar eða beinar takmarkanir sé að ræða, með því að setja fjárfestingunni almennar skorður, sem beinir henni inn á þá braut, sem æskileg er talin hverju sinni.

Um þessi atriði er ég hv. flm. sammála. En þá kem ég að þeim atriðum, sem ég er þeim ekki sammála um og valda því, að ég gæti ekki undir neinum kringumstæðum fylgt þessu frv. óbreyttu, og skal ég nú víkja að þessum atriðum með fáeinum orðum.

Það er í fyrsta lagi, að hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að slíkar heildaráætlanir séu gerðar til langs tíma. Nú var það svo á s.l. áratug þessarar aldar og fram á þann, sem nú er að ljúka, að þessar áætlanir til langs tíma voru mjög í tízku og teknar upp í fjölmörgum löndum, ekki einungis austan járntjaldsins, þar sem slík áætlunargerð er beinlínis grundvöllur þjóðarbúskaparins, heldur einnig í mörgum löndum vestan járntjalds, eins og hv. flm. líka drap á. Á allra síðustu árum hefur þróunin hins vegar orðið sú, eftir því sem ég bezt veit, að menn hafa tekið miklu neikvæðari afstöðu til þessara fjárfestingaráætlana til langs tíma, þannig að ég held, að það sé ekki ofsagt, að þróunin hefur í miklu ríkara mæli gengið í þá átt að leggja minni áherzlu á þessar áætlanir til langs tíma, en þá meiri áherzlu á áætlanir til skamms tíma, og það er að mínu áliti athyglisvert, að það er ekki eingöngu varðandi þær fjárhagsáætlanir, sem gerðar eru í löndunum vestan járntjalds, sem þessi þróun hefur orðið, heldur einnig í Sovétríkjunum, þannig að þær áætlanir, sem þeir þar gera nú til lengri tíma, eru miklu lauslegri heldur en áður var, en þá lögð meiri áherzla á að framfylgja áætlunum, sem gerðar eru til skemmri tíma,

eins árs eða svo. Og ástæðan til þess, að þróun viðhorfa hefur orðið þessi, er sú, að reynslan hefur kennt mönnum, að óvissan um framtíðina hlýtur alltaf að vera svo mikil að gera má ráð fyrir því, að áætlanir, sem eru til lengri tíma, — og nú er það auðvitað álitamál, hvað sé langur og hvað skammur tími, — en áætlanir, sem eru þó ekki sé nema 5 ár fram í tímann, hvað þá lengra fram í tímann, eiga á hættu að kollvarpast allar að meira eða minna leyti, vegna þess að óvæntir atburðir kunna að gerast, sem engin von var, að yrðu séðir fyrir á þeim tíma, sem áætlanirnar voru gerðar. Og eigi þetta við í iðnaðarlöndunum, — en einmitt þau lönd, sem slíkar áætlanir gera, eru fyrst og fremst iðnaðarlönd, — þá ætti þetta sjónarmið að hafa meira gildi hér hjá okkur, þar sem óvissan um framvindu efnahagsmálanna hlýtur að verða miklu meiri, vegna þess hve við byggjum í ríkum mæli, eins og kunnugt er, á stopulum sjávarafla og stopulu markaðsverði á heimsmarkaðinum. Þetta er nú fyrsta atriðið.

Í öðru lagi, eins og ég raunar hafði nú þegar gefið í skyn, þá tel ég, að sú stjórn fjárfestinga, sem í sjálfu sér er æskileg og jafnvel nauðsynleg, eigi í miklu ríkara mæli að vera í þeirri mynd, að fjárfestingunni séu settir ákveðnir rammar, t. d. með ákvörðun vaxta, lánskjara, fyrirgreiðslu um lánaveitingar og samvinnu lánastofnana og þeirra opinberu aðila, sem að öðru leyti fjalla um fjárfestingarmál, heldur en gerðar séu áætlanir um tilteknar framkvæmdir, sem eigi að ljúka á svo og svo löngum tíma. Að vísu felst ekki í þessu, að ekki geti verið réttlátt og jafnvel nauðsynlegt að gera slíkar áætlanir á einstökum sviðum, t. d. um skólabyggingar fram í tímann o. s. frv., en ég hygg, að þar sem langt hefur verið farið út á þá braut að gera mjög víðtækar áætlanir af þessu tagi, þá hafi reynslan ekki orðið góð.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vitna til reynslu Breta í þessu efni, sem ég hef átt kost á að kynna mér nokkuð, þegar ég á s. l. sumri og næsta sumar þar áður dvaldi um skeið í Bretlandi. Og þó að það komi kannske einkennilega fyrir sjónir, þá var það stjórn íhaldsflokksins brezka, sem fyrst hófst handa um það að gera þjóðhagsáætlanir fyrir Bretland. Það var upp úr 1960. Þá var því haldið fram, að ástæðan til þess, að hagvöxtur var allmiklu meiri í Frakklandi heldur en hafði verið í Bretlandi um árabil, væri sú, að Frakkar hefðu slíkar þjóðhagsáætlanir, en Bretar ekki. En svo fór nú, þó að sökin á því hvíli nú kannske ekki einvörðungu á þeim, sem framkvæmd þessarar áætlunar höfðu með höndum, að næstu árin eftir að þær voru komnar til framkvæmda minnkaði hagvöxtur í Bretlandi, en óx ekki. Nú er ekki vafi á því, að utanaðkomandi óviðráðanlegar ástæður hafa kannske átt í þessu meiri eða minni þátt. En að því hafa verið færð rök, að þær áætlanir, sem gerðar voru, hafi síður en svo verkað örvandi á efnahagsþróunina, — ekki þannig að skilja, að einkaaðilar hafi tekið þessum áætlunum illa, þvert á móti mun hafa verið góð samvinna milli þeirra stjórnvalda, sem áætlanirnar framkvæmdu, og einkaaðila. En þar var um að ræða ríka tilhneigingu til þess í fyrsta lagi, að þeir einkaaðilar, sem ætlazt var til, að tækju þátt í þessum framkvæmdum og væru studdir til þess, höfðu fyrir fram sérstaka tilhneigingu til þess og í ríkara mæli en ella að varpa öllum sínum áhyggjum upp á ríkið og segja, að þessar áætlanir væru liður í heildarframkvæmdaáætluninni og þess vegna bæri ríkinu skylda til þess að sjá fyrir því, að þær kæmust í framkvæmd. Í öðru lagi, og þá kemur til óvissan um framtíðina, kom það auðvitað í ljós um margar af þessum áætlunum, sem gerðar voru, að vegna breyttra aðstæðna var ekki lengur þarna um skynsamlega fjárfestingu að ræða, en áætlunin verður nú sá grundvöllur, sem einkafyrirtækin byggja sínar ákvarðanir á, þannig að þau mistök, sem orðið hafa þannig í þessum opinberu áætlunum, breiðast til þeirra þátta efnahagslífsins, sem eru í einkarekstri. Ég tel því, að undir öllum kringumstæðum beri að gera löggjöf, sem um þessi efni kynni að vera sett, þannig úr garði, að sveigjanleikinn verði sem allra mestur.

Í öðru lagi tel ég, að framkvæmd þessara mála beri að skipa á annan veg heldur en hér er lagt til. Að sjálfsögðu er rétt að hafa samráð í þessu efni við stéttasamtökin eða sveitarstjórnayfirvöld í hverjum landshluta o. s. frv. En eftir því sem ég veit bezt er það þó yfirleitt þannig í nágrannalöndunum, að fyrirkomulag þessara mála er í meginatriðum öfugt við það, sem hér er lagt til, að það séu þessir mismunandi aðilar, stéttasamtök, o. s. frv., sem hafa yfirstjórn þessara mála með höndum, en hafi hins vegar samráð við efnahagssérfræðinga og stofnanir, sem láta slíka þjónustu í té. Að því er ég bezt veit, er þessu öfugt farið í nágrannalöndunum, en það eru efnahagsmálastofnanirnar, sem áætlanirnar gera, og hafa svo samráð við þessa aðila, og ég hjó eftir því, að það kom fram í ræðu hv. flm., þegar hann talaði um norska fyrirkomulagið í þessum efnum, að hann talaði um samstarfsráð, sem skipað er fulltrúum stéttasamtaka o. s. frv. Ég held, að það séu hinar opinberu stofnanir, sem áætlanirnar gera. Ég veit ekki, hvort það mundi vera til mikilla bóta að leggja þessa áætlun fyrir Alþ., til endanlegrar samþykktar. Í Noregi er það ekki þannig, að því er ég bezt veit. Áætlunin er að vísu lögð fyrir Stórþingið, en Stórþingið ræðir hana aðeins, en hvorki samþykkir hana né hafnar. Hér er um að ræða þannig verkefni, að ég held, að löggjafarþingin séu ekki fær um það að semja endanlegar áætlanir. Hér er nauðsynlegt fyrst og fremst að hafa yfirlit yfir efnahagskerfið í heild. En á löggjafarsamkomunum vill það gjarnan vera þannig, að hver otar fram sínum tota og hæpið, að heildarniðurstaðan, sem af slíkri togstreitu verður, verði þá heppileg.

En ég skal nú ljúka máli mínu, enda komið að lokum fundartímans, hvað sem þessu líður. Þótt ég telji þetta frv. þannig úr garði gert, að ekki geti komið til greina að samþykkja það, nema með mjög verulegum grundvallarbreytingum, þá tel ég, að það beri mjög að virða í sjálfu sér af hálfu þeirra hv. framsóknarmanna, að hér er gerð tilraun til þess að gera ákveðnar till. í þessum efnum. Ég tel, að stjórnmálaflokkunum sé í rauninni skylt að marka stefnu í hagstjórnarmál-

um, og þegar ég tala um slíka stefnumörkun, þá verða almenn glamuryrði, hvort sem þau eru frelsisskipulag eða eitthvað þar á milli, — þá segja þau lítið. En hér er þó gerð tilraun til þess að gera ákveðnar till. í þessum efnum, og það ber að mínu áliti að virða, þó að ég telji þessar till. hins vegar allmjög gallaðar í þeirri mynd, sem þær hér liggja fyrir.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er nú liðinn fundartíminn og ég sé ekki ástæðu til þess að verða langorður af tilefni þess, sem hv. síðasti ræðumaður hefur sagt. En það væri nú algert vanþakklæti af minni hálfu, ef ég þakkaði honum ekki fyrir þann ágæta rökstuðning, sem hann flutti hér fyrir okkar frv., að svo miklu leyti sem hann er því sammála. Hann lýsti því, að hann fylgdi okkur hálfa leiðina. Að vísu, þegar þar var komið, urðu á vegi hans þær hindranir, að honum tókst ekki að fylgjast með okkur lengur, en það er vissulega nokkur freisting fyrir okkur að reyna að lækka þær hindranir, þannig að við gætum notið samfylgdar hv. þm. alla leiðina.

Mér er nú ekki alveg ljóst, hvað á milli ber í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um stjórn fjárfestingarinnar. Það var ljóst, að við vorum sammála um það, að það væri nauðsynlegt að hafa stjórn heildarfjárfestingarinnar. En hvort það átti að vera heildarstjórn á fjárfestingunni, þ. e. a. s. stjórn á fjárfestingunni í öllum atriðum, — að því er ég skildi hv. ræðumann, var slík stjórn ekki fyllilega að hans skapi. Okkar meining er fyrst og fremst sú, að fjárfestingarstjórnin beini framkvæmdunum inn á þær brautir, sem þjóðfélaginu eru nauðsynlegastar, atvinnulífi þjóðarinnar og þjóðfélaginu í heild, og til þess virðist okkur nauðsynlegt, að stjórnin á fjárfestingunni nái til meira en heildarfjárfestingarinnar. Hún verður að ná til fjárfestingarinnar í hverri einstakri grein atvinnulífsins. En orðalag af þessu tagi, og náttúrlega innihald þess orðalags um leið, má að sjálfsögðu athuga betur í n., og ég er reiðubúinn til þess að ræða það nánar við hv. þm. á milli umr.

Hann kom svo að nokkrum atriðum, sem hann lýsti sig á móti, sem fælust í þessu frv., og sumt af því kom nú dálítið á óvart satt að segja. Hv. þm. taldi, að það væri ekki hægt að hugsa sér áætlanir til langs tíma. Þær hefðu reynzt illa, þær hefðu þróazt þannig annars staðar, þar sem þær hefðu verið reyndar, þær hefðu verið gerðar mjög lauslegar, vegna þess að annað hefði ekki reynzt kleift. Ég vil aftur minna á það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að aðaltilgangurinn með þessum áætlunum, sem við köllum til langs tíma um þróun atvinnuveganna, er einmitt að marka stefnuna í atvinnumálum þjóðarinnar. Mér er það ekki sérstaklega fast í hendi, að þær áætlanir, sem gerðar væru til langs tíma, væru mjög ýtarlegar eða þar væri farið niður í einstök smáatriði. Aðalatriðið er, að stefnan verði mörkuð og mörkuð nógu skýrt. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að eftir því sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma, þeim mun fleiri óviss atriði koma þar inn í og þeim mun lauslegri er eðlilegt, að áætlanirnar séu. En í þessu sambandi hlýtur maður líka að minna á það, sem ég gerði einnig grein fyrir í framsöguræðu minni, að áætlanir af þessu tagi og raunar allar áætlanir, — ekki bara þessar til langs tíma, heldur líka þær, sem gerðar verða til styttri tíma, — hljóta að verða í sífelldri endurskoðun í þeirri stofnun, sem hefði umsjón með þeim, og þess vegna held ég, að sé líka minni hætta á öðru, sem hv. síðasti ræðumaður setti fyrir sig, og það var það, að áætlunin yrði úrelt. Ég tók svo eftir, að hv. ræðumaður nefndi, að það kæmi fyrir, að einhverjar framkvæmdir, sem gert væri ráð fyrir í áætlunum, væru ekki lengur skynsamlegar, þegar að þeim væri komið. En slíkt koma menn í veg fyrir einmitt með því að hafa áætlanirnar í sífelldri endurskoðun.

Mörg af þeim atriðum, sem hv. ræðumaður gerði aths. við, eru þannig vaxin, að það má vel ræða og athuga, hvort sameiginlegur skilningur og grundvöllur finnst til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu. T. d. um fyrirkomulagið á stjórn og starfi stofnunarinnar, þar sem hv. ræðumaður virðist hafa skilið frv. og mig á þann veg, að við ætluðum að láta þessa nefnd, sem skipuð væri svona fulltrúum ríkisvalds og atvinnuvega, atvinnurekenda og starfsfólks atvinnuveganna, í rauninni gera áætlanirnar. Slíkt væri venjulega verk efnahagssérfræðinga. Auðvitað var það ekki hugsun mín og hefur aldrei verið, að nefnd svona skipuð færi sjálf að vinna þau verk, sem með eðlilegum hætti verður talið hlutverk sérfræðinga að vinna. Það er gert ráð fyrir því hér í frv., að stjórn Atvinnumálastofnunarinnar hafi yfirstjórn þessara mála, þ. e. a. s. hún marki stefnu, hún skeri úr um stefnuatriði, hvert halda skuli, en hún fái auðvitað þá sérfræðilegu aðstoð, sem þarf til þess að annast skýrslu- og áætlanagerð. Það er einmitt alveg tekið fram, að það fái hún hjá stofnun, sem hefur sérfróðu liði á að skipa. Ég var nú ekki alveg sáttur við það, hvernig hv. þm. ræddi um Alþ. í sambandi við þá hugmynd, að þessar áætlanir hlytu þar staðfestingu. Ég viðurkenni að vísu, að ýmislegt er í störfum og starfsháttum Alþ., sem ég kynni að óska, að væri á annan veg, en að Alþ. sé ekki fært um að staðfesta áætlanir af þessu tagi alveg með sama hætti og það er fært um að gera fjárlög fyrir ríkisbúskapinn, það á ég nú erfitt með að fella mig við. En í rauninni er ekkert af þessu, sem ég hér hef verið að nefna í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, nein aðalatriði í þessu máli.

Ég gerði grein fyrir því í upphafi máls míns, að flutningur þessa frv. af hálfu okkar framsóknarmanna er til að varpa ljósi á stefnu okkar í þessum málum, þá stefnu, að við viljum ekki sætta okkur við það að láta kylfu ráða kasti um það, hvernig atvinnulíf og framkvæmdalíf þessarar þjóðar þróast á næstu árum, heldur viljum við, að við tökum upp á því skipulega stjórn með þeim skynsamlegasta hætti, sem við getum komið okkur saman um. Það er auðvitað aðalatriði málsins. Og ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann um það, að við erum ávallt reiðubúnir til þess að ræða við hann og aðra hv. þm. og aðra áhugamenn, sem kynnu að vilja við okkur ræða um hvers konar breytingar á fyrirkomulagi þessa,

svo lengi sem við getum orðið sammála um aðalstefnuna, aðalmarkmiðin, sem við höfum fyrir augum með flutningi þessa frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

80. Togaraútgerð ríkisins.

Á 12. fundi í Ed., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga [90. mál] (þmfrv., A. 94).

Á 13. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. fluttum við framsóknarmenn í þessari hv. deild sams konar eða hliðstætt frv. því, sem hér er til umr. Málalok urðu þau þá, að því var vísað til ríkisstj. Síðan hefur ekkert heyrzt frá ríkisstj. um það mál. Það má að vísu segja, að aðstæður séu nokkuð breyttar, frá því að þetta frv. var flutt á síðasta Alþ., sem sé að því leyti til, að seint á síðasta Alþ. kom ríkisstj. fram með frv. um heimild sér til handa til þess að kaupa eða láta smíða togara til þess að endurselja þá. Þessi heimild náði, ef ég man rétt, til sex togara. Mun hafa verið unnið að því máli síðan, og eru sjálfsagt vonir til, að þeir togarar komi á sínum tíma til landsins eða verði smíðaðir hér innanlands. En sýnilegt er þó, að á því verður nokkur dráttur, að þeir togarar komi í gagnið og það sýnir, að það er betra að vera að í tíma með undirbúning þessara mála, enda liggur það í augum uppi, að það tekur ætíð verulegan tíma að undirbúa kaup eða smíði á togurum og verður að hafa fyrirhyggju um það.

Enn fremur er á það að minnast, að í sambandi við meðferð togarafrv. hæstv. ríkisstj. á síðasta Alþ. fluttu stjórnarandstæðingar, bæði hér í þessari hv. d. og eins í Nd., brtt. við frv., sem voru efnislega á þá lund, að svo kallaðar minni gerðir togara væru látnar sitja við sama borð og þessir stærri togarar 6, sem ríkisstj. fékk heimild til að kaupa, og var, ef ég man rétt, talað um í því sambandi, að heimild ríkisstj. að því er minni togarana varðaði næði til allt að 12 togara. Ég fer ekki að rifja það upp, hver sú fyrirgreiðsla var, sem veitt var í sambandi við togarakaupin eða samkv. togarafrv. s. l. vetur. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé það í fersku minni. En þessar brtt. okkar voru felldar, þrátt fyrir það að um það var vitað, að það var mjög mikill áhugi á ýmsum stöðum víðs vegar um landið að eignast eða geta aflað sér þessara togara. En í sambandi við umr. um það mál þá lét hæstv. sjútvrh. þau orð falla, að það mundi verða litið með vinsemd á málaleitanir þessara staða. Nú er það að vísu svo, að sumir þessara staða hafa við mikla erfiðleika haldið áfram tilraunum sínum við það að eignast skip, og sumum hefur tekizt það, en mér er ekki kunnugt um, að komið hafi neitt ákveðið frá hæstv. ríkisstj. um það, hverja fyrirgreiðslu hún hygðist veita við kaup á þessum minni togurum. Og mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram neinar ráðstafanir af ríkisstj. hálfu í því sambandi. Hygg ég þó, að nokkuð hafi verið eftir því leitað af fyrirsvarsmönnum þessara staða, sem hér er um að ræða.

Ég rifja þetta aðeins upp til þess að sýna fram á, að hér ber allt að sama brunni, að það er full ástæða til þess að flytja þetta frv. nú, þrátt fyrir þá heimild, sem ríkisstj. fékk í fyrravetur, og þrátt fyrir þær aðgerðir, sem þegar hafa farið fram til þess að festa kaup eða semja um smíði á hinum stærri togurum.

Að vísu má segja, að það sé ekki svo langur tími, sem þetta frv. hefur legið hjá hæstv. ríkisstj., en mér sýnist hann þó nægilega langur til þess að sýna það, að aðgerða er ekki að vænta af hennar hálfu í bráð í þessu máli. Þess vegna er frv. þetta endurflutt, að öllu verulegu leyti sama efnis og í fyrra, nema hvað fjárhæðum í því hefur verið nokkuð breytt til samræmis við eða í áttina til verðlagsbreytinga, sem hafa átt sér stað. Með þessu frv. og flutningi þess viljum við framsóknarmenn enn á ný ítreka stefnu okkar í þessu máli.

Þegar frv. þetta var til meðferðar í þessari hv. d. í fyrra, hélt ég allýtarlega framsöguræðu um það, og ég vil ekki vera að þreyta hv. þdm. á því að endurtaka það allt, sem ég sagði þá, og get að nokkru leyti látið mér nægja að vísa til þess, sem þá var sett fram. En þetta frv. fjallar, eins og nafnið segir til um, um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga.

Það þarf nú ekki að ræða um það, hver nauðsyn landinu er togaraútgerð, né heldur um það, hvern þátt togaraútgerðin hefur átt í framförum hér á landi og uppbyggingu íslenzks atvinnulífs á umliðnum árum. Það er öllum kunnugt, að togararnir eru langsamlega afkastamestu tækin til hráefnisöflunar og hafa haft ómetanlega þýðingu fyrir íslenzka atvinnuvegi. Út í það skal ég ekki frekar fara, en minni aðeins á þá staðreynd, að það hefur, á undanförnum áratug alveg sérstaklega, mjög dregið úr togaraútgerð hér. Ég skal ekkert fara út í að rekja það hér, hverjar orsakir hafa legið til þess, en staðreyndin er sú, að í árslok 1959 voru hér 43 togarar, en áratug síðar eða í árslok 1969 voru hér aðeins 23 togarar, að vísu nokkuð stærri togarar, nokkrir þeirra, en áður var. Það er þess vegna full nauðsyn á því að auka og efla togaraflotann. Sú aukning, sem kemur með þeim togurum, sem ríkisstj. hefur þegar fengið heimild til að festa kaup á, er hvergi nærri nægileg, — ekki einu

sinni til að ná því marki, sem áður var. En auk þess verður að hafa það í huga, að ýmsir þeirra togara, sem enn eru taldir með, eru orðnir gamlir og það fer að styttast í því, að þeir verði gerðir út sumir hverjir, þannig að í þessum efnum þarf að verða mikil aukning. Ég vil líka benda á, að sú aukning er sérstaklega nauðsynleg vegna nýtingar fiskimiðanna. Við heyrum af því daglegar fréttir, mjög iskyggilegar fréttir, að hundruð togara liggja hér fyrir utan — útlendir togarar — og urga upp fiskimiðin hér fyrir utan. Það heyrist jafnvel talað um í framtíðinni eitthvert hugsanlegt kvótakerfi — að skipta veiðinni með tilliti til þess, hverjir hafa stundað hana. Ég er að sjálfsögðu algerlega andvígur slíku kvótakerfi, og ég geri ráð fyrir því, að við séum það allir og að við munum standa gegn því sem einn maður, en eigi að síður verður þó að horfast í augu við þennan hugsanlega möguleika, og þá ríður lífið á því, að við Íslendingar höfum tekið fullan þátt og mjög mikinn þátt í því að nýta þau fiskimið, sem eru í kringum okkur, og einmitt af þeirri ástæðu er sérstök þörf á því að auka og efla togaraútgerðina.

Enn fremur er það svo, að uppistaða í atvinnulífi margra staða, ekki hvað síst úti um landið, er fiskiðnaður og fiskvinnslustöðvar. Til þess að tryggja örugglega hráefni þessara stöðva árið um kring þarf á stórum skipum að halda, — stórum skipum, sem geta sótt sjó á hvaða árstíma sem er og sótt fiskinn lengra út, þegar hann gengur ekki á grunnmið.

Að sjálfsögðu er það svo, að það hentar mismunandi skipastærð ýmsum stöðum, og verður auðvitað að taka tillit til þess og sjá um, að jafnframt sé aflað slíkra skipa. En ég held, að engum geti blandazt hugur um það, að togarar eru nauðsynlegir til þess að fylla upp í þær eyður, sem annars yrðu óhjákvæmilega í hráefnisöfluninni. En auk þess eru svo togarar nauðsynlegir til þess að sigla með afla og nýta þá markaðsmöguleika, sem þar eru fyrir hendi. Hagur togaraútgerðarinnar hefur hins vegar verið sá að undanförnu, að það er lítið útlit fyrir það, að einstakir menn eða einstök fyrirtæki, sem við þetta hafa fengizt, geti ráðizt í togarakaup upp á eigin spýtur. Enda er sú raun fyrir hendi, að því er varðar þessa togara, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir kaupum á, að það hefur þótt nauðsynlegt í því sambandi að veita mjög mikla fyrirgreiðslu, þannig að eigendurnir hafa í raun og veru ekki þurft að leggja fram nema 5%. Við, sem þetta frv. flytjum, teljum atvinnurekstur almennt og þar með togaraútgerð að vísu yfirleitt bezt komna í höndum einstaklinga eða félagsfyrirtækja, en við teljum, að ef þá aðila brestur bolmagn til þess að hefjast handa í þessu efni, þá verði ríkið að skerast í leikinn. Þess vegna er þetta frv. flutt, þess efnis sem það er, að það er gert ráð fyrir, að ríkið sjálft efni til fiskiskipaútgerðar, fyrst og fremst togaraútgerðar, en þó þannig, að það er ekki bundið við það endilega, að það séu togarar, heldur geta önnur fiskiskip einnig komið til greina, og er þá haft í huga þetta, sem ég nefndi hér áðan, að mismunandi skipastærð hentar á hinum ýmsu stöðum. Er gert ráð fyrir því, að sérstök stofnun, sem kölluð er Togaraútgerð ríkisins í þessu frv., geri þessa togara út, eins og segir í 4. gr. frv., í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin og stuðla með því að öflun hráefnis fyrir fiskiðnað landsmanna, og er þá jafnframt tekið fram, að við ákvörðun um það, hvar afla verði landað, skuli höfð hliðsjón af atvinnuástandi einstakra byggðarlaga, sem til greina koma. Í þessu frv. er líka heimild fyrir þessa fiskiskipaútgerð að taka skip á leigu. En með það höfuðsjónarmið okkar í huga, sem áður er nefnt, að við teljum æskilegast, að togaraútgerð eins og annar atvinnurekstur sé á höndum félagssamtaka eða einstaklingsfyrirtækja, er svo fyrir mælt í þessu frv., sbr. 9. gr. þess, að ef stjórn togaraútgerðarinnar telur ekki lengur þörf á því, að hún geri út togara til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar, sé henni heimilt, að fengnu samþykki sjútvrh., að selja fiskverkunarstöðvum og félagssamtökum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara sína, enda skuldbindi kaupandi sig til að leggja upp afla hjá tilteknum fiskvinnslustöðvum. Þó er hér sá varnagli sleginn, að togaraútgerðin skuli jafnan eiga og gera út fjóra togara hið minnsta.

Í þessu frv. eru ákvæði um fjármagn til þessarar stofnunar. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi henni til sem óafturkræft framlag 150 millj. kr. Enn fremur er ríkisstj. veitt heimild til þess að ábyrgjast lán allt að 400 millj. kr., sem Togaraútgerð ríkisins kynni að taka til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipaútgerðarinnar. En þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að togaraútgerðin eigi sama rétt og aðrir til lána úr opinberum sjóðum til skipasmíða.

Um stjórn þessarar stofnunar eru fyrirmæli í 6. gr. Samkv. því ákvæði skal stjórnin skipuð 7 mönnum: Fjórum mönnum, sem Alþ. kýs, og einum manni, sem sjútvrh. skipar sérstaklega án tilnefningar, og er hann formaður, og svo tveimur mönnum, sem skipshafnir á skipum þessarar útgerðar nefna til.

Þetta voru fáein orð um fyrri kaflann í þessu frv., sem fjallar um Togaraútgerð ríkisins. En þá er eftir II. kaflinn, sem fjallar um stuðning við útgerð sveitarfélaga. Og ég verð að segja það eins og er, að mér finnst þessi kafli og þau ákvæði, sem hann hefur að geyma, hafa fallið dálítið í skuggann af hinum fyrri kafla. Menn hafa ekki gert sér næga grein fyrir þeim ákvæðum, sem eru í II. kafla, en þau ákvæði, sem hann geymir, eru að minni hyggju mjög mikilvæg. En þar er í sem skemmstu máli gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að verja 75 millj. kr. til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skortir verkefni. Og samkv. 11. gr. er ríkissjóði heimilað að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána útgerðarfélögum til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, til þess að lánsfjármagn nái 85% stofnkostnaðar.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég hef þegar sagt, að það er staðreynd, að atvinnulíf ýmissa kauptúna og sjávarþorpa úti um landið byggist fyrst og fremst á því, að fiskvinnslu-

stöðvar, sem þar eru fyrir hendi, geti verið í fullum gangi, en á því er mjög mikill misbrestur víða. Sá misbrestur stafar að langmestu leyti af því, að hráefni skortir. Hráefni skortir mjög af þeim sökum, að það vantar skipakost til að sækja hráefnið, og þetta hefur staðarmönnum yfirleitt verið ljóst. Þess vegna hafa þeir lagt á það höfuðáherzlu margir hverjir og reynt að klífa þrítugan hamarinn til þess að geta eignazt skip, og eru margir að brjótast í því, en það er gert af alltof miklum vanefnum.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hið opinbera, ríkisvaldið, komi á móti þessum áhugaaðilum og rétti þeim örvandi hönd með þeim hætti, að leggja fram nokkurt stofnframlag og áhættufé sem hlutafé í þessum útgerðarfélögum. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þessi leið yrði farin, þá gæti hún orðið veruleg lyftistöng á ýmsum stöðum og örvað mjög til athafna.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi, þá flutti ég allýtarlega framsöguræðu um þetta s.l. vetur, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en leyfi mér að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

81. Sauðfjárbaðanir (frv. PÞ).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir [95. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þetta frv., sem felur í sér nokkrar breytingar á gildandi lögum um sauðfjárbaðanir.

1. gr. þessa frv. er í samræmi við frv., sem flutt er af hæstv. ríkisstj. og er nú til meðferðar í Nd. og felur í sér ákvæði um það, að sauðfjárbaðanir skuli næst fara fram veturinn 1971—1972 á tímabilinu 1. nóv.—1. apríl, en eftir það er heimilt að baða aðeins annað hvert ár, en á sama tíma vetrar. Um þetta atriði og þá meginreglu, sem fylgt hefur verið, ber því ekkert á milli þessara till., sem ég geri hér, og frv. hæstv. ríkisstj. Að öðru leyti felur ákvæði 1. gr. í mínu frv. í sér nokkra orðalagsbreytingu frá gildandi lögum, en þar er ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða.

2. gr. frv. er flutt eftir sérstakri ábendingu, sem fram kom á Búnaðarþingi. Í henni felst lítil efnisbreyting frá gildandi lögum, en þó nokkru skýrara tekið til orða um skyldu héraðsdýralækna til þess að vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðun. Í gildandi lögum segir, að héraðsdýralæknir eigi að hafa eftirlit með böðun í því héraði, sem hann er búsettur, en hér er ákveðið, að þessi skylda verði lögð dýralæknum á herðar í því umdæmi, sem þeir hafa til umsjónar og eftirlits, en hérað í landfræðilegri merkingu og venjulegri merkingu þess orðs fer ekki alls staðar saman við umdæmi dýralæknis. Ég get skýrt þetta með staðbundnu dæmi. Við teljum okkar sýslu, Austur-Skaftafellssýslu, eða Hornafjarðarhérað ná að Lónsheiði, — þar sé héraðaskiptingin. Hins vegar nær umdæmi Hornafjarðardýralæknis austur fyrir Berufjörð, og eftir orðalagi gildandi laga liggur því næst að álykta sem svo, að héraðsdýralækni á Hornafirði beri ekki skylda til að hafa eftirlit með böðun sauðfjár á Berufjarðarsvæðinu, þeim hluta dýralæknisumdæmisins. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er stefnt að því að taka af öll tvímæli í þessu efni.

En aðalbreytingin, sem þetta frv. felur í sér frá gildandi lögum, felst í 3. gr. frv., og sú grein er þannig:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., 2. málsgr., er sýslunefnd heimilt að veita undanþágu frá böðun sauðfjár í héraði eða í tilteknum byggðarlögum, þar sem fylgt hefur verið settum reglum um böðun og óþrifa í sauðfé hefur ekki orðið vart í mörg ár, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt. Eigi skal þó veita undanþágu frá böðun nema í eitt skipti í senn, þannig að ekki líði lengri tími en 4 ár milli þess, að böðun sauðfjár fer fram hjá sérhverjum sauðfjáreigenda."

Það er tvímælalaust rétt og nauðsynlegt, að fullkomið eftirlit sé haft með því, að útrýma óþrifum í ull eða húð sauðfjár með böðun og að böðun fari fram svo oft sem eftirlitsmenn telja nauðsynlegt til þess að ná þeim árangri, og ég held, að bæði dýralæknar og sauðfjáreigendur hafi að undanförnu lagzt á eitt í þessu efni. Ég held, að það sé almennur skilningur á því hjá sauðfjáreigendum, að þetta þurfi að vera í fullu lagi, og þeir eiga í þessu efni nokkurs að gæta, þar sem góð þrif sauðfjárins hafa áhrif á arðsemi þess.

Það er einnig vitað, að dýralæknar undir forystu yfirdýralæknis hafa svo sem þeim ber, haft gott eftirlit með þessu á undanförnum árum og veitt í þessu efni aðhald. Böðun sauðfjár hefur því verið framkvæmd reglulega, það má segja í marga áratugi, og það mun hafa verið í upphafi þessarar aldar, að þessi regla um böðun sauðfjár var tekin upp. Um langt árabil var það lagaskylda að baða sauðfé á hverjum vetri, og nægir í því efni að vitna til ákvæðis laga frá 1938, og meðan það lagafyrirmæli var í gildi mun því að sjálfsögðu hafa verið fylgt í framkvæmd. En með lögum frá 1959 var gerð sú breyting og sú tilslökun á þessu, að frá þeim tíma hefur verið heimilt að baða aðeins annað hvert ár á þeim svæðum landsins, þar sem fjárkláða hefur

ekki orðið vart eða sérstakra óþrifa í sauðfé, en ef fjárkláða verður vart, þá hafa lögin að geyma heimild til þess, að þegar í stað sé fyrirskipuð sérstök böðun á þeim svæðum. Nú er svo komið, að árangur af þessari starfsemi hefur orðið sá, að í sumum héruðum a. m. k. hefur algerlega tekizt að útrýma óþrifum í ull og húð sauðfjár. Í sum héruð landsins hefur fjárkláði aldrei borizt, og þar er þetta viðfangsefni vissulega auðveldara en þar sem fjárkláða hefur orðið vart. Og enn styður það að þessum árangri, að á síðari árum hefur verið völ á miklu áhrifaríkara baðlyfi en menn höfðu aðgang að fyrr á árum. Ég held, að þessi staðreynd, að það hefur tekizt að útrýma óþrifum í sauðfé með böðun, a. m. k. í sumum héruðum landsins, sé alveg óvefengjanleg. Um þetta vitnar reynsla bænda á mörgum stöðum, og þetta hefur verið rætt á Búnaðarþingi og fulltrúar þar, sem eru úr öllum héruðum landsins, hafa borið saman ráð sín um þetta efni, og þar hefur komið fram sú skoðun, að þannig sé ástatt, sem ég hef lýst. Og nú hefur verið lögð upp í hendur þingmanna ný sönnun í þessu efni. Það er grg. með frv. hæstv. ríkisstj., sem nú er fjallað um í hv. Nd., en í þeirri grg. segir, að yfirdýralæknir hafi fjallað um frv. og tjáð sig samþykkan því, sem þar segir, þannig að grg. þessa frv. er þá jafnframt dómur yfirdýralæknis í þessu efni, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Færilús og fellilús hefur verið útrýmt í heilum héruðum, og hafa þær í sumum landshlutum ekki sézt síðustu tvo áratugi. Þó munu færilýs ekki með öllu horfnar úr landinu ...

Þegar ljóst varð, að kláða og óþrifum hafði að mestu verið útrýmt, fór að gæta tregðu hjá fjáreigendum um framkvæmd á lögskipuðum, árlegum böðunum sauðfjár. Töldu margir það vera óþarfa fjárútlát og áníðslu á fénu.

Fyrir tilmæli Búnaðarþings og meðmæli margra sýslunefnda, sem til var leitað, var löggjöf um sauðfjárbaðanir breytt, sbr. lög um sauðfjárbaðanir nr. 23 frá 27. apríl 1959.

Samkvæmt þessum lögum skal allt fé þrifaðað á tímabilinu 15. okt. til 1. marz. Heimilt er þó að baða aðeins annan hvern vetur, og hefur þeirri reglu verið fylgt síðan lögin tóku gildi, í stað þess að áður var skylda að baða á hverjum vetri.

Margir töldu þessa breytingu varhugaverða, óttuðust að færilýs og kláði mundu magnast að nýju, enda þótt ákvæði séu í lögum þess efnis að taka má mál þessi fastari tökum, ef fjárkláða eða óþrifa verður vart (sbr. 2. gr.). Þau 10 ár, sem liðin eru, síðan áðurnefnd lög komu til framkvæmda, sýna, að ekki hefur borið á því, að færilús eða kláði hafi færzt í vöxt."

Þetta er tekið upp úr grg. stjfrv. um þetta efni, og má segja, að þetta sé dómur yfirdýralæknis um þá staðreynd, sem ég gat um, að óþrifa yrði nú ekki lengur vart í sauðfé í sumum héruðum. En þar sem svo er, þá hefur það verið nokkuð til umræðu, a. m. k. í mínu héraði, að það sé áhættulaust að veita nokkru rýmri undanþágu frá lögskipuðum böðunum heldur en gert er í gildandi lögum, og þessi 3. gr. frv., sem felur í sér aðalbreytinguna frá gildandi lögum, miðar að því. Ef horfið yrði að því ráði að heimila slíkt, eins og hér er lagt til, þá kemur það til álita, hver á að hafa valdið til þess að veita slíka undanþágu. Á það að vera yfirdýralæknir, héraðsdýralæknir, ráðh. eða sýslunefnd, héraðsstjórnin heima fyrir? Mér virðast þessi mál ekki vera það stórfelld, að ástæða sé til þess að fara að leggja það fyrir ráðh., hvort í einhverju byggðarlagi eða héraði er veitt undanþága í þessu efni eða ekki. Yfirdýralæknir á vitanlega að hafa heildaryfirlit yfir þetta mál um landið allt, en héraðsdýralæknar hafa hver á sínu svæði langbezta aðstöðu til þess að hafa fullnægjandi eftirlit í þessu efni. Þeir eru jafnan á ferðalagi að athuga búfé manna. Þeir hafa starfi að gegna í sláturhúsum yfirleitt og hafa auðveldan aðgang að því að líta á gærur af sláturfé, og þeir hljóta hver á sínu svæði að vera heimildarmenn yfirdýralæknis í þessu efni. Ég tel því sjálfsagt, og miðað er við það í frv., að til þessara manna sé leitað, bæði hlutaðeigandi héraðsdýralæknis og yfirdýralæknis, um möguleika á að fá undanþágu frá böðun, en ég hef talið rétt, að úrskurður um þetta efni, að fengnu áliti embættismanna, yrði í höndum sýslunefndar, þ. e. a. s. héraðsstjórnarinnar. Það getur víða hagað svo til, að það sé eðlilegt og áhættulaust að veita slíka undanþágu í tilteknum byggðarlögum, þó að það sé ekki rétt eða gerlegt, að slík undanþága sé veitt í heilli sýslu. Víða eru sýslur þannig skiptar, að samgangur fjár á sér ekki stað úr einu byggðarlagi í annað, og þá tel ég eðlilegt, að um þessa skiptingu sé fjallað af héraðsstjórninni heima fyrir og sýslunefnd beri ábyrgð á því, ef einu héraði er veitt undanþága, en öðru ekki. Framkvæmdin samkv. þessum tillögum, sem hér eru fram bornar, yrði því sú, ef að lögum verða, að frumkvæðið kæmi heiman að, sýslunefnd yrði að taka málið til umræðu og athugunar, leita álits héraðsdýralæknis og yfirdýralæknis, og ef álit þeirra væri jákvætt eða benti til þess, að þeir álitu hættulaust að veita þá undanþágu, sem ég ræði hér um, þá félli það að lokum í hlut sýslunefndar að kveða á um þetta, en embættismennirnir hefðu eftir frvgr. eiginlega hvor um sig neitunarvald í málinu, en sýslunefndin bæri þó ábyrgðina um skiptingu innan héraðsins í þessu efni og hefði að lokum úrslitavaldið.

Ég gat þess, að um þessi mál hefur að undanförnu verið nokkuð fjallað á Búnaðarþingi, þar sem fulltrúar bændasamtakanna hafa borið ráð sín saman um þetta efni, og ég hef birt í grg. frv. nokkrar ályktanir, sem um þetta hafa verið gerðar á Búnaðarþingi, og þær eru mjög í samræmi við þá tillögugerð, sem borin er fram í þessu frv. T. d. segir í ályktun Búnaðarþings frá 1967 þannig, með leyfi forseta:

„Þá telur Búnaðarþing það áhættulaust og mælir með því við yfirdýralækni, að hann veiti undanþágu frá böðun í vissum sveitum eða héruðum, þar sem baðanir hafa farið fram undanfarin ár eftir settum reglum og lúsar eða kláða hefur ekki orðið vart um árabil. Aldrei sé þó sú undanþága veitt nema til eins böðunarárs í senn, þannig að 4 ár megi líða milli baðana hiá þeim, sem hafa farið eftir settum reglum um

árabil. Verði vart óþrifa á undanþágutímabilinu, falli undanþágan niður.“

Og á Búnaðarþingi 1969 er enn fjallað um þetta mál, og í ályktun, sem þá var gerð, segir svo:

„Enn fremur getur landbrh. veitt undanþágu frá sauðfjárböðunum á afmörkuðum svæðum, ef yfirdýralæknir mælir með því, enda hafi rannsókn eftirlitsmanns á viðkomandi svæði leitt í ljós, að óþrifa í sauðfé hafi ekki orðið vart við síðustu böðun eða síðar.“

Í tíðindum Búnaðarþings er þessi afstaða rökstudd nokkuð í grg., og þar segir svo:

„Eftir að gamatox-baðlyfið var tekið í notkun, gjörbreyttist aðstaðan til útrýmingar á óþrifum í sauðfé. Búnaðarþing telur, að kostnaður við sauðfjárbaðanir, bæði beinn og óbeinn, skipti að minnsta kosti milljónatug að meðaltali á ári og því sé fyllsta ástæða til þess að auka eftirlit með sauðfjárböðunum og bæta framkvæmd þeirra, jafnframt því að gefin sé lagaleg heimild til þess að veita þeim héruðum, sem náð hafa fullnægjandi árangri í útrýmingu óþrifa í sauðfé, undanþágu frá sauðfjárböðunum um lengri eða skemmri tíma.“

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 61., 62. og 63. fundi í Ed., 10., 11. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 99, n. 430 og 507).

Frsm. meiri hl. (Kristján Ingólfsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér er flutt af hv. 2. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, sem nú er fjarverandi, er fjallað um sauðfjárbaðanir og fylgir frv. ýtarleg grg. Í stuttu máli talað gerir frv. þetta ráð fyrir, að sauðfjárbaðanir skuli fara fram alls staðar á landinu næsta vetur, veturinn 1971—1972, en eftir það verði heimilt að baða einungis annað hvert ár. Þetta mun í samræmi við lög, sem í gildi eru um þetta efni. En frv. kveður einnig á um, að heimilt verði ráðherra, — í frv. stóð upprunalega sýslunefnd, en meiri hl. landbn. Ed. gerir þá brtt. að valdið verði sett í hendur ráðh., sem telja má eðlilegra, — að veita undanþágu frá böðun sauðfjár, eins og hér segir, í héraði eða tilteknum byggðarlögum, þar sem fylgt hefur verið settum reglum um böðun og óþrifa í sauðfé hefur ekki orðið vart í mörg ár, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt. Hins vegar er sá varnagli sleginn, að undanþága verði ekki veitt nema í eitt skipti í senn, þannig að aldrei líði lengri tími en 4 ár í milli þess að baðað sé. Ég hygg persónulega, að það, sem hv. flytjandi frv. á við í þessu sambandi, komi einkum og sér í lagi til með að snerta einangruð byggðarlög, sem vel hafa staðið sig, — byggðarlög á milli stórfljóta, sanda og áa, sem ekki hafa mikinn afréttarsamgang við önnur byggðarlög. Við vitum, að víða á landinu hefur regla á þessu verið ágæt, en þau byggðarlög eru reyndar til, sem því miður hafa ekki jafngóðan sess hér sem skyldi. Um það ætla ég ekki að ræða nánar.

Ég vil geta þess hér, að landbn. Ed., eins og þskj. gerir grein fyrir, klofnaði í tvennt í málinu, og mun minni hl., sem hv. 5. þm. Sunnl. er frsm. fyrir, gera grein fyrir sínu máli hér á eftir.

Ég tel, að hvað sem öllu öðru líður, eigi samþykkt þessa frv. að vera að fullu og öllu hættulaus, ég set svo mikið traust á þann mann, sem fer með landbúnaðarmál hverju sinni, og ætla, að aldrei verði sá maður svo ábyrgðarlaus, að hann veiti heimild til þess að sleppa böðun í byggðarlögum, sem þyrfti samkv. áliti héraðsdýralæknis að baða í. Ég álít, að það sé fullforsvaranlegt gagnvart heilsuvernd sauðfjárstofnsins að samþykkja frv., því að valdið er ekki í höndum eins einstaks bónda, heldur í höndum ráðh. að undangengnu áliti héraðsdýralæknis hverju sinni.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það kann nú að vera, að einhverjum ókunnugum þyki það vera með ólíkindum, að ein n. skuli geta klofnað um ekki stærra mál en það, sem hér er til umr. Ég segi þetta af því, að ég hef orðið var við það, að ýmsir þeir, sem ekki hafa nána og glögga þekkingu á þeim málum, sem hér er um að ræða, sem sagt sauðfjárböðunum, líta á þær smærri augum heldur en ég tel ástæðu til að gera. Það er almennt viðurkennt, að við höfum nú þau lyf til nota við sauðfjárbaðanir, sem mega teljast næsta trygg eins og nú horfir. Eigi að síður höfum við orðið að viðurkenna það, að víða um land gætir óþrifa í sauðfé, og þó leitazt hafi verið við að einangra landssvæði og hefta samgang fjár milli stærri byggðarlaga, þá hefur það ekki heppnazt og smitanir átt sér stað á óþrifum milli svæða, og oftast nær verið hægt að rekja samgang yfir varnarlínur, þegar svo hefur átt sér stað.

Þegar ég fór að ræða um þetta málefni, þá undanþágu, sem farið er fram á hér í þessu frv., við yfirdýralækni, þá sagði hann mér t. d. þá sögu, að það hefði mjög lítið orðið vart við óþrif í Árnessýslu austanverðri, en svo hefði viljað til núna fyrir tveim árum, að allt í einu varð vart við óþrif á næsta bæ við mig. Þegar var farið að athuga, hvað þarna hafði skeð, þá var það vitað, að fé frá þessum bæ sækir inn í Arnarfell austan undir Hofsjökli. En það hafði líka orðið vart óþrifa norður í Skagafirði, og má segja, að það sé nærri eini vegurinn til þess að óþrif hafi borizt þarna á milli, að þar hafi orðið samgangur. Það er þess vegna að mínum dómi, ekki eingöngu af þessu dæmi einu, heldur af þekkingu minni af þessum málum í lengri tíma, að ég tel, að það sé vissara að fara vægilega og hægt í það að veita undanþágu frá þeim böðunum, sem nú eru ráðgerðar. Og það er eitt, sem ég hygg að allir þeir hafi orðið varir við, sem þurfa að sjá um, að þessi lög um sauðfjárbaðanir séu framkvæmd, þeir hafi allir orðið þess varir, að ef einn fær undanþágu, þó réttlát sé,

þá vill annar fá hana, sem alls ekki á að fá undanþágu með réttum hætti. Eins og nál. minni hl. á þskj. 507 greinir frá, þá vitnum við hér til ummæla yfirdýralæknis varðandi þetta málefni, og minni hl. fellst á þetta álit yfirdýralæknis og leggur því til, að frv. verði felld.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég held, að þetta skýri sig nægilega greinilega og ekki fari fram hjá neinum, hvað yfirdýralæknir segir um þetta efni. Að athuguðu máli tel ég, að umrædd till. yrði til þess að auka á vanda þann, sem fylgir framkvæmd sauðfjárbaðana, og er hann þó nægur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 430 samþ. með 11:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 554).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

82. Fiskvinnslustofnun ríkisins.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Fiskvinnslustofnun ríkisins [104. mál] (þmfrv., A. 111).

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég mun hér í nokkrum orðum fylgja úr hlaði frv. mínu, 104. máli, um Fiskvinnslustofnun ríkisins. Raunar eru tvö hliðstæð mál komin fram í hv. Nd., þó að ekki sé alveg með sama hætti varðandi fyrirkomulag, en kjarni málsins er sá sami, þ. e. að settur sé á stofn fiskiðnskóli eða stofnun, er þjálfi menn í að verða fiskvinnslufræðingar, og fólk, sem vinnur við fiskvinnslu, fái aukna þjálfun og betri nýting verði á hráefninu.

1. gr. frv. segir, að sett skuli á stofn og starfrækt undir nafninu Fiskvinnslustofnun ríkisins margháttuð fiskvinnsla og hagnýting sjávarafla. Með minnkandi afla á undanförnum árum hafa menn komið auga á það, hversu nauðsynlegt er að leita að nýjum fisktegundum og jafnframt nýjum vinnslugreinum, og hefur árangur orðið verulegur. Má nefna stóraukna nýtingu á loðnu og skelfiski sem dæmi. Áður fyrr var aðeins veitt mikið af þorski, ýsu og karfa og síld. Þessar tegundir fisks báru uppi afla okkar og starfsemi, en sveiflur hafa átt sér stað, og þá fóru menn að huga að öðrum tegundum með ágætum árangri, og er nú svo komið, að útflutningsverðmæti þessara tegunda nemur mörg hundruð milljónum, og undrast sumir, af hverju við höfum ekki fyrr gefið þessum tegundum gaum.

Hlutverk fiskvinnslustofnunarinnar skal vera að annast margvíslegar tilraunir með vinnslu sjávarafurða og hagnýtingu þeirra ásamt því að þjálfa menn til verkstjórnar við alla fiskvinnslu og við mat á öllum sjávarafurðum og auka verklega kunnáttu fólks, er stundar vinnslu sjávarafla. Það má segja, að hér sé um þríþætt aðalverkefni að ræða: Það er að þjálfa menn til að annast verkstjórn og vera forstjórar í fiskvinnslu. Margir hverjir hafa lært þetta í skóla lífsins, og hann er ágætur út af fyrir sig. En aukin samkeppni og margt annað hvetur til þess, að menn séu þjálfaðir á sérstakan hátt til að stjórna fiskvinnslustofnunum, ekki síður en við verzlun eða iðnaðarfyrirtæki. Því er eðlilegt, að skipuleg þjálfun forsvarsmanna fiskvinnslustöðva sé tekin upp. Ekki er síður þörf á bættri þjálfun matsmanna á öllum sjávarafurðum. Það er því miður þannig ástand í dag, að það er skortur á vel þjálfuðum matsmönnum. Hér er um mikið vandamál að ræða. Þessir menn hafa yfirleitt fengið lélegt kaup og ótrygga vinnu, og verður hér úr að bæta. Margir matsmenn eru í dag jafnvel fyrrverandi skipstjórar eða yfirmenn á skipum eða verkstjórar í landi, ágætismenn, en vantar skipulega þjálfun, sérstaklega samræmingu í störfum, þannig að mat þeirra og störf séu sem jöfnust, hvar sem vera skal á landinu.

Langflestar afurða okkar eru seldar með þeim skilyrðum, að íslenzkt matsgildi ræður, og verð er miðað við gæðaflokka. Þó er síldin t. d. seld án þess að vera metin sérstaklega, heldur er hún tekin út og metin hæf eða ekki hæf. Sama gildir um hrogn, — þó að þau séu flokkuð í 1., 2. eða 3. flokk, þá gilda ekki um það ákveðnir gæðastuðlar. Persónulega tel ég þetta ástand óþolandi, og við vitum um það, að þegar mikið framboð er á vöru, hafa kaupendur eða fulltrúar kaupenda gengið á það lagið að pressa niður

verðið, þótt um góða vöru sé að ræða. En væri hér fastur gæðastuðull fyrir hendi, eins og í freðfiski, saltfiski og skreið, ættu þeir þess ekki kost að pressa niður vöruverð í trausti þess, að nóg framboð sé, og við gætum jafnvel orðið í erfiðleikum með að afsetja framleiðslu okkar.

Stofnun, sem hér yrði sett á stofn, hefði mikið hlutverk, þar sem væri að tryggja hæfa menn til að meta afla okkar, og þegar hann er að verða kringum 10 milljarðar, þá er ekki lítið í húfi, að vel takist til og matinu sé treyst og okkar afurðir hafi sem beztan orðstír á erlendum markaði, því að við vaxandi samkeppni er þar að etja.

Í 3. gr. er fjallað um það, að fiskvinnslustofnunin skuli í samráði við sölusamtökin eða sjálf leitast við að finna markað fyrir nýjungar í framleiðslu sinni. Það leiðir af sjálfu sér, að ekki er æskilegt að fara í margvíslegar nýjungar, nema markaður fyrir þær sé kannaður. Auðvitað þarf mismunandi mikið að leggja í slíkan kostnað, en til þess að hefja stórframleiðslu þarf að tryggja markað. Enginn framleiðir lengi án þess að eiga trygga sölu fyrir hendi. Sum sölusamtökin eru stofnuð beinlínis um ákveðna afurðategund og því varla við því að búast, að þau leggi í mikinn kostnað varðandi nýjungar, sem óvíst er að seljist. Því er lagt til, að hér sé um góða samvinnu að ræða milli fiskvinnslustofnunarinnar og þeirra sölusamtaka, sem eðlilegt væri, að hefðu með slíka sölu að gera.

Í 4. gr. er fjallað um stjórn stofnunarinnar. Það er með ósköp venjulegum hætti varðandi ríkisstofnanir, og þarf ekki að fjalla í löngu máli um það. Þó vil ég undirstrika, að ég tel rétt, að launþegasamtökin á því svæði, sem ég ætla stofnuninni að vera á, hafi rétt til að tilnefna 2 menn í stjórnina, vegna þess að hún mun starfa mjög í þágu launþegasamtakanna, og ekki er óeðlilegt, að þau fái að tilnefna 2 menn af 5 í stjórn undir þessum kringumstæðum. Aðrir tveir eru svo tilnefndir frá sjávarútveginum, annar frá öflunaraðilanum, en hinn frá sölusamtökunum og formaður yrði skipaður af ráðh.

5. gr. fjallar um, að Fiskvinnslustofnun ríkisins skuli annast fræðslustarf með margvíslegu móti, bókaútgáfu, námskeiðum, fyrirlestrum eða á annan árangursríkan hátt. Því miður er það staðreynd, að okkur hefur skort mjög bókmenntir um meðferð fisks og fiskvinnslu, og erum við þar eftirbátar annarra þjóða. Meira að segja Færeyingar hafa skákað okkur í þessu efni, að hafa góðar bókmenntir um meðferð á fiski og fiskvinnslu, og megum við þar gera mikið átak til bóta. Þó væri rétt að geta þess, að á s. l. vetri eða hausti kom út bók, bókin um fiskinn, sem var virðingarvert átak til þess að benda mönnum á góða meðferð á þessari vöru, og einnig hefur Fiskmat ríkisins gefið út smábæklinga í þessu efni, en samræmt átak og áróður vantar. Þarf að gera hér skipulegt átak, til þess að frá upphafi til enda sé farið eins vel með vöruna og unnt er. Það verður eitt af grundvallaratriðum svona stofnunar að hefja áróður í ýmsu formi í þessu efni, með útgáfu, námskeiðum og ferðalögum og með því að nota sjónvarp og nýjustu tækni til þess að hvetja menn til að vanda vöruna eins og verða má. Einnig er eðlilegt, að stofnunin veiti hagsmunaaðilum sjávarútvegsins upplýsingar og Verðlagsráði sjávarútvegsins, eins og það fer fram á.

Í 6. gr. er lagt til, að fiskvinnslustofnunin sé sjálfstæð stofnun með sér fjárhag, og þar legg ég til, að sérstakt útflutningsgjald verði innheimt af öllum sjávarafla, 0,25%. Þetta er ekki mikið gjald, þegar við höfum það í huga, að tilgangur þessarar stofnunar er gífurlega mikilvægur fyrir sjávarútveginn, og ef maður hugsar sér aðeins 1% nýtingarauka út úr hráefninu, þá skapar það marga tugi milljóna í auknu verðmæti, en þetta gjald mundi aðeins nema 2—3 millj. kr. á ári, og ég tel það eðlilegt, að sjávarútvegurinn leggi stofnuninni slíkt lið. En jafnframt geri ég ráð fyrir, að ríkissjóður komi á móti með rekstrartekjur, svo og að önnur gjöld fyrir stofnunina, svo sem skólagjöld o. fl., verði ákveðin nánar í reglugerð.

Það er von mín, þótt þetta sé með ákveðnum hætti sett fram af mér í þessu frv., að það fái hljómgrunn víðar, þar sem það er staðreynd, að menn úr öðrum flokkum hér á hv. Alþ. hafa lagt fram frv. hliðstæðs efnis, þó að það sé í annarri d., og við getum með þessu móti sameinazt um þessi grundvallaratriði, sem mikill áhugi ríkir um. Nauðsyn er að gera hér stórátak til betri meðferðar á fiski, aukinnar hagnýtingar og betri vinnslu, til þess að tryggja sjómönnum og þjóðarbúinu öllu hærra verð fyrir fiskinn og öruggari markaði. Ég held, að það beri ekki svo mikið á milli, að ekki væri hægt að sameina þetta og komast að æskilegri niðurstöðu og koma frv. í gegn á yfirstandandi þingi. Þá væri miklum áfanga náð. Það eru aðeins skiptar skoðanir, og það hefur staðið í vegi fyrir endanlegri mótun þessa máls, um það, með hvaða hætti fiskvinnslufræðslan á að fara fram. Ég held, að kjarni málsins sé sá, sem allir ættu að geta sameinazt um að leggja nógu mikið fjármagn í þetta og koma skólanum á stofn sem fyrst, og svo mun tíminn leiða það í ljós, hversu víðtæk starfsemin þarf að vera. Aðalatriðið er, að námskeiðin, sem haldin hafa verið á vegum Fiskmats ríkisins og Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, hafa ekki leyst vandann, og úr því þarf að bæta. Hvar slík stofnun ætti að vera, má eðlilega um deila. Ég legg til, að hún verði í ákveðnu bæjarfélagi, vegna þess að það bæjarfélag á kost allan ársins hring á hinu ágætasta hráefni og liggur mjög vel við að öllu leyti. Einn flm. í hv. Nd. hefur bent á Vestmannaeyjar. Ekki skal ég draga úr gildi þess staðar, en samkomulag þarf að vera um að staðsetja stofnunina á því svæði, sem hefur möguleika á nægilegu hráefni allan ársins hring, góðu hráefni, annars er tilganginum ekki náð. Grundvallaratriðið er að sanna, að með góðri meðferð á fiski frá upphafi til enda næst hinn bezti árangur. Mikill áhugi er um allt land, að málið nái fram að ganga, og við þurfum að tryggja því framgang á yfirstandandi þingi. Ég tel þetta brýna nauðsyn og ég vænti þess, að hv. d. muni taka málið fljótlega til meðferðar.

Að loknum þessum fáu framsöguorðum, herra forseti, legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

83. Vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins [110. mál] (þmfrv., A. 117).

Á 15., 19., 20., 21. og 22. fundi í Ed., 12., 19., 23., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 117 frv. til l. um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins og vil leyfa mér að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Það hefur lengi verið ljóst, að meðferð fiskafla hefur ekki verið sem skyldi frá sjónarmiði vöruvöndunar. Það hefur oft brunnið við, að það sjónarmið hafi ráðið mestu að draga sem mest að landi af fiski, en minna skeytt um það, hvert verðgildi aflans er, þegar að landi var komið, og eins má segja, að þegar að því hefur komið að skipta afla upp og taka hann til vinnslu, þá hafa aðferðir oft næsta lítið minnt á matvælaframleiðslu og allra síst á vöru, sem er mjög viðkvæm og vandmeðfarin. Þetta eru raunar augljósar staðreyndir, sem ég er hér að segja, — staðreyndir, sem framsýnir og glöggir menn hafa lengi hamrað á og reynt að fá bætt úr, oft án árangurs að vísu, en stundum til nokkurs gagns, því að vissulega hefur ýmislegt áunnizt í þessum efnum á síðari tímum, þó að hvergi nærri sé viðunandi fyrir hagsmuni okkar höfuðatvinnuvegar og þar með þjóðarbúsins í heild. Tjón af þessum sökum, fjárhagslegt tjón vegna lélegrar meðferðar afla, hygg ég, að sé raunar illmælanlegt í tölum. En óhætt er að fullyrða, að beztu markaðir okkar fyrir sjávarafurðir eru háðir því, að um gæðavörur sé að ræða og helzt óaðfinnanlegar. Sé á því misbrestur, þá glatast þessir markaðir að meira eða minna leyti, og þegar svo fer, tekur langan tíma að bæta þann skaða, sem orðinn er. Hér er í fyrsta lagi um það að ræða, að lélegt vara er auðvitað alltaf miklu verðminni en góð vara, en einnig hitt, að þegar um verulegt framboð á lélegri vöru er að ræða, þá hefur það líka áhrif til verðlækkunar á þann hlutann, sem er þó fullkomin gæðavara, og kemur þetta glöggt fram t. d. á okkar saltfisksmarkaði, þar sem verðtilboð frá okkar beztu markaðssvæðum hafa oft verið bundin við það, að svo og svo mikill hluti, helzt mikill meiri hluti, væri fyrsta flokks vara. Tilboð hafa oft verið þessum skilyrðum háð, og þegar ekki hefur verið hægt að fullnægja þeim, hefur það þýtt í þessari grein almenna verðlækkun, og er þetta kunnara en frá þurfi að segja, a. m. k. öllum þeim, sem eitthvað hafa kynnt sér markaðsmál í okkar saltfisksframleiðslu. En þannig er þetta líka alveg með hliðstæðum hætti í öðrum greinum sjávarútvegsins.

Í grg. með þessu frv. hef ég leyft mér að taka upp töflu, sem sýnir hlutföll gæðaflokka árið 1966, þ. e. a. s. útflutningsins, en nýrri talna um þessi efni, settra upp með hliðstæðum hætti, tókst mér ekki að afla mér, áður en ég lagði þetta frv. fram. Hins vegar hef ég orð fiskmatsstjóra fyrir því, að ástandið í þessum efnum hafi ekki batnað, frá því að þessi skýrsla var gefin af hans embætti. En þó að þessi skýrsla sé þannig ekki alveg ný af nálinni, þá gefur hún áreiðanlega nokkra hugmynd um það, hvernig ástandið er í þessum efnum. Þar kemur í ljós, að að meðaltali eru aðeins um 43% af okkar sjávarafurðum, sem lenda í 1. flokki, 25% lenda í 2. flokki, 14% í 3. flokki og 16% í 4. flokki, en þar er varan komin á það stig, að það er vafamál, hvort hún getur talizt mannamatur. En þegar þess er svo gætt, að það mun vera algild regla, að verðmunur á milli gæðaflokka sé ekki undir 10%, þá munu sennilega allir reikningsglöggir menn, sem líta á þessa töflu, sjá það, að beint tjón, alveg beint fjárhagslegt tjón, miðað við það, að við gætum flutt út að mestu leyti eða öllu alveg fyrsta flokks vöru, er a. m. k. sem svarar 10% af öllu verðmæti útflutningsframleiðslunnar. En þó má leiða að því líkur, að óbeina tjónið sé jafnvel sízt minna. Ef þetta er rétt, sem ég hygg, að sé nærri sanni, þá er hér að ræða um upphæðir, sem mundu vera einhvers staðar á bilinu frá 750—1500 millj. kr. á ári, miðað við það, að framleiðslan væri yfirleitt 1. flokks vara miðað við útflutninginn eins og hann er nú að magni og verði. En eins og ég sagði, segir þetta þó ekki nema hálfa sögu, vegna þess að verðmætisaukningin verður enn meiri en ég hef hér reiknað með, þegar um 1. flokks vöru er að ræða. Ég nefni það t. d. í sambandi við freðfisksframleiðsluna, að vara, sem seld er á Bandaríkjamarkaði í neytendapakningum, er a. m. k. þrisvar sinnum verðmeiri heldur en sú, sem seld er í blokk, en í blokkina fer yfirleitt vara, sem ekki er talin fullkomlega 1. flokks vara. Mun nú verðið t. d. á neytendapakningunni í Bandaríkjunum vera milli 70 og 80 cent pundið á móti 35—36 cent fyrir blokkina, þannig að áhrifin eru áreiðanlega meiri en ég hef hér gert ráð fyrir. En alla vega sýnir þetta, að hér er mjög stóran akur að plægja til þess að auka okkar útflutning, okkar gjaldeyristekjur, og miklir möguleikar á að auka arðsemi sjávarútvegsins, án þess að um aflamagnsaukningu sé að ræða. Á þessu er auð-

vitað sízt vanþörf, þegar þess er gætt, í hvaða ástandi fiskstofnar okkar eru og þar vofir yfir samdráttur og þurrð á ýmsum fisktegundum.

Það er einmitt þetta, sem hlýtur að leiða til þess, að við hljótum að taka upp þá stefnu, hljótum að hafa þá stefnu í sjávarútvegsmálum, að leggja höfuðkappið á verðmætisaukningu þess afla, sem að landi er dreginn og kemur til vinnslu í vinnslustöðvunum. Þar er auðvitað um margt að ræða: Í fyrsta lagi fullvinnslu sjávarafurða í verðmætari vörutegundir, almenna vöruvöndun, og svo tel ég, að aukin sókn komi ekki fyrr en í þriðja sæti, þegar um þetta er rætt.

Það eru auðvitað margar leiðir, sem hér gæti verið um að ræða til þess að bæta nokkuð úr. Í fyrsta lagi betri verkmenning, hvað allt varðar, bæði veiðar og meðferð vöru, breyttar veiðiaðferðir, því að sumar veiðiaðferðir hafa áreiðanlega í för með sér miklu lélegri vöru heldur en aðrar, og á ég þar sérstaklega við netaveiðar, sem skila að jafnaði miklu lakari vöru en aðrar veiðiaðferðir. Öflun markaða fyrir unnar vörur er svo að sjálfsögðu einn þáttur í þessari stefnu, sem við hljótum að taka upp. En síðast, en ekki sízt er svo um það að ræða að beita meiri nákvæmni og alúð um alla meðferð þess afla, sem næst að innbyrða í fiskiskipin og draga að landi.

Þetta frv., sem ég flyt hér í hv. d., fjallar aðeins um einn þátt þessa máls, en samt þátt, sem samkv. öllu eðli sínu er frumskilyrði fyrir allri góðri framleiðslu og frumskilyrði fyrir almennri vöruvöndun í sjávarútvegi, þ. e. a. s. það fjallar um vernd sjávarfangs, frá því að það er innbyrt í fiskiskip og þangað til það er tekið til vinnslu í vinnslustöðvunum. En á þessu stigi framleiðslunnar þarf auðvitað vöruvöndunin að hefjast. Það er grundvallaratriði, að varan sé ekki skemmd, þegar hún er tekin til vinnslu í vinnslustöðvunum. Með erlendum fiskveiðiþjóðum er fyrir því löng og ég vil segja örugg reynsla, að geymsla fisks, sem ísaður er í kassa af hæfilegri gerð og stærð um borð í skipunum, leysir mikinn vanda um vöruvöndun og er einnig af fleiri sökum hagstæð fjárhagslega. En þrátt fyrir reynslu annarra í þessu efni hefur þessi geymsluaðferð ekki rutt sér til rúms að neinu marki hér á landi. Ástæðurnar til þess eru vafalaust fleiri en ein, en sjálfsagt m. a. sú, að stofnkostnaður er allmikill í sambandi við þennan búnað, bæði á fiskiskipum og það, sem með þarf í vinnslustöðvum í sambandi við það, og einnig hitt, að sjávarútvegurinn hefur ekki átt kost á fjárhagslegri fyrirgreiðslu til þess að standa straum af þessum kostnaði, auk þess kemur svo sjálfsagt til gróin vanafesta og tómlæti, sem menn þekkja allt of vel, ekki aðeins í sjávarútvegi, heldur á mörgum öðrum sviðum. Þessi reynsla er ekki lengur aðeins reynsla erlendra þjóða. Hér á Íslandi hafa verið gerðar tilraunir með þessa geymslu á fiski, og m. a. var gerð mjög ýtarleg rannsókn árið 1969 á kostum og göllum við notkun fiskkassa, en þessi tilraun var gerð á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Framleiðnideildar frystihúsanna í Vestmannaeyjum og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og hygg ég, að flestir hv. þdm. hafi fengið þessa skýrslu á s. l. vetri. Þar kemur fram niðurstaða þessara rannsókna, og ég fæ ekki betur séð en hún sanni fullkomlega, að notkun þessara fiskkassa við þau tilteknu skilyrði a. m. k., sem þar var um að ræða, var mjög hagstæð, og færir raunar heim fullvissu um það, að hér er um sérstakt þjóðþrifamál að ræða. En meðal þess, sem kom fram við rannsóknina, var eftirfarandi:

Að fiskur rýrnaði ekki í fiskkössum, og spöruðu þeir því allt að 5.5% rýrnun, en að meðaltali 3.6% rýrnun, sem kom fram við aðra venjulega geymslu á fiskinum í fiskibátunum. Þá kom það fram, að pakkanýting jókst úr 8.5% miðað við venjulega geymslu í 19.8%, en þetta þýðir, að meira en helmingi meira gat farið í þá dýrmætu vöru, þar sem um er að ræða neytendapakningar, heldur en ef fiskurinn hefði verið geymdur með venjulegum hætti. Og þegar verðmismunarins er gætt á neytendapakningum og blokk, þá sjá menn, að hér er ekki um neina smámuni að ræða.

Þá kom það einnig fram í þessum tilraunum, að geymsluþol jókst um 2—4 daga á aflanum við geymslu í kössum miðað við hefðbundna geymslu í stíum, og er þetta ekki lítið atriði. Í fyrsta lagi vegna þess, að hér er auðvitað um það að ræða, að varan skemmist ekki, en að öðru leyti vegna þess, að með þessari aðferð er hægt að dreifa vinnunni í frystihúsunum, og er það ekki lítils virði, því að allir kannast við þann mikla aukakostnað, sem vinnslustöðvarnar hafa af því, þegar mikill fiskur berst á land dag eftir dag, að láta útþrælkað fólk vinna nætur sem daga, leggja nótt við dag, þar sem afköst geta ekki orðið eins og ef unnið er með eðlilegum hætti og vinnan þar að auki miklu dýrari, þannig að hér er áreiðanlega í sambandi við þetta um stórkostlegt hagsmunamál vinnslustöðvanna að ræða og raunar vil ég segja einnig verkafólksins, sem við þetta vinnur, því að oft og tíðum er það svo, að sú ofþrælkun, sem þar á sér stað, er ekki mönnum bjóðandi. En á Norðurlöndunum, t. d. í Noregi, hefur notkun kassanna leitt til þess, að í fiskvinnslustöðvum er hægt að vinna jafna dagvinnu, og eftirvinna þekkist þar yfirleitt ekki, vegna þess að aflamagninu má sem sagt dreifa á fleiri vinnsludaga heldur en ef farið væri með fiskinn með öðrum hætti.

Þá eru tímamælingar á vinnu og útreikningar á vinnslu- og stofnkostnaði, sem ég tel, að megi gagnrýna að því leyti, að þar sé frekar vantalinn hagnaður heldur en hitt og það á mörgum sviðum, og gæti ég bent á dæmi um það, að sumt er þar ekki tekið með í reikninginn. Þessir útreikningar sýndu, eins og þeir voru gerðir, að beinn hagnaður af notkun fiskkassanna varð allt að 1468 kr. á tonn eða 1½ kr. á hvert kg og aldrei minni en 632 kr. á tonn miðað við markaðssölu eins og hún var í árslok 1969. Er þá auðvitað meðreiknaður allur stofnkostnaður í sambandi við þetta og allur rekstrarkostnaður, fyrningar á tækjum og annað því um líkt, gert ráð fyrir, að tækin væru fyrnd á 6 árum, ef ég man rétt. Þá kom það einnig fram, að gæði aflans jukust, betra mat varð á fiskinum og

húsrými í móttöku gat orðið a. m. k. þrisvar sinnum minna heldur en með eldri aðferðum. Og enn kom það fram, eins og raunar leiðir af því, sem ég hef sagt, að við notkun fiskkassanna reyndist vinna að vísu meiri og stofnkostnaður, en til þess hefur verið tekið fullt tillit í þeim hagnaðarútreikningi, sem ég nefndi. Og eins og ég sagði, er áreiðanlega ýmislegt vantalið þarna í því, sem vannst við þessar breyttu aðferðir, og þá sérstaklega það, að ekki var tekið neitt tillit til þeirrar jöfnunar á vinnu í vinnslu, sem gæti orðið í vinnslustöðvunum, enda var hér aðeins um tilraun á einum bát að ræða og þess vegna ekki um það að ræða, að það gæti breytt heildarvinnunni í viðkomandi frystihúsi.

Ég vil þá aðeins víkja örlítið að einstökum greinum þessa frv., en í 1. gr. segir svo:

„Í fiskiskipum er skylt, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðh. setur, að hafa um borð sérstaklega gerða fiskkassa til að leggja í afla, jafnóðum og hann er innbyrtur. Skal aflinn geymdur í þeim, þar til hann er tekinn til vinnslu í fiskverkunarstöðvum."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að veita sjútvrh. heimild til þess að setja um það reglugerð, að slík geymslutæki skuli notuð fyrir fiskinn um borð í fiskiskipum, en þó ekki gengið lengra en svo, að gert er ráð fyrir, að hann beiti þessu valdi sínu eftir því sem rétt þykir og hagkvæmt um, hversu hraða skuli þessu nýja fyrirkomulagi. Og þar er auðvitað margt, sem kemur til greina, og treystist ég ekki til þess að leggja til, að þessu verði breytt í einu vetfangi, en taldi eðlilegra, að hér væri farið nokkuð eftir atvikum, bæði eftir því sem reynsla kæmist á þetta og eins kynni að vera, að á sérstökum tímum og með sérstökum skilyrðum hvað veiðiaðferðir snertir gætu verið mismunandi ástæður til þess að lögbinda þetta. Í annan stað kemur svo það til, að eins og ég gat um áður, þá er hér um nokkurt fjármagn að ræða, sem til stofnkostnaðar þarf, og gerir það það að verkum líka, að rétt hefur þótt að fara ekki of geyst í sakirnar, þannig að þetta gæti farið að nokkru eftir efnum og ástæðum á hverjum tíma.

Í 2. gr. er það ákvæði, sem er nýmæli, að í hverri fiskvinnslustöð, sem tekur fisk til verkunar, skuli vera húsnæði, sem gerir viðkomandi vinnslustöð kleift að geyma fisk þannig, að hann skemmist ekki meðan hann bíður vinnslumeðferðar. Þetta þýðir í raun og veru það, að skylt er að hafa kældar geymslur. En auðvitað kemur það fyrir ekki, þó að fiskur sé afhentur ísaður í kössum, ef ekki er jafnframt um það að ræða, að viðkomandi vinnslustöð hafi alla aðstöðu til þess að geta geymt fiskinn, geymt kassafiskinn þannig, að ekki valdi skemmdum. Og niðurstaðan af rannsókninni, sem gerð var í Vestmannaeyjum og ég hef minnzt á, leiddi það í ljós, að það er grundvallarskilyrði til þess að þetta nýja fyrirkomulag komi að haldi, að um kældar geymslur sé að ræða. En mjög víða í fiskhúsum er það ekki, og á það áreiðanlega sinn mikla þátt í því, að fiskur skemmist — ekki aðeins á leiðinni til lands, heldur einnig meðan hann bíður vinnslumeðferðar í frystihúsunum. Og yfir sumartímann er þetta þannig, að það er kunnara en frá þurfi að segja, að fiskur tekur í sig gerlagróður, kannske örskömmu eftir að hann hefur verið losaður úr skipunum, og er í raun og veru algerlega útilokað, að yfir sumartímann geti verið um að ræða að framleiða 1. flokks vöru, nema fiskurinn sé ísaður strax um borð og svo geymdur síðan í kældri geymslu, þangað til hann er tekinn til vinnslumeðferðar.

Í þessari gr. er enn fremur gert ráð fyrir því til öryggis, að Fiskmati ríkisins sé gert að framkvæma skoðun á því, hvort þessi nauðsynlega aðstaða sé fyrir hendi, og geti ákveðið vinnslustöðvum rekstrarstöðvun, ef þær að áður fengnum aðvörunum bæta ekki úr því, sem ábótavant er í þessum efnum.

Í 3. gr. er ákveðið, að ráðh. skuli setja reglugerð um stærð og gerð fiskkassanna, sem notaðir eru. Þetta er alger nauðsyn af tæknilegum ástæðum. Bátar og fiskiskip koma með afla að landi og skila kössunum í vinnslustöðina og þurfa auðvitað að fá sams konar kassa aftur til baka, og strax af þessari ástæðu er nauðsynlegt, að þessi tæki séu stöðluð, og hefði að mínu viti átt að vera búið að gera það fyrir löngu, vegna þess að nú þegar er farið að flytja til landsins ólíkar tegundir af þessum kössum, þar sem þeir eru í notkun, og einnig stendur það alveg fyrir dyrum, að farið verði að framleiða kassana hér á landi.

Varðandi stofnkostnað við þessar framkvæmdir er það svo að segja, að hann er auðvitað allverulegur, en á að borga sig, eins og ég hef áður getið um. En þess má líka geta, að nú nýlega hafa komið á markaðinn fiskkassar, sem gera það miklu auðveldara en áður að koma þessu í framkvæmd, því að þeir eru þannig gerðir, að notkun þeirra mundi ekki útheimta miklar breytingar á innréttingu skipanna, og það er auðvitað ákaflega mikilsvert atriði, því að þar er um verulegan stofnkostnað að ræða, sem nú ætti að vera að mjög miklu leyti úr sögunni. Að öðru leyti segir svo 4. gr., hvernig þetta skuli fjármagnað, og það er með tilliti til þess, að þar sem hér er gert ráð fyrir því, að um skyldu sé að ræða að nota þessa geymsluaðferð við fiskinn, þá hefur einnig þótt nauðsynlegt, að útvegurinn ætti greiðan aðgang að fjárhagsfyrirgreiðslu í þessu sambandi, og er þess vegna gert ráð fyrir því, að Fiskveiðasjóði verði skylt að lána allt að 75% stofnkostnaðar með venjulegum lánskjörum til 6 ára, og ætti það ákvæði að vera trygging fyrir því, að þetta gæti komizt í framkvæmd af fjárhagslegum sökum.

Loks er svo gert ráð fyrir því í 5. gr. frv., að við verðákvarðanir sé Verðlagsráði sjávarútvegsins skylt að taka fullt tillit til þess kostnaðar, sem útvegurinn ber vegna ákvæða laga þessara. Ég held, að grundvallarskilyrðið fyrir því, að slíkar aðgerðir geti borið árangur, — aðgerðir til þess að auka vöruvöndun, — sé auðvitað hið fjárhagslega, þ. e. a. s. að framleiðendurnir finni, að það sé metið og þeir hafi af því beinan hagnað, eins og þeim ber að gera, þar sem þeir eru þá að færa miklu verðmætari vöru í þjóðarbúið en ella mundi.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta miklu fleiri orð, en ég tel, að reynslan af því, hve mikið tómlæti hefur ríkt í þessu efni á undanförnum árum og jafnvel áratugum, sanni það, að hér er þörf á lagasetningu og þessi mál komist ekki í örugga höfn, nema lagaskylda verði að nota þær geymsluaðferðir, sem beztar þekkjast og fullkomin reynsla er fyrir bæði erlendis og einnig hérlendis. Ég álít því, að þetta frv. sé tímabært, og þó að fyrr hefði verið, og hv. Alþ. beri að samþykkja það í líku formi og ég hef hér lagt til. Ég vil þó taka það skýrt fram, að ég er reiðubúinn til þess undir meðferð málsins að vera opinn fyrir því, sem betur mætti fara í frv., og sjálfsagt, að málið hljóti nákvæma skoðun í þeirri hv. n., sem fær það til meðferðar.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég stend ekki hér upp til þess að andmæla í einu eða neinu því frv., sem hér er til umr., heldur langtum fremur til þess að undirstrika þá þörf, sem flm. taldi á framkvæmd þeirra atriða, sem í frv. felast. Ég get fyllilega tekið undir þau orð hans, að sú skipan mála, sem á þessum hlutum hefur gilt til þessa dags, er hvergi nærri fullnægjandi, og kannske verður aldrei svo vel um þessa hnúta búið, að geti talizt fullnægjandi í öllum atriðum. Og það er einnig rétt, að hér er aðeins fjallað um einn þátt þessa mikla vanda, sem er aukin vöruvöndun á okkar sjávarafurðum. En sjómenn hafa á undanförnum árum sagt, og það tel ég að sé meginástæðan fyrir tregðu í þessum efnum: Til hvers skyldum við við svo og svo misjafnar, erfiðar aðstæður vera að vanda umbúnað um okkar fisk, þegar við fáum nánast eitt og sama verðið fyrir fiskinn, hvernig svo sem hann er til reika, þegar hann kemur að fiskvinnslustöðinni? Og ég hygg, að það sé alveg bráðnauðsynlegt, að þarna sé gerður svo verulegur verðmunur á, að menn hyggi betur að þessum málum en hingað til hefur verið. Það er venjulega sá hluturinn, sem almenningur skilur bezt. Og það er vissulega rétt hjá sjómönnunum, að þeir hafa kannske sízt allra aðstæður til þess oft og tíðum í erfiðum vetrarveðrum að búa svo vel að fiskinum sem kostur er á, þegar það er ekki gert, eftir að fiskurinn kemur í sjálfa fiskvinnslustöðina. Góða fiskinum er þar sturtað, — ef það orð má nota, — honum er hellt þar saman við lélega fiskinn og sáralitill verðmunur gerður á því, hvernig fiskinum er skilað á land.

Þá er það einnig rétt hjá flm., að þetta má segja, að sé upphafið að vöruvöndun um borð í sjálfum skipunum. En mín skoðun er sú, eftir að hafa fjallað um þessi mál nú um nokkurra ára skeið, — og í því hafa starfað tvær nefndir á vegum rn., sem ég vænti fastlega, að hv. þn. hafi samband við, undir forustu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, undir forustu Fiskmats ríkisins, við þær nefndir verði rækilega rætt, — að grundvallarskilyrðið í þessu sé það, að það þurfi að vera meiri alhliða vöruvöndun alveg frá því að fiskurinn kemur fyrst upp úr sjó og þangað til hann kemur í hendur neytenda. Meðan ekki eru samræmdar aðgerðir í þeim efnum á báðum þessum stöðum og alla leiðina gegnum öll vinnslustig, þá verður erfitt að fá einn aðilann til að byrja. Óhjákvæmilega verða hér einhverjir byrjunarörðugleikar. Menn kunna í fyrstunni að verða fyrir einhverju fjárhagslegu tjóni af þeim sökum fyrir utan sjálfan stofnkostnaðinn, og þess vegna verður að skapa það gagnkvæma traust milli aðila þarna, að þeir trúi því í raun og veru, að það verði svipaðar skyldur lagðar á allra herðar í þessum efnum.

Ég held, að þetta sé meginorsökin. En eins og flm. gat um, er þegar búið að vinna allmikið að athugunum og tilraunum í þessu mati, sem ég vænti, að þn. reyni að kynna sér eftir föngum. Ég tel frv. eigi að síður mjög tímabært, en teldi, að það ætti að vera viðfeðmara og fjalla um allar greinar fiskvinnslunnar, ekki bara aðbúnaðinn um borð í veiðiskipunum, heldur öll vinnslustigin. Þessu vildi ég koma hér að með hliðsjón af þeirri reynslu, sem ég tel mig hafa af tilraunum til úrbóta í þessu efni, og með hliðsjón af yfirlýsingum aðila, sem þarna fjalla um.

Það er t. d. eitt atriði, sem flm. minntist ekki á áðan, aðkoman að sjálfum vinnslustöðvunum hér í landi. Þær þola vart dagsljósið, og við megum þakka fyrir, meðan erlendir kaupendur okkar reyna ekki að gera tilraun til að komast inn í sumar þessar fiskvinnslustöðvar, því að utan frá tryði enginn maður, að þar inni væri matvælavinnsla.

Allt þetta þarf að fylgjast að, og umgengni um fiskinn þarf að byggjast meira á því sjónarmiði, sem flm. lýsti, að við séum hér að fara með matvörur, sem við ætlum að fá hæsta mögulegt verð fyrir, og það gerum við ekki nema með stórlega bættum vinnubrögðum í þessum efnum, og þá verður um leið að fá um það gagnkvæmt traust á milli aðila, að það séu ekki bara skyldur lagðar á sjómennina eina um aðbúnaðinn á fiskinum um borð, heldur séu þessar skyldur ekki síður lagðar á vinnslustöðvarnar í landi, og þá efast ég ekkert um, eins og flm. benti á með tölulegum staðreyndum umræddrar nefndar, að allir aðilar eigi að hagnast vel á því, auk þess, sem við hljótum enn um ókominn tíma að byggja afkomu okkar á því, að vel sé þarna um hnútana búið.

Ég stóð aðallega upp til þess að leggja fram þær óskir mínar, að n., sem um málið fjallar, sem væntanlega verður sjútvn., kynni sér rækilega það, sem búið er að gera í þessum efnum að undanförnu, og kanni til hlítar, hvort ekki er nauðsynlegt að fylla frekar út í þetta frv., gera það viðfeðmara, eða hvort tímabært er með hliðsjón af þeim nefndastörfum, sem í gangi eru, að samþ. slíkt frv. strax. Ef það reynist vera álit þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, þá tel ég grundvallarnauðsyn, að frv. verði útvíkkað allverulega og nái til fleiri vinnslustiga en sjálfrar veiðinnar.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég stend aðeins hér upp aftur til þess að lýsa ánægju

minni yfir þeim undirtektum, sem þetta frv. hefur fengið hjá hæstv. sjútvrh., og vænti þess, að sú afstaða hans verði til þess að tryggja það, að þetta frv. fái í alla staði rækilega meðferð og afgreiðslu. Ég skal sízt hafa á móti því, ef skynsamlegar brtt. koma fram við frv. undir meðferð þess í þá átt, að það taki meira til vinnslustöðvanna heldur en það gerir. Allt slíkt tel ég til bóta, ef hægt er að finna því raunhæfan grundvöll, og það mundi sízt sæta aðfinnslu af minni hálfu. En ég bendi aftur á það, sem ég raunar gerði í minni frumræðu, að hér er um grundvallaratriði að ræða, þ. e. a. s. hvernig varan er, þegar hún kemur að landi, og einnig eru ákvæði í frv., sem eiga að tryggja betri meðferð í vinnslustöðvunum heldur en verið hefur. En sé með raunhæfum hætti hægt að benda á lagaákvæði, sem tryggt gætu betur vinnsluna í vinnslustöðvunum, þá er ég því að sjálfsögðu meðmæltur.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að grundvallarnauðsyn í sambandi við þetta er það atriði, sem ákveðið er í frv., að nauðsynlegur verðmunur sé á milli gæðaflokkanna, þegar fiskur er dreginn að landi. Og ég er viss um, að það þarf að breyta matinu allverulega á ferskfiski frá því, sem nú er, þannig að það sé miklu meira metið, hvernig vöru sjómennirnir skila að landi, og um leið séu hagsmunir þeirra tengdir við það að koma með sem bezta vöru að landi, en ekki eingöngu við aflamagnið, því að auðvitað er það alveg rétt, sem ráðh. sagði, að þegar sáralítill eða jafnvel enginn munur er á verði lélegrar og góðrar vöru, þá hugsa menn fyrst og fremst um magnið. Það er hver sjálfum sér næstur í þeim efnum sem mörgum öðrum.

Ég hef ekki fengið tilefni til þess að fara fleiri orðum um málið en ég hef þegar gert, en endurtek það, að ég er ánægður með þá viðurkenningu á þessu máli, sem hæstv. ráðh. hefur látið í ljós.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

84. Dýralæknar.

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna [113. mál] (þmfrv., A. 122).

Á 19. og 20. fundi í Ed., 19. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 122 frv. til l. um breyt. á l. um dýralækna. Í 2. gr. laga um dýralækna er ákvæði um dýralæknisumdæmi í landinu og varðandi Eyjafjarðarsvæðið er svo ákveðið í lögunum, að þar skuli vera tvö umdæmi, í fyrsta lagi Vestur-Eyjafjarðarumdæmi, sem nær yfir Akureyri, Ólafsfjörð, Hrafnagilshrepp, Glæsibæjarhrepp, Öxnadalshrepp, Skriðuhrepp, Arnarneshrepp, Árskógsstrandarhrepp, Svarfaðardalshrepp, Dalvík og Hrísey. Reynslan af þessari umdæmaskipan hefur á undanförnum árum orðið sú, að alveg sérstaklega Vestur-Eyjafjarðarumdæmi er allt of annasamt til þess að einn maður geti sinnt því með viðunandi hætti, og hefur farið svo, að Ólafsfirðingar, Dalvíkingar, Svarfdælir, og einnig gildir það sama um Árskógsstrandarhrepp, hafa orðið út undan og yfirleitt hefur ekki verið hægt að sinna þeim með þjónustu þess embættislæknis, sem hefur setið á Akureyri og á að þjóna þessu umdæmi. Hefur verið reynt að bæta úr þessu, a. m. k. hvað Svarfaðardalshreppi við kemur, með því að ráða ólærðan mann til dýralæknisstarfa, og þannig hefur verið reynt að bjarga málum ofurlítið, en öllum er auðvitað ljóst, að slík lausn mála er allsendis ófullnægjandi. Auk þess stendur hér svo á, að þar sem læknir er starfandi í umdæminu, getur þessi hluti þess ekki notað sér ákvæði 16. gr. laganna, en þar er heimilað að ráða menn, sem ekki eru lærðir dýralæknar, til starfa, og er þá heimilt með leyfi landbrh. og meðmælum yfirdýralæknis, að kostnaður við slíkt sé greiddur úr ríkissjóði. En hér stendur sem sagt svo á, að það er starfandi dýralæknir í umdæminu, og verða því þessar sveitir, sem hér eiga hlut að máli, ekki aðnjótandi þeirra hlunninda, sem í þessari gr. felast, og verða að kosta þá dýralæknisþjónustu, sem þær geta aflað sér, algerlega sjálfar.

Það er kunnugt, að dýralæknar útskrifast of fáir eða hafa gert á undanförnum árum og þess vegna hefur öllu verið til skila haldið, að dýralæknar fengjust í umdæmi eins og þau nú eru. Er því eðlilegt, að menn spyrji um það, hvort menn séu nokkru bættari, þó að það sé ákveðið að stofna hér nýtt umdæmi, og auðvitað kemur það ekki að fullu haldi nema dýralæknar fáist. En mér er kunnugt um það, að taldar eru líkur á, að hægt muni að fá lækni í þetta umdæmi, ef stofnað verður, a. m. k. innan skamms. En alla vega mundi þessi breyting, sem gerð er hér till. um í frv. minu, hafa það í för með sér, að búfjáreigendur og bændur við utanverðan Eyjafjörð mundu geta notað sér ákvæði 16. gr. til þess að fá uppi borinn þann kostnað, sem þeir hafa af þeirri þjónustu, sem þeir reyna að afla sér utan þess, sem embættið getur sinnt, en það er mjög lítið eða ekkert.

Ég ætla, að að athuguðu máli þyki það vera sanngjarnt, að þessi breyting sé gerð og stofnað til þessa sérstaka umdæmis. Með því mundi Vestur-Eyjafjarðarumdæmi minnka allverulega, og einnig er gert ráð fyrir því í frv. minu, að Grímsey verði tekin út úr Vestur-Eyjafjarðarumdæmi og látin tilheyra Dalvíkurumdæmi. Ég játa, að það má vel vera við frekari athugun

málsins í n. og hugsanlega eftir að leitað hefur verið álits yfirdýralæknis, sem ég tel sjálfsagt, þá þyki e. t. v. eins heppilegt, að þessi breyting sé eitthvað öðruvísi, t. d. gæti það vafalaust komið til greina, að Siglufjörður og Fljót fylgdu þessu dýralæknisumdæmi, þó að ég hafi ekki gert till. um það. Það má vel vera, að þar standi ekki alveg ósvipað á og með bændur við utanverðan Eyjafjörð. Þar er um stórt umdæmi að ræða, Skagafjarðarumdæmi, og kynni vel að vera, að önnur skipan þætti þarna henta um skiptingu sveita í dýralæknisembættin. En um það ætla ég ekki að fjalla. Ég tel sjálfsagt, að það verði athugað í n., hvort þetta, sem ég legg til, er bezta lausnin á málinu eða hvort hægt er að haga þessu með öðrum hætti. En hitt er alveg auðsætt, að þau vandamál, sem þarna er við að etja fyrir bændur, verða ekki leyst nema með stofnun nýs umdæmis á þessum slóðum.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

85. Leiklistarskóli ríkisins.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt frá Ed:
Frv. til l. um leiklistarskóla ríkisins [127. mál] (þmfrv., A. 149).

Á 19. og 20. fundi í Ed., 19. og 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Frv. um leiklistarskóla ríkisins flyt ég ásamt hv. 2. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Sams konar frv. fluttum við á þingi 1968. Þá var því vísað til ríkisstj. í marzmánuði 1969 á þeim forsendum, að menntmrh. hefði þá fyrir skemmstu, eða nánar tiltekið í janúar 1969, ritað tilteknum aðilum bréf og farið þess á leit við þá að tilnefna fulltrúa til þess að taka sæti í nefnd til þess að athuga og gera till. um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem reknir eru af Þjóðleikhúsinu og af Leikfélagi Reykjavíkur, og gera í því sambandi áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Þessi nefnd var stofnuð og hún starfaði á árinu 1969. Voru í henni 5 menn, en fulltrúi Leikfélags Reykjavíkur sagði sig fljótlega úr nefndinni, en hinir störfuðu og skiluðu ýtarlegri álitsgerð til menntmrn. í janúarmánuði 1970. Nú eru liðnir 10 mánuðir síðan menntmrn. fékk þessa ýtarlegu álitsgerð þeirra fjórmenninganna. Það hefur ekkert heyrzt frá þessu máli. Þess vegna þykir flm. tímabært að vekja athygli á því á nýjan leik.

Þegar málið var til umr. hér og afgreiðslu á árinu 1969 í marz, þá lýsti ég því sem minni skoðun, að það væri óeðlilegt og ekki málinu til framdráttar, að því yrði vísað til ríkisstj. Ég hélt, að hv. Alþ. treysti sér til að hafa skoðun á því, hvort ríkið ætti að reka fullkomnari leiklistarskóla heldur en gert hefur verið frá stofnun Þjóðleikhússins og að gera innlendum leikaraefnum og leikurum fært að nema list sína á móðurmálinu. En á þessa skoðun var ekki fallizt. Hv. meiri hl. menntmn. þessarar deildar hélt fast við þá ákvörðun sína að vísa málinu til ríkisstj., vegna þess að þar væri búið að ákveða að skipa nefnd. Við erum ekki óvanir þessari málsmeðferð, stjórnarandstæðingar á Alþ. Það má heita að í svo til hvert einasta sinn, sem við bryddum á máli hér, þá sé það svar hæstv. ríkisstj., að okkar tillöguflutningur sé óþarfur, gott ef ekki til óþurftar, vegna þess að þetta sé allt í athugun. Ég get nefnt um þetta fjöldamörg dæmi. Ég skal ekki gera það, vegna þess að allir þeir, sem hér eru inni, þekkja það. Það er ástæðulaust, að við séum að telja það upp hvert fyrir sig. Ég tel það út af fyrir sig gott, ef hæstv. menntmrh. hefur frumkvæði um það, að að þessum málum sé unnið, og ég tel, að sá undirbúningur ætti að auðvelda honum og fylgismönnum hans í stjórnarflokkunum að taka afstöðu til þeirra þingmála, sem fram eru lögð. Ég hefði þess vegna talið eðlilegt, að þetta frv. fengi þinglega meðferð og yrði skoðað með hliðsjón af þeim athugunum, sem hæstv. ráðh. hafði þegar látið fara fram, þegar nál. voru hér til umr. En þetta eru bara ekki vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Hennar vinnubrögð eru ævinlega þau að leggja frv. stjórnarandstöðunnar til hliðar og vinna svo að málunum eftir sínum eigin leiðum og sínum verkahraða, sem við erum satt að segja orðnir meira en þreyttir á ýmsir, sem höfum flutt mál á undanförnum þingum.

Síðan þessi nefndarskipun og þessi málamyndahreyfing komst á leiklistarskólamálin í ríkisstj., hefur ekkert annað gerzt en það, að annar aðilinn, sem rak hér leiklistarskóla, Leikfélag Reykjavíkur, hefur hætt því. Og þær skýringar, sem gefnar eru á þeirri ráðabreytni, eru þær fyrst og fremst, að menn trúðu því, að hæstv. menntmrh. væri alvara með það, að hann mundi taka þessi mál fastari tökum og koma hér á leiklistarskóla ríkisins, sem gæti uppfyllt þær skyldur, sem þing og þjóð hefur við þessar menningarstofnanir, leikhúsin í landinu, og þá ekki sízt Þjóðleikhúsið, sem ríkið sér um að öllu leyti. Þegar málið var hér til meðferðar á þeim tíma, sem ég er nú að tala um, í marzmánuði 1969, þá lýsti formaður menntmn., hæstv. núv. dómsmrh., yfir því, að það væri ekki vegna þess, að hún hefði ekki ákveðna skoðun á efni frv. og væri því fylgjandi, sem til væri lagt, að málinu væri vísað til ríkisstj., heldur væri það einfaldlega vegna þess, að nú væri verið

að vinna að málinu þar. Mér finnst þetta alveg öfug aðferð. Ég sagði það þá og ég segi það aftur núna. Mér finnst, að alþm. verði að reyna að glíma við þau mál, sem lagasetningar er þörf um. Og ef í stjórnarráðinu hjá embættismönnum þar liggja fyrir athuganir og upplýsingar, sem að gagni mega koma, eins og vafalaust er í þessu tilfelli, þá eiga alþm. að fá aðgang að þeim og reyna að koma á frv. skipan þessara mála eins og þeim sýnist bezt með þeirri aðstoð, sem telst þurfa utan frá, en ekki að vísa málinu alltaf frá sér til einhverra annarra, taka svo við þeim tilbúnum og oft í slíku ástandi þá, að nánast enginn tími er fyrir Alþ. til þess að fjalla um þau, eins og mörg dæmi er hægt að nefna um.

Ég skal svo, herra forseti, með aðeins örfáum orðum gera grein fyrir því frv., sem við þrír þm. hér höfum lagt fram til þess að freista þess að fá hreyfingu á þetta leiklistarskólamál. En ég tek það fram nú, eins og ég gerði fyrir tveimur árum, að við erum með flutningi frv. ekki að segja það, að þar sé sú eina, rétta tilhögun, sem til greina komi. Og við tökum því áreiðanlega allir vel, að á þessu frv. séu gerðar breytingar. En þetta frv. er samið af okkur ásamt ýmsum sérfræðingum í leiklistarmálum, sem hafa unnið sjálfboðaliðsvinnu í því að setja fram frv., sem væri hægt að nota a. m. k. sem uppistöðu í lagasetningu eða beinagrind, og ég vænti þess og vonast fastlega eftir því, að þetta frv. fái nú þinglega athugun, en því verði ekki á nýjan leik hent í ruslakistuna, því að það er ábyggilegt, að í þessu frv. eru þó nokkur atriði, sem þeir menn, sem þessum málum eru kunnugastir, eru sammála um, að séu þau réttu.

Þegar málið var hér til meðferðar í marz 1969, þá flutti annar af meðflm. mínum að mínum dómi mjög athyglisverða og ágæta ræðu, hv. 2. þm. Austf., um nauðsyn þess, að Þjóðleikhúsið hefði á að skipa færum leikurum og færum tæknimönnum, og ég leyfi mér að vísa til þeirrar ræðu sem framsögu og innleggs í þetta mál. Á Norðurlöndum hefur þróunin orðið sú, að þar hafa leiklistarskólar yfirleitt verið sameinaðir og er víðast hvar orðið þannig nú, að ekki starfar nema einn leiklistarskóli í hverju landi. Ég hygg, að við gætum lært af þessu eins og ýmsu öðru, sem þar er að gerast. Þó að mönnum líki nú kannske ekki allt, þá held ég, að þeir séu í þessu efni á réttri leið, enda er það, að ég held, álit kunnugra, að þeir skólar, sem hér hafa verið starfræktir, hafi ekki verið þess megnugir að rækja hlutverk sitt eins og skyldi.

Þessi skóli er auðvitað liður í íslenzkri menntun, en hann getur þó ekki fallið undir skólakerfið eins og það er óbreytt. Þess vegna er í 2. gr. frv. okkar gert ráð fyrir því, að skipuð sé skólanefnd, og samkv. þeirri till. á þjóðleikhúsráð að nefna einn fulltrúa, Leikfélag Reykjavíkur annan, Félag íslenzkra leikara þriðja, starfandi leikfélög utan Reykjavíkur þann fjórða, en menntmrh. tilnefni svo þann fimmta, sem á að vera formaður. Þá segjum við í 3. gr., að menntmrh. skuli ráða sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu að tillögu skólastjórnar og þessi maður eigi aðeins að hafa ráðningarsamning til fjögurra ára í senn. Og það er hugsað til þess, að auðveldara sé að skipta um menn eftir eðlilegum leiðum. Þessar listgreinar eru þannig vaxnar, að það getur verið mjög mikil nauðsyn á því, að hægt sé að skipta um með eðlilegu millibili, og án þess að ég fari nánar út í það, vil ég segja, að það fyrirkomulag mætti víðar gilda. Þessi skóli á að vera þriggja ára skóli, starfa frá 1. okt. til 1. júní og hann á að vera fullkominn skóli, sem tekur tíma nemandans allan, starfar frá 9—18, en ekki eins og nú er, að þetta séu kvöldskólar, sem hafa óeðlilega stuttan kennslutíma.

Í 6. gr. er svo talið upp það, sem á helzt að vera meðal námsgreina: Íslenzka, taltækni, leikur, látbragðslist, förðun, skylmingar, leikfimi, leiklistarsaga og sálfræði. Ég viðurkenni, að hér getur þurft endurbóta við. Það er ekki víst, að þessi upptalning sé endilega tæmandi. Og í 6. gr. er enn fremur gert ráð fyrir því, að námskeið verði haldin í leikstjórn, búninga- og leikmyndateiknun, leiksviðslýsingu og öðrum tæknistörfum á leiksviði. Og ég legg mikla áherzlu á, að það verði reynt, því að það eru ekki aðeins leikararnir, sem starfa að hverri sýningu, heldur jafnframt fjöldi tæknimanna, sem vissulega þurfa að fá tækifæri til að fullnuma sig í sínum greinum ekkert síður en leikararnir.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum og það er ekki torskilið, það sem í því stendur. Ég skal þess vegna ekki eyða tíma d. til þess að fara nánar út í að lýsa því. En ég vil bara að endingu segja það, að það er auðvitað ekki nóg að byggja leikhúsin. Það þarf að þjálfa og mennta það fólk, sem á að halda uppi leiklistarlífinu. Með því verndum við tunguna og þjóðernið kannske öðru fremur.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og ég endurtek það, að frv. er flutt í trausti þess, að nú komi á þessu þingi löggjöf um leiklistarskóla ríkisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

86. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BGuðbj og ÓlJ).

Á 20. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands [136. mál] (þmfrv., A. 167).

Á 21., 22. og 23. fundi í Ed., 25., 26. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þar sem fyrri flm. þessa máls hefur horfið af þingi um skeið, fellur það í minn hlut að fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum. Það má segja, að í þessu frv. um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð séu, að ákvæðinu til bráðabirgða meðtöldu, fólgin fjögur nýmæli. Það er í fyrsta lagi það, að lán Fiskveiðasjóðs til nýrra skipa, smíðaðra innanlands, skuli hækkuð í 85% af kostnaðar- eða matsverði. Annað nýmælið er það, að lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, skulu nokkuð hækkuð frá því sem nú er. Þriðja nýmælið er það, að veitt er heimild til þess að lána til endurbóta og endurbygginga á eldri skipum allt að 60% af vátryggingarverði hins endurbætta skips. Og fjórða nýmælið felst svo í ákvæðinu til bráðabirgða, þar sem stjórn Fiskveiðasjóðs er veitt heimild til viðbótarlánveitinga vegna þeirra fiskiskipa sem smíðuð hafa verið erlendis að undanförnu og erlendar skuldir hvíla á.

Um fyrsta nýmælið er þetta að segja, að eins og kunnugt er, þá er það svo nú, að samkv. lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er heimilt að lána 75% út á skip, sem smíðuð eru innanlands — 75% af kostnaðar- eða matsverði. Við, sem að flutningi þessa frv. stöndum, höfum á undanförnum þingum flutt frv. þess efnis, að þessu ákvæði yrði breytt til hækkunar og í þá átt, sem þetta frv. gengur, en þær till. okkar hafa ekki náð fram að ganga. Hins vegar var það svo, að með lögunum um efnahagsaðgerðir 1969, þar sem sett var á fót atvinnumálanefnd ríkisins, var upplýst, — og sérstaklega var það upplýst í sambandi við umr. um till. okkar um þetta efni, — að það væri ætlunin, að atvinnumálanefnd ríkisins lánaði 10% af kostnaðarverði nýrra skipa, sem smíðuð væru hér á landi. Og í framkvæmdinni hefur þetta verið svo að undanförnu, að það hefur verið lánað 85% út á þau skip, sem smíðuð hafa verið innanlands, en þannig, að úr Fiskveiðasjóðnum hafa komið 75%, en 10% hafa komið frá atvinnumálanefnd ríkisins, sem hefur nú falið Atvinnujöfnunarsjóði að ganga frá þessum viðbótarlánum. Það má því segja, að það sé í reyndinni komið á, sem í þessu frv. felst, að það séu lánuð 85% út á þessi skip, en hins vegar er það eins og komið hefur fram frá tveimur aðilum, að þeir telja eðlilegra og hagkvæmara, að það sé einn aðili, sem hafi með þetta að gera, enda eru lánskjörin ekki öll þau sömu. Þau eru nokkuð óhagstæðari á þeim hluta, sem frá atvinnumálanefnd ríkisins kemur. En auk þess er á það að benda, að atvinnumálanefnd er byggð á lögum, sem falla úr gildi í árslok 1970. Þess vegna teljum við það eðlilegt að breyta þessu ákvæði í fiskveiðasjóðslögunum í það horf, sem hér er gert ráð fyrir.

Annað nýmælið er svo það, eins og ég drap á, að það er nokkuð hækkuð lánveiting til þeirra skipa, sem smíðuð eru erlendis. Ekki er þó þar um mikla hækkun að ræða, og er í rauninni ekki ástæða til þess að fjölyrða um það.

Þá er það þriðja nýmælið, en það er um heimild til handa stjórn Fiskveiðasjóðs að veita lán til endurbygginga og endurbóta á eldri skipum. Það er nú svo, að mörg eldri skip eru á ýmsan hátt traust eða geta verið traust skip og góð sjóskip, en þau þarfnast endurbóta, sérstaklega í tækjabúnaði og eins aðbúnaði þeim, sem hægt er að veita skipverjum. Það verður því að líta svo á, að það sé hagkvæmara að veita nokkurt lán til endurbyggingar og endurbóta á þessum skipum heldur en að láta þau ganga algerlega úr sér, svo að þau verði ekki notuð. Það, sem þarf til slíkra endurbóta og endurbygginga á þessum skipum, er auðvitað ekki nema brot af því, sem þarf í ný skip. Þess vegna virðist það skynsamleg fjárfesting, a. m. k. í mörgum tilfellum, að leggja í endurbætur á þessum skipum í stað þess að láta þau eyðileggjast með öllu.

Það mun nú vera svo, að Fiskveiðasjóður hefur viðurkennt þetta sjónarmið og hefur í ýmsum tilfellum að undanförnu lánað nokkuð til tækjakaupa í eldri skip og til einhverra endurbóta á þeim. En það er þó talið, að slík lán hafi verið of lág, og eins er talið, að það hafi ekki verið verulegt samræmi í þessum lánveitingum, og loks, að lánstíminn hafi í þessum tilfellum verið styttri en eðlilegt er, þar sem hann mun í flestum tilfellum hafa verið bundinn við 5 ár, en þó í einstökum tilfellum 7 eða 8 ár. Það, sem felst í þessu nýmæli, er sú breyting frá því ástandi, sem verið hefur, að stjórn Fiskveiðasjóðsins er sem sagt heimilað að lána allt að 60% af vátryggingarverði endurbættra skipa til þess að gera endurbætur á eldri skipum og endurbyggja þau. Og að lánstíminn skal vera til 10 ára, í stað þess, sem ég sagði áður, að hefði verið 5 eða jafnvel 7 eða 8 í sumum tilfellum.

En síðan er svo fjórða nýmælið, sem felst í ákvæðinu til bráðabirgða. Í því felst að rétta nokkuð hag þeirra útgerðarmanna, sem hafa keypt skip erlendis að undanförnu og hafa skuldað erlendis vegna þeirra skipakaupa og hafa þess vegna við þær gengislækkanir, sem hér hafa átt sér stað, orðið fyrir áfalli — mjög stórkostlegu áfalli. Það er með þessu reynt að rétta þeim nokkra hjálparhönd, ekki þannig, að farið sé fram á, að það sé nokkuð greitt fyrir þessa menn, ekki þannig, að það sé farið fram á að þeim sé nokkur styrkur veittur eða hið opinbera taki að sér að greiða þessar skuldir, sem á þeim hvíla með miklum þunga, heldur hitt að þeim sé veitt nokkurt viðbótarlán eða það sé a. m. k. heimild til þess að veita þeim nokkurt viðbótarlán til þess að standa undir þessum erlendu skuldum og hlaupa þannig undir bagga með þeim á þennan hátt. En með þessu bráðabirgðaákvæði, þar sem heimilað er, að lán Fiskveiðasjóðs megi að meðtöldu viðbótarláninu nema samtals allt að 60% af vátryggingarverði skipanna, þá er í raun og veru aðeins um það að ræða, að það sé lánað út á skipin eins og þau í raun og veru kosta.

Herra forseti. Ég held, að þessi efnisatriði, sem í þessu frv. felast, séu tiltölulega ljós, og ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara fleiri orð-

um um þau, enda þótt það mætti að sjálfsögðu rökstyðja þörfina á þessum nýmælum frekar en *ég hef hér gert*. En *ég vænti* þess, að það verði nú tækifæri til þess að koma þeim rökum á framfæri í þeirri n., sem um þetta frv. mun fjalla, en ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

87. Ráðstefnustofnun ríkisins.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um Ráðstefnustofnun ríkisins [140. mál] (þmfrv., A. 172).

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér á þskj. 172 að bera fram frv. um Ráðstefnustofnun ríkisins. Í 1. gr. frv. er kveðið svo á, að á fót skuli sett stofnun, sem hafi það meginverkefni að draga að sem flestar ráðstefnur hingað, erlendra aðila, alþjóðastofnana og annarra stórfyrirtækja, þannig að straumur manna til landsins hér muni aukast.

Það er viðurkennt og vel þekkt, að fjárfesting í þágu ferðamanna hefur borið góðan arð víða um lönd. Það er líka þekkt, að sívaxandi fjöldi ráðstefna á vegum alþjóðasamtaka er haldinn um allan heim, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef haft, var talið, að á s.l. ári hafi verið yfir 3000 slíkir fundir og yfir 2 millj. þátttakenda. Hér er því eftir nokkru að slægjast. Einnig er það staðreynd, að þátttökugestir í þessum ráðstefnum hafa vissan farareyri, sem er ætlaður í eyðslu í sambandi við ráðstefnuhaldið, og nemur þessi peningur oft nokkrum þús. kr. Það kemur fram í grg. með frv., að líta beri á þátttakendur í ráðstefnuhaldi öðrum augum en *venjulega skemmtiferðamenn*. Sumar þjóðir hafa komið upp hjá sér sérstöku ráðstefnuhúsi, stóru húsi, sem veitir mönnum mjög góða þjónustu. Út á slíka starfsemi gengur þetta frv. ekki, heldur er hér lagt til, að hér sé um hlutlausa stofnun að ræða á vegum ríkisins, eins og segir í 2. gr., sem skal skipuleggja, efla og stuðla að ráðstefnuhaldi hér á landi í sem stærstum mæli með því að safna upplýsingum erlendis frá, frá alþjóðasamtökum, stórfyrirtækjum, um þarfir þeirra á ráðstefnuhaldi, og svo á hinn bóginn safna upplýsingum um aðstöðu hér á Íslandi frá öllum hótelum alls staðar á landinu og dreifa þessum upplýsingum sem víðast. Það er mjög mikilvægt atriði, að þetta sé gert á hlutlausan hátt og reynt sé að stuðla að því á alla vegu, að ráðstefnuhald geti komið á öllum árstíma hér og orðið sem víðast á landinu. Þetta gerist ekki í skjótri svipan, heldur þarf hér nokkur undirbúningur að vera til þess að árangur náist.

Í 3. gr. er fjallað um, að Ráðstefnustofnunin heyri undir samgrh. Það er eðlilegt. Öll þessi mál, samgöngumálin varðandi, hótelhald og ferðir í lofti og á láði, heyra undir þann ráðh. og það er tengt öllu slíku skipulagi. Og mér sýnist eðlilegt, að stofnun sem þessi muni heyra undir samgrh. Í stjórn er lagt til að skuli vera 3 menn, og sé einn skipaður af hálfu Flugfélags Íslands og Loftleiða sameiginlega, og annar skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. Ráðh. skipar hinn þriðja, sem er formaður, án tilnefningar.

Í 4. gr. er fjallað um, að Ráðstefnustofnunin þurfi að taka ákveðna þóknun af hverjum ráðstefnugesti, er viðkomandi gistihús mundi þá greiða. Það sýnist ekki óeðlilegt, ef árangur verður af þessari starfsemi, sem ég dreg ekki í efa, að verður fyrr en síðar, að viðkomandi gistihús, sem nær til sín þá fleiri gestum, borgi einhverja þóknun fyrir slíka þjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi stofnuninni til nauðsynlegt fjármagn.

Í 5. gr. er fjallað um það, að samgrh. setur í reglugerð nánari ákvæði um allt, er að framkvæmd þessara laga lýtur. Ferðamálamenn hafa komið hér oft saman og þingað um aukinn ferðamannastraum til landsins og gildi þess fyrir efnahagslíf landsins. Ferðamannastraumurinn er allur á mjög skömmum tíma á árinu, hleðst aðallega á þrjá mánuði ársins, og talið er eftir bráðabirgðaupplýsingum, að um 400 millj. kr. hafi komið hér á þessum tíma á árinu í beinum peningum og nær 600 millj. hafi runnið til ferðaskrifstofa, flugfélaga, hótela og annarrar þjónustustarfsemi í landinu. Þetta er samkv. *upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, og ætla má*, að þær séu nokkurn veginn nálægt lagi. Hvort sem munar hér nokkrum milljónatugum eða ekki, er sýnilegt, að þetta er orðin þýðingarmikil starfsemi hér hjá okkur, að taka á móti ferðamönnum. Hitt er líka mjög þýðingarmikið, ef við gætum gert Ísland að ráðstefnulandi, og að því markmiði á frv. að stuðla.

Hvað er það nú, sem gæti vakið aðra menn og stórstofnanir til umhugsunar um, að hér væri gott til ráðstefnuhalds? Ég hef leyft mér að benda á sex atriði, og má þar nefna fyrst, að menn vilja sjá sem flest lönd, — þeir, sem ferðast mikið, hafa ánægju af því. 2. Ísland er óvenjulegt og sérstætt land. 3. Hér er rólegt umhverfi og þjónusta góð. 4. Mótmæli, sem eru því miður of oft höfð í frammi, við ráðstefnuhald, eru ekki þekkt hér, a. m. k. ekki að neinu ráði. 5. Hlutleysi landsins er viðurkennt, og fámenni hér vekur athygli. 6. Lega landsins er sérstaklega hagstæð, þar sem flestar alþjóðastofnanir hafa aðsetur, eins og er í dag, í Evrópu eða N.-Ameríku. Sjálfsagt eru einhverjir fleiri þættir, sem mundu stuðla að því, að við

hefðum aðdráttarafl og sem flestar ráðstefnur yrðu haldnar hér.

Fyrir okkur sjálfa er það afar þýðingarmikið, að við getum lengt notkunartíma á hótelum landsins, og fyrir flugfélögin að fá sem flesta farþega til og frá landinu á því tímabili, sem fellur ekki á háannatímann, og þess er að vænta, að með góðu skipulagi og með góðum áróðri mætti draga verulega að í þessu efni. Til er stofnun hjá Spánverjum, sem er svo vel skipulögð um ráðstefnuhald, að næstum hver einasti dagur á árinu er þar nýttur. Auðvitað er langt í land, að við getum reist slíka stofnun, og ég býst varla við, að það verði gert. Þó var flutt frv. um slíkt ráðstefnuhús hér í hv. d. fyrir nokkru. Það náði ekki fram að ganga. En það, sem vakir fyrir mér, er, að t. d. Loftleiðir, sem hafa ráðizt í þá fjárfestingu að hafa sérstakan fundarsal, fengju sem bezta nýtingu á honum. Síðan höfum við Háskóla Íslands á vissum árstíma. Við eigum líka úti um land húsnæði, sem gæti tekið að sér ráðstefnuhald, þó að það falli meira á mesta annatímann, og fleira mætti nefna.

Eitt atriði vil ég undirstrika í þessu frv., en það er, að stofnunin hefur heimild til að styrkja menn til náms í þessum efnum og hjálpa þeim til lærdóms. Nútíma ráðstefnuhald krefst þekkingar, skipulags og málakunnáttu, og þó að við getum ekki þjálfað hér túlkendur til þrautar, þá er nauðsynlegt að hafa á vissu tæknisviði og stjórnsviði vel þjálfaða menn. Mörg af þessum alþjóðasamtökum hafa sína sérstöku túlka, sem ferðast á milli af einni ráðstefnu á aðra og því ætti síður að vera nauðsyn á slíkri þjálfun fyrir okkur, en það kann að koma fyrr en síðar. E. t. v. rísa hér upp salir fyrir 500—1000 manns bráðlega. Þegar við höfum náð slíkri stærð, er verulega opnaður möguleiki á því að draga að stórráðstefnur hér. En vert er að veita því athygli, að margar nefndir, t. d. hjá Sameinuðu þjóðunum og fleiri stórum alþjóðasamtökum, eru orðnar svo fjölmennar, að það þarf góða aðstöðu til þess að koma þeim fyrir, og þessar nefndir halda ótrúlegan fjölda funda og vilja skipta þeim á þátttökulöndin. Og þótt við séum ekki þátttakendur í allri þessari nefndastarfsemi, þá eigum við að hafa möguleika vegna þeirra atriða, sem ég nefndi áðan, til þess að draga allverulega til okkar fundahöld hjá þessum stofnunum. Einnig má benda á, að mörg hin stóru fyrirtæki, sem verzla víða, úti um allan heim, hafa mjög marga sérfræðinga eða sölumenn í þjónustu sinni, og þeir þurfa að halda marga fundi og halda venjulega einn aðalfund eða meginfund með sínum tæknimönnum og sölumönnum. Hefur þegar verið vísir að því hjá Loftleiðum að draga slík fundahöld hingað, og að þessu þarf að stuðla í auknum mæli. Ég tel, að með því að koma upp hér hlutlausri stofnun á vegum ríkisins, sem starfi sjálfstætt að þessum málum og gagnasöfnun innan lands og utan, finnum við bezta fyrirkomulagið.

Einhver kynni að halda, að ferðamálaráð ætti að starfa að þessu. Það getur vel verið, en þá þarf að breyta lögum um ferðamálaráð. Í dag hefur það ekkert bolmagn til þess að starfa þannig og vantar líka skipulag. Hér er um geysistórt verkefni og mikilvægt svið að ræða, að ná í sem flesta ráðstefnugesti, og ég held, að ferðamálaráð hafi í nógu að snúast að sinna skemmtiferðamannaþættinum af meiri krafti en verið hefur. Því er lagt til, að þessi stofnun sé óháð og starfi sjálfstætt.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

88. Sala Áss í Nesjahreppi.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Ás í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu [142. mál] (þmfrv., A. 174).

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv., að veitt verði heimild til að selja Sigurði Björnssyni, Ási, jörðina Ás í Nesjahreppi í A.-Skaftafellssýslu. Verð jarðarinnar fari eftir samkomulagi, ef það næst, en náist ekki samkomulag um kaupverð skuli það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Jörð sú, sem hér um ræðir, er nýbýli út úr landi prestssetursjarðarinnar Bjarnaness. Samþ. var að stofna þetta nýbýli á árinu 1937, og var þá hafin bygging býlisins. Það fór eftir ákvæðum nýbýlalaga, sem þá voru í gildi, hvaða landstærð býlinu var ákveðin. En eins og nýbýlalögin voru þá, voru lönd þeirra býla, sem stofnuð voru um þetta leyti, mjög takmörkuð. Hjónin, sem stofnuðu þetta býli, bjuggu þar um alllangt árabil, en hafa hætt búskap fyrir nokkrum árum, og um skeið var jörðin í eyði, en nú hin síðari ár hefur haft búsetu á þessu býli Sigurður Björnsson, sem nefndur er í frvgr. Hann hefur að aðalstarfi kennslu við Nesjaskóla, en hefur haft búsetu á þessu býli og lagt í nokkurn kostnað af eigin rammleik við að endurbæta íbúðarhúsið. Kona Sigurðar er bóndadóttir úr Nesjahreppi, og þau hjónin vilja gjarnan hafa áfram búsetu þar í sveitinni, og nú hefur verið leitað eftir því af þeirra hálfu, að veitt verði heimild til þess að þau fái þessa jörð keypta. Hreppsnefndin í Nesjahreppi hefur á fundi samþ. að mæla með því, að þessi lagaheimild verði veitt. Ég tel ekki ástæðu til að gefa hér í hv. d. fyllri lýsingu á þessu máli, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

89. Sala Karlsstaða í Helgustaðahreppi.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Karlsstaði í Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu [146. mál] (þmfrv., A. 178).

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Sigurbergsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér á þskj. 178 í hv. d., um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Karlsstaði í Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu, er flutt að beiðni Ágústs Jóhannessonar, Háaleiti 5 í Keflavík, og systkina hans. Þetta er allstór hópur manna, sem þarna vill eiga hlut að máli um kaup á jörðinni. Systkini þessi eru 11 að tölu, en þau vilja eignast jörðina með það fyrir augum að búa sér þar sumarleyfisstað með fjölskyldum sínum og vinna þar að heftingu uppblásturs á ræktuðu landi, m. a. með sáningu og gróðursetningu trjáa o. fl., sem getið er um í grg.

Það má eflaust deila um það, hvort rétt sé yfirleitt að ríkið selji eyðijarðir til einstaklinga. Býst ég við, að um það muni allskiptar skoðanir. En ég hef þá skoðun, að ríkisjarðir, sem ekki teljast sérstaklega til hlunnindajarða, — sem ekki búa yfir neinum náttúruorkulindum, t. d. fallvötnum og jarðhita eða öðru slíku, sem telja mætti frekar ástæðu til þess að væri alþjóðareign, — beri að selja, ef eftir er leitað, eins og í þessu tilfelli. Þar sem jörðin hefur verið í eyði alllengi, er hlunnindalaus, svo til húsalaus, vegasambandslaus og á allan máta erfiðlega í sveit sett, tel ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að jörðin sé seld, ef einhverjir einstaklingar eða aðilar leita eftir kaupum á henni. Þessi jörð liggur t. d. hvergi að sjó, svo að ekki er hægt að segja, að þar sé um hlunnindi í sambandi við það að ræða.

Það hefur, eins og segir í grg., borið töluvert á uppblæstri gróðurlands á þessari jörð, og er það m. a. þess vegna, að þessi systkinahópur vill fá ráð á landinu, til að hefta þann uppblástur, eiga þar samastað yfir sumarmánuðina og vinna þar að gróðursetningu og öðru, sem mætti verða til þess að stöðva uppblásturinn. Mér finnst þetta einkar þjóðleg og fögur hugsjón, sem liggur hér á bak við, og vil leggja mitt fram til að af þessu geti orðið. Við mennirnir eigum skuld að gjalda landinu, sem hefur fóstrað okkur og alið, framfærsluskuld að gjalda, sem bezt verður greidd með því, að allar fúsar hendur verði nýttar til starfa að græðslu og fegrun þess lands, sem hefur fóstrað okkur og alið til þessa.

Það mun venjan, að slíkum frv. fylgi umsögn frá viðkomandi hreppsnefnd í þeim hreppi, sem jarðirnar eru í, en hér hefur það ekki verið gert af þeirri ástæðu, að það má segja, að það sé dálitið erfitt að koma því við. Þetta er alveg austast á landinu. En ég get getið þess hér, að Ágúst hefur haft símasamband við hreppsnefndarmenn og fengið jákvæðar undirtektir þeirra. Það er aðeins eftir að ganga frá umsögn þeirra formlega, og hefur hann farið þess á leit við þá, að þegar það form yrði gert, yrði það sent í símskeyti til þeirrar þn., sem fær þetta mál til umsagnar.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa nein frekari orð um þetta hér að sinni, en ég mælist til þess, herra forseti, að að umr. þessari lokinni verði frv. þessu vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

90. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HB og EÁ).

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [156. mál] (þmfrv., A. 198).

Á 24., 25. og 27. fundi í Ed., 2., 3. og 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 198 flyt ég ásamt hv. 11. þm. Reykv. frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Þetta frv. felur það í sér, að fyrningar fastafjármuna skuli miða við endurkaupsverð þeirra, í stað þess, sem nú er regla, að miðað er við kaupverð.

Þetta mál er ekki nýtt hér á hv. Alþ., því að mál sama efnis var flutt í hv. Nd. á s. l. ári, og utan Alþ. er það raunar enn þá eldra, því að breyting af þessu tagi hefur verið til umr. á ýmsum vettvangi um langan tíma.

Við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar, að í þjóðfélagi, þar sem verðbólgan er jafnör og langvarandi og hér hefur verið, sé það ekki aðeins mjög óheppilegt að miða fyrningu við kaupverð, sem reynist svo vera í algeru ósamræmi við það kaupverð, sem gildir, þegar endurnýjunin á að fara fram, heldur sé hér raunar um

að ræða rangt bókhald, þegar það kemur í ljós, að ekki er hægt að endurnýja eignir fyrir þá fjármuni, sem lagðir hafa verið til hliðar í því skyni.

Þegar þetta frv. var til umr. í hv. Nd. í fyrra, var á það bent, að á móti þessu kæmi, að fyrningarprósentur væru hér nokkuð háar, og mætti því segja, að með vissum hætti vægjust þessi tvö atriði á. Slíkt orkar þó mjög tvímælis, vegna þess að það, sem er aðalatriði málsins, er auðvitað, að sé miðað við upprunalegt kaupverð nái fyrningarsjóður aldrei hærri upphæð en hann var, en með því að hafa afskriftaprósentuna háa, er auðvitað hægt að ná fullri afskrift á skemmri tíma en ella, en þess gerist í sjálfu sér ekki þörf, nema í sérstökum tilfellum.

Þegar þetta frv. var til umr. í hv. Nd. í fyrra, var því vísað til fjhn. d. Þá voru í undirbúningi á vegum fjmrn. umfangsmiklar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, og þau lög í heild voru til endurskoðunar ekki sízt með tilliti til skattlagningar fyrirtækja í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Það var svo undir þinglokin í fyrra, að lagt var fram frv. af hv. fjhn. Nd., — það var ekki lagt fram stjfrv. um það efni þá, það var lagt fram af fjhn. eins og stundum tíðkast, — og í því var að finna breytingar á ákvæðunum um fyrningar fastafjármuna, sem voru þó með allt öðrum hætti en þeim, sem við höfðum gert ráð fyrir og gerum ráð fyrir. Sannleikurinn var sá, að að okkar mati urðu þær beytingar, sem þar var lagt til að gera, ekki til verulegra bóta. Þar var enn ákveðið að miða fyrningar við upprunalegt kaupverð. Að vísu var heimilað í bráðabirgðaákvæðum að hækka það kaupverð í eitt skipti fyrir öll um 20—40% eftir tegundum fastafjármunanna, og enn fremur voru rýmkaðar lítið eitt heimildirnar til að afskrifa, þ. e. a. s. hvenær á fyrningartímabilinu fyrningarnar skyldu bókfærðar. En á móti því kom svo aftur það, að ef þessir fastafjármunir voru seldir á hærra verði en nam kaupverði þeirra að frádregnum áorðnum fyrningum, skyldi skattlagður hluti þessa reikningslega ágóða. Við álítum, að með breytingum af því tagi, sem þarna var um að ræða, sé sízt komið til móts við þá þörf, sem við teljum vera á því, að fyrningarsjóðir fái að nema nægilegri upphæð til þess að endurnýja hina fyrndu fjármuni, þegar þeir eru úr sér gengnir, og með tilliti til þess, að nú er það kunnugt, að þessi mál munu enn vera í athugun í fjmrn. og e. t. v. má vænta nýrra tillagna um þessi efni, þótti okkur tímabært og eðlilegt að ítreka skoðun okkar á þessu máli með endurflutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Ég held, herra forseti, að þetta mál sé þess eðlis, að allir hv. þm. geri sér ljóst, hvað um er að ræða. Hér er um að ræða aðeins eitt mál í raun og veru, hvort fastafjármunir skuli fyrntir í samræmi við það, sem upprunalega var fyrir þá borgað, eða miðað við það, sem þarf að borga fyrir að endurnýja þá, þegar þar að kemur, og ég sé ekki ástæðu til þess, umfram það, sem ég hef þegar sagt og sagt er í grg. þessa frv., að halda um það langa skýringarræðu, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu frv. Hv. frsm. málsins og fyrri flm. vék réttilega að því, að hér væri um að ræða atriði, sem máli skipti varðandi rekstraraðstöðu atvinnuveganna fyrst og fremst. Þetta er hins vegar vandamál, sem hefur verið skoðað allrækilega af skattamálanefnd, og er rétt að segja það, án þess að ég ætli að fara út í röksemdafærslu fyrir því, að á því eru taldir miklir annmarkar að framfylgja fyrningu með þessum hætti. Hefur því verið reynt að fara þar aðra leið, sem ætti að geta nálgast málið með e. t. v. ekki sama árangri, en þó nokkuð hliðstæðum árangri. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess að rekja þær hugmyndir nánar hér, en vildi aðeins geta þess í tilefni af flutningi þessa máls og með hliðsjón af starfi þeirrar n., sem fær það til meðferðar, að þess er að vænta, að eftir að þing kemur saman upp úr áramótum, verði lagt fram nýtt frv. um endurskoðun á lögum um tekju- og eignarskatt, þar sem m. a. verður um að ræða ákvæði um fyrningar eigna. Ég tel því rétt að málið bíði þess tíma, enda skildist mér raunar á hv. frsm. og flm., að hann reiknaði með því, að ef slíkt frv. kæmi fram, þá yrði það tekið til athugunar í sambandi við meðferð þess máls hér í Alþ. Um það mál skal ég að öðru leyti ekki annað segja en það, að það á að fjalla um sem flest atriði þess vandamáls, sem hv. þm. gat um, að gera atvinnurekstrinn hér sem hliðstæðastan atvinnurekstri annarra EFTA-landa, auk þess sem gera má ráð fyrir, að í því frv. verði einnig vikið að nokkrum öðrum atriðum með hliðsjón af frv., sem verið hafa hér til meðferðar á Alþ. nú síðustu árin og síðast á síðasta Alþ., ásamt nokkrum öðrum atriðum, sem ekki snerta atvinnurekstur fyrirtækja, heldur raunar almenna skattlagningu í landinu. Þau atriði, sem mönnum virðist brýnust þörf að taka til endurskoðunar verða tekin til athugunar í því frv., ýmist á þann veg, að taka að einhverju leyti tillit til þeirra hugmynda, sem fram hafa komið, eða þá, að það komi þar fram röksemdir um það, af hverju ekki sé auðið að fallast á þær.

En sem sagt, herra forseti, ég skal ekki efnislega ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, umfram það, sem ég hef þegar gert. Það eru vissir annmarkar á að fallast á þetta sjónarmið, en ég tel ekki nauðsyn að rökræða það nánar, en beini því eingöngu til hv. n., að hún bíði með að ganga endanlega frá niðurstöðu sinni varðandi málið, þar til hefur komið til kasta þingsins það frv., sem ég gat um, um endurskoðun á lögum um tekju- og eignarskatt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

91. Fóstruskóli.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um fóstruskóla [163. mál] (þmfrv., A. 207).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 207 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um fóstruskóla. Þetta er tiltölulega einfalt mál og óbrotið og þess vegna ekki ástæða til að hafa um það mjög mörg orð, en þó vil ég fylgja því úr hlaði með fáeinum orðum.

Það er megintilgangur þessa frv. og markmið, að fóstruskóli sá, sem til er í landinu og rekinn hefur verið alllengi af áhugamannafélagi, Barnavinafélaginu Sumargjöf, verði gerður að ríkisskóla og jafnframt efldur í samræmi við þarfir og kröfur tímans. Ég legg á það áherzlu, að ég tel sjálfsagt, að þetta verði gert í fullu samráði við Barnavinafélagið Sumargjöf, sem rekur fóstruskóla hér í borg, og ég hygg, að það muni vera auðsótt mál, þar eð félagið hefur átt í töluverðum örðugleikum með rekstur þessa skóla og getur naumast staðið undir honum öllu lengur á þeim grundvelli, sem verið hefur, með nokkrum styrk frá Reykjavíkurborg, og lítils háttar styrk frá Alþingi.

Það voru konur í Reykjavík, sem höfðu forgöngu um það, að fyrst var hafizt hér handa um stofnun barnaheimilis eða dagheimilis fyrir börn. Fyrsta dagheimilið hér á landi mun hafa tekið til starfa árið 1924, og eins og ég sagði, þá voru það reykvískar konur, sérstaklega innan Bandalags kvenna, sem höfðu um það forgöngu. Jafnframt höfðu þær forgöngu um það, að hið sama ár var stofnað Barnavinafélagið Sumargjöf, ekki sízt til þess að efla þessa starfsemi og aðra starfsemi, sem snerti barnavernd. Fyrsta verkefni þessa félags var svo að hefja rekstur dagheimilis að sumarlagi, sem fyrst var rekið í Kennaraskólanum gamla, gamla kennaraskólahúsinu við Laufásveg, en nokkru síðar lét félagið byggja fyrsta dagheimilið þar fyrir sunnan kennaraskólann og hét Grænaborg. Síðan hefur orðið veruleg þróun í þessum efnum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja í einstökum atriðum. Barnaheimilum margs konar hefur fjölgað hér í Reykjavík og þau hafa einnig komizt upp í flestum kaupstöðum landsins. Þó er vitað, að þörfinni fyrir barnaheimili af ýmsu tagi er hvergi nærri fullnægt í dag. Slíkum heimilum hlýtur því að fjölga mjög á næstu árum, ef á að koma til móts við óskir og þarfir í nútíma þjóðfélagi.

Það kom snemma í ljós, eftir að tekið var að reka barnaheimili, að þörfin fyrir sérmenntað starfsfólk, bæði til þess að veita slíkum heimilum forstöðu og til þess að starfa í slíkum heimilum, var fyrir hendi. Fyrstu forstöðukonur barnaheimila hér munu flestar eða allar hafa menntazt til starfa sinna erlendis. Það nægði þó engan veginn, og Barnavinafélagið Sumargjöf komst snemma að raun um, að óhjákvæmilegt var að efna til skóla til þess að mennta fóstrur og starfsstúlkur á barnaheimilin. Það varð líka að veruleika árið 1946, að Sumargjöf stofnaði til slíkrar kennslu, og sá skóli, sem þá var stofnaður, er í rauninni sami skólinn og enn er rekinn. Nefndist hann þá Uppeldisskóli Sumargjafar. Alllöngu síðar breytti þessi skóli um nafn og heitir nú, eins og ég hef áður sagt, Fóstruskólinn og er til húsa að Fríkirkjuvegi 11 hér í borg, í næsta ófullnægjandi húsnæði og við mjög erfiða aðstöðu á flestan hátt. Skólastjóri þessa skóla hefur frá upphafi verið frú Valborg Sigurðardóttir Snævarr. Skólinn hefur tvímælalaust gert mikið gagn. Hann var frá upphafi við það miðaður, að stúlkur, sem þar hæfu nám, væru þar við nám í tvö ár, og skiptist námið nokkurn veginn til helminga í verklegt nám og bóklegt, því að þessar stúlkur störfuðu jöfnum höndum á barnaheimilunum hér í borg. Námsgreinar þessa skóla hafa, að ég hygg, frá upphafi verið helztar: Uppeldis- og sálarfræði, meðferð ungra barna, líkams- og heilsufræði, hjálp í viðlögum, næringarfræði, íslenzk tunga, handíðir, söngur og leikir og e. t. v. eitthvað fleira.

Vegna þrengsla í skólanum, fjárhagsörðugleika þess félags, sem hefur rekið skólann, og erfiðrar aðstöðu á allan hátt hefur Fóstruskólinn aldrei verið nema ein bekkjardeild, og þess vegna útskrifast ekki fóstrur frá þessum skóla, nema annað hvert ár, og yfirleitt eru þær fáar, munu ekki vera nema 10—12 hverju sinni og jafnvel færri sum árin. Þetta er orðið allsendis ófullnægjandi nú, eftir að barnaheimilum og alls konar vistheimilum og dagheimilum hefur fjölgað, ekki aðeins í Reykjavík, heldur, eins og ég áður sagði, í kaupstöðum og jafnvel hinum stærstu kauptúnum víðs vegar um land. Þessi skóli er fyrir löngu orðinn allt of lítill og býr við mjög ófullkomin skilyrði á flesta lund. Afleiðingin hefur að sjálfsögðu orðið sú, að nú er, og hefur raunar verið hin síðari ár, verulegur skortur á lærðum fóstrum til þess að starfa við barnaheimilin, bæði hér í Reykjavík og ekki síður úti um landið. Ég held, að það sé algerlega ljóst orðið, að áhugamannafélag eins og Sumargjöf ræður ekki við þetta fjárfreka og stóra verkefni, að reka slíkan skóla, enda þótt félagið njóti nokkurs opinbers styrks og þá aðallega frá Reykjavíkurborg, en lítils háttar styrks frá Alþ. einnig. Ég tel, að það sé brýnt, að hér verði ráðin bót á. Og ég sé ekki að það verði gert með öðrum hætti en þeim, að Fóstruskólinn verði gerður að ríkisskóla, eins og lagt er til í frv. mínu.

Ég skal játa, að þetta frv. er að ýmsu ófullkomið og ber þess merki, að ég hef, eins og aðrir þm. hér, heldur slæma starfsaðstöðu og ekki er um að ræða að fá mikla aðstoð við samningu frv. Í þessu frv. er til að mynda ekki tekið fram, hvaða námsgreinar á að kenna í þessum skóla né hvert fyrirkomulag hans á að vera í einstökum atriðum. Um það er einungis farið nokkuð almennum orðum.

Ég hafði um tíma hugsað mér að flytja þetta mál í formi þáltill., en þegar það dróst nokkuð fram eftir þingi, þá sá ég fram á það, að ef hún yrði lögð fram í Sþ., þá kæmi hún naumlega til umr. á þessu þingi, og tók því það ráð að setja málið upp í frv.-formi, og ég hef í því efni haft þar á mjög svipaðan og reyndar sama hátt og dæmi eru til um áður. Minnist ég þess m. a., að með svipuðum hætti eða í svipuðu formi var fyrir nokkrum árum lagt fyrir stjfrv. um Tækniskóla Íslands. Þar voru ákvæði um það, á sama hátt og í þessu frv., að sett skyldi reglugerð, að ráðh. skyldi setja reglugerð um starfsemi skólans og skólinn síðan taka til starfa, eftir að slík reglugerð hefði verið sett. Sams konar ákvæði hef ég sett í 4. gr. þessa frv., þar sem segir, að þegar eftir gildistöku laga þessara skuli menntmrh. skipa nefnd til að semja reglugerð um starfsemi skólans. Skuli í nefnd þessari eiga sæti menn, sem hafi þekkingu á uppeldis- og sálarfræðum og skuli skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.

Ég vænti þess, að mál þetta fái góðar undirtektir hér í hv. d. og á Alþ. Ég held, að þetta sé þarft mál, sem krefjist nokkuð skjótrar lausnar. Og að mínu viti getur sú lausn tæplega orðið fólgin í öðru heldur en því, að ríkið taki á sínar herðar veg og vanda af því að reka hér á landi hóflega stóran, en myndarlegan og vel búinn skóla handa verðandi fóstrum og forstöðukonum barnaheimila í landinu.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

92. Búnaðarbanki Íslands.

Á 15. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [168. mál] (þmfrv., A. 225).

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á s. l. ári voru liðin 40 ár frá því, að lög voru sett um Búnaðarbanka Íslands og bankinn hóf starfsemi á árinu 1930. Um þessar mundir er því merkisafmæli í sögu bankans, 40 ára afmæli. Af því tilefni gaf bankinn út afmælisrit, ársskýrslu 1969, þar sem settar eru fram í stuttu máli nokkrar staðreyndir um hag bankans og viðskipti að undanförnu. Í þessari skýrslu er m. a. svo hljóðandi kafli um veðdeild Búnaðarbankans, með leyfi hæstv. forseta:

„Veðdeild Búnaðarbankans var stofnuð samkv. lögum bankans 1929 og tók til starfa 16. des. 1930. Í fyrirmælum um hana frá 30. apríl 1930 segir, að hlutverk hennar sé, að „veita lán um langt árabil gegn veði í fasteignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga." Fékk deildin nokkurn hluta af láni því, sem ríkissjóður tók í Englandi 1930, gegn 6% bankavaxtabréfum. Voru alls gefin út bréf fyrir 1.5 millj. kr., sem öll voru innleyst fyrir árslok 1944. Útlánsvextir 1. flokks deildarinnar voru 4½%, svo að vaxtahalli var 1½%. Árlegur rekstrarhalli var greiddur úr Viðlagasjóði, sem með sérstökum lögum var afhentur veðdeild og Ræktunarsjóði til eignar."

„Veðdeildin fékk 6 millj. kr. úr ríkissjóði 1952—1957, sem síðar var breytt í óafturkræft framlag. Auk þess fékk hún nokkurn hluta stóreignaskattsins og þann hluta skyldusparnaðar til ávöxtunar, sem til féll í sveitum. Hún hefur fengið lán hjá ýmsum aðilum til starfsemi sinnar. Fjárhagur hennar hefur jafnan verið erfiður, þar sem hún hefur oft þurft að taka lán gegn hærri vöxtum en útlánsvöxtum hennar nam. Veðdeildin hefur alltaf verið fjárvana stofnun, sem engan veginn hefur getað rækt hlutverk sitt svo vel sé. Upphaflega var henni ætlað að lána út á jarðirnar allt að 30% af matsverði húsa og 60% af landverði, en vegna fjárskorts var þetta óhugsandi, og nú lánar hún aðeins til jarðakaupa — hámark 200 þús. kr.

Frá upphafi hefur veðdeildin veitt alls 3188 lán að heildarupphæð nærri 214.5 millj. kr., auk lausaskuldalánanna."

Í þessum kafla, sem ég hef leyft mér að lesa upp úr ársskýrslu Búnaðarbankans, koma fram nokkrar mjög athyglisverðar staðreyndir. Fyrst er þess að geta, að veðdeild Búnaðarbankans er jafngömul stofnuninni sjálfri og henni var í öndverðu ætlað það hlutverk að veita lán um langt árabil gegn veði í fasteignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga.

Í öðru lagi kemur það fram, að veðdeildin hefur ekki haft fasta tekjustofna, heldur hefur hún orðið að láta sér nægja fjárútvegun með ýmsum hætti og í mjög takmörkuðum mæli, svo að hún hefur alls ekki getað sinnt því hlutverki, sem henni var og er að lögum ætlað.

Í þriðja lagi kemur það einnig fram, að í upphafi var við það miðað, að veðdeildin gæti veitt lán, er næmu 60% af matsverði lands, þ. e. a. s. jarðanna. En nú veitir hún aðeins lán þannig, að hámark þeirra er 200 þús. kr. út á fasteign í sveit.

Og í fjórða lagi kemur það fram, að veðdeildin hefur á 40 ára tímabili veitt 3188 lán, en það samsvarar um 80 lánum á ári hverju að jafnaði. Og það kemur fram annars staðar í skýrslunni, að vegna þess að veðdeildinni áskotnaðist nokkurt fé á s. l. ári, þá hafi hún á því ári veitt 93 lán. Þessar tölur gefa því nokkuð til kynna lánaþörfina, þ. e. a. s. 80—100 lán, sem veðdeildin þyrfti að veita á ári hverju.

Það er auðvelt að gera sér nokkra grein fyrir því, hve 200 þús. kr. hámarkslán út á fasteign í sveit hrekkur skammt miðað við þær fjárhæðir, sem nú er um að tefla. En lánastarfsemi er í öllum atvinnugreinum talin lyftistöng í atvinnurekstri og nauðsynleg á viðskiptasviðinu, eins og nú er komið í okkar þjóðlífi. Og það hefur verið leitazt við á öðrum sviðum að auka lánveitingar og bæta lánakjör með það fyrir augum að efla þann atvinnurekstur, sem í hlut á og bæta aðstöðu þegnanna til þess að mynda sér heimili og koma fótum undir atvinnurekstur. Til samanburðar má geta þess, að lán t. d. út á fiskiskip nema um 75% af kostnaðarverði og lán út á eitt einstakt fiskiskip geta því skipt milljónum króna. Samkv. lögunum um hin almennu íbúðalán er stefnt að því að lána allt að 75% byggingarkostnaðar. Stofnlánadeild Búnaðarbankans lánar út á framkvæmdir í sveitum allt að 60% af kostnaðarverði framkvæmdanna. En þegar kemur að því, að fasteignir í sveitum gangi kaupum og sölum, þá er það hlutverk veðdeildarinnar að greiða fyrir þeim viðskiptum með lánveitingum. En þá er ekki um annað að ræða heldur en hámarkslán, 200 þús. kr., eins og ég áður tók fram, og hefur þó veðdeildin verið í svo mikilli fjárþröng, að hún hefur ekki einu sinni getað afgreitt slík lán á ári hverju.

Um þessar mundir er til athugunar nýtt fasteignamat, og er stefnt að því, að það öðlist gildi á fyrri hluta næsta árs. Ég hef haft aðstöðu til þess að kynna mér þetta nýja fasteignamat á vissum stöðum á landinu, og þar kemur fram, að jarðir, sem telja verður fremur smáar, verða metnar kringum 1 millj. kr. Og í héruðum, þar sem skilyrði þykja góð til framleiðslu og samgöngur til markaðsstaða eru góðar, hygg ég, að fasteignir í sveitum séu víða metnar á 2 millj. og meira á einni jörð, og jafnvel á 3 og á 4. millj. kr. Ef slíkar fasteignir ganga svo kaupum og sölum og einungis er auðið að fá 200 þús. kr. lán vegna þeirra viðskipta, þá sjáum við, að þau lán, sem veðdeildin gefur kost á og hefur fé til að veita, nema einungis 10—20% af heildarverðmæti eignarinnar, sem gengur kaupum og sölum.

Ég vil nú varpa fram þeirri spurningu til hv. þdm., hvort þeir hafi í huga og geti bent á nokkurt hliðstætt dæmi í sambandi við bankaviðskipti hér á landi. Myndin, sem við blasir í þessu efni á 40 ára afmæli Búnaðarbankans og veðdeildarinnar, er því í stuttu máli sú, að veðdeildin á enn sem fyrr að gegna því hlutverki, sem henni var í lögunum falið, lánveitingar deildarinnar eru alls kostar ófullnægjandi, og samt eru fjárráð hennar svo bágborin, að deildin er rekin með fjárhagslegum halla.

Af þessu er augljóst, að það hefur verið vanrækt um langan tíma að undanförnu, að koma fjárhag veðdeildar Búnaðarbankans í viðunandi horf. Það má spyrja, hvers vegna svo hafi farið. Er það vegna þess, að hér sé um svo stórt fjárhagsmál að ræða? Því má hiklaust svara neitandi. Hvort sem litið er á þá heildarveltu bankakerfisins, sem um er að ræða á þessum árum, eða jafnvel litið einungis á Búnaðarbankann sjálfan og veltu hans, þá er hér ekki um stórt fjárhagsmál að ræða, ef það er skoðað frá sjónarhóli bankakerfisins sem heildar. Það er því vissulega að dómi okkar flm. þessa frv. kominn tími til að gera á þessu breytingar.

Ef ekki er séð sæmilega fyrir aðstöðu til lánveitinga vegna jarðakaupa, þá hefur það vissulega áhrif á ýmsan hátt í sveitum landsins, m. a. á þann hátt, að unga fólkinu er ekki kleift að eignast fasteignir í sveitum og hefja þann atvinnurekstur þar, sem hugur þess kynni annars að standa til. Þetta hefur vitanlega mjög alvarleg áhrif á sveitirnar og aðstöðu þeirra, ef byggðin dregst saman af þessum ástæðum. Þetta hefur einnig áhrif á hag og aðstöðu hinna öldruðu, sem ekki geta lengur haldið áfram atvinnurekstri og þurfa að láta fasteignir sínar af hendi. Þetta fólk skiptir það vitanlega afar miklu að geta komið fasteignum sínum í sæmilegt verð. Og þetta snertir einnig sveitarfélögin sjálf og aðstöðu þeirra og rekstur. Ef byggðin dregst saman í sveitum, þá verða færri gjaldendur og þeir eiga erfiðara um vik að bera þær fjárhagsbyrðar, sem á sveitarfélögin eru lagðar. Og þar sem svo er á málum haldið, að atvinnurekstur dregst saman, þá ýtir það undir að það skapist vantrú á þann atvinnurekstur. Þess vegna er það í okkar þjóðfélagi einn þáttur í uppbyggingu atvinnulífsins, að með bankastarfseminni sé lyft undir atvinnugreinarnar, svo að fólkinu vaxi trú á þá atvinnu, sem það leggur starf sitt í að stunda. Þá vil ég enn nefna það atriði, að það er mjög varhugaverð þróun, sem þó kveður nokkuð að í sumum héruðum landsins, að hlunnindajarðir séu keyptar af mönnum, sem hafa talsverð fjárráð, eingöngu í því skyni að hagnýta hlunnindin, laxveiði eða önnur hlunnindi, sem jarðirnar hafa að bjóða, en ekki til að nytja jarðirnar á annan hátt. Með þessu verða eigendur þessara fasteigna, sem oft eru hinar verðmætustu í sveitarfélögunum, á engan hátt jafnstyrkir og góðir þegnar sveitarfélagsins og þeir sem stunda þar fastan atvinnurekstur.

Við framsóknarmenn höfum á undanförnum árum nokkrum sinnum hreyft þessu máli og lagt fram frv., sem eru till. af okkar hendi um að koma fjárhag veðdeildarinnar á traustan grundvöll. En því miður hefur þessum frv. okkar verið sýnt hið mesta tómlæti við afgreiðslu mála hér á hv. Alþ. Við höfum samt sem áður enn á ný leyft okkur að bera fram frv. um þetta efni, og við væntum þess, að með tilliti til þess, hve málið er nauðsynlegt, og með tilliti til þess, að hér er ekki um mjög stórt fjárhagsmál að ræða, og í þriðja lagi með tilliti til þess merkisafmælis, sem Búnaðarbankinn á nú um þessar mundir, þá verði þessu máli nú á þessu þingi meiri gaumur gefinn en verið hefur að undanförnu.

Aðalefnisatriði, sem í þessu frv. felast, eru þau, að veðdeildin fái eftirleiðis árlegt framlag frá ríkissjóði, 20 millj. kr., að veðdeildin fái þessu til viðbótar árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, 10 millj. kr. Í lögunum um stofnlánadeildina er heimilt að færa slíkt framlag til veðdeildarinnar, en sú heimild hefur ekki verið notuð nema þá að litlu leyti og alls ekki á ári hverju. Með þessu ákvæði í frv. okkar er

þetta gert að skyldu, þannig að veðdeildin ætti þessa fjármuni vísa á ári hverju.

Þá gerum við ráð fyrir að það ákvæði haldist, að veðdeildin fái þann hlut, sem henni hafði verið ætlaður samkv. lögunum um skatt á stóreignir, og einnig verði vaxtatekjur hluti af hennar árlega veltufé. Ef þessar fjárhæðir nægja ekki til þess að afgreiða þau lán, sem sótt væri um til veðdeildar, þá viljum við þessu til viðbótar, að heimilt sé að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að veðdeildin geti, ef þörf krefur, veitt nokkurn hluta af lánsfjárhæðinni til jarðakaupa í bankavaxtabréfum. Og enn þessu til viðbótar er í frv. kveðið svo á, að Seðlabanka Íslands skuli skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárhæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum, en ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

Ef þessi ákvæði verða lögfest, þá teljum við, að allvel yrði séð fyrir fjárhag veðdeildarinnar, þannig að hún mundi þá geta eftirleiðis gegnt því hlutverki, sem henni er að lögum ætlað.

Í frv. er lagt til, að lán vegna jarðakaupa megi nema allt að 70% virðingarverðs fasteignarinnar, en önnur lán megi ekki vera hærri en ¾ af virðingarverði fasteignar. En ef á þeirri fasteign, sem gengur kaupum og sölum, hvílir lán í Stofnlánadeild Búnaðarbankans, þannig að hinn nýi kaupandi yfirtaki þau lán, þá gerum við ráð fyrir því, að veðdeildarlánin megi lækka sem þeirri fjárhæð nemur, miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar eins og það verður ákveðið, þegar sala hennar fer fram.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um málið fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist. Ég vil að lokum leggja á það áherzlu og endurtaka það, að málið er flutt af hálfu okkar flm. í þeirri von, að því verði nú meiri gaumur gefinn á þessu þingi en verið hefur að undanförnu og að það fáist afgreitt á þessu þingi. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

93. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil [177. mál] (þmfrv., A. 251).

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 1. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem við framsóknarmenn flytjum hér í þessari hv. d., er gamall kunningi. Tvisvar höfum við flutt frv. um það að breyta lausaskuldum bænda og fyrirtækja þeirra í föst lán, og þetta er í annað sinn, sem við flytjum frv. um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og einnig um skuldaskil hjá bændum. Þetta virðist kannske vera til lítils, að flytja mál aftur og aftur, þegar ekki fæst á þeim afgreiðsla. En lítum nánar á þá hlið málsins. Bændastéttin hefur margsinnis óskað þess, að skuldamálin yrðu tekin fastari tökum en verið hefur, og þess hefur líka verið óskað, að greidd yrði gata þeirra bænda, sem verst eru settir efnahagslega.

Ég vil í upphafi máls míns minna á það, að fyrir margendurteknar óskir Stéttarsambands bænda og Búnaðarþings og frumvarpaflutning okkar framsóknarmanna fól hæstv. landbrh. harðærisnefnd á sínum tíma að rannsaka efnahag bænda, og ávöxtur þeirrar rannsóknar var frv. það um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, sem lögfest var 2. maí 1969. Í sambandi við þetta frv. hæstv. ríkisstj. bárum við framsóknarmenn fram margar brtt., sem allar voru felldar, og viljum við nú enn á ný sjá og reyna, hvernig til tekst, í trausti þess, að blindir fái sýn og heyrnardaufir heyrn og frv. þetta nái fram að ganga eða þá það, sem trúlegra er, að hæstv. ríkisstj. komi sjálf með frv. um þessi mál og viðurkenni þar með þann vanda, sem að mörgum bændum steðjar um þessar mundir, og reyni að greiða götu þeirra, áður en það er um seinan.

Það er hv. alþm. ljóst, hvernig ástand og horfur eru í landbúnaðinum eftir óðaverðbólgu síðustu ára, rigningasumur, harða vetur, graslítil tún á s. l. sumri og sums staðar algert grasleysi á ræktuðu landi. Oft hefur kalið tún hjá einstaka bændum og í einstaka sveitum, en aldrei í jafnríkum mæli og á s. l. sumri, enda er heyfengur nú með langminnsta móti. En bót er það í máli, að heyin eru góð á þessum vetri.

Þá má einnig á það minna, að Heklugosið olli mörgum bændum miklum erfiðleikum, og ekki er á þessu stigi auðið að segja neitt um það, hversu miklir erfiðleikar kunna að stafa frá eitruðum jarðvegi, eitruðu grasi á næstu árum og jafnvel flúoreitruðum heyjum á þessum vetri. Áhrif Heklugossins eru víðtæk og taka sinn tíma þar til allt og allir hafa jafnað sig eftir þau, en það er vandamál, sem leysist með árunum. Vafalaust verður hagur margra bænda mjög erfiður af völdum öskufallsins, þótt ríkisvaldið hafi brugðizt vel við og létt byrðarnar hjá mörgum þeim, sem erfitt áttu á s. l. ári þeirra hluta vegna. En vafalaust þarf sums staðar meiri aðstoð hjá þeim, sem verst fara út úr öskufallinu.

Ég hef á undanförnum árum gert ýtarlega grein fyrir því, hvernig efnahagur bænda er samkvæmt þeim gögnum, sem fengust, er unnið var

úr skattframtölum bænda árið 1968, og byggðist sú rannsókn á efnahag bænda í árslok 1967. Þá var meðalskuld á bónda í landinu 262 þús. kr., en meðallausaskuld þar af 103 þús. kr. Þessar skuldir út af fyrir sig eru ekki háar, en það, sem verra er, er að það eru tiltölulega fáir bændur, sem mestu lausaskuldirnar hvíla á, 600 bændur skulduðu í árslok 1967 meira en sexfaldar nettótekjur sínar og þar af voru um 300 þús. kr. meðallausaskuld hjá þessum 600. Þessir bændur hafa einnig mun lægri nettótekjur og m. a. vegna þess að vaxtabyrðin er þeim þung í skauti. Þarna ræður líka miklu, hvenær bændur þessir *hafa byrjað búskap, keypt vélar og byggt upp* á jörðum sínum. Það eru nálægt því 200 bændur, sem hafa engin veð til fyrir auknum lánum eða það lítil, að þeir fá ekki þá aðstoð, sem bjargar þeim, þótt hluti af lausaskuldum þeirra komist í föst lán. Lausaskuldaupphæðin, sem eftir verður, er það há, að þeir valda því ekki að borga af lánum eða greiða 10% vexti, eins og algengt er í viðskiptalífinu. Og ekki sízt þegar það er *haft í huga, hversu dýrt er að lifa, og þó verða* bændur að komast af með mun minna í eigin þarfir en aðrar stéttir, þar sem rekstrarkostnaður er orðinn það hár, að þeir eru með hverju ári sem líður fjær því að hafa þau laun, sem þeim eru ætluð í verðlagsgrundvelli, eins og eftirfarandi tafla sýnir, sem er gerð upp úr tölum Hagstofu Íslands, og tel ég því, að þar sé um rök að ræða.

Árið 1954 höfðu bændur 34 þús. kr. í laun, en viðmiðunarstéttirnar 46 þús., og vantar því 12 þús. eða 32% á það, að þeir næðu þeim launum, sem þeim bar. Árið 1957 höfðu bændur 50 þús., en aðrar stéttir 59 þús., vantaði því 9 þús. eða 18%. Árið 1960 höfðu bændur 66 þús. í tekjur, en aðrar stéttir 79 þús., vantaði 13 þús. eða 20%. Árið 1963 höfðu bændur 118 þús. í tekjur, en aðrar stéttir 164 þús. Það vantaði 46 þús. eða 39%. Árið 1964 höfðu bændur 161 þús. kr. í tekjur, aðrar stéttir 204 þús., vantaði því 43 þús. eða 27%. Árið 1965 höfðu bændur 199 þús., aðrar stéttir 248 þús., vantaði 49 þús. eða 25%. Árið 1966 höfðu bændur 193 þús., aðrar stéttir 289 þús., vantaði 96 þús. eða 50%. Árið 1967 höfðu bændur aðeins 95 þús. í tekjur, aðrar stéttir 228 þús., og þá vantaði bændur 133 þús. kr. eða 140% ofan á tekjur sínar til að ná þeim jöfnuði, sem til var ætlazt. Árið 1968 höfðu bændur 121 þús., aðrar stéttir 238 þús., það vantaði því 117 þús. eða 97% á, að tekjurnar skiluðu sér. 1969 höfðu bændur 149 þús., aðrar stéttir 277 þús., vantaði 128 þús. eða 86% á, að launin skiluðu sér.

Hvernig má það ske, að það komi hvergi fram, þegar bændur tapa í launum á 7 árum, eins og þessi skýrsla sýnir, 612 þús. kr.? Ætli það kæmi ekki einhvers staðar hljóð úr horni, ef svona væri viðar? Tíðarfarið hefur leikið bændurna grátt, en stjórnarfarið hefur einnig verið þeim erfitt. Stefnubreyting sú, sem gerð hefur verið á málefnum landbúnaðarins, hefur reynzt bændastéttinni í mörgum tilfellum fjötur um fót efnahagslega. Hæstv. landbrh. sagði oft, að það skipti engu máli fyrir bændur, hvað þeir borguðu í vexti, því að vextirnir færu út í verðlagið og það væru neytendurnir, sem borguðu þá, en ekki bændur. Reynslan hefur orðið allt önnur. Vaxtakjörin eiga sinn þátt í því, að bændur ná ekki launum sínum úr verðlagsgrundvellinum. Þannig má lengi telja. Ætli gengisfellingarnar eigi ekki einhvern þátt í því líka — eða hvað hækkuðu vélarnar 1967 og 1968? En lán þau, sem eru veitt út á vélarnar, hækkuðu sáralítið, þannig að þarna hlaut að skapast verulegur munur, sem olli skuldasöfnun hjá mörgum bændum, sem urðu að vélvæða sig eftir að vélarnar hækkuðu mikið í verði. Þá má líka á það benda, hvernig útkoman hefur verið samkv. búreikningum síðustu árin. Árið 1968 var unnið úr búreikningum frá 118 bændum. Samkv. þeim reikningum hækkaði meðalskuldin úr 373 þús. kr. í ársbyrjun í 413 þús. kr. í árslok eða um 40 þús. kr., en eignir hækkuðu á móti aðeins um 16 þús. kr., þannig að skuldaaukning varð 24 þús. kr. Þess vil ég líka geta, að meðalskuld á bónda, sem færir búreikninga, er 111 þús. kr. hærri en það landsmeðaltal, sem kom fram samkv. framtali bænda í árslok 1967. Árið 1968 var launagreiðslugeta bænda samkv. búreikningum aðeins 27 kr. á klukkustund. En á sama tíma var verkamannakaup í dagvinnu sem næst 55 kr. Hér hefur bóndinn helmingi minna fyrir vinnu sína en verkamaðurinn á sama tíma.

En hvernig eru þessar tölur fyrir árið 1969? Búreikningastofan birti niðurstöður 129 búreikninga af 174, sem bændur sendu skrifstofunni. Meðalstærð þessara búa var 428 ærgildi, þ. e. a. s. 10 kýr og 186 kindur. Skuldir þessara bænda voru í ársbyrjun 397 þús. kr., en í árslok voru þær 430 576 kr. Eignaaukning varð 18 890 kr. og skuldaaukning um fram það því 14 686 kr. Og launagreiðslugeta á vinnustund varð að meðaltali aðeins 33 kr. á klst. eða tæpur helmingur af því, sem verkamenn í dagvinnu höfðu í kaup fyrir vinnu sína á því ári.

Þegar minnzt er á búreikninga, vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að ef þeir vilja kynna sér efnahag bænda, þá ættu þeir að kynna sér ársskýrslu búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. Þeim fjölgar, sem færa búreikninga, og því meira er að marka niðurstöður þeirra, enda er höfð hliðsjón af þeim við samning um grundvallarverð á landbúnaðarframleiðslu. Það, sem búreikningar sýna, er m. a. í fyrsta lagi, hvað afkoman er misjöfn hjá bændum, einn nær miklu betri árangri en annar, og í öðru lagi kemur það greinilega fram, að hafi bóndinn eina búgrein, þá er afkoman betri en þegar um blönduð bú er að ræða eða þegar bóndinn hefur bæði kýr og kindur. Í þriðja lagi gefa sauðfjárbúin meira í aðra hönd, en stofnkostnaður við þau er mun lægri en við kúabúin. Margt fleira kemur fram í búreikningum, og þar er fullt af upplýsingum, sem hægt er að nota í leiðbeiningastarfsemi landbúnaðarins, og getur það orðið miklu meira til gagns í landbúnaðinum, þegar frá líður og menn átta sig á þessum tölum og þessum upplýsingum, sem þar koma fram.

Það frv., sem hér um ræðir, fjallar einkum um tvennt: annars vegar að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og hins vegar um skuldaskil. Meginmunur er á núgildandi lögum frá 1969

um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og frv. því, sem hér um ræðir. Það kemur fram í eftirtöldum atriðum, hver munurinn er:

1. Að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem komið hafa upp vinnslustöðvum, en ekki fengið nægjanleg stofnlán.
2. Að lögin taki einnig til lausaskulda, sem hafa myndazt vegna bústofns- og fóðurkaupa.
3. Að lögin nái yfir skuldasöfnun frá tímabilinu 1960—1970.
4. Að vextir verði 6%.
5. Að lánin verði til 20 ára.
6. Að heildarlánsupphæð megi vera 80% af matsverði.
7. Að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum þeirra.
8. Að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.

II. kafli frv. fjallar um skuldaskil. Þar er gert ráð fyrir því, að stjórn Skuldaskilasjóðs verði skipuð 5 mönnum, sem landbrh. skipar eftir tilnefningu eftirtalinna stjórna: Búnaðarbanka Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands, og einn sé tilnefndur af fjmrh. Stjórn sjóðsins er valin með tilliti til þess, að þeir opinberu aðilar, sem mál þessi varða sérstaklega, geti fjallað um skuldaskilin og gert sínar ráðstafanir.

Samkv. 8. gr. frv. skal ríkissjóður leggja fram stofnfé Skuldaskilasjóðs, allt að 50 millj. kr. Heimilt er að taka fé þetta að láni til allt að 10 ára, og skal fjár aflað á fjárl. til greiðslu lánsins ásamt því, sem árlega kemur inn frá bændum í vöxtum og afborgunum af lánum. Til viðbótar stofnfénu skal enn fremur afla Skuldaskilasjóði starfsfjár með útgáfu handhafaskuldabréfa, og skulu þau innleyst á 25 árum og vextir af þeim eiga að vera 6%. Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera:

1. Stofnfé sjóðsins.
2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu vera gildur gjaldeyrir á nafnverði til greiðslu skulda eldri en frá 1. janúar 1971, séu þær ekki tryggðar með fasteignaveði. Á það bæði við víxla, greidd árgjöld af fasteignalánum, ógreidd árgjöld af fasteignalánum, viðskiptaskuldir með meira. Fé Skuldaskilasjóðs skal einungis varið til lánveitinga handa bændum, og eru þau háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir og árstekjur séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli, nema hann fái einhverja eftirgjöf skulda.
3. Að umsækjandi geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.
4. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnar staðið straum af árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkv. lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

Framkvæmd skuldaskila samkv. frv. þessu er hliðstæð því, sem gilt hefur undir svipuðum kringumstæðum hjá öðrum atvinnuvegum, og einnig er hér stuðzt við lög um Kreppulánasjóð frá 1933. Samkv. 19. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að það verði að gefa eftir skuldir í einstaka tilfellum, og er Skuldaskilasjóði þá ætlað að taka þátt í þeirri eftirgjöf að hálfu leyti á móti lánardrottni. Þátttaka sjóðsins byggist á því, að bændur eru ekki með lausaskuldir í ríkisbönkum eða hjá ríkisfyrirtækjum, og þeir hafa heldur ekki lán með ríkisábyrgð eins og algengt er í sjávarútvegi og þeim fyrirtækjum, sem honum tilheyra. Ákvæði 19. gr. frv. um þátttöku Skuldaskilasjóðs, þegar um eftirgjöf skulda er að ræða, er því jafnréttiskrafa, sem byggist á því, að bændastéttin nýtur í lánamálum sínum ekki sömu opinberu fyrirgreiðslu né beinnar eða óbeinnar ábyrgðar ríkissjóðs eins og aðrir atvinnurekendur hafa oft og einatt notið. Hér getur aldrei verið um háar upphæðir að ræða, samanborið við það, sem á sér stað hjá öðrum atvinnuvegum.

Þá vil ég minna á það, að bæði Búnaðarþing 1970 og stéttarsambandsfundur það sama ár leggja áherzlu á það, að eitthvað verði gert til að framkvæma skuldaskil í landbúnaði, þar sem sýnt er, að þess er veruleg þörf og allmörgum bændum ekki bjargað framvegis á annan hátt en þeir fái verulega fyrirgreiðslu í þessum efnum.

Ég tel að öðru leyti, að frv. þetta skýri sig sjálft, þar sem um er að ræða almenn ákvæði, sem ég fer ekki nánar út í. Varðandi ýmsar aðrar upplýsingar læt ég nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir frv. þessu og lagt þar til grundvallar efnahag bænda, þá rannsókn, sem byggð var á framtalsskýrslum þeirra 1968 og sýndi efnahag í árslok 1967. Þá hef ég einnig gert grein fyrir niðurstöðum búreikninga fyrir árin 1968 og 1969, og sýna þeir vaxandi skuldir og rýrar tekjur hjá bændum. Þá hafa margir viðskiptaaðilar, bæði kaupfélagsstjórar og verzlunarstjórar, tjáð mér, að bændur eigi mjög erfitt með uppgjör viðskipta fyrir s.l. ár, enda árferði slæmt, fóðurbætisnotkun mikil og fækkandi búfé og afurðaminna á því ári. Vitað er, að Bjargráðasjóður Íslands hefur á s.l. 3 árum lánað sveitarfélögum um 200 millj. kr., sem þau síðan endurlána bændum til fóðurkaupa. Þótt hér séu ekki nefndar óyggjandi tölur yfir skuldir, þá er það vitað, að efnahag margra bænda fer hrakandi og margir eru mjög illa settir og hafa lengi verið. Landbúnaðurinn er íslenzku þjóðinni nauðsynlegur. Verðmæti ársframleiðslu hans er um 4 milljarðar og 150 millj. kr. Hann sparar því mikinn gjaldeyri ásamt því, sem hann aflar mikils gjaldeyris eða sem næst 800 millj. kr. Þar eru fyrirferðarmestar sauðfjárafurðir; fryst kjöt, skinn og húðir ásamt ýmsum prjónafatnaði. Í vaxandi mæli er landbúnaðurinn undirstaða iðnaðar, og mörg kauptún og kaupstaðir byggja atvinnu og þjónustustörf sín á landbúnaði. Það kunna að skapast ýmis vandamál, ef framleiðsla landbúnaðar dregst saman og byggðum býlum fækkar. Það er því nauðsynlegt nú venju fremur að rétta bændum örvandi hönd. Frv. þetta er einn af mörgum þáttum í því.

Framkvæmdir hafa dregizt saman í landbúnaði, bæði ræktun og byggingar, og það reynist líka erfitt að halda í horfinu. Verkefnin eru mörg, sem þarf að sinna í landbúnaði. Það þarf að hlúa að frumbýlingum, svo að þeir komi fyrir sig fótum strax og þeir hefja búskap, en nú fá þeir enga fyrirgreiðslu umfram hvern annan rótgróinn bónda. Það þarf að skipuleggja betur en nú er tilrauna- og rannsóknastarfsemi landbúnaðarins og tengja betur saman en nú er þær niðurstöður, sem fást við leiðbeiningaþjónustu landbúnaðarins, eða ráðunautastarfsemi, og bændastéttina, og ekki síst að tengja betur við þá háskólamenntun, sem ráðunautaefnin fá á Hvanneyri. Það þarf líka, ef tækifæri gefst, að breyta í hagkvæmara horf fyrir bændur löggjöf landbúnaðarins, sem afkoma hans byggist á. Það þarf einnig að hraða lokaáfanganum í rafvæðingu sveitanna, og það er ekkert kraftaverk lengur að koma því í verk á skömmum tíma.

Bændastéttin stendur fast á rétti sínum og metur að verðleikum það, sem henni er vel gert. „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.“ Með þessa staðreynd í huga vænti ég þess, að hv. alþm. samþykki frv. þetta.

Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

94. Sala Sandfells í Hofshreppi.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu [205. mál] (þmfrv., A. 348).

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 11. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. þessu er farið fram á það, að veitt verði lagaheimild til þess að selja jörðina Sandfell í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu þeim fimm aðilum, sem nefndir eru í 1. gr. frv. Verð jarðarinnar fari eftir samkomulagi, ef það næst, en náist ekki samkomulag, þá verði kaupverðið ákveðið að mati dómkvaddra manna. Sandfell var um langan aldur prestssetur, en síðan 1931 hefur prestakallinu verið þjónað af nágrannapresti og það ár fluttist frá Sandfelli sá prestur, sem síðast hafði þar búsetu. Þá var jörðin leigð bónda til ábúðar og var búið á jörðinni til ársins 1947. Þá var svo komið, að hús og önnur mannvirki á jörðinni þurftu gagngerðra endurbóta við, ef þar ætti að haldast ábúð áfram, en þáverandi biskup gaf engan kost á því að binda jörðina í ábúð með leigusamningi lengur en til eins árs í senn með það fyrir augum, að jörðin yrði að vera laus til ábúðar eða búsetu hvenær sem prestur kynni að sækja um prestakallið. En þrátt fyrir það að þetta prestakall væri oft auglýst til umsóknar, þá var ekki um það sótt, og þess vegna hefur sú skipan um þjónustu í prestakallinu, sem ég áðan drap á, haldizt nú um 40 ára skeið. En 1947 var jörðinni ráðstafað þannig, að hún var leigð bændum á Hofi, sem er næsta jörð austan við Sandfell, til afnota með þeim skilmálum, að þeir skyldu hafa öll afnot jarðarinnar, án þess þó að þeim sé gert að skyldu að búa í húsunum eða nota þau.

Með lögum, sem afgreidd voru frá hv. Alþ. s. l. vor, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, var Sandfellsprestakall sameinað Kálfafellsstaðarprestakalli og þar með sú skipan gerð til frambúðar, að Sandfell verður ekki prestssetur. Af þessum ástæðum eru nokkur tímamót um þessar mundir að því leyti, hvernig jörðinni verði ráðstafað. Af þessu tilefni hafa bændur á Hofi eða þeir, sem notað hafa jörðina um langan tíma, farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess að þeir fái jörðina keypta, og af því tilefni er frv. þetta fram borið.

Það kynni einhver að vilja spyrja, hvort ekki séu líkur á því, að Sandfell verði byggt upp og þar verði rekinn sjálfstæður búrekstur. Ég vildi svara þeirri spurningu, ef fram kæmi, þannig, að þótt þetta frv. verði samþ., þá tel ég á engan hátt komið í veg fyrir það, að svo gæti orðið. Ég held, að mannvirki öll í Sandfelli séu þann veg komin, að jörðin verði ekki byggð upp öðruvísi en með aðstoð Landnáms ríkisins, annaðhvort sem nýbýli eða með þeirri aðstoð, sem auðið er að fá við að endurbyggja eyðijarðir. Og ef til þess kæmi, þá teldi ég, að fólk, sem elst upp þarna heima í byggðarlaginu, mundi verða bezt til þess fallið að ráðast í slíkt. En þær fjölskyldur, sem hér eiga hlut að máli, eru fjölmennar og þar eru ungir menn, sem við vonum að vilji staðfestast í byggðarlaginu og því sé ekki illa farið, að þeir fái eignarhald á þessari jörð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að láta frv. þessu fylgja fyllri skýringar nú við 1. umr. málsins, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

95. Almannatryggingar (frv. EÁ).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963 [228. mál] (þmfrv., A. 423).

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eitt af því, sem greinir svonefnd velferðarríki nútímans frá hinum, er aðhlynning sjúkra manna og þeirra, sem aðstoðar eru þurfi. Almannatryggingarnar eru ekki gamlar hér á landi, en nú um alllangt skeið hefur það þó verið viðurkennt, að það skyldi ekki fara eftir efnahag, hvort sjúkur maður ætti að fá þá beztu aðhlynningu, sem völ er á hverju sinni, heldur ætti það að greiðast úr sameiginlegum sjóði.

Ég held, að það hafi verið 1956, sem fastri skipan, sem enn gildir, var komið á það, hvernig kostnaður almannatryggingalaganna skyldi greiðast. En það ár voru lögin endurskoðuð undir forustu þáv. félmrh., Steingríms Steinþórssonar, og tekin upp sú skipan, sem enn gildir, að kostnaðurinn skyldi greiðast 33% úr ríkissjóði, 33% af hinum tryggðu, 19% af sveitarfélögunum og 15% af atvinnurekendum, og þessi skipting kostnaðarins gildir að verulegu leyti enn í dag. Með þessu var tekin upp sú tilhögun, sem tryggði það, að almannatryggingarnar höfðu fastar tekjur til ráðstöfunar, en áður mun það nokkuð hafa verið undir duttlungum viðkomandi ráðh. og ríkisstj. komið, hversu mikið fjármagn var lagt fram í þessu skyni.

Til þess að allir fengju að njóta heilsuverndarinnar á þennan hátt, sem ég var að lýsa, voru stofnsett sjúkrasamlög, sem samkv. gildandi lögum eiga að vera til í hverjum kaupstað og hverjum hreppi, og hlutverk þeirra er að annast sjúkratryggingar. Í 49. gr. almannatryggingalaganna er talin upp sú hjálp, sem sjúkrasamlög skulu skilyrðislaust veita, en þar eru fyrir utan greiðslu kostnaðar við legu á sjúkrahúsi eftir ráði samlagslæknis atriði, sem talin eru hér upp í 9. tölul., að ég held, og ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að telja þá upp, en þar er sem sagt greint frá því verkefni, sem sjúkrasamlög eru skyld að annast og greiða þann kostnað, sem til fellur í viðkomandi tilvikum, ýmist að fullu, að ¾ hlutum og í nokkrum tilvikum að hálfu.

Það hefur jafnan vakið furðu hjá mér, þegar ég hugsa um þessi mál, að ein er sú tegund sjúkdóma, sem ekki hefur hlotið náð fyrir augliti almannatryggingarinnar, en það eru tannskemmdirnar. Til lækninga á þeim fæst engin aðstoð. Þær verða menn að greiða sjálfir, ef þeir vilja ekki láta tennur sínar skemmast. Í þessu sýnist mér felast það mat á sköpun mannsins, að tönnum hans sé ofaukið, þær séu ámóta óþarfar og botnlanginn og rófubeinið. Það er búið að taka af okkur halann, við getum barið flugurnar frá okkur öðru vísi, þegar hér er komið sögu. Eins mætti kannske segja: það er búið að finna upp hakkavélina, þess vegna eru tennurnar óþarfar. Það finnst mér vera mat tryggingayfirvaldanna á þessu máli. Sjúkrasamlagið greiðir þó kostnað við það að taka úr mönnum botnlangann, þetta óþarfa líffæri. En tönnunum er ekki einu sinni sýndur sá sómi, að þær fáist útdregnar ókeypis. Það verður að gera það á kostnað þolandans, þegar það er gert.

Þetta mat er áreiðanlega rangt og þarf að endurskoða. Heilbrigðar tennur eru ekkert síður forsenda heilbrigðs lífs heldur en ýmislegt annað, sem til er kostað að varðveita af líffærum mannsins.

Ég ætla nú ekki að halda hér heilsufræðilegan fyrirlestur með útskýringum á gildi tannlækninga. Það er víða hægt að fá þær útskýringar, og tannlæknarnir hafa m. a. talsvert gert að því að kynna þessi mál, og þeir að þakka þeim það. En þrátt fyrir þá fræðslu, sem fengizt hefur í þessum málum, er það þó staðreynd, að tannvarnir eru hér mjög frumstæðar og ástand þessara mála hvergi nærri nógu gott. Og það má vafalaust rekja það að hluta a. m. k. til þess tómlætis, sem þessum málum hefur verið sýnt af opinberri hálfu.

Auðvitað þarf ýmislegt fleira að koma til í þessu sambandi heldur en greiðsla sjúkrasamlaga á kostnaði við tannlækningar að einhverju eða öllu leyti. Fyrst og fremst þarf til að koma kröftug og öflug fræðsla og áróður í skólum og fjölmiðlum. Það má viðhafa ýmsar varnir, eins og tannburstun með flúor. Það er talsvert gert að því hér, t. d. í skólum í Reykjavík, þar sem ég þekki til, en þar munu vera starfandi fjórar stúlkur, sem gera ekki annað yfir skólatímann heldur en ferðast á milli og sjá til þess, að börnin bursti tennurnar upp úr flúorblöndu, og þær komast yfir að fara þetta fjórum og fimm sinnum í hvern skóla, og mér er sagt, að þetta sé nokkur vörn gegn tannskemmdum. Yfirlæknir skólatannlækninga sagði mér áðan, að hann teldi þetta alveg nauðsynlegt, a. m. k. þangað til flúor yrði blandað í vatnið, sem alltaf verður til athugunar, þó að ekki hafi komið til framkvæmda.

Það mætti kannske segja frá því hér svona í leiðinni, að í dönsku blaði, Politiken, sá ég það í haust, að frá því var sagt, að amtið á Vestur-Sjálandi hafi hafið raunhæfar tilraunir til varnar gegn tannskemmdum með nýju tannlakki, sem er flutt inn frá Bandaríkjunum og Japan og hefur fengið þar nokkra reynslu. Í þessari frásögn segir, að í fyrstu lotu verði gerð tilraun með yngstu aldursflokkana í norðurhluta amtsins. Tannskemmdir byrja nálega alltaf í hrukkum tanngerungsins, og hið nýja tannlakk verkar sem mjög þétt einangrun utan á tönnina. Útrafjólublár geislar eru notaðir við aðferðina, sem krefst sérstakra tækja, er kosta í Bandaríkjunum 300—500 dollara. Í vestur-sjálenzka amtinu, svona til samanburðar, komast menn að líkindum af með tvö tæki, þannig að hér er ekki um stórt fjárhagsatriði að ræða, a. m. k. ekki hvað stofnkostnaðinn snertir. En blaðið segir meira. Það segir: Eftir reynslunni frá Bandaríkjunum og Japan fer lakkið langt með að útrýma alveg tannskemmdum. Tannlækningayfirvöld á Vestur-Sjálandi hafa að mestu lokið við

rannsóknir, og tilraunirnar eiga að standa yfir næsta ár. Svipaðar tilraunir eru hafnar í Osló, segir blaðið Politiken að lokum, hinn 9. okt. s. l. Ég læt þessa frásögn fljóta hérna með.

Yfirlæknir skólatannlækninga þekkir þessar skólarannsóknir, fylgist með þeim og segir, að þær séu ekki það langt á veg komnar, að hann geri það að sinni till. að taka þær upp, en niðurstaðan kemur brátt í ljós. Ég held þó, að niðurstaðan sé sú í þessum löndum, sem ég nefndi, að það sé alveg hiklaust ráðlegt að taka þetta upp. En við viljum kannske bíða eftir reynslunni í þessu á Norðurlöndum, eins og mörgu öðru.

Vafalaust kemur margt fleira til greina til varnar tannskemmdum. En það frv., sem ég er hér að ræða um, fjallar ekki um það, heldur lýtur það að þeim tilvikum, þegar skaðinn er skeður, tennurnar hafa skemmzt og það þarf að gera við þær. Það er þá fyrst, sem syrtir verulega í álinn, því að það er hjá mörgum heimilum næsta dýrt að kaupa þá þjónustu, sem nauðsynleg er, og engin aðstoð er veitt af opinberri hálfu. Sumum hefur getað komið til hugar sú leið að gera tannviðgerðir eða einhvern hluta þeirra frádráttarbærar við álagningu tekjuskatts og telja, að við það gæti unnizt tvennt: annars vegar hvatning til fólks að leita þessara lækninga strax og hins vegar skattaeftirlit. Vel má vera, að nokkur lagfæring fengist eftir þessari leið, en þó finnst mér hitt eðlilegra, að með tannskemmdir væri farið á sem svipaðastan hátt og aðra sjúkdóma, þannig að sjúkrasamlögin tækju þátt í greiðslu kostnaðarins. Og til þess að vekja athygli á þessu máli hef ég því tekið þann kost að endurflytja óbreytt frv., sem Alfreð Gíslason læknir flutti nokkrum sinnum, meðan hann sat hér í þessum sal.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var í eldri tryggingalöggjöf okkar frá 1946 ákvæði um það, að sjúkrasamlögin skyldu greiða tannlækningar eftir vissum reglum, sem þar voru nánar skilgreindar. Þetta ákvæði kom aldrei til framkvæmda, og við endurskoðun laganna var þessu breytt í núverandi horf, en í síðustu mgr. 49. gr. tryggingalaganna segir, að í samþykktum sjúkrasamlaga sé heimilt að ákveða greiðslu fyrir tannlækningar. Nú hef ég ekki alveg nákvæmar upplýsingar um það, hversu mikið þessi heimild hefur verið notuð. Ég hef heyrt sagt, að Þorkelshólshreppur í Vestur-Húnavatnssýslu hafi greitt kostnað við tannlækningar, og tel ég það þó nokkra frétt. En það er víst langt síðan og ég hygg, að þessi heimild hafi að öðru leyti verið mjög lítið notuð og nánast ekki neitt og örugglega alls ekki neitt síðustu 10 árin, því að það sagði mér ráðuneytisstjóri heilbrmrn. um daginn. Hitt veit ég, að á árinu 1969 sótti sjúkrasamlagið á Húsavík um staðfestingu á samþykktum, sem höfðu að geyma ákvæði um greiðslu tannviðgerðakostnaðar. Þessi reglugerð hefur enn þá ekki fengizt staðfest af viðkomandi rn., og þess vegna hefur sjúkrasamlagið á Húsavík ekki getað farið af stað með þessar greiðslur, vegna þess að í tryggingalögunum er rækilega tekið fram, að allar reglugerðir sjúkrasamlaga skuli staðfestar af ráðh. Samkv. upplýsingum, sem ég fékk í heilbrmrn., hefur enn ekki verið gerð nein áætlun um það, hvaða kostnaðarauki yrði því samfara að taka upp þessar greiðslur, og sýnist það náttúrlega út af fyrir sig nokkurt viðhorf til málsins. En af því leiðir, að ég get ekki heldur greint mönnum frá því, hvaða útgjöld það eru, sem ég er að leggja til, að hér verði tekin upp. En í athugun, sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur gerði af tilefni, sem ég skal greina örlítið frá síðar í þessari ræðu, ef tími vinnst til, var reiknað með því, að greiðsla á öllum tannlækniskostnaði fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur væri 30—50 millj. kr., allur kostnaður, en aðeins á svæði Reykjavíkursamlagsins. En ég verð að segja það, að auðvitað er ekki endalaust hægt að fresta ákvörðun, annars vegar um lagabreytingu í þessa átt, hins vegar um staðfestingu reglugerðar, á þeirri forsendu, að menn viti ekki, hvað breytingin kostar. Það hefur einhvern tíma verið ráðizt í annað eins verkefni og það að gera sér grein fyrir því, hvað það kostaði að greiða hæfilegan og venjulegan tannlækniskostnað fyrir fólk, ef það á að ráða algerlega ferðinni, hvort þetta er fjárhagslega viðráðanlegt. Ég man nú ekki alveg nákvæmlega, hvert framlagið til almannatrygginga á fjárlögum yfirstandandi árs er, en mig minnir, að það sé einhvers staðar nálægt 2 500 millj. kr., ég held, að það fari ekki langt frá því. Ýmsum finnst þessi tala há, og víst er hún há. En hitt vil ég þó leggja áherzlu á, að að mínum dómi verður að koma sparnaði á útgjöldum til almannatrygginga við á einhvern annan hátt en þann að taka undan tiltekinn hluta almennrar heilsugæzlu, enda er það svo, að þau ríki erlendis, sem við teljum okkur nú skyldasta og viljum helzt taka okkur til fyrirmyndar, hafa öll, sem ég þekki til, tekið upp ákvæði um greiðslu tannviðgerða af almannafé, eftir mismunandi leiðum að vísu, það skal játað.

Þessar greiðslur voru sennilega komnar í nokkrar ógöngur í Bretlandi fyrir nokkrum árum, þegar gestkomandi menn fengu smíðað í sig það, sem þeim datt í hug að gæti prýtt þeirra ásjónu, af tönnum, og það er búið að breyta því. En ég held, að enn þá sé það svo, að innlendir menn fái þar allar venjulegar tannviðgerðir og tannsmíðar greiddar af sjúkrasamlögum. Í Noregi hygg ég, að fyrirkomulagið sé þannig, að menn hafi ókeypis tannviðgerðir til 18 ára aldurs. Síðan geti þeir fengið 3 ár í viðbót, þ. e. a. s. ef þeir geta lagt fram heilbrigðar tennur, sem sýna það, að þeir hafi fylgt þessum fyrirmælum, þeir hafi notað sér þessa fyrirgreiðslu. Og ég má segja, að enn sé hægt að fá þetta tímabil framlengt enn þá ein 3 ár, ef menn geta sýnt, að þeir hafi notað sér þjónustuna. Það er m. ö. o. ekki litið þannig til, að það sé eingöngu í þágu mannsins sjálfs, að tönnum hans sé haldið heilum, það sé þjóðfélagslegt atriði, að svo sé gert. Og það hafa verið hafðir uppi tilburðir til þess að framfylgja því, að menn gæti þessarar heilsugæzlu, alveg eins og við látum rannsaka eitt og annað í okkar þjóðfélagi, sem við teljum skyldu, og skal ég nú ekki nefna dæmi um það, þó að ég gæti það.

Í Danmörku er þetta þannig, ég hef hér þau ákvæði, að vissa þjónustu fá menn skilyrðislaust greidda og aðra geta menn fengið greidda eftir umsóknum, ef menn leggja fram sannanir fyrir því, að þeir þurfi á henni að halda. En lengra skal ég nú ekki rekja þessa sögu, heldur aðeins minntist ég á þetta hér til þess að leggja áherzlu á það, að hér er ekki verið að fara fram á neitt sérstakt fyrirbæri, þó að tannlækningar verði greiddar af sjúkrasamlögum. Það er öðru nær. Það er verið frekar að gera tilraun til þess að sveigja íslenzka almannatryggingalöggjöf að þeirri löggjöf, sem gildir í nágrannalöndum okkar, þeim löndum, sem við viljum frekast líkjast.

Fyrir um það bil hálfum mánuði urðu talsverðar umr. í borgarstjórn Reykjavíkur um þessi mál. Þar var flutt till. um það, að leið gildandi laga yrði farin, þ. e. a. s. ákveðið, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur skyldi taka upp í sínar samþykktir þessi ákvæði. Síðan yrðu þær samþykktir sendar upp í heilbrmrn. til staðfestingar. Þetta bar þannig til, að árið 1966 var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur að leita umsagnar bæði stjórnar sjúkrasamlagsins og tannlækna um þessi mál, og ég hef þessar umsagnir hér. Þær hafa verið birtar hér í einu dagblaðanna. Umsögn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, með leyfi forseta, er í frásögn blaðsins svo:

„Telur stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur greiðslur vegna tannlækninga æskilegar og telur eðlilegt, að greitt verði almennt viðhald tanna. Telur stjórn sjúkrasamlagsins líklegt, að kostnaðurinn sé 35—50 millj. kr. vegna greiðslu tannviðgerða, ef miðað er við að takmarka greiðslurnar við almennt viðhald tanna, en síður krónur eða brýr. Telur stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að réttur til greiðslna vegna tannviðgerðakostnaðar ætti að vera jafn fyrir alla samlagsmenn, og lýsir stjórnin sig andviga því sjónarmiði að takmarka greiðslur við þá, sem minnsta greiðslugetu hafa."

Einn stjórnarmanna, Brynjólfur Bjarnason, lét hins vegar bóka það sérálit sitt, að hann teldi ekki frágangssök, að réttur til greiðslu á tannviðgerðum væri takmarkaður við ákveðna greiðslugetu, að því tilskildu þó, að takmörkin séu nægilega rúm. Tannlæknaumsögnin var einnig jákvæð. Hluti af henni er svona, með leyfi forseta:

„Stjórn Tannlæknafélags Íslands hefur ekkert við það að athuga, að tannviðgerðir séu greiddar af sjúkrasamlagi að hluta eða öllu leyti, ef sjúkrasamlagið telur sér það fært."

En að öðru leyti lögðu þeir áherzlu á það, eins og kom fram raunar í því, sem ég las áðan, að þetta væri fremur miðað við þá, sem lakari greiðslugetu hafa. Þetta sýnir það, að jafnvel hjá þeim, sem menn kannske gætu álitið að hefðu á móti því að taka þetta fyrirkomulag upp, þá er skilningur fyrir hendi. Það getur vel verið, að einhverjir erfiðleikar verði á því, að samningar takist við tannlækna um hámarksgjaldskrá, en hún verður auðvitað að vera, ef á að greiða af almannafé svona hjálp, og verður það náttúrlega að vera sama í öllum tilvikum eða a. m. k. eitthvert hámark á taxtanum, en ekki hægt, eins og nú er, að hafa lágmarkstaxta og svo ráði viðkomandi því, hverju hann bætir ofan á þann taxta, eftir því hvað hann er eftirsóttur og góður. En ráð er þó við þessu, eins og ég hef sett hér inn í 2. gr. frv.: Náist ekki samkomulag við tannlæknana, þá skuli gerðardómur ákveða samningskjörin. Það er ekki frágangssök. Það mun hafa verið gert, þegar læknar voru teknir inn í sjúkrasamlagið á sínum tíma. Nú nefnir það enginn. Eins hygg ég, að fara mundi, ef að þessu ráði yrði horfið.

Ég veit ekki, hvort ég má tefja fundinn á því að lýsa þessu frv. Ég held, að ég verði þó að leyfa mér að gera það með örfáum orðum — aðeins örfáum orðum. Ég sem sagt hef tekið upp það frv., sem Alfreð Gíslason læknir flutti hér, óbreytt, og það er í því fólgið að taka upp í 49. gr. laga um almannatryggingar, sem nú eru nr. 83 1967 að þessu leyti, það er 7. gr. þeirra laga, og bæta þar við nýjum staflið, sem sé svona:

„Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast þein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð."

Hitt aðalefnisákvæði frv. er svona:

„Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. gr."

Og svo er það, sem ég áðan gat um, að ef ekki næst samningar, þá skuli ákveða taxtann með gerðardómi.

Ég vil nú mjög ákveðið taka það fram, að þó að ég hafi flutt þetta frv. í þessari mynd, þá er það auðvitað ekkert lokatakmark í mínum augum, að lögin verði nákvæmlega svona. En mér fannst, að það væri rétt, að málið fengi athygli hér, ekki síst vegna þess, að endurskoðun almannatryggingalaganna hefur staðið yfir um alllangt skeið og frv. er boðað á næstu dögum, en í því frv. er ekkert, eftir því sem ég bezt veit, — ekkert, sem lýtur að þessu máli. Sé það breytt, þá ber auðvitað að fagna því og það mun þá sýna sig. En mér finnst, að þetta mál sé þess virði að draga athygli rn. þá, ef nefndin er búin að skila frv. þangað, að því, og freista þess að fá þetta sjónarmið að einhverju leyti viðurkennt.

Ég skal svo ljúka þessum sundurlausu orðum í framsögunni, sem styttist nú vegna tímaskorts, með því að fara með nokkrar setningar úr grg. höfundar þessa frv., sem ég leyfi mér nú að kalla svo, Alfreðs Gíslasonar, en þær eru svona:

„Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson, á nauðsyn þess, að tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þessa seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, þá er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkuð um, hve fljótt menn leita tannlæknis. Fátækt fólk gengur lengur með tannskemmdir án þess að leita læknis en þeir, sem eru betur efnum

búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga, og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf."

Við þetta skal ég aðeins bæta því, að frá því að þessi grg. var samin eru enn liðin 5 ár, þannig að árin, sem liðin eru síðan Jóhann Sæmundsson og Jón Blöndal bentu á nauðsyn þessa, eru nú ekki lengur 20, heldur 25, og þeim mun fleiri sem þau verða, þeim mun augljósari hygg ég þá nauðsyn vera að koma þessum málum í betra lag.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Ed., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

96. Skólakostnaður.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 frá 1967, um skólakostnað [255. mál] (þmfrv., A. 495).

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristján Ingólfsson): Herra forseti. Það sem gerir okkur í og með að þjóð, eins og við erum, til að byggja heilt land, er, að við höfum ákveðin grundvallarsjónarmið sameiginleg um mannhelgi. Við lítum svo á, að allir séu fæddir jafnir fyrir lögum og rétti og öllum mannsefnum beri að ná þeim þroska, sem unnt sé að veita þeim. Hins vegar hefur þróunin í okkar landi undanfarna áratugi orðið til þess, að aðstaða manna, sem búa úti í hinum strjálu byggðum, er á ýmsan hátt miklu örðugri heldur en þeirra, sem búa í þéttbýli, hvað möguleika snertir til þess að njóta ýmissa þeirra kosta nútíma menningarlífs, sem við teljum nauðsynlega. Öll erum við sammála um, að barnafræðsla og fræðsla unglinga sé nauðsynleg undirstaða annarrar menntunar, og við lítum yfirleitt ekki þannig á, að börn eigi að þurfa að berjast fyrir því að komast í barnaskóla. Staðreyndin er sú, ef við lítum út um sveitir landsins, að þar hefur verið gert víða stórkostlegt átak í skólamálum, sem ber að þakka þeim, sem að hafa staðið. Það hafa verið byggð myndarleg skólahús og ágætis aðstaða fyrir kennara. En byggðin er strjál og það verður ekki fram hjá því gengið, að það verður að taka börnin heiman frá heimilunum til þess að senda þau á skóla, það verður að safna þeim saman oft um langar leiðir, til þess að þau geti notið þessarar barnafræðslu.

Við það að taka barn frá heimili rofna fjölskylduhelgin og fjölskyldutengslin á vissan hátt, og í rauninni vitum við ekki, hvaða áhrif það hefur að taka börnin á þann hátt að heiman. En við í þessu landi sjáum enga betri lausn víða hvar, og þar af leiðandi höfum við orðið að fara þessa leið. En það eru fleiri áhyggjur, sem oft hvíla á fjölskyldunum og heimilunum, heldur en einungis það, að barnið verði að fara að heiman. Það eru sem sagt fjárhagsáhyggjur, sem víða fylgja í kjölfarið.

Ég ætla ekki að fara í umr. um það hér, hversu tekjum íslenzkra bænda sé yfirleitt háttað. Þó hygg ég, að hagskýrslur sýni það almennt, að íslenzk bændastétt sé ekki of sæl af sínum kjörum. Hitt veit ég úr mínu daglega lífi og minni starfsreynslu, að þeir bændur eru til og þær sveitafjölskyldur, sem eiga í miklum örðugleikum með að senda börnin sín á heimavistarskóla af fjárhagsástæðum. Þetta tel ég vera þjóðarvandamál. Við getum deilt um það, hversu mjög eigi að styrkja fullorðið fólk til náms. En við getum ekki deilt um það, að undirstaðan sé réttilega fundin og öll börn og unglingar á skyldunámsskeiði eigi sama réttinn til þess að njóta þeirrar fræðslu. Nú má e. t. v. segja, að þetta sé tryggt í núgildandi lögum og verði grunnskólafrv. að lögum, þá sé þetta jafnframt tryggt. En við skulum þó aðeins líta á, fyrir hverju þau lög og grunnskólafrv. gera ráð.

Gömlu fræðslulögin gera ráð fyrir því, að greitt sé af almannafé fyrir þau börn, sem ekki hafi vegna fjárhagsaðstæðna foreldranna ástæður til þess að njóta lögbundins skólanáms. En þetta snertir mjög viðkvæman streng í sálarlífi Íslendingsins. Við þekkjum það öll frá gamalli tíð, hvað það þýddi að fara á sveitina, og við vitum, að það er orðið nokkuð langt síðan Alþ. breytti fátækralöggjöfinni á þann hátt að vísu, að missir mannréttinda varð ekki fylgja þess, að menn þægju af sveit. En eftir sem áður liggur það í sálarlífi fólksins, að það vill ekki þiggja úr byggðarsjóði sínum, það vill ekki þiggja af sveit.

Þegar ég lít á grunnskólafrv., þá sé ég, að það er eins og framkvæmdavaldið hafi ætlað að fara þarna um öllu varkárari og mildari höndum heldur en löggjafinn gerði 1946 og 1947, og í því tilefni hyggst það láta greiða fyrir þau börn, sem ekki geta af fjárhagsástæðum foreldranna sótt almenna barnafræðslu; láta ríkið greiða fyrst, en sveitarsjóð síðan endurgreiða að hálfu. Með einhverju móti skal sem sé barnið komast heim á sveit sína. Ég álít, að hér sé miklu heldur um alþjóðarvandamál að ræða en mál einstakra byggða. Við lítum svo á, að hvert barn, sem fætt er af íslenzkum foreldrum, sé fætt til jafns réttar og til jafnrar skyldu og þjóðin eigi á sinn hátt þetta barn og beri að hjálpa því og aðstoða það til þess að fá undirstöðumenntun. Og þegar það er jafnframt athugað, að það er önnur aðstaða, sem sveitafólkið hefur við að búa, eins og ég hef reynt hér að rökstyðja, þá finnst mér eðlilegt, að löggjafinn komi til móts

við þessa erfiðari aðstöðu. Og við leggjum hér til, hv. 1. þm. Vesturl. og ég í þessu frv. okkar, að framkvæmdin verði þannig, að ríkissjóður, almannafé landsmanna, greiði með þeim börnum, sem eru umfram tvö frá sama heimili samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi. Með þessu móti yrði stórum barnafjölskyldum gert stórum auðveldara fyrir en nú er.

Ég álít ekki, að hér sé verið að mismuna þeim, sem í þéttbýlinu búa. Það er hægt að færa óyggjandi mannleg rök fyrir því, að við, sem eigum því happi að hrósa að geta gefið börnunum okkar að borða heima við heimilisborðið, förum á margan hátt léttara út úr hlutunum heldur en þeir foreldrar, sem verða að kosta til fjármunum úr oft léttri pyngju til þess að greiða fyrir þessa fræðslu.

Mér þykir svo margt mannlegt mæla með samþykkt þessa frv., að ég treysti því, að það fái sem þinglegasta og sem bezta athugun, og þegar við skoðum fjárlög Alþ. og heyrum hér háar tölur, sem skipta milljörðum, og fjárlaganiðurstöðurnar eru jafnvel komnar yfir heilan tug milljarða, þá eru þessar tölur ekki stórar. Á s. l. skólaári munu heimavistarskólar hér í landinu hafa verið alls 50 talsins, þar af var hluti þessara skóla, sem alls ekki hafði fullkomna heimavist, heldur einnig heimanakstur. Nemendur í þessum skólum munu alls hafa verið 2159 og þar af 929 í skólum, sem eingöngu höfðu heimavist, en skólar, sem hvort tveggja höfðu, heimavist og heimanakstur, höfðu 1230 nemendur. Hver var svo kostnaðurinn við að hafa hvert barn í skóla? Ég hef getað orðið mér úti um fæðiskostnaðartölur frá 20 heimavistarskólum, og eftir að hafa reiknað út meðaltal af þeim sé ég, að fæðiskostnaður hvern dag mun vera um 57 kr. Einhver kann að hugsa sem svo, að þetta sé nú ekki stór peningur fyrir bóndann að borga. En við skulum þá um leið muna það, að þeir bændur yfirleitt, sem eiga börnin sín í skóla, eru yngri bændurnir, yngri bændafjölskyldurnar, sömu fjölskyldurnar og eru að byggja allt sitt upp og fjárhagur oft ótraustur og örðugur. 57 kr. á dag verða að mörgum krónum, þegar veturinn er liðinn, og persónulega þekki ég bláfátækar barnafjölskyldur til sveita, sem þurfa að greiða 3—4 tugi þúsunda eftir veturinn, án þess í rauninni að vita nokkuð, með hverju greiða skal. Við getum komið fram með tillögur um hundrað nýja skóla, en við getum aldrei gengið fram hjá því, að barnafræðslan og sjálft skyldunámið í heild eru undirstaða alls hins. Með því móti að horfa fram hjá því, að í sveitunum er örðugri aðstæður við að glíma heldur en annars staðar, þá erum við um leið að skipta fólkinu í landinu í tvo flokka. Ég treysti því, að Alþ. vilji ekki gera það og samþykki þar með þetta frv., sem ég legg til, að vísað verði til n. og 2. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að hafa hér fáein orð um það frv., sem hér liggur fyrir til umr., vegna þess að þar er gripið á vandamáli, sem ég hygg að öllum sé ljóst, að fyrir hendi er og þurfi að leysa. Það er rétt, sem fyrri flm. frv. sagði hér í framsöguræðu sinni, að þetta hefur einnig þeim verið ljóst, sem samið hafa það frv. að skólakerfi, sem liggur fyrir Alþingi. Það verður ljóst af því, þegar maður lítur til 7. gr., eins og getið er um í grg. með þessu frv. Þar er beint komið inn á þetta, þar sem segir, að ríki og sveitarfélögum sé skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkv. nánari ákvæðum, sem sett verði í reglugerð.

Ég vil endurtaka það, að ég fagna því, að menn eru með opinn huga fyrir þeim vanda, sem hér er við að glíma, og að það kemur fram till., t. d. sú lausn, sem hér er varpað fram. Hins vegar þykir mér rétt, að þannig væri að þessu máli staðið, að þetta frv. fengi athugun jafnframt lögum um skólakerfi, því að ég vil alls ekki slá því föstu, að það sé rétt að leysa þetta mál aðeins með reglugerðarákvæðum, það mætti jafnvel gera það með lagasetningu. En að sjálfsögðu þarf að afla ýmissa upplýsinga í sambandi við þann kostnað, sem af þessu leiðir, og á hvern hátt eðlilegast og hagfelldast væri að greiða fyrir því fólki, sem fyrst og fremst hefur þörf fyrir þá aðstoð, sem hér er farið fram á.

Ég stóð ekki upp til þess að gera aths. á neikvæðan hátt við þetta frv., sem hér liggur fyrir. En fyrir það, að mér finnst það vera mikilvægt málefni, sem um er fjallað í frv., þá vil ég líka, að það fái góða skoðun og málinu sé skipað á þann veg, að það verði að verulegu gagni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.